Þrítugasta og fimta löggjafarþing

B.

Umræður

um

samþykt lagafrumvörp.

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.
1923

Skammstafanir.

A = A-deild Þingtíðindanna = þingskjölin.
afgr. = afgreitt.
allshn. = allsherjarnefnd.
Alþ. = Alþingi.
alþm. = alþingismaður.
Alþt. = Alþingistíðindi.
aths. = athugasemd.
atkv. = atkvæði.
atkvgr. = atkvæðagreiðsla.
atvrh. = atvinnumálaráðherra.
brtt. = breytingartillaga.
Ed. = efri deild.
e. hlj. = einu hljóði.
fjhn. = fjárhagsnefnd.
fjrh. = fjármálaráðherra.
fjvn. = fjárveitinganefnd.
flm. = flutningsmaður.
form. = formaður.
forsrh. = forsætisráðherra.
frsm. = framsögumaður.
frv. = frumvarp.
frvgr. = frumvarpsgrein.
fskj. = fylgiskjal.
gr. = grein.
hl. = hluti.
hv. eða háttv. = háttvirtur.
hæstv. = hæstvirtur.
l. = lög.
lagafrv. = lagafrumvarp.
landbn. = landbúnaðarnefnd.
landsk. = landskjörinn.
málsgr. eða mgr. = málsgrein.
málsl. = málsliður.
mentmn. = mentamálanefnd.
n. eða nál. = nefndarálit.
Nd. = neðri deild.
ráðh. = ráðherra.
rökst. = rökstudd.
samgm. = samgöngumál.
samgmn. = samgöngumálanefnd.
samvn. = samvinnunefnd.
samþ. = samþykt.
samþm. = samþingismaður.
shlj. = samhljóða.
sjútvn. = sjávarútvegsnefnd.
skrif. = skrifari.
stafl. = stafliður.
stjfrv. = stjórnarfrumvarp.
Sþ. = sameinað þing.
till. = tillaga.
tillgr. = tillögugrein.
tölul. = töluliður.
umr. = umræða.
vatill. = viðaukatillaga.
þál. = þingsályktun.
þáltill. = þingsályktunartillaga.
þingd. eða þd. = þingdeild.
þingdm. eða þdm. = þingdeildarmaður.
þingmfrv. eða þmfrv. = þingmannafrumvarp.
þm. = þingmaður.
þm. Ak. = þingmaður Akureyringa.
þm. A.-Sk. = þingmaður Austur-Skaftfellinga.
þm. Árn. = þingmaður Árnesinga.
þm. Barð. = þingmaður Barðstrendinga.
þm. Borgf. = þingmaður Borgfirðinga.
þm. Dala. = þingmaður Dalamanna.
þm. G.-K. = þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu.
þm. Eyf. = þingmaður Eyfirðinga.
þm. Húnv. = þingmaður Húnvetninga.

þm. Ísaf. = þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar.
þm. Mýra. = þingmaður Mýramanna.
þm. N.-Ísf. = þingmaður Norður-Ísfirðinga.
þm. N.-M. = þingmaður Norðmýlinga.
þm. N.-Þ. = þingmaður Norður-Þingeyinga.
þm. Rang. = þingmaður Rangæinga.
þm. Reykv. = þingmaður Reykvíkinga.
þm. Seyðf. = þingmaður Seyðfirðinga.
þm. Skagf. = þingmaður Skagfirðinga.
þm. Snæf. = þingmaður Snæfellinga.
þm. S.-M. = þingmaður Sunnmýlinga.
þm. Str. = þingmaður Strandamanna.
þm. S.-Þ. = þingmaður Suður-Þingeyinga.
þm. Vestm. = þingmaður Vestmannaeyinga.
þm. V.-Ísf. = þingmaður Vestur-Ísfirðinga.
þm. V.-Sk. = þingmaður Vestur-Skaftfellinga.
þskj. = þingskjal.

BH = Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
BJ = Bjarni Jónsson, þm. Dala.
BK = Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
BSv = Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
EÁ = Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
EE = Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn.
EÞ = Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
GGuðf = Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang.
GÓ = Guðmundur Ólafsson. 1. þm. Húnv.
GunnS = Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang.
HK = Hákon Kristófersson, þm. Barð.
HSn = Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm.
HSt = Halldór Steinsson, þm. Snæf.
IHB = Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.
IngB = Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
JAJ = Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.
JakM = Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
JB = Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
JJ = Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
JM = Jón Magnússon, 4. landsk. þm.
JóhJóh = Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
JS = Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
JÞ = Jón Þorlákssson, 3. þm. Reykv.
KE = Karl Einarsson, þm. Vestm.
KlJ = Klemens Jónsson, atvrh.
LH = Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
MagnJ = Magnús Jónsson, fjrh.
MG = Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
MJ = Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
MK = Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
MP = Magnús Pjetursson, þm. Str.
ÓP = Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
PO = Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
PÞ = Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
SE = Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
SHK = Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.
SJ = Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm.
SSt = Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
StSt = Stefán Stefánsson, 1 þm. Evf.
SvÓ = Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
ÞorlG = Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn.
ÞorlJ = Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
ÞorstJ = Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.
ÞórJ = Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.

Skammstafanir þessar tákna og orðin í fleirtölu og í öllum beygingarföllum.

Alþingi 1923.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Ár 1923, fimtudaginn 15. febrúar, var þrítugasta og fimta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og sjötta aðalþing í röðinni, en fimtugasta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu og gengu þaðan kl. 1 miðdegis til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Séra Friðrik Friðriksson steig í stólinn og lagði út af Jes. 52, 7—9.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm.
3. Jón Magnússon, 4. landsk. þm.
4. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
5. Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.

B.

Kjördæmakosnir þingmenn:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
4. Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
5. Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn.
6. Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang.
7. Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang.
8. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
9. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
10. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
11. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
12. Jón Þorláksson, 3. þm. Reykv.
13. Karl Einarsson, þm. Vestm.
14. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
15. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
16. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
17. Magnús Pjetursson, þm. Str.
18. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
19. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
20. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
21. Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn.

En ókomnir voru til þings:

A.

Landskjörinn þingmaður:

Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm.

B.

Kjördæmakosnir þingmenn:

1. Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv.
4. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
5. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
6. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
7. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.
8. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
9. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
10. Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.
11. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
12. Sveinn Ólafssson, 1. þm. S.-M.
13. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
14. Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.
15. Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra Sigurður Eggerz og las upp opið brjef, frá 13. desember 1922, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1923. (Sjá Stjórnartíðindi 1922, A. bls. 208).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa, gefið út 13. desember 1922, til þess að setja Alþingi. (Sjá Stjórnartíðindi 1922, A. bls. 207).

Þá lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að Alþingi væri sett.

Stóð þá upp **Jóhannes Jóhannesson**, þm. Seyðf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir það með níföldu húrrahrópi.

Konungskveðja.

Ennfremur mælti:

forsætisráðherra (SE): Þá er jeg kvaddi hans hátign konunginn og hennar hátign drotninguna á Amalíuborg, báðu þeirra hátignir mig að bera Alþingi sína konunglegu kveðju og árna Alþingi allra heilla í hinu alvarlega starfi, sem nú er byrjað.

Þá lýsti forsætisráðherra því, að þessum fundi yrði að fresta að sinni, með því að nær helmingur þingmanna væri ókominn til þings, og yrði þingmönnum gert aðvart, svo fljótt sem hægt væri, um framhald fundarins.

Fundi frestað.

Mánudaginn 19. febrúar, kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Voru nú til þings komnir þeir þingmenn allir, er ókomnir voru, þá er þing var sett. Voru allir þingmenn á fundi nema Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., sem var veikur.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmanninn, Sigurð Jónsson, 2. landsk. þm., til þess að gegna forsetastörfum þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti (SJ) gekk þá til forsetastóls.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (SJ): Samkvæmt þingvenju vil jeg leyfa mjer, áður en nú er til þingstarfa gengið, að minnast þriggja manna, er látist hafa frá því síðasta þingi lauk og verið hafa alþingismenn, þó eigi ættu þeir sæti á hinum síðari þingum.

Hinn fyrsti þessara manna er *Hannes Þórður Hafstein*, fæddur 4. des. 1861 á Möðruvöllum í Hörgárdal. Hann varð stúdent 1880 og cand. juris 1886. Var því næst um tíma settur sýslumaður í Dalasýslu, síðan um tveggja ára skeið málaflutningsmaður við landsyfirrjettinn.

Árið 1889 varð hann landritari og 1895 skipaður sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði og gegndi því embætti þangað til hann var skipaður fyrsti ráðherra Íslands frá 1. febrúar 1904.

Þm. Ísf. var hann 1901, en Eyf. 1903—1916 og 1. landsk. þm. 1916—1922, en varð að láta af þingstörfum á sumarþinginu 1917 sakir heilsubilunar.

Ráðherra Íslands var hann 1904—1909 og aftur 1912—1914. Forseti sameinaðs þings 1912. Skipaður með konungsúrskurði 30. júlí 1907 í nefnd til þess að undirbúa ráðstafanir til nýrrar löggjafar um stjórnskipulega stöðu Íslands í veldi Danakonungs, og 28. maí 1911 í millilandanefnd til þess að íhuga fjármál landsins. Hann andaðist 13. desember 1922 á heimili sínu hjer í Reykjavík.

Næsti maðurinn, sem jeg nefni í þessu sambandi, er *Magnús* prófastur *Andrjesson* frá Gilsbakka, kominn af merkri bændaætt í Árnesþingi, fæddur 30. júní 1845, stúdent 1875, cand. theol. 1877, veittur Gilsbakki 17. júní 1881 og vígður þangað 26. ágúst sama ár. Prófastur í Mýrasýslu 1884—1892 og aftur 1911—1915. Skipaður 3. janúar 1905 í millilandanefnd í fátækramálum. 2. þm. Árn. 1881—1885, þm. Mýra. 1901—1907 og 1912—1913. Forseti neðri deildar á þingunum 1912 og 1913. Sagði af sjer prestsskap sakir sjóndepru vorið 1918 og andaðist hjer í Reykjavík 31. júlí 1922.

Þriðji maðurinn er merkisbóndinn *Þorvaldur Björnsson* frá Þorvaldseyri, fæddur 18. október 1833, dáinn í Núpakoti 30. nóvember 1922. Hann var þm. Rang. 1886—1889.

Þingheimur vottaði virðing minningu þessara manna, hvers um sig, með því að standa upp.

Þá kvaddi aldursforseti sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., og Eirík Einarsson, 1. þm. Árn.

Rannsókn kjörbrjefa.

Skiftust nú þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:
Benedikt Sveinsson,
Guðmundur Guðfinnsson,
Gunnar Sigurðsson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Auðunn Jónsson,
Jón Baldvinsson,
Jón Þorláksson,
Lárus Helgason,
Magnús Kristjánsson,
Pjetur Þórðarson,
Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Þorleifur Guðmundsson.

2. kjördeild:
Björn Kristjánsson,
Einar Þorgilsson,
Guðmundur Ólafsson,
Halldór Steinsson,
Ingólfur Bjarnarson,
Jón Sigurðsson,
Jónas Jónsson,
Magnús Pjetursson,

Ólafur Proppé,
Pjetur Ottesen,
Stefán Stefánsson,
Þorleifur Jónsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

3. kjördeild:
Bjarni Jónsson,
Björn Hallsson,
Einar Árnason,
Eiríkur Einarsson,
Hákon Kristófersson,
Ingibjörg H. Bjarnason,
Jakob Möller,
Jón Magnússon,
Karl Einarsson,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Sigurður Jónsson,
Sveinn Ólafsson.

Fyrir lá að rannsaka kjörbrjef þriggja nýrra þm. landskjörinna, þeirra Ingibjargar H. Bjarnason, Jóns Magnússonar og Jónasar Jónssonar. Skiftu kjördeildir með sjer kjörbrjefum, svo sem lög mæla fyrir, og hlaut því 3. kjördeild til rannsóknar kjörbrjef Jónasar Jónssonar, en 1. kjördeild kjörbrjef þeirra Ingibjargar H. Bjarnason og Jóns Magnússonar.

Var þá gert fundarhlje meðan kjördeildir lykju störfum sínum.

Að stundarkorni liðnu höfðu kjördeildir lokið starfi sínu, og var þá fundinum fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (JóhJóh): 1. kjördeild hefir fengið til meðferðar kjörbrjef þeirra Ingibjargar H. Bjarnason og Jóns Magnússonar og hefir ekkert fundið við þau að athuga. Það er því till. kjördeildarinnar, að kosning þeirra verði samþykt.

Þetta verður í fyrsta sinn, sem kona tekur sæti á Alþingi, og jeg vil láta í ljós gleði mína yfir þeim atburði. Jeg óska háttv. 6. landsk. (IHB) farsældar og ánægju í starfi sínu og þess, að hlutttaka kvenna í löggjafarstarfinu megi verða landi og lýð til blessunar.

Jeg vil geta þess, að kjördeildin telur rjett, að röð hinna landsk. þm. verði með þeim hætti, sem skrifstofan hefir látið prenta á nafnalistana.

Frsm. 3. kjördeildar (BJ): Það fjell í hlut 3. kjördeildar að rannsaka kjörbrjef Jónasar Jónssonar, og kjördeildin gerir það að till. sinni, að kosning hans verði samþykt. Eins var kjördeildin á sama máli og háttv. frsm. 1. kjördeildar (JóhJóh) um tölurödina.

ATKVGR.

Kosning hinna nýkjörnu þm. samþykt í einu hljóði.

Eiðar unnir.

Þá ljet aldursforseti vinna eið að stjórnarskránni þá tvo nýkjörnu þm., Ingibjörgu H. Bjarnason og Jónas Jónsson, er eigi höfðu setið á þingi áður.

Kosning forseta.

Þessu næst ljet aldursforseti fram fara kosningu á forseta sameinaðs Alþingis.

Kosninguna varð að þrítaka. Í fyrsta skifti fór svo, að

Magnús Kristjánsson	hlaut	16 atkv.
Jóhannes Jóhannesson	—	12 —
Bjarni Jónsson	—	9 —
Magnús Guðmundsson	—	2 —

en 2 seðlar voru auðir.

Í annað skifti fjellu atkv. svo:

Magnús Kristjánsson hlaut 16 atkv.
Jóhannes Jóhannesson — 13 —
Bjarni Jónsson — 9 —
Magnús Guðmundsson — 2 —
en 10 seðlar voru auðir.

Þá var kosið hið þriðja sinn, bundinni kosningu milli þeirra MK og JóhJóh, og fór svo, að

Magnús Kristjánsson hlaut 16 atkv
Jóhannes Jóhannesson — 15 -
en 10 seðlar voru auðir.

Lýsti þá forseti því, að

Magnús Kristjánsson

væri rjettkjörinn forseti sameinaðs Alþingis.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Forseti (MK): Jeg þakka háttv. þm. það traust, sem þeir hafa sýnt mjer með þessari kosningu, og það er sjálfsagt að reyna að gera sig þess maklegan. Jeg ætla að lýsa því yfir þegar í stað, að jeg mun varast alla hlutdrægni, því það álít jeg einna mikilvægustu skyldu hvers forseta.

Var þá kosinn varaforseti sameinaðs þings.

Kosninguna varð að þrítaka.

Í fyrsta skifti fór svo, að
Sveinn Ólafsson hlaut 17 atkv.
Magnús Guðmundsson — 14 —
Magnús Pjetursson — 9 —
en 1 seðill var auður.

Í annað skifti fór svo, að
Sveinn Ólafsson hlaut 17 atkv.
Magnús Guðmundsson — 15 —
Magnús Pjetursson — 8 —
en 1 seðill var auður.

Þá var kosið bundinni kosningu milli þeirra Sveins Ólafssonar og Magnúsar Guðmundssonar, og fór svo, að

Sveinn Ólafsson hlaut 19 atkv.
Magnús Guðmundsson — 15 —
en 7 seðlar voru auðir.

Lýsti þá forseti því, að

Sveinn Ólafsson

væri rjettkjörinn varaforseti sameinaðs þings.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings. Hlutfallskosning var viðhöfð og bárust þrír listar. Á A-lista stóð Jón Auðunn Jónsson, á B-lista Magnús Jónsson, en á C-lista Eiríkur Einarsson.

A-listinn hlaut 14 atkv.
B-listinn — 8 —
C-listinn — 16 —
en 1 seðill var metinn ógildur.

Þrír þm. fjarstaddir.

Lýsti forseti því kjörna skrifara í sameinuðu þingi þá

Eirík Einarsson og
Jón Auðun Jónsson.

Kjörbrjefanefnd.

Að því loknu ljet forseti kjósa kjörbrjefanefnd. Hlutfallskosning var viðhöfð og barst einn listi með nöfnum fimm þm., eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti þá forseti því, að þeir fimm menn væru rjettkjörnir í kjörbrjefanefnd, en þeir voru þessir:

Gunnar Sigurðsson,
Ingólfur Bjarnarson,
Þórarinn Jónsson,
Jón Sigurðsson,
Bjarni Jónsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm.
3. Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm.
4. Jón Magnússon, 4. landsk. þm.
5. Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.
6. Ingibjörg H. Bjarnason, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
2. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
3. Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang.
4. Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
7. Karl Einarsson, þm. Vestm.
8. Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Jónsson, 2. landsk. þm., tók forsetasæti, til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara þá Hjört Snorrason, 3. landsk. þm., og Karl Einarsson, þm. Vestm.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut:

Halldór Steinsson, þm. Snæf., með 7 atkv.

Guðmundur Ólafsson hlaut 5 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og mælti á þessa leið:

Jeg leyfi mjer að þakka hv. deildarmönnum sóma þann, er þeir hafa mjer sýndan. En það er nú svo, að vandi fylgir vegsemd hverri, og minn vandi er mikill, því að vjer eigum hjer á bak að sjá úr forsetastóli hinum besta forseta, er verið hefir á síðustu þingum. Því verður mjer starfið erfiðara og hv. deildarmönnum viðbrigðin meiri, en jeg vænti lipurrar samvinnu við hv. deild, svo að alt megi takast sæmilega.

Þá ljet forseti ganga til kosninga um fyrri varaforseta.

Kosningu hlaut:

Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv., með 8 atkv.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran hlaut 5 atkv., en 1 seðill var auður.

Því næst ljet forseti fara fram kosningu annars varaforseta.

Kosningin fór svo, að Karl Einarsson hlaut 2 atkv., Sigurður Hjörleifsson Kvaran hlaut 2 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Var kosningin því endurtekin.

Hlaut þá kosningu

Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M., með 6 atkv.

Karl Einarsson hlaut 2 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Tveir listar komu fram, og voru á báðum nöfn tveggja sömu manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna skrifara deildarinnar, en þeir voru þessir:

Hjörtur Snorrason, 3. landsk. þm. og *Einar Árnason*, 2. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Að þessu loknu hlutuðu þingmenn, aðrir en ráðherra, forseti og skrifarar, um sæti sín, samkv. 7. gr. þingskapanna, og fór það á þessa leið:

4. sæti hlaut: Ingibjörg H. Bjarnason.
5. — — Jón Magnússon.
6. — — Sigurður Jónsson.
7. — — Björn Kristjánsson
8. — — Jóhannes Jóhannesson.
9. — — Sigurður Hjörleifsson Kvaran.
11. — — Karl Einarsson.
12. — — Guðmundur Guðfinnsson.
13. — — Jónas Jónsson.
14. — — Guðmundur Ólafsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, s. d., kl. 6 síðdegis, voru kosnar fastanefndir, samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar ýmist tveir eða þrír listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr.

Kosnir voru í nefndirnar:

1. Fjárhagsnefnd.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran, Björn Kristjánsson. } Af A-lista.
Guðmundur Ólafsson, Sigurður Jónsson. } — B- —
Karl Einarsson. — C- —

Afbrigði höfðu áður verið um það samþykt að skipa fjárhagsnefnd 5 mönnum.

2. Fjárveitinganefnd.

Jóhannes Jóhannesson, Ingibjörg H. Bjarnason. } Af A-lista.
Einar Árnason, Jónas Jónsson. } — B- —
Hjörtur Snorrason. — C- —

3. Samgöngumálanefnd.

Jón Magnússon, Sigurður Hjörleifsson Kvaran. } Af A-lista.
Guðmundur Guðfinnsson, Einar Árnason. } — B- —
Hjörtur Snorrason. — C- —

4. Landbúnaðarnefnd.

Guðmundur Ólafsson, Sigurður Jónsson. } Af A-lista.
Hjörtur Snorrason. — B- —

5. Sjávarútvegsnefnd.

Karl Einarsson, Jónas Jónsson. } Af A-lista.
Björn Kristjánsson. — B- —

6. Mentamálanefnd.

Ingibjörg H. Bjarnason. Af A-lista.
Jónas Jónsson. — B- —
Karl Einarsson. — C- —

7. Allsherjarnefnd.

Jón Magnússon, Sigurður Hjörleifsson Kvaran. } Af A-lista.
Guðmundur Guðfinnsson. — B- —

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi skýrði forseti frá, að lögð væru fyrir deildina af hálfu stjórnarinnar þessi lagafrumvörp:

A.

Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðherra:

Frv. til laga um varnir gegn kynsjúkdómum.

B.

Af hálfu fjármálaráðherra:

1. Frv. til laga um ríkisskuldabrjef.
2. — til laga um skiftimynt úr eirnikkel.

C.

Af hálfu atvinnumálaráðherra:

1. Frv. til laga um vatnsorkusjerleyfi.
2. — til vatnalaga.
3. — til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði.
4. — til hjúalaga.
5. — til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Á 21. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 20. mars, mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild

Frumvarp til laga um lögfylgjur hjónabands.

Á 36. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 10. apríl, mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild

Frv. til laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

C

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Sátu þessir þingmenn neðri deild:
1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-P.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Hallsson, 2. þm. N.-M.
4. Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K.
5. Eiríkur Einarsson, 1. þm. Árn.
6. Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang.
7. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
8. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-P.
9. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.
10. Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf.
11. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
12. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
13. Jón Þorláksson, 3. þm. Reykv.
14. Lárus Helgason, þm. V.-Sk.
15. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
16. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
17. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
18. Magnús Pjetursson, þm. Str.
19. Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf.
20. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
21. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
22. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
23. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
24. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
25. Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn.
26. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
27. Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M.
28. Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.

Voru allir deildarmenn á fundinum, nema Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., er var sjúkur.

Forsætisráðherra kvaddi elsta viðstaddan þingmann deildarinnar, Magnús Kristjánsson, þm. Ak., til að stýra kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti tók við fundarstjórn og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf., og Þorstein Jónsson, 1. þm. N.-M.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Benedikt Sveinsson, þm. N.-P.

með 18 atkv.

Þórarinn Jónsson hlaut 9 atkv.

Fór þá fram kosning fyrra varaforseta, og hlaut kosningu

Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

með 16 atkv.

Þórarinn Jónsson hlaut 8 atkv., Bjarni Jónsson og Jakob Möller 1 atkv. hvor, en 1 seðill var auður.

Þessu næst fór fram kosning 2. varaforseta, og hlaut kosningu

Bjarni Jónsson, þm. Dala,

með 14 atkv.

Gunnar Sigurðsson, Jón Þorláksson og Þórarinn Jónsson hlutu 1 atkv. hver, en 10 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosninga á skrifurum deildarinnar og hlutfallskosning viðhöfð. Komu fram 3 listar; á einum, er merktur var A., stóð Magnús Guðmundsson. á öðrum listanum, merktum B. Magnús Pjetursson, og á þeim þriðja, C-lista, Þorsteinn Jónsson.

Atkvæði fjellu á þann veg, að A-listi hlaut 9 atkv., B-listi 7 atkv. og C-listi 10 atkv., en 1 seðill var auður. Voru því kosnir skrifarar deildarinnar.

Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M., og *Magnús Guðmundsson*, 1. þm. Skagf.

Sætaskipun.

Forseti gat þess, að ýmsir þingmenn hefðu óskað eftir, að sætaskipun hjeldist óbreytt, og myndi hann telja þau afbrigði frá þingsköpunum samþykt án atkvgr., ef enginn mælti á móti. Mótmæli komu þegar fram, og var þá gengið til atkvæða um, hvort þessi afbrigði skyldu leyfð.

Felt að heimila afbrigðin með 9 : 18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, EÞ, EE, GunnS, IngB, JB, JS, JÞ, LH, MK, ÓP, PO, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BSv.

nei: BJ, HK, JakM, JAJ, MG, MJ, MP, PÞ, ÞórJ.

Var því næst hlutað um sæti deildarmanna, og fór á þessa leið:

5. sæti hlaut Ingólfur Bjarnarson.
6. — — Sveinn Ólafsson.
7. — — Þórarinn Jónsson.
8. — — Gunnar Sigurðsson.
9. — — Bjarni Jónsson.
10. — — Jakob Möller.
12. — — Magnús Pjetursson.
13. — — Jón Baldvinsson.
14. sæti hlaut Einar Þorgilsson.
15. — — Þorleifur Guðmundsson
16. — — Björn Hallsson.
17. — — Pjetur Ottesen.
18. — — Ólafur Proppé.
19. — — Jón Sigurðsson.
20. — — Hákon Kristófersson.
21. — — Eiríkur Einarsson.
22. — — Jón Þorláksson.
23. — — Lárus Helgason.
24. — — Pjetur Þórðarson.
25. — — Magnús Jónsson.
26. — — Stefán Stefánsson.
27. — — Jón Auðunn Jónsson.
28. — — Magnús Kristjánsson.
29. — — Þorleifur Jónsson.

Eftir varð 11. sæti, og var það ætlað Sigurði Stefánssyni.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, s. d., fór fram kosning fastanefnda samkvæmt 16. gr. þingskapanna. Hlutfallskosning var viðhöfð, og fóru kosningar á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu 3 listar, A., B. og C., með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning fór því fram án atkvæðagreiðslu, og hlutu sæti í nefndinni:

Magnús Kristjánsson, Þorleifur Guðmundsson } Af A-lista.
Magnús Guðmundsson, Jón Auðunn Jónsson } — B- —
Jakob Möller. — C- —

2. Fjárveitinganefnd.

Fram komu 3 listar, A., B. og C. Á A-lista voru ÞorlJ, EE, IngB, PP; á B-lista ÞórJ, JS, PO; á C-lista BJ, MP.

A-listinn hlaut 12 atkv.
B- — — 9 —
C- — — 6 —

Kosnir voru því í nefndina:
Þorleifur Jónsson.
Þórarinn Jónsson.
Bjarni Jónsson.
Eiríkur Einarsson.
Jón Sigurðsson.
Ingólfur Bjarnarson
og
Magnús Pjetursson,
samkvæmt hlutkesti, er fram fór milli hans og þeirra Pjeturs Ottesens og Pjeturs Þórðarsonar, er allir höfðu hlotið sömu atkvæðatölu.

3. Samgöngumálanefnd.

Tillaga um að skipa nefndina 7 mönnum samþ. með 16:8 atkv. Fram komu 3 listar, A., B. og C. Á A-lista voru ÞorstJ, SvÓ, LH, IngB; á B-lista SSt, HK, EP; á C-lista PÞ, MJ.

A-listinn hlaut 12 atkv.
B- — — 9 —
C- — — 6 —

Kosnir voru því í nefndina:
Þorsteinn Jónsson.
Sigurður Stefánsson.
Pjetur Þórðarson.
Sveinn Ólafsson.
Hákon Kristófersson.
Lárus Helgason
og
Magnús Jónsson,
samkvæmt hlutkesti er fram fór milli hans og þeirra Ingólfs Bjarnarsonar og Einars Þorgilssonar, en þeir höfðu hlotið sömu atkvæðatölu.

4. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu 3 listar, A., B. og C., með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina, og voru því lýstir rjett kjörnir án atkvæðagreiðslu:

Stefán Stefánsson. } Af A-lista.
Björn Hallsson. }
Þórarinn Jónsson. } — B- —
Pjetur Ottesen. }
Pjetur Þórðarson. — C- —

5. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu 3 listar, A., B. og C., með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina, og voru því lýstir rjett kjörnir án atkvæðagreiðslu:

Stefán Stefánsson. } Af A-lista.
Jón Baldvinsson. }
Einar Þorgilsson. } — B- —
Pjetur Ottesen. }
Jakob Möller. — C- —

6. Mentamálanefnd.

Fram komu 3 listar, A., B. og C., með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina, og voru því lýstir rjett kjörnir án atkvæðagreiðslu:

Þorsteinn Jónsson. } Af A-lista.
Gunnar Sigurðsson. }
Sigurður Stefánsson. } — B- —
Einar Þorgilsson. }
Magnús Pjetursson. — C- —

7. Allsherjarnefnd.

Fram komu 3 listar, A., B. og C., með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina, og voru því lýstir rjett kjörnir án atkvæðagreiðslu:

Gunnar Sigurðsson. } Af A-lista.
Björn Hallsson. }
Jón Þorláksson. } — B- —
Magnús Guðmundsson. }
Magnús Jónsson. — C- —

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir þessa háttv. deild 7 lagafrumvörp, sem sje:

1. Frv. til laga um afnám biskupsembættisins.
2. — til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.
3. — til laga um afnám yfirskjalavarðarembættisins við Þjóðskjalasafn Íslands.
4. — til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.
5. — til laga um nýja embættaskipun.
6. — til laga um manntalsþing.
7. — til laga um afnám landlæknisembættisins og stofnun heilbrigðisráðs.

Forseti skýrði frá, að ennfremur væru lögð fyrir deildina af hálfu stjórnarinnar þessi lagafrumvörp:

A.

Af hálfu fjármálaráðherra:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1924.
2. — til laga um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921.
4. — til fjáraukalaga fyrir árið 1922.
5. — til laga um tekjuskatt og eignarskatt.
6. — til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.
7. — til laga um breyting á lögum nr. 66, 27. júní 1921, um fasteignaskatt.
8. — til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.
9. — til laga um verðtoll á nokkrum vörutegundum.

B.

Af hálfu atvinnumálaráðherra:

1. Frv. til laga um vitabyggingar.
2. — til laga um einkaleyfi.

Á 40. fundi deildarinnar, fimtudaginn 12. apríl, mælti

fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir háttv. deild

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

Lagafrumvörp samþykt.

1. Dómþinghár.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um sjerstakar dómþinghár í Mosvalla- og Flateyjarhreppum í Vestur-Ísafjarðarsýslu (þmfrv., A. 35).

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Eins og háttv. deild mun hafa sjeð af ástæðum fyrir þessu frv., þá hefir nú Mosfellshreppi verið skift í tvö hreppsfjelög. Þar sem nú hreppsnefndir þessara hreppa hafa óskað eftir því, að hver hreppur skuli hafa sína sjerstöku dómþinghá, sje jeg ekki ástæðu til annars en verða við þeirri ósk. Jeg hefi svo ekki meira að segja um þetta, en leyfi mjer að leggja það til, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til allshn. Jeg skal taka það fram, að jeg er samþykkur brtt. þeirri, sem komið hefir fram við frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, 43, n 64).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Eins og nál. ber með sjer, þá hefir allshn. fallist á frv. á þskj. 35 ásamt brtt. á þskj. 43. Nefndin biður það lagað í meðförum, að í brtt. eru hrepparnir hafðir í eintölu, sem á að vera fleirtala. Þetta hefir slæðst inn af vangá, annaðhvort í handriti eða hjá prenturunum.

ATKVGR.

Brtt. 43,1 (ný frvgr.) samþ. með 22. shlj. atkv.

— 43,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um sjerstakar dómþinghár í nokkrum hreppum.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 78).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 78).

Á 16. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Jónsson: Jeg man ekki, hvort þetta frv. var sett í nefnd í hv. Nd. eða ekki, en samskonar mál var hjer á ferðinni í fyrra og fjekk þá góðan byr, og því vil jeg leggja til, að frv. verði látið ganga nefndarlaust gegnum þessa háttv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 78).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 178).

---

2. Gráðaostur.

Á 6. fundi í Ed., mánudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um verðlaun fyrir útfluttan gráðaost (þmfrv., A. 33).

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta er ekkert stórmál, en frekar má telja það stefnumál.

Eins og flestum mun kunnugt, hafa hjer verið gerðar síðustu 10 árin tölurverðar tilraunir með að búa til vandaðan ost, sem nefndur hefir verið gráðaostur. Hefir hann verið gerður eftir fyrirmynd Rochefort-ostsins franska. Ostur þessi hefir verið dýr vara, en er nú ódýr, sökum þess, að Frakkland, sem mest framleiðir af honum, hefir nú mjög lágt gengi.

Það, sem fyrst og fremst mælir með því, að tilraunin sje studd til þrautar, er það, að framleiðsla okkar er að mestu hrávörur, sem fluttar eru óunnar út úr landinu, og hafa því mjög þröngan markað.

En önnur aðalástæðan fyrir því, að menn hafa lagt út í að framleiða þennan gráðaost, er sú, að með því er gerð tilraun til að opna sveitabændum aðgang að heimsmarkaðinum.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að verðlauna hvert kg. af úrvalsosti, sem út er flutt, með 50 aurum. Þó má ekki verja til þess yfir 5000 kr. Gæti svo farið, að ekki þyrfti einu sinni að nota alla þessa upphæð.

Nú er aðeins eitt bú hjer á landi, er starfar í þessa átt. Er það í Þingeyjarsýslu. Á það mjög erfitt uppdráttar, og er frv. þetta borið fram eftir beiðni hinna helstu manna, sem að því standa.

því að búið verður að hætta, ef það fær engan styrk. En það má telja illa farið, ef búið yrði að hætta áður en fullsannað er, hvort unt er að koma við þessari framleiðslu hjer á landi.

Þó að frv. þetta nái fram að ganga, þá er ekki til þess ætlast, að það gildi nema tiltölulega stuttan tíma, eins og fordæmi eru fyrir, þegar smjörbúum var veittur samskonar styrkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar með 7 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 63).

Frsm. (Jónas Jónsson): Þessu frv. var vísað til fjvn., og hún hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að mæla með frv. með nokkrum breytingum. Jeg álít þær til bóta, og jeg er þakklátur hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem á mikinn þátt í því að samræma frv. við eldri lög um verðlaun fyrir útflutt rjómabúasmjör. Jeg hefi áður gert grein fyrir frv., og breytingarnar fara allar í þá átt að tryggja það, að landssjóður greiði ekki þessi verðlaun nema undirbúningur verði nægilegur. Sú breyting, að lögin eigi að gilda til 2 ára, er miðuð við það, að þá mun fullreynt, hvort ostagerðin getur borið sig eða ekki. Það er næstum því óhugsandi, að starfað verði nema á einum stað þessi 2 ár, en ef reynslan sýnir, að þessi atvinnuvegur getur borið sig, þá er líklegt, að hann verði rekinn víðar, því að ostabúið hefir haft 4—5 manns til náms, sem síðar geta starfað við ný bú. En meðan alt er í óvissu, er ekki hyggilegt að byrja víðar að sinni.

ATKVGR.

Brtt. 65,1. (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 65,2. (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 65,3. (ný 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 65,4. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 12 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., laugardaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 79).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 79).

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, n. 138).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Þegar frv. þetta var til 1. umr. hjer í hv. deild, var því vísað umræðulaust til landbn. Nefndin hefir íhugað það rækilega og fallist á að ráða hv. deild til að samþykkja það.

Frá því að frv. var flutt í hv. Ed. hefir það tekið talsvert verulegum breytingum. Flm. (JJ) ætlaðist til, að það gilti einungis um yfirstandandi ár, en þegar hv. fjvn. Ed. athugaði það nánar, áleit hún, að 1 ár mundi ekki verða nægilegur reynslutími, heldur yrðu lögin að gilda í 2 ár. Í 1. gr. er því ákveðið, að árin 1923 og 1924 skuli veita úr ríkissjóði alt að 50 aura verðlaun fyrir hvert kg. af úrvals-gráðaosti, sem út er fluttur, þó ekki yfir 5000 kr. alls hvort árið. Það má naumast búast við því, að meira verði framleitt af þessari vöru, að minsta kosti ekki af úrvalsvöru, heldur en svarar þessari verðlaunafúlgu. En ef svo mikið skyldi verða framleitt þessi 2 ár, að 5000 kr. hrykkju ekki til 50 aura verðlauna á kg. árlega, þá verða verðlaunin lægri á hvert kg. Þetta frv. er þannig í samræmi við lögin um verðlaun fyrir útflutt smjör, og ef jeg man rjett, voru hæstu verðlaun þar 50 aurar á kg.

2. gr. er um hin sjerstöku skilyrði fyrir því, að verðlaun verði veitt. Nefndin áleit ekki unt að ganga lengra í því efni. Þó hún sjái hins vegar, að vafasamt muni vera, hvort nokkur hafi svo fullkomna þekkingu á þessari framleiðslutegund, að hann geti fyllilega greint, hvað sje 1. flokks vara og hvað ekki. En tilbúningur þessarar vöru er svo nýlega byrjaður, að ekki virðist auðið að ganga tryggilegar frá þessu. Sennilega hefir enginn full komna þekkingu í þessari grein, nema sá eini maður, sem staðið hefir fyrir ostagerðinni, herra Jón Guðmundsson. En nú hefir hann þó kent nokkrum mönnum, sjerstaklega síðastliðið sumar, og mætti búast við, að þeir verði mjög bráðlega hæfir matsmenn. Annars er ákveðið, að Búnaðarfjelag Íslands velji matsmennina.

Jeg skal svo fyrir hönd nefndarinnar mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Það er ætlun manna, að hjer sje um atvinnurekstur að ræða, er með tíð og tíma getí orðið mjög arðvænlegur fyrir okkar landbúnað, og beri því að styðja hann allríflega, meðan hann er á tilraunastigi, því að enn er eftir að útvega markað erlendis, víðar en gert hefir verið, og marga erfiðleika er við að stríða, vont húsnæði, erfiða mjólkurflutninga o. s. frv. En þegar annars vegar er von um arðvænlegan atvinnuveg, og landbúnaðurinn hins vegar í vanda staddur, þá má óefað búast við því, að þessu framlagi og jafnframt tryggingarákvæðunum verði vel tekið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 79).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 197).

3. Dragnótaveiðar.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi (þmfrv., A. 83).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Einar Þorgilsson): Þetta frv. er flutt af sjútvn. að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins og stjórnar Fiskifjelags Íslands. Saga málsins er svo ítarlega sögð í greinargerðinni fyrir frv., að engin þörf er að fara mörgum orðum um það hjer. Atvinnumálaráðuneytið hafði vísað málinu til stjórnar Fiskifjelagsins og leitað álits þess um það, hvort gerlegt væri að leyfa dragnótaveiði í landhelgi. Stjórn Fiskifjelagsins svaraði á þá leið, að varhugavert væri að banna hana með öllu að svo stöddu, en taldi hins vegar rjett að veita landsstjórninni heimild til að banna þetta, er hún teldi fulla ástæðu til þess fyrir hendi.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en leyfi mjer að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til 2. umr., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 83).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:2 atkv.

2.—6. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 83).

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 17. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 83).

Á 21. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 252).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta, en læt mjer nægja að vísa til ástæðna frv. eins og það liggur fyrir. Það er undirbúið af sjútvn. Nd., en borið fram að

tilhlutun stjórnarinnar. Það er að mínu áliti ekkert athugavert í frv., nema ef vera kynni það, að stjórnin ákveður sjálf hegninguna fyrir brot á reglugerðum eða bönnum, sem hún setur. En það þarf þó ekki að óttast, því að hegningin verður venjulega sektir, eða gert upptækt afli og veiðarfæri, en það mun ekki gert nema við ítrekað brot.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Af því að frv. þetta er borið fram að tilhlutun stjórnarinnar, kann jeg betur við að segja um það nokkur orð. Það er þó í raun-inni óþarft, því að greinargerðin ber með sjer, hvers vegna frv. er fram komið. Það hafa komið fram kvartanir frá einum hreppi í Gullbringusýslu, Gerðahreppi, að þar tíðkuðust fiskveiðar með þessari veiði-aðferð. Hreppur þessi er mjög illa kominn fjárhagslega og sveitarstjórnin kennir það að mestu leyti þessari veiðiaðferð. Þess vegna áleit stjórnin sjálfsagt að hlaupa undir bagga með hreppsbúum, og það meðfram af því, að mál út af þessu hafa verið fyrir dóm-stólunum hjer og í Hafnarfirði, en dóm-ararnir treystust ekki til að dæma skip-stjóra í sektir eftir lögunum um ólög-legar botnvörpuveiðar í landhelgi. Þá rannsakaði stjórnin, hvort þessi veiðiað-ferð mundi annarsstaðar bönnuð, og komst að þeirri niðurstöðu, að í Skotlandi væri veiði með dragnót bönnuð nema á sjer-stökum svæðum. Stjórnin sneri sjer þá til Fiskifjelagsins, og þó að stjórn þess teldi vafasamt, hvort rjett væri að banna þessa veiðiaðferð, þá varð niðurstaðan sú, að ekki væri rjett að meina hreppum, sem yrðu fyrir þungum búsifjum af henni, að gera ráðstafanir gegn því. Ef þetta frv. verður samþykt, er þetta heimild fyr-ir viðkomandi hreppsbúa að fá þessa veiðiaðferð bannaða, ef stjórnin er því samþykk. Hv. frsm. (KE) gat þess, að það gæti kannske verið varasamt að láta stjórnina ákveða refsingarnar, en eins og hann tók fram, er hjer aðeins að ræða um sektir, og ef ítrekað er brot, þá afli og veiðarfæri upptæk, svo jeg hygg það sje ekki neitt varasamt að láta stjórnina ráða. Annars hefi jeg ekkert á móti því, að hv. deild setti föst ákvæði um þetta, ef henni virðist það rjettara.

Jón Magnússon: Jeg álít rjettara, einkum vegna eftirdæmisins, að setja sekt-arákvæðin í lögin sjálf. Vil jeg skjóta því til hv. nefndar, hvort hún vill ekki taka það til athugunar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 83).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 288).

4. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Þetta litla frv. er í rauninni aðeins útdráttur úr fyrra frv., sem rætt var hjer á undan, þar sem teknar eru helstu breytingarnar, sem hægt er að láta koma til framkvæmda þegar á þessu ári. Það leiðir af sjálfu sjer, að ekki er unt að fara fram á breytingar á þeim atriðum, sem snerta þegar fram komin framtöl. En hins vegar er það nauðsynlegt, að þeim breytingum, sem þingið á annað borð gæti fallist á, yrði hraðað eins og unt er, og leyfi jeg mjer að vænta þess, að þetta verði athugað í sömu nefnd og hitt frv. á undan.

Magnús Guðmundsson: Jeg saknaði þess úr ræðu hæstv. fjrh. (MagnJ), að hann skyldi ekki gefa neina áætlun um áhrif þessara breytinga á árinu 1923, því að varhugavert er að samþykkja ákvæði um slíka tekjuminkun, sem hjer er um að ræða, þar sem búið er að samþykkja fjárlög fyrir yfirstandandi ár. Jeg vil því leyfa mjer að gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvort hann hafi ekki gert sjer þess grein, með sjálfum sjer að minsta kosti, hver áhrif á tekjuskattinn í heild sinni þessi ráðgerða breyting mundi hafa.

Eitt atriði, sem jeg tel hæpið, vildi jeg líka minnast á í þessu sambandi, og það er, hvort ætlast sje til þess, að útsendir konsúlar verði skattskyldir hjer, eins og helst virðist liggja í frv., en það getur tæplega samrýmst alþjóðarjetti.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Mjer virðist fyrirspurn hv. 1. þm. Skagf. (MG) alveg rjettmæt, og skal geta þess, að innan skamms mun koma frá Hagstofunni skýrsla um árangur tekjuskattsins. Þó var þetta auðvitað athugað eins og unt var áður og farið eftir þeim gögnum, sem þá var hægt að fá, þó fresturinn til endurskoðunarinnar sje hins vegar mjög stuttur í gömlu lögunum til þess að fullkomin reynsla geti verið fengin til að byggja á.

Um skatt konsúlanna í 5. gr. skal jeg aðeins geta þess, að þar er ekki um eiginlega efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins feld niður óþörf ummæli, sem valdið hafa misskilningi. Það getur sem sje komið fyrir, að consul electus sje hvorki íslenskur þegn nje þegn þess ríkis, sem hann er konsúll fyrir, heldur einhvers þriðja ríkis. En fyrir því er ekki nokkur fótur í þjóðarjetti, að slíkir menn eigi að vera undanþegnir skatti, þó hjer hafi það komið fyrir, að þeir hafi farið fram á það, og með tilliti til þess er umrædd breyting eða skýring á 5. gr. fram komin.

Magnús Guðmundsson: Það er rjett, að þetta atriði hefir komið fyrir og farið til dómstólanna og gengið þar á móti hlutaðeigandi konsúl, svo að engin ástæða er til breytinga á gildandi lögum. En það breytir engu um það, að ef 1. gr. frv. verður samþykt eins og hún er nú, sje jeg ekki betur en að sendiræðismenn er-

lendra ríkja verði skattskyldir yfirleitt, en það fer í bága við alþjóðarjett.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það er auðvitað ekki ætlunin að skattleggja erlenda sendiræðismenn, enda ómögulegt að lesa það út úr greininni, sem undanþiggur skatti „sendiherra og starfsmenn sendisveita", þ. e. a. s. nefnir sendimenn annara ríkja frá þeim æðstu til þeirra lægstu, og þá auðvitað þá, sem þar eru á milli. Viðbótin við þessa reglu í gömlu skattalögunum er því annaðhvort óþörf eða alveg villandi.

Magnús Guðmundsson: Jeg sje ekki að nokkur efi geti verið á því, að orðið „sendiherra" nær ekki til „consules missi", og því er það auðsætt, að ef ákvæðin um sendiræðismenn eru feld burtu, er engin undantekning til um þá, og þá verða þeir skattskyldir, en það er brot á alþjóðarjetti. Vænti jeg, að hæstv. ráðherra (MagnJ) skilji það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 52 og 53, 54, 67).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Eins og hin framkomnu nefndarálit bera með sjer, hefir fjárhagsnefnd ekki getað orðið sammála um meðferð þessa frv., og skal jeg í fám dráttum skýra frá rökum meiri hluta nefndarinnar.

Fyrst er þá þess að gæta, að meiri hl. er algerlega mótfallinn þeirri stefnu um endurskoðun laganna, sem komið hefir fram hjá hæstv. fjrh. (MagnJ), að breyta ekki í einu lagi öllu, sem ábótavant þykir eða reynslan hefir leitt í ljós að er óheppilegt. Hið versta er vissulega að vera altaf að grauta í lögunum á hverju þingi. Afleiðingin verður sú, að fæstir geta fylgst með um, hvað gildir, og það mundi verða mjög óheppilegt fyrir störf skattanefndanna. Nú hefir meiri hl. nefndarinnar það fyrir satt, að t. d. skattstjórinn hjer í bænum, sem vitanlega hefir meiri kynni af þessu en nokkur annar maður á landinu, líti svo á, að ýmislegt fleira þurfi að laga en stjórnin fer fram á, og er það næsta merkilegt, að hæstv. stjórn skuli ekki hafa leitað tillagna hans.

Þessar röksemdir liggja til þess, að nefndin er á einu máli um, að rjettast sje á þessu þingi að breyta ekki öðrum ákvæðum en skattstiganum og frádráttarreglunum, sem standa í nánu sambandi við skattstigann. Ennfremur verður að breyta endurskoðunarákvæðum laganna, og jeg verð að álíta rjettara að endurskoða lögin 1924 en 1925, enda er vafasamt, að nokkurt þing verði 1925, sbr. frv. það, er nú er fram komið um fækkun þinga.

Um breytingar þær á skattstiganum og frádráttarreglunum, sem nefndin stingur upp á, er þess að geta, að meiri hlutinn gat og getur ekki felt sig við, að enginn munur sje gerður á einhleypum og giftum að því er frádrátt snertir. Ennfremur þykir oss það næsta undarlegt og ótilhlýðilegt, að allar tekjur undir 1000 kr. skuli vera skattfrjálsar, en 5 króna skattur strax og tekjurnar verða 1000 kr. eða meira. Úr því að 999 kr. eru skattfrjálsar, þá þykir oss þessi eina króna,

sem fyllir á þúsundið, verða skattgreiðanda ærið dýr og gæti leitt til undandráttar í skattaframtali.

Fyrir meiri hl. nefndarinnar vakir, að tekjuskatturinn skuli vera almennur, en það getur hann eigi orðið eftir stjórnarfrumvarpinu, því að í mestum hluta landsins mundi einhleypt fólk að miklu leyti sleppa við skattinn. Aftur á móti liggur heilbrigður hugsunarháttur á bak við það, að hver og einn leggi einhvern skerf til alþjóðarþarfa, og jeg er þess fullviss, að ef gagnstæður hugsunarháttur er ekki beinlínis uppalinn af ásettu ráði, hefir almenningur ekki á móti því.

Um hinn nýja skattstiga meiri hluta nefndarinnar að öðru leyti skal jeg geta þess, að auk þess, sem heimilaður er frádráttur á aukaútsvörum, er skattstiginn lækkaður um sem næst 20% á lægstu tekjunum. Þegar ofar dregur, minkar frádrátturinn smátt og smátt, uns hann hverfur alveg, þegar komið er upp að 13000 kr. tekjum. Eftir það er skattstiginn hærri en eftir gildandi lögum, en þegar tillit er tekið til þess, að aukaútsvörin dragast frá — en þau eru einmitt mjög há af háum tekjum — mun skattur af háum tekjum að líkindum verða svipaður því, sem nú er, eða dálítið hærri.

Samskattur barna og foreldra hefir í ýmsu reynst ósanngjarn, og leggur meiri hl. því til, að hann falli niður. Þá er eitt meginatriði í brtt., að frádráttur fyrir börn hækki úr 300 kr. upp í 500 kr. Þessi breyting er mjög mikilsverð fyrir barnamenn, en það eru einmitt þeir, sem eiga erfiðast með að greiða tekjuskatt. Maður með konu og 5 börn hefir eftir tillögum meiri hl. leyfi til að draga 3500 kr. frá tekjum sínum. Ef um fátækan verkamann er að ræða, myndi hann að líkindum verða skattfrjáls. En eftir frv. stjórnarinnar fengi hann að draga frá 2500 kr. og ekki meira, það er að segja, ef tekjur hans nema 1000 kr. eða meira umfram þessar 2500 kr., greiðir hann skatt af þeirri upphæð, sem umfram er, en annars ekki neitt.

Um hinar aðrar breytingar, er stj.frv. ráðgerir, er það að segja, að sumar þeirra eru rangar að áliti allrar nefndarinnar, svo sem 2. mgr. 3. gr., að 3. mgr. 13. gr. laganna falli burt; þá brtt. hefir enginn nefndarmanna getað felt sig við. Aðrar breytingar stjórnarinnar virðast til bóta, og gæti verið rjett að samþykkja þær, ef lögin í heild sinni væru endurskoðuð. En engar þeirra virðast svo áríðandi, að nokkru máli skifti, hvort þær nái fram að ganga nú eða eftir 1 eða 2 ár.

Jeg skal geta þess, að í brtt. meiri hl. á þskj. 54 hefir slæðst inn prentvilla í síðustu línu skattstigans: 26% í stað 27%. Jeg geri ráð fyrir, að verði brtt. meiri hl. samþyktar, munum við koma okkur saman um að bæta við síðustu málsgr. í 2. gr. stj.frv., um að fastákveða lágmarksgjald af tekjum útlendinga. Um þetta var rætt í nefndinni, en hefir gleymst að taka það upp í till. meiri hl.

Í fundarbyrjun var útbýtt brtt. á þskj. 67, frá hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Jeg hefi ekki haft tíma til að athuga þær og skal því geyma mjer að tala um þær þangað til hv. flm. (JÞ) hefir mælt fyrir þeim. Þessar brtt. fara fram á allmikla lækkun og eru því varhugaverðar af þeirri ástæðu, að þær eiga að öðlast gildi þegar á þessu ári, en þar sem gengið hefir verið frá

fjárlögunum, getur það komið sjer mjög illa að lækka tekjurnar, þar sem hæpið er, að nokkuð komi í staðinn.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Háttv. frsm. meiri hl. (MG) hefir skýrt nokkuð rjett frá frv. stjórnarinnar. Það klauf nefndina, að hún gat ekki orðið ásátt um stefnubreytingu þá, er kemur fram í stj.frv. og minni hl. álítur til bóta: að reyna að hlífa þeim sem mest, er lágar tekjur hafa, en þyngja á þeim, sem hafa mjög miklar tekjur. Frv. stjórnarinnar fer fram á að lækka að miklum mun skatt þeirra, sem lítið eða ekkert hafa umfram hið nauðsynlegasta lífsviðurværi. Hækkunin kemur fram á tekjum, er nema 15000 kr., og þaðan af hærri tekjum. Þetta er alveg rjett stefna, því að það er rjett og víst, að þegar á að leggja skatt á tekjur manna, á að taka hlutfallslega langmest af þeim, sem svo hafa háar tekjur, að þeir þurfa ekki að nota þær allar til lífsviðurværis.

Þó er ekki víst, að þetta hefði skilið nefndina, hefðum við getað fallist á að fella úr stj.frv. ákvæðið um, að tekjur, sem nema ekki fullum 1000 kr. eftir lögákveðinn frádrátt, skuli vera skattfrjálsar. Meiri hl. þótti það óviðkunnanlegt, eins og hv. frsm. (MG) tók fram, að 999 kr. skyldu skattfrjálsar, en 5 kr. skyldi greiða af 1000 kr. tekjum. Háttv. frsm. meiri hl. (MG) skýrði þetta frá sínu sjónarmiði á þann hátt, að af þessari einu krónu, sem hjer munar, ætti að greiða 5 kr. skatt. En það er ekki rjett. Þessar 5 kr. á að greiða vegna þess, að maðurinn hefir verið þess megnugur að vinna sjer inn 1000 kr., en það mun nægilegt til lífsframfæris einhleypum mönnum víðast á landinu.

Minni hl. álítur, að ekki geti komið til nokkurra mála að leggja skatt á þá, sem einungis hafa til fæðis, fata og húsnæðis. Hann lítur svo á, að margir þeir menn, er lægstar tekjur hafa, gjaldi þjóðinni mestan skatt. Það eru þeir, sem erfiðust störf hafa og áhættumest, verkamenn á sjó og landi. Þeir gjalda fullan skatt, þó að hann sje ekki tekinn á þennan hátt.

Þá fann minni hl., að frv. stjórnarinnar fór í rjetta átt, að hækka frádrátt fyrir börn úr 300 kr. upp í 500 kr., og fanst mjer hv. frsm. meiri hl. (MG) fallast á það. En hitt virtist mjer einnig skína í gegn, að hann ætti bágt með að fylgja þessu, af því að það var ekki komið frá honum sjálfum. Um það má deila, hvort rjettara sje, þessi tillaga eða það fyrirkomulag, sem nú gildir, því að jafnan mun slíkur frádráttur nokkuð af handahófi, miðað við afkomu manna.

Jeg skal þá minnast á skattstiga meiri hl., og virðist mjer það geta verið mjög varhugavert að samþykkja hann. Þó að segja megi, að það sje rjettmætt að draga sveitarútsvörin frá, hygg jeg, að ríkissjóður muni tæplega þola það nú sem stendur. Útsvörin eru langhæst af hinum hærri tekjum, og sjeu þau dregin frá, er sýnilegt, að skatturinn muni minka mest af þeim tekjum, svo að lítið sem ekkert getur orðið eftir, en það á hann helst að koma. Því er varhugavert að breyta þessu þegar í stað á þessu fjárhagsári, en þ[illegible] sem hjer á hinn bóginn er að ræða um bráðabirgðafyrirkomulag, er lítil hætta, þó að þessi breyting dragist.

Hv. frsm. meiri hl. (MG) sagði, að með brtt. stjórnarinnar myndi ríkissjóður tapa að miklu leyti skatti frá vinnufólki í sveit. Þetta er ekki rjett, því að vinnufólk mun hafa hærri tekjur en 1000 krónur. Að

vísu hefi jeg heyrt, að menn reikni víða fæði, húsnæði og þjónustu svo lágt, að vinnufólkskaup nái ekki þeirri upphæð. Þar til er að svara, að ógerningur mun að gera þessi lög svo úr garði, að ekki sje auðið að fara í kringum þau. Og hver sem dregur í efa, að fæði og kaup í sveit nái 1000 kr., sá reiknar ekki rjett. Stúlkur hafa að jafnaði yfir 1000 kr. (*MG*: Alstaðar á landinu?). Já, ef rjett er reiknað fæði og húsnæði. En ef einhver er svo lítilsigldur, að hann vinni ekki fyrir 1000 kr., er hann öðrum til byrði og þá rangt að leggja á hann skatt.

Þessu til sönnunar skal jeg stuttlega sundurliða, hvað vinnandi kvenmaður í sveit getur haft í tekjur á ári:

Vorvinna frá krossmessu fram að slætti að minsta kosti	kr.	120.00
Sláttur, 9 vikur, 25 kr. á viku	—	225.00
Frá sláttarlokum til 1. okt.	—	25.00
Um veturinn til krossmessu 20 kr. á mán.	—	150.00
Í peningum samtals	kr.	520.00
Fæði og annar viðurgerningur kr. 1.50 á dag	—	547.50
Árskaup samtals	kr.	1067.50

Karlmannskaup mun vera frá 1200 upp í 1800 kr. Jeg fæ ekki skilið, hvernig menn geta reiknað sjer verkafólk ódýrara. Skattanefndir geta ef til vill reiknað fæði á 50 aura eða 75 aura á dag, en við því verður ekki sjeð með lagaákvæðum. Það virðist ógerningur að ganga svo frá, að lögunum sje alstaðar beitt rjett, því að það er vitanlegt, að þeim hefir verið beitt misjafnlega í ýmsum hjeruðum: að minsta kosti mun það álit margra hjer í bæ.

Þá skal jeg stuttlega athuga brtt. á þskj. 67, frá háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Jeg býst ekki við, að minni hlutinn geti verið samþykkur þeim, því að þær fara í þveröfuga átt. Þær fara að vísu rjettari leið á fyrstu stigunum en brtt. meiri hlutans. En síðan sverja þær sig í ættina og vilja lækka skattinn af hæstu tekjunum, þar sem síst skyldi.

Minni hl. hefir lagt til, að reynslutími laganna um tekju- og eignarskatt verði lengdur til 1925. Háttv. frsm. meiri hl. (MG) sagði, að það gæti tæplega orðið, vegna þess að á leiðinni væri frv. um stjórnarskrárbreytingu, sem meðal annars færi fram á, að þing yrði haldið einungis annaðhvert ár, og ef það frv. yrði samþykt, myndi ekkert þing verða 1925. En þessi lög eru ekki komin í gildi, þó að hv. þm. (MG) sje búinn að skrifa þau. En færi svo, að frv. hans yrði samþykt, mætti breyta þessu við 3 umr., ef svo langt verður á milli umr.

Minni hl. tók það ráð að gera ekki neinar brtt. við stj.frv. Hann áleit þess enga þörf, heldur leggur til, að frv. verði samþykt. Brtt. meiri hl. má að nokkru leyti kalla útúrsnúning, til þess að svo líti út, sem frv. stjórnarinnar hafi ekki náð fram að ganga.

Jón Þorláksson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 67 við till. meiri hl. fjárhagsnefndar og skal reyna að gera grein fyrir þeim, þó að það verði meira af vilja en mætti vegna hæsi.

Það liggur í augum uppi, að þegar þessi fyrsta endurskoðun tekjuskattslaganna fer fram, er ekki á öðru að byggja en þeirri litlu reynslu, sem þegar er fengin um, hvernig lögin verki. Mesta eftir-

tekt hefir það vakið, hve undarlegt hlutfall er milli þeirrar upphæðar, sem lögð er á Reykjavík, og þess skatts, sem kemur af öllu landinu utan hennar. Jeg hefi furðað mig mikið á því, að hvorki í skýringum við frv. stjórnarinnar nje í nál. finnast upplýsingar um það, hvernig lögin hafa verkað. Frá slíku verður ekki skýrt, nema með miklum tölum, og á þetta heima í skýringum við frv., en ekki auðvelt að flytja það í þingræðu, svo að jafnskilmerkilegt verði. En af því að þetta hefir farist fyrir hjá þeim, er það stóð næst, verð jeg að gera ofurlitla tilraun til að skýra málið fyrir hv. deild.

Um tekjuskattinn í Reykjavík árið 1922, sem reiknaður er út eftir tekjunum 1921, er það að segja, að til skattstofunnar komu 5288 framtöl, og 1258 öðrum gjaldendum var gert að greiða skatt, sem til samans nam 1437803 kr.

Við leiðrjettingar og niðurfærslur skattstjóra og yfirskattanefndar fækkaði gjaldendum niður í 6463, sem samtals báru 1103269 kr. í skatt. Frá öðrum landshlutum eru ekki fyrir hendi jafnfullkomnar skýrslur, að því leyti, að ekki liggja fyrir breytingar yfirskattanefnda, en upprunalega skatthæðin var um 428000 kr., og mun láta nærri, að áætla eftir því sem orðið hefir hjer í Reykjavík, að þessi upphæð verði eitthvað neðan við 400000 kr. Árið 1921 var erfitt fyrir alla, og átti Reykjavík þar enga sjerstöðu, en þrátt fyrir þetta fer tekjuskatturinn langt fram úr því, sem hann var áætlaður á þinginu 1921.

Heildarupphæðin verður um 1½ miljón kr. í stað 700000 kr., sem hann var áætlaður, eða með öðrum orðum tvöfaldur á pappírnum við það, sem menn ætluðu, að hann myndi verða í meðalári. Utan Reykjavíkur hefir skattur þessi ekki orðið óvinsæll, sem auðvitað stafar af því, að hann hefir ekki orðið tilfinnanlegur, en í Reykjavík er alt öðru máli að gegna; þar er upphæðin svo gífurlega há, að *mismununin á aukaútsvörum og skattinum* er nær því enginn. Munu flestir sammála um það, að bærinn sje ekki fær um að bera aukaútsvarsupphæðina tvöfalda, því að þótt tekjurnar sjeu hærri hjer en annarstaðar, þá er afkoman ekki það betri, að til mála geti komið, að bærinn geti borið slíkt.

Það fyrsta, sem lá fyrir, var því það að fá einhverja rjettingu á þessu, en það er svo langt frá því, að svo sje, því að stj.frv. fer einmitt í gagnstæða átt, þar sem það vill fella úr fjölda af lægstu gjaldendunum, sem áreiðanlega eru tiltölulega fleiri utan Reykjavíkur. Hjer í Reykjavík er það fullur þriðjungur, sem greiðir skatt af 500—1000 kr. skattskyldum tekjum, en þessir eiga að falla í burtu samkvæmt stjórnarfrv.

Við þetta út af fyrir sig hefi jeg lítið að athuga, því að það borgar sig varla að jafna þessum lága skatti niður og innheimta hann, en hjer kemur annað til greina, og það er, að fjöldi manna vill ekki verða „feldur úr skatti“ eins og kallað er.

Í brtt. mínum fer jeg því fram á það, að þeim verði haldið í skatti, en að skatturinn verði færður niður. Stj.frv. fer nú fram á það að lækka skattgjaldið af tekjum alt upp að 13—14 þús. kr., en hækka hann þar fyrir ofan. Er augljóst, þegar litið er til reynslu undanfarins árs, að sú hækkun lendir öll á Reykjavík. Hjer í Reykjavík hafa 57 gjaldendur goldið skatt af meira en 20 þús. kr. tekjum. Er þetta bein afleiðing þess, að hjer safnast at-

vinnureksturinn á færri manna hendur en annarsstaðar. Í stj.frv. felst því það, að skatturinn er lækkaður í öllum landshlutum utan Reykjavíkur, en hækkaður þar.

Brtt. hv. minni hluta hagga þessu ekki, en þó er jeg þakklátur hv. minni hl. fyrir eina breytingu, þá, að ákvæðið um, að 4% arður af hlutafje standi skattfrjálst í fjelaginu, sem stjórnin vill fella niður, á að haldast óbreytt eftir till. hans. — Það færi enda ekki vel, eftir allar umræðurnar um tvöfalda skattinn, ef menn vildu nú nema burtu það litla brot af sanngirni, sem hlutafjelögunum er nú sýnt, samanborið við önnur fjelög. — Það sanngjarna væri auðvitað, eftir því sem löggjöfin er nú orðin, að hlutafjelögin væru með öllu skattfrjáls, en tekjurnar skattlagðar hjá hluthöfum eingöngu.

Till. háttv. meiri hl. hafa heldur ekki í sjer fólgna nokkra rjettingu á þessum misfellum laganna. Að vísu er þar ein tillaga, sem fer í rjetta átt, en allir fundu að var sjálfsögð, sú, að menn greiddu ekki tekjuskatt af þeim hluta teknanna, sem fer í sveitarútsvar. Var sjálfsagt að laga þetta, enda skamt að leita fyrirmyndar, því að í Danmörku er svo fyrir mælt, að ekki skuli greiða skatt af þeim hluta teknanna, heldur er hann dreginn frá tekjunum áður en skatturinn er á lagður.

En meiri hl. tekur það með annari hendinni, sem hann gefur með hinni, því að hann vill lögleiða skattstiga, sem yfirleitt er hærri á lágu tekjunum en stj.frv. og miklu hærri á háu tekjunum en núgildandi lög heimila. Með öðrum orðum, hann vill láta ívilnunina, sem lægri gjaldendur fá, bitna á Reykjavík einni.

Fyrsta brtt. mín fer fram á nýjan skattstiga, og skal jeg nú skýra hann.

Jeg hefi fylgt meiri hl. í því að láta skattinn byrja á lágtekjunum, sem nú er í lögum. Svo er skattstiginn líkur því, sem hann er í stj.frv., upp að 10 þús. kr. tekjum, en eftir till. mínum skulu 500 kr. dregnar frá fyrir hvern fullorðinn mann einhleypan, en 1000 kr. fyrir hjón. Mismunurinn á mínum skattstiga og stj.frv. er sá, að minn er 5 kr. lægri upp að þessari takmörkun, en svo, þar fyrir ofan, fellur minn skattstigi næstum því saman við núgildandi skattstiga, en er þó nokkru hærri.

Auk þessa hefi jeg felt aftan af skattstiganum tekjur yfir 150000 kr., því að hærri tekjur er þýðingarlaust að hafa á pappírnum nú.

Það má nú segja, að það felist ekki mikil rjetting í mínum till. á órjettlætinu milli Reykjavíkur og annara landshluta, og það er satt. — En í áttina er þó farið.

Þá sný jeg mjer að frádráttarreglunum. Meiri hl. vill, að aukaútsvör verði dregin frá, og það er rjett. En meinið er, að hann skuli ekki hafa sýnt það með tölum, hvað miklu sú upphæð nemi, því ella má búast við, að það verði notað sem grýla og reynt að telja mönnum trú um, að það hafi miklu meiri lækkun í för með sjer á tekjum ríkissjóðs en það hefir. En sökum þess, hve stutt er síðan till. nefndarinnar komu út, treystist jeg ekki til að gefa svo nákvæma áætlun um það sem skyldi, en skal þó leitast við það að því er Reykjavík snertir. — Gjaldendur hjer í Reykjavík munu vera um 6500 og tekju- og eignarskattsupphæðin um 1100000 kr., eða tæpar 200 kr. á hvern gjaldanda að meðaltali. Mun láta nærri, að tekjuskatturinn verði um 150 kr. að meðaltali á hvern gjaldanda, eða sem svarar skatti af 5000 kr. Má þá sjá af þessu, hverju það

munar, ef aukaútsvörin eru dregin frá tekjunum áður en þær eru skattaðar. Skatturinn mundi lækka um h. u. b. 3%, ef miðað er við, að útsvörin sjeu yfirleitt jafnhá og tekjuskatturinn. En þetta mundi nema 30—40 þús. kr. hjer í Reykjavík, og sýnist, að þetta yrði ekki mikil lækkun á tekjuskattsupphæðinni í heild sinni. Einhverju getur hjer skakkað, en aldrei miklu. En jeg vil bæta því við, að alveg eins og um aukaútsvörin stendur á með þann tekjuskatt, sem greiddur hefir verið fyrir undanfarið ár. — Það er órjettmætt að láta gjaldandann greiða skatt af því, sem hann hefir goldið í skatt á undanförnu ári.

Er því auðsætt, að hvorttveggja þetta á að dragast frá áður en skatturinn er lagður á.

Þá vildi jeg svara hv. frsm. meiri hl. (MG) nokkrum orðum. Hann kom með þá mótbáru, að varhugavert væri að lækka skattinn, sökum þess, að fjárlögin væru nú samin með áætlun um tekjuskatt. Þessi fjárlög áætla tekjuskattinn 900000 kr., en eftir mjög erfitt ár 1921 verður þessi skattur 1500000 kr. Er vafalaust, að verði framtöl rjett 1922, þá verður upphæðin enn hærri, sökum þess, hve árið hefir verið betra. Það er því einsætt, að það er óhætt vegna fjárlaganna að gera einhverja breytingu á skattinum til lækkunar. En það er víst, að það borgar sig að nema burtu þá þyrnana við lög þessi, sem mest hafa stungið. Er það mjög áríðandi, að skatturinn verði sem vinsælastur, svo að framtölin verði sem rjettust.

Að því er snertir hina afarmiklu lækkun á tekjuskatti hárra gjaldenda, sem bæði stj.frv. og till. meiri hl. fara fram á, þá verð jeg að minna á það, að háar tekjur hjer á landi, þegar annars er um þær að ræða, stafa nær ávalt frá atvinnurekstri, en þess verður að gæta, að atvinnurekstur hjer á landi er yfirleitt mjög áhættusamur; þótt vel gangi í ár, getur vel svo farið, að hann gefi lítinn eða engan arð næsta eða jafnvel næstu ár. Eru því litlar líkur til þess, að gjaldendur fái staðist það, ef of mikið verður tekið af afgangi góðu áranna í þarfir lands og sveitar, því þá verður of lítið eftir til að mæta vondu árunum með. Í sambandi við þetta má og ekki gleyma því, að búast má við, að gjöld til sveitarþarfa verði reiknuð eftir sömu stigtölum og gjöld til landssjóðs, og verður þá að margfalda tölur skattstigans með tveimur, svo öll gjaldaupphæðin komi fram. Maður, sem hefir ca. 20 þús. kr. tekjur á góðu ári, á samkvæmt frv. stjórnarinnar að láta af hendi 20% af þeim til landssjóðs, og annað eins má þá gera honum að gjalda til sveitar- eða bæjarþarfa, eða með öðrum orðum $^2/_5$ hluta af tekjum sínum. Verður þetta því óhjákvæmilega til þess að draga úr löngun manna til að fást við áhættusaman atvinnurekstur, sem landinu þó er allaríðandi, að ekki falli niður.

Það væri því gott að hafa fyrir augum álit annara þjóða, sem lengur hafa búið við svipaða tekjuskattslöggjöf en vjer, t. d. Dana. Í Danmörku er af 20 þús. kr. tekjum goldið í skatt ca. 11—12% og til bæjar- eða sveitarþarfa ekki meira en þessu nemur, eða jafnvel minna; svo að á þessu stigi tekna er stighækkunin hjá oss, samkvæmt frv. stjórnarinnar, orðin tvisvar sinnum hraðgengari en samskonar stighækkun í Danmörku. Þetta eitt ætti að vera nóg til að benda á, hvort hjer sje ekki þegar of langt gengið í þessu efni; að öðru leyti mun jeg ekki fjölyrða um það að sinni, en vænti þess, að atvinnurekendur þeir, er þetta mál snertir, láti og eitthvað til sín heyra um þetta.

Svo ætla jeg, til þess að taka alt með, að nefna það, að ef hjer eru til einhverjir menn, sem hafa 20—25 þús. kr. tekjur af eign, eða þar yfir, þá er það auðsætt, ef hjer á að fara mun lengra í skattaálögum en í nágrannalöndunum, að þá flytja þeir á brott hjeðan — flýja, og það er ekki til gagns fyrir landið í heild sinni. Hvað sem mönnunum líður, þá er það tap fyrir landið, því eignir þessara manna eru okkur eins góðar og hvert annað rekstrarfje, sem fyrir hendi er í landinu.

Í Danmörku eru nú skattar þessara manna svipaðir og þeir eru hjer nú, og mun það landinu fyrir bestu að láta við svo búið standa.

Jakob Möller: Jeg verð að byrja mál mitt með örfáum orðum um stefnur í skattamálum yfir höfuð, vegna þess, að það ræður afstöðu minni til þessa máls nú; enda var mjer og sjerstaklega gefið tilefni til þess í ræðu hv. samþm. míns, 3. þm. Reykv. (JÞ).

Það, sem aðallega markar stefnur í þessum málum, er það, hvort hafa skuli beina skatta eða óbeina. Ef tekjuskatturinn verður rýrður mjög verulega, verður óhjákvæmilegt að hækka óbeinu skattana, tollana. Jeg er og hefi ávalt verið þeirrar skoðunar, að langhollast muni vera að halda sjer sem mest við beinu skattana. Menn svíkja sjálfa sig á hinum síhækkandi tollum. Háttv. samþm. minn (JÞ) taldi ekki mega ganga of nærri góðærisgróða hærri gjaldenda, vegna illæris þess, er altaf bæri að höndum annað veifið. Hvað mætti þá um það segja, ef teknir eru háir óbeinir skattar bæði í góðum og vondum árum, hvernig sem gengur? Af hverjum togara eru nú t. d. borgaðar ca. 5 þús. kr. í óbeinan skatt, þ. e. í útflutningsgjald, hvernig sem árar. Þessi óbeini skattur er einnig tekinn af tapi vondu áranna, en hv. samþm. minn (JÞ) hefir ekki mælt með því, að þessi skattur yrði feldur burt, og bendir það ekki á umhyggju fyrir einum áhættumesta atvinnuvegi landsins. En til þess að útflutningsgjaldinu verði af ljett, er óhjákvæmilegt að afla tekna í þess stað með beinum sköttum. Tekjuskattur er aldrei tekinn nema af beinum tekjum, og ef misfellur hafa orðið á því, er auðvelt að kippa því í lag. Það má athuga það, viðvíkjandi óánægju þeirri, sem vart hefir orðið í Reykjavík út af beinum sköttum, hvora leiðina skuli halda, hvort lækka skuli tekjuskattinn eða aðra skatta. Jeg er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að lækka skatt á háum tekjum, heldur einhverja óbeina skatta. Tekjuskatturinn af lægri tekjum, og þá einkum miðlungstekjunum, var of hár í fyrstu, og þess vegna vil jeg ásamt meiri hl. nefndarinnar lækka skattinn á lægri tekjunum, en vinna þá lækkun að einhverju leyti upp á skattinum af hærri tekjunum, og eins og hv. samþm. minn (JÞ) hefir þegar tekið fram, nemur sú upphæð alls eigi svo litlu, þegar á alt er litið.

Hv. samþm. minn (JÞ) áfeldist nefndina fyrir að hafa ekki athugað, hvernig skatturinn kæmi niður og hver áhrif lækkun hans hefði á upphæð alls skattsins. Þetta frv. þarf nú að ganga fram á stuttum tíma, og nefndin hafði ekki tíma til að afla sjer upplýsinga til þess eða að gera útreikninga í þá átt.

Þetta hefði þó mátt sjá að nokkru leyti að því er snertir Reykjavík, og þegar nefndin var búin að skila áliti sínu, gerði jeg lauslega áætlun um, hve mikil lækkunin mundi verða fyrir lækkun hundraðstölu skattstigans, miðað við skattinn hjer í Reykjavík. Jeg hefi komist að

þeirri niðurstöðu, að lækkun skattsins af lægri tekjunum muni þá vinnast upp með hækkuninni á hærri skattinum. En þá er ekki tekið tillit til þess, að nú er gert ráð fyrir að hækka barnafrádrátt og að leyfa frádrátt aukaútsvara frá skattskyldum tekjum. Hvað þann frádrátt snertir, er ekki auðvelt að áætla, hver hann verður eða reikna út, hver áhrif hann hefir á skattinn í heild sinni. Útsvör eru þannig lögð á, að þau standa oft og einatt í engu hlutfalli við árstekjur, þar sem þau eru miðuð við efni og ástæður eða gjaldþol. Og hjer í bænum hafa oft og einatt verið lögð há útsvör á gjaldendur, sem ef til vill hafa tapað á atvinnurekstri sínum það árið. Nefndin sá það því ekki til neins að fara að giska á það, hver áhrif frádráttur útsvaranna hefði á skattinn: því sú ágiskun hefði orðið í alla staði mjög óábyggileg. Jeg gerði athugun á því, hverju munaði hjá einum gjaldanda, ef útsvarið væri dregið frá og ef það yrði ekki dregið frá. Það var gjaldandi, sem taldi fram 60 þús. kr. tekjur til skatts. Varð niðurstaðan sú, að samkvæmt skattstiga meiri hluta nefndarinnar mundi skatturinn hækka nokkuð, þrátt fyrir frádrátt útsvarsins. Það er því augsýnileg fjarstæða, sem haldið er fram af minni hl., að frádráttur útsvara geri skattinn að engu. Tekjuskattinn sjálfan er hægt að reikna út, eða áhrif þess, ef hann væri dreginn frá; en nefndin fann ekki ástæðu til að leggja það til, að hann yrði dreginn frá. Jeg álít, að um hann sje alt öðru máli að gegna en útsvörin. Hann er lagður á tekjur liðins árs, og getur því aldrei komið til greina fyr en á næsta ári, þegar hann er greiddur, en yrði hann talinn með útgjöldum skattársins, væri hann ranglega talinn til útgjalda á tveimur árum. Hins vegar er það hugsunin að leggja tekjuskattinn á hreinar tekjur, að frádregnum öllum rekstrarkostnaði, og verður skatturinn þá utan við og verður ekki talinn til rekstrarkostnaðar fyr en hann er greiddur.

Háttv. frsm. minni hl. nefndarinnar (ÞorlG) skýrði rangt frá ágreiningi milli nefndarhlutanna, þar sem hann kvað minni hl. hafa fallist á þá skoðun stjórnarinnar, að ekki mætti leggja skatt á lægri tekjur en 1000 kr., af því að ekki yrði komist af með svo litlar tekjur. — Þetta er alveg rangt; jeg hygg og þori að fullyrða, að fyrir stjórninni hafi vakað, að ekki svaraði kostnaði að innheimta minni skatt en af 1000 kr. Í þessu er jeg ósamþykkur minni hl. nefndarinnar og stjórninni. Jeg álít, að heppilegra sje, að allir gjaldendur, stórir og smáir, gjaldi tekjuskatt. Það hefir uppörfandi áhrif á menn að finna til þegnskapar síns, og skattur af lágum tekjum mun einmitt verða alldrjúgur fyrir ríkissjóð.

Jeg hygg, að reynslan muni sýna, að lágir skattar innheimtast yfirleitt með *minni fyrirhöfn en háir skattar*, auk þess sem almennur tekjuskattur ætti að hafa holl uppeldisáhrif á þjóðina, þegar hver einstaklingur finnur til þess, að hann ber sínar byrðar í þjóðfjelaginu og ljettir jafnframt undir með öðrum. Auk þess hefir það sýnt sig, að menn hafa alloft orðið vonsviknir yfir því að vera ekki taldir á tekjuskattsskrá. Sömuleiðis verður ekki annað sjeð en beinir skattar ættu einnig að hafa sín góðu áhrif á þingið og kenna því að fara varlega með fje það, er það hefir til umráða, því svo mun það vera, að menn finna allajafna meira til beinu skattanna en þeirra óbeinu, ef til þarf að taka að hækka þá.

Ágreiningurinn innan nefndarinnar er því eigi sá, hvort taka skuli skatt af þeim

fátækustu eða ekki, enda kemur skatturinn einna ljettast niður á þeim fátækustu. Samkvæmt till. minni hlutans greiða hjón með tvö börn skatt af 1500 kr., hafi þau 2500 kr. í árstekjur, og verða það kr. 7,50. Frá tekjunum dragast aðeins 1000 kr. fyrir börnin. Samkvæmt till. meiri hl. greiða sömu hjón í skatt 4 kr. af 500 kr., þ. e. a. s., undan skatti eru þar dregnar 1000 kr. fyrir hjónin og 500 kr. fyrir hvort barn. Er menn athuga þetta, þá skilst mönnum, að það hefir, eins og hv. frsm. (MG) tók fram, aðeins verulega þýðing fyrir vinnufólk og lausafólk í sveitum að fella fyrstu 1000 kr. undan skatti. Hv. frsm. minni hl. (ÞorlG) sagði, að hver einasti vinnukarl og kona til sveita hefðu 1000 kr. tekjur og þar yfir. En jeg vil leyfa mjer að spyrja: Hverjum kemur þá 1000 kr. undantekningin í hag?

Jeg get nú orðið stuttorður um það, sem eftir er, og óþarft að taka fleiri dæmi, enda hefir hv. deild fyrir sjer till. beggja nefndarbrotanna til samanburðar. Munu menn sjá, er þeir athuga þetta nánar, að lækkun skatts á lægstu tekjunum samkvæmt till. meiri hl. er engu minni en samkvæmt till. minni hl., þó að hundraðstalan sje ögn hærri. Sje um hjón að ræða, þá vinst það upp við frádráttinn, en þó að skatturinn sje ögn þyngri á einhleypu fólki, þá get jeg að minsta kosti ekki fundið, að það sje neitt athugavert; tel það miklu fremur heppilegt. Fleira finn jeg ekki ástæðu til að athuga í ræðu hv. frsm. (ÞorlG).

Eitt atriði var það í ræðu hv. samþm. míns (JÞ), sem jeg vildi fá tækifæri til að minnast á. Hann talaði um, að mest væri um vert, að hægt væri að leiðrjetta skattahlutfallið milli Reykjavíkur og annara landshluta. Þetta er auðvitað rjett. En á hinn bóginn fæ jeg ekki annað sjeð en of mikið hafi verið gert úr rangsleitninni gagnvart Reykjavík í þessu tilfelli. Það er öllum kunnugt, að sveitabúskapurinn hefir ekki borið sig undanfarin ár og bændur því alment safnað skuldum, og er því ekki að undra, þótt þeir hafi borið lágan skatt. Hinsvegar er ljóst, að lögin gefa enga trygging fyrir því, að fult rjettlæti eigi sjer stað í hlutfallinu milli sjávar og sveita, og jeg hygg, að sú trygging muni ekki fást með ákvæðum í tekjuskattslögunum. Eina leiðin yrði líklega að hafa einhvern sjerstakan skatt fyrir landbúnaðinn, annaðhvort með eða í staðinn fyrir tekjuskattinn, og þá t. d. að taka upp ábúðar- eða lausafjárskattinn. Annars fæ jeg ekki sjeð, að hv. samþm. minn (JÞ) geri í tillögum sínum nokkra minstu tilraun til að jafna þetta misrjetti milli sveita og bæja. Lækkun skattsins á lægri tekjunum er langmest í hans till.; hann lækkar hundraðstöluna niður í helming, en meiri hl. nefndarinnar þó ekki nema um $^1/_5$. En þessi lækkun lægsta skattsins kemur fyrst og fremst sveitunum til góða, og eykur því fremur en minkar misrjettið. Þá talaði hann um, að ef hart væri gengið að þeim stóreignamönnum, sem hefðu eignir, en ekki tekjur, þá gæti það orðið til þess, að þeir flyttu burt með eignir sínar, og gæti það haft hinar skaðlegustu afleiðingar. Þó að þetta megi til sanns vegar færa, þá held jeg samt, að sú hætta sje ekki yfirvofandi. Það er nefnilega hæpið, að stóreignamenn, sem flyttu burt hjeðan með eignir sínar, gætu haft eins miklar tekjur af þeim annarsstaðar. T. d. munu óvíða gefnir eins háir vextir af innlánum og hjer, mismunur þeirra t. d. hjer og í Danmörku nemur ca. 25%. Og hvað verðbrjefum viðvíkur, þá mundi vera

hægt að útvega þau hjer með eins góðum skilmálum og annarsstaðar. Þegar öllu er á botninn hvolft, verður því vafasamt, hvort tapið við það að flytja burt með eignir sínar hjeðan mundi ekki nema margfalt meira en mismuninum á skattinum. Þessi grýla virðist því ekki vera mjög ægileg.

Að öðru leyti kemur þetta um eignirnar ekki svo mjög við, er rætt er um tekjuskattinn. Það munu hvort sem er ekki vera svo ýkjamargir hjer, sem hafi svo háar tekjur af eignum sínum, að þeir verði fyrir barðinu á lögum þessum. Engin till. hefir heldur komið fram um hækkun eignarskattsins, og er vafamál, hvort ekki hefði verið rjett gert af nefndinni að athuga þetta. Jeg fyrir mitt leyti mundi ekki hafa lagt á móti einhverri smávegis hækkun.

Að lokum vil jeg leyfa mjer að undirstrika það, að fyrir mjer vakti það ekki fyrst og fremst að lækka skattinn, heldur það, að gera hann sem sanngjarnastan. Eins og skatturinn var samkvæmt l. frá 1921, var skatturinn á lægri tekjunum margfalt tilfinnanlegri en skatturinn af hærri tekjunum, auk þess sem þess ber að gæta, að þessar hærri tekjur, og yfirleitt hæstu tekjurnar, hafa einmitt helst þeir menn, sem í raun og veru eru þannig settir, að þeir komast yfirleitt ljettara frá óbeinu sköttunum en aðrir. Fyrir mjer vakir einmitt að reyna að ná til þeirra manna og jafna niður á þá líka þeim útgjöldum, sem framleiðslan er nú látin bera í útflutningsgjaldinu.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg get verið stuttorður í þetta sinn, enda hefir hv. samnefndarmaður minn, 1. þm. Reykv. (JakM) svarað þeim aðalmótbárum, sem komið hafa fram gegn till. meiri hl. En jeg vildi fá tækifæri til að minnast á þau ummæli, er snúist hafa gegn mjer persónulega hjer við þessar umræður. Mjer hefir verið borin blekking á brýn viðvíkjandi einu krónunni, sem tíund króna skattur getur oltið á. Því hefir þó ekki verið með rökum mótmælt, að því sje svo varið, sem jeg benti á í framsöguræðu minni. Það er þessi eina króna, sem fyllir þúsundið, sem veldur 5 kr. skattinum, og get jeg ekki sjeð neina skynsamlega ástæðu fyrir því að taka svona stórt stökk. Þá sagði hv. frsm. minni hl. (ÞorlG), að jeg hefði eignað mjer till. um barnaframfærsluna; þetta er samt misskilningur hjá hv. þm., því að jeg tók það fram, að sú till. er tekin upp eftir stj.frv.

Þá talaði háttv. frsm. minni hl. um það, að hvergi í landinu mundi einhleypt fólk komast undan skatti, þótt 1000 kr. lágmark verði sett; það má vel vera, að þetta sje svo þar sem hann á heima og kringum hann, en um ástandið annarsstaðar trúi jeg betur mönnum þeim, víðs vegar utan af landi, sem segja þveröfugt frá um sín hjeruð. Mjer skildist líka á hv. frsm. minni hl., að langur tími gæti liðið á milli 2. og 3. umr. þessa máls, en jeg vil benda honum á, að málinu þarf að hraða, ef lögin eiga að koma að notum þetta ár. Þá vill hv. frsm. minni hl. (ÞorlG) ljetta sköttum af einhleypu fólki. Jeg hýst við, að fleiri verði á sömu skoðun og jeg í því efni, að meiri ástæða sje til að gera þá vægari á fátækum fjölskyldumönnum.

Hv. 3. þm. Reykv. (JJ) mælti með sínum brtt. Honum þótti sem órjettur ætti sjer stað í skattahlutfallinu milli Reykjavíkur og annara hjeraða landsins og taldi nýjan skattstiga fyrir landbúnaðinn nauðsynlegan til þess, að úr því yrði bætt.

Jeg býst nú við, að þetta eigi ekki við mikil rök að styðjast. Eigi misrjetti sjer stað, þá er það framkvæmd laganna, en ekki lögunum sjálfum að kenna. Og hafi Reykjavík þeim mun meiri tekjur sem hún ber þyngri skatta, þá er það ekki nema rjett og sjálfsagt. Það er nú einu sinni svo, að þeir, sem mestar hafa tekjurnar, borga mest af skattinum, og í Reykjavík eru flestir hæstu gjaldendurnir. Það virðist því ekkert undarlegt, þótt skattsupphæðin verði hlutfallslega hærri hjer en annarsstaðar. Að hinu leytinu er heldur ekki við því að búast, að mikill skattur komi úr sveitunum árið 1921, því þá var yfirleitt tap á landbúnaðinum. Og í annan stað leyfi jeg mjer að efast um, að hlutfallið sje eins og látið hefir verið í veðri vaka. Það er kunnugt, að fjölmörg eða flest togaraútgerðarfjelög hafa engan skatt greitt fyrir árið 1921. Þá var að því fundið, að nefndin skyldi ekki koma með skýrslur og áætlanir um tekjuskattinn. Sannleikurinn er sá, að þótt skattskrár sjeu komnar úr sumum hjeruðum, eru þær ekki komnar úr þeim nærri öllum, og því er ekki auðið að koma með rökstuddar áætlanir. Og yfirleitt verð jeg að álíta, og hefi ávalt verið á þeirri skoðun, að jafnt eigi yfir alla að ganga, og engin sanngirni mælir með því að veita Reykjavík nokkra sjerstöðu í þessu efni. Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) gat þess, að tekjuskatturinn væri yfirleitt vinsæll úti á landi, en óvinsæll hjer. Jeg veit ekki, hvað satt er í því, en hitt vil jeg benda á, að sömu reglur gilda um hann þar og hjer, og því ekki með rjettu hægt að finna að tekjuskattslögunum sjerstaklega hjer í Reykjavík.

Ennfremur sagði hann, að tekjuskatturinn hefði reynst hærri árið 1921 en hann hefði verið áætlaður. Það er rjett en deilt var um það í þinginu, hve hátt hann skyldi áætlaður. Jeg áætlaði hann 1 miljón, en aðrir færðu hann niður; sumir vildu jafnvel áætla hann aðeins 500 þús. Og þótt hann væri fulllágt áætlaður 900 þús., þá veitti ekki af. Það er hvort sem er venjan, að einhverjir gjaldaliðir komast upp fyrir áætlun og ekki síst þegar ekkert er áætlað fyrir fjáraukalögum og fleiru.

Enn má taka það fram, að okkur hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) skilur á um beina skatta og óbeina. Hann virðist minni vinur beinna skatta en jeg, þó jeg hins vegar játi, að það sje ótímabært að innleiða þegar í stað tóma beina skatta. En að draga úr þeim, sem við höfum nú, er jeg ófús á.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Þar sem hjer er alt útlit fyrir langar umræður, skal jeg ekki á þessu stigi málsins rekja nema nokkur aðalatriði. Fyrst og fremst þá áuðvitað það, að hv. fjhn. hefir öll gengið inn á aðalatriði þess, sem fyrir stjórninni vakti, það sem sje, að nauðsyn bæri til þess nú þegar að breyta skattalögunum. Hitt er þýðingarminna í þessu sambandi, þótt nefndinni komi ekki saman um þessar breytingar í einstökum atriðum. Hefði svo verið, að ekki hefði nauðsyn verið á að lækka tekjuskattinn, hefði getað legið fyrir að koma með breytingar á öðrum sköttum, t. d. útflutningsgjaldinu, eins og talað hefir verið um. En eins og ástæður eru, var nauðsynlegt að koma með breytingar einmitt á tekju- og eignarskattinum. En þar sem nauðsynin á breytingu þessa skatts er í því fólgin, að lækka þarf hann á vissum flokki manna, leiðir af því, að ekki er jafnframt hægt að koma með lækkanir á öðrum sköttum.

Í raun og veru eru brtt. stjórnarinnar ekki til umr. nú, heldur aðeins sá litli útdráttur úr þeim, sem jeg hafði hugsað mjer, að gæti komið til framkvæmda nú þegar á þessu ári, og verður þó undirbúningstími skattanefnda lítill, jafnvel þótt málinu verði hraðað hjer mjög, eins og nauðsyn ber til. Mjer getur að vísu ekki annað en fallið það vel, að hv. nefnd hefir getist svo vel að sumum brtt. stj.frv., að hún hefir tekið þær upp til breytinga við litla frv., til gildistöku þegar á þessu ári, en það er þó naumast rjett, því að það er þýðingarlaust að taka upp í þetta frv. nokkur atriði, sem ekki geta komið til framkvæmda nú þegar. Því framtölin eru þegar komin, og eftir því verður að fara á þessu ári, því tæplega verður farið að safna nýjum framtölum. Í þessu sambandi er t. d. að minnast á niðurfellingu samskattsins, sem í sjálfu sjer er rjett, og tekið upp í frv. stjórnarinnar, en ekki til *framkvæmda þegar í stað*, því samskatturinn er kominn inn á öll framtöl nú.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um þau einstöku atriði, sem á milli ber hjá meiri og minni hluta nefndarinnar. Þó vil jeg víkja stuttlega að því, sem sagt hefir verið um lágmarkstakmörkin fyrir skattinum og um þessar 999 kr., sem sagðar eru skattfrjálsar, og einu krónuna, sem á að kosta 5 kr. Menn geta náttúrlega leikið sjer svona með orðin, ef þeir hafa gaman af því, en rjett er þetta auðvitað engan veginn, því einhversstaðar verða takmörkin að vera, og þá má altaf segja þetta sama um síðustu krónuna eða eyrinn, sem á takmörkunum liggur, aðeins með þeim mun, að því hærri sem talan er sett, því fleiri verða krónurnar, sem „síðasta krónan" kostar skattgreiðandann.

Eitt atriði, sem ekki er rjettlátt í núgildandi lögum og ekki hefir verið leiðrjett í brtt. hv. nefndar, verð jeg ennfremur að minnast á. En það er afstaða ekkna og ekkjumanna og sá frádráttur, sem sje hálfur á við gifta, sem þeim er ætlaður.

Einnig vil jeg minnast stuttlega á aukaútsvörin eða frádrátt þeirra. Það er tekið eftir dönskum skattalögum, að draga megi aukaútsvörin frá skattaframtalinu. En þó er þetta alls ekki sambærilegt hjer og í Danmörku. Þar eru sem sje aukaútsvörin einnig lögð á eftir reglum ríkisskattalaganna, en ekki, eins og hjer, eftir efnum og ástæðum, og þess vegna getur maður, sem t. d. ekki kemur í tekjuskatt, vel fengið aukaútsvar. Frádráttur aukaútsvaranna kemur því til með að verka af handahófi, þar sem bæjargjöldin eru ekki lögð á eftir sama mælikvarða og ríkisgjöldin. Auk þess er að sjálfsögðu til þess ætlast, þó ekki sje þess sjerstaklega getið, að aðeins þau aukaútsvör megi draga frá, sem borguð eru, því engin meining væri í því að fá lagt á sig svo og svo hátt aukaútsvar aðeins til frádráttar í skatti, en ekki til þess að borga það raunverulega.

Um þá mismunandi skattstiga, sem fram eru komnir, þarf jeg ekki að fjölyrða. Það er eðlilegt, að menn greini þar nokkuð á, og altaf nokkurt álitamál um slík efni.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg get verið fljótur með mína ræðu, ekki síst þar sem umræðurnar eru orðnar ærið langar, og leiðinlegar sjálfsagt líka, að því er mörgum mun finnast. Jeg skal samt byrja á hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), sem talaði mikið skynsamlega og rökfast, eins og hans er vandi, þótt jeg sje hins vegar ekki sammála honum í öllum atriðum, þar sem hann er í rauninni málsvari þeirra manna, sem auðveldast eiga með að borga. En þar sem hann talar um

það t. d., að erfitt sje að borga 20% af 25 þús. kr. árstekjum, þá verð jeg fyrir mitt leyti þvert á móti að segja, að það sje auðveldara fyrir slíkan 25 þús. króna mann að borga 20% heldur en fyrir þann, sem aðeins hefir 1000 kr. tæpar, að borga ekki neitt.

Þá skal jeg snúa mjer að hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Það hefir verið mikið um það talað, hvað útsvörin í Reykjavík væru orðin há, og er það sjálfsagt rjett. En það eitt út af fyrir sig er engin sönnun þess, að rjettlátt sje að draga þau frá framtalinu til ríkisskattsins. Því ef draga á há útsvör frá skattstofninum ofan á allan annan frádrátt, er hætt við því, að ekki verði altaf mikið eftir, svo að ríkið fái þá ekki mikið. En það er nú sem stendur eitt aðalatriði þessa máls í mínum augum, að ríkissjóður má alls ekki við því að missa á þann hátt tekjur. Auk þess kæmi þessi frádráttur helst fram hjá þeim, sem mestar hafa tekjurnar og þar af leiðandi mest gjaldþolið, og þess vegna munar mest um fyrir ríkissjóðinn og er tilfinnanlegast að missa úr skatti. En það tel jeg einmitt rjetta stefnu, að efnuðustu mennirnir eigi að bera þyngsta skattinn.

Hvað frádráttarreglurnar snertir, þá geta þær aldrei, eins og jeg hefi áður sagt, orðið annað en handahóf, og hygg jeg, að sýna megi rjettilega fram á það eftir frádráttarreglum meiri hlutans, að dæmið, sem háttv. þm. tók með hjónin, sem ættu tvö börn og hefðu 2400 kr. tekjur, mundu eftir skattstiga og frádráttarreglum meiri hl. gjalda nokkuð minna heldur en eftir fyrirkomulagi stjórnarfrv., þá er þarna gripið í sjerstakt dæmi, sem auðveldlega getur breyst. Ef við t. d. hjeldum áfram og ljetum þessi sömu hjón, sem hv. meiri hl. hefir þóknast að láta eiga tvö börn, máli sínu til styrktar, eignast þriðja barnið í viðbót, þá yrðu þessi hjón einnig skattfrjáls eftir skattstiga stj.frv. Sýnir þetta því, að jeg hefi haldið því rjettilega fram, að ekki er hægt að finna frádráttarreglur svo öruggar, að ekki geti kent misrjettis einhversstaðar.

Hins vegar verð jeg að mótmæla sjerstaklega þeim ummælum sama hv. þm. (MG) um afstöðu mína til þessara mála, þar sem hann sagði, að jeg hefði sagt, að jeg fylgdi stj.frv. í aðalatriðunum aðeins af því, að það væri frá stjórninni. Það er nú hvorttveggja, að það er ekkert meiri sanngirni af honum að segja þetta um mig en ef jeg segði, að hann væri á móti sama frv. aðeins af því, að það er frá núverandi stjórn, en ekki t. d. frá honum sjálfum. Sannleikurinn er sá, að jeg hefi þegar í fyrri ræðu minni gert nákvæma grein fyrir afstöðu minni og rökstutt skoðanir minni hl., alveg án nokkurs tillits til flokks- eða stjórnarfylgis, aðeins út frá því, hvað sanngjarnast og samviskusamlegast mundi vera, eins og skylda er.

Það, sem sagt hefir verið um kaupgjald vinnufólks í sveitum, þarf jeg ekki að fjölyrða mikið um. Það getur verið, að þessu sje eitthvað öðruvísi varið í bygðarlögum hv. frsm. meiri hl. (MG) en þar sem jeg þekki best til, og trúi jeg því þó tæplega, að munurinn sje mikill. Að minsta kosti þori jeg að fullyrða, að minna en 1000 kr. hafi slíkt fólk alment ekki, ef það á annað borð vinnur fyrir sjer, sem kallað er. Og menn mega ekki miða aðeins við það, sem það fær í beinhörðum peningum, því auðvitað kostar eitthvað það fæði, húsnæði og þjónusta, sem það fær. Hitt er alt annað mál, að þetta getur verið framkvæmt á mismunandi hátt hjá mismunandi skattanefndum, þannig að sumar reikna fæði lægra en aðrar o. s. frv. En ef sanngjarnlega er í

sakirnar farið, er það áreiðanlegt, að minna en 1000 kr. er ekki hægt að fá út úr þessu, eða að minsta kosti vildi jeg gjarnan fá upplýsingar um það, hvar þetta afskaplega ódýra vinnufólk er að fá, svo mínir sveitungar gætu notið góðs af því líka, því hjá okkur er það ekki til. Og líklega er það ekki til annarsstaðar heldur.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara ræðum hv. andmælenda minna, en get vísað til nál. og framsögurauðu minnar, enda hefir í rauninni ekkert komið fram, sem hnekki því, sem þar er sagt, og treysti jeg svo sannsýni og sanngirni þessarar háttv. deildar, að hún sjái það, þrátt fyrir ýmsan óverulegan skoðanamun, að till. okkar minni hl. fara í rjetta stefnu og sjeu ríkissjóði til mestra heilla og jafnframt almenningi til sjávar og sveita til mestrar sanngirni, og þá er aðalatriðið unnið. En það, sem aðallega vakti fyrir minni hl., þegar hann ákvað það að fylgja stjfrv. óbreyttu, var sú sanngjarna leið, sem það virðist fara, sem sje að að minsta kosti verði sveitarómagar ekki framvegis látnir gjalda skatt til ríkissjóðs. Því sá, sem ekki getur sjeð fyrir lífsnauðsynjum sínum, hlýtur að fá það, sem hann þarf í skattinn, annnaðhvort hjá sveitarfjelagi sínu eða þeim öðrum, er ala önn fyrir honum.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 8. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 13, n. 52 og 53, 54, 67, 73).

Jón Auðunn Jónsson: Þó að jeg hafi orðið samferða meiri hl. fjhn., þá er langt frá því, að jeg sje ánægður með þær lítilfjörlegu breytingar, sem hann hefir gert á frv. Þó kaus jeg að fylgja honum frekar en minni hl., því hæði er frádráttarákvæði minni hl. og skattstigann óhæft. Það er ýmislegt í skattalögunum, sem hefir reynst ófært í framkvæmd þeirra, og fer jeg ekki út í það nú. Vil þó aðeins benda á skattaálögur á hlutafjelög eins og þær eru nú, en þar við vill stjórnin bæta þeirri óhæfu, að skatta 4% frádráttinn, sem leyfður hefir verið. Jeg skil ekki, hvaðan hæstv. fjrh. (MagnJ) hefir fengið þá flugu að fella niður það, sem skattfrjálst var hjá þeim, og þannig tví- eða þríborga skatt af þessum 4%. Væri nær að líta á reynslu og aðferð nágrannaþjóðanna á Norðurlöndum í þessu efni og breytingar þeirra á síðustu missirum. Þeir hafa sjeð, að varhugavert væri að skattleggja ágóða hlutafjelaga of mikið. Það mundi rýra um of fjárhagslegt gjaldþol þeirra og leiða til þess, að þau borguðu sem mest út af ágóða til hlutaeigenda. En það er mjög varhugavert, þar sem erfitt er til rekstrarfjár. Það er miklu meiri ástæða til að hlífa þessum fjelögum; þau eru nauðsynleg í þjóðfjelaginu.

Hv. frsm. minni hl. (ÞorlG) hjelt því fram, að varla væru til menn í landinu, sem hefðu minna en 1000 kr. tekjur á ári. Ef svo er, þá er till. minni hl. út í bláinn, því ef enginn hefir undir 1000 kr. árstekjur, fyrir hverja er þá þetta skattfrelsi?

Frádráttarmunurinn ætti að vera meiri en nú er á tekjum hjá þeim, er búa í sveitum eða kaupstað. Frádráttarupphæðin ætti að vera hærri hjá þeim, sem búa í kaupstað, því allir vita, að þar er margfalt dýrara að lifa. Svo er það bæði í Danmörku og Svíþjóð.

Allri nefndinni kom saman um að hreyfa ekki við þessu atriði, en jeg vænti, að tekið verði tillit til þess við endurskoðun laganna.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. minni hl. (ÞorlG) hefir tvisvar haldið fram, að skattstigi meiri hl. væri hærri á lágtekjum en samkvæmt stj.frv., nægir að benda á, að skattur af 1000 kr. er 8 kr. samkv. till. meiri hl., en eftir frv. stjórnarinnar er hann 10 kr., og meiri munur þar fyrir ofan. Þá var það annað, sem háttv. þm. sagði, að ef skatturinn væri of hár á lágtekjum, þá mundi hann ekki innheimtast. En það er reynsla annara þjóða, sem hafa líkt skattafyrirkomulag og vjer, að því jafnari og lægri sem skatturinn er, því betra að innheimta.

Annars vil jeg benda hv. deild á, að meiri hl. leggur til, að skatturinn lækki á lægri tekjum, en hækki að mun frá því, sem nú er, á þeim hærri. Samkvæmt stj.frv. er skatturinn 50% hærri á hinum hærri skattstigum heldur en hjá nágrannaþjóðunum. En þær byrjuðu með sama skattstiga og vjer höfum, og hafa síðan lækkað skattinn á hinum lægri stigum, en látið hann halda sjer óbreyttan á hærri gjaldendum, og talið það fyrirkomulag að fenginni reynslu það besta.

Skattur á hlutafjelögum ætti að mínu áliti að vera hár á útborguðum arði, sem fram yfir er venjulega sparisjóðsvexti, en lágur á því, sem lagt er í tryggingar og varasjóð, enda er svo í nágrannalöndunum nú orðið, því það mun álit allra, að þessi fjelög, sem oftast eru atvinnufyrirtæki, ættu að standa á sem föstustum fótum fjárhagslega, því efnalegt sjálfstæði þessara fjelaga er grundvöllur allra stærri atvinnufyrirtækja í landi hjer, þar sem einstaklingar eru svo fátækir, að hverjum einstökum er um megn að reka þau fyrirtæki, t. d. botnvörpungaútgerðina.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) virtist ánægður með till. meiri hl. og talaði um, að hann hefði tekið það, sem sjer þætti vænst um af till. stjórnarinnar, nema skattstigann. En jeg vona, að hann sjái, að skattstigi hans er ekki til bóta, því aðeins einhleypi fólk í sveit kemst hjá skatti samkvæmt þeim stiga. Einhleypur maður með 900 kr. tekjur skattfrjálsar er miklu betur settur en öldruð hjón með 1000 kr. tekjur skattskyldar.

Þá vildi hæstv. fjrh. (MagnJ) andæfa till. meiri hl. um frádrátt aukaútsvara áður en skattur er reiknaður af tekjum, og það gæti ekki komið til framkvæmda á þessu ári. En við þetta athugast, að það eru skattanefndirnar einar, sem ákveða frádráttinn, þó að einstaklingar telji fram, og sje jeg ekki betur en að þær geti fengið upplýsingar um útsvarsupphæðir — það er fengið afrit af útsvarsskránum — og hvað ógreitt sje af þeim, því að auðvitað verða ógreidd útsvör eigi frá dregin. Hann hjelt því einnig fram, að enginn munur væri á að greiða skatt af eyðslueyri og ýmiskonar útgjöldum til lífsnauðsynja og útsvari eða tekju- og eignarskatti.

Jeg vænti, að hæstv. ráðherra sje þó skiljanlegt, að á þessu sje talsverður munur. Því skattgreiðandi hefir ráð á því fje, sem hann brúkar til lífsframfæris, en útsvör og skattar er tekið af honum án hans vilja, og yfir þeim upphæðum hefir hann engin umráð. Jeg er því samþykkur hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að það beri að draga öll gjöld frá tekjunum áður en skattur er reiknaður, en á það gátu meðnefndarmenn mínir ekki fallist. En við endurskoðun laganna vona jeg, að því verði breytt. Það er sýnileg misbeiting í álagningu skattsins að skatta þá upphæð, sem fer til skattgreiðslunnar.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) og fleiri hafa talað um, að tekjuskatturinn kæmi illa niður hjer í Reykjavík og harðar en

annarsstaðar. Og vil jeg ekki neita því, að svo geti verið, enda veit jeg um tvö dæmi þess. Þetta er eðlilegt; skattalögin eru ný og skattanefndir óvanar starfinu. Eina ráðið til að koma í veg fyrir þetta er að hafa einn yfirskattstjóra fyrir land alt. En sjálfsagt er, að frádráttarreglurnar sjeu misjafnar, meiri frádráttur leyfður þar, sem dýrara er að lifa, en minni þar, sem framfærslan er ódýrari. Það má benda á, að í Reykjavík og á Ísafirði eru 1000 kr. varla jafngildi 800 króna annarsstaðar á landinu.

Nægir í því efni að benda t. d. á hina afarháu húsaleigu á þessum stöðum. Læt jeg svo úttalað um þetta mál að sinni, en vil endurtaka það, að jeg vona, að tekið verði tillit til þess, sem jeg nú hefi sagt, við endanlega endurskoðun laganna.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Út af ummælum háttv. þm. Ísaf. (JAJ), er hann sagðist hafa út úr vandræðum orðið samferða meiri hluta nefndarinnar, vildi jeg segja fáein orð. Virtist hann vera óánægður yfir, að breytingar voru eigi gerðar meiri á frv. En því er þar til að svara, að fyrir deildinni liggur arnað frv. um skattamálin, miklu víðtækara, og er það til meðferðar í þeirri nefnd sem háttv. þm. er í. Væri honum því innan handar að koma breytingum sínum þar að, svo mörgum sem hann vill, en ekki við þetta litla frv., því það þarf að komast sem fyrst til framkvæmda.

Þá mintist háttv. þm. á breytingar á skattálagningu hlutafjelaga, og ættu þær líka fremur heima í stóra frv., en ekki þessu, sem fyrir liggur. — En viðvíkjandi frádráttarákvæðum fyrir skatti hlutafjelaga, þá er það álitamál, hvort ekki væri rjett að breyta því þannig, að skattur yrði tekinn af allri hlutafjárupphæð fjelaganna, en ekki af greiddum arði, eins og nú er. Lægi þá máske enn nær að koma með breytingu til hækkunar á fjelagaskatti.

Uppástunga háttv. þm. um, að hlutafjelög sjeu aðeins látin greiða skatt þegar þau leysast upp, er alveg ómöguleg. Hvert hlutafjelag er „juridisk persóna," alveg eins og ríkissjóðurinn, og þarf því í sjálfu sjer ekki að líða undir lok. En leysist þau upp, getur orðið valt um sjóðina, sem þau ætla að arfleiða ríkið að, svo að það hafi ekkert.

Þá mintist háttv. þm. Ísaf. (JAJ) á það, að misjafnar ástæður væru í hinum ýmsu hjeruðum. Þetta er að vísu rjett að sumu leyti, en á að geta jafnast með útsvarinu í hinum ýmsu sveitar- og bæjarfjelögum. Þá mintist hann og á, að skattanefndir gætu fengið upplýsingar um útsvör. Það er rjett, en hann gætti þess eigi, að þær upplýsingar fást ekki nógu fljótt, svo að gagn verði að. Þá má og taka það fram, að þessi gjöld eru eigi sjálfsagðari en mörg önnur. Sem dæmi mætti nefna, að ef maður þyrfti bæði að borga útsvar og fá sjer læknishjálp, þá myndi hann láta hið fyrnefnda sitja á hakanum, ef hann hefði eigi peninga til hvorstveggja, enda væri það rjett gert af honum.

Magnús Kristjánsson: Um þetta frv. eru nú þegar orðnar langar umræður og því varla fært við að bæta. Þó sje jeg mig knúðan til að fara um það og brtt. við það nokkrum orðum.

Allir eru sammála um það, að sú endurskoðun, sem nú á fram að fara á lögunum, sje aðeins til bráðabirgða. Því mætti búast við, að aukaatriði og smá-

breytingar mundu eigi verða gerð að kappsmáli, en þó lítur nú svo út, sem til þess muni draga.

Þetta frv. er, eins og jeg drap á, aðeins til bráðabirgða, til 1 eða 2 ára. Þó eru komnar fram brtt. á fimm þingskjölum, og þær allólíkar. Vorkunn er það, þótt almenningur átti sig eigi strax á þessu moldviðri, en búast mætti við, að það væri eigi eins erfitt fyrir hv. þm., en umræður sýna þó, að dómgreindin er farin að sljóvgast hjá sumum og að þeir mæla eigi það, er við rök hefir að styðjast. Þess vegna get jeg eigi komist hjá að minnast lítið eitt á hinar ýmsu brtt. og meðmæli þau, er þeim fylgja.

Eins og kunnugt er, var það ákveðið áður, að skattalögin skyldu vera endurskoðuð á þessu þingi, og fyrir því er þetta stj.frv. fram komið. Stjórnin virðist hjer hafa farið þann meðalveg, er allir ættu að geta verið ásáttir um.

Sökum þess, að brtt. hafa þó komið, verður að athuga, hvort þær sjeu til bóta, og þá hver þeirra muni vera almenningi hagfeldust.

Fyrst er þá að athuga brtt. á þskj. 67: hún á talsvert skylt við till. á þskj. 54, en sá er þó munur á þeim, að flm. brtt. á þskj. 67 viðurkennir, í hvaða átt þær till. fara, og er það virðingarvert að vera eigi að reyna að skreyta sig með fölskum fjöðrum, svo sem meiri hl. nefndarinnar gerir á þskj. 54. Þeir eru að reyna að halda því fram, að þeir fari í aðra stefnu, enda þótt þeir fari í raun og veru í sömu átt, en ganga einungis lengra og koma með víðtækari till. til hins lakara. Jeg ætla þá að bera þessar tvennar brtt. saman við stj.frv.

Í stj.frv. er gert ráð fyrir því, að greiða skuli af 3000—4000 kr. 20 kr. af 3000 og 2% af afgangi; af 3500 kr. yrðu þetta þá 30 krónur. Í brtt. hv. 3 þm Reykv. (JÞ) verður skattur af sömu upphæð 50 kr., þ. e. 35 kr. af 3000 kr. og 3% af afgangi. Sama er þótt maður taki fleiri dæmi neðar í stiganum. Þessi till. er því fram komin til þess að hækka skattinn á þeim, sem lægstar hafa tekjurnar, en lækka hann aftur á móti á hinum hærri, svo sem sjá má, ef brtt. er borin saman við stj.frv., eftir að tekjurnar eru farnar að hækka að ráði. Samkvæmt stj.frv. skal greiða af 100000 króna tekjum til 150000 21120 kr. af 100000 krónum og 29% af afgangi. Af 140000 króna tekjum yrðu þetta 32720 kr. Af sömu upphæð ætti samkvæmt brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) að greiða einungis 19585 kr. Má glögt sjá af þessum dæmum, að brtt. þessi er einungis fram komin af hlífð við þá, sem miklar tekjur hafa, og á sú hlífð að verða á kostnað hinna fátækari.

Sje jeg þá ekki ástæðu til að minnast frekar á brtt. á þskj. 67, en sný mjer þá að brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 54. Get jeg verið stuttorður um þær, sökum þess, að jeg hefi áður um þær talað. Flm. brtt. hafa reynt að færa fram dæmi til þess að sanna, að brtt. gengi út á að lækka skatt á lægri gjaldendum; hafa þeir leitað alt uppi, sem til stuðnings gæti orðið þeirra máli, en lítið orðið ágengt. Sjerstaklega hafa þeir hampað því dæmi, að einhleypur maður með 900 kr. tekjur yrði skattfrjáls, en öldruð hjón með 1000 kr. tekjur yrðu að greiða 5 krónur. Auðvitað er þessi tala, eins og annað hjá þeim, gripin úr lausu lofti, og fjarri því, að líkindi sjeu til, að þetta komi fyrir. Þá mætti alveg eins snúa dæminu við og segja, að einhleypur maður með 1000 kr. tekjur greiði 5 kr., en öldruð hjón með 900 kr. tekjur ekkert. Það er ómögulegt að gera

fyrirfram ráð fyrir öllum slíkum hugsanlegum tilfellum. Þá get jeg og nefnt annað dæmi. Setjum svo, að hjón með tveim börnum á framfæri hafi 2500 kr. tekjur. Þá koma 500 kr. til skatts samkvæmt till. meiri hl. (Dregur frá 1000 kr. fyrir hjónin og 500 kr. fyrir hvort barn). Af þessum 500 kr. á að greiða 0,80%, og verða það 4 krónur. Hjón með 1900 kr. tekjur mundu eiga að greiða kr. 4,50 samkvæmt brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Það er 1000 kr. frádráttur og 1/2% af 900 krónum. Þetta er alt hrófatildur út í loftið, en sýnir þó glögt, hvernig straumar liggja; þrátt fyrir þennan 1000 kr. frádrátt er stefnan augljós. Hið eina skynsamlega, sem háttv. deild gæti gert, er það að samþykkja till. minni hl., sem eru langaðgengilegastar, svo sem vænta mátti af þeim mönnum, er að þeim standa. Hv. meiri hl. nefndarinnar og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafa þó orðið að virða það við minni hl., að hann teygði sig svo langt að leggja til, að 2. málsgr. 3. gr. frv. falli burtu. Á þessu sjest, að minni hl. starfaði með hagsmuni alls fjöldans fyrir augum og að hann gekk eins langt í samkomulagsáttina og mögulegt var. Hefir hann leitað nákvæmlega eftir því, sem skynsamlegt kynni að vera í till. meiri hl., og það, sem hann hefir rekist á, vill hann styðja, til dæmis það, að aukaútsvör verði dregin frá hinum skattskyldu tekjum. Ef meiri hl. vildi fara að á sama hátt, gæti svo farið, að við mættumst á miðri leið og fyndum þann samkomulagsgrundvöll, sem báðir mættu vel við una.

Jeg skal einnig geta þess, að jeg hefi verið að velta því fyrir mjer, hvort ekki væri tiltækilegt að fallast á 2. brtt. á þskj. 67, um það, að tekju- og eignarskattur komi einnig til frádráttar, en að svo komnu þori jeg ekki að ganga inn á þá braut. Jeg tel varla fært að fara lengra að sinni en að draga útsvörin frá; en ef það reyndist vel, mætti taka upp þessa stefnu við næstu endurskoðun laganna.

Það er því ætlun minni hl. að halda fast við till. sínar, en hann hefir þó gengið svo langt að aðhyllast þessar till. meiri hl., sem jeg hefi nú minst á. Vona jeg, að allir sjái, að þetta er hin besta og heppilegasta leið til þess, að endurskoðunin fari vel úr hendi.

Þá skal jeg drepa á brtt. á þskj. 73, frá hv. 2. þm. Reykv. (JB). Frá mínu sjónarmiði er hún að líkindum samngjarnasta till., sem fram hefir komið við þessa umr., en eftir þeim stefnum, sem hjer virðast ríkja, mun hún dauðadæmd fyrirfram, því að svo er um marga menn hjer, að þeim þykir mest á ríða að pína skatta og skyldur út úr þeim, sem varla geta dregið fram lífið, vegna þess að tekjur þeirra eru svo litlar. Jeg skal í þessu sambandi skýra frá, hvernig ein af fremstu menningarþjóðum heimsins hefir komið þessu fyrir, og sýnir það ljóslega, að þessi till. er ekki fjarri sanni. Í Englandi er þannig talið fram, að hver heimilisfaðir má draga frá tekjum sínum 150 sterlingspund fyrir sjálfan sig, 50 pund fyrir konu sína og 50 pund fyrir hvert barn. Ef tekin er sem dæmi fjölskylda með 2 börnum, verður frádrátturinn fyrir hana 300 pund, er samsvarar sem næst 6000 kr. Ætli ekki heyrðust einhver voðaóp hjer í hv. deild, ef einhverjum kæmi til hugar að bera fram till. um jafnháan frádrátt, þó að það væri í raun og veru rjettmætt og sjálfsagt frá sjónarmiði mannúðarinnar. Þetta fyrirkomulag, er menn lofa hjer hástöfum, er sniðið eftir skattalögum Dana og Svía, en jeg hygg, að í þessu efni yrði sanngjarnara og mannúðlegra að fylgja dæmi Englendinga. Hitt er ná-

pínuskapur að elta menn með skatt niður í 500 kr. tekjur, sem ekki hrekkur að hálfu leyti til fæðis, húsnæðis og annara þarfa. Það er hin mesta fjarstæða að elta fyrirkomulag Dana og Svía í þessu efni, enda hefir það komið í ljós, að fjárhagsmál þeirra hafa komist í öngþveiti eftir ófriðinn, einkum Dana. Því að meðhald með stóreignamönnum hefir leitt menn svo langt í Danmörku, að ekki verður enn sjeð, hvar það muni lenda, og hefir efnamönnum og stóratvinnurekendum þar mjög verið hlíft við sköttum. Við síðustu stjórnarskifti þar í landi lá t. d. sú spurning fyrir, hvort sleppa ætti öllum verslunarhömlum, og var þá horfið frá því ráði að hafa nokkur höft á verslun landsins út á við. Afleiðingarnar urðu þær, að atvinnuvegir þjóðarinnar komust í niðurníðslu og fjárhagsástandið varð afarbágborið vegna kaupgræðgi manna á útlendar vörur. En þessi hugmynd um verslunarhömlur er nú að koma upp aftur. Þær hömlur áttu við 1919 og 1920, en nú hljóta þær að verða gagnslitlar um langan tíma, því að frá því að þær voru feldar úr gildi hefir verið eyðilagður sá grundvöllur, er áður hafði verið lagður.

Þetta hefir að vísu verið alllangur útúrdúr og nokkuð utan við efnið, en jeg hygg, að þetta muni færa mönnum heim sanninn um, að vjer eigum ekki að taka Dani til fyrirmyndar í þessum málum. Annars skal jeg ekki tefja háttv. deild frekar að svo komnu, en mun ef til vill taka aftur til máls, ef mjer er gefið tilefni til þess.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Ak. (MK) hefir eiginlega tekið af mjer ómakið að tala fyrir brtt. minni á þskj. 73. Hann mælti svo skörulega með henni, að jeg efast ekki um, að tillagan muni eiga þar öflugan stuðningsmann við atkvgr. og að hin miklu áhrif háttv. þm. muni afla henni fylgis.

Jeg hefi orðið þess var, að misskilnings hefir um það gætt hjá nokkrum hv. þm., hvort tillaga mín ætti við þetta frv., sem nú liggur fyrir, og skal jeg nú í stuttu máli sýna fram á, að tillagan er formlega rjett og á við þetta frv.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er um breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt. Brtt. mín á við 3. gr. frv., að 1. málsgrein verði orðuð á annan veg og tölunum breytt. Verði hún samþykt, breytist frádrátturinn eftir 13. gr. hinna gildandi laga þannig, að 1000 kr. eru dregnar frá fyrir hvern skattþegn, 2000 kr. fyrir hjón, sem eru samvistum, og 500 kr. fyrir barn hvert. Tillaga mín er því formlega rjett og á við á þessum stað, þó að ýmsir háttv. þm. hafi dregið það í efa.

Það er í sjálfu sjer hárrjett stefna að ná sem mestum tekjum í ríkissjóð með beinum sköttum, og munu flestir á því máli. En menn eru ósammála um skattstigann. Jeg er þeirrar skoðunar, að draga beri frá hæfilega fjárhæð til lífsframfæris. Í tillögu minni hygg jeg farið nokkuð nærri því, að brýnustu lífsnauðsynjar manna sjeu skattfrjálsar. Jeg skal taka til dæmis, að hjón með 3 börn mega draga frá 3500 kr., og ef ætlast er til, að slíkt heimili lifi sómasamlegu lífi, munu víst flestir játa, að ekki geti verið að ræða um mikinn afgang, er leggja beri skatt á. Alþingi hefir þó áður ákveðið að taka skatt af lægri tekjum; eftir núgildandi lögum ætti að draga 1000 kr. frá fyrir hjónin og 300 kr. fyrir hvert barn, eða alls 1900 kr., og koma þá 1600 kr. til

skatts í þessu dæmi. Allir hljóta að sjá, að hjer er gengið of langt. Það er verið að seilast til að taka brauðið frá börnunum, taka af mönnum brýnustu lífsnauðsynjar.

Það hefir heyrst furðu lítið frá þeim, sem svo er ástatt um. Aftur kvarta þeir hástöfum undan skattinum, er mestar tekjurnar hafa, og sjá þó allir, að sanngjarnast er að taka skattinn þar, sem peningarnir eru til. Sjerstaklega álít jeg, að fjárhæðin, sem dregin er frá, verði að vera sómasamleg nú, þegar þess er gætt, hve miklir óbeinir skattar liggja á almenningi. Kaffi- og sykurtollurinn mun t. d. ekki nema svo óverulegu hjá 5 manna fjölskyldu, og ef sú upphæð væri lögð beint á, myndi hún þykja allhá. Væri hins vegar svo komið, að ekki væri mikið um óbeina skatta og tolla, gæti jeg fallist á, að frádrátturinn væri lægri.

Jeg fæ ekki annað skilið en að háttv. þm. sjái, að brtt. mín er rjettmæt, en þeir vilja ef til vill ekki samþykkja hana, af því að þeir óttast, að tekjur ríkissjóðs muni þá minka að mun. Það er að vísu ekki auðið að gera sjer í hugarlund, hve mikið brtt. mín muni rýra tekjur ríkissjóðs. En jeg er í engum vafa um það, að verði brtt. háttv. samþm. míns, 3. þm. Reykv. (JÞ), samþyktar, rýra þær tekjur ríkissjóðs ekki minna, og telur hann sig þó heldur sparnaðarmann.

Háttv. fjhn. hefir ekki getað orðið sammála um frv. stjórnarinnar, en sannast að segja sje jeg ekki svo ýkjamikinn mun á skoðunum meiri og minni hluta nefndarinnar. Skattstigar hvors um sig eru nokkuð svipaðir, en frádrátturinn þó nokkuð mismunandi hjá nefndarhlutunum. Að jeg gerði brtt. fremur við frv. stjórnarinnar en brtt. meiri hlutans kom til af því, að mjer virtist stjórnarfrv. heldur rjettlátara á lægri tekjunum, einkum verði brtt. mín samþykt og 3. málsgrein 3. gr. frv., að tekjur, sem ekki nema 1000 kr. eftir lögákveðinn frádrátt, skuli vera skattfrjálsar. Jeg hefi og að athuga við tillögur meiri hlutans hinar smáu brotatölur í skattstiganum, og vil jeg skjóta því til sparnaðarmannsins, háttv. frsm. (MG), hvort ekki myndi þurfa að fjölga embættismönnum í skattstofunni til að reikna út brotin.

Það mun ekki órjettmætt, sem sagt hefir verið, að Reykjavík hafi orðið hart úti í framkvæmd laganna. Það er satt hjá háttv. frsm. meiri hl. (MG), að sömu lögin gilda um alt land. En er þá sama framkvæmd á þeim alstaðar? Á því veltur alt. (*MG*: Á jeg að vaka yfir því?). Það er sýnilegt, þegar óbreyttur sjómaður í Reykjavík geldur hærri skatt en heill hreppur, sem í eru margir efnamenn. (*MG*: Hvaða hreppur er það?). Jeg skal segja háttv. þm. það síðar.

Þó að meiri og minni hluti hafi deilt um frv. þetta, virðist ágreiningurinn ekki gífurlega mikill, eins og jeg gat um. En þó að nefndarhlutarnir geti ekki orðið sammála um það, sem hefir klofið þá, virðast þeir geta orðið ásáttir um eitt atriði. Þeir þykjast báðir vilja vera miskunnsamir við fátæklinga, og ættu þeir þá að geta tekið höndum saman um mína tillögu. Í henni felst svo mikil rjettarbót, að þeir þurfa ekki að togast á um þessar 999 og 1000 kr., sem svo mikið er um rætt. Jeg vona því, að háttv. þm. verði sammála um að láta tillögu mína ná fram að ganga.

Jón Þorláksson: Þeir hv. nefndarmenn úr meiri hlutanum, háttv. 1. þm. Skagf. (MG) og 1. þm. Reykv. (JakM), hafa báðir rjettilega bent á, að brtt. mínar rjeðu ekki bætur á þeim slæma jöfnu-

sem er á tekjuskattinum á milli Reykjavíkur annars vegar og hins vegar alls landsins utan Reykjavíkur. Þetta er alveg rjett. Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að bera fram tillögur, er til þess þyrfti, við þetta bráðabirgðafrv., er svo mjög þarf að hraða gegnum þingið. Jeg vil með brtt. mínum einungis reyna að afstýra því, sem bæði stjórnarfrv. og brtt. meiri hlutans stofna til, að þessi ójöfnuður verði aukinn frá því, sem nú er. Báðar þessar tillögur fara fram á að lækka skattinn á lægri gjaldendum, en það er unnið upp með því að auka skattinn á hærri gjaldendum, það er að segja að láta Reykjavík eina borga lækkun á öllu landinu. Þetta má ekki svo vera í viðbót við það misrjetti, sem fyrir er og fram er komið. Brtt. mínar afstýra þessu. Jeg mun reyna síðar, þegar frv. um endanlega endurskoðun á lögum þessum kemur fram, að bera fram brtt. í þá átt að koma á rjettu samræmi milli landshlutanna.

Þessir sömu háttv. þm. lýstu því, að ógerningur hefði verið að reikna út, hve mikil áhrif tillaga þeirra um frádrátt sveitarútsvarsins hefði á upphæð skattsins. Það getur verið, að þeir geti ekki reiknað þetta út. Það er ekki lífsstarf þeirra að gera áætlanir. En ef við, sem höfum það fyrir daglega iðju að gera áætlanir, hefðum altaf jafngóðan grundvöll á að byggja og hjer liggur fyrir, þá þættumst við vera vel staddir. Það ætti að vera hægðarleikur að gera áætlun um þetta með þeim gögnum, sem fyrir eru. En vel mætti telja óþarfa að gera nokkurn útreikning um þetta, því að tillagan er svo sjálfsögð. Þó er óviðkunnanlegt að greiða atkvæði um þetta án þess að vita, hvaða fjárhagslegar afleiðingar það hefir fyrir ríkissjóð, þegar auðvelt var að reikna það út. Ef reiknað væri út fyrir Reykjavík eina, er greiðir $^3/_4$ hluta skattsins, ætti að mega sjá nokkurn veginn nákvæmlega útkomuna fyrir landið í heild.

Það, sem skilur milli mín og háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), er í fyrsta lagi það, að hann er meiri meðhaldsmaður beinna skatta en jeg. Er það almenn reynsla, að beinu skattarnir verða erfiðastir, ef nokkru nema. Er það og auðskilið, því þar er skatturinn tekinn af löngu öfluðum tekjum, sem venjulega eru eyddar löngu áður en skattinn á að greiða, en aðrir skattar eru teknir af tekjum manna um leið og þeir eyða þeim.

Er það reynsla annara þjóða, að þær hafa skamt farið í því að hafa beina skatta, enda þótt rjettlátari sjeu.

Háttv. frsm. meiri hlutans (MG) gaf upplýsingar um eitt atriði, sem skýrði það, hvers vegna Reykjavík hefði orðið svo hart úti. Fullur þriðjungur skattsins hefir sem sje verið goldinn af fjelögum — hlutafjelögum. En meiri hlutinn af þessu hefir þá verið tvískattaður, fyrst hjá fjelaginu og síðan hjá hinum einstöku hluthöfum.

En sem vitanlegt er hagar svo til um atvinnurekstur hjer í Reykjavík, að hann er rekinn að talsverðu leyti með hlutafjelögum, og þetta háa skattgjald, sem á Reykjavík kemur, sannar því engan veginn, að afkoman hjer sje það betri, sem mismuninum milli skattsins hjer og í öðrum landshlutum svarar. Ætti upplýsingin um þetta atriði því að verða til varnaðar þess, að þingið gengi lengra inn á þá braut, sem lögð var með skattalögunum 1921.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) nefndi eitt atriði, sem vert er að athuga nánar.

Eftir núgildandi frádráttarreglum verða ekkjur og ekkjumenn harðara úti en vera ber, og vill hann rjetta það með því að

fella burtu persónufrádráttinn. En hjer er rjetta leiðin að taka dönsku skattalögin sjer til fyrirmyndar. Þar er frádrátturinn sá sami fyrir hvern sem framfærir, hvort sem um hjón, ekkil eða einstæðing er að ræða, en svo er annar frádráttur fyrir einhleypt fólk, sem er hálfu lægri.

Mjer þykir leitt, að háttv. samþingismaður minn, 1. þm. Reykv. (JakM) skuli ekki vilja ganga inn á till. mína um, að tekjuskattsupphæðin skuli dregin frá skattskyldu tekjunum áður en þær eru skattlagðar. Þetta er þó alveg sambærilegt því, sem gildir um útsvörin; bæði þessi gjöld eru sambærileg og eru talin með tilkostnaði við atvinnuna hjá öllum þeim atvinnurekendum, sem bókhaldsskyldir eru.

Til þess að sýna fram á, hve tilfinnanleg ósanngirni það er að reikna ekki tekjuskattinn frá, vil jeg skýra það með dæmi: Atvinnufyrirtæki eitt hefir gott ár og fær miklar tekjur, en svo er næsta ár ljelegt, svo að það aðeins nægir til að borga tekjuskatt og útsvar feita ársins, og svo kemur þriðja árið. Þá á samkvæmt núgildandi lögum fyrirtækið að greiða tekjuskatt af tekjum síðastliðins árs (2. ársins), enda þótt tekjur þess árs gengju allar til þess að borga skatta fyrsta ársins. En þrátt fyrir það, þótt fyrirtækið þannig hafi alls engan tekjuafgang, verður það að borga talsverðan tekjuskatt, ef 1. árið hefir verið feitt á pappírnum.

Það er sannköllun neyð fyrir ríkið að þurfa að taka svona ósanngjarnan skatt — skattagjöldin til bæjarsjóðs og ríkis.

Út af ummælum háttv. þm. Ak. (MK) verð jeg að segja það, að það er leiðinlegt að þurfa að þrátta við menn um upphæð talna, sem liggja á borðinu fyrir framan þá, en þá afsökun hefir þó þingmaðurinn, að frádráttarreglurnar eru dálítið mismunandi, og þess vegna hefir samanburðurinn orðið honum ofurefli.

Þessi háttv. þm. sagði, að brtt. mínar hækkuðu tekjuskattinn á lágu tekjunum frá því, sem hann er í stjórnarfrv. Hann gætti þess ekki, að frádrátturinn hjá mjer er 500 kr. meiri á einhleypum og 1000 kr. meiri á hjónum en er í stjórnarfrv. Er því auðsæ villan hjá háttv. þm.

Sannleikurinn er, að eftir mínum till. er skatturinn 5 kr. lægri upp að 9000 kr. hjá giftu fólki heldur en hann er samkvæmt stjórnarfrv., en á einhleypum er hann nokkru hærri samkvæmt mínum till., nema á allra lægstu tekjunum; þar er hann lægri.

Annars er það ekki rjett að bera þessar brtt. saman hverja við aðra, heldur á að bera þær saman við núgildandi skattalög, hverja fyrir sig, og sjá, hvaða breytingum þær valda. — Sjest þá, að mínar tillögur fara fram á lækkun neðan til, en dálitla hækkun ofan til.

Háttv. frsm. minni hlutans (ÞorlG) stje feti framar í sinni röksemdafærslu en góðu hófi gegndi. Hann sagði, að manni með 25000 kr. tekjur væri ljettara að borga 20% af tekjum sínum heldur en manni, sem hefði 2000 kr. tekjur, að borga ekki neitt. Flestir munu líklega álíta, að það ljettasta sje að borga ekkert.

Það er rjett, að jeg hefi tekið að mjer það vanþakkláta verk að taka málstað hinna háu gjaldenda. Hefi jeg áður sagt, hvers vegna jeg gerði það, en skal taka það fram betur nú. Jeg geri það ekki vegna þessara manna sjálfra, því að þótt hæsti skattur yrði af þeim tekinn samkvæmt stjórnarfrv., þá þyrftu þeir þar fyrir ekki að breyta lífnaðarháttum sínum til muna eða neita sjer um neitt sem kallað er. En það er annað atriði, sem mjer gerir — afleið-

ing þessa háa skatts fyrir þjóðfjelagið. Altaf þegar um skattaálögur er að ræða, verður árekstur millum einstaklingann og þjóðfjelagsins.

Einstaklingurinn vill ekki, að skatturinn sje tekinn af eyðslufje sínu, en þjóðfjelagið þarf þess með, að hann sje tekinn af því, en ekki af safnfjenu — fjenu, sem verja skal til rekstrar atvinnuveganna og til aukningar framleiðslunni í landinu. Þessi regla gildir jafnt hvort sem er að ræða um menn með háum tekjum, sem safna einhverju fje, af því að þeir þurfa ekki að eyða öllum tekjum, eða um smælingja, sem safna nokkru, af því að þeir eru sparsamir. Vegna þessa skoðanamismunar verður að gæta hófs í álagningu á þær tekjur manna, er þeir nota ekki sjálfir. En það kalla jeg hóf að taka 10%—17% af því, sem er umfram 10 þús. kr. tekjur, til ríkisins og annað eins til bæjar- og sveitarfjelaga, eins og gert er eftir núgildandi lögum og till. mínum. — En það er ekki hóf, sem stj.frv. fer fram á, að taka 20% og langt þar yfir í ríkissjóð og annað eins í bæjarsjóð; er hjer farið lengra en annarsstaðar. Í öllum ræðum og skrifum um þetta mál hefir ekki verið reynt að færa röksemdir að því, að rjett væri að láta ívilnunina á lægri gjaldendum koma fram í auknum beinum sköttum á þeim hærri. Till. um þetta er haldið fram röksemdalaust. En jeg er á annari skoðun: jeg tel ekki rjett að ná ívilnuninni þarna.

Ef nauðsyn er á því að afla landssjóði meiri tekna, þá er sú ein leið rjett að auka aðflutningsgjald á þeim vörum, er menn geta vel komist af án og ekki heyrir til lífsnauðsynjunum — hinar svo kölluðu óþarfavörur.

Í öllum skattalögum ber sjerstaklega að líta á tvent: Það, að fjeð náist, og að aukaverkanir skattsins, meðan lögin eru ný, sjeu ekki skaðlegar.

Aukaverkanir af því að skattleggja óþarfavarning hátt eru ekki aðrar en þær, að menn spara og innflutningurinn minkar. Þær eru því eingöngu til hollustu, en aukaverkanir hás tekjuskatts verða þær, að menn skjóta sjer undan að greiða hann, að minsta kosti með öllu því móti, sem löglegt er, og einnig að skatturinn tekur of mikið af því fje, sem á og þarf að vera handbært í landinu sem stofnfje og til rekstrar atvinnufyrirtækjanna.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði, að beinu skattarnir hefðu þær aukaverkanir, að þeir hvettu þingið til sparsemi á útgjöldum. Þetta er því aðeins, að skatturinn sje hreyfanlegur. En þessi verkun missist, ef skatturinn er svo lágur á fjöldann, að tilfinnanleiki hans hverfur. Skatturinn kemur þá aðeins niður á fáum mönnum, sem ekki njóta sín að neinu ráði við kosningar til Alþingis. En það munu flestir sammála um, að ekki sje rjett að hafa tekjuskattinn svo háan, að það gefi sjerstakt tilefni til þess, að fátæklingarnir fari að skifta sjer af gerðum Alþingis, en hjer í Reykjavík greiddu síðastliðið ár $^2/_5$ gjaldenda skatt af minna en 1000 kr. En allar till. ganga nú í þá átt að hækka þetta. Jeg vil taka undir það með hv. þm. Ak. (MK), að gott sje að leita til útlanda um fyrirmyndir þegar nýtt er upp tekið, hvort sem leitað er til Dana eða annara þjóða. Hann mintist á skattafyrirkomulagið í Englandi, en sagði þar ekki nema hálfan sannleikann. Það er satt, að frádrátturinn þar er hár, alt upp í 300 sterlingspund, en þar fyrir ofan er skattstiginn ekki hækkandi, heldur jafnmikið tekið af hverju sterlingspundi, hvort sem tekjurnar eru háar eða lágar.

Þá sagði hv. þm. (MK), að í Danmörku

hefði nú síðustu árin ráðið stóreignamannastefna, og því væri þar alt í kaldakoli. Þetta er algerlega rangt. Í byrjun stríðsins varð fyrst bandalag milli jafnaðarmanna og radikala, og rjeðu jafnaðarmenn nær öllu, því að þeir voru liðfleiri. Nú hefir um hríð verið bandalag milli íhaldsmanna og vinstrimanna, og hafa þeir síðastnefndu mestu ráðið, en það er eins og kunnugt er bændaflokkurinn. Þetta er sannleikurinn.

Jakob Möller: Það liggur einna næst við að byrja með því að svara síðasta ræðumanni, hv. samþm. mínum, 3. þm. Reykv. (JP), er hann var að kvarta um, að hann hefði óvinsælt verk með höndum í þessu máli. Jeg er ekki viss um, að svo sje sem hann segir: ef það er rjett, að beinu skattarnir sjeu óvinsælir, þá er það ekki óvinsælt verk, er hann hefir tekist á hendur að lækka þá yfir alla línuna. Hann vjek að því, að ekki mætti auka á það ranglæti, sem ætti sjer stað hjer í Reykjavík. (*JP*: Jeg hefi varast að nota orðið „ranglæti"). Mig gildir nú einu, hvert orðið er, sem notað er, ranglæti eða misrjetti; þýða bæði nokkuð líkt. Þetta misrjetti segir hann að eigi sjer stað, hvort heldur það verði till. meiri hl. eða minni hl., sem fá að ráða. Það er satt, að allhár skattur er lagður á hlutafjelög og stóreignamenn. En þess er að gæta, að fjelögin eru ekki að öllu úr Reykjavík; mikið af hlutafje margra þeirra er fengið utan Reykjavíkur, svo sem t. d. Eimskipafjelags Íslands; einnig er hlutafje togarafjelaganna víða að. Þá er þess líka að gæta, að tekjur þær, sem umrædd fjelög hafa aflað sjer, eru fengnar með tilstyrk fjölda manna úr öðrum landsfjórðungum. Eins er um einstaklingana, þá sem mestar tekjurnar hafa, að viðskifti þeirra og starfræksla er ekki bundin við Reykjavík eina, og kemur því skatturinn niður á fleirum en Reykvíkingum. Jeg stend hjer sem 1. þm. Reykjavíkur og vinn hjer þá líklega miður þakklátt verk, er jeg mæli slíkt. En það má ekki einlægt einblína á kjördæmið.

Það er auðsætt, að leggja verður skattinn aðallega á hærri og hæstu tekjurnar. En skatturinn á þó jafnframt að vera almennur. Þess vegna vil jeg ekki algerlega fella niður skatt af lægri tekjunum. En þar má ekki fara of geyst; því geystara sem farið er yfir höfuð að tala í þessu efni, verður skatturinn óvinsælli, og gæti það jafnvel orðið til þess, að skatturinn yrði afnuminn og eingöngu hafðir tollar.

Það er þó ekki rjett, að uppeldisáhrif skattsins hverfi við það, að aðallega sje lagt á hærri tekjurnar. Þar treysti jeg fyrst og fremst þeim, sem háu skattana borga, til þess að hafa áhrif á almenningsálitið, hvað snertir meðferð þingsins á fjenu. En hinir lægri gjaldendur greiða þá líka skatt, þó minni sje, og hv. samþm. minn sagði rjettilega, að hærri gjaldendurna munaði minna um skattinn, þótt hár væri, og ef svo er, þá er auðsætt, að uppeldisáhrif skattsins verða ekki í hlutfalli við upphæð skattsins.

Um frádrátt tekjuskattsins frá skattskyldum tekjum er jeg, eins og jeg hefi áður tekið fram, algerlega ósammála hv. samþm. mínum. Skatturinn er lagður á hreinar tekjur hvers árs og á að greiðast af tekjum þess árs, sem hann er lagður á. Hann verður ekki talinn með gjöldum fyr en hann er ákveðinn og getur því ekki komið til frádráttar. Tökum til dæmis fyrirtæki, sem gefur í hreinan ágóða 100 þús. kr., að frádregnum öllum rekstrarkostnaði og útgjöldum, nema tekjuskatti. Ef enginn tekjuskattur væri, þá yrði gróði þessa fyrirtækis 100 þús. kr., en ef

tekjuskatt á að leggja á það, þá verður auðvitað að taka hann af þessum 100 þús. krónum, án þess að draga hann fyrst frá. Það að ætla, að það megi draga skattupphæðina frá áður en skatturinn er lagður á, er hreint og beint „absurd". Skattinn skal greiða af tekjum þess árs, sem hann er lagður á, og að sjálfsögðu taka öll atvinnufyrirtæki upp þá reglu að ætla fyrir skattinum á reikningi þess árs, sem hann á við, þó að hann greiðist eftir á. Það er alt öðru máli að gegna um útsvarið, sem ávalt verður greitt áður en tekjuskattur er ákveðinn.

Enn var ein fjarstæðan, sem hv. þm. kom með, að það gæti komið fyrir, að þegar ætti að fara að ætla fyrir skattinum, væri ekkert til að greiða hann með. Um þetta gildir það, sem sami hv. þm. skaut að hv. frsm. minni hl., að það er hættulegt að reiða höggið of hátt og ætla sjer að sanna of mikið. Skatturinn er aðeins hundraðsgjald af hreinum gróða, og því erfitt að sjá, hvernig þetta mætti ske. Hitt er það, að útsvörin geta etið upp allar „hreinar" tekjur manna, eins og þau eru nú lögð á, en þá verður vitanlega heldur ekki um neinn tekjuskatt að ræða. En í framtíðinni ætti þetta þó að verða öðruvísi. Það var í fljótu bragði skoðað snjöll ástæða gegn beinu sköttunum þetta, að skatta bæri aðeins eyðslufjeð, en eigi sparifje eða arðinn af atvinnurekstrinum. Þetta lítur nú glæsilega út, en það getur ekki vel staðist í framkvæmdinni, því þetta hefði þau áhrif, að eyðslufjeð hlyti aðeins að vaxa að sama skapi; dýrtíðin hlyti að vaxa, launakröfur að hækka og rekstrarkostnaður allra fyrirtækja að vaxa. Ef hægt væri að ná tekjum í ríkissjóð með tollum á óþörfum og lítt þörfum varningi eingöngu, væri það mjög gott; en sú er reynslan, að ef tollur fer yfir ákveðið hámark, gefur hann engar tekjur, því þá hætta menn aðeins að kaupa vöruna, þegar hún er orðin of dýr, og engin hætta er á því, að ekki verði eins farið í kringum óbeinu skattana (tollana) eins og þá beinu.

Þá vjek háttv. þm. (JÞ) að því, að nefndin hefði ekki gert áætlun um frádrátt útsvaranna frá tekjunum, og hefi jeg þegar áður sagt, að það yrði ekki gert á ábyggilegan hátt. (*JÞ*: Ekki rjett). Skattar til bæjarsjóðs eru lagðir á eftir efnum og ástæðum, og þó gott sje að hafa sameiginlegan grundvöll undir allri skattaálagningu, er engin trygging fengin fyrir því, að sömu reglur verði hjer eftir látnar gilda í álagningu útsvara og viðhafðar eru við álagning skatts til ríkissjóðs. Og þótt nefndin hefði gert þessa áætlun, hefði hún ætíð orðið vafasöm. (*JÞ*: Hefði samt verið allgóð að hafa í höndum). Væntanlega ekki til annars en villa sjer sýn.

Þá er best, að jeg snúi mjer að háttv. þm. Ak. (MK), samnefndarmanni mínum. Mjer skildist hann vera að gera að gamni sínu, er hann sagði, að meiri hl. nefndarinnar væri að leitast við að lækka skattinn á hærri tekjustigunum, en hækka hann aftur á hinum lægri. (*MK*: Jeg átti við í samanburði við frv. stjórnarinnar). Frv. stjórnarinnar er ekki skattur, og það er enginn tekjuskattur hjer til annar en sá, sem ákveðinn er í lögum frá 1921. Þegar talað er um að lækka eða hækka tekjuskattinn, verður því að miða við þau lög, en ekki einhverjar till., sem fram kunna að koma úr ýmsum áttum. Ef þessi ummæli hv. þm. eru ekki spaug, þá felst í þeim fádæma ósvífni, sem jeg vil þó ekki saka hv. þm. um. Tel jeg víst, að hv. þm. hafi alls ekki verið vitandi vits síns.

og læt jeg því vera að víta hann eins og hann á skilið. (*MK*: Jeg er ekki dauður). Jeg er dauður, en samt alls óhræddur, því málstaður minn er svo góður, að jeg þarf alls ekki að óttast andsvör hv. þm.

Þá bar hann og saman till. meiri hl. við stj.frv., en sá samanburður var algerlega villandi, þar sem hann tók ekki tillit til persónufrádráttarins, og bar þannig saman skatt af 1000 kr. hærri tekjum samkvæmt skattstiga meiri hl. við 1000 kr. lægri tekjur í stj.frv. Hitt er margyfirlýst í umræðunum, að meiri hlutinn sjer ekki ástæðu til að ívilna einhleypu fólki í skatti, en þykir miklu sanngjarnara að hlífa heldur fátækum fjölskyldum. Þó var skringilegast að heyra hv. þm. tala um till. hv. 2. þm. Reykv. (JB) og segja hana vera ef til vill hið sanngjarnasta, er fram hefði komið í málinu. Þá er hann kominn í hring. Ef það er sanngjarnt að hafa frádráttinn þúsund kr. fyrir manninn, eins og hv. 2. þm. Reykv. vill vera láta, þá er auðsætt, að það er þó skárra að hafa hann 500 kr., eins og meiri hl. vill, heldur en alls ekkert, eins og hv. þm. Ak. leggur til.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) segir, að draga verði frá eftir þörfum fjölskyldunnar. Það er einmitt þetta, sem óbeinlínis er gert í till. meiri hl. Jeg verð að halda því fram, að samkvæmt till. meiri hl. verði yfirleitt allur þorri verkamannafjölskyldna í landinu skattfrjáls. Það er talið, að alment verkamannakaup hjer í bænum sje 2500 kr. um árið, og verður þá fjölskylda með 3 börn alveg skattfrjáls, en þó að börnin sjeu 2 eða 1, verður skatturinn alveg hverfandi. Jeg er sannfærður um, að menn kynoka sjer yfir höfuð ekki við að borga 4—5 kr. skatt, þótt lágar tekjur hafi; nema það eigi að fara að ala upp í fólki algert ábyrgðarleysi í fjármálum. Jeg held því staðfastlega fram, að eins og skatturinn er á lægstu tekjunum, hefir hann engin áhrif á afkomu manna. Hv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (JB) sagði, að lítill munur væri á till. meiri og minni hl., og er það síst fjarri lagi nú, er hv. þm. Ak. (MK) hefir fallist á, að útsvörin megi draga frá tekjunum. En ekki veit jeg með vissu, hvort hann er í því efni í samræmi við skoðun hv. frsm. minni hl. (ÞorlG). En sje svo, þá skil jeg ekki til hlítar framkomu minni hl. og þessa samþm. míns í þessu máli. Hvað hv. frsm. minni hl. viðvíkur, þarf jeg vart að svara honum, enda alllangt síðan hann talaði og ræða hans tremur lítilsverð. Hann gat vitanlega ekki hrakið dæmi þau, er jeg hafði tekið, en sagði aðeins, að það væru ekki nema einstök dæmi. En hv. frsm. minni hl. hefir engin dæmi fram að færa, er sýni það gagnstæða, en jeg gæti hins vegar haldið áfram að lesa upp dæmi svo að segja ótakmarkað, ef fyrir því væri hafandi. Sama er um hv. þm. Ak. (MK); hvorugur þessara hv. þm. hafði nokkurt dæmi á reiðum höndum, er gætu ósannað mál mitt.

Hvað viðvíkur ræðu hæstv. fjármálaráðherra (MagnJ), þá sje jeg ekki ástæðu til langra andmæla. Hann var að tala um frádráttinn á útsvarinu og spurði, hvers vegna ekki ætti þá að draga öll útgjöld frá líka. Nú er það svo, að það liggur í augum opið, að öðruvísi stendur á með útsvör og önnur útgjöld, sem ganga til persónulegra þarfa. En hvers vegna er heimiladur frádráttur á öðrum gjöldum til sveitar- og ríkissjóðs, svo sem fasteignasköttum? Hver munur er í raun og veru á útsvarinu og öðrum gjöldum til sveitarsjóðs? Það skiftir engu máli, hvernig útsvarið væri reiknað út. Þó að

munur sje á því hjer og í Danmörku, þá er sá munur þannig, að því meiri ástæða er til að leyfa frádrátt hjer en þar. Og þó að einhverjir, sem ekkert útsvar gjalda, „hafi ekki ánægju“ af þeirri heimild, þá geri jeg ráð fyrir því, að hinir verði miklu fleiri, sem þá ánægju hafa.

Þá kom það fram í ræðu hæstv. ráðherra, eins og jeg bjóst við, að minni hl. nefndarinnar hafði skýrt rangt frá því, hvers vegna minni tekjur en 1000 kr. voru látnar vera skattfrjálsar í stj.frv. Það kom upp úr kafinu, að ákvæðið var ekki sett inn í frv. til að ljetta á lægstu gjaldendunum, heldur vegna þess, að ekki borgaði sig að innheimta svo lágar upphæðir. Hann gaf raunar líka í skyn, að fyrir stjórninni hefði vakað einhver umhyggja fyrir ekkjum, en þeirra hag má hæglega sjá borgið með því að ákveða sama frádrátt fyrir alla framfærendur, ef ekki er unt að nota heimild þá í tekjuskattslögum þessum, sem heimilar uppgjöf skatts eða ívilnun, ef um sjerstaklega erfiðar kringumstæður er að ræða. Mætti þá færa sjer þetta í nyt.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 9. mars, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 13, n. 52 og 53, 54, 67, 73).

Magnús Kristjánsson: Jeg minnist þess ekki, að jeg hafi beðið um orðið, þó að jeg hins vegar ætti ekki að skorast undan að mæla enn nokkur orð í máli þessu. En þar sem jeg þykist vita, að margir muni enn taka til máls, þá væri mjer kærara að geta talað nokkru síðar, til þess að geta svarað fleirum í einu, ef ástæða verður til þess.

Jón Baldvinsson: Það mun hafa verið jeg, sem bað um orðið í gær, og hefir þetta skolast til í minni hæstv. forseta. En jeg get raunar verið stuttorður, þar sem engin veruleg mótmæli hafa komið gegn breytingartillögu minni, nema þá helst frá hv. 1. þm. Reykv. (JakM). En fyrst vildi jeg leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að einu eða tveimur atriðum í ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann var að tala um, að hinir hærri gjaldendur hefðu eigi nú, síðan kosningarrjetturinn er orðinn svo almennur, tækifæri til að hafa eins mikil áhrif á löggjöfina sem hinir lægri. En hvernig er farið að því að afla skoðunum flokkanna fylgis? Eru það ekki einmitt efnamennirnir, sem hafa best tök á þessu? Þeir hafa ráð á að gefa út og halda uppi blöðum til þess að útbreiða skoðanir sínar. Og þetta gera þeir líka. Hjer á landi halda þeir úti stóru blaði eins og Morgunblaðinu, og mörgum fleiri blöðum, til að afla sjer fylgis. Þetta er því nokkuð vafasamt atriði hjá háttv. 3. þm. Reykv., að þessir menn fái ekki notið sín eða haft áhrif á löggjöfina, þótt kosningarrjetturinn sje almennur. Þá var það enn annað atriði í ræðu þessa háttv. samþm. míns, er hann var að tala um flokkana í Danmörku. Vinstrimenn og jafnaðarmenn hefðu verið sterkustu flokkarnir, og þeir gætu saman komið fram þeim málum, sem þeir vildu. En þess er að gæta, að allir flokkar, svo sem flokkur stórbænda, sem er vinstrimenn, flokkur íhaldsmanna og „radikala,“ mundu sameinast gegn socialistum, ef hækka skyldi skattinn á hærri tekjunum. Að vísu varð fyrir tilstilli socialista og „radikala“ tekinn allhár skattur af stríðsgróða snemma á stríðsárunum. Hjer kom of seint til þess, enda heyrðist mjer urgur koma allmikill í stóreignamenn hjer, er á það var minst

á Alþingi 1917, og það er víst, að þá höfðu stóreignamennirnir hjer þau áhrif, að stríðs- og gróðaskatturinn varð miklu lægri en vera hefði átt.

Jeg vil þá næst víkja að því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði um skattinn, fyrst og fremst almennt og síðan í sambandi við mína brtt. Hann hjelt því fram, að ef frv. meiri hl. næði fram að ganga, þá mundi allur fjöldi fjölskyldumanna sleppa við skatt. En ef svo er, þá verð jeg að álíta, að þetta komi illa heim við kenningu hans um uppeldisáhrifin, sem hann var að fjölyrða um, að skattgreiðslan ætti að hafa á menn. En jeg vil spyrja: Heldur hann, að t. d. fimm manna fjölskylda hjer í Reykjavík geti komist sómasamlega af með 2500 kr. árstekjur, að hún geti af þessari upphæð haft viðunanlegt fæði, húsnæði, klæði o. s. frv.? Jeg býst við, að fleiri en jeg komist við nánari athugun að raun um það, að svo verður ekki. Það verður því í alla staði að telja ranglátt að gera mönnum að greiða skatt af þeim tekjum, sem ekki nægja einu sinni fyrir lífsviðurværi. Og brtt. mín fer einmitt þá rjettu leið, að undanþiggja skatti þær tekjur, sem nauðsynlega þarf til lífsviðurværis. Þá fyltist háttv. þm. (JakM) miklum móði út af þeim mönnum, sem að hans áliti væru að ala upp ábyrgðarleysi hjá mönnum í fjármálum. En slíkt verður nú að fyrirgefa öðrum eins varfærnis- og sparnaðarpostula eins og háttv. þm. (JakM), þótt jeg hefði tekið slíkt óstint upp, ef einhver eyðslubelgurinn hefði átt í hlut.

Við endurskoðun tekjuskattslaganna, er vel getur farið fram á þessu þingi, má vel taka það til greina, sem bent hefir verið á, sem sje það, að hafa frádráttarfjárhæðina hærri við sjávarsíðuna heldur en í sveitum, þar sem viðurværið er ódýrara. Jeg sje eigi, að frekari breytingar á lögunum, eins og stendur í nefndaráliti meiri hl., mundu valda meiri rjettarruglingi heldur en t. d. hækkun og lækkun skattstigans, sem teljast verður aðalatriðið í þessu máli, og alt snýst um í raun rjettri. Rjettaróvissan er því engu meiri, þótt breytingar sjeu gerðar á fleiru í lögunum.

Annars komu engin veruleg andmæli fram gegn brtt. minni. Enda verður ekki með nokkurri sanngirni heimtaður skattur af þurftartekjunum, sjerstaklega þegar hinir óbeinu skattar eru jafnháir og enn þá er.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Það er ekki nema fátt eitt, sem jeg þarf að taka fram að þessu sinni, því að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir þegar svarað vel og rækilega þeim árásum, sem gerðar hafa verið á till. meiri hl. En það atriði í ræðu hæstv. fjrh. (MagnJ), þar sem hann var að tala um, að ekkjur yrðu hart úti eftir gildandi lögum, vildi jeg fara fáum orðum um, því að hann gat aðeins komist að þessari niðurstöðu með því að ganga út frá, að maðurinn legði ekkert í búið, og þá verður ekki annað sjeð en það sje fjárhagslegur ljettir að því, að hann fjelli frá, og þá er ekki von, að skatturinn minki. Hann talaði líka um, að hægt væri að jafna misrjettið milli einhleyps fólks og fjölskyldna með aukaútsvari. En jeg vil benda á, að lagabreytingar mun þurfa við til þess, og býst enda við, að sú lagabreyting mundi eiga erfitt uppdráttar, ef t. d. aukaútsvar ætti að vera helmingi hærra á einhleypu fólki í sveitum en annarsstaðar. Slík löggjöf mundi þykja ædikynleg. Hann gat þess, að aukaútsvar væri lagt á eftir öðrum mæli-

kvarða en skatturinn. Það er rjett í sveitum; en með því eyðilagði hann raun rjettri fyrir sjer það, sem hann áður hafði látið um mælt.

En benda má á, að hjer í Reykjavík er gert ráð fyrir, að líkum reglum verði fylgt um álagning tekjuskattsins og útsvarsins.

Þá sný jeg mjer að lokum með örfáum orðum að hv. frsm. minni hl. (ÞorlG). Hann var að biðja mig að vísa til sín þessu ódýra fólki, sem jeg hafði talað um. Þótt jeg hafi raunar enga ráðningaskrifstofu, er ekki nema velkomið, að jeg geri þetta, ef fyrir mjer verður eitthvað af slíku fólki. Og þá ætlar hann aftur á móti að ábyrgjast hverri vinnukonu 1000 kr. árstekjur og þar yfir, svo að hún verði skattskyld. Fleira þykir mjer ekki nauðsyn til bera að fara út í að sinni.

Mjer kemur það einnig nokkuð spanskt fyrir, þegar hv. 2. þm. Reykv. (JB) er að berjast á móti beinum sköttum. (*JB*: Nei). Jú, háttv. þm. er í rauninni að því og engu öðru, þar sem hann vill koma sem flestum undan skattinum með hækkun frádráttarins. En jeg veit ekki betur en að það sje á stefnuskrá flokks hans að auka beinu skattana. Sami háttv. þm. (JB) sagði einnig, að aðalatriði þessa máls væri skattstiginn og það væru breytingarnar á honum, sem ruglað gætu rjettarmeðvitund almennings í þessum efnum. En þetta er alveg rangt. Enginn maður leggur skattstigann á minnið, eða breytingar á honum, en önnur helstu atriði laganna, sem til grundvallar liggja, leggja margir á minnið, og þess vegna er hættara við því, að breytingar á þeim geti ruglað rjettarmeðvitundina, eins og bent er á áliti meiri hl. Viðvíkjandi breytingum á þessum lögum yfirleitt vil jeg aðeins taka það fram, að sjálfsagt virðist og heppilegast, að þeir sjeu þar spurðir ráða, sem mest hafa fengist við framkvæmd laganna. Jeg get þessa hjer líka af því, að skattstjórinn í Reykjavík, sem sjálfsagt er þessu kunnugastur, hefir nú ekki verið spurður ráða, og ýmsar breytingar, sem hann mun telja nauðsynlegar, hafa ekki komið fram í stj.frv.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það eru aðeins tvö atriði hjá háttv. frsm. meiri hlutans (MG), sem jeg vildi leiðrjetta, þar sem um hugsunarvillur var að ræða. Hann var að reyna að bera í bætifláka fyrir ákvæði laganna um ekkjurnar, sem eru meiningarlaus, og munu heldur ekki komin inn í lögin af ásettu ráði, heldur af hugsunarleysi. En samanburður um þessi efni á auðvitað að gerast við núgildandi lög, en ekki eins og háttv. frsm. gerði. Annað atriðið var það, að hann sagði, að lagabreytingar þyrfti til þess að taka tillit til sjerstakra ástæðna í sveitum og bæjum og láta það koma til greina í aukaútsvörunum. En hjer þarf enga lagabreytingu, og þeim, sem jafna niður, er í sjálfsvald sett, hvað þeir fara langt niður. (*MG*: Mjer er svarað öðru en því, sem jeg sagði).

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg verð að tala aftur, til þess að bera ofurlítið af mjer það, sem ranglega hefir verið á mig borið. Hv. þm. Ísaf. (JAJ) sagði, að jeg hefði sagt, að allir hefðu 1000 kr. tekjur eða meira. En það sagði jeg ekki, heldur hitt, að allir, sem á annað borð vinna fyrir sjer, hefðu þetta, en hinir væru í rauninni ómagar að nokkru leyti, og þess vegna ekki ástæða til að skattleggja þá. Annars var aðalatriðið í mótmælum mínum í fyrri ræðunni fólgið í því, að jeg sýndi fram á það skýrt og greinilega,

að ríkissjóðurinn gæti ekki þolað það að missa svo miklar tekjur, sem óhjákvæmilega yrði afleiðingin af till. hv. meiri hluta. Það var þess vegna algerður óþarfi af háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) að vera að snúa út úr þessum orðum mínum. Hann sagði einnig, að jeg hefði ekki komið með eitt einasta dæmi mínu máli til sönnunar. En þetta er ósatt; jeg kom með dæmi þá, og jeg skal koma með dæmi nú í viðbót. Maður, sem hefir 25 þús. kr. tekjur, á eftir till. stjórnarinnar að greiða 2670 kr., en ef útsvarið er dregið frá, sem ætla má honum, þarf hann aðeins að borga 1960 kr. Og ef svona verður um marga, er bersýnilegt, að ríkissjóð verður ekki lengi að muna alltilfinnanlega um þetta.

Annars nenni jeg ekki að vera að eltast við alla útúrsnúninga háttv. þingmanna, sem þeir hafa verið að reyna að gera á fyrri ræðu minni og þeim staðreyndum, sem þar voru bornar fram. Jeg get þó ekki stillt mig um að svara háttv. 3. þm. Reykv. (JP), sem reyndi vísvitandi að snúa út úr því, sem jeg sagði, með því að hann sagði, að það gæti aldrei verið rjett, að sá ætti erfiðara, sem hefir 2000 kr. tekjur og borgar ekki skatt, heldur en sá, sem hefði t. d. 25000 kr. tekjur og yrði því að borga nokkurn skatt. En þetta er útúrsnúningur einn, sem ekki getur orðið til þess að bjarga málstað hans nje rýra minn að nokkru leyti, því þó segja megi, að hjer geri sá ríki það, sem hinn gerir ekki, þá verður því ekki neitað, að það eru erfiðari kjör t. d. fátæks barnamanns, sem ekki er skattskyldur, heldur en auðmanns, þótt hann verði að gjalda eitthvað til almennra þarfa. Og hvað svo sem um þetta verður til eða frá, þá hefi jeg ekki viljað annað í þessu máli en það, sem jeg hefi haldið að verða mundi fyrir bestu, og hvort sem till. mínar og rök verða nokkurs metin eða ekki, þá er jeg glaður yfir því að hafa varið rjettan málstað.

Ingólfur Bjarnarson: Það er aðeins eitt atriði, sem jeg vildi athuga stuttlega í þessu máli, sem sje um persónufrádráttinn. Hv. meiri hl. fjárhagsnefndar telur heppilegt að halda þeim ákvæðum, sem þar að lúta, í gildandi skattalögum, og háttv. 2. þm. Reykv. (JB) vill hækka þann frádrátt um helming. Hafa verið dregin fram ýms dæmi, sem hafa átt að sýna það, að þessi frádráttur kæmi einkum til góða lægstu skattgreiðendunum. En þetta tel jeg villandi, því það er bersýnilegt, að þessi frádráttur kemur einmitt mest til góða hæstu gjaldendunum, vegna hundraðsgjaldsins, sem getur orðið 60-falt á hæstu skattgreiðendunum móts við þá lægstu, miðað við skattstiga stjórnarfrv. Má nefna sem dæmi, að á manni, sem hefir 25 þús. kr. tekjur, nemur skattlækkunin vegna 1000 kr. persónufrádráttar, og miðað við stjfrv. 190 kr., en aðeins kr. 7,50 hjá skattgreiðanda, sem hefir 2500 kr. Það er því auðsjeð, að persónufrádrátturinn hefir stórmikla þýðingu til lækkunar skattinum. (*JakM*: Skattstiginn tekur tillit til þessa frádráttar). Að nokkru leyti máske. En þegar litið er til þess, að breytingar hæstv. stjórnar á skattalögunum eru aðallega fram komnar til þess að ljetta skattinum af lægstu gjaldendunum, og hækka hann frekar á þeim hæstu, og þar sem mjer skilst, að flestir, sem tekið hafa til máls, fallist á þá stefnu, tel jeg niðurfelling persónufrádráttarins í stj.frv. rjettræta og heppilega.

Magnús Kristjánsson: Hv. frsm. minnihlutans (ÞorlG) og háttv. 2. þm. Reykv.

(JB) hafa að ýmsu leyti tekið af mjer ómakið að svara ýmsu því, sem jeg hafði annars ætlað mjer. Jeg skal því aðeins hverfa lítillega að því, sem frá var horfið í gær, þar sem háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) og háttv. 3. þm. sama kjördæmis (JP) vildu bera mjer það á brýn, að reikningsskekkjur hefðu átt sjer stað í samanburði mínum á skattstigunum. Jeg hefi ekki getað fundið þessar villur, og skal því nú sýna fram á það í annað sinn, að jeg hafði rjett að mæla, ef það mætti verða til þess að koma þessum hv. þingmönnum inn á rjetta braut. Þar sem jeg hjelt því fram um till. á þskj. 67, að hún færi beinlínis í þá átt að lækka skatt á hærri skattgreiðendum, þá er þetta sem augljóst, að jafnvel háttv. flm. sjálfur mun ekki reyna til að mótmæla því. Jeg skal aðeins benda á eitt dæmi. Eftir till. hans á að greiða 21185 kr. af 150 þús. kr. tekjum, en 35500 kr. eftir skattstiga stj.frv. (*JP*: En hver er skatturinn nú?). Þetta er spurning alveg út á þekju og kemur málinu ekki við, því hjer er aðeins að ræða um samanburð á þeim till., sem nú eru fram komnar og nú liggja fyrir. Þá skal jeg næst snúa mjer að því, að sagt var, að jeg hefði ekki tekið tillit til lögleyfðs frádráttar í fyrri samanburði mínum. Þetta er alveg rangt, og sennilega borið fram móti betri vitund. Þó að það sje leiðinlegt að þurfa að endurtaka það, sem áður er sannað, verð jeg þó að gera það nú. Af 3000 kr. í stj.frv. á að greiða 20 kr., en eftir till. meiri hl., að frádregnum frádrætti, 24 kr.; af 4000 kr. í stj.frv. á að greiða 40 kr., en eftir till. meiri hl. 49 kr.; af 5000 kr. 70 kr. eftir stj.frv. en 82 eftir till. meiri hl.; af 6000 kr. 110 kr. eftir stj.frv., en 124 kr. eftir till. meiri hl.; og skal jeg ekki þreyta hv. deild á lengri lestri í þessa átt, þótt jeg hafi skrifað upp miklu meira, sem alt fer í sömu átt. (*JakM*: En samanburðurinn í gær er alveg sama vitleysan fyrir þessu). Þetta fer alveg í sömu átt, þangað til kemur upp í 50 þús. kr., þá snýst blaðið alveg við; þá fer að lækka á hæstu gjaldendunum. Þetta er stefnan, svo fögur sem hún er. Annars mótmæli jeg öllum gífuryrðum og framítökum háttv. 1. þm. Reykvíkinga (JakM), því þetta, sem jeg segi, er alt rjett. (*JakM*: Það er tóm vitleysa). Jeg veit ekki, hvað það er, sem þessi hv. þm. ekki leyfir sjer hjer í deildinni, því þetta athæfi er blátt áfram ekki sæmilegt, að neita svo talandi tölum, sem jeg hefi hjer borið fram. En það er sorglegt til þess að vita, ef þingmaðurinn er kominn á það siðferðisstig, að hann finnur ekki til þess, hversu ósæmilega hann hegðar sjer. Slíkt getur varla komið fyrir annan en þann, sem varið hefir mestum hluta æfi sinnar til þess að fara með blekkingar í ræðu og riti.

Jafnvel þótt ástæða hefði verið til að viðhafa sterkari orð um framkomu þessa þingmanns, læt jeg þetta nægja að þessu sinni.

Jakob Möller: Hv. þm. Ak. (MK) ljet sjer þau orð um munn fara, að jeg hefði varið mestum hluta æfi minnar til að blekkja aðra menn bæði í ræðu og riti. Jeg býst við, að augnagotur þær, sem fylgdu þessum ummælum háttv. þm. hafi stafað af slæmri samvisku og óttanum við það, að þeim, er á heyrðu, kynni að finnast hann vera hjer að eigna öðrum sína eigin kosti. Því verður heldur ekki neitað, að háttv. þm. sýndi mjög heiðarlega viðleitni í þessa átt í ræðu sinni áðan. Hitt er annað mál, að tilraunin brást, eins og svo oft áður, enda var hún undarlega ófimleg af manni, sem hefir þó fengið slíka æfingu. Yfirklór hans hjer

var svo gagnsætt, að það er í rauninni engin þörf að benda á það. Því auðvitað er samanburður hans í gær jafnvitlaus fyrir því, þótt hann geri annan í dag. Jeg skal viðurkenna það, að samanburður hans í dag er skárri. En hverju eru þær framfarir háttv. þm. að þakka? Því, að jeg setti ofan í við hann í gær og sýndi fram á, hve ósvífinn sá samanburður var. Jeg endurtek það, „ósvífinn", því þótt slík blekkingartilraun þýði lítið við hv. deildarmenn, þá er það ósvífni að ætla sjer þannig að blekkja áheyrendurna, sem ekki hafa nein skjöl eða skilríki til að sjá af, hvað rjett er og rangt í þessu máli.

Það er að vísu ýmislegt í ræðum sumra háttv. þm., sem jeg hefði viljað gera athugasemd við og leiðrjetta, en þar sem umræður hafa nú staðið svo lengi, en jeg hins vegar dauður, þá get jeg vel látið mjer lynda að sleppa þeim.

Magnús Kristjánsson: Það er grunsamt, hve fljótur háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) var að tileinka sjer þetta, sem jeg sagði áðan. Jeg fór þó aldrei lengra en að segja, að mjer þætti sorglegt, ef háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) væri kominn á það stig, sem jeg gat um. Og það virðist svo, sem jeg hafi ekkert látið þar ofmælt, því háttv. þm. staðfesti þegar í stað, að svo sorglega væri ástatt um hann með því að taka orð mín til sín. (*JakM*: Jeg staðfesti þau ekki. Jeg mótmælti þeim).

Það, að háttv. þm. sagði, að jeg hefði í dag komið með alt annan samanburð en í gær, sannar aðeins þá spá mína, að hann muni halda áfram sama blekkingaleiknum.

Jón Auðunn Jónsson: Það er auðsætt sem fyr, að háttv. minni hluti nefndarinnar miðar jafnan við einhleypa menn, en ekki við kvænta, og mátti bert sjá það af ræðu háttv. þm. Ak. (MK). Jeg verð þó sem áður að halda því fram, að fjölskyldumenn verði ljettara úti í skattgjaldinu samkvæmt till. okkar meiri hluta manna. Í kaupstöðum þurfa þeir, sem kvæntir eru og hafa 3 börn, engan skatt að borga, ef tekjur þeirra fara ekki fram úr 2500 kr. Um einhleypa menn er öðru máli að gegna. Þeir þola betur að taka nærri sjer og borga, þótt af lágum launum sje.

Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir þegar leiðrjett þann misskilning, sem kom fram hjá háttv. 1. þm. S.-Þ. (IngB). Jeg vil þó aðeins bæta því við, að hafi sá hv. þm. bara reiknað persónufrádráttinn, þá eru tölur þær, er hann fjekk út, alt of háar. Það hlýtur því að vera þar um reikningsskekkju að ræða.

Jeg þarf ekki heldur að svara hæstv. fjrh. (MagnJ), því það hafa aðrir gert. Hann ljet í ljós, að ekki myndi tiltækilegt að reikna frá aukaútsvörin, sökum aukins skrifstofukostnaðar hjá skattstofunum. Jeg fæ nú ekki sjeð, að það þyrfti að vera svo mikil aukin vinna. Skattanefndirnar þyrftu ekki annað en skrifa niður tölur úr aukaútsvaraskránum.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði, að það væri að taka brauðið frá börnunum, ef till. meiri hluta nefndarinnar næði fram að ganga. Mig furðar á því, að hv. þm. skuli vaxa svo í augum þær 8 krónur, sem fjölskyldumenn alþýðunnar kæmu að meðallagi til að greiða. Það er þó ekki nema brothluti af þeirri upphæð, sem þeir eftir núgildandi lögum eru til neyddir að gjalda í óbeinan skatt. Gerum ráð fyrir fjölskyldumanninn, sem á 3 börn og hefir 3000 kr. árlegar tekjur. Hann myndi borga 8 kr. í tekjuskatt, en 50—60 kr. í óbeinum sköttum, þótt tóbak og annar slíkur „luxus" sje ekki reiknaður með. Jeg verð því að endurtaka undrun mína yfir því, að

hinum háttv. þm. vaxa þessir beinu skattar svo mjög í augum.

Að lokum gat háttv. frsm. minni hl. (ÞorlG) þess, að ríkissjóður myndi ekki mega við því, að till. meiri hl. verði samþyktar. Mjer þykir þetta dálítið undarlegt, þar sem auðsætt er, að tekju- og eignarskatturinn verður hærri eftir þeim en hann er nú samkvæmt gildandi lögum.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg býst við, að umræðum um þetta mál fari nú að slota, og skal því ekki lengja umr. frekar með því að fara út í smáatriði málsins. Eitt er þó, sem hjer hefir ekki verið neitt minst á, sem jeg vildi vekja athygli háttv. deildarmanna á áður en málið verður afgreitt frá þessari umræðu. Það er, að í þeim umr., sem orðnar eru um málið, hefir ekki komið fram eitt liðsyrði með núgildandi skattstiga. Það virðist svo, sem menn sjeu ákveðnir í að breyta honum, og þá í aðalatriðunum samkvæmt því, sem stj.frv. gerir ráð fyrir. Það hafa að vísu komið fram till., sem bera með sjer aðra stefnu, eins og till. þeirra háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) og háttv. 2. þm. Reykv. (JB), en af auðskildum ástæðum er engin þörf að ræða frekar um þær. Að vísu virðist hv. meiri hl. nefndarinnar helst á því, að einhverju þurfi að breyta í stj.frv., en þegar alt kemur til alls, fallast niðurstöður þeirra að lokum í faðma við það, og aðalmeðmælin, sem tilfærð eru með brtt., eru þau, að þær sjeu nærri því eins góðar og frv. Það er þessi ástríða, sem er að gægjast hjer fram, sem Þjóðverjar kalla „Besserwachen". Það er að finna hjá sjer knýjandi þörf til að gera umbætur á hverju sem er, þótt maður hafi ekkert betra fram að bera.

Jeg skal annars ekki fara út í það að telja upp gallana á till. nefndarinnar, en aðeins benda á þann höfuðgalla, að þær gera skattstigann miklu margbrotnari en þörf er á og auka útreikninga og aðra skrifstofuvinnu. (*JAJ*: Skrifstofumennirnir í skattstofunni kunna að reikna). Já, en þeir þurfa tíma til þess eins og aðrir. Skattanefndamennirnir hafa mikið starf með höndum fyrir litla borgun, og tel jeg ekki neina ástæðu til að bæta á það — að minsta kosti ekki núna, þegar þeir hafa ekki nema vikutíma til að taka afstöðu til þeirra breytinga, sem nú verða gerðar. Að þetta geri aukinn starfsmannafjölda hjer í Reykjavík, er augljóst. Og er undarlegt að láta það fara saman með að skera niður sum þau embætti, sem mörgum er sárt um. (*JakM*: Til hvers á að auka manni í skattstofuna?). Til þess að reikna og annast önnur skrifstofustörf, sem leiðir af hagsýni hv. meiri hl. nefndarinnar. (*JakM*: Þvættingur). Það mun sannast, að þetta reiknar sig ekki sjálft frekar en annað. Fyrir utan aukinn reikning leiðir þetta af sjer aukin brjefaskifti og annað umstang. Jeg skyldi alls ekki vera á móti þeim aukakostnaði, ef lögin yrðu rjettlátari með því móti. En jeg er mótfallinn þessum breytingum, úr því ekkert vinst við þær nema aukinn kostnaður. Allur ábatinn er aukin skriffinska, en af henni höfum við nóg fyrir. Jeg ræð því til, að við höfum þessi lög sem einföldust og eins fljót til vinnu og unt er.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Það er undarleg aðferð hjá hæstv. fjrh. (MagnJ) að koma nú fyrst fram með spánnýjar athugasemdir í málinu, þegar hann bjóst við, að allir væru búnir að

tala sig dauða. Jeg var svo hyggginn, sem betur fer, að geyma mjer rjett til að svara semda, og mun jeg nú nota hann. Hæstv. ráðherra sagði, að ekkert hefði verið gert til að mæla bót þessum skattalögum, sem nú gilda. Það virðist svo, sem hann hafi ekki fylgst allskostar vel með umræðum. Og þeim hefir verið lagt liðsyrði úr ýmsa stöðum en hjer í deildinni. Ef hæstv. ráðherra vildi blaða í þingmálafundag. um víðsvegar um landið, þá myndi hann fá að sjá það, að þorri landsmanna er eindregið með þeim.

Að því er snertir hina átakanlegu lýsingu hæstv. ráðherra á öllum þeim úreikningi og aukinni skriffinsku, er leiddi af till. nefndarinnar, þá vil jeg benda hæstv. ráðherra á það, að allir, sem í skattstofunni eru, munu kunna tegabrot og reikna með þeim fullum fetum, jafnfljótt og með heilum tölum. Að bæta þurfi við mönnum vegna skattstigans er því hrein fjarstæða, sem ekki er svaravert. Og hvað öll brjefaskiftin snertir, þá er þar um hreina blekking að ræða. Hver gjaldandi verður vitaskuld að skýra frá aukaútsvari sínu: það er alt og sumt.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf. (MG.), sem hægt er að taka alvarlega, og þar virðist hann nauðsynlega þurfa upplýsinga við. Það voru aukaútsvörin. Veit hv. þm virkilega ekki, að framtölin eru nú fyrir löngu gengin um garð? Eða ætlast hann til, að komið verði við nýjum framtölum á þessari einu viku, sem eftir er? — Já, þau yrðu þá að ganga fljótar vinnubrögðin en var í hans tíð. (*MG*: Ný blekking).

Hitt. sem háttv. þm. sagði, var bara út í loftið og ekki svaravert.

ATKVGR.

Brtt. 54,1, samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MP, PO, PP, SSt, StSt, ÞórJ, BJ, BH, HK, JakM, JAJ, JS, JP, MG.

nei: MK, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, EE, GunnS, IngB, JB, LH, BSv.

Tveir þm., EP og ÓP, fjarstaddir.

Brtt. 67,1, felld með 15:2 atkv.

— — 54,2, felld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MP, PO, StSt, ÞórJ, BJ, BH, HK, JakM, JAJ, JS, MG.

nei: PP, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, EE, GunnS, IngB, JB, JP, LH, MJ, MK, BSv.

Tveir þm., EP og ÓP, fjarstaddir.

2. gr., verður 1. gr., samþ. með 14:12 atkv.

Brtt. 67,2 felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, HK, JAJ, JB, JS, JP, MJ, PO, BJ, BSv.

nei: EE, GunnS, IngB, JakM, LH, MG, MK, MP, PP, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ.

Tveir þm., EP og ÓP, fjarstaddir.

Brtt. 54,3 3 nýjar gr., sem verða 2., 3. og 4. gr., samþ. með 14:9 atkv.

73 sjálffallin.

52,1 a og b sjálffallin.

— 54,4 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 15:2 atkv.

— 52,2 felld með 14:9 atkv.

Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12 mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 92, 121).

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Við atkvæðagreiðslu um þetta mál við 2. umr. fór svo, að samþyktar voru allar till., sem miðuðu að því að lækka skattinn. Afleiðingin af þessu er sú, að með frv., eins og það er nú, er gengið lengra en nokkur úr nefndinni hafði hugsað sjer. Mun láta nærri, að eftir þessu minki skatturinn, miðað við 1921, um 400—500 þús. kr. En þetta var ekki tilætlunin, hvorki hjá meiri nje minni hluta nefndarinnar, og þess vegna hefir meiri hl. búið til nýjan skattstiga, og er hann svipaður þeim, sem ofan á varð við 2. umræðu, en þó farið nokkuð beggja bil, þannig að meiri hlutinn heldur því enn fram, að sleppa ekki skatti af tekjum undir 1000 kr. En aðalágreiningurinn í nefndinni var um það. En þar sem nú er nokkurt tillit tekið til beggja, má ætla, að báðir nefndarhlutar geti nú orðið á eitt sáttir. Ef þessi nýi skattstigi er borinn saman við núgildandi skatt, mundi hann valda nokkurri hækkun í Reykjavík, um 30 þús. kr., en þar við athugast, að þá er ekki reiknaður með frádráttur á aukaútsvörum og barnafrádráttur. Yfirleitt geri jeg ráð fyrir, að skattur á landinu mundi lækka um alt að 100 þús. kr., þótt ekkert verði um það fullyrt og ómögulegt sje að reikna það út nákvæmlega.

Annars skal jeg ekki innleiða neinar kappræður um málið. Jeg skal aðeins geta þess um skattstigann, að þar er um að ræða lækkun á skattinum upp að 13 þús. kr., og hana mikla á lægstu tekjunum, en síðan litla lækkun upp undir 20 þús., og þar á eftir er töluverð hækkun, enda ber þar mest á frádrætti þeim, sem aukaútsvörin valda.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg skal heldur ekki verða til þess, fremur en hv. frsm. meiri hl. (MG), að innleiða kappræður um málið. Jeg vil aðeins taka það fram, að eins og nú er komið, virðist mjer heppilegast og sjálfsagðast, að málið verði afgreitt út úr deildinni eins og það fór frá 2. umr. Þjóðinni finnast skattarnir nú of þungir, og það eru þeir að ýmsu leyti, og til þess verður að taka tillit. En þrátt fyrir það, þótt mjer finnist, vegna hagsmuna ríkissjóðsins, að nú sje í bráðina langt gengið, þar sem draga má frá aukaútsvörin, þá verður því ekki neitað, að frv. fer í rjetta átt til frambúðar. Að vísu er þetta vont fyrir ríkið, en ekki má í þessu efni horfa alt of mikið á hagsmuni ríkissjóðs, heldur líka á gjaldþol almennings. Þetta tvent verður að reyna að sameina, og það álít jeg að gert hafi verið af minni hlutanum. Hins vegar skil jeg ekki, hvers vegna hv. meiri hluti hefir verið að koma fram með nýjan skattstiga, nema ef það væri til þess að láta líta svo út, sem hann hafi sigrað, en það hefir hann alls ekki gert. Jeg verð því að vera á þeirri skoðun, að rjett sje að halda sjer við þá niðurstöðu, sem þegar er fengin, og vera ekki að hringla neitt í henni. Jeg vil ekki snúa aftur af rjettri braut, hvort sem mönnum þykir það miður eða vel, og jeg vona, að þessi hv. deild verði á sama máli, og skal því ekki fjölyrða um þetta að sinni.

Jakob Möller: Eiginlega er ekki hægt að svara þessari síðustu ræðu hv. frsm.

minni hl. (ÞorlG.). Hann fór svo rækilega í hring og í kringum sjálfan sig, að lætur verður það ekki gert. Jeg vil því í þessu sambandi aðeins víkja að einu atriði, og það er þetta, hvar og hvernig eigi að vinna upp það, sem ríkissjóður tapar við það, að skatturinn lækkar. Það verður sem sje að vinnast upp með nýjum tollum, og halda menn þá virkilega, að það verði betra eða ljettara fyrir allan almenning en lítilvæg hækkun tekjuskattsins? Það er t. d. sagt, að jafnvel þessi verndari fátæklinganna, sem mun vilja teljast, og síðast talaði, sje fylgjandi allverulegri tollhækkun á vefnaðarvörum. Þessi afstaða minni hlutans nú, að vilja leggjast á móti hinum nýja skattstiga við 3. umr., þó hann sje að mestu sniðinn eftir hans eigin till. við 2. umr., af því að hann sje of hár, en undirbúa jafnframt aðrar hækkanir á tollum, virðist ekki geta stafað af öðru en þráa.

Þórarinn Jónsson: Jeg skal ekki blanda mjer í deilurnar milli meiri og minni hlutans. Jeg vil aðeins gera stutta grein fyrir afstöðu minni, áður en málið fer út úr deildinni, með því að jeg hefi hjer nokkra sjerstöðu. Jeg er sem sje á þeirri skoðun, að ekki eigi að breyta skattalögunum nú. Sú reynsla, sem fengin er á lögunum, er engin reynsla, og ber sjerstaklega tvent til þess. Í fyrstu það, að framkvæmd laganna hefir orðið misbrestasöm, sem stendur til bóta, og í öðru lagi það, að tími sá, sem framkvæmdin er gerð á, er óstöðugur. Jeg játa það, að fult samræmi sje ekki í framkvæmd laganna, hvorki innbyrðis í sveitum landsins nje í sveitum landsins gangvart kaupstöðunum. En það er bein ástæða til þess, og má segja mikil vissa, að þetta lagist bæði úti um land og í kaupstöðum. Og því til sönnunar vil jeg benda á, að þó að yfirskattanefndir sumra hjeraða landsins hafi ekki gerbreytt eða lagfært eins og skyldi [illegible] úr hlutaðeigandi hreppum til þess að færa þau í fult samræmi innbyrðis, þá hafa þær þó sent hverri undirskattanefnd athugasemdir, áminningar og leiðbeiningar, sem allar eiga að verða teknar til greina í framtölunum nú. Eins býst jeg við, að hafi t. d. skattstjórinn hjer í Reykjavík gengið fullhart að með skattframtalið í fyrra vetur, þá hljóti að koma nokkur breyting á það nú, þar sem yfirskattanefnd lækkaði skattinn um fullar 300000 kr. Og það má vænta þess, að áhrifin af þessari niðurfærslu komi nú fram á talsvert víðara sviði. — Hvorttveggja þetta bendir ótvírætt í þá átt, að skattframtalið nú verði betra og í meira samræmi. Sú ástæða, sem þannig hefir komið fram gegn lögunum, verður að teljast ótímabær.

Þá er önnur ástæðan, að tími sá, sem framtalið er framkvæmt á, sje óstöðugur og því órjettmætt að byggja á honum skattstigabreytingu. Því hefir verið haldið fram undir umræðum málsins, að skatturinn væri of hár á lágu tekjunum, en þess hefir aldrei verið minnst, að hann lagfærist sjálfkrafa af breyttu gangverði vinnu og fæðis. Og er nú þegar komin talsverð breyting á þetta frá í fyrra. Það er því alveg auðsætt, að eftir því, sem nú liggur fyrir, falla fjölda margir, lausafólk og vinnufólk, undan skatti, jafnframt því sem skatturinn á þeim, sem enn kynnu að borga hann, yrði ekki það lægri, að skattgreiðandann skifti neinu. Afleiðingin er því engin önnur en sú, að ríkissjóður tapar, og má hann síst við því nú. Um málið í heild sinni hefi jeg annars ekki annað að segja en það, að jeg, þrátt fyrir þessa sjerstöðu mína, greiddi við 2. umr. atkv. með till. meiri hl., af því að mjer

þóttu þær nær sanni en till. minni hl., og mun jeg gera svo enn. En hvort sem þær falla eða verða samþyktar, greiði jeg atkvæði á móti frv. í heild.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Háttv. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði mjög skynsamlega um þetta mál. Jeg er honum samþykkur í því, að reynslutími þessara laga er helst til lítill til þess að hægt sje að dæma um það, hvernig þau eiga við í framtíðinni. En á það ber að líta, að fram voru komnar svo miklar kvartanir um, að galdþol manna hrykki ekki til að greiða þessa háu skatta, að ekki var annað fært en að taka tillit til þeirra. Hins vegar er það ekki svo ýkjamikill munur, sem á verður, þótt aukaútsvörin sjeu dregin frá.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. Reykv. (JakM). Hann heldur enn þá dauðahaldi í till. meiri hl. nefndarinnar, og er honum það nokkur vorkunn. Hann sagði, að ef frv. eins og það er nú yrði samþykt, þá væri mjer það vitanlegt, að það þyrfti að ná tekjunum inn á annan hátt, og þá væri ekki annar vegur en tollaleiðin, og gat þess um leið, að hann vissi til þess, að jeg væri á leiðinni með frv., sem færi í þá átt. Taldi hann, að jeg því ynni á móti stefnu minni, þar sem jeg vildi draga úr byrðinni hjá þeim, sem minst gjaldþol hefðu. Jeg játa að vísu, að jeg mun fylgjandi till., sem fara í þá átt að tolla eingöngu óþarfar vörur og þær vörur, sem hægt er að veita sjer hjer í landinu, og tel jeg það fullkomlega rjetta stefnu og í fullu samræmi við það, sem jeg hefi haldið fra áður.

Hvað snertir þennan 1000 kr. frádrátt, þá er það útrætt mál, og því óþarft að fara að lengja umr. með því.

Yfirleitt verð jeg að líta svo á, að frv. sje betra eins og það er nú heldur en með þeim breytingum, sem háttv. meiri hl. hefir stungið upp á. En í sambandi við þetta vil jeg benda hv. deildarmönnum á, og þá sjerstaklega sparnaðarmönnum eins og hv. 1. þm. Skagf. (MG), að það er engu síður eyðsla falin í því að vera að koma með brtt., sem eru lítilsvirði og breyta að engu leyti efni frumvarpanna, en geta orðið til þess að lengja umræður í 3 og 4 daga, þar sem aðeins er barist um smávægileg aukaatriði eða keisarans skegg eingöngu, til þess að skemta áheyrendunum á pöllunum og í hliðarherbergjunum. Að láta þetta ógert er engu minni sparnaður, kanske miklu meiri heldur en felst í ýmsum þeim sparnaðartill., sem bornar eru fram í frumvarpsformi, en aldrei verða samþyktar.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að jeg skyldi ekki gefa tilefni til kappræðna um málið við þessa umr. Og jeg skal reyna að halda þau orð mín, þótt hv. frsm. minni hl. (ÞorlG) hafi gefið fult tilefni til að svo yrði. Hann fór nokkuð hörðum orðum um mælgi meiri hl. nefndarinnar í þessu máli. Slík áminning lætur hálfundarlega í eyrum, er hún kemur frá háttv. frsm. minni hl., sem allir vita, að ávalt leggur sinn fulla skerf til þess þarfaverks hjer í deildinni, sem þras nefnist.

Háttv. þm. heldur því fram, að frv. sje betra nú en það yrði, ef till. meiri hl. yrði samþykt. Það er auðsætt, að háttv. þm. lítur þar aðeins á þá hliðina sem snýr að gjaldendunum. Og jeg skal játa, að það mælist venjulega vel fyrir að líta svo á slík mál. En hvað sem öllum vinsældum líður, þá legg jeg það til, að

ríkissjóðnum sje ekki heldur gleymt. Það er hjer um að ræða hálfa miljón króna, sem hann tapar, ef frv. er samþykt svo sem það er nú. Einhversstaðar verður að ná því fje upp, og jeg bið háttv. frsm. minni hl. (ÞorlG) að minnast þess, að það koma bráðum til umræðu hjer í deildinni frv., sem fjalla um svipuð mál, og ekki er þá ólíklegt, að atkv. sumra kunni að falla eftir því, hvernig þeim finst áður í haginn búið fyrir ríkissjóðinn.

Háttv. frsm. minni hl. talaði um það, að þjóðin myndi ekki taka í mál skattahækkun. Það er merkilegt, að háttv. þm. skuli farast svo orð og tala um skattahækkun, þar sem ekki er um hana að ræða, heldur skattalækkun, og hana allverulega.

Að lokum ljet hv. frsm. minni hl. þá von sína í ljós, að málið yrði lagað í hv. Ed. Af þessu er auðsætt, að hann telur frv. þurfa lagfæringar við, og það sem skilur okkur er það, að jeg vil láta lagfæra hjer í hv. deild, en hann í hv. Ed., því mjer er það ljóst, að ef farið yrði að hrekja málið milli deildanna, þá væri þess lítil von, að það yrði afgr. nógu snemma til að verða til nota þetta árið — og væri þá til lítils kvörninni snúið.

Þórarinn Jónsson: Háttv frsm. minni hl. (ÞorlG) gaf það í skyn, að jeg hefði gleymt að líta á gjaldþol manna og taka tillit til þess. Jeg verð þá að segja það, að jeg hefi ekki orðið var við þessar tíðu kvartanir, sem háttv. þm. var að tala um. Og jeg er alls ekki viss um, þótt skatturinn yrði lækkaður á öllum þeim mönnum hjer í Reykjavík, sem ekki hafa greitt hann, að hann gyldist að heldur. Auk þess eru það helst miðlungsgjaldendur, sem ekki hafa greitt skattinn, en á þeim lækkar skatturinn einmitt lítið.

Yfirleitt munar hvern gjaldanda ekkert um það, hvort skatturinn er 2—4 krónum hærri eða lægri, og meiru munar ekki á lægstu tekjunum.

Annars virðist mjer það sýnilegt, að málið geti ekki komist svo snemma úr þinginu, að hægt verði að beita þessum lögum nú. Þvert á móti bendir alt til hins gagnstæða og að þýðingarlaust sje að koma með þessar breytingar nú. Tel jeg þær algerlega gerðar út í bláinn og fyrirsjáanlegt, að breyta yrði ýmsu fleira þegar á næsta þingi. Er því hyggilegast að láta allar breytingar eiga sig nú og reyna þennan skattstiga, sem nú gildir, eitt ár enn. Enda væri líka mögulegt að afgreiða breytingarnar svo snemma á næsta þingi, að til framkvæmda gæti komið þá, og kemur þá í sama stað niður, ef ekki næst sá árangur nú, sem stofnað er til.

Frsm. minni hl. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg fæ ekki fallist á það, að hjer sje um svo litla lækkun að ræða. Þvert á móti tel jeg hana mjög mikla, einkum á hæstu og lægstu gjaldendunum. Sannar þetta ekkert betur en þær 400000 krónur, sem áætlað er, að tekjur ríkissjóðs minki við þá lækkun. Einhversstaðar hlýtur þess að sjá merki hjá gjaldendunum.

Jeg skal svo ekki lengja umr. meira en orðið er, enda má nú vel við una, að atkvæðagreiðsla skeri úr.

Jakob Möller: Mjer fanst það hálfundarleg fullyrðing hjá hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ), að breytingar þær, sem nú er í ráði, að gerðar verði á skattalögunum, sjeu bara gerðar út í loftið. Þetta er þeim mun furðulegra, sem margbúið er að sýna fram á það með tölum, á hvern hátt breytingarnar verða og hver er nauðsyn þeirra. Það er yfirleitt dálítið kynlegt, að nokkur,

sem fylgst hefir með þeim umræðum, skuli leyfa sjer slík ummæli. Jeg skal játa, að ekki verði sagt með neinni nákvæmni, hve mikill skattur náist inn á næsta ári. En sennilegast er þó, að það muni ekki ýkjamiklu frá því, sem síðast var. Því þótt laun manna hafi yfirleitt lækkað, þá er útlit fyrir, að atvinnuvegirnir ætli að ganga skár, og ætti þetta tvent þá að vega salt.

Jeg skal ekki deila lengi við háttv. frsm. minni hl. (ÞorlG) nje stugga við rökum hans, heldur lofa þeim að standast á næði. Hann sagði, að enn þá þyrfti að hækka skattinn og liggur meiri hl. þar stöðugu hálsi. Ef háttv. þm. á við skattinn á háu tekjunum, þá er hann kominn í beina mótsögn við fyrri afstöðu sína. Eigi hann hins vegar við lágu tekjurnar, þá vil jeg benda á, að sýnt hefir verið með tölum, að þar nemi lækkunin 25%, og er tæplega hægt að neita, að það sje þó dálítil lækkun. Að minsta kosti mun henni verða vart í ríkissjóðnum.

Þá sagði háttv. sami þm., og líkt sjer hvergi bregða, að 1000 króna frádrátturinn kæmi málinu ekki við. Það var þá undarlegt, þar sem hann var einmitt ástæðan til þess, að þessar brtt. komu fram. Háttv. þm. virðist hafa alveg sjerstæða skoðun á orsakasambandinu. Skal jeg ekki lasta það, en aðeins sjá því, að einhverjum þyki sá frádráttur koma málinu við, þegar farið verður að greiða skattana í ríkissjóðinn.

Það, sem aðallega vakir fyrir meiri hl. nefndarinnar, er í fám orðum þetta, að gera skattana sanngjarnari almennt en þeir reyndust á síðasta ári. Ef þetta hefst ekki fram og till. hans verða feldar, þá tel jeg líklegast, að frv. fari sömu leiðina. Og hvað verður þá um allar kröfur háttv. frsta. minni hl. (ÞorlG) um að lækka skattinn?!

Þórarinn Jónsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer fundust orð háttv. frsm. minni hl. (ÞorlG) um mismun þann hinn mikla nokkuð þokukend. Og ekki sannar hann neitt með því, þó ríkissjóður missi 400 þús. kr. tekjur, að það sje stórvægileg gjaldþolsbjörgun fyrir skattgjaldendur; svo margir eru þeir. En eitt er víst, að fjöldi af gjaldendum, sem skatt *geta* greitt, falla undan.

Hvað snertir orð háttv. 1. þm. Reykv. (JakM.) um hve miklu muni á gjaldendum, ef frv. verði samþykt svona, þá er nejer það vel ljóst, því jeg hefi hjer skrá yfir mismuninn. Á t. d. 2000 kr. tekjum munar það einum 8 kr. og á 4000 kr. tekjum 28 kr. Þetta er allur munurinn, og um engan óa við að greiða með þeim tekjum.

Jeg endurtek það svo, að fjarri mun því, að allar umkvartanirnar, sem komið hafa aðeins hjá þingmönnum Reykjavíkur, stafi af gjaldþolsskorti, heldur af einhverjum öðrum ástæðum.

ATKVGR.

Brtt. 121 (ný 1. gr.) samþ. með 13 : 11 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16 mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 136).

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Frumvarp þetta, sem komið er frá neðri deild, var upphaflega lítill útdráttur — til gildistöku þegar á þessu ári — úr frv. um endurskoðun á tekjuskattslögunum, sem stjórnin lagði fyrir Nd. Eins og háttv. þm. er kunnugt, þá átti endurskoðun á tekju- og eignarskattslögunum að fara fram á þessu þingi, þar sem þau aðeins gilda til loka þessa árs. Þessi útdráttur var gerður með það fyrir augum, að sú breyting, er hann fer fram á, gæti komið til framkvæmda nú þegar á þessu ári.

Töluverður ágreiningur var um þetta frv. í Nd., en þó frekar um búning en efni, en út í það skal eigi farið við þessa umr.

Frv. þetta var í fjhn. í Nd., og geri jeg ráð fyrir, að það fari til sömu nefndar í þessari deild. Geta þau atriði komið þar til athugunar, sem ágreiningi ollu í Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 188).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður HjörleifssonKvaran): Um þetta mál er það fyrst að segja, að það tafðist svo lengi í Nd., að nú er þegar komið í eindaga með afgreiðslu þess, ef það á að koma að notum á þessu ári, sem var víst upphaflega tilætlun stjórnarinnar. Þar af leiðir, að jeg tel mjer ekki skylt að ræða málið jafnmikið, eða á svo margvíslegan hátt, sem gert var í Nd. Jeg geri líka ráð fyrir, að háttv. þingdeildarmenn hafi gert sjer ljósa grein fyrir frv. eins og það nú liggur fyrir. Skal því ekki fara mörgum orðum um það nje brtt. nefndarinnar.

Fyrst er þá skattstiginn. Hann er lægri en í gildandi lögum, en aftur hærri en í frv. stjórnarinnar. Hjer er þó ekki um hækkun að ræða frá stjórnarfrumvarpinu, heldur fyrirkomulagsatriði. Stjórnin gerði ráð fyrir í frv. sínu, að frádrátturinn fyrir nef hvert hyrfi í burtu, en í þessu frv., sem liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að hann haldist. Sje tekið tillit til þess, þá verður skattstigi þessi mjög svipaður skattstiga stjórnarfrv.

Þá er tillaga nefndarinnar, að nýr liður bætist aftan við 11. gr. Í Nd. var gerð sú ráðstöfun, að aukaútsvör skyldu dregin frá áður en skattur væri reiknaður út. Nú hefir nefndin viljað bæta því við, að tekju- og eignarskattur væri líka dreginn frá.

Jeg lít svo á, að ekkert atriði geri þennan skatt eins óvinsælan eins og það, að borga skattinn tvöfaldan, skatt af skattinum, bæði af útsvari og tekju- og eignarskatti, án þess að skattgreiðandi hafi þessar fjárhæðir til umráða. Um þetta hafa verið mestar umkvartanirnar. Mjer hafa fundist þessar umkvartanir eðlilegar og býst við, að tillögur til breytinga á þessu fái góðan byr hjer í deildinni, jafnmikið og talað hefir verið um hina tvöföldu skatta nú á síðustu árum. Nefndin hefði að sjálfsögðu gert stærri og víðtækari breytingar á skattalögunum, ef tíminn hefði ekki verið svona naumur, en frv. varð að hraða og halda því í sem líkustu formi og það

kom frá Nd., ef það átti að koma að notum í þetta sinn.

Aðalatriðið er, að frv. þetta, ef nær fram að ganga, veitir nokkra linun á skattinum. Tel jeg það vel farið. Við höfum fyrir þungan beinan skatt, þar sem eru aukaútsvörin. Þegar við þau bætist tekju- og eignarskatturinn, þá verður það mjög tilfinnanlegur skattur.

Eins og kunnugt er, þá verður frádráttur fyrir börn yngri en 14 ára eftir þessu frv. 500 kr., í stað 300 kr. í núgildandi lögum.

Vegna þess að ágreiningur hefði getað orðið um það atriði, hversu lög þessi skyldu gilda lengi, þá varð nefndin ásátt um það að ákveða engan vissan tíma, heldur láta lögin gilda óákveðinn tíma. Er það þá algerlega á valdi þings og stjórnar, hve nær þau vilja breyta þeim; enda er reynsla fengin fyrir því, að lög, sem hafa ákveðið tímatakmark, eru framlengd ár frá ári, svo sem er með útflutningsgjaldslögin. Þetta frv., þó samþykt verði, útilokar ekki, að deildin geti á þessu þingi tekið aðalfrv. fyrir og breytt því eftir vild sinni.

Þá hefi jeg gert nokkra grein fyrir frv. og vona, að háttv. þingdeild taki vel undir till. nefndarinnar.

Um hina fjárhagslegu hlið málsins, þá er að ríkissjóði veit, er ilt að gera ábyggilega áætlun. Ef til vill getur hæstv. fjrh. (MagnJ) gefið einhverjar bendingar um það atriði, en jeg efast þó um, að það sje hægt, svo ábyggilegt sje, að þessu sinni. En hvort það eru 100 þús. eða 200 þús. kr., þá munar þó töluvert um lækkunina.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg get ekki stilt mig um að telja ýms tormerki á frv. þessu, eins og nú er komið, sjerstaklega þó hversu síðbúið það verður. Skattanefndir munu nú margar búnar að ljúka við skattskýrslurnar. Og þó frv. þetta yrði nú þegar að lögum, þá gætu skattanefndir samt varla verið tilbúnar að leggja fram skýrslurnar 1. apríl, eins og lögin gera ráð fyrir. Jafnvel getur orðið erfitt að koma lögunum fyrir þann tíma í afskektar sveitir. Í aðalskatthjeruðum, eins og Reykjavík, er fresturinn lengri, og kemur þar því ekki í bága.

Þá má gera ráð fyrir, að lög þessi komi of seint til þess að undirskattanefndir geti dregið frá útsvar og eignar- og tekjuskatt, sem nú er gert ráð fyrir í frv. Er því ekki um annað að gera fyrir menn en að bera sig upp við yfirskattanefndirnar og láta þær lagfæra það.

Jeg tel breytingarnar, sem orðnar eru á frv., síst til bóta. Þá verður þetta allmikill tekjumissir fyrir ríkissjóð, að útsvör og tekju- og eignarskattur dregst frá. Hvað mikill er ekki hægt að segja. Hjer í Reykjavík nemur frádráttur þessi á 3. miljón kr. af skattskyldum tekjum. Hvað mikill skattur af því yrði, er ekki gott að segja, því hann lendir á hæstu prósentunni. Sje gert ráð fyrir að meðaltali 10% af þessari upphæð, sem skatturinn af henni næmi, þá yrði það á 3. hundrað þús. kr. bara hjer í Reykjavík. Það út af fyrir sig að lækka skattinn er ekki frágangssök, ef tekið er tillit til lækkunarinnar við afgreiðslu skattafrumvarpa, sem til meðferðar eru, t. d. útflutningsgjaldsins, svo ekki leiði til hins sama þar, að lækkað verði.

En þrátt fyrir öll tormerki, sem jeg hefi talað um, þá er þó sá kostur við frv., að það lækkar gjaldið á þurftartekjunum, eða lægri tekjum, eins og fyrir mjer vakti, er jeg lagði frv. fram. Vil jeg þess vegna

eigi mæla móti því, að það verði samþykt.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg skil ræðu hæstv. fjrh. (MagnJ) svo, að hann telji rjett, að frv. verði samþykt og komi til framkvæmdar sem lög á þessu ári.

Jeg skal kannast við það, að framkvæmd þeirra í þetta sinn er örðugleikum bundin, vegna þess hve tíminn er naumur. Þó finst mjer, sem skýra mætti sýslumönnum fljótlega frá lögunum og gefa þeim vald til að veita undirskattanefndum lengri frest til að ljúka skýrslunum, t. d. bæta við vikutíma eða svo. Eins og embættisrekstri er nú hagað hjer á landi, þá sje jeg ekki að það myndi á nokkurn hátt breyta eða koma í bága við þau „princip,“ sem fylgt er í embættisfærslunni.

Sú línan á skattinum, sem verður eftir þessu frv., er mjer aðalatriðið.

Skal jeg svo ekki lengja umr. meira. Ef einhverjir kynnu að óska eftir því að taka til máls, þá er hægt að tala nánar um þetta við 3. umr.

Guðmundur Ólafsson: Það var einmitt það atriði í ræðu háttv. frsm. (SHK), að ekki væri tími til að ræða málið, sem kom mjer til að standa upp.

Jeg vildi láta í ljósi óánægju mína yfir því, hve Ed. er ætlaður stuttur tími til afgreiðslu málanna. Málunum er þvælt í Nd. þangað til komið er í eindaga með þau, þá á Ed. að taka við þeim og afgreiða þau í flýti og með afbrigðum frá þingsköpum, svo hvorki vinst tími til nægilegrar íhugunar nje til þess að gera þær breytingar, sem deildarmenn kynnu að óska.

Því miður varð jeg snöggvast að bregða mjer frá, og heyrði því ekki alla ræðu hæstv. fjrh. (MagnJ). En jeg tel breytingar nefndarinnar til bóta, því mjer finst engin ástæða til þess, ef aukaútsvar er undanþegið skatti, að tekju- og eignarskatturinn sje það ekki líka. Það er að vísu leiðinlegt, að enginn veit, hverju upphæð þessi nemur nje hverjar tekjur ríkissjóðs muni verða eftir þessu frv. En sumstaðar breytir þessi frádráttarviðbót engu, því sumstaðar höfðu þessir skattar verið dregnir frá skattskyldum tekjum árið sem leið. (*SHK*: Því minni tekjumissir. Já, en enginn þingmaður veit þó, hve *mikill hann muni* verða.

Annars var óheppilegt, að svo fljótt skyldi þurfa að fara að breyta þessum lögum, áður en reynsla er fengin fyrir þeim. En það stafar af því, að þegar lögin voru afgreidd frá þinginu 1921, komst það ákvæði ófyrirsynju inn í þau, að þau fjellu úr gildi 31. des. 1923. En framkvæmd þeirra er enn svo mjög á reiki og mismunandi, sem sjá má meðal annars á því, að þessi frádráttur á útsvörum og tekju- og eignarskatti, sem nú er verið að bæta inn í lögin, var sumstaðar framkvæmdur á síðastliðnu ári. Samt mun jeg greiða atkvæði með brtt. og frv., þó jeg geri það ekki með neinni sjerlegri ánægju af framangreindum ástæðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 188,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3. og 4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 188,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 188,3 (ný 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., s. d., kl. 3[57] síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 136 með breytingunum á þskj. 188).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ í e. hlj.

Björn Kristjánsson: Um leið og þetta mál fer hjeðan úr deildinni vil jeg fara um það nokkrum orðum, í samræmi við það, sem jeg hefi fyr á þingum haldið fram, er um beina skatta hefir verið að ræða.

Mín skoðun hefir verið sú, að beinir atvinnuskattar sjeu bæði ótryggur og óhollur gjaldstofn, nema þar sem verulegt auðsafn hefir myndast.

En verulegt auðsafn hefir ekki og getur ekki myndast hjer á landi, þar sem íbúatalan er tæpar 100 þúsundir.

Auðsafn getur aðeins myndast í stóru löndunum, þar sem íbúatalan nemur mörgum miljónum, og því stærra verður auðsafnið sem íbúatalan er stærri.

En það er eins og því hafi verið komið inn hjá þjóð vorri að skoða það skaðlegt þjóðfjelaginu, að einstakir menn komist í nokkur efni — og meira getur það aldrei orðið — og að einstakir menn reki stærri atvinnurekstur en t. d. búskap á jörð eða útveg á opnum bátum.

Ef fyrirtækin eru stærri, þá verði að hegna þeim með háum, beinum sköttum, og það alveg eins, þótt stórrekstrinn sje rekinn með litlum efnum og geipilegri áhættu.

Fjármálamenn munu þó líta svo á, að því meira sem þjóðarauðurinn getur vaxið, eftir því verði afkoma almenningi betri. Þess vegna verður hvert land að reyna að stefna að því að koma fyrir sig þessum þjóðarauði, en það getur það ekki með því að taka nauðsynlegt veltufje og tryggingarfje af fyrirtækjunum, jafnótt og það aflast.

Þjóðarauðurinn getur aðeins vaxið með því móti:

1) að fara sparlega með fengið fje;

2) að forðast að veikja viljaþrek, vinnugleði og fjársöfnunarlöngun einstakra dugnaðarmanna og fjelaga með háum, beinum sköttum.

Þegar höfuðstóll vex sárlítið árlega, seinkar öllum framkvæmdum að sama skapi. Þannig þurfa ef til vill mörg ár til þess að geta bætt við sig einu fiskiskipi eða einu dýru búsáhaldi o. s. frv. En af því leiðir, að minna verður um vinnu í landinu.

Nú er það vitanlegt öllum rjettsýnum mönnum, að allur svonefndur stórrekstur í þessu landi er á frumbýlingsskeiði og að hann byrjaði mestmegnis með lánsfje. Hann á því langt í land að geta komist á það stig, að hann standi á eigin fótum og hafi nauðsynlegt rekstrarfje. Það má sennilega fullyrða, að ekkert af slíkum innlendum fyrirtækjum eigi sig sjálft.

Það liggur því augum uppi, að því meir sem tafið er fyrir því með háum beinum sköttum, að þetta bráðnauðsynlegasta auðsafn myndist, því lengri tími fer til þess að gera þjóðina efnalega sjálfbjarga.

Og það nauðsynlega auðsafn er þetta, að hvert fyrirtæki verði efnalega sjálf-

stætt, svo að það geti veitt þeim trygga atvinnu, sem við það vinna, og ríkissjóðnum sem tryggastar vaxandi tekjur.

Á meðan fyrirtækjunum eru að aukast efni, eins og jeg nú hefi sagt, má helst ekki leggja öllu meira á þau en venjulega bjargálnamenn, enda má telja þau í þeirra tölu á meðan fjárhagur þeirra er ekki betri en hann er, því ávalt verður þessi rekstur líka áhættumikill, og miklu áhættumeiri en t. d. iðnaður í útlöndum.

Aðaltryggingin fyrir lánsstofnanirnar, sem veita fyrirtækjunum lán, felst og í því, að þeim sje hlíft við óhæfilega háum beinum sköttum á meðan efnahagur þeirra er þröngur.

Mjög er alment, að t. d. botnvörpuskip græða annað árið, og gætu þá grynt á skuldum, ef arðurinn væri ekki af þeim tekinn, en tapa svo hitt árið.

Það árið, sem þau græða, verða þau eftir skattalögum vorum að greiða háan skatt. En ekkert er greitt til baka, þótt útgerð þessi tapi hitt árið. Þegar um jafnóvissan atvinnuveg er að ræða, mundi það vera sanngjarnt að byggja skattgreiðslu slíks atvinnuvegar eftir meðaltalsarði t. d. síðustu 5 áranna.

En örðugt mun vera að koma þeirri aðferð við nú, af því eigi er hægt að byggja á ástandi því, sem verið hefir síðustu árin.

En augljóst er það mörgum, að sá atvinnuvegur er illa staddur, og þolir því ekki háa beina skatta, umfram tolla, sem hvíla á flestu, sem hann notar.

Hins vegar getur verslunin í mörgum tilfellum velt sköttunum yfir á almenning, eins og reynslan er í öðrum löndum, og gert tekjuskattinn þar með að óbeinum skatti.

Beinu skatta fyrirkomulagið í stórum stíl er tiltölulega ungt, og munu Bandaríkin hafa gengið á undan með að innleiða það, vegna hins afarmikla auðs, sem safnast hefir á einstakar hendur í því 100 milj. íbúa landi. Þar var ástæða til að hafa háa beina skatta, þar sem auðurinn var orðinn svo mikill, að hann nam miklu meiru en því, sem útheimtist til þess, að atvinnufyrirtækin ættu sig sjálf og nauðsynlegt rekstrarfje.

Bandaríkin eru heldur ekki — eins og vjer — að elta hverja krónuna, því svo mun vera ákveðið í skattalögum þess lands frá 1918, að 1000 dollara tekjur eins manns sjeu skattfrjálsar. Hjón mega því draga frá árstekjunum 2000 dollara og 250 dollara fyrir hvert barn. 5 barna heimili má því draga frá skattskyldum tekjum 3250 dollara, eða um kr. 12187,50. Það er því augljóst, að allur almenningur er þar undanþeginn tekjuskatti.

Á Norðurlöndum munu beinu skattarnir hafa verið hæstir í Svíaríki, og hafa þeir haft þá verkun þar, að um 1920 var hvergi dýrara að lifa en þar. En þá voru Svíar líka farnir að viðurkenna, að þessir háu beinu skattar drægju úr áhuganum til að framleiða og til að spara saman fje, en af því stafi svo vinnuleysi.

Hafa sænskir bankafræðingar haldið fyrirlestra um þetta efni, bæði heima hjá sjer og t. d. í Kaupmannahöfn. Dansk Finanstidende 14. júlí 1920 geta um fyrirlestur, sem bankastjóri við Skandinavisk Kreditbolaget, O. Rydbeck, hjelt í Höfn, og er þar haft eftir honum þetta:

„Ef maður vill útrýma framtaksleysinu og auka sparsemi, verður í fyrstu röð að breyta beinum sköttum í óbeina skatta. .... Það er áríðandi að fá allan almenning til að hugsa meira um, hvað hann eyðir. En það er ekki hægt að fá almenning til að spara, nema gripið sje til hárra óbeinna skatta.“

Í sama árgangi þess blaðs, 10. nóv., er

ritstjórnargrein um sama efni, sem segir meðal annars:

„Á meðan gnægð var af peningum og verðið þaut upp á við eins og sápukúla, gat þjóðfjelagið og atvinnugreinarnar þolað byrði beinu skattanna. Að vísu sáu allir fjármálamenn, að sú stefna var eyðilegging á allri sparsemislöngun, og öll þróunin í þessa átt var svo ólm, að ekki vanst tími til of mikillar íhugunar. Nú er verðfallið komið, ásamt því feikna hruni í viðskiftalífinu, og er þá viðhald slíkrar skattaaðferðar, er sviftir atvinnuvegina rekstrarfjenu og þjóðfjelagið starfsgleðinni, ógæfa, sem er vel fallin til að setja kórónuna á hið feiknamikla eyðileggingarstarf styrjaldaráranna.

Þetta er ekki sjerstaklega danskt fyrirbæri, heldur er það óhamingja, sem geisar um alla Evrópu og Ameríku og alstaðar vekur sömu skelfinguna eins og drepsótt og bruni.“ o. s. frv.

Þetta, sem erlendir fjármálamenn halda fram, að háir óbeinir skattar hvetji til sparsemi, kemur alveg heim við reynslu þeirra manna hjer á landi, sem stjórnað hafa vöruskifta- og lánsverslun. Þeir eru sammála um það, að þegar harðæri er í verslun og verð hátt á útlendum vörum, þá spari menn og minki skuldir sínar, en þegar góðæri sje í verslun og mikið aflist, þá vakni eyðslusemin og aukning skulda.

Það ætti því ekki að vera mikið á móti því að láta ríkissjóðinn beita sparnaðarmeðalinu með óbeinum sköttum, í staðinn fyrir að ráðast á fje, sem atvinnuvegirnir mega ómögulega án vera.

Auk þeirra ástæðna, sem hjer hefir verið bent á, er á margt annað að líta.

Vjer þekkjum, að mikill hluti verslunar vorrar er á útlendum höndum, sem hafa aðalskrifstofu sína og heimilisfang í útlöndum. Þessir útlendu menn ráða því alveg, hvernig verslun þeirra hjer er gerð upp, eða á hvaða tölum sú uppgerð er bygð; þeir geta því alveg ráðið því, hvort þeir borga mikinn eða lítinn tekjuskatt af atvinnu, og geta meira að segja notað slíkar beinar skattaálögur til að skapa drepandi samkepni við innlenda verslun, sem skattana verður að greiða. Og alveg eins geta þeir farið að með útgerð í stórum stíl.

Þetta getur leitt til þess, að eigendur innlendra verslana og útgerðar, sem hafa háar tekjur á pappírnum, flytji sig t. d. til Danmerkur, þar sem ódýrara er að lifa og skattarnir miklu lægri, og reki fyrirtækin þaðan.

Ef vjer berum saman atvinnuskattinn í Danmörku við skattinn eftir frumvarpi því, sem nú á að samþykkja, þá er hann t. d. af 75 þúsund króna tekjum eftir frv. kr. 14387.00, en af sömu upphæð í Danmörku kr. 8787.00, og af 100 þús. króna tekjum eftir frv. kr. 20637.00, en í Danmörku kr. 13162.00. Og þó eru allir persónulegir skattar dregnir frá tekjunum í Danmörku, skattur til ríkis, sveitar og kirkju.

Þá má ennfremur taka fram, að fyrirtæki, sem hafa „firma“ bæði hjer og erlendis, þótt innlend sjeu, eða hafa þar trúnaðarmenn, geta auðveldlega skotið sjer undan háum beinum sköttum, án þess að skattstjórnin hjer geti nokkuð við ráðið.

Einnig af þessum ástæðum er það augljóst, að sú stefna er alt annað en holl að ætla sjer að setja tekjuskattinn svo háan, að menn freistist til að beita slíkum undanbrögðum. Væri skattinum stilt í hóf, mundu menn greiða hann fúslega og eigi vilja vinna til að beita neinum undanbrögðum.

Það ætti því að vera augljóst, að þótt tekjur vanti í ríkissjóðinn, þá tjáir ekki að ætla sjer að ná þeim með síhækkandi beinum sköttum af aðalatvinnufyrirtækjunum.

Ef litið er til fyrirhafnarinnar og kostnaðarins við að innheimta þennan atvinnutekjuskatt, þá er það ekki samanberandi við innheimtu óbeinu skattanna, er sýslumenn og bæjarfógetar innheimta einir.

Það er upplýst, að utan Reykjavíkur hafi tekjuskattur þessi numið síðast um 400 þús. krónum. Af þessum 400 þús. kr. komu úr kaupstöðunum utan Reykjavíkur um 200 þús. kr., eða helmingurinn. Hinn helmingurinn, 200 þús. kr., hefir því komið úr öllum kauptúnum og hreppum landsins, en hrepparnir eru 203 talsins.

Í hverjum hreppi er 3 manna undirskattanefnd, sem settar eru um alt land til þess að smala saman þessum 200. þús. kr., eða yfir 600 manns, — úrvalsmenn þjóðarinnar, sem verða, flestir nauðugir, að fara frá störfum í viku til hálfan mánuð eða meira, til þess að standa fyrir framtali manna og leiðbeina þeim, sem víða tekst ekki nema fara heim á hvert heimili.

Hina 30 blaðsíðna löngu reglugerð í Stjórnartíðindunum munu fæstir gjaldendur sjá, enda er hún alt of umfangsmikil fyrir almenning.

Við þetta bætist svo 3 manna yfirskattanefnd í hverri sýslu.

Og aðalstarfið felst í því að ákveða fárra króna skatt hjá öllum fjöldanum af skattgreiðendum, mjög oft 1 kr.

Ólíku „praktiskara" væri að leysa þessa menn alveg undan þessum tekjuskatti, eða menn, sem hafa eigi meira en 2000 króna tekjur, en taka heldur þann hluta skattsins með tollum.

Og þar sem allhár tollur er þegar kominn á flestar vörutegundir, sem því nær til allra, þá ætti hinn óbeini skattur á þeim efnaminni gjaldendum að vera nægur.

Þá eru það ýmsir menn, sem halda því fram, að það megi ekki hafa útflutningstolla. Þeir hafa á móti því að skattleggja „framleiðsluna" sem þeir kalla.

Nú er Ísland framleiðsluland og lifir nálega eingöngu á framleiðslu.

Arðurinn af henni verður því að ganga til þess að greiða með beinu skattana og aðflutningstollana. Og hvers vegna má þá ekki eins leggja háan útflutningstoll á framleiðsluna, sem lítið er haft fyrir að innheimta og kemur skilvíslega og undanbragðalaust í ríkissjóðinn.

Jeg sje það ekki.

Best mun fara að nota báðar tollaálöguaðferðirnar, bæði innflutnings- og útflutningstoll, eins og gert hefir verið um mörg ár. —

Þó jeg neyðist til að greiða þessu frv. atkvæði, af því ekkert annað betra frv. liggur fyrir, þá er jeg alls ekki ánægður með það. Jeg verð auðvitað að meta mest, að ríkissjóðurinn má ekki vera án þeirrar tekjuupphæðar, sem frumvarpið tryggir honum.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg ætla mjer eigi að lengja umræðurnar um þetta mál, sem gætu orðið langar, ef nákvæmlega ætti að fara út í ræðu hv. 2. þm. G.-K. (BK), sem að mörgu leyti var mjög fróðleg. En jeg vildi aðeins taka það fram, að það var *einn galli á ræðu hv. þm.*, og hann er sá, að hún er haldin 2 árum of seint. Ræða þessi hefði átt að koma fram, þegar verið var að setja tekjuskattinn á 1921, en eigi nú, þegar

verið er þó heldur að reyna að leiðrjetta skattstigann, sem þá var settur. Finst mjer, að ræða háttv. 2. þm. G.-K. (BK) hafi þess vegna eigi átt allskostar við nú. Háttv. þm. mintist á það, að það ætti að sleppa lægstu tekjunum við skatt. Er [illegible] einmitt hið sama og frv. stjórnarinnar fór fram á, og get jeg því fyllilega tekið undir það með honum. En því var breytt af samherjum hv. þingmanns í Nd.

Björn Kristjánsson: Hæstv. ráðherra segir það, að jeg hafi haldið ræðu mína 2 árum of seint. Má vel vera, að það sje satt. En málið kom þá fram öllum að óvörum, og vanst því ekki tími til að íhuga það sem skyldi. En jeg álít eigi, að ræðan sje of seint komin fram, því að málið er eigi enn þá komið út úr þinginu. Jeg býst við því, að hv. Nd. taki dauflega í það að draga frá tekjuskattinn, og því vildi jeg láta þá hv. deild vita mína skoðun um þetta mál. Jeg skal játa það, að jeg hefði átt að tala meira um þetta mál 1921, en það stóð svo á þá, að eigi lá annað fyrir en að taka skattinum eins og hann var.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 23. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 202).

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 202).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal aðeins skýra frá því, að fjárhagsnefnd hefir í gær athugað frv. þetta og kom sjer saman um að ráða hv. deild til þess að samþykkja það óbreytt. Frv. hefir aðeins tekið einni breytingu í hv. Ed., þannig, að leyft er einnig að draga frá við skattaframtal tekju- og eignarskattinn, og þykir nefndinni ekki ástæða til þess, úr því sem komið er, að gera það að ágreiningsatriði.

Jón Baldvinsson: Mjer virðist svo sem hv. Ed. hafi farið hjer öfugt að. Hún hefði heldur átt að breyta frv. í þá átt að auka frádráttinn og minka skattinn á lágu tekjunum heldur en að lækka skattinn eingöngu á háum tekjum, því frádráttur tekjuskattsins munar litlu á lágum tekjum, en miklu á þeim háu. Þessa athugasemd vildi jeg láta fylgja frv. frá mjer, þegar það verður afgreitt til fullnustu, þar sem jeg virðist hafa nokkra sjerstöðu í málinu.

Þórarinn Jónsson: Jeg hreyfði mótmælum nokkrum gegn máli þessu við 3. umr. og reisti þau á þeim rökum, að reynsla væri engin fengin enn um framkvæmd hinna gildandi laga. Jeg færði einnig rök að því, að framtalið nú á þessu ári mundi leiða til meira samræmis en áður var og geta leiðrjett ýmislegt það, sem aflaga fór áður fyr. Jeg benti á það, að litlar líkur væru fyrir því, að breytingar þessar gætu komið til framkvæmda á þessu ári, eins og ætlað er, þar sem komið er fram yfir þann tíma, sem skattanefndir eiga að hafa lokið við skattskrárnar. En ef yfir

skattanefndir eiga að breyta þessu í samræmi við nýju breytingarnar, þarf að sjálfsögðu að framlengja alla fresti í lögunum, og gæti það þá enda leitt til þess, að manntalsþingin yrðu ekki háð sumstaðar fyr en um heyannir eða á slætti. En jeg er þess viss, að margir bændur vildu heldur gjalda krónunni meira í skatt en þurfa að hlaupa á þann hátt úr miðjum heyönnum á manntalsþing. Ennfremur hefi jeg bent á það, að breytingar eins og þessar nú mundu tefja fyrir frekari breytingum á lögunum á næsta þingi, þar sem gildi þeirra er nú ekki bundið við neinn ákveðinn tíma, en þeirra er margra annara þörf.

Ef þetta frv. væri nú felt, eins og jeg tel rjettast og sjálfsagt, yrði að endurskoða lögin í heild sinni; en þangað til mætti framlengja þau, þar sem þau gilda ekki nema til næstu ársloka.

Magnús Kristjánsson: Mig furðar stórkostlega á framkomu háttv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ). Jeg álít, að hann hafi orðið nokkuð seinn til að koma fram með sínar mótbárur, svo að andmæli hans sjeu alveg ótímabær, enda geri jeg ráð fyrir því, að þau hafi ekki mikil áhrif á háttv. deild. Jeg vil líka í þessu sambandi benda á það, að frá mörgum þingmálafundum hafa borist áskoranir um breytingar á tekjuskattslögunum, í þá átt, sem nú er gert. Tillaga hans gengur því beinlínis í þá átt að lítilsvirða þessar óskir. En þar sem þær eru áreiðanlega sanngjarnar, af því að skatturinn hefir komið of þungt niður á efnaminstu mönnunum, er það því meiri fjarstæða að ætla að lítilsvirða þær kröfur. Önnur ástæðan, sem hann færði fram fyrir því, að ekki mætti breyta lögunum nú, var sú, að framtölin væru komin og skattanefndir gætu því ekki farið eftir nýju ákvæðunum. En þetta er aðeins misskilningur; yfirskattanefndum er það í lófa lagið að færa þetta í rjett horf með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Aðalatriðið er þó, að það er skylda þingsins að breyta þeim lögum, sem ekki hafa reynst vel, án tillits til alls gaspurs um óhæfilega tíðar lagabreytingar, sem nú er altaf verið að stagast á; og vonandi eru háttv. þingmenn búnir að átta sig svo á þessu máli, að ræða háttv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) geti engin áhrif haft.

Þórarinn Jónsson: Háttv. þingmaður sem síðast talaði, sagði svo, að jeg hefði komið nokkuð seint með andmæli mín. Jeg vil þó benda á, að jeg kom með þau þegar við 3. umr. málsins, og býst jeg við, að það hafi hvorki verið verra nje betra en við 2. umr. En þá þótti mjer sannast að segja ekki ábætandi elginn, svo að jeg beið til 3. umr. Það veit líka háttv. þingmaðurinn, að er ekkert einsdæmi, heldur altítt; svo þessi aðfinsla er gerð meira af vilja en mætti. Þar sem hann talaði um áskoranir þingmálafunda um breytingarnar, þá er áreiðanlega of mikið úr þeim gert og óánægjunni með lögin yfirleitt, sjerstaklega hvað snertir þær breytingar, sem nú eru á gerðar. Að minsta kosti er það svo úti um land. Hitt atriðið, hvaða skarð þetta heggur í tekjur ríkissjóðs, mun hv. deild komast að raun um síðar.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg hafði frá upphafi lagt áherslu á fljóta afgreiðslu málsins. Nú er allmikill dráttur á orðinn, og breytingarnar, sem gerðar hafa verið á stjórnarfrv., gera framkvæmdirnar erfiðari að sumu leyti, þar sem ekki er eins auðunnið með þetta frv. og stjórnarfrv. Jeg lít svo á, að verði þetta frv. samþykt, sje þar með viðurkent, að ekki verði hrófl-

að við öðrum tekjulögum, svo sem útflutningsgjaldinu. Jeg tel þó, eftir því sem sakir standa, ekki ástæðu til að leggjast á móti frv., þrátt fyrir vandkvæði á framkvæmdum og tekjurýrnun, sem það hefir í för með sjer. Hin nauðsynlega skattlækkun á lægstu og lægri tekjum, sem frv. fór fram á eins og það kom frá stjórninni, hefir nokkurnveginn haldist gegnum allar umræður, og þetta er aðalatriðið.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Mjer fanst jeg ekki geta fengið það ákveðið út úr ræðu hæstv. fjármálaráðherra (MagnJ), hvort hann óskar þess, að frv. þetta verði samþykt. (*Fjrh. MagnJ*: Jú, jeg tók það fram). Jæja, jeg geng þá út frá, að hæstv. ráðherra óski, að frv. verði samþykt óbreytt. En þá skil jeg ekki vel aðfinslur hans, því að frv. er lítið erfiðara í framkvæmdinni þ. á., þótt tekju- og eignarskattinn megi draga frá, því allir formenn yfirskattanefnda hafa skrá yfir þennan skatt.

Jakob Möller: Jeg vil aðeins taka það fram út af ummælum hæstv. fjrh. (MagnJ), þar sem hann sagðist skoða samþykt þessa frv. sem yfirlýsingu um það, að ekki yrði hróflað við útflutningsgjaldinu, að jeg fyrir mitt leyti tel þetta rangt, og jeg veit ekki til þess, að neitt slíkt loforð liggi fyrir frá fjárhagsnefndinni. Að öðru leyti skal jeg taka það fram, að jeg tel það illa farið, að hv. Ed. hefir tekist að koma hugsunarvillunni um frádrátt tekjuskatts frá skattskyldum tekjum inn í lögin, og það því fremur, sem jeg býst við, að sá frádráttur verði til að rýra skattinn í heild meira en menn gera sjer hugmynd um.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekki hermt neitt loforð upp á hv. fjhn. viðvíkjandi útflutningsgjaldinu. En jeg lít svo á, að það liggi í hlutarins eðli, að þegar svo mikil tekjulækkun hefir verið gerð á þessu frv., þá treystist menn ekki til að gera lækkun á öðrum tekjugreinum. Það er að vísu ekki gott að geta sjer til, hvað útsvarsfrádrátturinn kemur til að muna miklu. Jeg er þó þeirrar skoðunar, að það verði nær 10% en 2% af þeim tekjuhluta, er til frádráttar kemur, sem munurinn verður, sökum skattfrádráttarins.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil benda háttv. fjrh. (MagnJ) á það, að það hljóta að verða yfirskattanefndirnar, sem verða að lagfæra skattskrárnar. Og hæstv. ráðherra gat aldrei búist við, að frv. þetta gengi gegnum þingið á skemri tíma en raun hefir á orðið. Það var ekki hægt að búast við því, að þetta frv. yrði svo fljótt afgreitt, að undirskattanefndir hefðu ekki áður lokið störfum.

Frv. hefir verið flýtt eftir föngum í fjárhagsnefnd.

Magnús Kristjánsson: Jeg tók það skýrt fram áðan, að jeg sæi engin vandkvæði á því, að þessar lagabreytingar, sem hjer er um að ræða, geti komið til framkvæmda, ef þær verða samþyktar, nú þegar. Háttv. þm. eru að gera sjer óþarfa Grýlur, þegar þeir eru að fárast út af því, hve mikill verði tekjumissirinn, sem þessu fylgir. Eftir reynslu síðasta árs er ekki hægt að áætla tekju- og eignarskatt eftir stjórnarfrv. minna en 1 miljón kr. Nú get jeg ekki sjeð, að útsvarsfrádrátturinn, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, nemi meiri

lækkun en um 100 þús. krónum. Ætti tekju- og eignarskatturinn, þótt þetta frv. sje samþykt, því aldrei að fara niður úr 900 þúsundum.

Hjer við bætist svo, að tvö önnur frv. eru nú á ferðinni, sem fara má með eins og við á, eftir því sem fer um þetta frv. Það er útflutningsgjaldið og breytingin á vörutollinum. Jeg held því, að menn geti með góðri samvisku samþykt þetta frv. þess vegna. Það ætti að vera öllum háttv. þm. ljóst, hvert hneyksli það væri, ef þetta mál væri nú að engu gert, eftir allar þessar umræður og allan þann tíma, sem til þess hefir verið varið. Þau eru nógu mörg málin hjer á Alþingi, sem eftir miklar umræður verða að engu, og væri illa farið, ef svo tækist til um þetta. Þinginu hefir oft, og ekki að ástæðulausu, verið legið á hálsi fyrir það, hve lítill árangurinn verði af starfi þess. — Hjer er á ferðinni mál, sem ekki má verða til þess, að þessi orðrómur styrkist.

Þórarinn Jónsson: Mjer skildist svo, sem háttv. þm. Ak. (MK) kæmist að þeirri niðurstöðu, að þetta frv. myndi lækka tekju- og eignarskattinn um 200 þúsund kr., og mun það vera það minsta, sem hv. þm. hefir treyst sjer til að nefna. Jeg býst við, að það verði *miklu* meira. Þá gat hann um það, að tvö, önnur frv. væru á ferðinni, og að aka mætti þar seglum eftir því sem byrinn bljesi í þessu máli. Annað er vörutollsfrv., og get jeg vel skilið það, að þar sje nokkur tekjuvon. En þar sem ein ástæðan hjá fjárhagsnefnd fyrir því frv. var sú, að móti þeim tekjuauka ætti að draga úr eða fella niður útflutningsgjaldið, þá sje jeg ekki, að þær tekjur geti neitt bætt upp rýrnunina á þessu skattafrv. Annars er hv. þm. (MK) líklega nú búinn að kasta þeirri ástæðu fyrir borð, og er það ekki fyr en búast mátti við. — Að lokum sagði háttv. þm., að ilt væri eftir allan barninginn, ef ekki yrði úr málinu. Það er satt. — ilt er það. En eitt er þó verra. Það, að eitthvað verði úr því, sem er verra en ekkert.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 8 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 210).

---

5. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 33, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra (þmfrv., A. 103).

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er borið fram samkvæmt tilmælum fræðslumálastjóra, vegna þeirrar breytingar, sem varð á um styrktarsjóð barnakennara, er hann hætti að starfa, er lögin um lífeyrissjóð barnakennara gengu í gildi 1921 og styrktarsjóður barnakennara var lagður í lífeyrissjóðinn. En þá var ekki um leið sjeð um það, er lífeyrislögin gengu í gildi, að þeim barnakennurum, sem hætt höfðu að starfa samtímis og lífeyrislögin komu í gildi og rjett áttu til styrks úr styrktarsjóði barnakennara sam-

kvæmt eldri lögunum, yrði sjeð fyrir hæfilegum lífeyri. Kemur þetta allhart niður á nokkrum fátækum barnakennurum, einkum þeim, er hafa orðið að láta af störfum sínum vegna elli eða vanheilsu; er þetta frv. því fram komið til að bæta úr þessu misrjetti, og á það því að ná bæði til þeirra, er hætt hafa starfi sínu um það bil, sem lífeyrissjóðslögin gengu í gildi og rjett áttu til styrks úr styrktarsjóði barnakennara samkvæmt eldri lögunum, svo og enn fremur til þeirra, sem rjett eiga til lífeyris úr hinum nýja sjóði og hinum gamla, en svo lítillar fjárhæðar, að óviðunandi er. Jeg get ekki skilið, að háttv. deild hafi neitt sjerstakt að athuga við frv. þetta, og það er fyrir það girt í þessu lagafrumvarpi, að farið verði að bruðla með fje sjóðsins, þar sem það er undir samþykki fjármálaráðherra komið, hversu hár lífeyririnn er, og hann á að ákveðast eftir þörfum umsækjanda og þoli sjóðsins. Tel jeg og fullvíst, samkvæmt þar um fengnum upplýsingum um hag lífeyrissjóðsins, að sjóðurinn þolir vel þann byrðarauka, sem af þessu frv. leiðir.

Vænti jeg því, að hv. deild taki frv. þessu vel og að það verði greiðlega samþykt til 2. umr. og fái síðan samþykki háttv. deildar til að verða að lögum, og fjölyrði jeg svo ekki um þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 103).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 103).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 248).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg geri ráð fyrir, að háttv. deildarmenn hafi lesið frv. eins og það kom frá Nd. og sömuleiðis athugasemdirnar á þskj. 248. Jeg held, að þar sje alt tekið fram,

sem þarf að segja og vita, til þess að geta greitt frv. þessu jákvæði. Hjer er aðeins um það að ræða að veita nokkrum mönnum þann rjett, sem þeir hafa mist við lögin frá 1921. Þetta er ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, og er frv. borið fram eftir ósk fræðslumálastjóra.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 103).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 289).

---

6. Berklaveiki í nautpeningi.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um berklaveiki í nautpeningi (þmfrv., A. 68).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og getið er um í greinargerð við frv. þetta, er það komið til landbúnaðarnefndar frá atvinnumálaráðuneytinu, en samið af Magnúsi Einarssyni, dýralækni í Reykjavík.

Það *er orðið* nokkuð langt síðan raddir fóru að heyrast um það, að vart hefði orðið við berklaveiki í nautgripum hjer á landi. Það mun þó nokkurnveginn víst, enda álit dýralækna, að mikil brögð hafi ekki verið að því til þessa. T. d. fullyrðir dýralæknirinn í Reykjavík, að á Suðurlandi sje veikin alls ekki til, og byggir það á því, að í þau 26 ár, sem hann hefir verið dýralæknir hjer, hefir hann aldrei orðið var við hana. Í 18 ár hefir hann haft á hendi kjötskoðun hjer í Reykjavík og skoðað á þann hátt kjöt af milli 10 og 20 þúsund stórgripum, en hingað koma nautgripir til slátrunar hvaðanæfa af Suðurlandi, og hefir hann aldrei fundið hinn minsta vott af þessari veiki. En aftur á móti kvað dýralæknirinn á Akureyri nokkuð oft hafa orðið var við berkla í nautgripum þar nyrðra, svo að ætla má að einhver brögð sjeu að veikinni í Eyjafirði. Úr öðrum landshlutum hefir heldur ekki heyrst um, að nein veruleg brögð væru að þessari veiki, fyr en á síðastliðnu ári, að dýralæknunum í Reykjavík var skýrt frá sjúkdómi, sem komið hefði upp í kúm í Neðri-Hvestu í Arnarfirði. Af þessari lýsingu var dýralæknunum það strax ljóst, að hjer væri um berklaveiki að ræða, og hana illkynjaða. Sneri hann sjer strax til atvinnumálaráðuneytisins og fjekk því þegar framgengt, að dýralæknunum í Stykkishólmi, Hannesi Jónssyni, var falið þá þegar að fara þangað vestur og rannsaka sýkina. Hann brá þegar við og framkvæmdi rannsókn þessa, og kom það þegar í ljós, að

allar kýrnar á bæ þessum, 3 að tölu, voru sýktar. Varð það að samkomulagi milli dýralæknis og bóndans að slátra einni kúnni, þeirri sem verst var haldin, og kom það í ljós, er kýrin var krufin, að hún var gagnsýrð af berklaveiki. Til þess enn betur að ganga úr skugga um, að hjer væri um berkla að ræða, voru meinsemdir úr kúnni sendar hingað suður til frekari rannsóknar, og staðfesti sú rannsókn fullkomlega ályktun Hannesar dýralæknis um veikina. — Á næsta bæ við Neðri-Hvestu rannsakaði dýralæknir 1 kú, og reyndist hún ósýkt, en nautgripir af bæjum þessum ganga saman. Þetta er þriðja kýrin, sem drepin hefir verið í Neðri-Hvestu, eftir því sem nú er upplýst, aðframkomin af berklaveiki, en það var fyrst 1917, sem veikinnar varð þarna vart.

Í brjefi dýralæknisins til stjórnarráðsins um þetta mál, sem þessar upplýsingar eru teknar úr, ásamt skýrslu Hannesar dýralæknis, segir hann um upptök veikinnar á þessum bæ:

„Hvaðan fyrsta kýrin hefir fengið veikina er ekki vitað; óvíst hvort hún hefir fengið hana af öðrum nautgrip eða frá berklaveikum manni; en hvort sem nú kann að vera, þá virðist það auðsætt, að fyrsta kýrin, hver sem hún hefir verið, hefir sýkst af manni, sem komið hefir með nautaberkla í sjer frá útlöndum, því að um sýkingu frá útlendum nautgripum getur ekki verið að ræða, þar sem þeir hafa ekki verið innfluttir í manna minnum. — Samkvæmt nýjustu rannsóknum eru þrjár tegundir berklabaktería: 1. Typus humanus, 2. Typus bovinus og 3. Typus avium, og eru þær nefndar svo af því, að nr. 1 er sjerstaklega eitruð mönnum, nr. 2 nautum og nr. 3 fuglum. Það er talið fremur sjaldgæft, að menn sýkist af nautum (Typ. bovinus), og enn sjaldnar að naut taki veiki af mönnum (Typ. human.), en hvorttveggja getur átt sjer stað, og virðist hjer vera eitt dæmi því til sönnunar. — En úr því að einn nautgripur er þannig sýktur, getur veikin borist frá honum hröðum skrefum til annara nautgripa“, o. s. frv.

Eins og áður er greint, er það einkum þetta sjerstaka atvik, sem hefir gefið dýralækninum í Reykjavík og atvinnumálaráðuneytinu tilefni til þess að koma nú fram með tillögur um að hefta útbreiðslu þessa voðakvilla, sem tvímælalaust mundi valda óskapatjóni, ef hann fengi að leika lausum hala og kæmist í algleyming. Landbúnaðarnefndinni var því eðlilega mjög ljúft að flytja frumvarp þetta og vinna að framgangi þessa máls.

Eins og vikið hefir verið að, er frv. samið af dýralækninum í Reykjavík, og á sú tilhögun, sem í frv. felst, að hans áliti að geta fullkomlega náð tilgangi sínum til að stemma stigu fyrir því, að veikin magnist og breiðist út. Ætti að mega vænta þess fullkomlega af bændum og búaliði, þegar vitað er, hver vá er fyrir dyrum og hvað í húfi er, að þeir gæti hinnar fylstu varúðar, og þegar fyrir koma sjúkdómstilfelli hjá nautpeningi, er vekja grun um berklaveiki, en um það ætti leiðarvísir sá, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. að atvinnumálaráðuneytið láti semja og útbýta, að gefa leiðbeiningar, að þeir leiti þá tafarlaust til dýralæknis, sem þá rannsakar eða lætur rannsaka þetta svo fljótt sem við verður komið.

Kostnaður sá, sem af framkvæmd laga þessara leiðir fyrir ríkissjóð, telur dýralæknir að trauðla geti orðið mjög mikill, ef þegar er hafist handa; útbreiðsla veikinnar sje ekki svo mikil enn sem komið er. En til varygðar, ef svo reyndist, að veikin væri mjög útbreidd á einhverju

sæði, er gert ráð fyrir einangrun, en ekki niðurskurði, en komi til þess að skera niður, er gert ráð fyrir beinni þátttöku ríkissjóðs í skaðanum, með líku sniði og títt er í nágrannalöndunum, þegar svo stendur á.

Nefndin hefir ekki breytt frv. dýralæknis að öðru leyti en því, að í sambandi við þetta frv. hafði dýralæknir samið annað frv., sem landbúnaðarnefnd gat ekki fallist á og sá ekki ástæðu til að bera fram, en þar sem það frv. stóð í sambandi við þetta frv., sem hjer um ræðir, þá varð að gera nokkrar orðabreytingar, sem þó eru ekki að neinu leyti efnisbreytingar. Auk þess hefir nefndin breytt upphafi 2. gr. Í frv. dýralæknis, eins og það barst nefndinni, var gert ráð fyrir því, að dýralæknir skyldi í öllum tilfellum framkvæma rannsóknina sjálfur. En eins og þetta er orðað nú getur dýralæknir falið þetta öðrum, sem hann trúir fyrir því, og dragi það mjög úr kostnaði, ef um miklar vegalengdir væri að ræða. Það mundi ekki koma fyrir, að dýralæknir fæli öðrum en vel hæfum mönnum þessa rannsókn, en það er alkunnugt, að leikmenn geta í flestum tilfellum rannsakað, hvort lifandi gripir eru haldnir af berklaveiki eða ekki, með því að sprauta í þá tuberculini. Þó segir dýralæknir, að fyrir geti komið, að það sje ekki á færi leikmanna að skera úr um það.

Jeg vil því fyrir hönd landbúnaðarnefndar eindregið leggja til, að frv. nái fram að ganga, svo að menn sjeu ekki að öllu varbúnir að taka á móti þessum vágesti, þegar hann ber að dyrum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. þm. Borgf. (PO) hefir gert glögga grein fyrir hvernig á frv. þessu stendur, að það er sjúkdómstilfelli í Neðri-Hvestu í Arnarfirði, sem hefir hrundið málinu af stað. Þegar dýralæknirinn í Stykkishólmi hafði farið vestur og skoðað hina sjúku nautgripi, hófust brjefaskriftir um málið milli mín og dýralæknisins í Reykjavík, og skoraði jeg á hann að semja frv. um varnir gegn þessum sjúkdómi. Hann samdi svo frv. það, sem hjer liggur fyrir. Ástæðan til þess, að jeg lagði þetta frv. ekki fyrir þingið, heldur kaus að fá það landbúnaðarnefnd í hendur, var sú, að dýralæknir samdi einnig annað frv., þar sem farið var fram á, að dýralæknirinn í Sunnlendingafjórðungi yrði einskonar yfirdýralæknir. Í fyrra frv. stóð, að allar skýrslur og öll mál skyldu ganga til hans, áður en þau færu til stjórnarinnar. Það er auðsætt, að með því að víkja frv. dálítið við og láta málin ganga beint til stjórnarinnar, eins og nefndin hefir gert, mátti komast hjá þessu. Nýja fyrirkomulagið, er dýralæknir stakk upp á, hefði haft nokkurn kostnað í för með sjer, verið sama sem að stofna nýtt embætti. En stjórnin sá sjer það ekki fært; þótti ósamræmi í að leggja það til um leið og hún fer fram á að leggja niður mörg gömul embætti. Hins vegar vildi hún ekki skilja frv. sundur, og kaus því að leggja þau bæði fyrir háttv. landbúnaðarnefnd og leita álits hennar um þau. En nefndin hefir heldur ekki sjeð ástæðu til að bera fram hitt frv. dýralæknisins.

Í raun og veru væri það ekki ósanngjarnt, þó að dýralæknirinn í Reykjavík fengi einhverja aukaþóknun fyrir það mikla starf og erfiði, sem hann hefir oft lagt á sig í þarfir stjórnarinnar. Hann er elstur dýralæknir hjer á landi og situr næst stjórninni, og er því eðlilegt, að hún leiti oftast aðstoðar hans og ráða, þegar svo ber undir. Hann verður því að hafa ýms aukastörf fyrir stjórnina, og frá því

sjónarmiði væri ekki óeðlilegt, að hann hefði hærri laun en aðrir dýralæknar. En svo sem jeg skýrði frá þótti stjórninni ekki tiltækilegt að leggja það frv. fyrir þingið.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið. Háttv. þm. Borgf. (PO) talaði svo vel fyrir frv., að öllum þdm. hlýtur að vera ljóst, hve brýn nauðsyn er á að stemma stigu fyrir þessari sýki og útrýma henni á þeim fáu stöðum, sem henni hefir skotið upp, því að mjög útbreidd getur hún ekki verið. Vona jeg því, að háttv. þdm. taki frv. vel og ljái því einróma fylgi sitt.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg tók það kanske ekki nægilega skýrt fram í fyrri ræðu minni, að nefndin var sammála hæstv. atvrh. (KlJ) um það, að ekki væri ástæða til að flytja það frv., er hann mintist á, og að málið mundi ekki vinna neitt sjerstaklega við það, en það aftur á móti hafa í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþykt án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 68).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 68).

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er hið sama um þetta mál að segja og næsta mál hjer á undan, að eigi er þörf á langri framsöguræðu, en nægilegt að vísa til frv. sjálfs og greinargerðar þess og athugasemda dýralæknisins í Reykjavík. Frv. þetta er fram komið vegna þess, að komið hefir fyrir það tilfelli í Arnarfirði vestra, að kýr hefir fengið berklaveiki af manni. Dýralækninum hjer í Reykjavík var skrifað um þetta og hann beðinn um að semja frv., er gengi í þá átt að stemma stigu fyrir veikinni. Frv. þetta fór breytingarlaust í gegnum háttv. Nd., og vænti jeg, að það fái einnig góðar undirtektir hjer. Skal jeg svo leyfa mjer að leggja það til, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 223).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Eins og greinargerð frv. ber með sjer, er það upphaflega samið af dýralæknunum hjer í Reykjavík, hr. Magnúsi Einarssyni, en borið fram af landbúnaðarnefnd Nd.

Eins og sjá má af greinargerðinni hefir nefndin átt tal við dýralækni Magnús Einarsson, og ljet hann þá í ljósi, að þó að frv. þetta væri eigi að öllu leyti eins úr garði gert og hann hefði ætlast til, þá væri hann því engu að síður meðmæltur. Það er sannað mál, að sjúkdómur þessi er mjög hættulegur. Hefir dýralæknirinn í Stykkishólmi, sem er staddur hjer í bænum um þessar mundir, sagt mjer, að hann hafi haldið áfram rannsóknum sínum í grendinni við þennan bæ í Arnarfirði, þar sem veikin kom fyrst í ljós, og fundið sjúkdóminn í 3 nautgripum á næstu bæjum. Dýralæknirinn á Akureyri hefir grun um það, að sjúkdómur þessi eigi sjer stað í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, og hefir hann látið fara fram rannsókn í þeim sýslum. Jeg segi *látið* fara fram, af því að hann hefir eigi verið við þær rannsóknir sjálfur, nema þá sumstaðar, en fengið annan til þeirra. Þótti manni þeim, sem rannsóknirnar hafði á hendi, ástæða til að ætla, að sjúkdómur þessi væri þar, en hve yfirgripsmikil eða ábyggileg þessi rannsókn hefir verið, skal jeg láta ósagt. Kostnaðurinn við hana var greiddur af nautgripaeigendum. Þar sem *vissa* er fengin fyrir því, að sjúkdómur þessi er til, og *sterkur grunur* um, að hann sje víða, er nefndin einhuga um, að nauðsynlegt sje að frv. nái fram að ganga. Hefi jeg svo eigi meiru við að bæta, en óska, að frv. verði vísað til 3. umr. og látið ganga fram í þessari háttv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 68).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Það var nokkuð um þetta frv. talað við 2. umr. Síðan hefir það engum breytingum tekið, og get jeg því fyrir hönd landbn. látið mjer nægja að óska þess, að það verði samþykt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi..

(Sjá A. 278).

---

7. Sýsluvegasjóðir.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til laga um samþyktir um sýsluvegasjóði (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 : 1 atkv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Alþingi hefir tvívegis skorað á stjórnina að gera tillögur um að auka framlag til vegagerða, fyrst 1915 og svo aftur endurtekið 1919. Hið lögákveðna gjald til sýsluvega er nú samkvæmt 20. gr. vegalaganna kr. 3.00 af hverjum verkfærum manni. En það er alt of lítið, þar sem kröfurnar um bætta akvegi eru altaf að aukast, og auk þess hvílir viðhald á flutningabrautum á mörgum sýslum.

Er því auðsætt af þessu, að auka þarf framlag til sýsluveganna. Samkvæmt kröfu þingsins 1919 samdi vegamálastjóri frumvarp til laga um sýsluvegasjóði, er lagt var fyrir þingið 1921. Var það samþykt í neðri deild, en varð ekki útrætt í efri deild. Stafaði það aðallega af því, að það kom mjög seint fram, svo að háttv. deild þótti tíminn of stuttur, er hún gat haft það til meðferðar. Líka var það tekið fram hjer í deildinni, að vafasamt væri, hvort grundvöllur frumvarpsins væri rjettur, sjerstaklega að því er snertir gjöld af hlunnindajörðum, t. d. í eyjum úti, og jörðum, sem sjerstaklega njóta sjávarhlunninda, og húsum í kaupstöðum. Bar nefndin hjer í deildinni því fram rökstudda dagskrá, er frv. var afgr. með til stjórnarinnar með áskorun um að undirbúa það á ný.

Í fyrra var frv. ekki borið fram, en er nú komið fram fyrir vilja vegamálastjóra og þingsins, og eru nú teknar til greina þær breytingar, er samgöngumálanefnd efri deildar 1921 telur í nál. sínu æskilegar. Þannig er lágmarksskatturinn færður niður úr 2% í 1½%. En aðalbreytingin er þó sú, að lögin verða nú aðeins heimildarlög fyrir sýslunefndirnar að leggja á nýjan fasteignaskatt, er varið verði til vegabóta, í stað sýsluvegagjaldsins. Og þurfa því þær sýslur, sem litla vegi hafa, alls ekki að nota þau, og yfir höfuð að tala er hverri sýslunefnd sett það í sjálfsvald, hvort hún vill nota lögin eða ekki.

Sje jeg svo eigi ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar nú, og legg til, að frv. verði, að umræðunni lokinni, vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 11 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 48).

Frsm. (Guðmundur Gufinnsson): Frv. þetta kom fyrst fyrir Alþingi 1921. Var það samið af vegamálastjóra, eftir kröfu Alþingis, með það fyrir augum að útvega sýslunum tekjustofn til vegagerða, þar sem þeim veitist mjög örðugt að standa straum af útgjöldum þeim, er vegagerð hefir í för með sjer. Voru samþyktar þál.till. 1915 og 1919 í þessa átt. En frv. var samið of seint til þess, að það gæti komið fram sem stjfrv., og tók því samgmn. Nd. að sjer að flytja það, þó með þeim 2 breytingum, *að* tekið væri upp í frv. ákvæði um greiðslu á endurláni, miðað við Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu, og *að* frv. þetta yrði samræmt lögum frá 11. júlí 1911, þar sem verslunarstaðir eru undanþegnir þessu gjaldi. Gekk nefndin þó ekki eins langt. Með þessum breytingum fór frv. til Ed. og var þar ákveðið að vísa frv. til stjórnarinnar og henni bent á ýmsar breytingar á því. Stjórnin hefir nú tekið flestar till. nefndarinnar til greina í frv. þessu, sem hjer

liggur fyrir. Samgmn. Ed. hefir nú athugað frv. þetta og getur fallist á það með 3 smábreytingum.

Nefndin álítur, að of langt sje gengið í 6. gr. stjfrv., að undantaka eyjajarðir algerlega frá öllum gjöldum til vegakerfis þeirrar sýslu, sem þær heyra til, en álítur hins vegar rjett að heimila sýslunefndum að ívilna kauptúnum í gjaldi þessu, sjeu þau hreppsfjelag út af fyrir sig, þar sem þau hafa alment ekki eins mikil not af sýsluvegunum.

Nefndinni þykir lækkun stjfrv. á skattinum, þar til ríkistillag byrjar, ekki nægileg, og leggur því til, að tölurnar í 8 gr. lækki um ½‰, nema talan 6‰. Mun útgjaldaauki ríkissjóðs af breytingu þessari eigi verða svo mikill, þegar þess er gætt, að ekki munu nærri öll sýslufjelög leggja svo mikið til vega, að þau nái í ríkissjóðstillagið, en þau, sem mikið leggja til vega, mundi muna mikið um þetta. Ef gert væri ráð fyrir, að um helmingur sýslufjelaganna næði í ríkissjóðstillag, mundi þessi lækkun á tölunum kosta ríkissjóð um 10—12 þús. krónur.

Árið 1921 hefir vegamálastjóri áætlað framlag sýslnanna næstu ár miklu hærri, — alt að 5-falt sumstaðar við það, sem áður hefir verið, — og myndi það kosta ríkissjóð 23 þús. kr. eftir hans frv. En jeg hygg, að það muni þurfa nálega 50 þús. krónur úr ríkissjóði með þeirri breytingu, er nú hefir verið gerð á frv. Ríkissjóður leggur nú til vegagerðar um 60 þús kr., að vísu með öðrum skilmálum. Sá útgjaldaliður fjelli niður, og því væri eigi um aukin útgjöld að ræða. Jeg álít frv. mjög aðgengilegt. Hjer er aðeins um heimildarlög að ræða. En jeg er eigi allskostar ánægður með að sleppa algerlega lausa- og vinnumönnum við skatt, en nefndin hefir eigi treyst sjer til að koma með neina breytingu í þá átt.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja það til, að deildin samþykki frv. þetta með breytingum nefndarinnar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi ekki ástæðu til annars en að vera háttv. nefnd þakklátur fyrir undirtektirnar. — Breytingar þær, sem hún hefir stungið upp á, eru ekki mikilsverðar. Um fyrstu breytinguna er það að segja, að það má til sanns vegar færa, að hart sje að sleppa stórum eyjajörðum við þetta gjald, en hins vegar er þó þess að gæta, að þær hafa oft lítil eða engin afnot af vegunum í sýslunni. Hjer er að gera á milli þarfar sýslusjóðanna til þess að fá gjaldið og að hve miklu leyti sje sanngjarnt, að eyjajarðir beri þessa byrði. Sýslunefndir ættu að vera því máli kunnugastar, og er því rjett að vísa því til þeirra.

Annari breytingunni er jeg sammála og þarf jeg ekki að fjölyrða um hana.

Þriðja breytingin fer fram á ½‰ lækkun. Það getur altaf verið álitamál, þegar um tölur er að ræða, hverja tölu eigi að taka. Ef til vill væri rjettast að nefna engar tölur og setja það í sjálfsvald sýslunefnda, því eftir sveitarstjórnarlögunum eru þær alveg einráðar á valdsviði sínu. En stjórnin hefir nú samt kosið að setja ákveðnar tölur, og ½‰ meira eða minna getur aldrei orðið kappsmál.

Um útgjöld ríkissjóðs af þessu frumvarpi er ekki hægt að segja með vissu. En þær sýslur, sem notuðu sjer þessa heimild, mundu ekki fá sjerstakan styrk í fjárlögum til sýsluvega, og þess vegna yrði kostnaðurinn aldrei gífurlegur. Og jeg vona, að hann vaxi ekki þinginu í augum, því það hefir altaf verið hlynt samgöngu-

bótum. Jeg vænti, að frv. verði leyft að ganga í gegnum háttv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 48,1.a. samþ. með 10 shlj. atkv.

— 48,1.b. samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 48,2.a.—c. samþ. með 12 shlj. atkv.

8 gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

9.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., miðvikudaginn 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 62).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Frv. hefir verið vel tekið, og sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það; óska aðeins, að það verði afgreitt frá deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 62).

Á 16. fundi í Nd., föstudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er ekki nýr gestur í deildinni. Kom það, eins og háttv. þm. muna, fyrir Alþingi 1921. Eins og menn vita, er tillag til sýsluvegasjóðs 3 kr. á hvern verkfæran mann, og liggur í augum uppi, að það er ónógt þar, sem um akfæra vegi er að ræða, og ekki síst í þeim sýslum, sem viðhald akvega hvílir á. Því hefir Alþingi tvívegis, bæði 1915 og 1919, skorað á stjórnina að koma með frv. um hækkuð vegagjöld. Árangurinn varð, að frv. frá stjórninni, samið af vegamálastjóra, kom fyrir Alþingi 1921, eins og áður var sagt. Frv. þetta var samþykt í þessari deild, en kom of seint til Ed. og var vísað frá með rökstuddri dagskrá. Aðalbreytingin frá frv. því, er lá fyrir Nd. fyrir 2 árum, og þessu, er nú kemur fram, er sú, að hjer er sýslunefndum veitt heimild til að gera samþyktir um sýsluvegasjóði, samkvæmt þeim óskum, er komið höfðu fram í Ed. Ekki verður að svo stöddu hægt að sjá, hvað kostnaðurinn yrði mikill, því alveg er óvíst um, hversu margar sýslur myndu nota sjer þessa heimild. Jeg get þó ímyndað mjer, að kostnaðurinn við þetta yrði ekki stórum meiri en fje það, sem nú er veitt í fjárlögum til akfærra sýsluvega, eða svo var það talið í Ed. Vænti jeg þess svo, að hæstv. deild leyfi máli þessu að koma til 2. umr. og vísi því síðan til samgmn.

Einar Þorgilsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) hefir rakið sögu þessa máls hjer í þinginu svo vel og greinilega, að jeg tel mig ekki þurfa neinu við að bæta. En nefnd þeirri, er væntanlega kemur til að fjalla um málið, vildi jeg mega benda á galla þá, sem mjer hefir frá upphafi sýnst vera á frv. Þar er gert ráð

fyrir, að gjaldið eða gjaldstofninn hvíli á fasteignaeigendum eingöngu. En það er sýnilegt órjettlæti. Í öllum hjeruðum eru nefnilega færri eða fleiri efnamenn, sem ekki eiga fasteignir. Gæti jeg trúað, að þetta atriði komi mikilli óánægju af stað, næði það fram að ganga. Á þetta vil jeg benda nefndinni, þótt jeg, nú sem stendur, komi ekki auga á neinar sjerstakar leiðir til rjettingar þessum og öðrum göllum frv.

Um það, hvort frv. yrði í heild sinni til bóta, má auðvitað þrátta. Að minsta kosti hefir verið litið misjöfnum augum á það á þeim þingmálafundum, sem jeg hefi átt með kjósendum mínum. — Bragarbót virðist þó að því, þar sem sýsluvegagjöld eru mjög há.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl. var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 221).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg býst ekki við, að þetta frv. þurfi langa framsögu. Mál það, er hjer ræðir um, er talsvert kunnugt hv. deild áður. Samskonar frv. lá hjer fyrir á þinginu 1921, og var þá afgreitt hjeðan úr deildinni. Vænti jeg, að flestir háttv. deildarmenn muni eftir umræðunum, er þá urðu um það, og eins að þeir hafi kynt sjer meðferð hv. Ed. á því nú, og lesið jafnframt greinargerðina fyrir frv. og nefndarálitið á þskj. 221.

Jeg ætla því aðeins að skýra með nokkrum orðum frá því, er jeg tel mestu skifta. Aðalatriði frv. er í 3. gr. þess, að gjöld til sýsluvegasjóða miðist við fasteignamatið nýja. Um það, hvað heppilegt það sje, hafa menn haft skiftar skoðanir, og býst jeg við, að svo geti farið enn. Til þess að skýra hv. deild frá helstu ástæðum, sem mæla með þessu, vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr greinargerð vegamálastjóra fyrir frv. frá 1921. Hann segir svo:

> „Jeg hefi í þessu sambandi komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast sje að taka upp aftur sjerstaka sýsluvegasjóði, eins og var, þar til þeir voru afnumdir með vegalögunum 1907, og þykir mjer sjálfsagt að velja þeim sem gjaldstofn fasteignaskatt samkvæmt hinu nýja fasteignamati. Þeir hafa mesta þörf veganna, sem afnot hafa fasteignanna, en bættar samgöngur ljetta fyrir og gera ódýrari alla flutninga. Auka einnig verðmæti fasteignanna, og er því mjög rjettmætt, að þær beri kostnaðinn, þar sem þær þannig eru öruggasti mælikvarðinn um vegaþörfina".

Samskonar rök fyrir þessu atriði eru og færð í áliti nefndarinnar, á þskj. 221, og vona jeg, að háttv. þm. hafi nú þegar kynt sjer það.

Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þessa grein frv., en áður en jeg sný mjer frá henni, vil jeg benda á, að af vangá er í henni vísað til 7. gr., en á að vera 8. gr. Vil jeg beina þeim tilmælum til hæstv. forseta og háttv. deildar, að þetta verði leiðrjett án þess að sjerstaka brtt. þurfi að gera um það, heldur skoðist það sem sett af vangá. Vona jeg, að þetta fari ekki í bága við 25. gr. þingskapanna, en bæði er mjer og öðrum áhugamál, að frv. gangi fram sem tafarminst.

Eins og mál þetta horfir við frá mínu kjördæmi, þá hefir frv. verið athugað

þar og fallið mönnum vel í geð, og hygg jeg, ef það verður að lögum, þá verði þetta fyrirkomulag þegar í stað tekið þar upp. Er ekkert hjerað á landinu, sem meiri þörf hefir fyrir fje til viðhalds vega. Hefir undanfarið oltið á ýmsu hjá hvorri sýslunni, Mýrasýslu eða Árnessýslu, þörfin hefir verið meiri. Vænti jeg, að þessu fyrirkomulagi verði alstaðar vel tekið þar, sem þörf er fyrir aukna og bætta vegi. Ætti þetta fyrirkomulag og að verða til þess að draga úr hinu sífelda kappi sýslnanna að koma viðhaldi veganna yfir á ríkissjóð, og máske taka að mestu fyrir það. Má í þessu sambandi minna á 8. gr. frv., sem ákveður, hvernig tillög skuli greidd úr ríkissjóði og í hvaða hlutfalli þau skuli standa við sýsluvegaskattinn af fasteignum. Vænti jeg, að það ákvæði verði til þess, að einstök hjeruð komi síður með sjerstaka beiðni um fje úr ríkissjóði til vegagerða, og jafnvel þótt hingað til hafi verið veittar upphæðir í fjárlögunum til nýrra vega, þá hefir það ekki verið nema helmingur á móti því, sem hjeruðin hafa lagt til, en við það hefðu þau þó getað unað, hefði það verið nokkurn veginn jafnt frá ári til árs.

Tillag ríkissjóðs til vegabóta hefir verið af svo skornum skamti, að hjeruðin hafa orðið að hafa þessar framkvæmdir í hjáverkum, annað og þriðja hvert ár. Þetta ástand hygg jeg muni hverfa, ef þetta skipulag kæmist á.

Önnur ákvæði þessa frv. eru þess eðlis, að ekki þarf að fjölyrða um þau. Þó skal jeg taka það fram, að ýmsir hafa haft orð á því, að þessi aðferð, að byggja tekjurnar algerlega á fasteignum, muni verða mjög óvinsæl. En um þetta er það að segja, sem tekið er fram í nál., að þessi skattur mundi dreifast á fleira, framleiðslu, viðskifti og lausafje. Mætti líkja þessu við þegar kaupmaður verslar með einhverja vöru, sem erfitt er að leggja svo mikið á, að nægi fyrir kostnaði og hæfilegum hagnaði; þá er venjan að dreifa álagningunni á fleiri vörutegundir. Vil jeg beina þessu sjerstaklega til háttv. 1. þm. G.-K. (EÞ), því að jeg býst við, að honum muni öðrum fremur finnast þetta fyrirkomulag óheppilegt

Jeg hygg nú, að jeg hafi tekið það fram, er mestu skiftir í þessu máli, og vona jeg að hv. deild afgreiði frv. þetta fljótt og vel.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj atkv.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 62).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Að gefnu tilefni vil jeg taka það skýrt fram um upphæðir þær, sem í fjárlögum standa til akfærra nýrra sýsluvega, að það er tilætlun vegamálastjóra, að þær standi framvegis til boða hvar sem er, þótt frv. þetta verði að lögum og komi til framkvæmda, sem jeg vona, að verði nú þegar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 180).

8. Undanþága frá bannlögunum.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi (stjfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. er nákvæmlega samhljóða tilskipuninni um undanþágu frá bannlögunum frá í fyrra, að öðru leyti en því, að orðin „til ársloka 1923" eru feld niður, og því, að bætt er við sektarákvæðum. Að öðru leyti er málið svo alkunnugt og skýrt, að óþarfi er að fjölyrða meira um það. Skal jeg svo að lokum aðeins leyfa mjer að stinga upp á því, að málinu verði vísað til háttv. allsherjarnefndar.

Jón Baldvinsson: Jeg saknaði þess úr ræðu hæstv. forsætisráðherra (SE), að hann skýrði frá því, hvað ríkisstjórnin hefði aðhafst í þessu máli frá því á síðasta þingi, því ef marka má orð þeirra, sem atkvæði greiddu með þessu máli í fyrra, en þó töldu sig bannmenn, ætluðust þeir til þess, að undanþágan stæði aðeins sem allra styst. Og líkur mun verið hafa vilji landsmanna yfirleitt. En hins vegar hefir stjórnin gengið lengra en ástæða var til í framkvæmd laganna hjer innanlands, þar sem hún hefir sett upp áfengissölur á ýmsum stöðum, gagnstætt vilja hjeraðsstjórnanna. Það er ómögulegt að hugsa sjer, að krafa Spánverja hafi náð svo langt. Þegar búið er að láta undan með því að leyfa innflutning á vínum og vínið er fáanlegt í útsölu ríkisins, er kröfunni fullnægt. En hæstv. ríkisstjórn hefir gengið lengra. Hún hefir þröngvað ýmsum hjeruðum til að hafa vínsölu þvert ofan í yfirlýstan vilja þeirra. Og ber því að víta ríkisstjórnina fyrir þetta. Og það því fremur, sem allmargir eru þeirrar skoðunar, að lögin um takmörkun gegn áfengisveitingum, sem voru í gildi áður en bannlögin komu, komi í gildi við undanþáguna, og það sje því rjettur hjeraðsstjórna að ákveða, hvort vínveiting og vínsala skuli fara fram í hjeraði þeirra eða ekki. Þetta hefir ríkisstjórnin virt að vettugi, og ber einnig að víta hana fyrir það. Það er líka undanhald hjá hæstv. ríkisstjórn í þessu máli, að í frv. stjórnarinnar er kipt í burtu því ákvæði í núgildandi lögum, sem bindur undanþáguna við eitt ár, en með frv. stjórnarinnar er því eiginlega slegið föstu, að þessi lög eigi að standa áfram. Og þó að auðvitað megi taka þau upp á næsta þingi, þá er það þó ekki eins sjálfsagt eins og nú er. Og þetta undanhald er áreiðanlega ekki til neins góðs.

Forsætisráðherra (SE): Jeg verð að játa það, að ræða hv. 2. þm. Reykv. (JB) kom mjer nokkuð á óvart, því hjer hefir ekkert annað skeð en það, sem stjórnin lýsti yfir, að hún mundi gera, í þinglokin í fyrra, nefnilega leggja svona frumvarp fyrir þingið. — Var þetta og skilyrði fyrir bestu kjörum áfram hjá Spánverjum. Stjórnin hefir því algerlega hagað sjer eftir loforðum sínum, er voru í samræmi við þingviljann, og tek jeg því með engum þökkum móti ávítum í þessu máli. Um hitt atriðið, hvernig stjórnin hefir framkvæmt lögin, er það að segja, að það var auðvitað á stjórnarinnar valdi og má auðvitað um deila, hve langt skyldi farið, en þess skal þó geta, að jeg rjeð engu til

lykta fyr en jeg hafði ráðið ráðum við þá, sem kunnugastir voru þessu máli, meðal annars formann íslensku sendinefndarinnar.

Um framkomu sumra hjeraðsstjórna í málinu verður það vægast sagt, að hún var ekki lofsverð. Vissu þær vel, að mótmæli þeirra mundu að engu metin, en ef þau hefðu verið tekin til greina, hefði fiskmarkaðinum stafað hætta af því. — Jeg veit, að jeg hefi verið kallaður Gissur Þorvaldsson í einu blaði hjer, út af framkomu minni í þessu máli. Jeg læt mjer það í ljettu rúmi liggja, en vera má, að margir reynist Gissurarnir um það leyti er frv. þetta verður að lögum. Annars vil jeg láta þess getið, að jeg er fús að gefa nefndinni ýmsar upplýsingar, sem jeg get ekki gert hjer fyrir öllum þingheimi.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsætisráðherra tók orð mín allóstint upp, en svaraði þó ekki aðalatriðinu, því, hvað stjórnin hefði gert til að losast við Spánarvínin.

Var það vilji þm. í fyrra, að sem minst undanhald yrði í máli þessu; má þar minna á ræðu háttv. frsm. viðskiftamálanefndar. En nú hefir stjórnin slegið því föstu í löggjöfinni, að ástand þetta skuli haldast um óákveðinn tíma. Trúi jeg vart, að það verði samþykt, eftir röddunum í fyrra að dæma.

Óþarfi var það af hæstv. ráðherra (SE) að fara að minnast á ummæli blaðanna. Það var algerður óþarfi af honum að láta hafa eftir sjer ummæli þau, er danska blaðið flutti, og er hann ásökunarverður fyrir það, því Spánarsamningarnir voru ekki af frjálsum vilja gerðir, heldur nauðung. En ummæli hæstv. forsætisráðherra gefa í skyn, að okkur sje þetta ekki svo nauðugt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg sagði danska blaðamanninum, að 1 árs undanþágan hefði verið samþykt af því að við hefðum verið tilneyddir til þess að stofna ekki fiskmarkaði vorum í voða. Er hann spurði mig, hvað framvegis mundi gert, svaraði jeg, að frv. mundi samþykt eða undanþágan framlengd, en tók jafnframt fram, að þetta væri gert af hinni knýjandi nauðsyn.

Mundi það hafa verið heppilegt fyrir fjárhagshorfurnar, ef jeg hefði sagt annað? Annars er það ekki í fyrsta skifti, sem sumir bannvinir vilja koma mjer til höfuðs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til allsherjarnefndar með 14 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 84).

Frsm. (Magnús Jónsson): Eins og háttv. þm. hafa sjeð af nál. á þskj. 84 við þetta frv., hefir nefndin orðið ásátt um, að frv. næði óbreytt fram að ganga.

Það er venja að segja, að eigi þurfi mörg orð um þau frv., er þingið hefir áður haft til meðferðar, enda þótt allur þorri hv. þm. hafi ef til vill gleymt rökum þeim, er með frv. hafa verið færð. Í þetta sinn er þó óhætt að beita þessari röksemd, því að í fyrra, er frv. var hjer til umræðu og samþykt, voru svo miklar umræður um það, og það þá eitt af stór-

málunum, svo að háttv. þm. mun enn í fersku minni alt, sem þá var fært með og móti. Ættu því heldur eigi að þurfa að spinnast langar umræður um það nú, og það því síður, sem allar ástæður eru óbreyttar frá því á síðasta þingi í öllu verulegu. Ekkert hefir skeð síðan, er gæti valdið því, að háttv. þm. greiddu nú atkv. á annan hátt en þeir gerðu þá. Báðir aðiljar eru nú svipað staddir og þá, og víst er það, að eigi munu Spánverjar slá af kröfunum nje vera samningafúsari en áður; öllu heldur munu þeir vera sterkari og áleitnari en nokkru sinni fyr, og þarf ekki annað en benda á skifti þeirra við Norðmenn. Að því er kemur til okkar afstöðu, þá er óhætt að fullyrða, að hún sje síst betri nú en í fyrra, er samningurinn var gerður, nje til mála komi, að vjer getum neitað kröfum Spánverja nú frekar en þá.

Yfirleitt hefir ekkert verið gert í þessu máli síðan í fyrra, annað en það, að stjórnin sendi Pjetur Ólafsson konsúl til Suður-Ameríku, til þess að kynna sjer þar markaðshorfur fyrir íslenskan saltfisk. Árangurinn hefir auðvitað eigi ennþá orðið sá af þessari ferð, að það breyti nokkru viðvíkjandi þessu máli nú, en af því að það snertir málið óbeinlínis, ætla jeg að minnast á þessa sendiför lítið eitt. Sendimaðurinn lagði af stað frá Lundúnum til Suður-Ameríku 19. okt. í haust. Jeg tek það fram — og eru það mín orð en eigi nefndarinnar, — að mjer þykir hæstv. stjórn hafa dregið nokkuð lengi að senda í þessa för. Vænlegast hefði verið að senda svo fljótt, sem unt var. Eigi er þó svo, að eftir skýrslum þeim, er fram eru komnar, sje ástæða til að ætla, að önnur úrslit hefðu fengist á samningum vorum við Spán, þótt fyr hefði verið farið.

Eftir ráðstöfunum sendimannsins voru send hjeðan sýnishorn af saltfiski til Suður-Ameríku, og voru þau höfð í ýmiskonar umbúðum, bæði úr trje og trje og blikki. Fiskurinn kom fram í mjög mismunandi ásigkomulagi; yfirleitt var hann lakari í blikkumbúðunum, enda þær ekki góðar. Um markaðshorfurnar er það helst að segja, að í Argentínu, t. d. í Buenos Ayres og víðar, voru horfurnar slæmar, mest sökum þess, að allgóður fiskur var þar á markaðinum fyrir, og má búast við erfiðum keppinautum þar. Aðalmarkaðshorfurnar eru í Brasilíu. Þar var á markaðnum aðallega norskur, enskur og kanadiskur fiskur, yfirleitt mjög ljótur, en var þó ekki illa af honum látið, því ekki var öðru að venjast. Íslenskur fiskur þótti þar miklu betri, og voru þó sýnishornin, er þangað komu, alls eigi í góðu ástandi. Til Brasilíu flyst allmikið af fiski; mun innflutningurinn vera um 40—50000 smálestir árlega, og er það alt að því tvöföld saltfisksframleiðsla Íslands. Um verð er vont að fá ábyggilegar upplýsingar, og treysti jeg mjer ekki til að segja neitt ákveðið um það. Enn er alt óvíst um kostnað við flutning og þess háttar.

Verðið á stórum saltfiski var í desember síðastliðnum 110—120 milreis pr. 58 kg. kassa, en var að lækka; má gera ráð fyrir ca. 100 milreis pr. kassa, eða 290 milreis pr. skippund. Það versta er, að þetta er í pappírspeningum og gildi þeirra mjög óstöðugt og hefir sífelt farið lækkandi. Nú sem stendur jafngilda 34⅓ milreis einu sterlingspundi. Þá spillir það og fyrir fiskmarkaðinum, að kjöt er þar í lágu verði, ekki nema 40% af fiskverði.

Þrátt fyrir þetta eru líkur fyrir, að gagn geti orðið af sendiförinni. Herra Pjetur Ólafsson segir svo í skýrslu sinni:

„Jeg efast ekki um, að í Brasilíu

megi fá sæmilega góðan markað fyrir töluvert af íslenskum fiski.“

Þá ætlar hr. Pjetur Ólafsson að gera tillögur um, að sendur verði fiskur hjeðan, en þar sem um tilraun er að ræða, má búast við, að árangurinn sjáist eigi þegar í stað. Jeg vona, að háttv. stjórn styrki þessar tilraunir áfram, sjerstaklega með því að ábyrgjast áhættuna við fisksendingar fyrst í stað. ÍBrasilíu eru allströng innflutningsskilyrði, og verður því að gæta vel að því, að sendingar verði eigi rjettlausar, er þangað kemur.

Jeg hefi skýrt frá þessari för hr. Pjeturs Ólafssonar sökum þess, að það snertir þetta frv. óbeinlínis. Það sýnir, að markaðshorfur hafa eigi breyst svo, að það geti á nokkurn hátt haggað úrslitum þessa máls nú.

Jeg hygg, að frv. græði ekki á miklum umræðum, því háttv. deildarmenn munu þegar vera ráðnir í því, hvernig atkvæði þeirra falla.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þakka hv. allshn. fyrir þær undirtektir, er frv. hefir fengið hjá henni. Að því er snertir sendiförina til Suður-Ameríku, þá er um hana að segja, að hún var fullráðin í ágústmánuði, og fór sendimaðurinn hjeðan 20. september. Ef til vill hefði verið betra, að fyr hefði verið farið, en jeg álít þó aðalatriðið, að hægt var að fá þennan mann í förina, sem flestir munu vera sammála um, að hafi verið sá besti, er völ var á. Sá maður er þektur að því að vera fylginn sjer og duglegur og hefir ágæta þekkingu á öllu, er að fisksölu lýtur. Annars er jeg samdóma háttv. frsm. (MJ) um það, að málið muni eigi græða á löngum umræðum.

Sveinn Ólafsson: Jeg ætla hvorki að þakka nje vanþakka háttv. allshn. fyrir meðferðina á þessu frv. Mjer finst lítið sagt í áliti hennar um það, nema já og amen. Það er máske rjett, að málið græði eigi á umræðum, en jeg get eigi látið hjá líða að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að fullmikil auðmýkt sje fólgin í því að samþykkja frv. svona fortakslaust. Mjer finst að háttv. Alþingi gæti sætt sig við að samþykkja frv. til nokkurra ára í senn um undanþágu frá bannlögunum, en ekki eins og gert er ráð fyrir nú, að láta þetta gilda um óákveðinn tíma eða aldur og æfi. Þetta virðist þó vaka fyrir allshn. Fyrir því ætla jeg að koma með breytingartillögu til 3. umr., um að undanþágan sje tímabundin og gildi t. d. um 3 ár. Jeg er sömu skoðunar og á síðasta þingi um undanþáguna, að hún sje um grun gerð og alls ekki sú brýna ástæða til þess að hlaupa svona af fúsum huga í faðm Spánverjans, sem meiri hluti viðskiftamálanefndar síðasta þings vildi vera láta.

Jeg hefi aldrei getað sannfærst um, að hjer yrði að ræða um svo mikinn fjárhagslegan skaða af neitun Spánarsamningsins, sem meiri hluti viðskiftamálanefndar hjelt fram í fyrra. Síðan hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að skaðinn sje jafnvel langtum minni en jeg hugði hann þá, og ef til vill enginn. Vjer vitum ekki, hvaða kjör vjer hefðum fengið, ef vjer hefðum neitað að ganga að þessum samningum. Jeg vil leyfa mjer að minna á, hvernig Spánverjar tóku í strenginn þegar Norðmenn höfnuðu samningum við þá 1921. Þeir hækkuðu þá tolla á norskum fiski um 25%. Ef vjer nú neituðum samningum á líkan hátt, og Spánverjar hækkuðu tollinn á íslenskum fiski um 25%, þ. e. úr 24 pesetum í 30 peseta, þá mundi sú hækkun fara mjög fjærri þeirri ágisk-

un um 12½ miljón króna skaða, sem meiri hluti viðskiftamálanefndar hjelt fram á síðasta þingi, jafnvel ekki ná $^1/_3$ þeirrar upphæðar. Jeg tel því fráleitt að taka þessu spánska valdboði með þeirri auðmýkt og undirgefni að samþykkja þessa fortakslausu undanþágu, en miklu djarfmannlegra og hreinlegra að tímabinda undanþáguna og sýna fulla einurð gagnvart þessu útlenda ofríki.

Forsætisráðherra (SE): Eins og háttv. deild er kunnugt, var því lofað af hálfu stjórnarinnar að leggja þetta frv. fyrir þingið, og bestu kjörum áfram var lofað með því skilyrði, að frv. eins og þetta yrði samþykt. En ef ákveðið er, að það gildi aðeins til 3 ára, yrði að hefja nýja samninga, og væri þá engin trygging fyrir því, að vjer yrðum aðnjótandi bestu kjara.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) mintist á dæmi Norðmanna í þessu máli. Jeg hygg ábyggilega, að stjórnin norska hafi borið fram tillögu á þá leið að fara að dæmi okkar: semja við Spánverja og leyfa innflutning á vínum þaðan. Jeg þori ekki að fullyrða um þetta, því að jeg hefi ekki heyrt neitt um það af hálfu hins opinbera, en minnir fastlega, að hafa sjeð þessa getið í blöðunum. Hitt er fullkunnugt, að Norðmenn hafa átt við mikla örðugleika að stríða í þessu máli, og hygg jeg því óráð að gera nokkra þá breytingu, er þess yrði valdandi, að taka þyrfti upp nýja samninga.

Jón Baldvinsson: Afstaða mín til þessa máls er öllum háttv. þm. kunnug frá því í fyrra, og þarf jeg því ekki að rökræða það aftur. Hins vegar voru nokkur atriði, er jeg vildi minnast á í sambandi við **þetta mál.**

Fyrst er þá skýrsla sendimanns stjórnarinnar til Suður-Ameríku, Pjeturs konsúls Ólafssonar. Skýrslan lá fyrir þingnefnd einni hjer um daginn og hafði aðeins einn maður lesið hana; þá var sent eftir henni af stjórninni, og veit jeg ekki hvað af henni hefir orðið; að líkindum hefir hún hafnað hjá háttv. allshn. Nú vil jeg skora á hæstv. stjórn að birta skýrslu þessa í heilu lagi sem allra fyrst. Þeir eru mjög margir, sem hafa áhuga á þessu máli, og þarf skýrslan því að koma fyrir almenningssjónir, svo að menn sjái, hvernig málið horfir. Það er ekki nægilegt að birta lítilsháttar útdrátt, sem er ef til vill að nokkru leyti litaður eftir áliti og skoðunum þess, sem gerir hann. Það eitt er mjer þó kunnugt um úr skýrslu þessari, að sendimaður stjórnarinnar er sjálfur vonbetri um markað fyrir íslenskan fisk í Suður-Ameríku heldur en hann var áður en hann fór að heiman.

Í fyrra gerði jeg sjerstaka athugasemd um, hvað átt væri við í 1. gr. með orðinu „vín,“ hvort það væri eingöngu vínberjavín, náttúrleg vín, eða hvort einnig kæmist undir það ákvæði dönsk sprittblanda, sem borið hefir verið fram hjer í háttv. deild, án þess að því væri mótmælt, að flutt hafi verið inn síðastliðið ár. Frsm., háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), sagði þá, að einungis væri átt við vínberjavín. Jeg get ekki um þetta af því, að mjer standi ekki á sama um, hvert gutlið er, en ef til vill gæti verið ástæða til fyrir hæstv. stjórn að athuga, hvað hæft er í þessum sögum um sprittblönduna, og enn hvaða skilning á að leggja í þetta ákvæði framvegis.

Um vínveitingar innanlands gengur sú saga hjer um bæinn, að Spánverjar hafi krafist þess, að vínveitingar yrðu leyfðar á Hótel Ísland. Er það utanríkisráðherrann á Spáni, sem á að hafa gert þessa

kröfu, og kvað það vera ástæða stjórnarinnar til að ganga á móti eindreginni kröfu bæjarstjórnar í þessu máli.

Forsætisráðherra (SE): Um fyrsta atriðið í ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (JB) skal jeg geta þess, að skýrslan verður birt og hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til að prenta hana. Getur verið, að rjett sje hjá háttv. þm., að það hefði mátt gera fyr, en nú verður bætt úr því.

Um annað atriðið er það að segja, að jeg er afarófróður í þessum efnum, og verð því að taka frest til andsvara.

Þriðja atriðinu í ræðu háttv. þm., hvort Spánverjar hafi krafist vínveitinga í Reykjavík, er fljótsvarað: Spánverjar voru ekkert um það spurðir, hvaða fyrirkomulag hjer yrði um sölu og veitingu vína. Jeg samdi reglugerðina, ásamt ráðunautum mínum í Kaupmannahöfn, á þann hátt, sem við hugðum helst í samræmi við lögin og samninginn við Spánverja; var Spánverjum síðan tilkynt, hvernig reglugerðin væri. Það var vitanlegt, að þegar Alþingi fjelst á, að flytja mætti vín inn í landið, selja það og veita, þá varð ekki hjá þessu komist. En í þessum efnum hefir verið gengið mjög stutt. Vínveitingar eru heimilaðar á fjórum stöðum, en hvergi komnar á nema í Reykjavík; úr hinum kaupstöðunm hafa komið umsóknir um veitingaleyfi, en ekki frá mönnum sem stjórnin hefir treyst, að hafi þær í lagi, og hefir þeim beiðnum því verið synjað. Um útsölur er það að segja, að bæjarstjórnir hafa risið á móti þeim, og vilja ekki gera tillögur um, hverjum sje falið að hafa þær á hendi. Þegar Alþingi hefir veitt undanþágu frá bannlögunum, og þetta er nauðsynlegt til þess að halda fiskmarkaðinum, getur landsstjórnin ekki tek ið tillit til þess, þó að bæjarstjórnir sjeu með ýmsar tiktúrur. — Hún er annars mjög einkennileg, framkoma bæjarstjórna í þessu máli, og það víðar en í Reykjavík. Bæjarstjórnum er heimilaður tillögurjettur, og er það gert í góðu skyni, til þess að þær hafi eftirlit með, að útsölur væru í höndum góðra og áreiðanlegra manna. En þær þverneita að nota þennan tillögurjett. Slík mótmæli, sem vilja nema úr gildi aðalatriði málsins og eru einungis til þess að friða samviskuna, verða ekki tekin til greina. Jeg þykist hafa sýnt, að jeg er eins góður bannmaður og ýmsir þessara manna. En jeg hefi fallist á nauðsyn þessa máls, og vil því fylgja því fram, en kann ekki við neinn kattarþvott eða hálfvelgju, sem einungis er til spillis.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg býst við, að háttv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (JB), muni ef til vill taka aftur til máls, og langar mig til að gera stutta athugasemd áður en hann talar sig dauðan.

Jeg vildi mega spyrja háttv. þm., hvort útdráttur minn úr skýrslu herra Pjeturs Ólafssonar hafi verið litaður. Jeg tók það skilmerkilega fram, að Pjetur Ólafsson teldi markaðshorfur nú betri heldur en áður en hann fór að heiman, og las upp ummæli hans um það. Jeg veit ekki til, að annar útdráttur úr skýrslu hans hafi komið fram opinberlega, og langar því til að spyrja hv. þm., hvort hann telji þennan útdrátt minn litaðan.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsætisráðherra (SE) gefur væntanlega skýrslu um, hvað hæft sje í þessu um dönsku spritt-blönduna, og ætti það að vera auðvelt, ef það er rjett, sem sagt er, að sjerstakur maður hafi það embætti á hendi að vita,

hvernig vínin sjeu. *(Forsrh. SE*: Hver er það?) Jeg veit ekki sönnur á þessu, en hefi heyrt þessa getið. Og það hefir áður komið fram hjer í hv. deild.

Hæstv. forsrh. (SE) kvaðst ekki geta tekið tillit til, þó að bæjarstjórnir væru með ýmsar tiktúrur í þessu máli. Alþingi hafi veitt undanþágu frá bannlögunum, og þetta verði að vera samkvæmt því. En í lögunum er tekið fram, að ekki megi gera þær ráðstafanir, er geri undanþáguna að engu, en það er hvergi sagt, að ekki megi setja sterkar skorður við misbrúkun áfengis og takmarka sölu og veitingar vína. Það er sannarlega ekki krafa laganna, að þessir mörgu útsölustaðir hafa verið settir. Nægilegt hefði verið að hafa eina útsölu í Reykjavík; þá hefði lögunum verið fullnægt, og þá hefði mátt taka tillit til vilja bæjarstjórnanna.

Hv. frsm. (MJ) vjek því til mín, hvort jeg hefði talið útdrátt hans úr skýrslu sendimanns stjórnarinnar litaðan.

Jeg sagði ekkert um það, heldur átti jeg við það, að þegar gögn einhvers máls væru ekki kunn í heilu lagi, heldur einungis eftir útdrætti, sem ef til vill væri litaður, væri erfitt að gera sjer skoðun um málið. Jeg þekki ekki skýrslu herra Pjeturs Ólafssonar, og get því ekki dæmt um, hvernig útdráttur hv. frsm. (MJ) er gerður. En einmitt þess vegna er nauðsynlegt, að skýrslan sje gefin út.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði, að einn starfsmaður í vínversluninni mundi hafa það embætti að smakka á vínunum. Jeg þarf víst ekki að taka það fram, að slíkt embætti er ekki til. En þetta sýnir, að margar sögur ganga um vínverslunina, sem menn festa trúnað á. Nú er tækifæri að rannsaka þetta, ef þingið vill. Stjórninni væri ánægja, ef þingið gerði tillögur um annað fyrirkomulag á áfengisversluninni, er það teldi betra. En ef þingið gerir ekkert í þessu efni, er óviðkunnanlegt, að menn skuli ljá slíkum sögum vængi í þinginu. Jeg vil skora á þá, sem sögum þessum trúa, að krefjast rannsóknar á fyrirkomulagi verslunarinnar.

Vínsölustaðir eru nú 4 — einn í hverjum kaupstað. Alþingi getur takmarkað þetta, ef því sýnist svo, en jeg hygg, að menn sjái, að stjórnin hefir ekki farið lengra í þessu efni en hún taldi nauðsynlegt. Jeg hefði t. d. kosið, að enginn veitingastaður væri í Reykjavík, en jeg áleit ekki fært að ganga lengra málsins vegna. En þingið getur sett frekari skorður og takmarkanir á sína ábyrgð.

Jakob Möller: Mjer þykir dálítið kátlegt, að menn skuli þurfa að rökræða, hvort þörf hafi verið á að hafa svo víðtæka áfengisverslun, sem gert hefir verið. Jeg skal ekki áfellast hæstv. stjórn fyrir það. En mjer skilst á ummælum hæstv. forsrh. (SE), að stjórnin hafi ekki rannsakað sem skyldi, hvað gera þyrfti.

Hæstv. forsætisráðherra segir, að hann hafi sett reglugerðina í samráði við trúnaðarmenn sína í Kaupmannahöfn. Jeg skil ekki, hvað málið hefir grætt á því að sigla; hæstv. forsrh. (SE) hefði eins getað sett reglugerðina í samráði við trúnaðarmenn sína hjer heima. En það, sem gera átti, var að komast eftir, hvað Spánverjar heimtuðu, og hefði mátt gera það í sambandi við samningana. Þá hefði átt að skýra Spánverjum frá, hvernig áfengislöggjöf vorri hafi verið hagað áður en bannlögin voru sett, og hefðu þeir þá sennilega fallist á, að sama fyrirkomulag yrði haft framvegis. Jeg skil ekki, að

Spánverjar hefðu mælt í móti því. Það var aðeins þetta formlega bann, sem þeir ömuðust við. Vínlöndin hafa aldrei reynt að beita ofbeldi aðrar þjóðir, þó að þær gerðu strangar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun áfengis. Þó að löggjöf vor væri orðin mjög ströng áður en bannið komst á, heyrðust engin mótmæli úr þeirri átt.

Jeg álít því, að óþarft hafi verið að setja upp vínsölustaði að svo stöddu. Það hefði mátt haga til eins og áður, að það væri komið undir vilja og samþyktum hjeraðsstjórna. Lengra hefði ekki þurft að ganga. Jeg skal ekki bera brigður á, að hæstv. forsrh. (SE) sje sannfærður um, að skoðun sín sje rjett. En hann hefir ekki leitt rök að því, að hún sje rjettari heldur en sú skoðun, sem jeg er sannfærður um. Annars finst mjer umræður um þetta atriði eiga betur heima við 3. umr., ef annars á ræða það í sambandi við þetta frumvarp.

Jeg skal þó stuttlega gera grein fyrir afstöðu minni til frv. Afstaða mín er nokkuð sjerstæð. Jeg lít ekki á málið frá bannsjónarmiði aðallega, heldur kveinka jeg mjer sjerstaklega við að samþykkja frv. vegna þess, hve nærri er gengið sjálfsákvörðunarrjetti vorum, eins og jeg lýsti á síðasta þingi. Hins vegar hefi jeg sannfærst um, að um svo mikinn fjárhagsvoða geti verið að ræða, að ekki sje annað fært en að láta undan, þó að sárt sje. Og þegar engar breytingar hafa orðið í þessu efni síðan í fyrra, sje jeg auðvitað ekki annað en að samþykkja verði þetta frv. Hvort það er gert um óákveðinn tíma, svo sem í frv. er gert ráð fyrir, eða um ákveðið árabil, eins og sumir vilja, skiftir ekki máli. Þó að lögin eigi að gilda um óákveðinn tíma, má altaf nema þau úr gildi, þegar vjer þykjumst færir um að taka afleiðingunum af samningsslitum við Spánverja. Hingað til höfum vjer orðið að láta undan, og enn verðum vjer að gera það, samkvæmt skýrslu Pjeturs Ólafssonar, hvað sem síðar kann að verða. Þar sem því ekkert nýtt er fram komið í málinu, mun jeg greiða atkvæði með frv., eins og á síðasta þingi.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) þótti undarlegt, að jeg skyldi fara til Kaupmannahafnar til að ganga frá þessu máli. Jeg hefi áður greint ástæðurnar til þess, að jeg ræddi málið þar, sem sje að sendiherra vor situr þar. Hann hafði verið í samningsgerðunum við Spánverja, og er því ekki óeðlilegt, að jeg vildi hafa hann með í ráðum.

Háttv. þm. sagði, að leita hefði átt álits Spánverja, hvers þeir krefðust. En hvað ætli hefði verið sagt á Alþingi, ef stjórnin hefði byrjað á nýjum samningum við Spánverja, hvernig haga skyldi vínsölu innanlands? Það hefði getað leitt til þess, að málið yrði alt tekið upp og semja þyrfti á ný frá rótum. En það hefði verið rangt af stjórninni, og þingið hefði getað áfelt hana fyrir það. Hitt var gert í samráði við þann manninn, sem mestan þátt hefir átt í samningunum. Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að skýra þetta mál frekar; það er svo ljóst, að allir hljóta að skilja, sem það vilja gera.

Jakob Möller: Jeg sagði, að það hefði verið vangá, að komast ekki eftir því, um leið og samningarnir voru gerðir við Spánverja, hvað þeir álitu, að fælist í því, að undanþágan skyldi ekki verða gerð að engu, og þá hefði mátt komast að raun um, hvort þeir gerðu sig ekki ánægða með, að fyrirkomulagið á vínversluninni

væri hið sama og var áður en aðflutningsbannslögin komu.

Þetta álít jeg að hefði verið skynsamlegra og vissara heldur en ana út í það í óvissu, hve langt eða skamt mátti fara.

Forsætisráðherra (SE): Mjer þykja þau ummæli háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) ærið einkennileg, að þetta hafi ekkert verið athugað.

Sannleikurinn er sá, að þetta var athugað mjög ítarlega.

En hitt datt mjer aldrei í hug, og jeg álít, að þingið hefði getað áfelt stjórnina fyrir það, ef hún hefði farið að spyrja Spánverja að því, hvernig haga ætti vínsölunni innanlands.

Það hefði vel getað orðið til þess, að orðið hefði að byrja á nýjum samningum, og það tel jeg ekki heppilegt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JS, JÞ, LH, MG, MJ, MK, MP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, HK, IngB, JakM, JAJ, BSv.

nei: JB.

Tveir þm. (GunnS, ÓP) fjarstaddir.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 12, 131).

Sveinn Ólafsson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg hefði í hyggju að bera fram brtt. við 3. umr.; er það brtt. sú, sem nú liggur fyrir á þskj. 131. Fer brtt. mín í þá átt að tímabinda undanþáguna frá bannlögunum, en hafa eigi lögin fortakslaus í þessu efni, eins og frv. þetta ætlast til. Liggja hinar sömu ástæður til þess að tímabinda nú, sem lágu til þess á síðasta þingi. Undanhaldið er algerðara, ef ekki er tímabundið. Það liggur í þessu frv. um fortakslausa undanþágu einskonar yfirlýsing um, að okkur sje þessi ráðstöfun geðfeld og við veitum þessa undanþágu af fúsum vilja. Get jeg ekki sjeð af upplýsingum þeim og plöggum, sem snerta Spánarsamningana í fyrra, að nauðsyn reki til þessarar undanþágu til lengdar, og vil jeg því einskorða hana við árið 1927. Breytingin á 1. gr., eins og jeg ætlast til að hún verði, sem sje að *undanþágan gerist fyrst um sinn til 1927*, gefur í skyn, að hún geti orðið framlengd eftir 1927 eða framvegis. Frv. ákveður aftur undanþáguna fortakslausa, sem jeg sje ekki neina gilda ástæðu til að gera.

Mjer hefir verið svarað því áður, að þótt lögin ákveði undanþáguna fortakslausa, þá sje ætíð hægt að breyta þessu, ef þingið vilji: er það að vísu satt, en slík breyting getur orðið torsótt og tafsöm, þar sem aðferð sú, er jeg vil fylgja, er skýlaus og einföld, en fullnægir þó þörfinni að sinni. Jeg vil ekki sýna Spánverjum þá auðmýkt og undirgefni, sem felst í því að hafa undanþáguna fortakslausa, eins og vjer værum að umbuna kærleiksverk Spánverja. Jeg hefi altaf skoðað samningana sem nauðungarráðstöfun og litið á undanþáguna eins og afleiðingu kúgunar, svo sem hún auðvitað er, og felst það í brtt. minni, að vjer álítum þetta vera neyðar- og bráðabirgðafyrirkomulag. Mætti vel svo fara, að einbeittleikinn í að tímabinda undanþáguna ýtti undir stuðning útlendra bannvina, er hafa sýnt oss

samúð í þessu máli, og gæti það fyr en varði leitt til þess, að vjer losnuðum úr þessum spanska læðingi og gætum felt þessa ógeðslegu undanþágu niður fyrir fult og alt.

Læt jeg svo skeika að sköpuðu um forlög tillögunnar og fjölyrði ekki meira um hana að sinni, og geta nú háttv. þm. valið till. minni þá meðferð, sem þeim sýnist.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg ætla ekki að svo komnu að lengja umræðurnar, en ætla aðeins að skýra frá því, að þessi brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var borin undir allsherjarnefnd, og lagði hún eindregið til, að brtt. yrði felld. Liggja til þess margar ástæður. Eins og háttv. flm. brtt. sjálfur rjettilega tók fram, er það á okkar valdi að breyta til með þetta, ef við viljum. En brtt. háttv. 1. þm. S.-M. gerir oss á engan hátt hægra fyrir með það, ef hún næði fram að ganga. Miklu heldur hið gagnstæða, eins og jeg mun sýna síðar. Það er ekki satt hjá háttv. þm., að sömu ástæður sjeu fyrir hendi nú eins og í fyrra, er heimildarlögin voru samþykt. Það er ekki sambærilegt: þá var beinlínis svo um samið við Spán, að við þyrftum ekki að leggja fullnaðarsamþykki á málið fyr en eftir ár, en nú horfir öðruvísi við. Nú verður þetta að gerast, til þess að samningum vorum sje fullnægt og þeir geti haldist og vjer orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, er í móti eiga að koma af hendi Spánverja. Háttv. þm. (SvÓ) segist ekki hafa sannfærst af rökum þeim, er borin hafa verið fram, um nauðsyn þessarar undanþágu. Jeg ætla ekki að fara að taka upp aftur þau rök öll eða að fara að rifja upp allar þær umræður, sem um þetta hafa farið fram, og býst við, að aðrir háttv. þm. telji það og lítt nauðsynlegt. Skal jeg nú víkja að því, sem jeg sagði, að breytingartill. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) færi í raun rjettri í öfuga átt við það, sem hann ætlast til. Nú fara nýjar kosningar í hönd, og gæti þá hugsast, að hið nýkjörna þing vildi breyta um aðferð í þessu máli og standa gegn kröfu Spánverja og nema undanþáguna úr gildi. Mætti þá líta svo á, að ef brtt. háttv. þm. (SvÓ) væri samþykt, þá hefði þingið bundið hendur sínar í þessu máli til 1927. Þó að aðrar þjóðir færi nú að veita oss að málum, eins og háttv. þm. gerir ráð fyrir, kemur aftur að því sama, því að þá væri ekki hægt að hafast neitt að fyr en á árinu 1927, nema með því að ganga beint á svig við vilja þessa þings. Að öðru leyti geri jeg því miður ekki ráð fyrir, að þessu verði auðið að breyta svo bráðlega, en ef til þess kæmi, er miklu verra að vera búinn að binda sig svo eins og felst í brtt. háttv. 1. þm. S.-M. Hún getur því aldrei hjálpað okkur neitt, því að hún gefur ekkert, sem við ekki eigum án hennar, en tekur að nokkru af okkur ákvörðunarrjettinn um 4 ár.

Forsætisráðherra (SE): Jeg læt mjer nægja að vísa til þess, er jeg hefi áður sagt í þessu máli, en legg eindregið á móti því, að þessi brtt. við frv. verði samþykt. Jeg vil ekki taka á mig neina ábyrgð á þessu máli, ef þessi tillaga nær fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi setið hjá og hlustað á umræður í þessu máli á báðum þingunum, í fyrra og nú, og þess vegna er mjer ef til vill heimilt að fara nokkrum almennum orðum um þetta mál og láta í ljós álit mitt um það. *(Forseti*: Það er heimilt).

Óðar en lögin um aðflutningsbann höfðu verið samþykt við almenna atkvæðagreiðslu um land alt, vildu margir fá þeim breytt þegar í stað, og hafa menn oftlega vitnað til þess, að meiri hluti sá, sem fenginn væri með þeim, væri of lítill, er mál þetta hefði verið gert að kappsmáli þegar í upphafi. En jeg hefi ávalt verið því meðmæltur, að reynsla væri fengin fyrir lögunum, og hefði því viljað fá fulla raun á þeim áður en þeim hefði þurft að breyta. Reyndar vildi jeg helst, að þjóðinni gæfist á nýr tækifæri til að láta uppi álit sitt um þau með almennri atkvæðagreiðslu, er fleiri hafa nú hlotið atkvæðisrjett en áður, og auk þess ættu allir 16 eða 18 ára gamlir menn að eiga atkvæðisrjett um þetta, því að alþingiskjósendur hafa eigi ríkari rjett en aðrir til þess að ákveða, hvað leyft sje að eta eða drekka.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan bannlögin voru sett þessu ríki, hefir fengist full vissa fyrir því, að þau hafa allmjög verið brotin. Vilja sumir því um kenna, að eftirlit hafi verið slælegt, en hitt mun sönnu nær, að eigi verði náð hjer fullnægjandi eftirliti, sökum staðhátta, og engin leið til þess að verjast ólöglegum innflutningi vína. Er mönnum og kunnugt, að kauplæðingar voru hjer á landi áður bannlögin voru sett, og þurfti vart að búast við því, að bannlögin yrðu undantekning í því efni.

Jeg hafði fyrir löngu hugsað mjer, að ríkið skyldi taka að sjer alla vínverslun innanlands, en áður en jeg var farinn að reyna til að koma þeirri hugsun í framkvæmd, kom annað inn á milli. Sunnan frá Spáni kemur krafa um það að breyta löggjöfinni um innflutning og sölu vína, ef Íslendingar eigi að sæta þeim kjörum þar um toll á saltfiski, er aðrar þjóðir hafi best. Eigi kom þetta þó af því, að Spánverjum væri í huga, að vjer myndum kaupa vín af þeim, svo að verslun þeirra drægi nokkuð. Hitt var tilefnið, að þeir áttu í stímabraki við aðra stærri þjóð um sama efni, og drógumst vjer á þann hátt inn í málið. Var þá eigi nema um tvent að velja: fá háan toll og erfið kjör á Spáni eða breyta löggjöfinni um innflutning vína að öðrum kosti. Hefði hið fyrra haft að afleiðingum kollvörpun útgerðar hjer á landi, en af því hefði hlotist hrun banka og kollvörpun ríkisins og að hagur alls almennings hefði orðið hinn bágasti. Er einkennilegt, að nokkur háttv. þingmanna skyldi vera svo skammsýnn að greiða atkvæði gegn því, að undanþágan væri leyfð, og er þó undarlegra, að það skyldi einmitt vera fulltrúi þeirra manna, er hafa atvinnu af útgerð og fiskveiðum og harðast hefðu orðið úti allra landsmanna, hefði vilji hans náð fram að ganga. Vita allir, að útgerðin hefir nú um skeið verið rekin með tapi, og hefði hún síst mátt við 10—12 miljón króna skaða aukreitis. Þessi háttv. alþm. mun og einungis hafa verið að gera sig merkilegan á kostnað okkar hinna, sem vorum það forsjálir að stofna eigi landi og þjóð í bersýnilegan voða.

Þá hafa og heyrst allháværar raddir um það, að með því að ganga að kröfum Spánverja væri sjálfstæði landsins skert. Er hæft í þessu að nokkru, en þó mjög ýkt og að sumu leyti rangt. Þegar tveir aðiljar semja, verða báðir að vægja að nokkru, eigi tryggt samkomulag að nást, og þessir Spánarsamningar eru eigi annað en tollsamningar milli þjóða, og eru sömu lögum háðir.

Þá verð jeg og, í sambandi við brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að láta í ljós undrun mína yfir því, að þeir menn, er sárast þykir að beygja sig í þessu máli

og samþykkja undanþáguna, skuli vilja endurnýja samningana, helst árlega, og rifja með því upp sársaukann. Er það að mínu viti óþarfa nýtni á harma þessara manna. Öllum ætti að vera ljóst, að enda þótt leyfður sje innflutningur um óákveðinn tíma, þá hefir þó Alþingi í hendi sjer valdið til þess að breyta því, ef aðstæður breytast svo, að fært þyki að leggja út í slíkt. Þar er þó þess að gæta, að þótt nýr markaður fáist fyrir fiskinn, þá tekur þó ávalt nokkra tugi ára að koma honum í svo fast horf, að leggjandi sje út í það að segja skilið við þann markað, er best hefir reynst. Háttv. þingmönnum er öllum kunnugt um þetta, ekki síður en mjer. Enda þótt vjer sjeum voldugir, þegar vjer erum komnir í þingsætið, þá breytum vjer þó eigi gildandi viðskiftalögmálum.

Þá kem jeg að hinni hlið málsins, en það er hvernig fara skal með þau vín, er inn eru flutt. Jeg er þá fyrst á þeirri skoðun, að vínverslunina beri að reka með sem minstum kostnaði fyrir landið. Álít jeg fært að fela þeirri verslun, er nú fer með tóbaks- og steinolíuverslun hjer á landi, að taka einnig við vínversluninni. Mundi það geta orðið ríkinu að kostnaðarlitlu, því enda þótt vínverslunin bætist við, ætti ekki að þurfa að bæta við verslunina svo miklu sem einum skrifara.

Þá ætti að haga vínversluninni þannig, að einungis væru keypt inn holl og góð og júffeng náttúruvín, sem engan geta skaðað. Ætti það að geta verið alveg á valdi verslunarinnar. Gegn þessu mundu menn ef til vill færa það, að þá kæmu kauplæðingarnir og flyttu inn sterk vín á ólöglegan hátt í skjóli hinna vínanna. En við því er hægt að gera, og þó aðeins á einn hátt. Sektir og refsingar gagna lítt gegn slíkum mönnum. Eina vopnið, sem bítur, er það að selja ríkisvínin svo ódýr, að kauplæðingar hafi ekki lengur hag af því að flytja inn sterka og vonda drykki; mun þá verslun þeirra falla um koll af sjálfu sjer. Þó getur farið svo, að einstaka maður, sem er orðinn sterkum drykkjum vanur, kaupi þá eftir sem áður, en minni brögð verða þó sjálfsagt að því, og vart svo mikil, að ólöglegur innflutningur borgi sig, þegar við bætist áhætta með sektir. Flestir hinna yngri myndu eigi líta við öðru en náttúruvínum, og væri þá þeim tilgangi náð, að hin íslenska þjóð yrði vínþjóð, en ekki brennivínsþjóð. Jeg hefi farið um lönd þar sem menn drekka vín daglega svo sem vjer mjólk, og eru þær þjóðir eigi heilsuverri en aðrar, nema síður sje, en aftur á móti ljettlyndar og glaðar öðrum þjóðum fremur. Það eru hin sterku og vondu vín, er spilla heilsunni og geta gert menn dálítið ærða, ef eigi er gætt hófs. Það eru þau vín, sem kauplæðingarnir selja og vjer getum nú útrýmt, ef vjer viljum nota bannið og Spánarundanþáguna sem uppeldismeðal á þjóðina.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal eigi tefja umræður neitt að ráði, en þar sem þrír andmælendur gegn brtt. minni hafa látið til sín heyra, vil jeg ekki láta þeim með öllu ómótmælt. Jeg var svo óheppinn að heyra ekki nema lítið eitt af því, sem hæstv. forsætisráðherra sagði, en heyrði þó nóg til þess, að jeg komst að því, að hann var í andstöðu við brtt. mína. Aftur á móti heyrði jeg, að hv. 4. þm. Reykv. (M-J) var að fiksa við það, að þingið mundi eiga erfitt með að ganga móti Spánarsamningunum. En þetta er í rauninni ekki annað er fyrirsláttur þeirra manna,

er vilja binda oss um óákveðinn tíma við þessa smánarlegu samninga. Hitt segir sig sjálft, að ef undanþágan verður tímabundin, heldur það málefninu vakandi hjá þingi og stjórn um að leita nýs markaðar fyrir fiskinn, en hætt er við, ef undanþágan verður ekki tímabundin, að viðleitnin dofni smátt og smátt.

Jeg skal kannast við það, að lítið hefir orðið ágengt um útvegun á nýjum markaði næstliðið ár, enda ekki um langan tíma að ræða enn til slíkra tilrauna. Jeg hefi ekki sjeð skýrslur sendimanns stjórnarinnar til Suður-Ameríku, en mjer er kunnugt um, að nú eru að opnast leiðir til nýs markaðar, sjerstaklega í löndum austur með Miðjarðarhafinu, t. d. í Grikklandi, og á ströndum Svartahafs og víðar, og jafnvel í Alexandríu og annarsstaðar á Afríkuströndum. Hygg jeg horfur þar allgóðar, en sölutilraunum þarf að halda áfram þar austur frá, og er brtt. mín fram komin með fram til að ýta á eftir þeim.

Hjer hefði jeg staðar numið, hefði hv. þm. Dala. (BJ) eigi komið hjer með ýmsar nýstárlegar og fáheyrðar kenningar um þetta mál. Var það nánast þáttur úr gamalli þingsögu, er hann var að skýra frá og sem litla þýðingu hefir fyrir úrslit þessa máls. Komst hann að niðurstöðum, sem engan þarf að undra, er þekkir til skáldgáfu hans. Meðal annars gat hann þess, að skaði landsins myndi nema 10—12 miljónum, ef eigi væri gengið að samningunum. Var þessu slegið fram í fyrra, en er alveg ósannað og í raun og veru ósannanleg fjarstæða. Var þessu og svarað þá, og þarf jeg eigi að ræða um það nú, enda kemur það minni tillögu ekkert við.

Um málið sem sjálfstæðismál skal jeg ekki heldur deila. Þarf engan að furða á því, þótt háttv. þm. Dalamanna (BJ) telji þetta viðskiftamál, en eigi sjálfstæðismál; það kannast allir við þessa kenningu hans frá síðasta þingi, og var ekki trútt um, að sumum þætti þá þessi sjálfstæðisgarpur vera farinn að losna í ístöðunum.

Jeg hefði þó fyrirgefið háttv. þm. þetta gönuhlaup frá málefninu, hefði hann eigi að ræðulokum komið með tvær kenningar, svo fáránlegar og fjarstæðar, að jeg vissi ekki, hvort jeg átti að líta á þær eins og mismæli eða alvörumál. Á jeg þar við það, er háttv. þm. vildi hafa undirboð á vínunum, svo að ríkið bolaði kauplæðingana út á versluninni hjer innanlands. Með þessari hollu og skemtilegu samkepni vill hann láta ríkið vera allsherjar vínveitanda. Hin kenningin hjá háttv. þm. var sú, að nota skyldi vínin sem uppeldismeðal fyrir hina uppvaxandi kynslóð, sem þannig mundi læra að þekkja mismun góðs og ills. Þykir mjer skörin vera farin að færast upp í bekkinn, er slíkar orðræður hljóma á Alþingi sjálfu, Alþingi bannlandsins. Þarf jeg eigi að eiða orðum gegn þessari fjarstæðu frekar. Hún mótmælir best sjálfri sjer.

Björn Hallsson: Jeg stend eigi upp til þess að hjálpa háttv. frsm. (MJ) um svar, því hann mun vera einfær um það, en þar sem jeg hefi ekki fyr tekið til máls í Spánarmálinu, vil jeg með nokkrum orðum lýsa afstöðu minni.

Jeg leit svo á Spánarmálið á síðasta þingi, að eigi yrði hjá því komist að semja við Spánverja á þeim grundvelli, sem gert var, ef komast ætti hjá hruni annars af stærstu atvinnuvegum landsins, og það þeim, sem gefur landssjóði mestar tekjur. Jeg hafði ekki neina löngun til þess í fyrra að veita víni yfir landið. En heldur vildi jeg fylgja þessari undanþágu frá bannlögunum heldur en sjáv-

arútvegurinn færi um. Jeg er sömu skoðunar enn þá, því sömu ástæður eru nú fyrir hendi og þá. Einnig finst mjer rjett að samþykkja frv. í því formi, sem það kom frá stjórninni. Vildi heldur í fyrra regluleg lög heldur en heimildarlög handa stjórninni. Gat ekki skilið þá, hvers vegna þeim lögum mætti ekki breyta, ef eitthvað það kæmi fram síðar gagnvart fiskmarkaði, sem gerði það að verkum, að hægt væri að taka bannlögin aftur upp óbreytt. Jeg get heldur ekki sjeð, að brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) bæti nokkuð úr skák, því ef ástæður breytast, má altaf breyta lögunum, þótt ekki sje sett ákvæði í þau, hvað þau eigi að gilda lengi. Annars á jeg erfitt með að skilja afstöðu þessa háttv. þm. (SvÓ) til þessa Spánarmáls. Hann talar á móti því bæði á þingi og á þingmálafundum, og ber á móti öllum útreikningum fjárhagsnefndar síðasta þings, en greiðir svo atkvæði með öllu saman, þrátt fyrir alt. Samkvæmari væri hann sjálfum sjer, ef hann hefði fylgt dæmi háttv. 2. þm. Reykv. (JB) í fyrra, sem bindindismenn hjer álitu þá nokkurskonar dýrling í þessu efni. Hann greiddi þó atkvæði á móti og talaði líka sama hátt. Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði um kúgun og sjálfstæðisskerðingu. Það er auðvitað rjett, að við verðum að láta undan stórþjóðunum; hjá því verður ekki komist. Við erum ekki nógu máttugir að standa á móti straumnum. En hvað yrði úr sjálfstæðisrembingi okkar, ef við yrðum algerlega fjárhagslega ósjálfstæðir? Er víst vart á það bætandi frá því, sem nú er, hvað þá ef Spánarmarkaðurinn hefði lokast.

Jeg mun því, svo sem jeg hefi áður tekið fram, greiða atkvæði með því, að samþykt verði lög, er ekki sjeu bundin við sjerstakt tímabil. Þeim má ávalt breyta síðar með breyttum aðstæðum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins taka það fram áður en atkvæði ganga um brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að svo framarlega sem hún verður samþykt, þá verður að semja af nýju við Spánverja og á nýjum samningagrundvelli. Loforð þeirra um bestu kjör eru bundin við það, að innflutningur vína þeirra, er í samningnum greinir, sje eigi bundinn neinni sjerstakri tímatakmörkun. Jeg tel það skyldu mína að skýra háttv. deild frá þessu.

Jón Baldvinsson: Eitt atriði er það í þessu máli, sem jeg hefi ekki fengið upplýsingar um enn þá, enda þótt jeg hafi spurst fyrir um það, en það er, hvort undanþágan um innflutning vína nái einungis til náttúrlegra vína, eða hvort einnig megi flytja inn vín, sem eingöngu eru búin til úr spíritus. Í rauninni er þetta ekki merkilegt atriði í mínum augum, en þó vildi jeg gjarnan fá upplýsingar um þetta. Hæstv. forsætisráðherra tók sjer frest til að svara þessari spurningu minni, en svar er ókomið enn þá.

Það mun hafa verið tilætlunin á síðasta þingi, þegar undanþágan var samþykt, að einungis yrðu flutt inn vínberjavín. Jeg gerði athugasemd um þetta á síðasta þingi, og hv. frsm. allsherjarnefndar (MJ) svaraði því, og eru ummæli hans á þessa leið:

> „Vín þýðir í hinni rjettu, þröngu merkingu orðsins aðeins náttúrleg vín, vínberjavín, og það merkir það hjer.“

Þessi ummæli taka af allan vafa um það, hvernig þingið ætlaðist til, að orðið

„vín“ yrði skilið í þessu sambandi, en um hitt vildi jeg fá upplýsingar, hvernig sá skilningur hefir orðið í framkvæmdinni.

Ræðu háttv. þm. Dala. (BJ) hefir þegar verið svarað, og þarf jeg þar ekki við að bæta, en þynnast þykir mjer nú farið blóðið í sjálfstæðishetjunni, og gefur framkoma hans nú ástæðu til að ætla, að hann sje einungis sjálfstæðismaður gagnvart Dönum, svo auðmjúkur sem hann er fyrir þeirri árás á sjálfstæði þjóðarinnar, sem felst í kröfu Spánverja um afnám bannlaganna.

Hv. þm. Dala. (BJ) kvað kynlegt að heyra mest mótmæli frá fulltrúa þeirra manna, er mest mundi bitna á, ef vjer ljetum eigi undan kröfum Spánverja. En jeg býst við, að verstu afleiðingar víndrykkjunnar bitni mest á verkalýð landsins og fátækasta hluta þjóðarinnar Eða hví skyldu hjeraðs- og sveitarstjórnir jafnan hafa amast við og bannað vínsölustaði? Og hvers vegna skyldu þær hafa mótmælt kröftuglega ráðstöfunum stjórnarinnar um vínsölu og veitingaleyfi? Auðvitað vegna þess, að þær álitu, að það mundi verða til mikils fjárhagslegs hnekkis fyrir almenning.

Jeg skal annars ekki blanda mjer frekar inn í umræðurnar, en vænti þess, að jeg fái svar við fyrirspurninni.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki heldur blanda mjer inn í umræðurnar, en einungis víkja orðum *mínum* að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann gat þess, að nú væru að opnast nýir markaðir í löndunum kringum Miðjarðarhafið, og vildi jeg gjarnan biðja hann um nánari skýringar á þessu. Mjer er sem sje kunnugt um, að dregið hefir úr fisksölu suður þangað nú í bili. Undanfarin ár hafa selst til Grikklands, mest gegnum Ítalíu, 10—12 þús. skippund, mest af Labradorfiski og ýsu, en í ár hefir því nær ekkert verið flutt þangað. Markaðurinn í Ítalíu hefir verið sjerstaklega laklegur á síðastliðnu ári. Verðið fjell afskaplega, af því að of mikið barst að, en markaðurinn mjög takmarkaður. Þá var gerð tilraun til að flytja Labradorfisk til Spánar, en verðið var lágt og sú sala borgaði sig ekki. Auk þess var seldur upsi og fiskur nr. 3 til Norður-Afríku, en það var lítið, í mesta lagi 1000—2000 skippund. Síðastliðið ár seldist óvenjumikið af fiski til Norður-Spánar, en það var vegna þess, að samningur Norðmanna og Spánverja gekk í gildi svo seint á árinu.

Þetta er það, sem jeg veit rjettast um fisksölu til Miðjarðarhafslandanna, og vildi jeg því leyfa mjer að biðja hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um gleggri upplýsingar um það, á hverju hann byggir fyrnefnd ummæli sín.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal verða við ósk þeirri, er hv. þm. Ísaf. (JAJ) bar fram, að svo miklu leyti sem jeg get. Jeg ljet þess getið, að mjer væri kunnugt um, að nú væri að rýmkast um markað fyrir saltfisk suður í Miðjarðarhafslöndum. Það er rjett, þegar borið er saman við það, sem áður var. Hann er nú að verða kunnur þar, sem hann þektist ekki áður. Nýlega hafa verið sendir slattar, sumpart sem sýnishorn og sumpart eftir pöntun, til Egyptalands og Grikklands, þar sem íslenskur fiskur hefir að vísu verið seldur áður, en mjög lítið, og jeg veit, að tilraunir hafa verið gerðar um sendingar til Tyrklands og norður með Svartahafi, þótt enn sjeu þær á byrjunarskeiði. Þessar leiðir eru að smáopnast og víkka fiskmarkað vorn. Jeg hefi ekki leyfi til að

skýra frá einstökum tilraunum, en þetta er mjer heimilt að segja. Ekki get jeg heldur sagt frá því, hverjir hafa þessar tilraunir með höndum. Þeir eyða fje og fyrirhöfn í tilraunirnar og það er eðlilegt, að þessir menn vilji ekki fá keppinauta sína of snemma í kapphlaup við sig.

Í tilefni af því, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, að hann vildi ekki bera ábyrgð á brtt. minni, ef hún yrði samþykt, skal jeg geta þess eins, að mjer finst hann ekki þurfa að taka neina ábyrgð á sig. Deildin tekur ábyrgðina á gerðum sínum, með því að samþykkja till. eða hafna henni. Annars yrði sú ábyrgð ekki háskaleg. Ef brtt. verður samþykt, yrðum vjer að leita til Spánverja á ný í árslok 1927 og spyrja þá, hvort þeir krefðust áfram, að vjer leyfðum innflutning vína í landið. En skilyrðum Spánverja er fullnægt, þegar bannlögin eru feld úr gildi í 4 ár, fyrst um sinn, að áskildu áfengismarki. Það var aldrei í skilyrðum þeirra, að þessi undanþága ætti að gilda eilíflega.

Þá vildi jeg athuga lítillega ræðu háttv. 2. þm. N.-M. (BH). Jeg vissi eiginlega ekki, hvaða erindi hann átti upp úr sæti sínu. Hann þóttist ætla að hjálpa háttv. frsm. (MJ), en sú hjálp kom að engu liði. Háttv. þm. var að þurka eitthvað framan úr sjer, en jeg skil ekki, hvað það var eða hvað æsti skap hans. Hann bar mjer það á brýn, að jeg hefði verið á móti þessu frv. í fyrra heima í hjeraði, og þó að lokum samþykt það. Þetta er að kasta kaldyrðum og sumpart ósönnum. Jeg mótmælti í fyrra öfgum í áliti meiri hluta viðskiftamálanefndar, og geri það enn, og jeg gerði ljósa grein fyrir atkvæði mínu um þetta í fyrra. Þessar slettur háttv. þingmanns eru því með öllu ástæðulausar. Bæði hefir hann og margir aðrir þingmenn þrásinnis orðið að sætta sig við úrslit mála önnur en þau, sem þeim þóttu æskilegust. Hver leggur það til málanna, sem hann hyggur rjettast, og verður þó oft að sætta sig við að vera borinn atkvæðum, jafnvel að styðja mál, þótt eigi hafi hann getað komið fram öllum sínum vilja. Veit jeg ekki, að slíkt hafi verið neinum til ámælis lagt, enda eru þessi önugyrði háttv. þm. fráleit firra, sem jeg skil ekki, hvers vegna hann flaggar með.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal aðeins leiðrjetta það, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði. Það var einmitt í fyrra skilyrði af Spánverja hendi fyrir bestu kjörum, að samþykt yrði frv. eins og hjer liggur fyrir. Stjórnin lofaði í fyrra að koma með þannig lagað frv., eins og hún hefir gert. Þetta sjest ljóslega í skjölum málsins.

Björn Hallsson: Með orðum mínum hefi jeg ljóslega komið hreyfingu á blóðið í hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), því að hann var mjög heitur, þegar hann stóð upp. Sannast á honum, að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Hann byrjaði á því að segja, að hann sæi ekki, hvaða erindi jeg hefði átt upp úr stólnum. Jeg hefi þó átt þetta erindi. Ennfremur kvað hann mig hafa viljað hjálpa hv. frsm. (MJ), en jeg tók það fram í upphafi, að jeg ætlaði ekki að hjálpa honum, því að þess þyrfti ekki.

Háttv. þm. sagði, að jeg hefði verið að þurka framan úr mjer. Það er misskilningur; jeg þarf þess ekki, því að jeg er ekkert óhreinn. Jeg hefi altaf verið sjálfum mjer samkvæmur síðan þetta Spánarmál kom á dagskrá. En jeg hygg, að hv. þm. þyrfti fremur að þvo sjer; hann er ekki allskostar hreinn í þessu máli. Þetta vil jeg rökstyðja með því, að þegar menn

halda fram á þingmálafundum heima í hjeraði öðru en því, sem þeir greiða atkvæði með á þingi, þá er það ekki hreint. Jeg kalla það tvöfeldni og ekkert annað en kisuþvott og tilraun til þess að kasta rýrð á meiri hluta þingsins í Spánarmálinu, en reyna með því að upphefja sjálfan sig. Þannig var þessu varið gagnvart fjárhagsnefnd Nd. í fyrra. Þessi hv. þm. skrifaði undir nál. eins og hinir, en er svo með allra handa flóri á eftir um rangar forsendur fyrir málinu. Annars þurfti jeg ekki neitt að svara þessum hv. þm. (SvÓ). Hann var of reiður til þess rökræða nokkurt mál.

Ef hv. þm. skilur ekki nú, hvað jeg á við og hvaða erindi jeg átti upp úr sætinu, get jeg að líkindum ekki hjálpað honum í rjettan skilning.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg hefi í raun og veru engu að svara. Þó vildi jeg lýsa yfir, að jeg er talsvert ósammála hv. þm. Dala. (BJ) um rök hans fyrir að fallast á þessa undanþágu frá bannlögunum, er hann gerði ráð fyrir breyttum hugsunarhætti landsmanna gagnvart lögunum. Þessu vil jeg mótmæla, að hjer liggi nokkur andbanningahugsunarháttur að baki. Annars skal jeg ekki fara að vekja stælur um bannlögin sjálf og rjettmæti þeirra.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) áleit, að frestunin í fyrra hafi verið orsökin til þess, að stjórnin gerði mann til Suður-Ameríku. En sú sendiferð var svo undir komin, að samvinnunefnd viðskiftamála lagði til í fyrra, að veitt yrði fje til þessarar ferðar. Þetta stóð alls ekki beinlínis í sambandi við Spánarmálið, eins og hv. þm. má muna, þar sem hann var sjálfur í nefndinni, heldur spanst það út af styrkbeiðni einni.

Hv. þm. (SvÓ) tók þá að rifja upp útreikningana frá því í fyrra; kvað hann áætlun nefndarinnar, um að tollurinn mundi nema 12 miljónum króna árlega, vera ranga. En hv. þm. ætti ekki að óska þess, að reikningur hans frá því í fyrra og röksemdafærsla yrði rifjað upp. Hann taldi þá, að tollurinn mundi nema 4—7½ miljón króna árlega, og munu menn að líkindum enn þá, hvernig hann komst að þeirri niðurstöðu. Hann fór eftir ónákvæmum og röngum skýrslum um útflutning saltfisks til Spánar, og reiknaði gullpeseta auk þess með jafngengi, á 72 aura, í staðinn fyrir 115 aura, sem rjett var. Útreikningar hans voru því með öllu villandi og hagga í engu því, sem nefndin heldur fram, og þarf ekki að ræða það atriði frekar. Annað mál er það, hvort þessi tollur yrði algerlega drepandi fyrir fiskiútgerðina; um það mætti skeggræða fram og aftur, og eins hitt, hvort Spánverjar sjálfir myndu ekki bera tollinn að einhverju leyti. Í fyrra var sýnt fram á, að svo fremi einhver þjóð, er stundar fiskveiðar, hefði betri tollkjör en við, hlyti þetta að lenda á seljandanum. *(SvÓ:* Því var spáð). Eða hví seljum við ekki fiskinn hærra verði á Spáni nú en við gerum? Auðvitað vegna þess, að hann er nú í því hæsta verði, sem við getum fengið fyrir hann.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) þarf jeg ekki að svara. Hann vitnaði í mín orð um það, hvernig skilja ætti orðið „vín" í lögunum og frv. Þetta er alveg rjett hjá hv. þm. Jeg áleit, að einungis væri átt við náttúrleg vín, en ekki hitt, að þynna mætti spíritusblöndu niður í 21% og flytja svo til landsins. Jeg hefi litið þannig á, að eftir rjettu eðli íslenskrar tungu væri vín sama sem náttúrleg vín, en ekki tilbúin úr spíritus. Ef önnur vín flyttust til lands-

ins, væri rjettast að kæra það og láta dómstólana skera úr, hvaða skilning beri að leggja í þetta ákvæði laganna. Annars er jeg ekki kunnugur störfum áfengisverslunarinnar, en fer ekki eftir lausum sögusögnum í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 131 feld með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, JS, MK, SvÓ, ÞorstJ.

nei: ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, JAJ, JÞ, LH, MG, MJ, MP, PO, PÞ, SSt, StSt, BSv.

Fjórir þm. (IngB, ÓP, ÞorlG, ÞorlJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., laugardaginn 17. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 12).

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. stjórnarinnar er lagt fyrir þingið nú samkvæmt loforði stjórnarinnar á síðasta Alþingi og í samræmi við þá niðurstöðu, sem varð í samningunum við Spánverja á síðasta ári. En af þeirra hálfu var því þá lofað, að ef lög eins og þetta frv. yrðu samþykt, þá mundum við verða aðnjótandi bestu tollkjara fyrir fisk vorn.

Um leið og jeg mæli hið besta með frv., legg jeg til, að því, að umræðunni lokinni, verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 184).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg geri ráð fyrir, að það sje í raun og veru óþarfi að hafa langa framsögu hjer. Málið hefir verið svo mikið rætt og haft svo mikil áhrif á hugi manna, að það er þingi og þjóð kunnara en flest mál önnur. Eins og kunnugt er, þá sögðu Spánverjar Íslendingum og Dönum upp verslunarsamningnum frá 1893, og áttu Íslendingar ekki kost á að endurnýja samninginn án bannlagabreytingar. Því var það, að fyrverandi stjórn lagði fyrir síðasta þing frv. til breytinga á bannlögunum. Stjórnin hafði færst undan því að gera þetta, en þá var ekkert undanfæri lengur ef hámarkstollur á íslenskum saltfiski á Spáni átti ekki að ganga í gildi. Þingið breytti frv. stjórnarinnar lítillega: það var gert að heimildarlögum til eins árs. Þetta frv. hjer er að mestu samhljóða þessum heimildarlögum, er jeg nefndi. Eðlilega þóttu þetta mikil og ill tíðindi hjer á landi, að við skyldum ekki eiga kost á samningi nema með þessum kostum. Því var líka reynt það, sem hægt var, til þess að fá Spánverja til þess að falla frá þessum kröfum, en það tókst ekki. Að sjálfsögðu varð það því hlutverk þingsins í fyrra að athuga, hve mikið væri í húfi, ef ekki yrði gengið að kröfum Spánverja. Þá var gerður allábyggilegur reikningur um það, eftir því sem þá stóð, af viðskiftamálanefndum beggja deilda. Þá

var lágmarkstollur 32 pesetar á hver 100 kg., en hámarkstollur 96 pesetar. En útflutningsmagn til Spánar áætlað um 17 þús. tonn. Þegar gengið var út frá því, að lágmarkstollurinn leggist á þá, sem vöruna kaupa, er hjer að ræða um mismun á lágmarks- og hámarkstolli, er nemur um 12½ miljón króna. Hvernig sem menn líta nú á þessar tölur, sem jeg hygg að hafi verið eins ábyggilegar og kostur var á, þá er víst, að þær eru nú breyttar. Fyrst er þess að gæta, að pesetinn er nú lægri en í fyrra, og því ætti talan 12½ miljón að lækka. En aftur er breyting orðin á lágmarkstollinum; hann er nú 24 pesetar, í stað 32 í fyrra, en af því leiðir, að talan hækkar. Ennfremur má ætla, að fiskmagnið hafi verið fremur of lágt reiknað en of hátt. Jeg hefi snúið mjer til Fiskifjelags Íslands, sem aftur leitaði til þeirra manna, er það taldi, að best vissu um þetta. Og eftir þeim upplýsingum, sem hægt var að fá um útflutninginn árin 1921—1922, hefir útflutningur til Spánar hjeðan af landi, beint og óbeint, verið mun meiri en 17 þúsund tonn. Miðað við þessi ár er því talan 12½ miljón áreiðanlega ekki of há, en líklega til muna of lág. Jeg veit ekki, hvernig menn vilja hugsa sjer að halda áfram fiskframleiðslunni, ef þessu mikla fje er kastað á glæ. Jeg álít, að það væri rothögg á hana. Því er ærin ástæða til að samþykkja ekki neitt það, er spilt getur fyrir fisksölu vorri á Spáni. Því megum vjer ekki breyta lögum þessum, er hjer liggja fyrir, því að þau tryggja okkur framhald þess, að við fáum bestu kjör á Spáni. Sumir munu nú segja sem svo, að þetta sje ekki fengið fyrir ekki neitt, og er það vitanlega hverju orði sannara. Við verðum að gera ráð fyrir því, að landsmenn verji talsverðu fje til þess að kaupa áfengi, og meira en þeir hafa áður gert. Þó er þess að gæta, að þetta fje er ekki afskaplega mikið. Þegar litið er á rekstrarreikning áfengisverslunarinnar, verður fjárhæðin ekki talin ýkjahá. Nettóinnkaup af vörum áfengisverslunarinnar 1922 eru krónur 505807,89, en vörubirgðir taldar 31. des. 1922 kr. 321869,30. Mismunurinn er því um 200 þús. kr. En þó er ekki alveg rjett að álykta þannig, því að í þessum vörubirgðum mun vera það áfengi, sem upptækt var gert á árinu 1922, og var það eigi lítið. Jeg veit nú ekki, fyrir hve mikið var flutt inn árið þar á undan; um það vantar skýrslur, en árið 1919 var áfengi flutt inn fyrir yfir 300000 kr. En þótt tölur þær, er jeg hefi nefnt, bendi ekki til mikillar aukningar á því fje, sem farið hefir fyrir áfengi, verður þó ekki við öðru búist en að nokkru meira verði drukkið en áður og að nokkuð eyðist meira af tíma og fje til áfengisnautnar vegna þessara laga. En þrátt fyrir það nær engri átt að hafna þessum lögum nú; til þess er of mikið í húfi. Það voru 12½ miljón kr. í fyrra, og sennilega meira nú.

Jeg álít þetta fullnægjandi greinargerð þess, að menn verði að aðhyllast þetta frv., hvort sem þeim er það ljúft eða leitt.

Þá er ekki úr vegi að minnast á það, hvað gerst hefir í málinu síðan á síðasta þingi. Það var sett reglugerð um sölu og veitingar áfengra drykkja. Jeg veit ekki til þess, að Spánverjar hafi gert neinar kröfur til þess, að vín verði veitt hjer opinberlega. En slíkt ákvæði var sett inn í reglugerðina og gert ráð fyrir, að opinberar veitingar yrðu í 4 kaupstöðum landsins. Þetta kom nokkuð flatt upp á marga. Nú vil jeg spyrja hæstv. forsrh. (SE), hvort þetta hafi verið gert eftir kröfu Spánverja. Sje svo, þá er ekkert við því að segja, en ef svo er ekki, þá sje jeg

ekki ástæðu til að halda því. Þessar veitingar eru að vísu ekki nema á einum stað hjer í Reykjavík, og er einkennilegt að veita slíkt einkaleyfi, án þess að nokkurt fje sje greitt fyrir. Þá er annað atriði. um útsölustaðina. Menn líta nokkuð misjafnlega á það. Sumir líta svo á, að því fleiri sem útsölustaðirnir eru, því meira verði drukkið. En hjer kemur fleira til álita. Því fleiri sem útsölustaðirnir eru, því minna verður um leynisölu, en hjer í landi er hún víða mjög mikil. Er því óvíst að drykkjuskapurinn yrði meiri, þótt sölustöðum yrði fjölgað. Svo er annað, sem vert er að athuga. Það er ekki hægt að neita því, að hjer er orðin afskaplega og óeðlilega rík tilhneiging til að neyta sterkra drykkja. Banninu hefir verið um það kent, og er það að nokkru leyti rjett. En ef sölustaðirnir væru fleiri, mundi það draga úr tilhneigingunni til að neyta sterkra drykkja, er vínhneigðir menn ættu þó kost á daufara áfengi. Jeg kasta þessu aðeins fram hjer til athugunar, en ek' af því, að það liggi fyrir hjer að greiða atkvæði um það.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Jeg býst ekki við því, að nokkur sá sje hjer inni, er vilji brugga fiskframleiðslu vorri slík banaráð að greiða atkvæði á móti þessu frv.

Forsætisráðherra (SE): Jeg get þakkað hv. nefnd fyrir það, hversu vel hún hefir tekið þessu máli og afgreitt það fljótt.

Háttv. frsm. (SHK) spurði, hvort krafa hefði komið frá Spánverjum um að hafa hjer opinbera vínsölustaði. En um það var engin krafa frá þeim. Eins og jeg skýrði frá í hv. Nd., þá fór jeg til Kaupmannahafnar eftir þing í fyrra, og þar var nú-gildandi reglugerð samin í samráði við formann samninganefndarinnar, sem fór til Spánar. En annar maður, sem í nefndinni var, rithöfundur Einar Hjörleifsson Kvaran, var ekki kominn heim, er jeg fór til Hafnar, en Gunnar Egilson stjórnarerindreki var þá á Spáni.

Öll okkar viðleitni fór í þá átt, eins og sjálfsagt var, að halda í öllum greinum samningana við Spánverja og gera ekkert, sem á nokkurn hátt gæti lokað Spánarmarkaðinum, en jafnframt vildum við, eftir því sem unt var, gera þær ráðstafanir, sem heimilaðar voru til þess að sporna við óhappaafleiðingum vínnautnarinnar.

Jeg vildi ekki spyrja Spánverja um, hvað setja ætti í reglugerðina; það hefði getað orðið til þess, að byrja hefði þurft á nýjum samningum, og auk þess er það óviðkunnanlegt að spyrja erlenda þjóð ráða um innri málefni, svo sem þetta var.

Jeg áleit líka best að hafa sölustaðina sem fæsta, en þótti þó ekki rjett að ganga skemmra í því efni en tekið er fram í reglugerðinni.

Jónas Jónsson: Í þessu máli má segja, að fyrir löngu sjeu sjeð fyrir forlög Kartagóborgar. Er því ekki ástæða til að fjölyrða um málið nú. En við síðustu umræðu þess getur skeð, að jeg fái tækifæri til að halda stutta líkræðu yfir bannlögunum.

Það, sem jeg vil vekja athygli á nú, er það, að þessi lög voru sett með þjóðaratkvæði. Er því skoðun margra, að ekki megi afnema þau á annan hátt. Þessu var hreyft í fyrra, en ekkert hefir þó verið gert í þá átt. Vil jeg því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (SE), hvers vegna ekkert hefir verið gert í því að

undirbúa, að málið yrði lagt undir atkvæði þjóðarinnar og afgreitt á þann hátt. Þetta tel jeg svo stórt atriði, að jeg treysti mjer ekki til að greiða atkvæði með frv. fyr en jeg fæ fullkomnar upplýsingar um þetta.

Þá vil jeg í öðru lagi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hver árangurinn hafi orðið af ársfrestinum, sem tekinn var í fyrra, með að afgreiða þetta mál að fullu. Það kom fram í ræðu háttv. frsm. (SHK), að fresturinn átti að vera til þess að vita, hvort ekkert raknaði úr með markaðshorfur utan Spánar fyrir íslenskan saltfisk. Hefir maður verið sendur til Suður-Ameríku til þess að rannsaka þar markaðshorfur fyrir saltfisk. En skýrslu um ferð hans var útbýtt hjer fyrst í dag. Er það allóviðkunnanlegt, því að betur hefði átt við, að menn hefðu getað kynt sjer hana áður en til úrslita átti að ganga um þetta stórmál.

Þá hefir sennilega í öðru lagi verið tilætlunin að nota frestinn til að fá aðstoð annara þjóða í málinu. En jeg vil þá spyrja: Hefir nokkuð verið gert í þá átt? Annars virðist mjer, að meðferð þessa máls bendi ótvírætt í þá átt, að enginn harmur sje hjá flestum fulltrúum þjóðarinnar, þó að bannlögin verði afnumin, því að mjög lítið sýnist hafa verið gert til þess að framfylgja kröfum þjóðarinnar og koma í veg fyrir, að hún þurfi að bíða þetta skipbrot í miklu siðferðismáli.

Það skiftir alls ekki miklu, frá mínu sjónarmiði, hvernig atkvæðagreiðsla fer hjer um þetta mál í dag, því að í raun og veru má segja, að bannlögin hafi verið afnumin áður með tilstilli þingfulltrúanna. Að þetta þing sje skipað bannmönnum, að undanteknum örfáum, virðist erfitt að sjá, eftir þeim viðtökum, sem frv. mitt um að herða á sektum fyrir launverslun með sterka drykki og opinbert ölæði fjekk hjer í háttv. deild í gær. Jeg sá þá, að hinir sömu menn, sem afnema bannið í feginshug, vilja ekki láta væsa um smyglarana og opinbera ofdrykkjumenn. Og þessir sömu menn berjast með hnúum og hnefum á móti því, að syndagjöldin, hinir „30 silfurpeningar", sem svo hafa verið nefndir, verði notaðir til að efla menningu í landinu.

Það er því alls ekki sjáanlegt, að þessir menn vilji á nokkurn hátt styðja varnir móti áfengisbölinu. Og enga sorg er að sjá á þeim, þó að bannið sje afnumið og smygl og ölæði magnist í landinu.

Það, sem jeg legg hjer aðaláhersluna á, er, að jeg vil fá svar hjá hæstv. stjórn, hvers vegna ótilhlýðilegt hafi þótt að leggja þetta mál undir atkvæði þjóðarinnar. Og í sambandi við orð háttv. frsm. (SHK), um að hann skyldi ekki í, að nokkur væri sá, er vildi brugga fiskframleiðslunni banaráð með því að vera á móti þessum kröfum Spánverja, vil jeg beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort það hafi verið með í kröfum Spánverja, að enginn mætti mótmæla afnámi bannlaganna og að ekki dygði annað en að þær væru samþyktar einróma — annað væri ekki tekið gilt.

Jeg skal taka það fram, að mínir kjósendur, sem kusu mig í sumar, vissu vel afstöðu mína í þessu máli. Er það því ekkert brot á móti þeim, þótt jeg greiði atkv. gegn þessu frv. nú.

Þá var háttv. frsm. (SHK) að því er mjer skildist að finna að því, að útsölustaðir vínsins hefðu verið of margir. En sorgin yfir því var ekki dýpri en svo hjá háttv. þm., að hann stakk upp á því, að útsölustöðum væri fjölgað, til þess að minna yrði smyglað.

Jeg vil því spyrja: Hvaða samræmi er í þessu hjá háttv. þm.? (*SHK*: Þetta er alt rangt skilið).

Annars finst mjer það mjög torskilið hjá þessum mikla bannvini, að vilja fjölga útsölustöðum, sem er margbúið að mótmæla af íbúum í flestum kauptúnunum, til þess að smyglun minki.

Sje jeg svo enga ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál nú.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) spurðist fyrir um það, hvers vegna þetta mál hefði ekki verið borið undir þjóðaratkvæði. En háttv þm. veit vel, að Alþingi skildi svo við málið, að það ætlaðist ekki til, að það væri borið undir þjóðaratkvæði.

Stjórnin hafði því enga heimild til að gera þetta. Enda ef til vill nokkuð hæpið að láta þjóðaratkvæði ráða úrslitum í jafnmiklu tilfinningamáli og þessu, þar sem fjárhagur þjóðarinnar var í voða, ef með æsingum hefði tekist að koma málinu í strand. Og hver veit, hvað hefði mátt gera í því efni?

Ef aftur á móti þjóðaratkvæði hefði farið fram, sem ekki hefði verið úrslitaatkvæði, þannig, að Alþingi hefði haft seinasta orðið í málinu, en þjóðaratkvæðið hefði aðeins verið einskonar tillaga þjóðarinnar, þá verð jeg að líta svo á, að jeg samkvæmt stjórnarskránni hefði getað greitt atkvæði öðruvísi en þjóðaratkvæðið, og mundi hafa gert það, ef jeg hefði ekki verið sammála því.

Þá spurði háttv. 5. landsk. þm. (JJ), hvað hefði gerst á árinu í þessu máli. Háttv. þm. veit, að ekkert hefir gerst í því annað en það, að maður var sendur til Suður-Ameríku til þess að athuga markaðshorfur fyrir saltfisk þar. Hefir nú verið birt skýrsla frá honum, og það var rjett hjá háttv. þm., að rjett hefði verið að birta hana fyr. Skýrsla þessi bendir ekkert í þá átt, að saltfiskmarkaðurinn á Spáni sje ekki nauðsynlegur fyrir okkur. Og reynsla Norðurlanda bendir ótvírætt í þá átt, að við förum rjett að í máli þessu, þar sem fram hefir komið í Stórþinginu norska frv. um að gera samskonar undanþágu frá bannlögunum og hjer hefir verið gerð. Og meira að segja hringdi einn ræðismaður til mín áðan og sagði, að búið væri að samþykkja svona lög í Noregi. Jeg skal vitanlega taka það fram, að þetta var ekki ræðismaður Norðmanna. (*Atvrh. KlJ*: Þetta stóð í Morgunblaðinu í morgun). Það hafa þá fleiri fengið skeyti um það. Sýnir þetta því ljóslega, að ekki hefði þýtt fyrir okkur að fara að taka upp nýja samninga við Spánverja, þegar Norðmenn hafa orðið að láta undan síga, eftir alla þeirra baráttu.

Þá spurði háttv. 5. landsk. þm. (JJ), hvort það hefði verið krafa Spánverja, að allir ættu að vera með frumvarpi þessu. Þessu er vitanlega slegið fram af háttv. þm. til þess að vera fyndinn, og þarf þar engu um að svara.

Háttv. þm. er alls ekki í samræmi í þessu máli við flokk þann, sem hann tilheyrir, og er jeg viss um, að hjer er jeg sem oftar í meira samræmi við hann heldur en þingmaðurinn.

Þá var það eitt, sem háttv. þm. sagði, að bæjarstjórnir hefðu mótmælt útsölustöðum, en stjórnin hefði ekkert tekið það til greina. Hvernig átti stjórnin að taka þau mótmæli til greina, þar sem þau voru í beinu stríði við þá reglugerð, sem stjórnin taldi nauðsynlegt að setja? Úr því að Alþingi vildi taka á sig hina þungu fórn í þessu máli, þá gat ekki komið til mála

að láta bæjarstjórnir víðsvegar um land koma í veg fyrir það gagn, sem átti að verða af fórninni.

Jeg þykist hafa sýnt það, að jeg hafi verið fult eins góður bannmaður eins og hver annar, og hefi jeg þó ekki treyst mjer til að vera á móti þessari undanþágu. En eftir að jeg var kominn að þessari niðurstöðu, þá kærði jeg mig ekki um að viðhafa neinn kisuþvott, þó sumir þurfi þess til þess að róa samviskuna.

Hefði nú niðurstaðan orðið sú, að fiskmarkaðinum hefði verið lokað vegna bannlaganna, þá hefði jeg ekki lagt mikið upp úr þeim á eftir. Jeg hygg, að örbyrgðin og vesaldómurinn, sem af því hefði leitt, hefðu orðið svo mikið rothögg á bannmálið, að eftir það hefði það átt sjer lítillar viðreisnar von.

Annars tel jeg, að umræður um þetta mál nú sjeu með öllu þýðingarlausar.

Jónas Jónsson: Jeg lagði þá fyrirspurn fyrir hæstv. stjórn, hvers vegna hún hefði ekki hugsað um að leggja þetta mál undir atkvæðagreiðslu þjóðarinnar Jeg fjekk það svar, sem jeg bjóst við, að bæði hæstv. forsrh. (SE) og jafnvel flokkur þingmanna hefði verið hræddur við að bera þetta undir atkvæði þjóðarinnar. Þeir hafa þá óttast, að þjóðin vildi ekki afnema bannið.

Skal jeg þá fyrst snúa mjer að hæstv. forsrh. (SE). Mjer finst alleinkennilegt, ef þjóðin hefði heldur viljað leggja á sig verslunarböl, til þess að halda sínum bannlögum, að þá eigi að frelsa hana frá því án hennar vilja. Og það gefur óneitanlega slæman grun, að stjórnin, ekki síst hin fyrverandi, var bæði leynt og ljóst á móti því að leggja þetta undir atkvæði þjóðarinnar.

Því hefir verið haldið óspart fram, að væri þessum kröfum neitað, yrði það til að loka fiskmarkaðinum við Spánverja. En jeg vil þá spyrja: Er þá kjötmarkaðurinn lokaður í Noregi, af því að kjöttollurinn var hækkaður þar? Jeg ímynda mjer ekki.

Það hefir verið tekið fram af háttv. frsm. (SHK), hve mikið tap það væri fyrir landið, ef innflutningur hinna spönsku vína væri ekki leyfður. En hann athugaði ekki, að það eru ýms önnur töp, sem þjóðin verður fyrir og ekkert er hugsað um. Mætti þar til nefna tóbakseyðsluna. Nýlega hefir læknir reiknað út, að við eyddum í tóbak á ári 4 miljónum króna. Þetta getur þjóðin lagt fram af sinni fátækt samhliða því, sem hún lætur aðra þjóð kúga sig í einföldu tollmáli.

Það, sem jeg að síðustu vil leggja aðaláhersluna á, er, að ekki megi afnema þau lög, sem samþykt hafa verið með þjóðaratkvæði, án þess að bera það undir þjóðaratkvæði aftur.

Forsætisráðherra (SE): Það mætti auðvitað takast með æsingum að fá þjóðina til að ganga inn á eitthvað í bili, sem hana mundi síðar iðra við rólega yfirvegun. En bestu kjörin geta þá verið farin úr sögunni, og væri þá ver farið en heima setið. En hefði nú atkvæði hv. þingmanns fallið eins, ef það hefði verið úrslitaatkvæði? Er það víst?

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir gefið viðvíkjandi fyrirspurninni um veitingastaði, og voru á þá leið, að um slíkt hafi engar kröfur komið fram af Spánverja hálfu. Þá finst mjer það óþarfa „nervösi-

tet“ að láta setja ákvæði inn í reglugerðina um vínveitingar, og jeg legg áherslu á það, að hæstv. forsætisráðherra hefir lýst yfir því, að engin krafa hafi verið um það gerð. Jeg sje ekki nauðsyn á því að hafa hjer vínveitingar, hvorki vegna neinna laga nje heimilda, þegar Spánverjar heimta það ekki. Það er áreiðanlegt, að enginn átti von á opinberum veitingum í fyrra, er málið var rætt, enginn talaði þá um þörf á því og enginn bjóst við því.

Mjer finst engin ástæða til að svara mörgu hv. 5. landsk. þm. (JJ), þótt hann sje þegar búinn að halda langa ræðu. Hann kemur fram með þá fyrirspurn, hvers vegna ekki sje viðhöfð þjóðaratkvæðagreiðsla um málið. Jeg geri ráð fyrir, að því sje eigi gott að svara af hverjum einstökum þm.

Einn mundi svara á þennan veg, annar á hinn. Það er ekkert launungarmál, að menn líta misjafnlega á bannlögin, og myndu því svara þessu misjafnlega.

Það er ekki ólíklegt, að ástæðan til þess, að svo margir krefjast ekki atkvæðagreiðslu um málið, sje, að þeir sjeu sannfærðir um, að þjóðin mundi greiða atkvæði á móti því, ef það yrði borið undir úrslitadóm hennar. Þar sem ræðir um tvo aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, get jeg ekki trúað því, að meiri hluti hennar væri með að fella það. Mjer kom það, satt að segja, á óvart, er jeg heyrði það, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) ætlaði að greiða atkvæði á móti frv. Mjer datt ekki í hug að halda, að hann hefði ástæðu til þess, þar sem hann talaði um það fyr í ræðu sinni, að áður en þetta frv. kom til umræðu hafi mátt segja, að bannið væri dautt í landinu. Jeg á bágt með að skilja, ef bannið er dautt í landinu á annað borð, hvers vegna eigi þá að verja um 12½ miljón króna til að halda uppi þessum dauða hlut. Það er ekki hægt að skoða það dautt, ef vert er að verja árlega mörgum miljónum króna til að halda því við. Þetta er aðalatriðið, sem jeg hirði um að svara, en það er gersamlega augljóst, að hjá hv. þm. er um óeðlilega fastheldni að ræða. Jeg veit ekki, ef ekki er hægt að hrekja þær tölur, sem hjer er um að ræða, hvernig beri að skilja þá dirfsku að greiða atkvæði sitt þannig, að landið bíði margra miljóna kr. skaða — segjum 10 miljóna. Jeg skil ekki, hvernig einn fulltrúi þjóðarinnar getur varið það á þessum tímum. Því bjóst jeg við, að enginn yrði á móti.

Jónas Jónsson: Jeg hefi beðið um að mega gera stutta athugasemd.

Viðvíkjandi ummælum hæstv. forsrh. (SE) get jeg þess, að það er ljóst, að hann er á móti þjóðaratkvæði. (*Forsrh. SE*: Og þingið er líka á móti því). Mjer finst eina skýring á því, hvaða afstöðu háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) hefir valið sjer í þessu máli, vera næsta sennileg, að hann gerir það af ást á banninu. Það er skiljanlegt frá hans sjónarmiði, að hann gat ekki hugsað sjer annað en að taka á sig krossinn sjálfur. Hann vill afnema bannið, svo að þjóðin þurfi ekki að saurga á því hendur sínar.

Jeg uppgötvaði nú, að háttv. þm. hafði með fyrri ræðu sinni leitt mig út á villispor. Hann virtist vera óánægður með, að veitingastaðir skyldu vera leyfðir. En sami háttv. þm. leggur til, í þjónustu bannhugsjónarinnar, að vín verði selt á enn fleiri veitingastöðum, til þess að spara mönnum ómakið að fara til smyglara. Að síðustu er það þessi mikla umhyggja fyrir þessum 12 miljónum, sem er svipuð þeirri, er hann virðist bera fyrir smyglurunum. Ef þjóðin er svo heimsk, að hún mundi greiða atkvæði sjer í óhag, hve

lengi ætli þessi föðurlega umhyggja háttv. þm. gæti bjargað henni? Það er lítil ástæða til að ætla, að þjóðin sjái ekki fótum sínum forráð, ef líf hennar er í veði.

Seinast er þessi pesetareikningur lagður á borðið, en það er ekki minst einu orði á tóbak, kaffi eða aðrar munaðarvörur, sem þjóðin eys út miljónum til að borga árlega. Meira að segja er ekki talað um þótt annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar sæti ókjörum af hendi annarar þjóðar. (*Forseti*: Athugasemdin fer að verða of löng). Já, jeg ætla aðeins að bæta við: Sú skömm að láta útlenda þjóð kúga okkur til að breyta löggjöf okkar er í mínum augum þungbærari en peningatjón. Og jeg þori að mæta háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) hve nær sem er í þessu máli og fyrir hvaða dómstóli, sem annars er bær um að dæma í siðferðis- og uppeldismálum.

Forsætisráðherra (SE): Það er þrent, sem um er að ræða, þrenskonar undantekningar á bannlögunum, innflutningur víns, veitingar og sala. Og til allra þessara undantekninga varð að taka tillit, til þess að lögunum væri fullnægt. Þetta var sú niðurstaða, sem stjórnin komst að, þegar verið var að semja reglugerðina.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) reyndi að óvirða mig fyrir það, að jeg hafði leyft mjer að geta þess, að það væri nokkur ástæða til að íhuga, hvort útsölustaðir væru nógu margir. Jeg færði til þess tvær ástæður. Háttv. þm. hefir kanske ekki tekið nógu vel eftir, enda hefir hann ekki sagt neitt af viti um málið. Mjer finst það mjög mikilsvert atriði, hvað mikið er um smygl í landinu, og það er líka íhugunarvert, hvað löngunin til sterkra drykkja er mikil í landinu. Þetta er honum velkomið að nota mjer til óvirðingar, því að jeg kannast við, að jeg álít þetta tvent íhugunarvert, og ekki amast jeg við því, þótt hann reyni að teygja úr því langan lopa. Háttv. þm. dirfðist að gefa það í skyn, að jeg ynni fyrir smyglara; en þá mætti eins segja um hann, að hann væri hreinn og beinn smyglaraagent hjer á þingi, er hann fettir fingur út í það, sem gæti orðið til að minka smyglun. Það væri miklu rjettari hugsun. Hann sagði, að þetta tal um 12 miljónir væri fleipur andbanninga. Hann leyfir sjer án raka að vefengja, að það sje rjett. En það er reiknað út af mjög fjölmennri nefnd úr báðum deildum þingsins í fyrra, sem sje viðskiftamálanefndinni. Jeg hefi ekki athugað, hve margir af þeim voru bannmenn og hve margir andbanningar, en þótt sumir í nefndinni hafi verið andbanningar, þá verður þeim ekki um fleipur brugðið. Ummælin eru alveg ósamboðin og ósæmileg af þm., að fara slíkum orðum um störf nefndar á fyrra þingi. Út af því, er hv. þm. var að fleipra um kaffi, tóbak og annan „luxus," þá leyfi jeg mjer að spyrja: Hvað kemur það þessu máli við? Spánverjar hafa ekkert heimtað í því efni; kröfur þeirra ná ekki lengra en hvað snertir vín. Og það mátti háttv. þm. vita vel sjálfur. Tal hans viðvíkjandi þessu máli hefir verið fleipur frá upphafi til enda.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 : 1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JM, SE, SHK, SJ, BK, EÁ, GGuðf, GÓ, HSn, HHB, HSt.

nei: JJ.

Einn þm. (KE) fjarstaddur.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 22. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 12).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Mjer þykir eigi þurfa að halda langa ræðu um mál þetta. Háttv. deild hefir við 2. umræðu skorið úr því með nafnakalli. Er því fyrirsjáanlegt, hvernig um málið muni fara nú. Er það vitað, að með samþykt þessara laga eru allir þm. nema 2, sem hafa svo litla ábyrðartilfinningu fyrir sjávarútvegi landsins og velferð hans, að þeir eru reiðubúnir til að baka þjóðinni fjölda miljóna króna beint tap. En auðvitað yrði tapið miklu meira en þær 12½ miljón, sem um hefir verið rætt, því að ef vilji þeirra yrði ofan á í máli þessu, þá er fyrirsjáanlegt fjárhagslegt hrun, og eigur sjávarútvegsmanna verða að litlu sem engu. En þótt ástæða sje til að beina athygli háttv. þm. að þessum tveim hjáróma röddum, tel jeg þó meiri ástæðu til þess að beina athygli háttv. þm. að því, að nálega allir þingmenn eru sammála um hvernig fram úr þessu máli verði að ráða. Þingmenn hafa líka allir átt kost á því að tala við kjósendur sína um þetta mál, og er það **áþreifanleg bending** um það, að það, sem þeir gera í þessu máli, sje vilji þjóðarinnar. Jeg held því fram, enda hefir verið bent á það hjer í þessari háttv. deild, að ekki sje hægt að gera bannhugmyndinni meira ógagn en að neita að samþykkja frv. það, er hjer liggur fyrir. Það er of vægt til orða tekið, að það mundi gera bannlögin óvinsæl, ef frv. yrði ekki samþykt; fyrirsjáanlega mundi það leiða til þess, að óhugsandi yrði, að nokkur bannlög gætu þrifist í landi þessu. En eins og jeg tók fram í öndverðu, álít jeg eigi þörf á því að rekja mál þetta í sundur. En nú eigum vjer von á því, samkvæmt gefnu loforði, að hlýða hjer á líkræðu yfir bannlögunum. Býst jeg við, að þar verði alt lesið aftur á bak að vanda, og faðirvorið líka. Þykir mjer ólíklegt, að jeg þurfi að halda langan kapítula út af þeirri ræðu.

Jónas Jónsson: Það mun hafa verið síðasta bakterían, sem háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) hefir ætlað að leggja til í banamein bannlaganna með ræðu sinni. Annars gaf hún lítið tilefni til andsvara. En af öðrum ástæðum finst mjer ekki úr vegi að líta dálítið aftur í tímann um mál þetta. Jeg gerði ráð fyrir því áður, að jeg mundi halda líkræðuna yfir bannlögunum í dag, og virtist mjer háttv. 2. þm. S.-M. hneykslast mjög á því, að jeg talaði um dauða þessara laga. Hann virðist ekki hafa áttað sig á því, að dauði bannlaganna hefir verið fullkomin staðreynd í 1 ár, fyrir tilstilli háttv. þm. og annara. Líkið hefir staðið uppi í 1 ár. Er því best að snúa sjer að moldum þess.

Bannmálið er það mál, sem einna best allra mála hefir verið búið undan úrskurð þjóðarinnar. Mikill meiri hluti þjóðarinnar var því fylgjandi, og það fylgi hefir æ farið vaxandi. Mun óhætt að segja, að nálega enginn þm. hafi treyst sjer til þess að ná þingsæti, nema með því að fylgja banninu. Man jeg svo langt, að háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) og háttv. 4. landsk. þm. (JM) lýstu yfir sterkri trú sinni á bannhugsjóninni og ást á henni. Alþjóðarviljinn í landinu bar bannlögin fram til sigurs. En það var annar vilji til í landinu — embættismannaviljinn — ef svo mætti að orði kveða, sem var mjög andvígur banninu frá upphafi og hafði það mjög mikil áhrif. Voru í hóp þessara embættismanna margir læknar og sýslumenn, og

auk þess töluvert af dómurum landsins, sem eigi voru sýslumenn. Auk þess voru í flokki þessum ýmsir aðrir leiðandi menn, svo sem kennarar við mentaskólann og háskólann. Þegar því litið er sögulega á bannmálið, sjest, að meiri hluti þjóðarinnar hefir viljað losna við áfengið, en minni hlutinn, nokkuð af hinum svonefndu langskólagengnu mönnum og allur þorri kaupmanna, hafa viljað hafa vín í landinu. Í upphafi var það aðallega heimastjórnarflokkurinn á þingi, sem mest beitti sjer á móti banninu, en eins og mönnum er kunnugt, þá var kjarni þess flokks embættismenn. Litlu síðar bættust við í þann flokk kennarar hins almenna mentaskóla.

Það var þess vegna bersýnilegt, að þeir, sem eiga að móta embættismannastjett landsins, höfðu opinberlega bundið fylgi sitt við andbanningastefnuna. Það orkar mjög tvímælis, hversu heppilegt það er frá uppeldislegu sjónarmiði. Um sama leyti kom það í ljós, að allmargir af dómurum landsins litu eins á. Það þótti mjög óviðkunnanlegt, að dómarar skyldu binda sig í svo þýðingarmiklu máli með því að láta í ljós opinberlega andstöðu gegn máli, sem fyrirsjáanlegt var, að þeir mundu fyr eða síðar dæma um. Þessu næst komu svo rithöfundar og heimspekingar. Þeir hjeldu því fram, að bannlögin væru brot á helgustu mannrjettindum, brot á allsherjarstjórnarskrá, sem veröldin væri bygð á. Frá slíkum talandi, kennandi og prjedikandi mönnum var því óspart haldið fram, að það væri fullkomlega leyfilegt að brjóta bannlögin. Þessi eitrun streymdi út frá allmörgum þeim mönnum, sem lengsta skólagöngu höfðu fengið. Það er sennilegt, að hjer hafi aldrei komið í ljós önnur eins siðferðisspilling sem við þessar „agitationir". Margir þeir menn, sem stöðu þeirra vegna mátti búast við, að þjóðin tæki mikið tillit til, prjedikuðu það, að fólkið þyrfti ekki að hlýða lögum landsins. Það leið heldur ekki á löngu, áður en mótþróa manna þessara fór að bera ávöxt og tekið var að slaka á bannlögunum. Fyrst kom skipabrennivínið. Því var haldið fram, að nauðsynlegt væri, að skip Eimskipafjelagsins hefðu vínveitingar. Menn þyrftu að drekka á sjónum; fengju menn ekki áfengi á Eimskipafjelagsskipunum, þá ferðuðust menn með skipum hinna útlendu fjelaga. Því næst kom hið svokallaða konsúlabrennivín. Það þótti óhjákvæmilegt, að hinir erlendu konsúlar hefðu vín eftir þörfum. Kom þá fram í verkinu, að það töldu sumir menn hjer til skuldar hjá þeim og ætluðu sjer að taka það út með því að fá sjer í staupinu hjá fulltrúum erlendu ríkjanna. Þetta voru nú smágöt á bannlögunum. En svo kemur þriðja innrásin, læknabrennivínið. Andbanningar gerðu þá uppgötvun, að óheppilegt væri fyrir sjúklinga, að læknar hefðu ekki áfengi eftir þörfum. Og þeir fengu því framgengt, að apotekin og læknishúsin voru gerð að áfengisbúðum. Þetta fyrirkomulag hafði sínar ljósu og dökku hliðar. Það er sennilegt, að flestir læknar hafi notað eitthvað af áfengi í meðul. Jeg átti tal við einn helsta lækni þessa bæjar, sem leggur stund á innvortissjúkdóma, og hann sagðist mundu nota um 20 flöskur á ári til lyfja. En það er bersýnilegt, að læknar hafa notað heimild þessa misjafnlega. Allir bestu læknarnir hafa farið vel með hana, notað vínið sem lyf, en því miður lítur út fyrir, að töluverður hluti læknastjettarinnar hafi misbrúkað leyfið. Sömuleiðis virðist sem lyfjabúðirnar hafi ekki altaf gætt skyldu sinnar. Þarna voru nú komnar þrjár opnar leiðir að áfenginu, skipabrennivínið, konsúlabrennivínið og læknabrennivínið.

Við þetta bættist svo, að oft reyndist erfitt að sækja þessi mál fyrir dómstólunum. Sektir voru lágar og dómar mildir. Kom það meðal annars ljóslega fram í gær, er hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem er dómari, fanst það goðgá að stinga upp á háum brennivínssektum og lagði til, að frv. um það efni yrði tafarlaust felt.

Þetta gefur dálitla hugmynd um, hvernig dómarar hafa hagað sjer við framkvæmd bannlaganna. Í sambandi við þetta má minnast á hinn danska dómara, sem dæmdi flesta dóma í Danmörku á stríðsárunum fyrir óleyfilega verslun við stríðsþjóðirnar. Hann tók hart og miskunnarlaust á öllum smyglurum og vandi þá greypilega af því að svívirða land sitt, og er sagt, að honum sje manna mest að þakka, hversu Dönum tókst að halda hlutleysi sínu. En hjer hefir lítið orðið vart við slíka röggsemi. Jeg skal hjer aðeins minnast á einn dóm, í hinu svokallaða Blöndahlsmáli. Það var á þeim tíma, er íslensk skip gengu til Ameríku, að maður nokkur, Blöndahl að nafni, kom með áfengiskassa í farangri sínum. Málið kom fyrir rjett og maðurinn var sýknaður. Blöndahl bar það fram, að hann hefði ekki vitað, hvað í kassanum var, og dómarinn tók það fyrir góða og gilda vöru. Svo stóð á, að um þetta leyti var verið að stofna hjer hæstarjett. Templarar vildu áfrýja máli þessu til hæstarjettar og fóru fram á það við þáverandi forsætisráðherra (JM), að hann gerði það, og mun hann hafa lofað því. En það varð ekkert úr því, og það hefir aldrei komið fram, hvers vegna dómsmálaráðherrann lofaði þessu, en efndi ekki. Þetta dæmi sýnir, hversu erfitt það var fyrir almenningsviljann að fá að njóta sín. Þeir, sem áttu að gæta bannlaganna, gengu ekki með orku að því; menn fengu þá trú, að ekki væri hættulegt að brjóta og studdust við álit mentamannanna, að það væri siðferðislega rjett. Það er ekki rjett að gleyma því, að þetta ástand hefði átt að geta vakið blíðar tilfinningar gagnvar banninu í brjósti sumra þeirra, er áttu að gæta þess. Það er sagt, að einn merkur dómgæslumaður hafi haft svo miklar tekjur af tollheimtu eitt árið, að hann hafi þá orðið varanlega auðugur maður og byggt fyrir gróðann eitt af stórhýsum þessa bæjar. Svo gott hafði bannið reynst honum. Þá er og vitanlegt, að bannið hefir orðið ljelegri tegund lækna hjer fjárgróðavegur. Því væri ekki ólíklegt, að þessir menn mintust bannsins með þakklátssemi. Jeg man eftir því, að fyrir 12 árum hitti jeg í Danmörku gamlan íslenskan prest, sem sagði við mig: „Jeg veit það, að bannið verður ekki afnumið þegar kvenfólkið fær kosningarrjett. Þótt karlmennirnir bregðist, þá treysti jeg kvenfólkinu með sína næmu siðferðistilfinningu, er það minnist þess, hvað það hefir oft og einatt orðið að þola vegna vínbölsins.“ Jeg trúi ekki öðru en þetta rætist og við útför bannsins sjáist það, að kvenþjóðin láti spádóm þennan verða að sannindum, þannig, að hinn útvaldi fulltrúi kvenþjóðarinnar standi djarflega á verði.

Þegar bannlögin voru búin að ganga í gegnum þennan reynsluskóla og stríðinu var lokið, tók straumur almenningsvaldsins smám saman að sigra hinn svarta straum lögbrotaheimspekinnar. Rostinn tók að lækka í þeim, sem vildu brjóta bannlögin. En þá kemur þessi dagsbrún, þessi sólarupprás á Spáni, sem endanlega losar andbanninga við þann ótta, að landið þurfi að vera „dry“. Er krafa Spánverja frjettist, þá varð uppi fótur

og fit hjá andbanningum. Blað eitt, sem aðallega var málsvari flokks þess, er var á móti banninu, taldi þegar í stað ekkert vit í öðru en láta undir eins undan hinni dökkhærðu suðrænu þjóð. En stjórnin vildi þó gera eitthvað til þess að fá Spánverja til þess að falla frá kröfum sínum, og til þess valdi hún þann mann, sem áður fyr hafði látið í ljós mestu fyrirlitningu á banninu og ótrú á því. Hann var þá suður í löndum og var nú sendur til Spánar til þess að sannfæra Spánverja um nauðsyn bannsins. Það virtist nú mörgum merkilegt, að láta höfuðandbanning landsins vera fulltrúa þess í þessu máli á þessum stað. Það gekk auðvitað ekki neitt á Spáni. Jeg segi ekki, að niðurstaðan hefði orðið önnur, þótt annar hefði verið sendur, en þetta sýnir vel hjartalag þáverandi forsætisráðherra (JM), er stóð fyrir samningunum. — Bannmenn gerðu hvað þeir gátu til þess að fá aðstoð erlendis í þessu máli. Þeir sendu ágætan bannmann, Einar Hjörleifsson Kvaran, út í lönd, og var honum víða vel tekið. En hann hafði engan stuðning frá stjórninni. Jeg held að það sje rjett, að einu sinni er hann var staddur í Englandi, þá átti hann erfitt með að ná tali af háttsettum stjórnmálamönnum, af því að hann vantaði stjórnarumboð. Hann símaði þá heim eftir umboði, en fjekk ekki. Stjórnin treystist ekki til að veita honum stuðning. Þá kom það og í ljós, að stjórnin hafði ekkert gert til þess að afla oss bandamanna erlendis. Norðmenn stóðu í stímabraki við Spánverja um sama mál og við. Þá var ekki úr vegi, að stjórnin færi þess á leit við Norðmenn að gera bandalag við þá, og eitt gengi yfir báða. Þessu var haldið fram af bannmönnum. En þá var því haldið fram af íslenskum andbanningum, að Norðmenn sætu á svikráðum við okkur og við yrðum að sigra einir. Það var ekki eingöngu stjórnin, sem var á móti þessu, heldur var viðskiftanefndin og ófús á að reyna þessa leið. Þá hefði og verið reynandi, að formaður stjórnarinnar færi til Bandaríkjanna til þess að reyna að útvega oss þar stuðning í þessu máli gegn Spánverjum. Það hefði að minsta kosti ekki verið óþarfara en að sitja hjer heima í veislufagnaði með erlendum gestum. Þannig hjelt málið áfram. Maðurinn, sem hafði haldið hjer út blaði og kallað bannlögin þrælalög, sat suður á Spáni, en stjórnin og viðskiftanefndin vildu enga samvinnu við Norðmenn. Um þetta leyti kemur þing saman. Þá gerist merkilegur hlutur. Einn af helstu bannmönnum þingsins kallar bannmenn saman á fund, til þess að fá þá til að láta engan mann skerast úr leik við afnám bannlaganna. Nokkuð líkt gerðist hjer í deildinni nú, er einn hv. þm. virtist furða sig á því, að þm. skyldu ekki allir sem einn rjetta upp höndina með kröfu Spánverja.

Þá kem jeg að 12½ miljónunum, sem hv. 2. þm. S.-M. (SHK) veifaði hjer eins og úlfhjeðni. Honum fanst ósæmilegt af mjer að fara niðrandi orðum um útreikninga viðskiftanefndarinnar. Virtist hann álíta slíka útreikninga skeikula. Jeg vil nú leyfa mjer, honum og öðrum til skilningsauka, að nefna hjer nokkur dæmi um mannlegan fallvaltleik í þessum efnum. Fyrir um 20 árum var einn af hv. þm. þessarar deildar mjög sannfærður um nauðsyn Íslandsbanka. Það var háttv. 2. þm. G.-K. (BK). Síðar, er hann var orðinn bankastjóri við annan banka, virtist af skrifum hans, að hann hefði fundið *nýjan sannleik við nýja rannsókn*. Hin fyrri rannsókn hafði þá ekki reynst tæmandi. Líka má benda á útreikninga sama

manns viðvíkjandi S. Í. S. Í vetur þóttist hann sýna fram á það með rökum, sem áttu að vera vísindaleg, að fyrirtæki þetta væri að setja landið á hausinn. En veruleikinn er sá, að þangað hefir aldrei komið reikningur, sem ekki hefir verið greiddur. En á sama tíma fara keppinautafyrirtæki og kaupmenn hópum saman á höfuðið og þeim eru gefnar upp miljónir. En það hafði þessi maður talið ábyggileg fyrirtæki. Þá munu margir, sem kannast við umræður í símamálinu, þar komast við „vísindalega" útreikninga hv. 2. þm. G.-K. (BK) að fullnaðarvissu um að landssíminn myndi setja íslensku þjóðina á höfuðið. Jeg tek þessi dæmi um mannlegan fallvaltleik, og háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) má ekki vera of viss um, að allir útreikningar sjeu óyggjandi. En til þess að nefna samskonar dæmi honum nær, skal jeg geta þess, að þegar jeg var unglingur norðanlands var hann blaðstjóri á Akureyri. Jeg las þá í blaði hans, sem mjer þótti fremur skemtilegt, marga leiðara um það, hvað einn flokkur í landinu væri skaðlegur og sjerstaklega varað við foringja flokksins, sem nú er látinn, Hannesi Hafstein. Svo varð háttv. þm. alt í einu ritstjóri blaðs hjer í Reykjavík. Og snemma í þeim blaðaleiðangri kemur mynd í blaði hans af H. Hafstein, ásamt löngum leiðara um þann mæta mann, og kveður þar töluvert við annan tón en í blaði hans á Akureyri; því að nú kemur fram alt önnur skoðun á manninum. Vafalaust hefir aukin rannsókn kent ritstjóranum, að hin fyrri skoðun var röng. Þetta er aðeins dæmi, sem sýnir, að bjargfastar skoðanir geta verið rangar. En til þess að sýna, að útreikningar geta líka verið rangir, nægir að minna háttv. frsm. (SHK) á, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) komst að annari niðurstöðu í fyrra en háttv. frsm. með útreikninginn á pesetunum. Verð jeg þó að telja háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) miklu skýrari mann. Þá má og nefna matið á hlutabrjefum Íslandsbanka. *(Forseti*: Vill þingmaðurinn ekki halda sjer við efnið). Jú, en jeg tek þetta sem dæmi. Hlutabrjefin voru metin af nefndinni á 95 kr. hverjar 100 kr. En mat kauphallarinnar reyndist aftur alt annað á brjefunum. Hefir stundum komist niður í 38%. Þetta ætti að nægja til þess að sýna, hversu dómum og ályktunum manna getur skeikað.

Hefði því fullvel mátt svara Spánverjum öðruvísi, þegar kröfur þeirra voru annaðhvort að breyta lögunum eða að þeir keyptu ekki saltfiskinn af okkur. Það var því eigi um annað en verslunarkúgun að ræða hjá þeim.

En hvað sögðu Belgir við Þjóðverja, þegar þeir vildu fá að fara með herinn yfir land þeirra? Þeir sögðu vitanlega *nei*, þrátt fyrir það, þótt þeir vissu vel, hve mikið var í húfi. Þeir sögðu eins og einn af okkar frægustu mönnum, þegar danskir dátar ætluðu að kúga þjóðina: „Vjer mótmælum allir". Belgíumenn komu óskemdir út úr rauninni. Höfðu vitanlega látið bæði menn og fje, en hjeldu því, sem mest var um vert, en það var *heiðurinn*. Fáar íslenskar setningar eru á sama hátt tengdar við manndóm eins og orð Jóns Sigurðssonar: „Vjer mótmælum allir." Og þessi orð voru einmitt sögð, þegar beita átti okkur ofríki af útlendu valdi. Og maðurinn, sem sagði þessi orð, vildi heldur lifa við skuldir og fátækt heldur en selja manndóm sinn, því að honum voru boðin góð embætti, til þess að hann hætti að standa á verði í þjóðfrelsisbaráttunni.

Jeg býst nú ekki við, þrátt fyrir þetta, að hægt sje að láta háttv. 2. þm. S.-M.

(SHK) skilja þessa hlið málsins. En jeg skal taka það fram, að mjer finst afnám bannlaganna svo ófrægilegt verk, að jeg vil ekki eiga þátt í að greiða atkvæði með því.

Hvernig eru þá meginlínur í þessu máli? Því er fljótsvarað. Annars vegar eru kröfur bannmanna um að losa þjóðina algerlega við áfengisbölið, heilsutjón, fjártjón, líkamlega og andlega úrkynjun; en hins vegar er eigingirni og nautnalöngun hinna vínþyrstu. Og þessi eigingjarna, spilta hneigð hefir frá upphafi ráðið atkv. andstæðinga bannstefnunnar.

Bannlögin liggja nú á líkbörunum. Sjúkdómssaga þeirra byrjar á hinum heimspekilegu kenningum um að þjóðin eigi að brjóta bannlögin. Fyrsta undanþágan mun hafa verið konsúlabrennivínið, þá kom læknabrennivínið, skipabrennivínið og að síðustu kröfur Spánverja um innflutning ljettra vína, sem nú þegar hefir verið gengið að. Og einn af hinum miklu bannvinum þingsins, hv. 2. þm. S.-M. (SHK) leggur til, að Spánarvínin verði seld sem víðast, einmitt til að auka hófsemina! Eftir öll þessi sjúkdómsköst lá veikin niðri þangað til í gær. Þá tekur veikin að gera vart við sig hjer í háttv. deild, er felt var frv. frá 2. umr., er gekk í þá átt, að hafa örugt eftirlit með bannlögunum, að því leyti, sem þau eru enn í gildi. Samkvæmt því átti að framfylgja á öruggan hátt fyrirmælum um, að vera ekki ölvaður á almannafæri, og svo um búið, að smyglarar sættu verulegum sektum fyrir brot sín. Þetta vildu samkepnismenn efri deildar ekki láta ræða, enn síður samþykkja í þinginu. Til að kóróna alt verk þingsins í þessu máli er síðan hið endanlega dráp bannsins afgreitt hjer með afbrigðum frá þingsköpum. Bak við allar þessar aðgerðir hlýtur að vera einhver dularfullur kraftur, sem knýr löggjafana áfram eftir þessari þrotlausu vínsölubraut.

Út af þeim gorgeir háttv. frsm. (SHK), að við hefðum ekki efni á að tapa 12 milj. króna, má benda á, að einmitt eftir að undanþágan frá bannlögunum var veitt hefir verslun með saltfisk verið svo vond, að hún hefir sjaldan eða aldrei verið verri áður. Lítur því eindregið svo út, að undanþágan hafi ekki haft þá þýðingu fyrir saltfisksmarkaðinn, sem andbanningar hafa lofað. Er því, sem eðlilegt er, mikil óánægja víða út af saltfisksölunni, því að af hinni vondu sölu hefir leitt, að krónan hefir lækkað og allar nauðsynjar því hækkað í verði. Hefði því eflaust legið nær fyrir andbanninga að reyna að koma góðu skipulagi á fisksöluna heldur en berjast fyrir afnámi bannlaganna. En þeir hafa ekki gert svo mikið sem líta í þessa átt, þrátt fyrir það, þó að þeir viti vel, að nær því öll saltfisksalan er nú í höndum 2—3 útlendinga, og að ólagið á sölunni hefir hin verstu áhrif á ástandið yfirleitt, og þjóðin tapar árlega við það mörgum miljónum króna. Til þess að ráða bót á þessu hafa hinir miklu föðurlandsvinir ekkert gert, þótt vel hefði mátt búast við, að þær söluaðferðir hefði mátt finna, sem meira hefði munað almenning en fisktollurinn á Spáni.

Að Copland hefir fengið að halda áfram braski sínu með íslenskan saltfisk, hlýtur að skiljast svo, að hann starfi í góðu samræmi við útgerðarmennina, sem hrópuðu hæst um afnám bannlaganna. Og gagnvart þeim mönnum, sem þykir jeg ekki nógu liðugur að beygja mig í vínmálinu eftir dutlungum útgerðarmanna, vildi jeg mega minna á, að mín litlu áhrif í olíumálinu hafa orðið til þess að hjálpa fiskframleiðslunni og losa hana við þvingun ameríska hringsins.

Framtíðarlandið, sem nú blasir við okkur, er þannig, að við erum búnir að versla með bannið, og Spánarvín verða seld hjer á mörgum stöðum. Þeir verða „vargar í vjeum", sem vilja halda smyglunninni í skefjum. Því hefir verið haldið fram, að drykkjuskapur myndi minka, ef innflutningur Spánarvína yrði leyfður. En reynslan hefir sýnt hið gagnstæða, því að aldrei hefir meira verið keypt af smyglurum en einmitt eftir að undanþágan frá bannlögunum var veitt. Og ekkert má gera fyrir andbanningum til þess að halda þessu í skefjum, því gróðanum af víninu, sem sumir kalla hina „30 silfurpeninga", má ekki verja til þess að vinna á móti bölinu, sem af því leiðir. Enda má vel vera, að honum eigi að verja til þess að jafna gúlana á fjáraukalögunum frá 1920—21.

Mjer fyndist nú rjett, að hinir miklu menn, sem hjer vinna sigur í dag, færu í sinn besta skrúða og hengdu á sig alla þá krossa, sem þeir hafa unnið sjer inn með hraustlegri baráttu fyrir föðurlandinu, og að þeir fylgi nú bannhreyfingunni til grafar eins og kærum vini. En alt í kringum okkur í hinum siðaða heimi eru vísindi þau, sem byggja á lífeðlisfræði, altaf meira og meira að kreppa að víninu. En hjer, í hinu unga fullvalda ríki, er verið að opna því leið — inn að hjarta þjóðarinnar.

Jón Magnússon: Jeg hefi ekki fundið ástæðu til að tala mikið um þetta mál, því í raun og veru snertir það mig sjerstaklega fremur lítið, eins og það er nú komið. En þar sem reynt hefir verið að afflytja mig fyrir aðgerðir mínar í samningunum við Spán, skal jeg svara því nokkrum orðum, sem að mjer hefir verið beint. En mun þó ekki fylgja háttv. 5. landsk. þm. (JJ) út um alla heima og geima.

Jeg get þegar tekið það fram, að jeg var þeirrar skoðunar, er jeg átti að fara að semja við Spánverja um boð þeirra um lægsta toll á íslenskum saltfiski, gegn því, að gerð væri undanþága frá bannlögunum, að þessi lög yrðu fremur þýðingarlítil, ef gengið væri að þessu. Jeg segi boð Spánverja, því um kröfur af þeirra hendi var alls ekki að ræða, því að þeir hafa aldrei heimtað neitt, heldur einungis sagt, að ef bannað sje að flytja spönsk vín til Íslands, þá verði íslenskur saltfiskur undir hæsta tolli á Spáni. Og þeir ljetu það alveg ótvírætt í ljósi, að þeirra væri ekki þægðin. Er því alveg rangt að vera að tala um kúgun af þeirra hendi. Og jeg segi ykkur það fyrir satt, ef Norðmenn hefðu talið, að um kúgun væri að ræða, þá hefðu þeir aldrei látið undan síga, því að þeir eru svo næmir fyrir þess háttar. Heldur hafa þeir litið svo á, að hjer væri um verslunarsamning að ræða, þar er gildir reglan: do ut des. Hefðum vjer þá gert nokkuð rjettara, ef vjer hefðum leitað aðstoðar Norðmanna en hafnað aðstoð Danmerkur, sem var langsterkasta ríkið af þessum þremur og hafði besta aðstöðu? Í því hefði ekkert vit verið.

Jeg verð því að segja, að mjer finst það skrítið, þegar verið er að halda því fram, að við hefðum ekki átt að taka kostum Spánverja, heldur bjóða þeim birginn, þegar Norðmenn hafa orðið að láta undan síga í samningunum.

Þá skal jeg víkja að aðgerðum mínum í þessu máli, sem svo mikið veður hefir verið gert úr. Já, hvað gerði jeg? Því er fljótsvarað. Ekkert annað en fá frest, þangað til Alþingi kæmi saman, á því, að

hinn hái tollur væri lagður á íslenskan saltfisk, gegn því að lofa að leggja fyrir þingið frumvarp um að veita undanþágu frá bannlögunum að því er snertir spönsk vín undir 21% styrkleika.

Annað gerði jeg ekki.

Það hefði vitanlega verið hægt að tala mannalega og segjast ekki ganga að þessum boðum. En það hefði kostað sjávarútveginn afarmikið fje. Jeg skal ekki segja, að sá útreikningur sje rjettur, að það hefði orðið um 12 milj. króna, því að altaf getur verið um það að ræða, að eitthvað af tollinum lendi á neytanda. Hefði því verið alvara þjóðarinnar að mótmæla þessu, er enginn efi á, að farið hefði verið um landið til þess að vekja andróður gegn því. Og því bjóst jeg við, er jeg lofaði að leggja þetta fyrir þingið. En hvað skeður? Það heyrðist varla svo mikið sem goluþytur. Og eitt af mestu bannhjeruðum landsins sendi áskorun um að láta eftir atvikum undan síga, og hið sama var að heyra frá mörgum þingmálafundum, og var þó þingmönnum í fyrra fyllilega ljóst, áður en þeir fóru til þings, hvernig þetta mál lá fyrir. Þegar svo stjórnin fór frá í þingbyrjun, er ekki með neinum rjetti hægt að kenna henni um úrslit málsins. Eru því ræður eins og hv. 5. landsk. þm. flutti, einungis haldnar fyrir pallana, til þess að reyna að kasta ljósi yfir sig, en skugga á aðra.

Jeg held, að það sje ekki rjett að vera að tala um, að bannið hafi verið dautt áður en samningarnir við Spánverja komu til sögunnar.

Það höfðu að sjálfsögðu verið misfellur á framkvæmd bannlaganna, en menn máttu vita það fyrir fram, að örðugt yrði að koma í veg fyrir það. Að framkvæmdirnar á eða eftirlitið með lögunum hafi ekki verið svo örugt sem þurft hefði, er að vísu satt. En til þess vantaði í landinu kröftugra framkvæmdarvald en vjer nokkurn tíma höfum haft, og hefði það kostað ærna fje. Samt höfðu bannlögin, að minni skoðun, gert afarmikið gagn þann tíma, er þau stóðu óskert, og jeg hafði ekki haldið, að til þess mundi koma, að þau yrðu afnumin, enda sagt það oft. Enginn bjóst við því, að það mundi fram koma, sem nú er raun á orðin vegna samninga við Spán.

Það er ekki rjett hjá hv. 5. landsk. þm. (JJ) að lasta kennara mentaskólans, þótt þeir hafi látið álit sitt í ljós um bannlögin. Þeir gerðu ekki annað en það, sem þeim hlaut að vera heimilt. Enn leyfist mönnum hjer á landi, sem betur fer, að hafa ákveðnar skoðanir um þjóðmál og láta þær í ljósi; þingið hefir ekki enn þá vald til að binda þær. Það getur vel verið, að heyrst hafi raddir um, að lögin væru þannig, að rjett væri að brjóta þau. En það eru bara undantekningar, og eins og menn vita, eru samskonar lög, t. d. tolllög, mikið brotin, án þess að það sje talið neitt sjerstakt ódáðaverk. Sumir leika sjer að því að brjóta þau, hafa það fyrir eins konar „sport". Það er öllum ljóst, að bannlögin voru mikið brotin í fyrstu, en við því mátti hver maður búast.

Jeg man ekki vel, en held þó, að það sje rangt, að skipabrennivín hafi fyrst verið leyft, heldur svo nefnt konsúlabrennivín; jeg átti lítinn þátt í því öllu, en hefi ávalt talið það efasamt, að læknar hafi nokkurn tíma átt að fá svo víðtæka heimild til að láta áfengi í tje.

Það er ekki rjett af hv. 5. landsk. þm. (JJ) að kasta skarni á dómarastjett þessa lands. Það er ósæmilegt. Allir góðir menn ættu að vera samtaka í því að halda uppi dómarastjettinni og dómstarfinu. Dómarar hafa aðeins gert það, sem þeir töldu

rjett vera; meira er ekki hægt að krefjast af þeim. Og eftir því sem mjer er kunnugt, standa íslenskir dómarar fullkomlega jafnfætis dómurum annara landa hvað snertir rjettlætistilfinningu, hvort sem maður tekur til dæmis yfirdóm, hjeraðsdóma eða undirdóma. Svo að jeg víki að Blöndahlsmálinu, þá átti jeg ekki von á að tala um það nú. Jeg man ekki til, að hafa fengið nein sjerstök tilmæli frá Templurum. Það getur þó vel verið; jeg þori ekki að segja um það. Jeg held, að spurningin hafi komið fram á þingi. Jeg hafði sagt við eitthvert tækifæri, að til mála gæti komið að bíða eftir hinum íslenska hæstarjetti, er þá var aðeins ókominn á fót, en þegar jeg fór að rannsaka málið í stjórnarskrifstofunni, þá kom það í ljós, að málið hafði verið sent til fullnustugerðar. Annar þeirra, er málið hafði verið höfðað gegn í upphafi, var dæmdur sekur, en Blöndahl sýknaður. Er svo var komið, þótti ekki rjett að áfrýja málinu, er það hafði verið sent til fullnustugerðar.

Mjer virtist eiginlega ekki mikið viðkomandi þessu máli það, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) var að dylgja með, að jeg hefði haft svo mikinn ábata á innflutningi áfengis fyrir 1912. Mig minnir, að jeg hafi heyrt um grein eina, er birtist í „Tímanum“ hjer í vetur og hjet eitthvað á þessa leið: „Illur fengur illa forgengur“. Rangminni mig eitthvað, verð jeg að biðja afsökunar á því. Í greininni stendur, að jeg hafi átt að hafa fengið mikla peninga fyrir áfengistolla og að þeim hafi jeg átt að verja til blaðs á Austurlandi, og þar hafi þeir tapast eða í því fyrirtæki muni þeir forganga.

Þessi mikla fjárfúlga, sem jeg á að hafa fengið af áfengistolli, ætti þá helst að hafa komið á árið 1912. Nú hefi jeg af tilviljun hjá mjer skýrslu um tekjur mínar frá árunum 1912—1916. Árið 1912 voru hreinar embættistekjur mínar alls rúmar 16000 kr. (að frádregnum kostnaði), en hreinar jafnaðartekjur mínar fyrir hvert umgetinna 5 ára um 15500 kr. Þetta ætti að sýna, að bannið hefir ekki haft mikil áhrif á tekjur mínar. Fyrir þessar auknu tekjur 1912 átti jeg að hafa bygt stórt hús og stofnað blað á Austurlandi. Það virðist augljóst, að munurinn á tekjunum 1912 og á hinum árunum er ekki svo mikill, að bygt verði fyrir hann stóreflis hús og stofnað blað, — sem jeg vissi ekki einu sinni hvað hjet, hvað þá meira, og lagði ekki einn eyri í, — og vera auk þess vel fjáður annars á eftir.

Jeg hefi altaf álitið þjóðhagslega heppilegt að hafa bann, en að mjer hafi þótt sjerstaklega vænt um bannið vegna hinna ákaflegu tekna fyrir sjálfan mig, það get jeg ekki fundið, hvernig ætti að geta átt sjer stað. En það kann að vera, að slíkt fyrnist hjá manni, er maður er búinn að njóta góðs af því. Hv. þm. fann að því, að einn stækasti andbanningurinn skyldi vera sendur suður á Spán til að semja. Jeg skil ekki, hvernig var hægt að komast hjá því að senda þann mann, sem var þá einmitt erindreki Íslands í Miðjarðarhafslöndunum. Um samningana annaðist danski sendiherrann aðallega. Þessi maður, Gunnar Egilson, er vitanlega heiðarlegur maður og hafði enga ástæðu til að taka málið öðruvísi en það lá fyrir. Nú, hvað var svo unnið við sendiför hans? Það var áreiðanlega engu spilt, en margir álíta, að það hafi verið meðfram fyrir skýrslur hans, að ársfrestur fjekst gegn því, að stjórnin legði málið fyrir þingið. Það hefði verið hægt að senda sendimenn hjeðan að heiman til Spánar, til að reyna að telja Spánverjum hughvarf, segja sumir. Jeg veit, að háttv. þm. (JJ) þekkir

svo vel þessa dökkhærðu þjóð á Pyreneaskaganum, að honum er það ljóst, að það hefði verið þýðingarlaust þá, eins og það reyndist síðar, fyrir okkur að reyna að snúa þeim. Það eru bara látalæti, er menn tala um, að fortölur hafi nokkuð að segja móti kröfum þeirra.

Hv. þm. (JJ) talar um, að sendimaður Templara hafi ekki fengið umboð til að leita samninga við önnur ríki. Þó vita allir, að hann var sendur af hálfu stjórnarinnar á bindindisstefnu í Sviss. Hitt er satt, að jeg neitaði honum um að fara á fund stjórnarinnar í London til að leita liðsinnis af hálfu stjórnarinnar hjer. Það var búið að koma sjer saman við Spánverja til bráðabirgða. Stjórnin gat þá ekki farið að senda út um allan heim til að biðja um hjálp, svo að hún þyrfti ekki að efna gefið loforð. Hún var búin að binda sig og gat ekki úr því verið með nein undirmál við aðrar þjóðir.

Um hitt atriðið, sem kemur mjer minna við, hvort ekki hafi verið rjett að leita samvinnu með Norðmönnum, þá finst mjer alveg augljóst, að það hefði ekki orðið til mikils, enda játaði háttv. þm. það. Það hefði auðsjáanlega enga þýðingu haft, eftir því sem nú er fram komið. Þá að leita til Ameríku. Mjer finst ekkert vit að slá því fram, að það hefði þýðingu. Ef menn halda því fram, að það væru líkindi til, að Ameríka skifti sjer af slíku máli, þá hefi jeg ástæðu til að halda, að þeir tali á móti betri vitund. Eftir öll þau ósköp, sem hafa gengið á í heiminum, eftir að hver hryðjuverkin á fætur öðrum hafa verið drýgð, án þess að Ameríkumenn hafi gefið því gaum, ættu þeir að skifta sjer af þessu. Nei, og aftur nei. Þeir myndu ekki fara að senda „diplomata“ sína til að pressa að Spánverjum. Það er þýðingarlaust að tala um þetta. Menn sjá, að við getum ekki borgað háan toll, og það er það eina, sem um er að ræða.

Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) talaði um goluþyt. Jeg skil ekki, við hvað hann á með því, nje hvers vegna hann er að staglast á því hvað eftir annað. Annars er það fullkominn óþarfi að hræðast goluþyt, sjerstaklega um þetta mál.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg ætla að leyfa mjer að leiðrjetta það, sem háttv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði um eitt bannlagabrotið hjer, sem sje hið svonefnda „Blöndahlsmál.“ Það kom fyrir eftir að jeg varð bæjarfógeti, svo mjer er sagan kunn. Saga málsins er í fám orðum sú, að Blöndahl var dæmdur í hjeraði fyrir brot á bannlögunum, ásamt tveim mönnum öðrum, en landsyfirrjettur sýknaði Blöndahl. Var þetta áður en hæstirjettur var settur á stofn innanlands, og þurfti, ef áfrýja skyldi dómnum, að skjóta málinu til hæstarjettar í Danmörku. Það hygg jeg vera ástæðuna fyrir því, að því var ekki áfrýjað, því að það mun hafa þótt óviðkunnanlegt að senda slíkt mál til hæstarjettar í öðru landi. Jeg hefi kveðið upp marga dóma í málum út af bannlagabrotum. Hefir nokkrum þeirra verið áfrýjað, en enginn verið mildaður. Hafi þeim verið breytt, þá hefir það verið í gagnstæða átt.

Forsætisráðherra (SE): Það var einkar eðlilegt, að þess væri krafist áður en gefin væri undanþága frá bannlögunum, að alt væri gert, sem unt væri, til að komast fram hjá þessu skeri. Núverandi stjórn gerði það, sem í hennar valdi stóð, til þess að þessi kaleikur gæti vikið frá þjóðinni.

Þó að deildinni sje þetta fullkunnugt, ætla jeg að rifja það upp, vegna ummæla háttv. 5. landsk. (JJ), að sendir voru 3 menn til Spánar til að semja, sem sje

sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, Sveinn Björnsson, Einar H. Kvaran, sem lengst af hefir notið hins mesta trausts meðal bannmanna, og Gunnar Egilson. Þessum mönnum var falið að halda áfram samningunum í samvinnu við sendiherra Dana. Jeg veit, að Gunnar Egilson hefir unnið í fullu samræmi við hina, og skýrslur hans bera vott um, að hann hefir gert alt, sem hann gat. Mönnum er kunnugt, hvernig sendiförin tókst. Jeg er alveg sammála háttv. 4 landsk. (JM) um, að hjer var engu hægt um að þoka.

Á þessari skoðun var bygð sú niðurstaða, sem kunn er frá síðasta þingi. Og þessi niðurstaða þingsins hefir verið staðfest af ýmsu, sem gerst hefir í heiminum síðan. Það nægir að benda á svipað lagafrv., sem norska Stórþingið mun nýlega hafa samþykt. Þar stóð þó öflugur flokkur, er barðist á móti því að slaka til á bannlöggjöfinni, en niðurstaðan hefir orðið þar sú sama og hjer. Sannleikurinn er, að jeg hefi fylgt þeirri reglu að tala lítið um málið; mjer hefir fundist það óþarfi; jeg hefi verið viss um, hver niðurstaðan yrði, viss um, hvernig atkvæði þingmanna mundu falla.

Menn vita líka, að það er fleiri en ein hugsjón, fleiri hugsjónir en bindindishugsjónin, sem menn verða að bera fyrir brjósti. Ein þeirra er stærst. — sjálfstæðishugsjónin, og sterkasti þáttur hennar er hið fjárhagslega sjálfstæði. Það þing, sem ætlar að kippa fótunum undan því, má sannarlega hugsa sig um tvisvar. Það er ekki nóg að mæna hjer á bannhugsjónina, heldur er hjer að ræða um valið á milli hennar og hins fjárhagslega sjálfstæðis.

Þá er spurningin, hvernig velja skuli.

Jeg vil benda háttv. 5. landsk. þm. (JJ) á það, að sumir, sem nú greiða atkvæði með frv., hafa áður greitt atkvæði gegn öllum undanþágum frá bannlögunum. Í tölu þessara manna er jeg. En nú er svo mikið í húfi, að jeg sje mjer ekki fært annað en vera með þessari undanþágu.

Jeg sje ekki þörfina á því að ræða þetta frekar. Það er sama, hvort greidd eru atkvæði í dag eða á morgun. Þau falla eins. En það er nauðsynlegt, að málinu sje heldur hraðað, til þess að hægt verði að ljúka sem fyrst samningum við Spánverja.

Áður en jeg sest niður vil jeg að það heyrist úr þessu sæti, að jeg ber fult traust til dómara landsins og verð að mótmæla þeim ummælum, sem háttv. 5. landsk. þm. (JJ) hafði um þá.

Jónas Jónsson: Jeg get ekki látið hjá líða að gera stutta athugasemd. Það fer eftir hugsunarhætti manna, hvað þeir telja kúgun og hvað ekki. Belgir gátu samið við Þjóðverja í byrjun ófriðarins og látið þá fótum troða hlutleysi sitt. En þeir gerðu það ekki. Þeir litu á það sem kúgun. Og nú eru flestir á einu máli um það. Heigullinn er oft svo mikill heigull, að hann þorir ekki einu sinni að viðurkenna, að hann sje kúgaður. Þá vil jeg líka benda á það, að önnur vínþjóð hefir ekki viljað beita þessu bragði. Það eru Frakkar. Ástæðan er sú, að Frakkar eru einhver mentaðasta þjóð heimsins, En Spánverjar einhver ómentaðasta þjóð Evrópu.

Það er talað um fyrirsjáanlegt hrun sjávarútvegsins. En þeir, sem bera hann svo mjög fyrir brjósti, reyna ekkert til þess að bæta úr öðru, sem er þessum atvinnuvegi miklu hættulegra, og það er fyrirkomulagið á fisksölunni. Mjer hefir verið sagt, að einn danskur maður hafi tapað um 7 miljón kr. á fiskútflutningi hjeðan síðustu ár. En það er undarlegt,

hve lítið er um þessa hættu talað, og enn minna gert til þess að sporna við henni. Það er vitanlega ekki nóg að hafa rjett við að selja fisk með lágum tolli þegar verðið er lágt. Og það er undarlegt, að það eru aðrir en fiskimennirnir sjálfir, sem hafa hæst um hættuna, sem stafar af háum tolli. Þeir hafa yfirleitt tekið öðruvísi í málið. Hjer á þinginu er einn maður fulltrúi fyrir þessa stjett, og hann hefir verið á móti undanþágunni. Jeg get ekki sagt, að jeg sje fulltrúi þessarar stjettar, en kjósendur mínir vissu vel afstöðu mína til málsins áður en þeir kusu mig; jeg gerði ekkert til þess að leyna henni, og jeg hefi því ástæðu til að ætla, að jeg sje ekki í andstöðu við þá. Jeg efast því um, að íslenskir kjósendur sjeu jafnhrifnir af undanhaldi þm. sinna eins og þeir sjálfir eru. Það er rangt, að ekki hafi verið haldnir mótmælafundir út af afnámi bannlaganna. Þeir hafa verið haldnir, og það margir og fjölmennir. En jeg skal viðurkenna, að goluþyturinn hefir ekki orðið eins mikill eins og búast hefði mátt við í fljótu bragði. En það er eðlilegt; þegar nærri því hver einasti þm. hefir tekið þátt í flóttanum, þá er síst kyn, þótt hægt sje að rugla þjóðina.

Þá eru ýms smáatriði, t. d. um afstöðu dómaranna. Jeg veit, að þeir eiga að hafa skoðanafrelsi, en jeg veit líka, að fleirum en mjer þykir það óviðfeldið, að dómarar og aðrir, t. d. kennarar, halda opinberlega fram þeim **skoðunum** um æsanautnaefni, að menn gætu glapist til að taka það sem meðmæli með þessu efni.

Þá kem jeg að háttv. 4. landsk. þm. (JM). Mjer þótti hann ekki hafa tekið skarpt á hlutunum í leit eftir hjálp gegn yfirgangi Spánverja. Þetta verð jeg að standa við. Jeg get ekki talið það vel til fallið að senda þann mann í þessa hjálpar- og samningaleit, sem hefir kallað bannlögin þrælalög og gert mest til þess af öllu að hjer að svívirða þau opinberlega. Jeg skil ekki þessa sálarfræði. Jeg skil ekki að ætla mönnum að dæma og breyta hlutlaust um þau efni, og meira, ætla þeim að berjast fyrir því, sem þeir eru einhuga á móti. Og jeg verð að telja það óviðfeldið, að dómarar og aðrir, sem settir eru til að vernda landslögin, geri nokkuð til að veikja þau og gera þeim ógagn.

Mjer þykir vænt um, að jeg hefi orðið til þess að fá það dregið fram, hvernig fyrverandi og núverandi stjórnir hafa haldið á þessu máli. Þó er mjer enn óskiljanlegur þessi flýtir, þessi ákafi að afnema bannlögin og beygja sig fyrir tollkröfunum, en gera ekkert til þess að hindra óheilbrigða verslun með fisk.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) talar altaf eins og bannlögin sjeu afnumin; hann talar um útför o. fl., og vildi jeg þá spyrja hann, hvort hann vilji að bannlögin verði að öllu leyti upphafin. Jeg vona, að hæstv. forseti leyfi honum að svara.

Jónas Jónsson: Þetta mál er ekki á dagskrá, en jeg skal samt vera fljótur til að svara því. Það er erfitt að halda uppi nokkrum bannlögum eftir að undanþágur er veitt og eftir að þessi háttv. deild vill ekkert gera til þess að herða kosti smyglara og lögbrjóta, heldur virðist varla mega vamm þeirra vita. En hæstv. forsætisráðherra (SE) þarf ekki að gera ráð fyrir, að jeg reyni að verða banamaður bannlaganna.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skil þetta svo, að jarðarförin hafi ekki farið fram enn, og hefir því margt, sem háttv. þm. (JJ) sagði, verið bygt á misskilningi.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) er dauður, og er því sjálfsagt að reyna að forðast deilumál við hann, nema óhjákvæmilegt sje. Þó vil jeg benda á, að í hans löngu ræðu kom ekkert það fram gegn útreikninginum, sem ástæða er að taka til greina. Í nefnd þeirri, sem útreikninginn gerði, sátu 12 menn, og þar var aðeins 1 maður, sem ekki aðhyltist reikninginn algerlega. En hjá háttv. þm. (JJ) kom ekki eitt einasta orð fram til að hnekkja útreikninginum. Ekki eitt. Í stað þess skrafaði hann um skeikular ályktanir manna, eins og það væri ekki hlutur, sem allir vissu. Það var sannkölluð neyðarvörn. Hann reyndi ekki einu sinni að styðjast við útreikning þessa 1 nefndarmanns, sem gerði tapið minna. En það er auðvelt að sýna fram á, hvernig á því stóð. Hann reiknaði pesetann 72 aura, í stað 115 aura, og hann taldi engan annan fisk með en þann, sem flyst beint til Spánar. Það var því ekki undarlegt, þó að reikningurinn yrði dálítið skrítinn. En háttv. þm. (JJ) kom ekki með neitt í staðinn, sýndi enga viðleitni í þá átt. Og það var undarlegt að fara að veitast að okkur, sem hann telur pólitíska andstæðinga sína, með allskonar skrafi, sem ekkert kemur við þessu máli, eftir að hafa ekki fengið einn einasta mann úr sínum flokki til þess að fallast á skoðanir sínar. En þeir verða að taka stóryrði háttv. þm. (JJ) til sín eins og við hinir. Það er engin röksemd í þessu máli, að fiskur sje nú í lágu verði, þrátt fyrir samningana við Spánverja. Væri það kanske lækning við því að fella frumvarpið, svo það yrði enn þá lægra? Er það ekki einmitt sönnun þess, að frv. verði að samþykkja? Þá er skrafið um, að hægt hefði verið að komast að betri kjörum við Spánverja. En það er út í loftið sagt. Um það leyti, sem við vorum að semja við Spánverja, báðu Finnar þá að semja við sig, en þessari beiðni var neitað. Og halda menn, að niðurstaðan hefði orðið önnur hjá okkur, ef við hefðum ekki gengið að samningunum?

Þá vil jeg láta háttv. þm. (JJ) vita, að jeg læt mjer það liggja í ljettu rúmi, þó að hann sje með glósur um það, að jeg sje vitgrannur. Jeg hefi aldrei miklast af gáfum mínum. En þó að hann sje sjálfur gáfaður maður, þá eru gáfur hans sýnilega með þeim annmörkum og takmörkunum, að jeg verð að segja honum, að jeg vildi ekki skifta.

Jón Magnússon: Það eru aðeins örfá orð. Jeg mundi ekki áðan með vissu, hvernig hafði legið í Blöndahlsmálinu. Jeg veit það nú, að það hafði komið til tals í þinginu og beint hafði verið fyrirspurn til mín viðvíkjandi því. Jeg svaraði henni svo, að jeg hefði ekki viljað vísa málinu til erlends dómstóls, en komið gæti til mála að vísa því til hins íslenska hæstarjettar, er þá átti að byrja störf sín eftir lítinn tíma. En ekki varð samt af því, af þeim ástæðum, er jeg fyr hefi talið.

Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) var aftur að minnast á kennara mentaskólans, sem hefðu ill áhrif á nemendurna, lærisveina sína, með því að æsa þá gegn bannlögunum, eða eitthvað í þá átt. Jeg held, að háttv. þm. (JJ) geri ekki nægilegan mun á banni og bindindi eða hófsemi. Jeg held ekki, að kennarar hafi haft ill áhrif á lærisveina sína. Að þessu leyti má segja, að verkin beri merkin. Jeg er ekki mjög kunnugur stúdentalífi hjer, en jeg hygg, að stúdentar sjeu yfirleitt reglusamir, og það frekar en áður hefir verið, og jeg veit,

að stúdentalíf er með miklum blóma nú.

Þá eru dómararnir. Þó að þeim sje bannað að sitja á þingi, þá er engin ástæða til að amast við því, að þeir láti skoðanir sínar í ljósi um almenn málefni.

Þá var háttv. þm. (JJ) að tala um mótmæli. Jeg sagði ekki, að þau hefðu engin verið, en jeg sagði það, sem rjett var, að ekki hefðu komið fram nein veruleg mótmæli, og jeg veit, að flestir góðir og skynsamir bannmenn sjá það, að við urðum að hlíta þessu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi..

(Sjá A. 200).

9. Ritsíma- og talsímakerfi.

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi] (þmfrv., A. 29).

Á 8. og 9. fundi í Nd., dagana 28. febr. og 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 2. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Frv. þetta er borið fram fyrir beiðni íbúanna á Langanesströndum.

Gunnólfsvík mun vera besta höfnin á öllu svæðinu milli Seyðisfjarðar og Akureyrar. Útgerð talsvert mikil hefir verið stunduð þar, því að fiskimið ágæt eru þar skamt frá landi. Til skamms tíma hafa Langanesstrandamenn verslað að mest öllu leyti á Bakkafirði. En nú er sú verslun, sem þar hefir verið, að mestu lögð niður, og verða þeir því að sækja til Þórshafnar. Er nú í ráði, að verslun verði sett á stofn í Gunnólfsvík. Af þessu, sem jeg hefi tekið fram, ber brýn nauðsyn til þess, að sími verði lagður til Gunnólfsvíkur. Verði það, þá mun það leiða til þess, að þar mun rísa upp talsvert fiskiver. Og sjálfsagt munu þá margir sjómenn af Norður- og Austurlandi sækja þangað á sumrin, því að fiskur bregst aldrei sunnan við Langanes eftir að komið er fram í júlí. Sími þessi myndi því verða talsvert notaður, bæði vegna verslunar og útgerðar. Enn ber þess að gæta, að útlend skip myndu nota hann talsvert mikið, því að innsigling af fiskimiðum þeim, er þeir liggja iðulega á, er svo stutt inn á Gunnólfsvík; miklu styttri en til annara hafna.

Lína þessi yrði hliðarlína frá línunni, sem liggur um Strandir til Þórshafnar. Lengd hennar verður aðeins bæjarleið, og getur hún því ekki kostað mikið, í samanburði við þau not, sem af henni munu verða.

Að lokinni þessari umræðu vil jeg leyfa mjer að leggja til, að frv. verði vísað til samgöngumálanefndar.

Eiríkur Einarsson: Jeg tek ekki til máls í þeim tilgangi að mæla beinlínis á móti þessu frv. Að vísu skal jeg játa það, að mjer finst það geta gert óþarfa rugling í símakerfi landsins, ef verið er að koma svona annað slagið með till. um að leggja nýja og nýja línu. En það er nokkur af-

sökun, að það lagakerfi er svo nýtt, að vel getur verið þörf að bæta það með slíkum nýjum línum, en þessi aðferð hlýtur þó að verða handahóf. — En það var nokkuð annað en þetta, sem gaf mjer tilefni til að standa upp. Það var það atriði, hvernig símalögunum er framfylgt af ríkisstjórninni. Jeg vildi, með leyfi hæstv. forseta, nota tækifærið til að heiðast skýringar af hæstv. stjórn í þessu efni, og á þann hátt spara mjer að koma fram með sjerstaka fyrirspurn um það.

Eins og kunnugt er, varð það ofan á á þinginu í fyrra, að engum sjerstökum fjárupphæðum skyldi varið til nýrra símalagninga. Var þetta vafalaust gert af sparnaðarástæðum, sökum þess að ýtrasta nauðsyn þótti til bera að spara útgjöld, einnig til nytsamlegra fyrirtækja. Það sama hefir orðið uppi á teningnum í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1924. Þar hafa fjárveitingar til nýrra símalína verið skornar niður af sömu ástæðu. Maður skyldi af þessu ætla, að meiningin væri sú, að engar nýjar símalínur yrðu lagðar á þessum árum, en svo virðist sem hæstv. stjórn hafi ekki skilið þetta svo. Jeg veit ekki betur en stjórnin láti leggja nýjar símalínur með ærnum tilkostnaði á þessu ári, og mjer skilst ekki betur en hún hafi gefið í skyn í frv. fyrir 1924, að slíkt muni ef til vill endurtakast þá. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hæstv. stjórn ætli sjer með þessu að draga ákvörðunarrjettinn um fjárveitingar til símalagninga úr höndum þingsins og í sínar hendur. Það er þetta, sem jeg vil mótmæla og halda því fram, að slíkar fjárveitingar eigi að vera í höndum þingsins. Og það er þetta, sem jeg vil skora á hæstv. stjórn að gera grein fyrir, hvað hún ætlar fyrir sjer með því að taka það fram í athugasemdum sínum, að þingið hafi að vísu ekki ákveðið að verja neinu fje til símalagninga fyrir árið 1924, en dæma þó um, hvaða línur eigi að koma næst. Samkvæmt því fordæmi, sem nú hefir gefist, er sennilegt, að 1924 muni einnig eiga að vinna að símum með þessari sömu óþinglegu aðferð. Jeg vildi gjarnan fá að heyra um þetta frá stjórninni sjálfri, hvað hún ætlar sjer með því að ganga inn á þessa braut, og svo hvort það er hún sjálf eða landssímastjóri, sem hefir haft frumkvæðið að þessum tillögum. Jeg sje enga ástæðu til, að Alþingi sleppi ákvörðunarvaldi sínu í málum eins og þessu og feli það af handahófi landsstjórn, símastjóra eða einhverjum öðrum. Tel jeg það með öllu órjettmætt, að vald það, er Alþingi á að fara með, sje látið liggja einhversstaðar milli þils og veggjar, því að sú er ekki tilætlun þjóðarinnar. Veit jeg, að þetta er ekki mín skoðun eingöngu, heldur einnig margra annara þingmanna.

Hákon Kristófersson: Í aðalatriðum get jeg verið sammála hv. 1. þm. Árn. (EE). Þó vil jeg taka það fram, að það er ekki rjett hjá háttv. þm., að síðasta þing hafi aðeins gefið vilyrði fyrir símalagningu frá Búðardal til Króksfjarðarness. Það var ákveðið loforð fyrir símalagningunni, enda fje veitt til hennar í fjárlögum, svo um vilyrði frá þingsins hálfu þurfti þess vegna ekki að tala. Þó að hv. fjárveitinganefnd legði til í fyrra að fresta öllum símalagningum, lýsti hún þó að lokum yfir því, að það ætti ekki við þá símalínu, sem hjer er um að ræða, enda lofaði hæstv. atvinnumálaráðherra, að línan skyldi lögð 1923.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Þessi fyrirspurn frá háttv. 1. þm. Árn. (EE) á í rauninni að ganga til hæstv. atvrh., en

nú sem stendur er hann staddur í efri deild, og getur því eigi svarað. Jeg ætla mjer ekki að svara fyrir hann, en aðeins vildi jeg geta þess, að þegar eigi er gert ráð fyrir í fjárlögunum, að lagðir verði fleiri símar, býst jeg við, að það verði að taka sem í fullri alvöru talað. (*MG*: Hví hefir stjórnin þá gert það?). Því verður hæstv. atvrh. að svara. Fyrir þessari línu er hvergi gert ráð í fjárlögunum, og mjer er ókunnugt um, hvaðan það fje ætti að koma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 14 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 75).

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg þarf í raun og veru ekki að bæta við það, sem jeg sagði við 1. umr. Samgöngumálanefnd hefir orðið okkur flutningsmönnum algerlega sammála og leggur til, að málið nái að ganga fram. Að vísu vildi einn nefndarmaður, hv. þm. Barð. (HK), ekki taka ákveðna afstöðu til frv. á fundinum, en viðurkendi þó nauðsynina á símalínu til Gunnólfsvíkur.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg stend ekki upp til að mæla gegn frv., því að eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, er þessi lína nauðsynleg. Jeg stóð upp til þess að þeir, sem hlut eiga að máli, verði ekki fyrir vonbrigðum, þó að þeir verði að bíða nokkuð lengi eftir því, að línan verði lögð, ef frv. verður samþykt. Þeir mega ekki búast við, að hún komi þá og þegar, því að margar aðrar línur hafa verið samþyktar, er verða að ganga fyrir. Á jeg hjer aðallega við 4 línur: milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, Stykkishólms og Grundarfjarðar, frá Blönduósi til Bólstaðarhlíðar og frá Sauðárkróki að Víðimýri. Þessar línur verður að leggja strax þegar efni leyfa. Jeg bjóst við, að auðið mundi að leggja þessar línur á næsta ári, en varð þó að kippa fjárveitingum til þeirra í burtu úr fjárlagafrv. Jafnvel þó að fje væri fyrir hendi, býst jeg ekki við, að hægt verði að leggja þessar línur á einu ári, heldur verði að jafna því niður á 2 ár. Má því enginn furða sig á, þó að línan, sem hjer um ræðir, verði að bíða nokkuð lengi, til 1926 eða jafnvel til 1927.

Hákon Kristófersson: Það var alveg rjett, sem hv. frsm. (ÞorstJ) sagði um afstöðu mína til frv. Það, sem vakti fyrir mjer, var hið sama, sem kom fram í ræðu hæstv. atvrh. (KlJ). Jeg var ekki mótfallinn þessari línu, en leit svo á, að hún ætti að bíða og aðrar nauðsynlegri að ganga fyrir. En eftir orðum hæstv. atvrh. er því fullnægt, sem fyrir mjer vakti, að línan verði ekki lögð fyr en fje er veitt til hennar í fjárlögum.

Eins og gefur að skilja, verður jafnan nokkuð reiptog um, hver símalínan skuli ganga fyrir, þegar margar eru ákveðnar fyrirfram, og verður það ávalt að mestu leyti eftir tillögum landsstjórnarinnar og símastjóra. Hæstv. atvrh. (KlJ) nefndi nokkrar línur, sem nauðsynlegastar væru og ættu að ganga fyrir. Mjer hefði þótt vænna um að heyra, ef hann hefði talið brýna nauðsyn á betra símasambandi við Vesturland.

Símasambandið við Vestfirði er ekki trygt, þótt Króksfjarðarsíminn komi; það

verður ekki örugt fyr en síminn er kominn til Patreksfjarðar og þaðan í Rauðasandshreppinn, eins og löngu fyr er búið að gera ráð fyrir. Þess vegna verð jeg að halda því fram, sem einnig er álit landssímastjóra, að símasambandið við Vesturland sje eitt af því allra nauðsynlegasta, sem framkvæma þarf.

Jeg mun greiða atkv. með máli þessu, en þessa grein vildi jeg gera fyrir því, hvað fælist bak við atkv. mitt.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Það gleður mig, að hv. þm. Barð. (HK) skuli nú vera með frv.; en það þurfti hann aldrei að óttast, að jeg væri svo duglegur fyrir kjördæmi mitt, að jeg fengi símalínu þessa lagða á undan öllum öðrum símalínum, sem áður var ákveðið að leggja. En jeg vildi fá viðurkenningu fyrir því, að hjer væri um rjettmæta kröfu að ræða, og loforð um, að síminn yrði lagður strax og ástæður leyfa.

Mjer þótti leitt, að hæstv. atvrh. (KlJ) skyldi ekki minnast á símana til Brekku og Loðmundarfjarðar, þegar hann mintist á þær línur, er fyrst þyrfti að leggja. Sími er nú alstaðar á Austfjörðum nema í Loðmundarfirði, og er því eðlilegt, að þessi hreppur verði illa staddur í atvinnusamkepni, því að svo mikið er nú undir símanum komið. Þessi hreppur er háum fjöllum girtur á alla vegu og verður að sækja prest, lækni og alla verslun til Seyðisfjarðar. Annars vil jeg taka það fram, að frá minni hálfu er engin togstreita um símalagningar. Veit jeg, að landsstjórn og landssímastjóra er sæmilega vel treystandi að ákveða, hvar mest er þörf fyrir nýjar símalínur. En það hygg jeg, að eins mikla nauðsyn beri til þess að leggja símalínu til Brekku og Loðmundarfjarðar sem til nokkurra annara staða, sem enn eru símalausir.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Út af ræðu hv. þm. Barð. (HK) vil jeg minna hann á, að nokkurt gegn verður hann að viðurkenna, að það sje fyrir Vesturland að fá síma frá Stykkishólmi til Grundarfjarðar. Líka má hann minnast þess, að hinn nafnkunni Króksfjarðarsími kemur nú á þessu ári.

Hvað snertir símana á Austurlandi, skal jeg taka það fram, að mjer er ekki kunnugt um, að brýn nauðsyn sje talin á síma til Brekku, en á símanum til Loðmundarfjarðar veit jeg, að talin er mikil nauðsyn og að hann verði lagður svo fljótt sem unt er. Jeg skal játa það, að jeg þekki ekki vel til á Austurlandi, en hitt veit jeg, að þörfin á þessum símalínum fyrir norðan er mikil og að þær hefðu átt að vera komnar fyrir löngu. Er og líka þess að gæta, að fje er nægilegt fyrir hendi frá sýslnanna hálfu til að leggja línur þessar, og eins línuna til Grundarfjarðar.

Eiríkur Einarsson: Þegar frv. þetta var til 1. umr., mintist jeg á nokkur atriði um framkvæmd símalaganna, að því er lagning nýrra lína snertir. Og þótt það, sem jeg vildi athuga, standi ekki í beinu sambandi við frumvarp þetta, þá vil jeg nota tækifærið og ítreka mál mitt, í vændum þess, að hæstv. atvinnumálaráðherra, sem nú er nærstaddur, taki því frjálsmannlega og veiti mjer upplýsingar og svör, þótt eigi sje farin hin formlega fyrirspurnarleið.

Sá rekspölur virðist nú kominn á, að svo og svo miklu fje sje varið til nýrra símalagninga, án þess að nokkur eyrir

sje veittur til slíks í fjárlögum. Svo er það að minsta kosti um símaframkvæmdir á þessu ári, 1923. Fjárlögin veita ekkert til nýrra lína, en þrátt fyrir það eru nýjar símalínur gerðar, og vitanlega með ærnum kostnaði. Í líka stefnu virðist haldið samkvæmt fjárlagafrv. hæstv. stjórnar fyrir 1924; ekkert fje ákveðið til nýrra símalína, en hins vegar finnur stjórnin hvöt hjá sjer til að benda á ýmsar línur, er standi næst, ef fje fáist til aðgerða, og virðist sú talning af handahófi gerð. Og hví er stjórnin yfirleitt að stinga upp á ýmsum símalínum, úr því hún ætlar alls ekki fje til framkvæmda, eða á að halda áfram sömu leið, leggja nýja síma á íhlutunar fjárveitingavaldsins?

Aðferð þessa tel jeg ranga og mjög varúðarverða. Það er nauðsynlegt, að fjárveitingavaldið, Alþingi, hafi sem nákvæmast yfirlit um allar greiðslur úr landssjóði og að allar greiðslur af almannafje sjeu ákveðnar af hinum rjetta hlutaðeiganda, fjárveitingavaldinu, ekki síst að því er stórframkvæmdir snertir, svo sem símalagningar. Það á sem allra sjaldnast að koma fyrir, að orkað geti tvímæla, hvort heimilt sje eða heimilt ekki að greiða stórfje úr fjárhirslu ríkisins, og öryggisleiðin er sjálfsögð, sú, að haldið sje fast um rjett Alþingis til að ákveða, hvort greiða skal og hve mikið, en sneitt hjá öllum millivegum, svo sem hjer virðist komið á stað. Því í fám orðum: Annaðhvort engar nýjar símalínur eða ákveðnar með fjárframlögum í fjárlögum. Það var gert til skamms tíma, og því má ekki hætta. Þessu skýt jeg jöfnum höndum til hæstv. stjórnar, og þá sjerstaklega hæstv. atvinnumálaráðherra, og fjárveitinganefndarinnar, sem hvorumtveggja stendur nærri að færa misfellurnar til lagfæringar.

Vil jeg að síðustu spyrja hæstv. atvrh. að því, hvort þessi aðferð um símalagningar, er jeg hefi látið óánægju mína í ljós um, sje hans ráð eða símastjóra eða beggja í sameiningu.

Forseti: Jeg vil vekja eftirtekt á því, að það er ekki leyfilegt samkvæmt þingsköpum að tala um annað en frv. það, sem fyrir liggur. Verð jeg að minna hv. þm. á þetta, svo að ekki verði málróf meira en góðu hófi gegnir.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg var hjer ekki við 1. umr. málsins (varð að vera í Ed.), og var því ekki kunnugt um, að háttv. 1. þm. Árn. (EE) hefði komið fram með fyrirspurn þessa. Mundi jeg þá hafa kynt mjer þetta og svarað því, en nú er jeg ekki svo reiðubúinn sem skyldi, en skal þó svara nokkru. En verði það ekki fullnægjandi, getur hv. þm. komið með formlega fyrirspurn; þeim rignir hvort sem er nú niður.

Hv. þm. fanst mál þetta ekki vera komig á góðan rekspöl, og kendi það stjórninni. En þessi stjórn á þar enga sök á, heldur er þetta gert eftir undirlagi fyrri stjórnar og þingsins í fyrra. Ástæðan til þess, að fje var ekki veitt til símanna í fjárlögum var sú, að reyna að koma fjárhagnum í rjett horf, en það hefði ekki orðið, ef 180 þús. kr. hefðu verið veittar til þessa, heldur hefði þá orðið stór tekjuhalli. Er auðvitað sárt að þurfa að hefta framkvæmd þessa, en það er þó betra en að vera altaf í díkinu. Hv. þm. (EE) sagði, að útlit væri fyrir það, að stjórnin vildi ná þessu út fyrir íhlutun fjárveitingavaldsins. Jeg skil ekki, hvernig hann fær sagt þetta, ef hann hefir lesið athugasemdirnar við fjárlagafrv., sem hann hlýtur að hafa gert. Auk þess ætti hv. þm.

að vita það, að stjórninni er veitt heimild til símalagninga samkvæmt sjerstökum símalögum. Er því hjer um ekkert gerræði að ræða.

Annars má minna hv. þm. (EE) á það, að stjórnin hefir farið lengst í símalagningu að þinginu fornspurðu í hans kjördæmi, er hún veitti fjeð til símans út í Þorlákshöfn. Þá spurði hv. þm., hvort það væri landsstjórnin eða landssímastjóri, sem rjeði þessu. Aðferðin er sú, að landsstjórnin leitar tillagna landssímastjóra, eins og hún leitar tillagna annara ráðunauta og forstöðumanna, og fer svo eftir því, sem henni þykir skynsamlegast, því að ábyrgðina ber hún. En það vil jeg taka fram, að enginn ágreiningur hefir orðið milli mín og landssímastjóra. Jeg met og hefi ætíð metið tillögur þessa manns mikils, því að jeg veit, að þær eru ætíð góðar og viturlegar, og eins hefir nú verið. Jeg veit, að hv. þm. ber mikið fyrir brjósti símalínu upp Skeiðin; talaði jeg við landssímastjóra um hana, og kvað hann þörf á henni, en þó rjettara að láta hana sitja á hakanum nú fyrst um sinn, vegna annara nauðsynlegri.

Hv. þm. (EE) sagði, að sýslubúar væru reiðubúnir til að vinna að símanum og leggja alt til. Jeg skal ekki draga það í efa, en langaði þó til að spyrja hv. þm. hvort tillögin sjeu til. Hingað til hefir það reynst svo, að ýmislegt hefir brugðist frá Árnessýslu, sem áskilið hefir verið til samgöngubóta.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Örfá orð. Þótti gott að heyra, að landssímastjóri og hæstv. atvrh. telja þörf á Loðmundarfjarðarsímanum, en mjer skildist, að hæstv. ráðherra teldi ekki eins mikla þörf á Brekkusímanum. Jeg hygg, að hjer sje erfitt að gera upp á milli, en það veit jeg, að eins mikil þörf er þessa síma og símans fram Skagafjörð. Á Brekku er sjúkrahús og læknissetur, og er það eitt nægilegt til þess að gera símaþörfina mikla. Enn vil jeg líka taka það fram, að hið víðáttumikla Upphjerað ásamt dölum, Jökuldal, Fljótsdal og Skriðdal, er algerlega símalaust. En þegar Brekkusíminn verður lagður, eiga íbúar þessara sveita mun hægra með að ná til síma en áður. Hins vegar veit jeg, að stjórnin hefir í mörg horn að líta.

Í sambandi við þetta mál vil jeg geta þess, að mikil nauðsyn er á því, að lína verði lögð til Skála á Langanesi, því þar eru einhverjar bestu fiskistöðvar landsins. Sú lína ætti ekki að kosta mjög mikið, því að leiðin frá Þórshöfn til Skála er mjög auðveld til símalagningar.

Björn Hallsson: Jeg skal reyna að hlýða áminningum hæstv. forseta og fara sem minst út fyrir efnið, en dálítið getur það orðið samt.

Frv. þetta er ekkert stórmál og hefir ekki mætt miklum andróðri, enda skal jeg ekki fjölyrða um það. Þessi fyrirhugaða símalína er ekki löng, eitthvað um 14 kílómetrar, frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur, og af þessari leið þarf ekki staura á 7—8 kílómetra svæði, svo að hjer er eiginlega að ræða um 5—6 kílómetra leið, svo að línan getur ekki orðið dýr. Að vísu þarf að leggja vír alla leið frá Þórshöfn, en þar sem meiri hluta leiðarinnar má nota staura á símalínunni, sem nú er til Þórshafnar, dregur það mikið úr kostnaði. En alt fyrir það hefir okkur flm. frv. ekki komið til hugar, að lína þessi kæmi strax, heldur yrðu aðrar látnar sitja í fyrirrúmi, sem áður eru komnar í síma-

lögin. En við væntum þess, að þessi stutta lína verði lögð sem fyrst, þar sem hjer er um að ræða aflasælan útgerðarstað, og hins vegar rjett og sjálfsagt að styðja viðleitni manna við að auka framleiðslu eftir ýtrustu föngum.

Út af orðum hæstv. atvinnumálaráðherra um símalínu að Brekku, að honum væri ekki kunnugt um mikla þörf hennar, vil jeg taka fram eftirfylgjandi: Sími frá Egilsstöðum til Brekku á að liggja um allþjettbygt hjerað. Á leiðinni er Hallormsstaður, eða í það minsta yrði lagður sími þangað frá Brekku. Á Hallormsstað er hinn frægi Hallormsstaðarskógur og oft þar mikil ferðamannaumferð og mikil þörf fyrir síma. Hins vegar er Brekka læknissetur í Fljótsdalshjerði, en nú er læknislaust í Hróarstunguhjerði að heita má, þar sem læknirinn er búsettur í Borgarfirði, og væri því þýðingarmikið að hafa síma á Brekku, þar sem þess læknis er oft vitjað niður um alt Hjerað. Hæstv. atvrh. sagði, að hann teldi sjálfsagt, að síminn til Loðmundarfjarðar gengi á undan Brekkusímanum. Jeg ætla ekkert að dæma um það, hvor ganga eigi á undan. Tel gott hvað gengur og báða nauðsynlega. Veit vel, að Loðmfirðingar eru mjög einangraðir og læknislausir, en helst óska jeg, að þessir símar verði báðir lagðir sama ár. Tek jeg það skýrt fram, að jeg vil á engan hátt spilla fyrir Loðmfirðingum með þeim orðum, sem jeg sagði um Brekkusímann.

Vonast jeg til þess, að hv. deild sýni frv. þessu velvild og lofi því að ganga áfram.

Eiríkur Einarsson: Jeg skal lofa hæstv. forseta því að blanda ekki inn í þessa umræðu óskyldari málum en gert hefir verið oft og tíðum síðustu dagana, og það í ómerkari málum.

Jeg vil aðeins fara örfáum orðum um ræðu hæstv. atvrh. (KlJ). Mjer fanst það liggja í orðum hans, að jeg kendi honum um þann rekspöl, sem mál þetta væri komið á. (*Atvrh. KlJ*: Jeg skildi háttv. þm. þannig). Jeg hefi aðeins spurst fyrir um, hverjum væri að kenna og vítt aðferðina, og var þar að tala um málefnið en ekki mennina.

Ekki er það leiðin upp úr skuldadíkinu að halda gjaldaliðum, sem eiga að vera í fjárlögum, utan þeirra, en greiða þó; það sjer hæstv. atvrh. og hver maður. Vegirnir til betri fjárhags eru ýmsir, þar á meðal auðvitað sparnaður, sannur sparnaður, en ekki yfirvarpssparnaður, og hjálpin út úr ógöngum er fólgin í fleiru en sparnaðinum; hún er einnig fólgin í nytsömu starfi. Því má síst spara, er um nytsamar framkvæmdir, verklegar framkvæmdir, ræðir; það er sama og að leggja árar í bát þegar brimar.

Því er það tvent, er um símalagningarnar ræðir, sem jeg legg áhersluna á, í fyrsta lagi, að ákveðið sje af fjárveitingavaldinu, hvað lagt sje til þeirra í hvert skifti, og varast að klípa það mjög við neglur sjer í sparnaðarskyni, sem yrði að miklu leyti sparnaður á verkkaupi landsmanna sjálfra til nytsemdarverka, og í öðru lagi, að samviskusamleg skipun eigi sjer stað um það, í hverri röð nýjar símalínur leggjast. Okkur Árnesingum er það tilfinnanlegt, að þessi þáttur málsins hefir raskast, og sjest það meðal annars í því, að byrjunarlína um uppsveitir sýslunnar, er landssímastjóri var áður búinn að játa aðkallandi, finst nú ekki í meðmælalínum stjórnarinnar.

Hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að

til væru sjerstök símalög og væri stjórninni þar heimilað að leggja nýjar símalínur, ef þess þyrfti við. Þar til vil jeg svara því, að til eru og sjerstök fjárlög, sem sett eru frá ári til árs, og í þeim á að veita fje til þessara hluta sem annara, sem eru á ríkisvegum, og jeg vil halda fast við þau og íhlutun fjárveitingavaldsins um allar slíkar framkvæmdir. Jeg skal ekki orðlengja þetta, en þó geta þess um Þorlákshafnarsímann, er jeg tel mjög þarfan, að hann var þegar kominn í símalögin, og var því ekki meiri náðargáfa en annað, sem gert hefir verið hið síðasta í símaframkvæmdum.. Jeg held því fram, að ný símalína um upphjeruð Árnessýslu sje alveg eins nauðsynleg og miklu fremur en margar aðrar, sem lagðar hafa verið og leggja á; það vil jeg ítreka.

Þá spyr og hæstv. atvrh., hvort fjárframlög þau, er Árnesingar eiga að greiða til símalagningar, ef til kemur, sjeu fyrir hendi. Árnesingar mundu hafa einhver ráð til þeirra hluta, og víst er um það, að þörfin á síma um hinar fjölmennu og víðlendu sveitir í sýslunni ofanverðri, nærri heilu læknishjeraði, er svo hraklega er látið sitja á hakanum, hvetur menn til allra þeirra framlaga á móti, er sanngjörn geta talist og þeir geta staðið straum af og greitt getur fyrir framgangi málsins. Myndi hjeraðsbúum t. d. þykja sjálfsagt mál að flytja sjálfir staurana til línustaðar, og má hæstv. ráðherra vita það, að Árnesingar eru ekki svo verri öðrum mönnum, að eigi megi treysta þeim til að inna þær kvaðir af höndum, er þeim eru áskildar og byggjast mest á vinnuframlögum þeim, sem þeir eru sjálfir fúsir til.

Annars vil jeg taka það fram, að eigi verklegar framkvæmdir, sem eru nauðsynlegar í sjálfu sjer, svo sem símalagning, að standa og falla með því, hvort hlutaðeigandi hjeraðsbændur eru fjáðir eða ekki; eigi Árnesingar nú að gjalda þess, að ilt árferði, kaup-„skrúfa", vegagerðaríþyngingar o. fl. hefir eytt efnum þeirra á síðustu árum, þá er það alveg ný „pólitík", hefnipólitík, sem jeg skil ekki, hvernig hæstv. landbúnaðarráðherra, framsóknarráðherra, fer að beita sjer fyrir, svo að honum sæmi.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 29, 146).

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg skal ekki fjölyrða um frv. fremur en áður er orðið. Jeg skal aðeins geta þess um brtt. þá, sem fram er komin á þskj. 146, að samgöngumálanefnd hefir ekki enn þá fengið tíma til þess að athuga hana, en jeg býst við því, að hún muni vera henni fylgjandi. Enda var það aðeins vegna misminnis, að hún var ekki tekin upp áður, því að bæði mig og hv. þm. N.-Þ. (BSv) minti, að Skálalínan væri þegar tekin upp í símalögin. En þingið 1919 samþykti aðeins að skora á landsstjórnina að rannsaka þetta

símalínustæði. Annars geri jeg ráð fyrir því, að hv. þm. N.-Þ. tali fyrir till.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla aðeins að tala fáein orð með brtt. minni á þskj. 146, enda er þess ekki þörf að fjölyrða mjög um hana. Hún er borin fram samkvæmt ósk Fiskifjelags Íslands, ýmissa útgerðarmanna eystra og nyrðra og ennfremur Langnesinga sjálfra. — Þau rök renna undir beiðni þessa, að Skálaþorpið er fiskiver í allmiklum uppgangi, svo að þaðan róa stundum nær 40 bátar, og er það því bagalegur hnekkir að þurfa að leita langan veg eftir símasambandi. Sími á Skálum mundi og koma að haldi mörgum öðrum fiskiverum austanlands, sem kemur vel að vita um aflabrögð þar, og mundu stundum geta sótt þangað beitu sína, í stað þess að sækja hana alt til Siglufjarðar. Einnig er það mjög mikið hagræði fyrir skip þau, er sigla þurfa norður um Langanes, að hafa síma þarna, því oft er hafís við Langanes, og geta þau fengið fregnir um það á Austfjörðum þegar sími er kominn að Skálum, því að þaðan vita menn miklu ger um ísrek úti fyrir nesinu heldur en frá Þórshöfn eða Gunnólfsvík.

Þetta mál var borið fram á þingi 1919 með þingsályktunartillögu, þar sem skorað var á stjórnina að láta rannsaka símaleið frá Þórshöfn að Skálum. Var þeirri till. vel tekið og rannsókn hefir farið fram. Landssímastjóri er málinu hlyntur. Vænti jeg því, að þessari brtt. minni verði vel tekið, enda er það sanngjarnast og hagkvæmast, og um leið ódýrast, að láta fylgjast að línurnar til Gunnólfsvíkur og Skála.

ATKVGR.

Brtt. 146 (ný frvgr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 162).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Jónsson: Jeg legg til að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 8 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, n. 213).

Frsm. (Einar Árnason): Jeg ætla aðeins að segja fáein orð. Þetta frv. er svo lítið, að það þarf ekki langra skýringa við. Samgöngumálanefndin sjer ekki neitt því til fyrirstöðu, að línur þessar bætist inn í símalögin. Hún vill aðeins gera þá formbreytingu á frv., að ekki sje ákveðið, frá hvaða stað línan til Gunnólfsvíkur sje lögð. Þessi breyting er gerð að ráði landssímastjóra. Jeg legg svo til, að frv. verði samþykt eins og það er orðað hjá nefndinni á þskj. 213.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi ekkert að athuga við brtt. nefndarinnar við frv. og verð ekki á móti því, að línan sje lögð. Jeg hefi borið mig saman við landssímastjórann, og hefir honum ekkert fundist athugavert við frv. En jeg vil taka það sama fram hjer í deildinni, sem jeg tók fram í Nd. nýlega, að þótt frv. verði samþykt og gert að lögum frá þessu þingi, þá mega menn ekki búast við, að til framkvæmda komi þegar í stað. Því að, eins og menn vita, eru línur, sem liggur meira á, og allir hlutaðeigendur, t. d. sýslunefndir, hafa undirbúið framkvæmdirnar, svo sem þeim ber. Slíkar línur, t. d. línan milli Stykkishólms og Grundarfjarðar, verða að sitja í fyrirrúmi fyrir hinum, þar eð ekki stendur á öðru en fje því, sem lagt er fram af landsins hálfu. Sem sagt, menn skulu ekki láta sig verða fyrir vonbrigðum, þótt engar framkvæmdir verði á næsta ári eða jafnvel næstu tveim árum að því er þessa línu snertir.

ATKVGR.

Brtt. 213 (ný frvgr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 245).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 245).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 279).

---

10. Ríkisskuldabrjef.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til laga um ríkisskuldabrjef (stjfrv., A. 21).

Á 5. fundi í Ed., laugardaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það er tekið fram í athugasemdunum við frv., í hvaða tilgangi það er komið fram. Þar er minst á þá þýðingu, sem það hefir fyrir hvert land, hvernig lánum þess er fyrir komið, sjerstaklega hvort þau eru útlend eða innlend, í erlendum gjaldeyri eða ekki. Ástandið í þessu efni er varhugavert sem stendur hjer á landi og það er heldur of lint en of hart tekið til orða í athugasemdunum við frv., þar sem sagt er, að ¼ af tekjum landsins fari í vexti og afborganir. Því þó að tekjurnar teljist 8 miljónir kr., þá eru þær það ekki í raun og veru. Ýmsir tekjuliðir hverfa alveg í samskonar gjöld, eins og t. d. póst- og símatekjur. Þar er ekki um afgang að ræða. Tekjurnar eru

því varla meira en 6½ milj. kr., en vextir og afborganir af lánum um 2 milj. kr. Af þeim er rúmur 1/3 af vöxtum og tæpur 1/3 af afborgunum í innlendum lánum.

Í þessu efni er nú komið sem komið er, en það er hægt að reyna framvegis að hafa þau lán, sem tekin verða, innlend. Þetta getur þó ekki átt við nema smærri lán, eins og t. d. til síma, brúagerða, vegalagninga o. s. frv.; yfirleitt til smærri verklegra framkvæmda. Komið getur fyrir, að taka þurfi svo stór lán, að eigi sje hægt að fá þau hjer innanlands. Þarf þá sjerstaka lagaheimild fyrir því, og ganga þá vitanlega þau sjerstöku lög fyrir þeim almennu ákvæðum, sem þetta frv. inniheldur. Frv. bendir aðeins á aðalleiðina, en utan þess geta ýms sjerlög komið til greina.

Tilhögun sú, sem frv. fer fram á að höfð sje á skuldabrjefunum, er meðal annars gerð með hliðsjón af því, að þau keppi ekki við veðdeildarbrjefin.

Það er altaf svo, að betur sjá augu en auga, og er jeg fús til að taka til greina uppástungur til umbóta á fyrirkomulaginu, ef þær koma fram. Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. að þessari umr. lokinni verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., föstudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Ed., laugardaginn 10. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 21, n. 72).

Frsm. (Karl Einarsson): Fyrst vil jeg geta þess, að þeir tveir nefndarmenn, sem hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, hafa ekki gert það vegna þess, að þeir sjeu í raun og veru á móti frv., heldur vegna þess, að þeir álíta það þýðingarlaust eins og nú standa sakir. Jeg tek þetta fram til þess að fyrirbyggja misskilning. En nefndin er á því, eða meiri hluti hennar, að frv. eigi að ganga fram, því að í því sje rjettarbót að hafa föst ákvæði um ríkisskuldabrjef. Stjfrv. fór fram á, að rentufóturinn væri 4 eða 5%, en nefndin leit svo á, að það væru of lágir vextir. Þetta getur altaf verið álitamál, því þess ber að gæta, að afföllin verði ekki of mikil og eins að þau verði þó eitthvað, til þess að gera brjefin útgengilegri, en þó ekki mjög mikil, þar sem um ríkislán er að ræða. Sú skoðun kom einnig fram í nefndinni, að heppilegt væri að hafa brjefin uppsegjanleg, en þó var fallið frá því eftir samtal við hæstv. fjármálaráðh. (MagnJ). Þá vantar í frv. ákvæði um, hvernig fer, ef slíkt brjef glatast, en í því efni má nota reglur þær, sem gilda almennt um viðskiftabrjef.

Jeg ætla að svo stöddu ekki að fjölyrða frekar um frv., en mun svara athugasemdum, ef þær koma fram. Breytingar nefndarinnar eru á þskj. 72, og skýra þær sig að öðru sjálfar.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg hefi fáu að bæta við ræðu háttv. frsm. (KE), enda er þetta ekki stórmál út af fyrir sig, en getur þó orðið til bóta að hafa lög um þetta, er stundir líða.

Brtt. nefndarinnar fer aðallega í þá átt að hækka rentuna, færa svigrúmið upp á við. Mun jeg ekki deila á nefndina vegna þeirrar breytingar, enda verður það auðvitað, að rentan verður á

hverjum tíma að vera svo, að brjefin geti haldist nálægt „pari“. Þá er önnur brtt. frá nefndinni, um að vaxtagreiðslur af lánum þessum skuli fara fram tvisvar á ári. Um þetta var ekkert í frv., enda er það ekki aðalatriði.

Fyrir ríkissjóð, sem aðra, er það þó haganlegast, að greiðslur fari fram að haustinu. Í apríl er venjulega þrengst í búi. Þá er yfirleitt minni peningaumferð, og mundi það því ekki hafa mikla þýðingu fyrir lánveitendur að fá vexti þá. Annars er þetta fyrirkomulagsatriði, en jeg tel þó víst, að skuldabrjefin mundu seljast eins vel, þótt ekki væru greiddir vextir af þeim nema einu sinni á ári.

Björn Kristjánsson: Fyrirvari minn á þskj. 72 á að þýða það, að jeg er í mjög miklum vafa um það, að frv. sje til nokkurra bóta eða nauðsynlegt. Að því er fyrirkomulag skuldabrjefa ríkissjóðs snertir, virðist það eigi nauðsynlegt að setja nein lög um það. Komi stjórn sjer saman um eitt ákveðið fyrirkomulag, þá mundu eftirfarandi stjórnir fylgja því.

Jeg tel mjög vafasamt, hvort nokkur not sjeu að því að ákveða vexti af lánum landssjóðs ef til vill löngu fyrirfram. Tel rjettara að ákveða þá í hvert skifti, er Alþingi ákveður að taka lán, sem miðast þá við ástand peningamarkaðsins eins og hann þá verður. Og enginn getur fyrirfram vitað um, hvað skeður næstu ár á fjármálasviðinu.

Þá er jeg í mesta vafa um, hvort bera mundi nokkurn árangur að bjóða fram ríkisskuldabrjef, sem greiðast fyrst eftir 25 ár, eins og fjárhagur manna er yfirleitt í landinu, þegar líka allir geta ávaxtað fje sitt í bönkunum á innlánsskírteinum með 4½—5% og sex mánaða uppsagnarfresti.

Af því efnahagur manna yfirleitt er svo þröngur, forðast menn að setja fje sitt fast. Menn t. d. horfa í að binda fje fast á innlánsskírteinum í bönkum í 6 mánuði, þó þeir fái ½% hærri vexti. Þannig hafði t. d. Landsbankinn 31. des. 1921 í sparisjóði 18½ milj. króna, en ekki nema kr. 3330000 í innlánsskírteinum.

Þetta liggur í því, að þó sparisjóðsupphæðin sje há, þá eru eigendurnir svo margir, að lítið kemur á hvern.

Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því, að jeg er í miklum efa um, að frv. þetta sje nokkur rjettarbót. Og jeg held mjer sje óhætt að segja, að hv. 2. þm. S.-M. (SHK) sje á líkri skoðun og jeg um þetta.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. 2. þm. G.-K. (BK) taldi meðal annars óþarft að setja almenn lög um þetta efni, vegna þess, að stjórnirnar mundu sjálfar skapa sjer reglu um það, sem þær svo fylgdu hver eftir aðra, svo brjefin yrðu í sama móti. En einmitt slík lög sem þessi, er setja fasta reglu um framkvæmdir, sem fram eiga að fara smátt og smátt, hafa einatt verið gefin. Svo er t. d. um símalögin, vegalögin o. fl. Þessi lög, ef samþykt verða, miða því í sömu átt og hin, að setja fasta reglu.

Þingið veitir einatt fje og lánsheimildir til ýmsra framkvæmda án þess að setja nokkur ákvæði um það, hvernig fjeð skuli fengið og með hvaða kjörum og eftir hvaða reglu. Og slík lög og heimildir verða eflaust gefin framvegis.

Eins og jeg gat um við 1. umr., þá er einmitt gott að hafa fast form fyrir

þessum smálánsheimildum, sem einatt eru gefnar til vega, brúa o. s. frv. Það er rjett í aðalatriðunum, að sem stendur yrði ekki um mikla sölu að ræða, enda ekki tilgangurinn að taka nú stór lán, heldur halda því opnu, að verja mætti föstum peningum, svo sem sjóðum og ónotuðum innieignum, til kaupa á þessum brjefum.

Eins og jeg gat um við 1. umr., þá álít jeg rjettara að hafa brjefin útdráttarlaus, meðal annars til þess að ekki verði samkepni milli veðdeildar- og ríkisskuldabrjefanna, heldur sje ákveðin aðgreining á þeim.

Björn Kristjánsson: Það er öðru nær en jeg vilji fara að halda langa ræðu um þetta efni, enda er málið smámál.

Viðvíkjandi smálánum ríkissjóðs, þá er venjan sú, að hann taki þau í bönkunum, og gefur þá bara út eitt skuldabrjef fyrir þeim.

Vera má, að sjóðir keyptu eitthvað af þessum brjefum, en þá mundu þau keppa við veðdeildina á því sviði. En jeg efast mjög um, að þessi brjef yrðu mikið keypt, ef þau verða ekki innleyst fyr en eftir 25 ár.

Mjer er þetta mál ekkert kappsmál og því sama um það.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það er rjett, að ríkissjóður hefir einatt tekið lán í bönkunum, og þá gefið eitt skuldabrjef fyrir þeim lánum. En þessi aðferð er betri, sem hjer er farið fram á, því þá þarf lánið ekki að verða fast í bankanum, heldur geta skuldabrjefin fyrir því komið í umferð.

Sigurður Jónsson: Háttv. 2. þm. G.-K. hefir nú lýst skoðun sinni á þessu máli í deildinni, og varð hennar að vísu vart innan nefndarinnar. En mjer virðist að hann hugsi sjer nú helst að snúast alveg á móti málinu. (*BK*: Nei, nei). Jæja. Þá er það gott og blessað.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) hefir nú fært rök fyrir því, að frv. þetta, ef nær fram að ganga, verði til hægðarauka fyrir stjórnina í smærri og stærri tilfellum. Mjer finst því ekki vert að neita hæstv. stjórn um það, að þetta frv. verði gert að lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 72,a. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 72,b. samþ. án atkvgr.
— 72,c. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 101).

Frsm. (Karl Einarsson): Sem frsm. þessa frv. vil jeg geta prentvillu, sem er síðast í 2. gr. frv.; þar stendur „hvert sinn," en á að vera „hvort sinn." En þar sem ekki liggur fyrir nein brtt., vildi jeg mælast til, að þegar yrði gengið til atkvæða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 101).

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 101, n. 139).

Frsm. (Jakob Möller): Þó að þetta sje lítið mál og taki ekki langan tíma, þá held jeg megi óska eftir, að það verði tekið af dagskrá, af því að jeg sje að hæstv. fjrh. (MagnJ) er ekki viðstaddur.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg hefi fremur lítið að segja um þetta mál. Frv. ber það ljóslega með sjer, hvert það stefnir. Eins og kunnugt er hefir stjórnin jafnan heimild til að taka lán til ýmsra framkvæmda. Frv. lýtur að því, hvernig slíkum lántökum ríkisins skuli haga. Það er aðaltilgangurinn að greiða fyrir slíkum lántökum innanlands með því að hafa skuldabrjefin jafnan á boðstólum, án sjerstaks útboðs, og með því að gefa þeim sem ákveðnast form. Þessi skuldabrjef eiga að vera gefin út á innlendan gjaldeyri, og er þá í raun og veru bann lagt við því, að lán verði tekin í útlendum gjaldeyri. Þess vegna verður að fá sjerstök heimildarlög fyrir þess konar lántöku í hvert skifti.

Þetta getur að vísu komið stjórninni í vanda, því að erfitt verður vafalaust að fá innlend lán fyrst um sinn, og þau ófullnægjandi og ilt að koma innlendum skuldabrjefum í verð. Hins vegar sýnilega tryggara og áhættuminna fyrir ríkið að eiga skuldabrjef sín í innlendum gjaldeyri, meðan gengið er svo reikult sem það er nú. Nefndin hefir orðið sammála um að samþykkja frv. og telur aðalstefnu þess rjetta og miða til góðs, þrátt fyrir þær hömlur, sem lagðar eru á stjórnina til lántöku. En það er ekki útilokað, að brjefin megi selja gegn erlendum gjaldeyri eða fá markað fyrir þau erlendis, ef gangskör væri að því gerð, og mætti með því móti greiða úr gjaldeyrisvandræðunum.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg er þakklátur nefndinni fyrir góðar undirtektir við þetta frv. Háttv. frsm. (JakM) lýsti efni þess og stefnu til hlítar. Það er rjett, að með frv. er sett aðhald til þess að taka minni háttar lán innanlands, og get jeg ekki sjeð fram á, að það þurfi að koma að skaða, heldur þvert á móti.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 : 1 atkv.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 22. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 101).

Jón Þorláksson: Það má ef til vill segja, að seint sje að bera fram aths. við þetta frv. nú við síðustu umr. þess í þinginu. En jeg ætla nú samt að hætta á það. Mjer finst sjerstaklega athugavert að lögleiða, að lán þau, sem ríkissjóður tekur, sjeu afborgunarlaus. Á meðan ákvæðum

laganna verður fylgt á ekkert að borgast af lánunum fyrri en þau eru fallin öll í gjalddaga, eftir 25 ár frá lántökudegi. Ef ekki eru gerðar aðrar ráðstafanir af ríkisstjórnarinnar hálfu, verður þá að ráðast í nýjar lántökur til að borga hin eldri. Þetta verð jeg að telja vanhugsaða ráðstöfun, er leiði út á óheppilega braut. Því mun verða svarað, að ríkisstjórnin geti keypt skuldabrjefin á frjálsum markaði og afborgað lánin á þann hátt. En þegar fjárlög eru samin, er jafnan aðeins gert ráð fyrir lögskyldum afborgunum, og hæpið að aðrar afborganir verði teknar uppá áætlun. Frv. getur því leitt til ógætilegri fjármálastjórnar en áður hefir verið í þessu landi. Þetta gæti þó gengið, ef um leið hefðu verið stofnaðir með lögum sjerstakir afborgunarsjóðir af ríkisskuldum, eins og í enskumælandi löndum. En sú tilhögun er algerlega óþekt hjer á landi, enda ekkert orð í þá átt í frv.

Það virðist vera óheppilegt að binda hendur stjórnarinnar um vaxtakjör þessara lána, sem tekin eru handa ríkissjóði. Það getur vel verið, að á næstu árum fáist ekki fje með lægri vöxtum en ákveðnir eru í frv. eins og það kom frá Ed., 4½% og þar yfir, en það er miðað við núverandi ástand og óþarft að gera ráð fyrir, að vextir geti eigi orðið lægri í framtíðinni. Áður hafa þeir þó verið að minsta kosti 4 af hundraði; tel jeg því varhugavert að lögbinda þetta.

Loks vil jeg segja það um frv. í heild sinni, að jeg sje ekki, að það geri annað en að binda hendur stjórnarinnar sjálfrar um atriði, sem betur væri að hún hefði óbundnar hendur um. Og virðist því óheppilegt að setja þau lög að óþörfu. Stjórnin getur sjálf sett takmarkanir, sem við eiga á hverjum tíma, án slíkra laga.

Viðvíkjandi innlausnarskyldunni, að skuldabrjefin eiga öll að greiðast í einu eftir 25 ár, má geta þess, að auk þess sem það leiðir til ógætilegrar fjármálastefnu, þá gerir þetta skuldabrjefin ó útgengilegri innanlands. Menn eru hjer óvanir þessu. Samkynja brjef hafa áður ávalt hjer á landi verið innleysanleg með inndrætti á vissu árabili, þannig að maður, sem kaupir brjefin, þarf ekki að álíta þau óinnleysanleg til síðasta dags, heldur verði þau smám saman innleyst. Einstaklingar verða því ófúsari að kaupa brjefin með því innlausnarskilyrði, sem frv. ákveður (25 ára frest). — Hjer má ekki miða við aðstöðu í öðrum löndum, þar sem allir vita, að skuldabrjef, sem skráð eru í kauphöllum, eru seljanleg fyrir gangverð hvenær sem eigandi þarf á peningunum að halda. Þessa geta menn ekki vænst hjer á landi.

Niðurstaðan verður þá sú, að frumvarp þetta er óþarft, og athugavert að gera það að lögum. Jeg vil þess vegna leyfa mjer að bera fram till. til rökstuddrar dagskrár, sem jeg afhendi hæstv. forseta, þess efnis að vísa frv. frá umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) taldi ýms tormerki á, ef þetta frv. yrði að lögum, og voru þau sitt úr hverri áttinni. Taldi hann frv. að sumu leyti þarflaust og að öðru leyti hættulegt fyrir fjármálastjórn landsins. Þetta er ekki rjett; þó að lánstími ríkisskuldabrjefanna sje ákveðinn 25 ár, þá koma fram afborganir af þeim smátt og smátt. Þar sem um smálán innanlands er að ræða, eru þau oftast nokkurn veginn álíka stór árlega, og má því skoða endurgreiðslur þeirra sem afborganir af skuldabrjefunum í heild sinni. Þegar um stærri lán er að ræða, væri auðvitað hægt að koma því svo fyrir að greiða það á t. d. 2—3 árum, þannig að afborganir verði jafnar.

Hitt atriðið, að þetta geti leitt til ógætilegrar fjármálastjórnar framvegis, sje jeg ekki að sje á rökum bygt. Jeg verð að segja, að ef fjármálastjórnin er gætin aðeins af því, að hún er bundin af samningum og takmörkunum, þá er ekkert í gætni hennar varið. Hún getur þó tekið ný lán til innlausnar skuldabrjefunum.

Jeg skal viðurkenna, að það mætti hafa hjer afborgunarsjóði, eins og gert er í sumum löndum; en hjer er um svo lítið að ræða, að jeg álít það varla þess vert. Auk þess ætti það ekki við í þessu efni, því ef fje virkilega er fyrir hendi, gengur það þegar í stað til þess að verjast skuldum, þ. e. lán er þá auðvitað ekki tekið.

Að því er snertir vaxtakjörin á lánunum, sem frv. ákveður, þá mun það rjett athugað, að þau sjeu máske fullbindandi. En ef ástæður breytast þannig á næstu árum, að fje fæst með 4%, þá er að taka því og laga þessi ákvæði.

Það er algengt, að stjórninni sjeu sett takmörk og skilyrði, hliðstæð þeim, sem eru í þessu frv., svo sem í vegalögum, símalögum o. s. frv. Að vísu mætti fela stjórninni að ákveða vaxtakjörin, en það hefir þótt tryggara að kveða á um þau í lögunum, svo að ekki þurfi að breyta þeim oft, t. d. í hvert sinn og stjórnarskifti fara fram.

Forseti (BSv): Það er komin fram rökstudd dagskrá frá háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), svo hljóðandi:

> *„Með því að deildinni þykir ekki að svo stöddu þörf á lagasetningu um þetta efni, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá“.*

Þessi dagskrártill. er því einnig til umræðu.

Frsm. (Jakob Möller): Það er ekki svo að skilja, að nefndin geri frv. að nokkru kappsmáli, en telur það hins vegar vera heppilegt og sjer ekkert á móti því, að það sje samþykt, og er hún að þessu leyti alveg ósammála háttv. samþm. mínum, 3. þm. Reykv. (JÞ). Jeg vil fyrst minna hann á, að þetta er ekki eins mikið stórmál og hann virðist ganga út frá. Lögin eru aðeins sett með tilliti til þeirra smálána, sem taka skal frá ári til árs og heimild er til, og því fer fjarri, að þau fari í þá átt að stofna til óvarlegri fjármálastjórnar en verið hefir. Það er einmitt með þessum lögum, að takmörk eru sett fyrir lántökum og hvernig þeim skuli háttað. Afborganirnar eru óákveðnar, og hv. 3. þm. Reykv. hjelt því fram, að þær yrðu svo þungar, að nærri stappaði, að þær myndu verða óviðráðanlegar. En þá er því að svara, að það er fyrst og fremst engin hætta á, að svo mikið seljist af brjefum þessum, og auk þess mundi stjórnin altaf geta fengið heimild til þess að taka lán upp í afborganirnar. Með stærri lán yrði eðlilega altaf leitað til útlanda, og þá eftir sjerstökum lántökuheimildum. Ætlun nefndarinnar var sú að fá skapaðan markað fyrir íslensk ríkisskuldabrjef, en með því einu móti, að þau verði jafnan fáanleg, venjast menn á að kaupa þau smátt og smátt, og miklu síður með lántökum eins og þeirri 1919—20. Stærri lántökur venja menn yfirleitt ekki á að kaupa þau.

Að öðru leyti hefir hæstv. fjrh. (MagnJ) svarað flestu, t. d. um vaxtakjörin, að taka megi lán með 4%, annars ekki. Það kemur öllum saman um, að lægri geti vextirnir ekki orðið, og því ætti þetta atriði að vera skaðlaust, því fremur sem þessu ætti að mega breyta á hverju þingi.

og ef brýn þörf væri, ætti stjórnin að geta skapað sjer sjerstaka heimild til þess. Hvað það snertir, að brjefin sjeu óútgengilegri fyrir þá sök, að þau eru óinnleysanleg fyrstu 25 árin, þá kann svo að þykja fyrst í stað. En þó sumum virðist það óheppilegt, þá kann öðrum að virðast það kostur, að þau sjeu til ákveðins tíma, t. d. þegar um sjóði væri að ræða. Hinn árlegi útdráttur brjefanna gefur kaupendum heldur enga verulega tryggingu, því sú upphæð nemur svo tiltölulega litlu, og hending, sem ræður, hvers hlutur kemur upp. Er því vafasamt, hvort tímaákvörðunin í frv. getur talist ókostur. Vjer gerum ráð fyrir, að eftirleiðis verði mönnum hjer eins og annarsstaðar gert hægra fyrir að eignast brjefin, og verði þau þá látin ganga kaupum og sölum, þannig, að þótt einhver þyrfti á fjenu að halda, sem hann hefði sett fast í bankavaxtabrjefum, þá gæti hann selt það öðrum.

Nefndin komst því, að öllu athuguðu, að þeirri niðurstöðu, að þetta væri engan veginn varhugavert, heldur miklu fremur trygging fyrir því, að varlegar yrði farið af hendi stjórnarinnar með þær heimildir, sem hún hefir til lántöku. Og því leggur hún til, að frv. nái fram að ganga.

Jón Þorláksson: Hæstv. fjrh. (MagnJ) hjelt því fram, að afborganir mundu komast í kring með tímanum, og er það auðvitað rjett, en eftir frv. verður það ekki fyr en eftir 25 ár, að farið verður að borga af lánunum, sem tekin verða á næstu 25 árum, og heldur þeim afborgunum að sjálfsögðu áfram, svo framarlega sem lán verða tekin árlega, að meiru eða minna leyti á þennan hátt. Við skulum nú líta á, til hvers þessi lán eru tekin. Það mun vera ætlunin að taka á þennan hátt lán til þeirra verklegu framkvæmda, sem heimilað er með ýmsum lögum að framkvæma fyrir lánsfje, svo sem til brúa, síma, vita, ef frv. um vitabyggingar verður að lögum, o. fl. En þessi mannvirki eru öll tímans tönn undirorpin, og jeg verð að telja það mjög ógætilegt að gera þetta með lánum, sem þá fyrst á að fara að borga af, þegar mannvirkin eru orðin úr sjer gengin og þurfa mikils viðhalds eða jafnvel endurnýjunar við. Það er talið rjett að dreifa kostnaðinum við þetta á mörg ár með lántökum, en það er ekki rjett hugsun að skjóta allri greiðslu kostnaðarins á frest um 25 ár. Slíkt er vægast sagt fjármálaóreiða, sem fjarri liggur þeirri hugsun, sem ríkjandi hefir verið hjá þingi og stjórn fram til þessa.

Hæstv. fjármálaráðherra sagðist gera lítið úr þeirri fjármálastjórn, sem þyrfti að binda sig fyrirfram til þess að fara gætilega. En jeg segi honum það, að jeg geri lítið úr þeirri fjármálastjórn, sem ekki gætir allrar varúðar í ráðstöfunum sínum frá fyrstu byrjun. Reynslan hefir sýnt, að það er hverjum einstaklingi hollast að greiða afborganir smám saman af skuldum sínum, en fyrst svo er um einstaklinga, þá gildir öldungis hið sama um fátækt þjóðfjelag. Jeg tel þess vegna, að um öll lán handa ríkissjóði eigi að semja um afborganir frá upphafi. Hitt viðurkenni jeg, að nauðsynlegt sje að taka lán í íslenskum gjaldeyri, en til þess þarf ekki lög, og þó þau væru sett, þá þarf ekki að fljetta þar inn í ný ákvæði, sem eru óheppileg og andstæð góðum venjum, sem fylgt hefir verið hingað til.

Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) misskildi mig, þar sem hann hafði eftir mjer, að afborganirnar af þessum lánum mundu verða of þungbærar. Jeg sagði þvert á móti, að það mundu engar afborganir verða greiddar af þeim, en hitt er auð-

sjeð, að með því að safna skuld á skuld ofan afborganalaust verður vaxtabyrðin á endanum óbærileg. Leiðinlegt er líka, að undantekningu skuli þurfa eða ný lög, er leita skal stærra láns erlendis. Annars get jeg sagt það sama og nefndin, að mjer er þetta ekki kappsmál, en vildi þó ekki láta þessa umræðu fara fram hjá mjer án þess jeg ljeti skoðun mína í ljósi og gæti þess, sem mjer finst vanhugsað eða varhugavert í frv.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg get tekið undir það með hv. 1. þm. Reykv. (JakM), að þetta er í sjálfu sjer ekkert stórmál, en mjer finst það koma berlega í ljós hjá hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að hann hafi gleymt eða ekki gert sjer skýrt í hugarlund, hvernig vjer stöndum. Orð hans fjellu eins og við værum nú allsendis skuldlausir og værum nú að leggja út á þá hættulegu braut að taka fyrsta lánið. Hann er að tala um gætni í fjármálum og gætna fjármálastjórn, sem verið hafi, eins og vjer hefðum engar skuldir stofnað áður. Og hann var að ræða um lántökur til brúa, vita og fleira, eins og vjer hefðum engar aðrar skuldir að borga. Ef vjer þyrftum aðeins lán til að byggja eina brú, væri ekki nema rjett að dreifa jöfnum afborgunum þess á fleiri ár. En því er ekki að heilsa. Vjer höfum áreiðanlega nógar skuldir til þess að afborga á næstu 25 árunum. Jeg býst fremur við, að strandi á peningaleysi en því, að vjer höfum ekki skuldir til þess að láta peningana fara í. Sömuleiðis verð jeg að mótmæla því fastlega, að hjer sje gengið inn á nokkra ógætnisbraut í fjármálum. Hvað mætti þá segja um öll okkar lán í erlendum gjaldeyri? Jeg er þó ekki að víta þau. Fyrir nokkrum árum hafði víst enginn hugmynd um það, hverja þýðingu slíkt hefði fyrir okkar fjárhag, en nú liggur það opið fyrir, hvort heppilegra er að taka lánin í íslenskum eða erlendum gjaldeyri. Því þurfum við að kosta kapps um, að erlend lán minki, en lánin heldur tekin í innlendum gjaldeyri. Og frv. það, sem hjer liggur fyrir, er eitt spor í þá áttina.

Magnús Guðmundsson: Mig langar til að gera stutta grein fyrir því, hvers vegna jeg gekk inn á þetta frv. Ástæðan var sú, að eins og mönnum er kunnugt, þá bíða ýms hjeruð eftir framkvæmd mannvirkja, sem heimiluð hafa verið, en vantar fje til. Nú má vel vera, að hlutaðeigandi hjerað vilji sjálft leggja fram fjeð og geti það, en slík fyrirtæki í einstakri sýslu eða hjeraði mundu naumast kosta meira en 50—60 þús. kr. Að gefa út mörg skuldabrjef fyrir þessu og láta draga út á t. d. 25 árum er of mikil fyrirhöfn og ópraktiskt. Hvað því viðvíkur, að renturnar af þessum lánum komi til að verða þungbærar, ef brjefin yrðu ekki dregin út smám saman, þá býst jeg við, að það verði ekki svo hrædilegt sem látið hefir verið af. Það þarf ekki að gera ráð fyrir, að brjef seljist árlega í þessum tilgangi fyrir meira en 100000 kr. til jafnaðar. Það verður eftir 25 ár 2½ miljón kr. Að því athuguðu verður ekki sjeð, að það sje neitt mikilvægt, þó byrjað verði ekki að afborga lánin fyr en eftir 25 ár, þegar fjeð er notað til slíkra framkvæmda sem brúa, vega o. fl. Að þetta sje hættubraut, fæ jeg ekki skilið; stjórnin hefir miklu fremur hemil á sjer með þessu. Raunar játa jeg, að það sje hæpið, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði, að draga svona lengi afborganir af lánum, en þess ber að gæta, að þau lán, sem hjer er um að ræða, eru í raun inni svo smá, að þau geta aldrei orðið þungur baggi á þjóðinni.

Nefndin samþykti þetta frv. með það fyrir augum, að lánin gengju til framkvæmda mannvirkjum, sem heimild væri fyrir. En til stórlána til dýrari fyrirtækja, svo sem til járnbrautarlagningar, þyrfti auðvitað sjerstaka heimild.

Jón Þorláksson: Mjer fanst efnið í síðustu ræðu hæstv. fjármálaráðherra vera í fám orðum það, að vjer værum nú svo djúpt sokknir í skuldir, að vjer mundum eiga nóg með að afborga þær næstu 25 árin, og yrðum þess vegna að taka afborganalaus lán þetta tímabil. En sje svo sem hann segir, þá held jeg því fram, að vjer megum engin ný lán taka fyrri en vjer erum vaxnir því að greiða afborganir einnig af þeim. Háttv. 1. þm. Skagf. (M-G) gerði of mikið úr því, hvaða skilning hann og nefndin hefðu lagt í lögin, án þess að taka tillit til þess, hvað í sjálfum lögunum stendur. Þetta eru nefnilega engin heimildarlög, eins og helst hefði mátt ætla eftir ummælum hans. Og það er miklu nær miljón en hundrað þúsundum það fje, sem nú fer árlega til verklegra framkvæmda, sem heimilað er að kosta með lánsfje, og altaf verið að auka þetta. Það eru því staðlausir stafir, að þær lántökur, sem frv. fjallar um, mundu ekki nema meira en svo sem 100 þús. kr. árlega. Vjer vitum ekkert um það, og lögin gefa enga ástæðu til, að slíkur skilningur sje lagður í þau.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg þarf aðeins að segja fáein orð, til þess að svara hv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann bjóst við því, að þessi lán yrðu stórfeldari heldur en aðrir hugsa sjer. Hann gerði einnig ráð fyrir því, að ef ekki væru peningar afgangs frá núverandi borgunum af lánum, ætti engin ný lán að taka. En það er auðvitað mál, að ef nógir peningar eru fyrir hendi til nauðsynlegra framkvæmda, þarf ekki og verður ekki tekið neitt nýtt lán. Og það er fjarstæða að vera að tala um ógætni í fjármálum í sambandi við þetta. Með frv. er þvert á móti verið að leggja aðhald að stjórninni um lántökur.

Frsm. (Jakob Möller): Mig furðar dálítið á afstöðu hv. samþm. míns (JÞ), þar sem hann talaði um það, að ekki mætti taka ný lán, ef ekki væru nógir peningar til að greiða hin gömlu. Hví segir þá ekki háttv. þm.: Úr því við getum ekki borgað allar okkar skuldir í dag, megum við ekki hafast neitt að, ekki framkvæma neitt. Hjer er talað um lántöku til bygginga og framkvæmda, sem ekki er gert ráð fyrir, að lokið verði fyr en eftir um 25 ár. Og í því gæti verið samræmi að segja, að ekki ætti að eiga við neinar framkvæmdir, sem lánsfje þarf til, fyr en goldið væri það lánsfje, sem þegar er tekið til annars. Annars er það þýðingarlaust, hvort eitthvað er borgað af í ár og tekið því hærra lán næsta ár. Jeg hygg annars, að nú sje borgað árlega eins mikið af áhvílandi skuldum og frekast þykir unt, þó við munum annars hafa nógar skuldir að burðast með í náinni framtíð. Mjer þótti háttv. þm. (JÞ) líka gera of lítið úr því í þessu sambandi, hvað mannvirkin gætu eða mundu endast, og af því er sennilega sprottinn ótti hans við það meðfram, að afborganir af lánum muni reynast of þungar. En það má vera ljeleg brú, sem ekki endist í 25 ár, svo að jeg held, að þar sje ekkert að óttast.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 3. þm. Reykv. (JÞ) feld með 15:7 atkv.

Frv. samþ. með 17:4 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 199).

---

11. Hlunnindi handa nýjum banka.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík (þmfrv., A. 161).

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 23. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Vjer flm. þessa frv. flytjum það eftir tilmælum þeirra manna, sem getið er í 1. gr. þess, að tekist hafi á hendur að koma á fót bankastofnun þeirri, er hlunnindanna er leitað fyrir.

Frv. er samið af þessum mönnum, og ber að skoða það sem tilboð eða samningsgrundvöll af þeirra hálfu.

Vjer flm. eigum að sjálfsögðu óbundin atkv. um einstök atriði þess.

Frv. er sniðið eftir samskonar frv., sem lagt var fyrir Alþingi 1920, þó þannig, að upp í það hafa verið teknar í aðalatriðum þær breytingar, sem fjárhagsnefndir beggja deilda 1920 höfðu orðið ásáttar um að leggja til, að gerðar yrðu á því, ef til þess hefði komið, að það hefði orðið afgreitt. Jeg skal geta þess hjer, að ein prentvilla hefir, því miður, slæðst inn í d-lið 1. gr. frv. Þar stendur, að 15% af hlutafjenu skuli lagt til varasjóðs, en á auðvitað að vera 15% af ársarðinum. Bið jeg hv. deild að athuga þetta.

En þó að vjer flm. hefðum kosið að gera einhverja breytingu á frv., þá var það í raun og veru ástæðulítið, því það á að sjálfsögðu að vera hlutverk þeirrar nefndar, er um málið fær að fjalla, að gera á því þær breytingar, sem nauðsynlegar kunna að vera.

Það er ekki ástæða til þess, og það á heldur ekki við, að fara út í einstök atriði frv. að þessu sinni. Það, sem sjerstaklega ber að athuga á þessu stigi málsins, er aðeins það aðalatriði, hvort nokkur þörf sje slíkrar bankastofnunar, sem hjer er um að ræða. Og jeg hygg, að flestir hv. þingdm. verði mjer sammála um, að þeirri spurningu sje fljótsvarað. Það vita allir, að bankar landsins hafa veltufje af svo skornum skamti, að hin mestu vandkvæði hafa af hlotist, og þau vandkvæði há mjög öllum viðskiftum og framkvæmdum í landinu. Í svipinn verður ekkert um það fullyrt, hvort fiskiútgerð á í hönd farandi vertíð verður rekin með fullu fjöri eða hún lamast að meira eða minna leyti sökum veltufjárskorts. — Viðskiftavelta landsins hefir margfaldast síðasta áratug, en starfsfje bankanna staðið í stað, eða því sem næst. Á síðustu árum hafa bankarnir og atvinnurekendur landsins orðið fyrir all-

miklu tjóni, svo að veltufjeð hefir fyrir þá sök minkað að miklum mun.

Viðskiftavelta og atvinnuvegir landsins krefjast þó litlu eða engu minna veltufjár nú en á mestu veltiárunum, og margfalt meira en fyrir einum áratug síðan. Það er því auðsjeð, að brýn nauðsyn er á því að auka veltufjeð frá því, sem nú er. En til þess eru aðeins tvær leiðir. Annaðhvort að útvega bönkum þeim, sem nú eru starfandi, meira fast starfsfje með hlutafjáraukningu eða föstum lánum, eða þá að koma á fót nýjum banka. Eins og nú er ástatt, mun aðeins ein leið til þess að auka starfsfje bankanna, sem sje lántaka á ábyrgð ríkissjóðs. Jeg hygg þó, að það úrræði fái lítinn byr hjer, og ef bæta á úr veltufjárskortinum, þá sje jeg því ekki, að til þess sje nema ein leið, að greiða sem best fyrir nýrri bankastofnun, sem gæti fengið megnið af starfsfje sínu erlendis sem hlutafje og viðskiftalán.

Jeg og aðrir flm. þessa frv. lítum því svo á, að hjer sje um hið mesta nauðsynjamál að ræða, og hikum ekki við það að ráða hv. deild til þess að greiða sem best fyrir því.

Þó að um það sje að ræða að veita nýjum banka hlunnindi, þá má ekki einblína á það, hve mikils þau hlunnindi sjeu verð fyrir þá, sem þeirra eiga að njóta, heldur verður að meta það jafnhliða, hvað fæst í aðra hönd.

Og jeg legg áherslu á það, að þessi hlunnindi, sem um er að ræða, koma fyrst og fremst landsmönnum sjálfum til góðs, ef það fæst fyrir þau, að bætt verði úr veltufjárskorti þeim, er atvinnuvegir landsins eiga nú við að búa. Hins vegar eru þessi hlunnindi þegar veitt öðrum banka um jafnlangan tíma og ætlast er til, að hinn fyrirhugaði nýi banki njóti þeirra. En geti sá banki, sem fyrir er, fundið einhver ráð til að fullnægja veltufjárþörfinni, þá fengi ríkið þó ekkert meira fyrir hlunnindin með því móti. Er því í raun og veru litlu til kostað.

Að svo komnu sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, en vænti þess, að frv. verði, að þessari umr. endaðri, vísað til fjhn.

Magnús Kristjánsson: Það mun rjett hjá hv. flm. (JakM), að frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, sje skylt frv. frá 1920, en um hitt, að það frv. hafi haft mikið fylgi, tel jeg vafasamara. Að minsta kosti minnist jeg þess ekki, að það fylgi kæmi í ljós. Gæti jeg trúað því, að líkt færi um fylgi þessa frv., að það reyndist tæplega nægilegt.

Jeg geri ráð fyrir því, að það þyki varla þörf á því, og að engu leyti æskilegt, að veita nýjum, erlendum hlutabanka leyfi til að taka á móti sparisjóðsfje og innlánsfje landsmanna. Er þetta ein ástæða þess, að jeg get ekki orðið frv. þessu fylgjandi.

Hv. flm. frv. leiðrjetti prentvillu, að því er hann sagði, í 1. gr. frv. Skal jeg ekki um það dæma, hvort um prentvillu hefir verið að ræða eða hv. aðstandendur frv. hafa sjeð sig um hönd, en hvort sem heldur er, þá mun það hafa verið hyggilegast, því að ef það hefði staðið, álít jeg að fella hefði átt frv. frá 2. umr. En úr því, að þetta hefir verið leiðrjett, — af hvaða ástæðu sem er, — skal jeg ekki fara út í það, en snúa mjer að öðrum ástæðum, sem eru gegn frv.

Verður mjer þá fyrst fyrir að líta til þeirrar reynslu, sem við höfum fengið af þeim erlenda hlutabanka, er við nú höfum og hliðstæður er þessum fyrirhugaða banka hvað grundvöll og fjárframlög

snertir. Jeg held, að sú reynsla hafi fært okkur heim sanninn um það, hve mikill fengur það var fyrir okkur að fá það útlenda fje. Hugsa jeg, að það sje almenn skoðun, að það fje sje nú orðið alldýrkeypt, þegar tillit er tekið til allra þeirra kvaða, sem því fylgdu, og afleiðinga þeirra. Verð jeg að minnast á þetta, þótt af skiljanlegum ástæðum sje ekki hægt að fara langt inn á þetta mál nú við 1. umr. Það er mín sannfæring, að slíkum rekstri sje best komið hjá þjóðbankanum, því ella lendir hagnaðurinn hjá öðrum en landinu. Er jeg því algerlega mótfallinn því, að útlendir hlutabankar fái gróðann af slíkum starfsrekstri. En þá vík jeg að því, sem jeg tel mestu hættuna í þessu máli. Og það er það, að þegar þessir bankar hafa lánað mikið fje út, bæði einstökum mönnum og fyrirtækjum, og svo kemur það fyrir, sem reynslan hefir sýnt, að hagurinn hnignar, þá verður endirinn sá, að bankinn leitar á náðir löggjafarvaldsins um styrk og ýms hlunnindi. Hefir nú, að mínu áliti, of langt verið gengið í því að styðja útlendan hlutabanka með hlunnindum, að ýmsu leyti á kostnað og ábyrgð þjóðfjelagsins.

Bankastarfsemin grípur inn í líf svo margra einstaklinga, að þeir, sem hafa orðið fyrir því láni, eða óláni, að komast í skuldir við stofnunina eða á annan hátt eru háðir hennl, þeir beita áhrifum sínum til þess að hún verði styrkt og vernduð af því opinbera. Þeir gera það ekki einungis af hlífð við hluthafana, heldur og af ótta fyrir því, að stofnunin gangi annars of hart að þeim við innheimtu skuldanna. Búast má við óhollum afleiðingum af þessu, einmitt vegna ótta viðskiftamannanna við kröfur hennar. Þetta hefir nokkuð komið í ljós við reynslu á starfsemi Íslandsbanka; og hætt er við, að búast megi við því sama um þessa stofnun og aðrar líkar, sem upp kynnu að koma í landinu.

Jeg get geymt að ræða þetta frekar þangað til málið kemur aftur fyrir deildina.

Hvað sem líður þeim ágóða, sem kynni að leiða af þessari stofnun, þó að hún að einhverju leyti kynni að verða talin sem fyrirtæki innlendra manna, þá tel jeg það ekki afarþýðingarmikið atriði að fá þetta fje inn í landið nú. Ein miljón krónur er ekki stórfje eins og nú er ástatt, og þó að hún kæmi inn í landið, mundu innlendir menn varla hafa hagsmuni af því, heldur mundu útlendingar njóta þess. Norðmenn — eigendur hlutafjárins — nota það líklega að mestu í sínar þarfir. Það hefir gengið svo, að þeir útlendingar, sem hjer hafa starfað að atvinnurekstri, hafa fengið fje til sinna þarfa hjer á landi í bönkunum, en greitt það aftur inn í viðskiftareikning þeirra í erlendum bönkum með útlendum gjaldeyri. Þetta veitir bönkunum allmikla hagsmuni nú, sem mundu að mestu hverfa, þegar viðskifti útlendinga minka við þá, vegna hinnar nýju stofnunar.

Margt fleira mætti segja um málið, þó að jeg láti nú staðar numið. Jeg tók eftir því, að hv. flm. (JakM) vildi vísa frv. til fjhn., en hygg, að mönnum virðist mínar undirtektir eigi gera það fýsilegt, og sýnist því, ef til vill, ástæða til að vísa því heldur til einhverrar annarar nefndar, sem væri því hlyntari. Með þessu vil jeg ekki segja, að mín áhrif ráði svo miklu í nefndinni, en þó gæti verið, að þau mundu tefja það, ef nefndin klofnaði. Málinu mundi því haganlegra að ganga til annarar nefndar.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Baldvinsson: Jeg býst nú raunar við, að margir menn í landinu sjeu þeirrar skoðunar, að við þurfum að fá peninga inn í landið. Og þessi skoðun mun aðallega sprottin af þeirri tregðu, sem á því hefir verið að fá peningalán hjá hinum starfandi lánsstofnunum hjer. En þegar farið er að tala um að stofna hjer nýjan banka, eins og frv. það, sem hjer liggur fyrir, ráðgerir, þá liggur næst að spyrja, hvernig honum sje ætlað að starfa og á hvaða sviði. Þess er hvergi getið í frv. eða aths. við það.

Þegar Íslandsbanki var stofnaður, var honum sett sjerstakt hlutverk, sem sje að styðja atvinnuvegina og verslun landsins. Ef það er til þess ætlast, að þessi nýi banki eigi að vera verslunarbanki, þá veit jeg ekki, hvort hans er brýn þörf. Jeg veit ekki, hvort nokkur tregða hefir verið á fje handa þeim, sem starfa að verslunarrekstri og bankarnir hafa treyst til að fara með fjeð.

Hitt er annað mál, að bankarnir hafa ekki þorað að láta fje í vafasamt verslunarbrask; enda eru litlar líkur til, að þeir, sem bankarnir trúa ekki fyrir fje, muni fremur finna náð hjá þessum nýja banka Jeg sje því áreiðanlega, að ekki muni brýn þörf fyrir hann sem verslunarbanka. Og um lán til sjávarútvegsins mun einnig hið sama gilda. Bankarnir munu veita þeim fyrirtækjum rekstrarfje, sem þeir treysta. En þá er eftir ein tegund lána, sem er tilfinnanleg þörf á, og það eru fasteignalán, sem lítill kostur hefir verið að fá undanfarin ár.

Alþingi hefir, 1921, afgreitt lög um stofnun slíks banka. En hann er ekki farinn að taka til starfa og bólar ekkert á honum. Á þessu sviði er þörfin áreiðanlega brýn, þar sem vitanlegt er, að bankarnir hafa algerlega kipt að sjer hendinni um lánveitingar til húsabygginga, og sama gildir um lán til bænda; þeir fá ekki fje út á jarðir sínar. Þeir, sem ráðast í húsabyggingar, þurfa nú að notast við dýr víxillán, og þá er ekki von á, að húsaleigan geti orðið lág. Þessi ókjör auka dýrtíðina í landinu.

Veðdeild Landsbankans er sama sem hætt útlánum. Og bændur þeir, sem vildu bæta jarðir sínar og húsakynni sín, mundu mjög þurfa slíkra bankalána við. Að slík hentug, löng lán hafa ekki fengist um langan tíma, hefir átt stóran þátt í því að auka atvinnuleysið og dýrtíðina í landinu. Ætlar þessi fyrirhugaði banki að veita fasteignaveðslán? Það gæti breytt afstöðu minni til þessa máls, enda þótt slíkt megi kaupa of dýru verði. En þó mundi jeg þá skoða huga minn um málið. En mjer virðist liggja nær að láta þann banka taka til starfa, sem búið er að stofna með lögum og ætlað er að starfa í þessu skyni.

Um rjettindi þau, sem krafist er stofnuninni til handa, hefi jeg það að segja, að þau eru mikil, þó að þau sjeu í aths. við frv. ekki talin meiri en aðrir bankar hafi nú. Jeg hygg, að rjettindin sjeu að sumu leyti meiri en Íslandsbanki fjekk í byrjun. Hann hafði þá ekki rjett til að taka við sparisjóðsfje. Þá heimild fjekk hann seinna hjá landsstjórninni, og var talið mjög vafasamt, að stjórnin hefði getað veitt bankanum þau hlunnindi. Það var farið í kringum lögin og kallað „innlánsfje", en ekki sparisjóðsfje. En það er rjett, Ís-

landsbanki fjekk seðlaútgáfurjettinn, en þann rjett er nú búið að taka af honum.

Eitt er það, sem gott væri að fá upplýsingar um við þessa umræðu, en það er, hversu mikið fje væntanlegir leyfishafar hafa fram að bjóða, og að öðru leyti hvernig það skiftist. Það fje, sem tekið yrði úr sparisjóðsdeildum hinna bankanna hjer og flutt í þennan nýja banka, eykur ekki peningamagnið í landinu og verður engin viðbót, þótt það sje fært til. En það stofnfje, sem frá útlöndum kann að koma, bætist við fjárveltuna í landinu.

En ef nú svo er, að Landsbankinn hafi nægilegt lánstraust erlendis, þá væri betra og eðlilegra, að hann notaði þetta lánstraust sitt til þess að fá það erlenda fje, sem við þurfum á að halda.

Að fje það, sem kemur inn í landið með stofnun hins nýja banka, verði til þess að bæta gengi íslensku krónunnar, fer auðvitað eftir því, hversu mikið það verður. En vel má þess gæta, að það verða útlendir menn, sem hirða hagnaðinn af fjenu, og þeir peningar fara aftur út úr landinu.

En þó skal því ekki neitað, að fjeð getur haft áhrif til bóta í þessu efni í bili.

Sjerrjettindin, sem þessari fyrirhuguðu bankastofnun eru ætluð, eru eins og áður getur jafnvel meiri en farið var fram á fyrir Íslandsbanka í upphafi. Þau eru hvorki meiri nje minni en undanþága frá þremur gildandi lögum, þ. e. tekjuskattslögunum, hlutafjelagalögunum og sveitarstjórnarlögunum; og getur vel verið, að um undanþágur frá fleiri lögum sje að ræða. T. d. mætti hugsa sjer, að ætlunin væri, að bankinn sje undanþeginn því að greiða lögboðin gjöld af húseignum, sem hann kann að eignast; svo fast er að orði kveðið í frv. um undanþágu frá hverskonar gjöldum. Jeg veit ekki, hvað háttv. flm. ætlast til, að þessi rjettindi nái langt. En eftir frv. mætti vel búast við því, ef bankinn eignaðist hús hjer í Reykjavík, að hann þættist undanþeginn slíkum gjöldum, þótt lögmælt sjeu.

Þá er að líta á þær tryggingar, sem bankanum er ætlað að setja fyrir meðferð sinni á sparisjóðsfje.

Það getur ekki talist mikil trygging, er sett er fyrir því, þótt $^1/_{10}$ hluti þess skuli tryggður með verðbrjefum. Sú trygging nær skamt, ef illa fer. Ríkinu er heldur enginn umráðarjettur ætlaður yfir bankanum. Það var þó svo með Íslandsbanka í byrjun, að ríkinu var að minsta kosti í orði tryggður fullkominn umráðarjettur yfir honum. Og þó að þetta hafi raunar gefist miður vel í framkvæmdinni, þá er það ekki lögunum að kenna, heldur þeim mönnum, sem með það vald hafa farið. Hjer er ekki slíku að heilsa; hjer liggur eftirlitið frá ríkisins hálfu í rjettinum til að kjósa *einn* endurskoðanda af þremur, sem auðvitað fær engu ráðið, nema bankinn sjálfur vilji góðfúslega taka till. hans til greina. Líka er í frv. og athugasemdunum mjög óljóst kveðið á um það, hvernig stjórn bankans skuli háttað. Að vísu er gert ráð fyrir, að meiri hluti bankastjórnarinnar sje íslenskir menn, búsettir á Íslandi, en það er þó ekki vel ljóst, hvorki í frv. sjálfu nje í aths., því að þar er gert ráð fyrir, að bankaráð hafi stjórn bankans á hendi, og á það að hafa daglegt eða nær daglegt eftirlit með því, sem gert er. En eftir þeim skilningi, sem menn hjer leggja í bankaráð, þá er þetta ekki vel tryggilegt, og að minsta kosti er bankaráð Íslandsbanka kunnugt að því að hafa ekki fylgst sjerstaklega vel með athöfnum bankans. En alt er þetta á huldu í frv.

Jeg sje því ekki, að öllu athuguðu, hvernig bankinn getur farið fram á þessi miklu hlunnindi, og verð að telja algerlega rangt af Alþingi að fara að samþykkja slík heimildarlög sem þessi. Þótt ef til vill sje alveg nauðsynlegt fyrir okkur að fá fje inn í landið, þá má samt kaupa það of dýrt, og svo er með þessi rjettindin; svo stórfeld eru þau. Það er líka lítt hugsanlegt, að ríkissjóður hafi nokkurn arð af fyrirtækinu, en það á hinn bóginn laust við allar skyldur og skatta til ríkis og bæjarfjelags. Og þótt ríkissjóður mætti gera ráð fyrir að fá einhvern tíma tekjur af bankanum, sem svara 10—12 þús. kr., þá er varla fyrir þeirri tekjuvon að gangast, því hjer er sveitarsjóður og ríkissjóður sviftur tekjum af starfandi fyrirtæki með útlendu fje og fyrirtækinu veitt hlunnindi til að starfa hjer fram yfir innlend fyrirtæki. Að öllu þessu athuguðu geri jeg ekki ráð fyrir, að geta ljeð frv. fylgi mitt, og býst varla við því, að þær upplýsingar komi í málinu, sem breyti skoðun minni á því nokkuð til muna.

Flm. (Jakob Möller): Jeg ætla að byrja með því að taka það fram, að jeg býst ekki við, að geta gefið neinar þær upplýsingar í þessu máli, sem breytt fái áliti háttv. samþm. míns, 2. þm. Reykv. (JB). Jeg geri nefnilega ekki ráð fyrir því, að það hefði nein áhrif á hans skoðun, hversu góðar upplýsingar sem jeg kæmi með, því það er vitanlegt, að afstaða hans er fyrirfram ákveðin. Mætti mönnum þó koma það undarlega fyrir sjónir, því ætla mætti, að þeim mönnum, sem hann er aðallega fulltrúi fyrir, þætti ekki lítils um vert að fá fje inn í landið til þeirra fyrirtækja, sem þeir hafa aðallega atvinnu við. Hann ætti þó að vita um, hvernig ástatt er um togarana, sem liggja núna inni í höfn, sökum þess, að þeir fá ekki fje til rekstrar. Honum ætti þó ekki að þykja einskisvert að fá því breytt. Annars býst jeg ekki við því, að hann sjái þetta ekki, heldur standi flokksskredda að baki, sem jeg leiði minn hest frá að kveða niður. En sumar mótbárur hans falla saman við athuganir hv. þm. Ak. (MK), þótt hann annars tæki aðra afstöðu til málsins, og er ekki úr vegi að fara nokkuð út í þau atriði.

Sameiginlegt með báðum þessum hv. þm. er það, að þeim finst sá agnúi vera á frv., að bæjarfjelag og ríkissjóður missi tekna við það. En þetta er sýnilega rangt, því væri bankinn ekki stofnaður, þá er vitanlegt, að ríkissjóður og bæjarfjelag fá engar tekjur af honum, og er því ekkert að missa. En eins og frv. ber með sjer, þá fær bæjarsjóður og ríkissjóður tekjur af bankanum, ef vel gengur; auk þess sem hann hlýtur að veita ýmsum mönnum atvinnu, sem að sjálfsögðu greiða gjöld til ríkis og bæjar. Og vitanlega á bankinn sjálfur að greiða fasteignaskatta; það er aðeins útsvarið til bæjar, sem hann er undanþeginn, og tekjuskatturinn til ríkissjóðs takmarkaður. Háttv. þm. Ak. (MK) talaði á þann veg, að halda mætti, að hann þekti allar bankastofnanir að illu einu, og gat hann þess, að margir óskuðu að Íslandsbanki hefði aldrei verið stofnaður. Það má vel vera, að sumum sje svo farið, en ýmislegt mundi þó líta öðruvísi út hjer, ef hann hefði aldrei komist á fót. Og þótt peningatap hefði þá ef til vill ekki orðið hjá einstökum mönnum, þá er þess vel að gæta, að það hefði aðeins verið vegna þess, að ekki hefði verið svo í haginn búið fyrir menn, að þeir gætu ráðist í neitt. En öllum fyrirtækjum fylgir nokkur áhætta; sú hætta er altaf til staðar, en án þess að hætta einhverju verða

engar framfarir, heldur tóm kyrstaða um aldur og ævi. Og megi ekki stofna nýjan banka fyrir þessar sakir, þá væri alveg eins mikil skynsemi í því að hætta allri útgerð, vegna þess að manntjón og skiptapar geta af því hlotist. Sú hætta er altaf við hendina og verður varla umflúin. Það er sorglegt, en hjá því verður ekki komist.

Háttv. þm. Ak. (MK) talaði líka um það, að þessum banka væri aðallega ætlað að starfa að norskum viðskiftum og þau viðskifti væru tekin af hinum bönkunum og hefðu verið sjerstaklega hagstæð fyrir þá, sökum þess, að norskir útgerðarmenn hefðu lagt fje inn í bankana til útgerðarinnar að sumrinu. Það er satt, að það átti sjer stað, en hins vegar er ótímabært að tala um það nú, þegar útgerðin er að mestu leyti að komast í hendur innlendra manna, eins og líka á að verða. En þar af leiðir, að eftirleiðis þurfa íslenskir útgerðarmenn að afla sjer rekstrarfjár hjer, en fá það ekki í Noregi. Þörfin hefir því aukist við breytinguna. Hitt er það, að síldveiðarnar hljóta altaf að skapa mikil viðskifti við Noreg, og ekki nema eðlilegt að þessi nýi banki tæki að sjer mikið af þeim. Og það væri ekki nema hagræði að því fyrir hina bankana og gerði þeim auðveldara að standa straum af því, sem þá er eftir. Og eitt er víst, ef áhætta fylgir öllum bankarekstri, eins og hv. þm. Ak. (MK) leggur svo mikla áherslu á, þá verður þeirri áhættu dreift á fleiri hendur, eftir því sem bankarnir verða fleiri.

Annars get jeg þakkað háttv. þm. Ak. fyrir undirtektir hans í þessu máli. Yfirleitt var hann því ekki sjerstaklega mótfallinn, þótt hann hins vegar bæri í brjósti óttann um áhættuna, sem af þessu fyrirtæki gæti stafað, og bjóst við í því sambandi, að fyrir gæti komið, að bankinn yrði síðar að leita á náðir ríkisins á sama hátt og Íslandsbanki. En hjer er öðru máli að gegna, þar sem Íslandsbanki er aðalseðlabanki landsins.

Háttv. samþm. minn (JB) hreyfði ýmsum mótbárum. Hann spurði um það, hvað bankanum yrði ætlað að starfa. Það er ekki sjerstaklega til tekið, en auðvitað er honum ætlað að annast venjuleg bankaviðskifti, sjerstaklega útgerð, en fasteignaveðbanki býst jeg ekki við að hann verði. Og hvað svo sem hann tæki fyrir, þá mundi hann altaf ljetta á hinum bönkunum. Þeir myndu þá t. d. frekar hafa fje aflögu til fasteignalána. Hvað því viðvíkur, að hjer sje engin þörf á viðskiftabanka, þá liggur í augum opið, að það er sagt út í loftið. Háttv. þm. (JB) talaði einnig um hlunnindin, sem þessum nýja banka væri ætlað að njóta, og vitnaði til Íslandsbanka. En hann mintist þó ekki á seðlaútgáfurjettinn, sem sá banki hefir, en þessum nýja banka ekki hins vegar ætlað að njóta hlunnindanna lengur en Íslandsbanki hefir seðlaútgáfurjettinn.

Hvað viðvíkur sparisjóðsfjenu og áætluninni við það, þá er slíkt umtal engin ný bóla. En það er samt tómur orðaleikur. Sparisjóðstje mundi bankinn altaf fá, annaðhvort beint eða óbeint. Meira að segja er engin ástæða til að halda, að bankinn fengi ekki sparisjóðsfje, þótt hann fengi ekki heimildina, sem frv. fer fram á: aðeins mundi það verða undir öðru nafni. Og hvað trygging þessa snertir, þá er það ekki ver trygt í þessum fyrirhugaða banka en gert er ráð fyrir í sparisjóðslögunum. Því auðvitað er það ekki aðeins trygt með þeim 10% af sparisjóðsfjenu, sem bankinn skal, samkvæmt frv., hafa utan við veltuna í auðseldum verðbrjefum, heldur er það trygt með öllu hlutafje bankans. Sami háttv. þm. talaði um undantekningu frá þrennum lögum, er

frv. hefði í för með sjer. En þetta er misskilningur, og þó afsakanlegur Frá hlutafjelagalögunum þarf enga undanþágu. Í þeim lögum er hvergi gert ráð fyrir því, að meiri hluti hlutafjárins sje innlent, enda ómögulegt að hafa eftirlit með því. Með tekjuskattslögin er það sama að segja, því hjer er aðeins farið fram á nokkra ívilnun í tekjuskatti um stuttan tíma. Og þó svo væri, að bankinn ætti að sleppa við skattinn algerlega, þá væri engin ástæða til þess að vera á móti frv. þess vegna. Því um tvent er að velja. Ef engin hlunnindi væru veitt, yrði enginn banki stofnaður, og væri þá um engar tekjur af honum að ræða; og sama er um útsvarið að segja, en hins vegar bersýnilegur gróði að því fyrir bæjarfjelagið, ef hann væri stofnaður.

Þá var að því fundið, að ríkið sjálft eða ríkisstjórnin hefði ekkert eftirlit með bankanum og engin afskifti af honum. En samanburður í því efni við Íslandsbanka á hjer ekki við, þar sem hann er seðlabanki en hinn „privat"-banki. Og hjer vitanlega standa slíkir bankar hvergi undir eftirliti ríkisstjórnanna. En vitanlega verður bankinn þó að sjálfsögðu háður því almenna bankaeftirliti, sem hjer kann að verða lögskipað, að minsta kosti samkvæmt sparisjóðslögunum, ef hann fær sparisjóðsrjettindi.

Jeg held líka, að það væri að öðru leyti eftirsóknarvert og æskilegt að fá hjer þriðja bankann, sem óháður væri öllum pólitískum áhrifum. Það mundi vafalaust hafa góð áhrif á bankaviðskifti í landinu, sem hingað til hafa verið nokkuð einokunarkend, eða í þá áttina, ef svo má segja. Það væri að minsta kosti gott að fá meiri samkepni. Jeg veit að vísu, að þetta fellur ekki saman við skoðanir háttv. samþingismanns míns (JB), en það þarf nú ekki að vera verra fyrir það. Yfirleitt er jeg talsvert hissa á þeirri niðurstöðu, sem hann komst að að lokum. Því forsendurnar, að svo miklu leyti, sem þær voru nokkrar, voru smávægilegar eða fjarri lagi, svo að yfirleitt má segja, að röksemdafærslurnar fyrir niðurstöðunni hafi vantað, og þá fer nú að fara glansinn af niðurstöðunni sjálfri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 448 og 461).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Það ætti ekki að þurfa að hafa langar umræður um þetta mál nú, eins og síldarfrv., sem seinast var fjallað um, þó að sumir telji þetta ef til vill mikilvægara. Þetta mál er búið að liggja svo lengi fyrir þinginu, að þm. eru vafalaust búnir að mynda sjer ákveðnar skoðanir á því, og er þá þýðingarlítið að halda um það langar ræður.

Jeg vil aðeins geta þess, sem vakir fyrir meiri hl. nefndarinnar, er vill að frv. verði samþykt. Meiri hl. álítur ávinning fyrir landið, að þessi banki verði stofnaður, því að þjóðin ætti þá kost á meiru af erlendum gjaldeyri. Í öðru lagi er því svo varið, að báðir bankarnir, sem hjer eru fyrir, eru í raun og veru ríkisbankar, og líta margir svo á, að nauðsynlegt sje að koma hjer upp einkabanka líka.

Af því að þeir bankar, sem hjer eru fyrir, njóta ekki einungis sömu hlunninda og farið er fram á handa þessum nýja banka, heldur miklu meiri, sem fólgið er í lánum og ábyrgðum frá ríkinu, þá er ekki hægt

að hugsa sjer, að neinir sjái sjer fært að stofna hjer banka, nema hann fái líka einhver hlunnindi. Að öðrum kosti gæti hann ekki staðist samkepnina. Bankinn verður því ekki stofnaður nema hin umbeðnu hlunnindi fáist.

Nefndin hefir þó álitið fært að gera nokkrar breytingar á frv.

Í fyrsta lagi, að bankanum verði ekki veitt regluleg sparisjóðsrjettindi, enda telur meiri hl. nefndarinnar, að það skifti ekki svo miklu máli, hvort hann hefir þau eða ekki. Hitt er aftur á móti alstaðar venja, að bankar veiti móttöku innlánsfje, enda þótt það sje ekki sparisjóðsfje, og það er þessum banka ætlað að gera. Háttv. minni hl. telur þetta lítilsverða breytingu, því að bankinn fái þá innlán, sem jafngildi sparisjóðsrjettindum. En þetta er ekki rjett, því ávalt er talin vera meiri trygging fyrir því fje, sem er í sparisjóði, heldur en því, sem lagt er inn sem innlán. Menn munu því yfirleitt leggja fje sitt inn í sparisjóð Landsbankans heldur en í þennan banka.

Í öðru lagi taldi nefndin rjett að hækka skattgjaldið til ríkissjóðs af hreinum arði bankans, þegar búið er að draga frá það, sem ákveðið er til varasjóðs o. fl., eins og sjest á þskj. 448. Þetta munar allverulegu frá því, sem upphaflega var hugsað.

Annars sjest það glögt, hver nauðsyn er á þessari nýju bankastofnun, þegar athugað er, hversu viðskiftavelta landsins hefir aukist; er ljóslega sýnt fram á þetta í nefndaráliti nefndarinnar frá 1920. Frá því að Landsbankinn var stofnaður til 1904, er Íslandsbanki var stofnaður, þrefaldaðist útflutningurinn, en síðan hefir hann fimmfaldast. Þar við bætist, að fjárkröggur hjer heima fyrir og erlendis gera stórum erfiðara fyrir um lánstraust bankanna, þó að ekki verði annað sagt en að þeir njóti sæmilegs trausts. En ef skortur er veltufjár til atvinnuveganna, verður að afla viðbótarinnar annaðhvort með því að auka fast starfsfje bankanna eða með auknum lánum. Á þingi 1920 var því beint til stjórnarinnar að athuga, hvort ekki væri fært að auka starfsfje Landsbankans með hlutafje. Hefir ekkert verið gert í þá átt, og hygg jeg að ekki verði gert. Um að auka hlutafje Íslandsbanka verður varla að ræða í náinni framtíð. Það er því ekki sjáanleg nema ein leið til að afla atvinnuvegunum meira rekstrarfjár, sem sje að stofna nýjan banka. Því að jafnvel þó að hægt væri að afla bönkunum, sem fyrir eru, meira lánstrausts, þá er sú leið mjög varhugaverð að byggja alt of mikið á því. Höfum við fengið að kenna á því áður.

Meiri hl. nefndarinnar er því fylgjandi þessum heimildarlögum, er gera ljettara fyrir um stofnun þriðja bankans; fyrst og fremst af því að hann eykur rekstrarfje í landinu, og tryggir í öðru lagi lánstraust þess.

Háttv. minni hl. nefndarinnar hefir skrifað langt nefndarálit, og í því er fátt nýtt eða verulegt, sem ástæða er til að minnast á. Hann talar um, að við viljum fara með bankana eins og verslanir, sem þrífist nú líkt og kýrnar forðum á Egyptalandi. Þetta er að skjóta yfir markið. Hjer eru nú starfandi aðeins 2 bankar, og þó að við bættist sá þriðji, getur það ekki leitt til hættulegrar samkepni. Hinn væntanlegi ríkisveðbanki hefir sitt sjerstaka svið, alveg óskylt starfsviði venjulegra viðskiftabanka.

Þá getur hann um væntanlegan samvinnubanka. Það skyldi gleðja mig, ef hann yrði stofnaður; en mjer er bara ekki ljóst, hvaðan hann ætti að geta fengið veltufje og hvernig hann getur bætt úr

gjaldeyrisþörfinni. Jeg geri líka ráð fyrir, að honum muni ætlað sjerstakt verksvið; hann mun hafa sína sjerstöku stuðningsmenn, og þá um leið ákveðna viðskiftavini. Þessi nýi banki getur því ekki spilt fyrir stofnun samvinnubanka.

Þá gerir háttv. minni hl. mikið úr þeim hlunnindum, sem bankinn eigi að fá. Jeg dreg enga dul á það, að þau eru töluverð; annars væri ekki hægt að stofna bankann, og ef hlunnindin væru ekki óhjákvæmileg, hefði þetta frv. ekki fram komið; þá hefði bankastofnunin ekki verið lögð undir atkvæði háttv. þm. Ak. (MK), nje annara háttv. þm., og hann ekki þurft að skifta sjer af honum. Það er meiningin að veita nýja bankanum sem líkasta aðstöðu og hinir bankarnir njóta gagnvart bæjarfjelaginu og ríkissjóði. En hins vegar missir hvorki ríkissjóður nje bæjarsjóður neins í, þó að bankanum sje slept undan skattgreiðslum, því yrði það ekki gert, fengi hvorugur sjóðurinn þó tekjur af honum, því að hann yrði þá alls ekki stofnaður.

Jeg get tekið undir það með háttv. minni hl., að ekki megi veita bankanum hlunnindin fyrri en hlutafjeð er innborgað; enda liggur það í hlutarins eðli, að slíkt verður ekki gert.

Frsm. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Jeg er fullkomlega sammála háttv. frsm. meiri hl. (JakM), að langar umræður um þetta mál hafi litla þýðingu, og það því fremur, sem jeg ætla, að búið sje að starfa svo rækilega um langan tíma að því að afla þessu máli fylgis á meðal þingmanna. En þrátt fyrir það, er það alls ekki sannað, að málið sje eins holt þjóðinni eins og háttv. frsm. meiri hl. vill halda fram. Má vera, að það sje hans sannfæring; ekki vil jeg draga það í efa, að svo sje. En jeg hefi þó álitið, að hann væri sá maður, sem vænta mætti að bæri nokkurt skyn á þessa hluti. Þess vegna undrar mig, að hann skuli halda því fram, að þessi nýja bankastofnun verði *ekki* til að spilla fyrir þeim bönkum, sem fyrir eru og gera þeim meira ógagn en gagn; og enn fremur þeim banka, sem bráðlega á að stofna. Í þessu landi veltur mest á því, að bankaviðskiftin út á við sjeu rekin á heilbrigðum grundvelli; en ef fulltrúar þjóðarinnar láta sjer í ljettu rúmi liggja, hvort staðið er í skilum, hvort heldur er af hálfu ríkisins eða einstakra manna, þá fer það að verða skiljanlegt, að þeir vilji óspart veita útlendu fje inn í landið. Ef ekkert þarf að hugsa um, hve nær kemur að skuldadögunum, þá mætti máske telja gott, að hver og einn fengi að krafsa saman sem mest lánsfje til eigin nota og vafasamra fyrirtækja. En jeg er aftur á móti sannfærður um, að það er hvorki holt eða heppilegt fyrir bankana eða þjóðina að stofna til meiri skulda við útlönd en orðið er. Því er haldið fram af flutningsmönnum þessa frv., að landsmenn fái með því greiðari aðgang að fje til verslunar og útgerðar. Má vera að svo sje, en það getur brugðið til beggja vona, hversu mikið gott mundi af því leiða, eins og nú er ástatt. Jeg skal geta þess, að jeg tel okkur ríða langmest á að grynna á skuldunum erlendis. Jeg hygg það sje flestum ljóst, að atvinnuvegirnir standa nú svo völtum fæti, að það er mjög hæpið, að menn geti farið að ráðast í kaup á nýjum og dýrum tækjum, t. d. til sjávarútvegs. En verði það ekki gert, þá er ekki þörf á auknu erlendu fje til útvegsins; jeg býst heldur ekki við, að það sje ætlunin. Enda eru söluhorfur á afurðunum þannig, að það er ekki nokkurt vit í að hvetja menn til aukinna framkvæmda á því sviði. Þetta

vænti jeg, að háttv. frsm. meiri hl.(JakM) sjái og skilji við nánari athugun. Þá segja sumir, að nauðsyn sje á þessu fje til landbúnaðarins. En þó að þörfin sje þar brýnust og það gæti talist vel verjandi að taka erlent lánsfje handa honum, þá vita allir, að það er ekki til þess ætlast af forgöngumönnunum, að varið verði fje úr þessum banka til ræktunar landsins.

Á þá að verja því til verslunarrekstrar eingöngu? Ef það er tilgangurinn, sem jeg geri ráð fyrir, þá verð jeg að segja, að jeg álít að gengið hafi verið altof langt í því á undanförnum árum að leggja fje í verslunarveltuna, enda er það vitanlegt, að miklu af því fje hefir verið varið illa og þjóðinni til tjóns. Jeg get því ekki orðið háttv. frsm. meiri hl. (JakM) samferða eða álitið þetta útlenda bankafje eins mikinn feng og hann virðist gera. Hann sagði, að hjer væri margt að gera og að nauðsynin væri auðsæ; en mjer nægði ekki þessi rökstuðningur hans.

Háttv. frsm. meiri hl. fullyrti, að þar sem nú störfuðu aðeins tveir ríkisbankar í landinu, þá væri nauðsynlegt og vel við eigandi að stofna þriðja bankann, sem einkabanka. Jeg get ekki fallist á, að þetta sje rjett. Jeg veit ekki, við hvaða lög það styðst, að Íslandsbanki sje ríkisbanki, og mótmæli því eindregið.

Jeg get ekki fallist á þá skoðun, að ríkinu beri skylda til að standa straum af þessum banka, og er auðvelt að sanna, að sú röksemdaleiðsla hv. frsm. meiri hl. getur ekki staðist

Þá var eitt atriði enn í ræðu hv. frsm. meiri hl., sem raunar þýðir ekki að deila mikið um, en sýnir þó ljóslega skýrleikann í hugsun hans og röksemdum. Hann hjelt því nefnilega fram, að það væri alt annað, að bankinn hefði rjett til að taka á móti innlánsfje en að hann hefði sparisjóðsrjettindi. En jeg fæ ekki betur sjeð en að hjer sje einungis um orðamun að ræða. Hann sagði, að menn hefðu það ósjálfrátt á meðvitundinni, að munur væri á þessu. Þetta verð jeg að halda veigalitla röksemd, enda er ekki við því að búast, að maður, sem veit betur en hann segir, vilji hætta sjer út í þá torfæru að rökstyðja þetta nánar.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði, sem hv. frsm. meiri hl. gat um við 1. umr. Mjer þótti ekki ástæða til að svara því þá, með því að jeg bjóst við, að málið mundi koma til 2. umr., eins og líka er komið á daginn. Hann var að tala um það, að sjer kæmi einkennilega fyrir sjónir, að menn væru að hreyfa mótmælum gegn svona þörfu máli, og fann ekki annað orð yfir það en að það væri flokkskredda, sem rjeði því. Þessu finst mjer vikja undarlega við, þar sem mjer er ekki annað kunnugt en að sumir hv. þm. þess flokks, sem sneiðina mun hafa átt, sjeu flm. frv. Er því ástæða til að fullyrða, að þessi ummæli sjeu gripin úr lausu lofti.

Við þetta sama tækifæri mintist hann enn á það, að landið gæti einskis mist í við það, þótt bankanum væri veitt skattfrelsi, og yrði það undir öllum kringumstæðum fremur til gagns en ógagns. Þessi ummæli geta ekki talist viðeigandi, nema þá ef vera kynni, að þau þættu frambærileg í málsinnleggi einhvers sniðugs málfærslumanns, en hjer á þessum stað er engin von til þess, að þau verði tekin sem góð og gild vara.

Næst vil jeg þá snúa mjer að tillögum meiri hl. nefndarinnar um tekjur ríkissjóðs af bankanum. Þó hún hafi bætt þau ákvæði nokkuð frá því, sem var upphaflega í frv. flm., þá verður þó tæp-

lega sagt, að þau sjeu viðunanleg. Jeg hefði þó getað búist við, að hv. frsm. meiri hl. myndi eftir, hvaða skoðun hann hafði fyrir þremur árum síðan, er samskonar mál var til umræðu hjer í þinginu. Þá viðhafði hann ummæli, sem hann nú er horfinn frá. Vera má að breyttar kringumstæður rjettlæti þetta hverflyndi, en jeg fæ þó ekki sjeð í hverju það liggur.

Það stendur m. a. í nefndaráliti samskonar nefndar á þinginu 1920, að ekki sje nema sjálfsagt, að landsmenn sjálfir hafi öll yfirtök slíkrar bankastarfsemi. En langur vegur er frá, að með frv. sjálfu eða till. meiri hl. nefndarinnar sje því náð, sem þá var talið svo nauðsynlegt. Það hefði máske verið rjett af minni hl. að koma með brtt. við frv. þetta, sem færi í líka átt og nál. 1920. En skoðun mín er sú, að æskilegast sje, að málið nái alls ekki fram að ganga, enda hefðu brtt. orðið að vera svo gagnorðar, að lítið hefði orðið eftir af upphaflega frv.

Þá er það annað atriði í nál. 1920, sem sýnir, hversu mönnum hefir þá þótt nauðsynlegt, að sem tryggilegast væri um alla hnúta búið, þar sem kveðið er á um það, hvað gróði bankans megi vera mestur. Ekki eru sýnileg nein ákvæði um þetta í frv. núna. En vel má vera, að hv. 1. þm. Reykv. (JakM) taki við 3. umr. upp í frv. þau ákvæði, sem hann taldi óhjákvæmileg þá, og væri það auðvitað til mikilla bóta.

Þá er þriðja atriðið og ekki óverulegt, þar sem nefndin frá 1920, sem jeg hefi minst á, telur það sjálfsagt, að fyrirfram sje trygt, að meiri hluti hlutafjárins sje innlent. En í þessu frv. er öðru nær en það sje gert að skilyrði. Jeg vona, að hv. þm. skilji, að ekki sje ófyrirsynju þó á þetta sje minst nú, því þá var málið sótt af miklu kappi og það almenn ósk og vilji, að um þetta atriði væri sem tryggilegast búið.

Það er margt fleira í þessu nál. frá 1920, sem vert væri að minnast á, en jeg vil þó ekki tefja tímann með því núna. Frv., sem hjer liggur fyrir, virðist að öllu athuguðu hafa fyrst og fremst fyrir augum hagsmuni hluthafanna, en hag ríkissjóðs og almennings miklu ver borgið. Jeg get því til sönnunar bent á það, að sá arður, sem gert var ráð fyrir 1920 að rynni til ríkissjóðs, er miklu hærri en sá, sem þetta frv. ætlast til. Raunar er nokkuð úr þessu bætt með tillögum nefndarinnar, því hún hefir breytt ákvæðinu svo, að hann er þó ekki nema hjer um bil helmingi lægri nú en hann var þá áætlaður. Hefir nefndin með þessu sýnt virðingarverða viðleitni í þá átt að bæta nokkuð úr skák, en fer þó svo skamt í því, að það getur alls ekki talist nægilegt. En auðvitað er það á valdi þm. sjálfra að sýna, hversu lítilþægir þeir eru fyrir ríkisins hönd.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að það, sem um getur í nál. minni hlutans, hafi við nokkur rök að styðjast, og vil enn taka það fram, að það er óhugsandi, að stofnun líks banka og þessa geti á nokkurn hátt bjargað þjóðinni úr þeirri fjárhagskreppu, sem nú er. Það er fjarri sanni, að svo sje. Því ef við þyldum að taka frekari lán í útlöndum, þá er jeg sannfærður um það, að bankarnir hjer, að minsta kosti Landsbankinn, eru fullkomlega færir um að útvega það rekstrarfje, sem atvinnuvegirnir þurfa við. En það eru takmörk fyrir því, hvað mikil lán sje heppilegt að taka, því menn mega ekki loka augunum fyrir því, að einhverntíma dregur að skuldadögunum og að fyrir því verður að sjá, að

greiðslur geti átt sjer stað á rjettum tíma. En þegar skynseminnar er gætt, er það sýnilegt, að okkur er ekki fært að leggja mikið aukið fje í atvinnuvegina nú sem stendur, því ekki er annað fyrirsjáanlegt, því miður, en að áframhaldandi tap verði á rekstri þeirra í framtíðinni. Þessi eina ástæða er í sjálfu sjer næg til þess, að jeg tel ekki eftirsóknarvert að fá þennan banka, einkum þar sem fullráðin er stofnun Ríkisveðbankans. Og jeg er svo bjartsýnn, að jeg tel vafalaust, að útvega mætti honum nokkurt veltufje, þó það ef til vill yrði ekki eins mikið og sumir kynnu að telja æskilegt.

Jeg skal svo ekki í bráðina orðlengja þetta meira, en get þó ekki látið hjá líða að geta þess, að mjer þykir vel farið, hversu mætir menn það eru, sem fyrirhugaðir eru í stjórn bankans, þar sem það er sýnilega úrval bænda og annara atvinnurekenda. Býst jeg líka við, að forgöngumönnum þessa fyrirtækis hafi ekki þótt það litlu skifta að fá t. d. bændur í stjórn fjelagsins. Hefir það eflaust átt að gefa fyrirtækinu viðfeldnari og þjóðlegri blæ.

Og svo þetta að lokum: Þó að maður hafi annars engan rjett til þess að spá málefninu nokkrum hrakspám, þá gæti jeg þó ímyndað mjer, að eins og fjármálaástandið er erlendis og ekki hvað síst í Noregi, þar sem mestra fjárframlaga er vænst, þá gæti brugðið til beggja vona, að handbært fje fáist til bankans, þegar á skal herða, enda skaðlaust þótt svo færi. Raunar er ekki hyggilegt að byggja vonir á slíku. Og allra síst mun þurfa að vænta þess, að bankinn, þótt hann komist á fót, muni geta bætt úr þörfum allra manna, og síst að hann geti læknað „spekulationsgræðgina", sem þjáir svo marga menn nú á dögum, því hún virðist vera nokkurn veginn takmarkalaus.

Jón Baldvinsson: Það ætlar að verða furðulítið rætt um þetta mál, og gefur það bendingu um það, að forlög þess sjeu fyrirfram ákveðin og háttv. þm. telji, að það sje víst, hvernig fari, og má vel vera að svo sje. Jeg vildi þó gera fáeinar athugasemdir, en lofa þó hv. deild um leið að lengja ekki umræðurnar fram úr hófi, því afstaða mín til þessa máls er óbreytt frá því, er það var til 1. umr.

Jeg vil þá fyrst lýsa yfir því, og leggja áherslu á það, að svo virðist ekki sem skortur sje á fje hjer í landi eins tilfinnanlegur og forgöngumenn þessa fyrirtækis vilja vera láta. Það hefir verið látið ómótmælt, að Landsbankinn geti útvegað erlendis það fje, sem þurfi til rekstrar atvinnuveganna. Og hvað segja svo þessir bankar hvor í sínu lagi og báðir? Aðalbankastjórinn við Íslandsbanka, Eggert Claessen, segir svo í grein, sem hann skrifaði nýlega: „Hefir ekki mjer vitanlega skort rekstursfje til nokkurs verslunareða atvinnufyrirtækis, sem bankarnir hafa talið stuðningsvert." Og fyrst Íslandsbanki treystir sjer svona vel, þá efast víst enginn um það, að Landsbankinn muni ekki síður vera fær um að veita lánsfje. Enda hefir það upplýst um Landsbankann, að hann hafi yfir fje að ráða svo miljónum skifti, sem liggi í sjóði. Bendir þetta í þá átt, að þörfin sje ekki svo afskaplega mikil á auknu lánsfje til verslunar- og atvinnufyrirtækja. Vert er líka að athuga, að það fje, sem kemur með þessum banka inn í landið, fer alt út úr landinu aftur og arðurinn með, í stað

þess að arðurinn af erlendu lánsfje, sem t. d. Landsbankinn tekur, verður kyrt í landinu.

Þá hefði athugasemdin við fyrirhugað leyfi í 1. gr. frv. átt að standa í sjálfu frv., að vissa væri fyrir þátttöku þektra erlendra banka og fjesýslumanna. Er aðeins lítillega á þetta minst í nál.

Hjer er talað um það að veita ákveðnu hlutafjelagi ýms hlunnindi. En þó hafa komið fram sáralitlar upplýsingar um þetta hlutafjelag. Það má að vísu vera, að nefndin hafi haft fyrir sjer lög þess, eða eitthvað slíkt, og þó fjelagið sje fyrirhugað fyrir alllöngu, hefi jeg ekki orðið þess var, að það hafi verið skráset: enn þá. En þó þessum einstöku mönnum, sem hjer er um að ræða — og jeg er ekkert að lasta þá persónulega — sje veitt þetta leyfi, þá er vitanlegt, að þeir leggja ekki fram neitt stórfje til þessarar bankastofnunar. Og það er ekki mikilsvirði til þess að bæta úr fjárskorti hjer, þótt þetta yrði gert með því að taka slíkt fje út úr hinum bönkunum og nota það í þessum nýja banka. En svo er annað athugavert, og það er það, að í þessu efni er upplagt að selja leyfið öðrum fyrir stórfje. Jeg er ekki að segja, að þessir menn mundu gera það, en jeg segi hitt, að dæmi sjeu til þess, að slík leyfi hafi verið veitt á nafn einstakra manna og síðan seld út um öll lönd, og ekki altaf til gagns fyrir landið eða landsmenn.

Þá skal jeg víkja að því, sem talað hefir verið um, að þessi fyrirhugaði banki ætti að fá fje frá Noregi. En í því sambandi vil jeg nú benda á það, að svo er nú síðustu dagana komið sumum stærstu bönkunum þar, að þeir hafa stöðvað greiðslur. En þótt svo væri, að þetta fyrirhugaða fje fengist þarna erlendis, þá er það svo, að þótt 1—2 milj. sje stór upphæð fyrir einstaklinginn, þá munar lítið um það fyrir heila þjóð. En með því fáum við hins vegar nýja hættu, eins og reynslan hefir þegar sýnt um Íslandsbanka, þar sem aðallega var hugsað um hag hluthafanna. Annars þýðir það kanske ekki mikið að vera að ræða málið, en jeg, að minsta kosti, ætla ekki að greiða því atkvæði.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Úr því aðrir hafa orðið til þess að tefja tímann með því að teygja umræður um þetta mál, get jeg ekki komist hjá því að gera aftur nokkrar athugasemdir, þar sem það gæti annars valdið misskilningi, ef jeg drægi það til 3. umræðu.

Háttv. þm. Ak. (MK) sagði, að erfitt væri að færa sönnur á það, sem jeg sagði, að stofnun nýs banka yrði til hags fyrir þá gömlu. En jeg verð þó að segja það, að það er bönkunum til hags, á hvern hátt sem greitt er úr gjaldeyriskreppunni, þó ekki sje beinn fjárhagslegur hagnaður að því. Annars lagði þessi háttv. þm. aðaláhersluna á það, að nýr banki mundi verða til þess að auka skuldir landsins út á við. Þetta getur nú til sanns vegar færst að vissu leyti, því sem sje, að mönnum væri þó gefinn kostur á stofnun nýrra fyrirtækja. En það verður auðvitað bankans að skera úr því, hvaða fyrirtæki sjeu góð og hver ekki. En ef bankinn styður menn til óheilbrigðra fyrirtækja, — sem ekki er hægt að ganga út frá —, þá kemur það fyrst og fremst sjálfum honum í koll.

Þá vildi þessi sami háttv. þm. vefengja það, sem jeg sagði um það, að Íslandsbanki væri að nokkru leyti þjóðbanki, — því annað sagði jeg ekki. En hann er það vitanlega einmitt að því leyti sem hann er seðlabanki, auk þess sem hann er

nú undir stjórn ríkisins og nýtur sjerstakra hlunninda og að ríkið hefir gengið í ábyrgð fyrir hann. Þar fyrir fer því þó auðvitað fjarri, að ríkið eigi að bera allan vanda af honum.

Þá var háttv. þm. að vitna í nál. frá 1920, sem jeg hefði skrifað undir, en ekki væri í samræmi við það, sem jeg væri nú að halda fram. En þetta er hreinn misskilningur. Í þeim banka, sem hjer er um að ræða, eru innlendum mönnum tryggð yfirráðin, með því að meiri hluti í stjórn hans eiga að vera íslenskir menn, búsettir á Íslandi, og með því að skylt er að bjóða út meira en helming hlutafjárins innanlands. Í nál. frá 1920 er vitanlega fyrst og fremst átt við þetta.

Í nál. frá 1920 er sagt, að sumir nefndarmenn hafi lagt áherslu á það, að þingið setti ákvæði um það, hvað gróði banka mætti verða mestur. Með þessum ummælum er ekki átt sjerstaklega við þennan fyrirhugaða nýja banka. Þetta er sagt almennt og má altaf setja lög um það. En í frv., sem hjer er um að ræða, er líka gengið lengra í þessu efni en í till. frá 1920, því nú er áskilið, að bankinn greiði 25% af þeim hluta ársarðsins, sem fram yfir er 200 þúsund krónur.

Ennfremur sagði hv. þm. (MK), að ekki væri glæsilegt að ráðast í slíkt fyrirtæki sem þetta nú, þar sem horfur væru á tapi á öllum atvinnurekstri. En ef hann trúir þessu sjálfur, hvers vegna getur hann þá verið á móti því að dreifa þessari áhættu á fleiri hendur, að ljetta nokkru af henni af Íslandsbanka og Landsbankanum? — Jeg man svo ekki eftir því, að jeg þurfi að gera fleiri athugasemdir við ræðu hv. þm. Ak. (MK), því það, sem hann þóttist hafa eftir mjer úr framsöguræðu minni, um það, að þetta hefði verið gert að flokksmáli Framsóknarflokksins, sem sje að vera á móti málinu, þá er það misskilningur, því meðal flutningsmannanna sjálfra eru menn úr þeim flokki. Hins vegar mun jeg hafa sagt það um hv. samþm. minn, 2. þm. Reykv. (JB), að sá flokkur, sem að honum stendur, hafi gert andstöðuna við þetta mál að flokksmáli. Annars vil jeg aðeins bæta við þetta einni athugasemd enn, sem jeg gleymdi áðan. Það er sem sje misskilningur minni hlutans, að ætlast sje til þess, að bankinn verði laus við fasteignaskatta. En þessari staðhæfingu má ekki vera ómótmælt, því að bankinn á aðeins að vera laus við skatt af atvinnurekstri.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) þarf jeg ekki að svara miklu. Hann sagði, að nýr banki væri óþarfur, því enginn skortur væri hjer á veltufje. Þetta sama var líka staðhæft 1920 — meðan þingið stóð. En hvernig fór svo eftir að þingi lauk? Svo, að yfirfærslur stöðvuðust svo að segja alveg nokkru seinna. Þá talaði þessi hv. þm. um það, að allur ágóðinn færi til annara landa. Ja — hvernig er hægt að búast við því að fá lánsfje án þess að greiða vexti af því? En það er auðvitað ekki sama sem að allur gróðinn fari út úr landinu, því gróði þeirra fyrirtækja, sem bankinn styrkir, verður eftir í landinu sjálfu. Gróðinn af þeim fyrirtækjum, sem ekki yrðu stofnuð eða rekin að öðrum kosti, yrði hreinn gróði landinu til handa.

Þessi sami háttv. þm. talaði einnig um hættu á því, að bankaleyfið gæti gengið kaupum og sölum erlendis. Hann ætti þó að geta vitað það, að í 1. gr. frv. er ákveðið, að engin hlunnindi skuli veitt fyr en bankinn er stofnaður, og þá getur það að sjálfsögðu ekki komið til mála, að leyfið gangi kaupum og sölum. Þetta er heldur ekki sambærilegt við það leyfi, sem hann mun hafa átt við, sem sje leyfi til

saltvinslu úr sjó hjer. Þar var um fullkomið einkaleyfi að ræða, sem veitt var ákveðnum manni, án þess að áskilið væri, að hann hefði nokkrar framkvæmdir þegar í stað. Þá spurði hv. þm. (JB) um það, hvort nefndin hefði fengið nokkrar upplýsingar um fjelagið, sem bankann ætli að stofna, eða hvort það væri skrásett. En enn þá verður aðeins að benda honum á það að lesa frv. sjálft, því þar stendur, að fjelagið sje *fyrirhugað*. Það liggur því í hlutarins eðli, að það hefir ekki verið skrásett. Loks talaði háttv. þm. um ástand norsku bankanna í þessu sambandi, og má vera, að bankakreppan í Noregi geti haft einhver áhrif á þetta mál, og þó varla veruleg. Það er heldur ekki rjett, að 1—2 miljónir, sem hann gerði ráð fyrir af útlendu fje, gætu ekki gert hjer neitt gagn, þó ekki væri meira. Má í þessu sambandi benda á umtalið um það, að 3—4 milj. lán mundi nægja til þess að stöðva gengi kr. Ef bankinn yrði stofnaður, ætti væntanlega ekki að þurfa nema 2 milj. til þess.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi minnast dálítið á nokkur atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv. (JakM), en skal þó ekki lengja umr. mikið. Viðvíkjandi því, sem jeg sagði, að mestur gróðinn af bankanum mundi fara út úr landinu, þarf jeg ekki annað en að benda á það, að hugsunin mun vera sú að fá megnið af starfsfje bankans frá útlöndum, og eðlileg afleiðing þess er sú, sem jeg nefndi áðan, að gróðinn af þessu starfsfje rennur líka út úr landinu, gagnstætt því sem t. d. er um Landsbankann. Háttv. þm. vildi heldur ekki viðurkenna, að samband væri milli þessa banka og þeirra annara einkaleyfaveitinga, sem jeg drap á. Það er þó bersýnilegt, að ríkisstjórnin getur ekki veitt neinum öðrum en þeim, sem í frv. eru nefndir, þessa heimild, ef frv. verður samþykt, og þar af leiðandi er með frv. um einkaleyfi að ræða handa þessum mönnum, eða alveg það sama og jeg var að tala um í fyrri ræðu minni.

Þá held jeg, að reynslan hafi sýnt, að hagur hlutbafanna og landsins þarf ekki altaf að fara saman. Er Íslandsbanki gott dæmi þess. Lengra þarf ekki að leita. Skilst mjer, að svo muni fara hjer, að það verði þeir, er fjeð leggja fram, sem komi til að hafa yfirráðin.

Raunar er það sagt, að meiri hluti bankastjórnarinnar — í svigum er orðið „bankaráð“ haft aftan við — eigi að verða íslenskir menn, búsettir hjer, en þetta er óljóst orðað, og hefi jeg áður bent á það. Sje ætlunin sú, að aðeins meiri hl. bankaráðsins sjeu íslenskir menn, gefur það ekki miklar vonir, eftir reynslunni, sem við höfum af bankaráði Íslandsbanka. Hæstv. forsrh. (SE) hefir í öðru máli gefið þær upplýsingar eða skýringar á starfsemi bankaráðsins, að það gæti ekki verið að hlaupa niður í banka og reikna út gengi; og fleira mun það vera, sem því mun ekki vera talið skylt að gera, þótt nauðsyn væri á því. Mundi eins verða hjer. Þeir, sem í bankaráðinu yrðu, hefðu öðrum störfum að gegna og skoðuðu þetta sem aukastarf. Niðurstaðan yrði því sú, að það yrðu erlendu hluthafarnir, sem rjeðu flestu um starfsemi bankans.

Mestum vandkvæðunum nú veldur það, hve erfitt er að fá fasteignalán í bönkunum, en úr þessu verður ekki bætt með þessari bankastofnun og ekki fyr en Ríkisveðbankinn kemur. Lægi nær að vinna að því, að hægt yrði að hleypa honum af stokkunum sem fyrst.

Þessi nýi banki mundi ekki fást við slíka lánsstarfsemi. Hann mundi eingöngu verða verslunar- og útgerðarbanki, eftir því sem

hv. frsm. meiri hl. hefir sagt, en aðgætandi er, að stærri bankinn hjer hefir lýst því yfir, að enginn hörgull væri á fje til þessara fyrirtækja, og sýnist því þessi bankastofnun alóþörf.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Hv. 2. þm. Reykv. (JB) var að árjetta ummæli sín frá fyrri ræðu sinni, sjerstaklega um ágóðann af starfsfje bankans, samanborið við, ef Landsbankinn hefði stærra starfssvið, sem svaraði hlutafje þessa nýja banka.

Hann vill halda því fram, að Landsbankinn geti útvegað sjer fje, sem þessu svarar, og með því aukið starfssvið sitt. Vil jeg ekki neita því, að hann geti það, og jeg vildi 1920, að hann gerði þetta, því að jeg áleit það rjett, eins og þá stóð á. En síðan eru liðin 3 ár, og enn hefir ekkert verið gert. Var þó samþykt þál., þar sem skorað var á stjórnina að athuga þetta og hvort ekki væri tiltækilegt að gera hann að hlutabanka, eins og tíðkast erlendis um samskonar banka.

En ekkert af þessu hefir verið gert og ekkert bólar á tilraunum í þessa átt. En sje það ekki ætlunin að gera bankann að hlutabanka um leið og starfsfje hans er aukið, tel jeg það mjög varhugavert, því að það er nauðsynlegt að setja takmörk fyrir aukningu starfsfjárins, ef það á alt að fást með föstu lánsfje. Er Íslandsbanki 1920 dæmi þessa. Lánsfje hans var of mikið, saman borið við það starfsfje, sem hann hafði. Verða ætíð að vera viss hlutföll þar á milli. En hlutafje er ekki lán: það er bankanna eigið fje, sem ekki er hægt að kippa út nje innkalla og smáfestist í þeim fyrirtækjum, er bankinn styður.

Auðvitað er það rjett, að arðurinn af því fje, sem erlendu hluthafarnir leggja í bankann, rennur út úr landinu, en arðurinn af starfi bankans rennur ekki allur út úr landinu, heldur njóta lántakendur mikils hluta hans, þótt óbeint sje.

Það er ekki rjett hjá hv. þm. (JB), að þessi heimild, sem þessu hlutafjelagi er gefin, sje sambærileg við einkaleyfi, sem gefin hafa verið einstökum mönnum til saltvinslu úr sjó. Þessi einkaleyfi eru framseljanleg, en þessi heimild er það ekki. Hjer er ákveðnu fjelagi veitt fyrirheit um hlunnindi, og það getur ekki framselt þau öðrum.

Háttv. þm. (JB) heldur, að útlenda fjeð eða eigendur þess komi til að ráða starfsemi bankans, en það er engin ástæða til að ætla slíkt, því að innlendum mönnum er tryggður meiri hluti í stjórn hans, og það er aðalatriðið. En þó að svo væri, þá er augljóst, að hagur bankans og viðskiftamanna hans hlýtur altaf að fara að mestu leyti saman.

Þá hafði háttv. þm. á móti honum af því, að hann yrði ekki fasteignabanki. Það er rjett, að hann á ekki að verða það, en við það, að hann lánar fje til verslunar og útgerðar, losnar væntanlega fje hjá hinum bönkunum, ef þeir hafa nóg af því, eins og háttv. þm. heldur fram, svo að hægt verður að veita meiri fasteignalán úr þeim heldur en nú er hægt. Áhrifin verða því hin sömu sem bankinn veitti fasteignalán.

Annars er ekki að undra, þótt hv. þm. sje á móti bankanum, þar sem hann á að vera einkabanki, því að hann vill, eins og kunnugt er, að ríkið hafi allan bankarekstur í sínum höndum. Í því efni eigum við ekki samleið, og er því í raun og veru ástæðulaust fyrir okkur að rökræða þetta mál meira.

Frsm. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Jeg ætlaði mjer ekki að lengja umr. meira, en af því að jeg sje, að mönnum er ósárt um að lengja þær, vil jeg gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. frsm. meiri hl. (JakM), og get jeg þá sparað mjer það við 3. umr.

Háttv. þm. hjelt því fram, að á sama stæði, hvernig greitt yrði úr gjaldeyrisskortinum, ef það aðeins yrði gert. Voru þessi ummæli hans í tilefni af því, sem jeg hafði áður sagt, að varasamt gæti verið að fá erlent fje inn í landið, þar sem atvinnuvegirnir væru nú svo tæpt staddir, að þeir gætu ekki borið sig.

Þegar svona stendur, er eina ráðið að takmarka lántökur erlendis og eyðsluna í landinu, og reyna til að fá tekjurnar með því til þess að yfirstíga gjöldin.

Af þessum sökum tel jeg það óráðlegt að taka útlent veltufje til að vinna með hjer nú sem stendur.

Háttv. frsm. meiri hl. sagði, að með því væri unt að ráðast í ný fyrirtæki, sem gætu gert það mögulegt að greiða eldri skuldir. Þetta getur nú haft við nokkuð að styðjast, en nokkuð sýnist mjer hjer djarft teflt, að fara að stofna til nýrra fyrirtækja, sem engin vissa er fyrir að hepnist.

Þessi rökfærsla er því ekki næg til að breyta skoðun minni.

Annars vil jeg geta þess, þótt jeg eigi það á hættunni að verða kallaður afturhaldsmaður og svartsýnn, að mjer er ekki ljóst, hver þessi góðu fyrirtæki eru. Hjer var kominn dálítill vísir til iðnaðar, og maður gat búist við, að hann yrði að einhverju gagni síðar meir, en það hefir sýnt sig, að svo hefir ekki orðið. Þessi hóflausa fjáraflalöngun og samkepni hefir riðið þessum fyrirtækjum alveg að fullu. Hvert fyrirtækið á fætur öðru í sömu greininni hefir verið stofnað, og það svo fyrirhyggjulítið, að þau mega heita fyrirfram dauðadæmd.

Nægir að benda í þessu efni á smjörlíkisgerðirnar, sem hafa þotið upp eins og gorkúlur og bera sig svo ekki, og fleira mætti nefna, ef þörf væri.

Alveg sama má segja um sjávarútveginn og verslunina. Má þar til nefna upphotið 1916 að kaupa mótorskipin, sem miljónir hafa nú tapast á. Þetta ætti öllum hv. þm. að vera kunnugt, og fyrir þessu má ekki loka augum og eyrum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði í fyrri ræðu sinni, að Íslandsbanki væri í eðli sínu ríkisbanki. Jeg mótmælti þessu, og vildi hann nú í síðari ræðu sinni að draga úr þessum ummælum sínum. Er ekki nema gott til þess að segja. Jeg gat þess þá líka, að það mætti ekki kalla bankann svo, að öðru leyti en því, sem hann væri studdur af ríkinu. En jeg held, að það sje ekki æskilegt að vera að tileinka ríkinu hann með húð og hári, eins og nú stendur. Þá bar okkur á milli um það, hvort æskilegt væri, að hlutafjáreignin væri innlend eða ekki. Jeg gat þess áður, og sama er tekið fram í nál. 1920, að það væri sjálfsögð krafa, að helmingur hlutafjárins væri innlent, og teldi jeg því veilu á frv., að slíks var ekki krafist.

Háttv. frsm. meiri hl. vildi nú halda því fram, að það væri nægileg trygging að bjóða hlutafjeð út hjer. En þetta er engin trygging, eins og nú stendur, því að innlendir menn eru ekki færir um að kaupa brjefin nú. Þá sagði háttv. frsm. meiri hl., að hvernig sem á væri litið, væri það æskilegt að dreifa ábyrgðinni, og að sjerstaklega væri það gott fyrir bankana hjer, að ný stofnun kæmi, sem gegndi viðskiftunum um stundar sakir, til þess að losa þá við áhættu, sem stafaði af því að skifta

við landsmenn. En þetta er hvorki æskilegt nje heppilegt. Það er bæði skylda bankanna og nauðsyn að reyna að ganga svo langt, sem þeim er unt, til þess að bæta úr þörfum manna, því að ella tapa þeir æ meira og meira af viðskiftunum, ekki aðeins í bráð, heldur fyrir fult og alt.

Dreifing ábyrgðarinnar, eins og háttv. frsm. meiri hl. komst að orði, getur því hvorki verið hyggileg eða sæmandi fyrir þá banka, sem nú starfa hjer.

Háttv. frsm. meiri hl. hefir gert mikið úr því, að reynslan hafi sýnt það, að bankarnir hafi stöðvað eða að minsta kosti dregið mjög úr öllum greiðslum til annara landa, eða því, sem vjer í daglegu máli köllum yfirfærslur, og er þetta að vissu leyti rjett. En af hverju hefir þetta verið gert? Til þessa munu vera tvær ástæður. Önnur er sú, að líklega hefir bönkunum veitt allerfitt að hafa ávalt á reiðum höndum nægilegt fje til þess að fullnægja eftirspurninni, bæði til þarfra og miður þarfra fyrirtækja. Hin ástæðan, sem er aðalástæðan, er sú, og það verða menn að gera sjer vel ljóst, að teppan stafar einmitt af því, að bankarnir álíta, að gjaldþol manna hjer á landi sje ekki meira en það, að þeir þora ekki að lána meira fje en þeir þegar hafa gert, fyr en viðskiftamennirnir hafa greitt eitthvað af þeim skuldum, sem þeir eru í við bankana. Þetta er ástæðan fyrir þessari tregðu bankanna með yfirfærslurnar og lánveitingar yfirleitt. Einstakir viðskiftamenn og stofnanir, sem við bankana skifta, eru búnir að nota að mestu lánstraust sitt og handbært fje. Því tel jeg ekki forsvaranlegt, að verið sje að ýta um of undir frekari framkvæmdir í þessum efnum.

Þá sagði háttv. frsm. meiri hl., að ef þessi banki kæmist á fót og tækist að afla honum nægilegs starfsfjár, væri það alllíklegt, að hann gæti stuðlað að því að stöðva gengi íslensku krónunnar, eða jafnvel gæti hækkað gengi hennar. Jeg verð að segja það, að ef nokkrar líkur væru til þessa, þá væri þessi ástæða mikilsverð og væri mikið leggjandi upp úr henni; en því er miður, að jeg er hræddur um, að þetta verði ekki, og jeg er meira að segja ekki ugglaus um, að hið gagnstæða geti átt sjer stað og að einmitt það, að þessi banki komist hjer upp, geti stuðlað að — jeg vil ekki viðhafa of stór orð — gengisbraski.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta í bráðina, en aðeins draga saman örfá atriði, sem í mínum augum gera frv. óaðgengilegt, og mjer þykir hæpið, að hjer eftir ráðist bót á þeim annmörkum þess, þar sem nú er orðið svo áliðið þingtímann, að tími mun trauðlega vinnast til að gera það aðgengilegra. Það vantar ýmislegt í þetta frv., sem fyrir 3 árum var gert ráð fyrir, að nauðsynlegt væri til þess að slík stofnun kæmist á fót. Vil jeg þá taka saman í eitt þá annmarka, sem jeg tel hjer á vera:

1. Það er sjálfsögð krafa, að landsmenn eigi kost á að hafa yfirtökin í allri starfsemi þessarar stofnunar.
2. Það vantar ákvæði um það, hvað gróði bankans megi mestur vera. Það er fjarstæða að heimila bankanum að græða takmarkalaust. Þetta eru góðar og rjettmætar ástæður, sem hafa sama gildi og áður.
3. Jafnan ætti meira en helmingur hlutafjárins að vera innlendur.
4. Þá er það síðasta, en eigi það þýðingarminsta, að þetta frv. er frábrugðið því, sem gert var að skilyrði 1920, að nú er ákveðið miklu minna gjald í ríkissjóð en þá var til ætlast.

Ef öll þessi ákvæði væru tekin upp í frv., mætti fremur telja það forsvaranlegt að lofa því að ganga áfram til hv. Ed.

Jón Auðunn Jónsson: Það er allóviðkunnanlegt, en þó er farið að bera talsvert á því meðal háttv. þm., að spurt sje fyrst að því, hvort aðrir ætli að taka til máls, ella ætli þeir ekki að tala; lítur þetta helst út sem tilraunir til þess að fella niður umræður um málin.

Jeg ætla að byrja með því að lýsa því yfir, að jeg er ekki flm. þessa frv., enda ekki neitt sjerlega umhugað um, að það gangi fram á þessu þingi. Háttv. frsm. minni hl. segist ekki vilja stuðla að því, að tekin sjeu meiri lán erlendis, og í því er jeg honum sammála, ef ríkið á að bera ábyrgð á þeim lánum. En ef erlendir fjesýslumenn vilja lána á sína ábyrgð landsmönnum meira veltufje, þá er jeg hins vegar ekki mótfallinn því, að þeir geri það. Menn greinir allmjög á um það, hvort þörf sje á meira veltufje hjer í landinu, og skal jeg ekki dæma þar í milli, vegna þess að jeg er starfsmaður við bankafyrirtæki. En jeg veit, að það kemur oft fyrir, að mönnum er neitað um fje, þótt nógar sjeu tryggingar og góð fyrirtæki og þörf eigi í hlut. Ástæðan getur vel verið sú, sem háttv. frsm. minni hl. (MK) tók fram, að bankarnir álíti óráðlegt að leggja fje í atvinnufyrirtæki eins og stendur, af því að slík fyrirtæki eigi erfitt uppdráttar. En þetta er alveg ófær leið. Bæði einstakir menn og bankar verða oft að leggja í fyrirtæki, þótt þau gangi illa. Það er ekkert betra, að fje þeirra fari á annan hátt í súginn, sem mun verða, ef atvinnufyrirtæki stöðvast og alment atvinnuleysi, sem er afleiðing þess, skellur yfir þjóðina. Kæmi alment atvinnuleysi, verða menn að grípa til sparifjár síns og innstæðna bönkunum, en það er vitanlegt, að langmest veltufje bankanna er fengið sem sparisjóðs- og innlánsfje. Mundi þá ekki vera skárra, þótt eitthvað tapaðist á hinum og þessum atvinnufyrirtækjum?

Jeg held, að í þessu máli horfi menn of fast á Íslandsbanka, — að hann hefir tapað fje og ríkið orðið að veita honum lán. En menn verða að gæta að því, að hann hefir sjerstöðu, þar sem hann er aðalseðlabanki ríkisins. Þessi banki, sem frv. ræðir um, hefir engin slík sjerrjettindi. Hv. þm. Ak. (MK) sagði, að það lægi nær að stofna Ríkisveðbankann eða samvinnubankann, og það skal jeg játa, — *ef* þeir gætu fengið nægilegt starfsfje. En til rekstrar veðbanka ríkisins er ekki hægt að taka lánsfje með háum vöxtum. Jeg ætla ekki að fara að vekja upp deilur um þetta mál frá 1921, en reynslan hefir síðan sýnt, að jeg og hv. þm. Mýra. (PÞ) höfðum þá rjett fyrir okkur í þessu máli.

Hæstv. atvinnu- og fjármálaráðherra (KlJ) hefir margsinnis sagt, að ekkert fje sje enn handbært handa Ríkisveðbankanum; en það má öllum vera ljóst, að það eykur ekki veltufje í landinu, þótt bönkum þeim, sem þegar eru til, sje skift suntur í sjálfstæðar deildir; það yrði aðeins til að auka við nýjum starfsmönnum.

Háttv. þm. Ak. nefndi mótorskipakaupin; en hann gleymdi þá að geta þess um leið, að því aðeins rjeðust menn í þessi skipakaup, að það var orðið ókleift að notast við þá farkosti, sem menn höfðu áður haft. Fiskurinn hefir horfið af grunnmiðunum, og varð því ekki stundaður sjór lengur á sama hátt og áður hafði tíðkast, og þótt nokkrir útgerðarmenn hafi tapað á þessari tilbreytni, hafa sjómennirnir notið góðs af því bæði í bættri at-

vinnu, betri aðbúnaði og minni lífshættu. Það er og enginn efi á því, að þessi stækkaði útvegur hefir sparað fjölda mannslífa, og jeg mótmæli því, að í þetta hafi verið ráðist í þeim tilgangi að „spekúlera“, — það voru aðeins sjálfsagðar tilraunir manna til þess að bjarga sjer.

Jeg veit ekki, hvernig hv. 2. þm. Reykv. (JB) hefir getað fengið það út úr nefndarálitinu, að nefndin sje að gefa í skyn, að hún viti um erlenda banka eða fjármálamenn, sem standi að málinu. Nefndin er að skora á ríkisstjórnina að veita ekki leyfi, nema hún (ríkisstjórnin) viti fyrirfram um, að svo sje. Þetta er aðeins varnagli, sem er sleginn af nefndinni.

Um þau atriði, sem hv. frsm. minni hl. (MK) sagði, að vantaði í þetta frv. í samræmi við nál. fjárhagsnefndar 1920, gæti hann gert brtt. og komið fram með þær við 3. umr. En jeg hygg, að samkvæmt lögunum um hlutafjelög, sem nú gilda, verði meiri hluti stjórnar þessa nýja banka, eða bankaráðsins, að vera innlendir menn, og eru því þar með tryggð innlend yfirráð yfir þessu fyrirtæki. Um gróða bankanna má segja, að hann takmarkast af vöxtunum, en það er venja annarsstaðar, að þjóðbankarnir ákveði vextina í hvert sinn, og það verður líka hjer, eftir að þjóðbankinn tekur seðlaútgáfurjettinn.

Jeg er fús á að taka til athugunar allar breytingar, sem miða til bóta á þessu frv., en það er ekki til neins að vera að veita heimild til þessa fyrirtækis, ef skilyrðin eru algerlega óaðgengileg. Það er ekki tilætlunin með þessum heimildarlögum, að þau gildi lengur en sjerleyfi Íslandsbanka, eða til ársins 1932. Allir vita, að enginn nýr banki getur starfað hjer á landi, meðan bankar eru fyrir, sem njóta ýmsra sjerrjettinda og hlunninda, án þess að fá einhver hlunnindi.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil lýsa því yfir, að jeg er „principielt“ með þessu máli. Jeg hefi aldrei verið hræddur við að veita hjer inn erlendu fje. Fjeð er jafngott, þótt erlent sje, ef aðeins er nógu vel fyrir öllu sjeð, sem þarf. Jeg verð að telja, að það lýsi talsverðu vantrausti á þinginu að ætla, að það geti ekki gengið svo frá þessu máli, að eigi sje þetta fremur til bóta. Jeg er ekki svo hrifinn af bönkunum hjer eða starfsemi þeirra, að jeg telji þessa banka vanþörf.

En það er eitt atriði í þessu, og það er, að jeg tel 2 miljónir of lágan höfuðstól, 3 milj. kr. væru síst of fjarri lagi. Mun jeg bera fram brtt. um það við 3. umr. Jeg verð að telja þingið lítilþægt, ef það fer að veita þessi sjerrjettindi og hlunnindi gegn eigi meira hlutafje en 2 milj. kr. Íslandsbanki var þó á sínum tíma stofnaður með 2½ milj. kr., og stóð þó öðruvísi á þá.

Eiríkur Einarsson: Jeg vil gera grein fyrir atkv. mínu um þetta mál. Jeg tel margt vera til gildis þessu frv. og þekki marga af þeim heiðursmönnum, sem að þessu máli standa, og veit, að þeim gengur það eitt til, er þeir ætla vera til þjóðþrifa. En þó er margt varhugavert við þetta. Það vaknar hjá manni spurningin, sem svo margir eru nú að velta fyrir sjer, hvort ekki sje til nóg veltufje í landinu. Jeg segi fyrir mitt leyti, að það má líta á það mál frá ýmsum hliðum. Ef vel væri með það fje farið, sem vjer höfum, og því væri varið til þess að auka framleiðslu til lands og sjávar eða annara mjög nauðsynlegra hluta, þá gæti jeg tekið und-

ir með þeim, sem segðu aldrei vanta veltufje. En á þessu er allmikill misbrestur, og það gerir allan mismuninn. Það hefir verið varið alt of miklu fje til kaupa á ýmsu, sem betur aldrei hefði keypt verið, og til ýmislegra varhugaverðra „spekulationa".

Jeg vil ekki halda því fram beinlínis, að þessi fyrirhugaði nýi banki verði „spekulations" fyrirtæki. Nöfn ýmsra þeirra, sem að honum standa, nægja til að sýna, að sú er ekki ætlunin, hver sem reyndin verður. En á meðan ekki eru fastari skorður reistar en raun er á, um hvernig umráðafje landsmanna skuli varið, svo að það komi sem best að þjóðnotum, er naumast rjett að sækjast eftir meira fje til handahófsstarfrækslu í landinu. Er því best að bíða og sjá.

Þá þykir mjer lítil trygging fyrir því, að þessum banka, er myndi verða smár í uppvexti, tækist betur en t. d. þjóðbanka vorum að auka lánstraustið erlendis eða afla veltufjár til nauðsynlegra aðgerða. Þá er annað, sem veldur því, að jeg get ekki gefið þessu frv. atkv. mitt, en það er, að þessari stofnun er ætlað að versla með sparisjóðsfje manna. Það er ekki þar með sagt, að bankanum geti ekki farið það vel úr hendi, en jeg álít ekki nógu tryggilegt að veita banka, sem starfar að mestu með útlendu fje og með útlenda hagsmuni fyrir augum, rjett til þess að taka við sparisjóðsaurum landsmanna. Þær stofnanir, er slíkan rjett hafa, verða að vera undir svo nákvæmu opinberu eftirliti, að mjer finst ekki geta komið til mála, að slíkt leyfi sje veitt þessum banka, nema rjettur ríkisins gegn honum sje miklu betur tryggður en er samkvæmt frv. Það er nú líka svo, að alment er talið, að æskilegt væri að öðruvísi væri ástatt með tryggingar banka, sem fyrir eru, gagnvart ríkinu, en jeg skal ekki fara út í það nú. En hitt er auðsætt, að því fleiri bankar sem eru, þess meiri er hættan að illa fari. Er það dýrkeypt reynsla, ef illa tekst til með bankastofnanir, og þarf ekki annað en minna á, hvernig fór í Noregi nú fyrir skemstu. Þó að vonandi sje, að svo fari ekki hjer, þá er þó altaf hætta á, að illa geti viljað til, og það er í sjálfu sjer mjög varhugaverð stefna að veita útlendingum gálausleg sjerleyfi, þótt í smærri stíl væri en hjer er farið fram á. Það er með peningaverslunina eins og vatnsaflið, að því máttugri sem við verðum að nýta það sjálfir, þess minni rjettindi ber oss að veita útlendingum til þess að hagnýta það. En ekki er jeg með þessu að andæfa því, að rjett sje að leita útlendrar hjálparhandar, þar sem við erum ekki sjálfir megnugir að velta steini úr vegi.

Frsm. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Jeg skal hlífast við að halda langa ræðu, en háttv. þm. Ísaf. (JAJ) gaf mjer tilefni til fáeinna athugasemda.

Hann tók það fram, að hann væri hlyntur því, að útlent fje væri flutt inn í landið til þess að versla með. Í fljótu bragði virðist þetta máske rjett ályktað. En svo er um þetta sem um flesta hluti, að þá má of dýrt kaupa, og á það ekki síst við hjer. Enda þótt þeir vilji flytja inn nokkrar miljónir til þess að hjálpa atvinnuvegunum, þá er það þó of dýrt keypt, ef látin eru fyrir öll þau hlunnindi, sem farið er fram á í frv. þessu.

Háttv. þm. (JAJ) var að vísu sammála mjer í því, að nú væri svo komið ýmsum atvinnuvegum, að óvarlegt væri að ganga lengra í bili með það að auka þá, með því að kaupa ný framleiðslutæki ærnu verði og fyrir útlent lánsfje. Þetta er einmitt það, sem bankarnir hafa sjeð, og af því stafar tregðan, sem verið hefir undanfarið

um lánveitingar hjá þeim. En svo bætti háttv. þm. því við, að sjálfsagt væri að halda áfram atvinnuvegunum, enda þótt ekki væri hægt að auka þá. Þetta er nú auðvitað rjett, en þá er það líka skylda þeirra banka, sem styrkt hafa atvinnuvegina hingað til, að halda því áfram, auðvitað gætilega. Og það væri siðferðilega rangt, ef bankarnir brygðust nú skyldu sinni, þegar erfiðir tímar koma, og köstuðu henni yfir á nýja stofnun. Það er ekki mikið, sem okkur ber hjer á milli, en jeg vona, að háttv. þm., sem er bankastjóri, og aðrir bankastjórar hjer skorist ekki undan þessari skyldu sinni.

Háttv. þm. gat því næst um það, að við borð lægi, að sjávarútvegurinn hlyti að stöðvast sökum skorts á rekstrarfje. En þetta er ofsagt, því fyrir skömmu, þegar sjávarútvegurinn þurfti á rekstrarfje að halda, þá lá í sjóði hjá bönkunum um 4 miljónir króna, og þegar svo er ástatt, en þörfin brýn fyrir rekstrarfje, ætti að skylda bankana til að láta fjeð af hendi. Nei, það er alls ekki skortur á veltufje, sem hjer veltur á. Þetta skilur háttv. þm., og er því óþarfi að vera að leggja áherslu á það.

Enn fremur gat háttv. þm. um það, að óþarfi væri að setja fastar skorður fyrir því, hvað háa vexti bankinn mætti taka, því þjóðbankinn hefði í hendi sjer að varna því, að þetta verði misnotað. Svo á það náttúrlega að vera, en þjóðbankinn hefir sýnt, að hann er ekki fær um þetta, því að jeg veit ekki betur en Íslandsbanki hafi leyft sjer að taka alt að 1½% hærri vexti en Landsbankinn. Þetta eru því alls ekki nægilegar hömlur.

Annars skal jeg taka það fram, að það ber keim af barnaskap, ef ætlast er til, að þjóðbankinn fari að leika stórveldi, þ. e. að hans hlutverk eigi aðeins að vera að veita seðlalán til annara banka í landinu. Þetta er hreinn misskilningur á ætlunarverki bankans. Við erum ekki þess megnugir að fara að láta hann apa eftir þjóðbönkum stórveldanna, með tugi eða hundruð miljóna íbúa. Okkar banki verður að gera svo vel, þó að seðlaútgáfan komist í hans hendur, að standa í beinu sambandi við einstaklinga eftir sem áður, en ekki að hugsa eingöngu um að hafa nógugt, lána öðrum bönkum og nota þá sem milliliði.

Þá er jeg hræddur um, að háttv. þm. hafi misskilið mig, annað hvort viljandi eða óviljandi, þegar jeg talaði um, að menn hefðu verið alt of bjartsýnir í mótorbátakaupum undanfarið. Það var fjarri mjer að ætla á nokkurn hátt að beinast að hans kjördæmi í þeim efnum. Álít jeg þvert á móti, að þeir hafi verið fremur hepnir með sín kaup, því þeir keyptu svo snemma. En eins og háttv. þm. er kunnugt, hafa menn víða á landinu skaðast mjög á mótorbátunum o. fl. þesskonar tækjum.

Finn jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 448,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 448,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 : 6 atkv.

2. gr. samþ. með 19 : 5 atkv.

Brtt. 448,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 18 : 4 atkv.

4. gr. samþ. með 19 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, BJ, BH, EÞ, GunnS, HK, JakM, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MP, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞorstJ, EE, IngB, JB, MK, SvÓ.

———

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 493, 510, 512, 517).

Frsm. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Jeg á hjer brtt. á þskj. 510. Álít jeg, að ekki þurfi langt mál til að skýra þær, því þær eru svo auðsjáanlega til mikilla bóta. Vonast jeg eftir, að allir háttv. þingmenn hafi komist að raun um, að ágóðahlutinn, sem bankinn fær, er alt of hár, í hlutfalli við þau hlunnindi, sem ætlast er til að ríkið veiti honum. Mjer finst, að þessum rjettindaveislum, sem bankinn á að fá, eigi að fylgja einhverjar skyldur, og þær geta ekki vægari verið en farið er fram á hjer í brtt. mínum. Jeg vil biðja háttv. þdm. að gæta vel að því, að búið er að tryggja bankann fullkomlega að öllu leyti, áður en farið er að reikna tillagið í ríkissjóð, þar sem búið er að draga frá fyrir fyrningu bankahúss og áhalda, fyrir varasjóðstillagi, tapi öllu og vexti til hluthafa. Er með þessu fyllilega sjeð fyrir hagsmunum bankans, og getur því ekki komið til mála að veita hluthöfum 95% af þeim arði, sem þá er eftir, en láta ríkissjóð einungis fá 5%. Ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um þetta; það er svo augsýnilegt, að of mikið er að ætla hluthöfum 95% af arðinum eftir að búið er að taka alt nauðsynlegt frá, að í brtt. er einungis farið fram á sjálfsagða hækkun. Jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm muni iðrast þess síðar, ef þeir samþykkja ekki tillögur mínar og frv. nær fram að ganga óbreytt. Hinar brtt. skýra sig sjálfar, enda eru þær ekki stórvægilegar. Það er þá fyrst, að í staðinn fyrir ½ ár til hlutaútboðs innanlands komi 1 ár. Þetta er til þess að fleiri geti átt kost á að kaupa hluti hjer innanlands, því vel getur staðið svo á, að menn geti það ekki, ef tíminn er ekki hafður nema ½ ár.

Þriðja brtt. er gagnleg fyrir bankann og mundi auka traust hans bæði inn á við og út á við.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta, nema mótmæli komi fram gegn þessum tillögum mínum.

Þá ætla jeg aðeins að minnast á brtt. frá háttv. þm. Mýra. (PÞ) á þskj. 517. Hún gengur út á sama og 1. brtt. mín, en fer það styttra, að í hana vantar það, sem jeg tel aðalatriðið, nefnilega að ágóði til ríkissjóðs hækki til muna, þegar gróði bankans er orðinn mjög mikill og skiftir hundruðum þúsunda. Þessi brtt. er því ófullnægjandi, enda þótt hún sje í góðu skyni gerð, en mínar till. eru miklu aðgengilegri.

Pjetur Þórðarson: Jeg hefi verið hikandi við að fylgja þessu frv. og ljet jeg ummæli í þá átt fylgja atkvæði mínu, þegar jeg samþykti frv. til 3. umr. Það kemur til af því, að þessum banka er ætlað að verða verslunarbanki og þannig sjerstaklega að styðja verslunarviðskifti í landinu. En jeg er þeirrar skoðunar, að eins og högum okkar er varið nú, þá verslum við alt of mikið, og mundi það síst minka við það, að farið væri að veita inn í landið erlendu fje til þeirrar starfsemi.

Að jeg kom fram með þessa brtt. mína á þskj. 517, kemur til af því, að jeg álít, að með frv. sje alt of skamt gengið í því að láta ríkið njóta góðs af bankanum eftir að tekjur hans hafa vaxið að mun. Þess vegna fjell mjer vel hugmyndin hjá háttv. þm. Ak. (MK) hjer við 2. umr. málsins, að ef frv. ætti að ganga fram,

þá yrði að hækka gjald það, sem bankanum er ætlað að greiða í ríkissjóð. En þegar jeg sá brtt. hans, þóttu mjer þær ganga alt of langt, og kom því með mína brtt., sem fer styttra, en fellur alveg saman við hans, svo langt sem hún nær. Hefði jeg ekki þurft að koma með mína brtt., hefði ekki staðið svo á, að nauðsynlegt var að bera 1. brtt. hans upp í einu lagi. Jeg þykist því heldur hafa gert málefninu greiða með því að koma með þessa brtt. mína, og vona því, að hún verði samþykt. Að öðru leyti ætla jeg ekki neitt að mæla á móti brtt. háttv. þm. Ak. (MK) og ekki eyða meira af hinum dýrmæta tíma þingsins í umr. um þetta mál. Mun jeg greiða frv. atkvæði mitt, ef brtt. mín nær fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg skal taka það fram, að meiri hluti nefndarinnar hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um þessar brtt., sem fram eru komnar. En jeg hygg, að mjer sje óhætt að lýsa yfir fyrir hönd meiri hl., að hann muni ráða háttv. deild frá að samþykkja nokkrar þeirra. Viðvíkjandi brtt. á þskj. 510 og 517 skal jeg vekja athygli á því, að það gjald, sem nú er ætlast til að þessi banki greiði í ríkissjóð, er talsvert hærra en ráð var gert fyrir af samvinnunefnd fjárhagsnefnda 1920. Mjer skildist svo, að háttv. þm. Ak. (MK) viki að því, að nefndin færi nú vægara í skattakröfurnar fyrir hönd ríkissjóðs heldur en 1920. En það er þveröfugt. En hv. þm. hefir væntanlega ekki athugað, að í till. frá 1920 var ætlast til, að miklu meira fje væri frá dregið áður en farið var að greiða í ríkissjóð. Samkvæmt till. nefndarinnar 1920 átti nefnilega að draga frá 15% af hlutafjenu fyrst, en samkv. till. nefndarinnar nú aðeins 5% af því og 10% af ársarðinum.

Það er því auðsætt, að þótt hundraðsgjaldið sje lægra nú en 1920 af þeirri upphæð, sem skatt á að greiða af, þá þýðir það engan veginn það, að skatturinn hefði orðið hærri samkvæmt till. nefndarinnar 1920.

Kemur það líka greinilega fram í nefndarálitinu 1920, og var líka haldið fast fram í nefndinni af sumum, að eiginlega ætti bankinn alveg að vera skattfrjáls þangað til rjettindi Íslandsbanka væru útrunnin, og hefi jeg orðið var við, að sú skoðun er rík hjer enn þá. Nú er um það að ræða, hvort þingið vill greiða fyrir bankanum, og álit okkar í meiri hl. nefndarinnar er það, að meira virði sje að fá bankann en að skatturinn sje hafður mjög hár.

Að því er snertir 2. og 3. brtt. á þskj. 510, þá ætla jeg að þær till. skifti heldur litlu máli og sjeu óþarfar. Það er ekkert unnið við að lengja útboðstímann um ½ ár. Því þeir, sem ætla sjer að kaupa hlutabrjef, munu ekki þurfa lengri tíma til að ráða það við sig en ráð er gert fyrir í frv. Það yrði því aðeins til að tefja fyrir bankastofnuninni um ½ ár.

Það er einnig þýðingarlítið atriði, hvort 1 eða 2 endurskoðunarmenn eru kosnir af landsstjórninni. Virðist vera alveg nóg eftirlit fengið með einum. Annars er komið fram hjer í þinginu frv. um lögskipaðan eftirlitsmann banka og sparisjóða, og myndi þetta starf að sjálfsögðu hverfa undir hann. Annars geri jeg ekki ráð fyrir því, að það hafi nokkur áhrif á stofnun bankans, hvort þessar till. verða samþyktar eða ekki.

Um brtt. háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) verð jeg að segja það, að hún verður varla skoðuð öðruvísi en sem tilraun til þess að koma í veg fyrir stofnun bankans. Hann er svo kunnugur fjármálastarfsemi,

að honum ætti að vera það ljóst, að þó að unt væri að fá 2 milj. kr. hlutafje handa bankanum, þá gæti verið ómögulegt að fá 3 milj. Hann hefir máske rekið sig á einhvern tíma, að ekki er ávalt unt að fá eins mikið rekstrarfje eins og máske væri æskilegast í hvert skifti. Þeir, sem vilja bankanum vel, vilja hafa hann sem öflugastan, og ef hægt er að auka fjármagn hans, þá er það heldur ekki skorðað við 2 miljónir, heldur má auka það upp í 6 miljónir, og verður það vitanlega gert, ef ástæður verða til þess. Þess vegna er till. alveg óþörf, en hún getur hins vegar orðið þess valdandi, að bankinn verði alls ekki stofnaður.

Gunnar Sigurðsson: Eins og jeg tók fram við 2. umræðu þessa máls, þá er jeg „principielt" með því, að bönkum verði fjölgað. Þeir, sem nú eru fyrir, hafa alt of lítið rekstrarfje, því ef svo væri ekki, þá væri stjórn þeirra óverjandi. En þó þröngt sje í búi hjá oss, þá get jeg þó ekki verið því fylgjandi, að landið sje fylt af smábönkum, sem máske þyrfti að stofna á hverju ári. Mjer finst þingið vera nokkuð lítilþægt að vera að veita slíkan rjett, sem hjer er farið fram á, fyrir einar 2 miljónir. Jeg veit það raunar, að erfitt muni að afla fjár núna, en ef leita á til útlanda með fjársöfnun, þá munu stærri fjesýslumenn þar ekki einu sinni skilja, að verið sje að stofna banka með 2 miljón króna höfuðstól. En aðdróttanir hv. 1. þm. Reykv. (JakM) um, að jeg sje á móti bankanum, eru alveg ástæðulausar. Jeg mun greiða atkv. mitt með frv., að minsta kosti, ef brtt. mín nær fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Magnús Kristjánsson): Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) vildi eindregið ráða hv. deild til að fella brtt. mínar á þskj. 510. Þetta kom mjer ekki mjög á óvart, því að jeg bjóst við þessu. Háttv. þm. vill reyna að vera sjálfum sjer samkvæmur í málinu, og þó að hann hafi, að minni hyggju, tekið ranga stefnu, vill hann halda þá braut, hvar sem lendir. Getur verið, að hann hafi ekki athugað nógu rækilega, hvert leið liggur.

Annars furðar mig stórum, að hv. þm. skuli vilja halda því fram, að kjör þau, er meiri hl. nefndarinnar vill áskilja ríkissjóði til handa, sjeu aðgengilegri en gert var ráð fyrir á þingi 1920. Þetta vill hann rökstyðja með því, að þá var í nefndarálitinu gert ráð fyrir, að verja mætti 15% af arðinum til varasjóðs og hluthafaarðs. Jeg hygg, að hv. þm. muni veitast erfitt að sanna það reikningslega, að það hafi verið lakari kjör fyrir ríkissjóð en nú er gert ráð fyrir. En hann hefði mátt taka það fram, hefði hann viljað skýra málið samviskusamlega fyrir hv. deild, að sá arður, sem ríkissjóður átti þá að fá, eftir áðurgreindan frádrátt, var miklu hærri heldur en jeg fer fram á í brtt. minni. Mun háttv. þm. varla hafa áttað sig á þessu, því að mjer kemur ekki til hugar að halda því fram, að hann hafi vísvitandi skýrt rangt frá eða dregið undan.

Þá vildi háttv. þm. fullyrða, að meiri hluti fjhn. væri óskiftur á hans máli. Jeg veit ekki, hvaða heimildir hann hefir fyrir þessu, en jeg þykist mega fullyrða, að sumir háttv. nefndarmenn úr meiri hlutanum líti svo á, að brtt. mínar sjeu nær sanni en frv.

Um 2. og 3. brtt. á þskj. 510 sagði hv. þm., að einu mætti gilda, hvort þær yrðu samþyktar eða ekki; þær skiftu litlu máli. Jeg vænti þá þess, að hann sýni það í verki við atkvgr. Ef háttv. þm. ber bankann svo mjög fyrir brjósti, sem hann lætur í veðri vaka, ætti honum að vera ant

um að auka traust hans sem mest inn á við og út á við, og geri jeg því ráð fyrir, að hann muni fallast á 2. og 3. brtt. mína. En um þetta er þarflaust að fjölyrða. Jeg ber svo mikið traust til dómgreindar og sanngirni meiri hluta þessarar hv. deildar, að hann geti aðhylst tillögur mínar, svo hóflega sem þar er farið. Ef svo skyldi fara, að vafi vaknaði með þjóðinni um það, hvort unnið hafi verið happaverk eða óheillaverk með veitingu þessa leyfis, mundu flutningsmenn þess og formælendur tvímælalaust standa miklu betur að vígi með því að samþykkja tillögur mínar, því að þær gera málið aðgengilegra frá sjónarmiði þeirra, sem vilja gæta hagsmuna þjóðarinnar.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg mun ekki svara háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) frekar en jeg hefi gert. Í frv. er heimild til að hafa 3 milj. kr. höfuðstól, og ef háttv. þm. gæti útvegað forgöngumönnum þessarar stofnunar 3 miljónir í stað 2, tel jeg víst að þeir mundu kunna honum þökk fyrir. Jeg skildi brtt. hans sem tilraun til að stöðva málið, og gleður mig að heyra, að svo er ekki.

Háttv. þm. Ak. (MK) þarf jeg heldur ekki að svara miklu. Það er auðvelt að gera samanburð á skattgjaldi til ríkissjóðs eftir þessu frv. og tillögum nefndarinnar 1920. Jeg hefi gert það og miðað við, að bankinn græði ½ milj. kr. árlega, og er það sá mesti gróði, sem með nokkru móti verður gert ráð fyrir með 2 milj. kr. höfuðstól, og þó vafalaust of mikið. Eftir tillögum nefndarinnar 1920 yrði gjaldið af þessum arði 37000 kr., en eftir þessu frv. rúmlega 50000 kr. Liggur í augum uppi, hvar lengra er farið. Það er síður en svo, að slakað hafi verið á kröfunum síðan 1920; þær hafa einmitt verið auknar.

Um hinar brtt. á þskj. 510 skal jeg ekki fara fleiri orðum. Þær eru lítilsverðar, en sá frestur til hlutafjársöfnunar, sem þar er farið fram á, gæti orðið til þess að draga allar framkvæmdir um misseri, og því óheppilegt að samþykkja þær.

ATKVGR.

Brtt. 510,1. felld með 16 : 9 atkv.
— 517. felld með 14 : 12 atkv.
— 512. felld með 15 : 7 atkv.
— 510,2. felld með 14 : 10 atkv.
— 510,3. samþ. með 15 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, JS, MG, MK, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EE, GunnS, IngB.

nei: JAJ, JÞ, LH, MJ, MP, ÓP, PO, SSt, EÞ, HK, JakM, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv. svo breytt, samþ. með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EÞ, GunnS, HK, JakM, JAJ, JÞ, LH, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SSt, ÞorlG, ÞórJ, BJ, BSv.

nei: EE, IngB, JB, JS, MK, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BH.

Frv. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 525).

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 525, n. 574).

Guðmundur Ólafsson: Mjer kom það kynlega fyrir, er jeg sá, að þetta mál var komið á dagskrá nú, eftir að það hefir verið hjá fjhn. í tvo daga. Eins og sjá má á þskj. 574 hefir nefndin klofnað og meiri hl. nefndarinnar samið nál., sem er hálf þriðja lína. En minni hlutanum hefir ekki unnist tími til þess að koma með nál., og býst jeg því við, að engin fyrirstaða verði á því að fá málið tekið af dagskrá uns hann hefir fengið færi á að segja álit sitt. Þetta er ekkert smámál, og því hefir því verið vísað til nefndar, að hún athugaði það, og er það reyndar ógert enn þá.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg verð að mótmæla því, að málið verði tekið af dagskrá nú. Ef mál þetta á að fá þá meðferð í deildinni, sem sæmileg er, þá verður nú þegar að fara að ræða það.

Forseti (HSt): Það er að vísu ekki langt síðan þetta mál kom til háttv. fjhn., en allir nefndarmenn hafa þó haft jafnlangan tíma, og meiri hlutinn hefir samið nál., en minni hlutinn ekki. Jeg vil vekja athygli deildarinnar og minni hluta nefndarinnar á því, að ef málið er tekið af dagskrá nú, þá er það sama og að fella það. Það kemur þá aldrei á dagskrá aftur, nema með afbrigðum, og hver segir að þau verði leyfð. Jeg ætla því að láta deildina skera úr, hvort hún vill láta taka málið af dagskrá eða ekki.

Jóhannes Jóhannesson: Mjer finst ólík aðstaða meiri og minni hluta nefndarinnar. Meiri hlutinn vill láta samþykkja frv. óbreytt, og hefir þá eðlilega þurft að athuga það nákvæmlega og til þess þurft töluverðan tíma, en til að skrifa nál. sitt hefir hann engan tíma þurft. Aftur á móti leggur minni hlutinn til, að það verði felt, eftir því, sem mjer skilst helst. Þarf hann þá eðlilega meiri tíma til þess að koma með nál. sitt, því í því verður hann að rökstyðja tillögu sína.

Þar sem nú mjög er liðið á þingtímann, er ekki útlit fyrir, að mál þetta verði afgreitt frá þinginu, ef það verður tafið nú. Er þó til ein leið, og hún er sú, að háttv. minni hluti lýsi yfir því, að hann muni koma með álit sitt á morgun, svo taka megi málið til 2. umr. á föstudaginn. Og jafnframt að hann lýsi yfir því, að hann vilji þá leyfa þau afbrigði frá þingsköpum, að það komi til síðustu umræðu á laugardag. Geri hann þetta, mun jeg greiða atkvæði með því, að málið verði tekið af dagskrá.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins vekja athygli á því, að óvíst er, að þinginu geti verið slitið á laugardag, þar sem nú er komin fram vantraustsyfirlýsing á stjórnina og þinginu verður ekki slitið fyr en búið er að ræða hana.

Getur því vel verið rjett að ræða málið í dag og vísa því til 3. umr. En athuga svo aftur nál. minni hlutans á laugardaginn.

Karl Einarsson: Jeg get tekið undir með hæstv. forsrh. (SE), að rjett sje að láta málið koma til 2. umr. nú, en athuga þá nál. minni hlutans við 3. umr.

Jeg hefi vitanlega skrifað undir nál. meiri hlutans, en jeg mun fá þær upplýsingar á morgun, sem vel má vera, að hafi það í för með sjer, að jeg geti ekki verið með frv. út úr deildinni.

Jónas Jónsson: Jeg lít svo á, að það sje ekki eftir venjulegum þingreglum að knýja stórmál svo áfram í gegnum þingið, að nefndir fái ekki tíma til að koma með álit um það. Jeg sje enga ástæðu til að takmarka svo mjög þann tíma, sem menn eiga að hafa til að athuga svona stórt mál, eins og hjer virðist eiga að gera. Annars er ekkert hægt að segja um, hve langur tími verður enn þá til þingstarfa, eftir því, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði. Má því vel vera, að nægur tími verði enn þá til þess að afgreiða mál þetta, þó að það verði tekið út af dagskrá nú. En að fara að knýja svona stórt mál áfram undirbúningslaust og rannsóknarlaust er brot á þeim reglum, sem hingað til hafa gilt í þessu efni.

Jóhannes Jóhannesson: Mig vantar yfirlýsingu háttv. minni hluta um það, að nál. komi á morgun, svo að málið geti komið til umræðu aftur á föstudaginn. Fyr en jeg fæ þessa yfirlýsingu, get jeg ekki greitt atkvæði með því, að málið verði tekið af dagskrá.

Guðmundur Ólafsson: Jeg treysti mjer ekki til að gefa slíka yfirlýsingu, enda væri það óvenjuleg aðferð. Jeg hvorki get því eða vil gefa hana, og skal bæta því við, að einn háttv. þm. úr meiri hlutanum lítur einnig svo á.

Forseti (HSt): Eins og jeg tók fram áðan, ber jeg það undir atkvæði deildarinnar, hvort taka skuli málið af dagskrá.

ATKVGR.

Till. minni hl. fjhn. um að taka málið af dagskrá feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EÁ, GGuðf, GÓ, HSn, IHB, JJ.

nei: SE, SHK, BK, JóhJóh, JM, KE, HSt.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Það má segja um þessa síðustu atkvæðagreiðslu, „að glögt er það enn, hvað þeir vilja“. Annars vil jeg taka undir það, sem háttv. samnefndarmenn mínir sögðu, hversu erfitt sje að fá málin afgreidd frá Nd. Svo jeg ekki tali um, að setið er þar á þýðingarmiklu skattamáli.

Svo að jeg snúi mjer þá að þessu máli, þá var það fyrst á þinginu 1920, að stofnun nýs banka kom til umræðu. Var ástandið þá töluvert betra en nú, því að völ var á töluverðu innlendu fje til stofnunar bankans. En þingi sleit þá í skyndi og málið fjell niður. Eru nú margir þeirrar skoðunar, að nú myndi betur komið fjárhag okkar en er, ef svona hefði ekki farið. Nú er svo komið, að mál þetta er aftur komið inn á þingið, og eru nú líkindi til, að fá megi fje til stofnunar nýs banka, og þá sjerstaklega í Noregi. Það hefir lengi verið áhugi með að stofna banka þennan, og hefir einungis staðið á þinginu að veita honum þau hlunnindi, sem slík bankastarfsemi er við bundin.

Það voru 8 menn í háttv. Nd., sem fluttu frv. þetta, og voru litlar breyting-

ar gerðar á því við meðferð þess í Nd., og þaðan var það afgreitt með miklum meiri hluta atkvæða. Aðalbreytingarnar, sem gerðar voru á frv. í Nd., voru, að bankanum var neitað um að hafa sparisjóðsfje, og í öðru lagi, að hann var skyldaður til að borga meira af arði sínum til ríkissjóðs en ráðgert var í fyrstu.

Annars býst jeg við, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer svo frv. þetta, að ekki sje ástæða til að gera grein fyrir því lið fyrir lið. Þó skal jeg geta þess, að hið minsta hlutafje, sem hann má hafa til umráða, eru 2 milj. kr., en hið mesta 6 milj. Og að 55% af þessu fje skuli boðið út innanlands í 6 mánuði eftir að lögin öðlast gildi.

Jeg býst nú við, að atkvæði manna fari eftir því, hvort þeir líti svo á, að við þurfum á peningum að halda eða ekki. Er því rjett að líta á, hvaða áhrif það hefir haft á starfsemi í landinu, að peningar fluttust inn í það, og miða jeg það við stofnun Íslandsbanka, sem stofnaður var 1905. Skal jeg því bera saman það fje, er Landsbankinn hafði þá, og það, sem þeir höfðu báðir 1921.

Reikningur Landsbankans 1905 með útibúunum:

Sjálfskuldarábyrgðarlán ...	kr.	1560966
Handveðslán	—	97772
Sveitar- og bæjarfjel.	—	115783
Reikningslán	—	483429
Víxlar	—	892911
Innstæða á hlaupareikningi	—	451184
Innstæða í sparisjóði	—	2495746

Báðir bankarnir 31. des. 1921 með útibúunum:

Sjálfskuldarábyrgðarlán ...	kr.	6165171
Handveðslán	—	235277
Sveitar- og bæjarfjel.	—	1370628
Reikningslán	—	14382761
Víxlar	—	48947324
Innstæða á hlaupareikningi	kr.	13462561
Innstæða í sparisjóði	—	30444454

Mjer finnast þetta eftirtektarverðar tölur. Og að umsetningin hefir aukist svona í landinu, er því að þakka, að við höfum fengið peninga. Jeg held því, að þessar tölur ættu að rjettlæta það í augum þeirra, er mest hafa haft horn í síðu Íslandsbanka, að það hafi verið vel ráðið, er hann var stofnaður.

Spurningin verður nú sú, hvort við myndum hafa gagn af því að fá nýjan banka og hvort við höfum þörf fyrir þá peninga, sem hann veitir. Jeg held, að ef þjóðin væri spurð að því, þá myndi svarið verða: Okkur vantar peninga. Bankarnir geta ekki fullnægt þörfum atvinnuveganna, sjerstaklega útvegsins. Reykjavík vantar peninga og ríkið vantar peninga. Gott dæmi um peningaekluna er það, að hrúgað er lánsheimildum í fjárlögin til ýmsra þarfra fyrirtækja, án þess nokkur von sje um, að hægt sje að veita.

Þá hefi jeg heyrt þá mótbáru, að peningar þessir væru óvissir. En því er þar til að svara, að það er ekki eðlilegt að halda, að þeir sjeu vissir, meðan Alþingi hefir ekki sagt til um það, hvort það vilji leyfa bankastofnunina, og þá ekki með hvaða kjörum fjeð megi nota í landinu. En eigi að síður telja síðustu frjettir, sem jeg hefi fengið, mjög líklegt, að peningarnir fáist í Noregi, þrátt fyrir kröggur Austmanna nú í svip.

Þá hefi jeg ennfremur heyrt þeirri mótbáru hreyft, að það væri ekki samboðið virðingu þingsins að fara að samþykkja þetta, meðan engin vissa væri fengin fyrir því, að peningarnir fengjust. En það er ekki rjett. Jeg lít svo á, að engin óvirðing sje í því að samþykkja þetta, jafnvel þótt ekkert yrði úr bankastofnuninni, enda hefir þingið áður veitt heimildir til tilrauna,

sem miklu minni líkur voru fyrir að tækjust en þessi, enda miklu óvænlegri til þjóðþrifa. Um vissa peninga er vitanlega ekki að tala fyr en kunnugt er, hvaða kjör þingið vill veita þeim, sem ætla að leggja þá fram.

Hvað felst þá í þessari heimild? Ekkert annað en það, að okkur sje ljúft að taka við peningum, ef þeir fást, ríkinu að öllu áhættulaust, — að við kjósum þessa leið fremur en að taka dýr lán. Hún er jafnframt traustsyfirlýsing á landinu um það, að það geti gert sjer peninga arðberandi, og traustsyfirlýsing um það, að landið sje byggilegt og geti tekið margvíslegum framförum í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði, siglingum og verslun, að hjer geti og eigi að búa fleiri menn en þær fáu þúsundir, sem enn byggja landið. Jeg held, að okkur geti ekki verið nein óvirðing að þessu; miklu fremur sæmd. Jeg er þeim mönnum miklu fremur þakklátur, sem vilja vinna að því að afla landinu peninga á þennan hátt, af því að okkur vantar peninga og þetta er áreiðanlega besta og ódýrasta leiðin til að afla þeirra. Fáist þeir ekki, fellur leyfið niður í árslok 1924.

Vil jeg því ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, í trausti þess, að það verði ný lyftistöng til framfara fyrir land og lýð.

Jónas Jónsson: Jeg ætla mjer eigi við þessa umræðu að fara út í einstök atriði málsins. Jeg gerði ekki ráð fyrir því, að hæstv. forseti mundi taka málið til umr. nú, eftir þær umræður, sem nú hafa orðið. En til að freista að víkja málinu til rjettrar leiðar, hefi jeg hugsað mjer að koma fram með rökstudda dagskrá, því að hún skýrir að nokkru leyti afstöðu mína til málsins. — Þessi dagskrártillaga mín hljóðar svo:

Með því að fjelag það, sem biður hjer um hlunnindi fyrir nýjan banka, hefir eigi fært sönnur eða jafnvel líkur fyrir því, að það ráði yfir nægilegu fjármagni til stofnunar bankans, og með því ennfremur, að nánari athugunar þarf um nauðsyn bankans og áhrif hans á hag þeirra bankastofnana, sem fyrir eru í landinu, telur deildin ekki tímabært að afgreiða frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Eins og hátttv. þm. hafa heyrt, hefi jeg leyft mjer að koma fram með þessa rökstuddu dagskrá, aðallega af tveim ástæðum. Fyrri ástæðan er sú, að það vantar allar sannanir fyrir því, að frv. þetta verði nokkurn tíma að gagni í framkvæmdinni. Og hin ástæðan er sú, að jeg tel alls eigi hægt að taka afstöðu til svona máls á þeim stutta tíma, sem þingið á eftir að standa.

Hvað snertir fyrri ástæðuna, þá ber frv. alls eigi með sjer, að stofnunin hafi neina tryggingu fyrir peningum þeim, sem hún þarf, og það kemur hvergi fram í áliti nefndanna, sem um málið hafa fjallað, hvorki efri nje neðri deildar nefndarinnar, og í umræðunum hefir það eigi komið fram. Jeg er því, þegar af þessari ástæðu, á móti frv. Ennfremur hefir hv. frsm. meiri hl., 2. þm. S.-M. (SHK), tekið það fram, að sannanir fyrir því, að fje fáist, sjeu eigi fyrir hendi. Álít jeg, að ~~vjer~~ Íslendingar getum eigi oftar vansalaust veitt slík sjerleyfi, sem hjer um ræðir, alveg út í bláinn. Á jeg hjer eigi við Íslandsbanka. Þegar hann fjekk sitt misheppilega leyfi forðum daga, var þó látið glamra í peningunum á kistubotninum. Því var meira að segja haldið þá fram, 1899, að auðmennirnir mundu sópa peningunum í vasann og fara með þá heim,

ef leyfið yrði ekki veitt samstundis. Aftur hafa tvenn lög verið afgreidd frá Alþingi í jafnlausu lofti sem þetta fyrirtæki. Eru það hin svonefndu eldfjallasandslög. Þar var manni á Seyðisfirði, er eigi þykir neinn sjerstakur fjesýslumaður, fengið einkaleyfi til að vinna eldfjallasand. Hin lögin eru einkaleyfi til saltvinslu úr sjó hjer við land. Bæði þessi einkaleyfi voru notuð erlendis til þess að stofna humbugsfjelög. Síðan lög þessi voru samþykt er þeirra altaf minst í sambandi við hlægilegar og vanhugsaðar tillögur, sem stefna í þá átt að leyfa bröskurum að leika sjer erlendis með íslensk sjerleyfi.

Jeg skal nú skýra nokkuð frá því, sem mjer er kunnugt um þetta bankamál, sem hjer liggur fyrir. Þess er þá fyrst að minnast, að laust eftir ófriðinn mikla hugðust nokkrir efnamenn hjer að koma upp nýjum banka og fá til þess fje erlendis. Fóru menn í því skyni til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Ætluðu þessir menn svo að fá sjerleyfi, svipað því sem hjer um ræðir, en úr þessu varð þó eigi í þetta skifti. Þegar málið var á döfinni, sagði einn háttv. þm., sem nú á sæti í hv. Nd., sem sje hv. þm. Dala. (BJ). — jeg man eigi hvort hann sagði það í þingræðu eða utan þings, — að ef þetta sjerleyfi væri veitt, þá ætlaði hann að biðja um annað sjerleyfi og selja það erlendis og græða ½ miljón á því. Í þessu liggur að vísu engin sönnun gegn þessum banka, sem nú er til umræðu, en það sýnir þó ljóslega, hvernig litið er á veitingu slíkra sjerleyfa. Þeir menn eru eigi nema örfáir, sem efast um framsalsgildi þess sjerleyfis, sem hjer ræðir um. Jeg sje eigi betur en að frv. sje svo orðað, að auðvelt sje að framselja þau rjettindi, sem samkvæmt því verða veitt, þar sem aðeins er talað um þá, sem „*nú* eru í stjórn“ fjelagsins; en engu orði er minst á það, að eigi megi framselja rjettindin.

Í fyrra vetur heyrði jeg svo aftur þessa bankamáls getið. Þá var það, að ungur maður, sem rekið hefir hjer nokkurs konar miðlarastarfsemi og sölu á erlendum gjaldeyri hjer í bæ, fór eitthvað að tala um stofnun nýs banka. Var það af flestum tekið sem spaug. Þessi ungi maður sigldi svo árið sem leið til Noregs og dvaldi þar alllengi. Komu þá þær frjettir hingað heim, að nægir peningar fengjust í þennan fyrirhugaða banka. Svo er það, að snemma í vetur kemur mikilsvirtur lögfræðingur, sem er í þjónustu landsins, til mín og er mjög að falast eftir atkvæði mínu í sambandi við þennan nýja banka, sem hann gaf í skyn, að mundi leita til þingsins í vetur um einhver hlunnindi. Jeg vildi vitanlega fá upplýsingar um það, hvort nokkur von væri um peninga handa bankanum, en fjekk ekkert svar því viðvíkjandi. Jeg hitti svo þennan mann af tilviljun á götu eigi alls fyrir löngu, og spurði hann mig þá, hvernig gengi með þennan banka í þinginu. Jeg beindi aftur þeirri gagnspurningu til hans, hvort hann væri eigi enn þá með í því að ýta þessu máli fram. Hann kvað nei við því. Kvaðst hann hafa haft þá trú í vetur, að peningar til bankans mundu fást frá Noregi, en svo hefðu æ komið verri og verri frjettir og að síðustu hefði hann skilið fjelagsskapinn við bankakongana. Virtist mjer sem þessi maður gerði gys að þingmönnum yfirleitt fyrir það traust, sem þeir hefðu á þessari loftkendu bankahugmynd. Maður þessi er mjög gætinn og áreiðanlegur. Hann hefir við nánari kynningu litið svo á þetta mál, að hann hefir kosið þann kostinn að draga sig út úr fjelagsskapnum. Enda hefir það, eins og jeg hefi áður tekið fram, eigi verið sannað í umr.

um þetta mál nú á þingi, að nokkrir peningar til stofnunarinnar sjeu í boði. Er hjer því um samskonar fyrirtæki að ræða og járnsandinn og saltvinsluna forðum, að nú á að veita sjerleyfi, sem leyfishafar geta framselt og grætt á því. Er engin trygging fyrir því, að úr þessari bankastofnun verði, enn síður, að nokkur trygging sje fyrir, að hún verði þjóðinni til gagns.

Meiri hluti nefndarinnar hjer í deildinni neitaði að fá stjórn þjóðbankans til viðtals um málið, en jeg hitti í gær einn af bankastjórum Landsbankans og spurði jeg hann um það, hvað hann vissi um þennan banka. Kvaðst hann ekkert um hann vita, en að sjer þætti leiðinlegt, ef þingið ætlaði sjer að fara að veita slíkt sjerleyfi sem þetta, alveg út í bláinn. Sagði hann ennfremur, að norski konsúllinn hefði eigi heyrt getið um neitt norskt fjelag í sambandi við þennan fyrirhugaða banka. Þar sem málið er svo gersamlega óundirbúið, finst mjer eigi ósanngjarnt að fara fram á það, að háttv. þm. líti dálítið nánar á þetta mál, því eins og það er nú, svífur það mjög í lausu lofti, og sje jeg því enga ástæðu til, að það nái fram að ganga að sinni. Og þar eð háttv. frsm. meiri hl. hefir lýst yfir því, að eigi liggi fyrir meiri gögn í málinu en hann hefir þegar skýrt frá, þá er besta lausnin sú, að láta málið bíða til næsta þings. Svo afhendi jeg hjer með hæstv. forseta dagskrána.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Vjer höfum nú heyrt ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ) á móti þessu máli. Aðalrökin, er hann færði gegn því, eru þau, að eigi sje nein sönnun fyrir því, að peningar fáist til bankans. Jeg reyndi í fyrri ræðu minni að gera grein fyrir því, af hverju þessi rök væru eigi mikils virði. Get jeg að mestu leyti vísað til þess, sem jeg sagði þá. Mjer virðist eðlilegt, að eigi sje hægt að segja með fullri vissu, hvort peningar fáist til þessa fyrirtækis eða eigi, því að það er eigi hægt að meta, hvers virði fyrirtækið er, fyr en menn vita, hver hlunnindi eru í boði og hversu mikið stofnunin á að greiða í ríkissjóð af væntanlegum ársarði. Það hefir mjer vitanlega aldrei komið til mála, að fjármálamenn, sem það nafn bera með rjettu, ábyrgist fje til bankastofnunar áður en þeir vita skilmála ríkisins fyrir stofnuninni. Svo var það einnig um Íslandsbanka. Þegar hann var stofnaður, var engin *vissa* fyrir peningum til hans. Háttv. þm. mintist á tvö fyrirtæki, sem Alþingi hefði veitt heimild til, og kvað það hafa verið þinginu til vansa. Jeg get eigi sjeð, að Alþingi hafi verið neinn vansi að því, en hitt sje jeg, að það er mikill munur á því að veita þær „koncessionir" eða þessa. Jeg get eigi skilið þá röksemdaleiðslu hv. þm., er hann fer mörgum orðum um þá hættu, sem af því stafi, ef sjerleyfið verði framselt, og talar í því sambandi um ½ miljón króna gróða, en hins vegar er hann hræddur um, að eigi sje hægt að fá peninga handa bankanum. Virðist mjer, sem hjer sje heldur ósamræmi í rökfærslunni hjá hv. þm. Að sjálfsögðu er götu-„autoritetstrú" hv. þm. honum til mikils heiðurs nú sem endranær. Virðist honum það óræk sönnun þess, að fyrirtæki þetta sje hið hættulegasta, að einhver maður hefir hætt við að fylgja því, ef rjett er þá með farið. Fyrir mjer er það engin sönnun, og það jafnvel ekki, þó að einn af bankastjórum Landsbankans segi, að það sje varhugavert að veita þannig sjerleyfi út í bláinn. Enn þá hafa eigi komið fram þau rök á móti máli þessu, sem ástæða er fyrir þessa háttv. deild að taka til greina.

Björn Kristjánsson: Það er í raun og veru lítil ástæða fyrir mig að standa upp í máli þessu, þar eð engin þau andmæli hafa komið fram gegn málinu, er flutt væru með nokkrum rökum. Mál þetta var athugað lengi í hv. Nd., og ætti því að vera vel undirbúið, og eins og hv. þingdeildarmönnum mun kunnugt, þá var það samþykt í hv. Nd. með 17:11 atkv.

Jeg hjelt, að þingveran mín yrði ekki svo löng, að fyrir kæmi, að jeg ætti í annað sinn að greiða atkvæði um nýja bankastofnun. En það er nú komið á daginn, að í dag verð jeg að greiða atkvæði um það, hvort bæta eigi einum nýjum hlekk inn í keðju andlegrar og efnalegrar framþróunar hjer á landi. Þegar jeg hafði síðast tækifæri til að greiða atkvæði hjer um stofnun nýs banka, 1901, þá stóð líkt á og nú, að framþróun atvinnuveganna var að stöðvast vegna veltufjárskorts, en íslensk króna hjelt þá þó fullu gildi sínu. Að því leyti til var miklu betur ástatt en nú.

Þótt stofnun Landsbankans 1885 væri framkvæmd með litlum efnum, þá komst þó dálítið skrið á þróun atvinnuveganna á árunum 1885 til 1905. Þannig hafði bankinn með útibúum sínum komið fjársöfnun í sparisjóði upp í 2½ miljón kr. og útflutningi vara upp í um 12 milj. kr.

En eftir að Íslandsbanki tók til starfa og fór sjerstaklega að gefa sig að framleiðslunni, óx hún hraðfara, og það svo, að 1914 flutti landið út vörur fyrir um 40 miljónir króna. Og árið 1921 nam útflutningurinn 44 milj. kr. Og það ár hafði sparisjóðsfje bankanna beggja komist upp í um 30½ miljón króna, fyrir utan aukið sparisjóðsfje í sparisjóðum annarsstaðar á landinu.

Hvað er það nú, sem valdið hefir þessum stóraukna þjóðarauði? Er það stafandi af því, að menn leggi nú meira á sig í landinu en áður? Nei, þvert á móti; menn leggja nú yfirleitt minna á sig en menn gerðu í mínu ungminni. Þessi vöxtur þjóðarauðsins og atvinnuveganna hlýtur því að vera auknu veltufje að þakka, og sjerstaklega að Íslandsbanki var stofnaður.

Það hlýtur því að vera öllum ljóst, að úr því það reyndist rjett að stofna Íslandsbanka 1901, eins og velta landsins var lítil þá, þá er engu minni — já, miklu meiri — ástæða til að stofna þriðja bankann nú.

Og þörfin er því brýnni, sem króna vor er nú fallin í verði og atvinnuvegir vorir standa nú að kalla má í sjálfheldu.

Það hefir verið jafnan mín heitasta þrá, að bankar þessa lands kæmust út frá öllum afskiftum pólitískra flokka þessa lands, að bankarnir gætu losnað undan flokkspólitíska forðinu. Það þráði og Íslandsbanki, en örlögin hafa búið honum aðra sæng, þá, að vera bolti í höndum óhlutvandra manna og blaða, sem vilja ná honum á vald hins nýja *kommúnista* ríkis.

Enginn sjer nú, hvernig því máli lýkur, því almenningur mun ef til vill ekki hafa opnað augun enn fyrir hættunni.

Og almenningur mun, einkum í sveitum, vera kominn í spennitreyju *skulda og ófrelsis*, og *auðvaldið* því búið að spenna greipar um hann í *nýrri auðvaldsmynd*.

Þegar svona stendur á, væri það ekki hróplegt glappaskot af þinginu, ef það gerði ekki alt sitt til þess að koma hjer upp *einka* lánsstofnun, sem væri með öllu útilokuð frá afskiftum flokkanna á þingi og í landinu?

Og munu menn ekki sjá, að sú stofnun gæti einmitt orðið til að veikja pólitíska braskið með bankana, grynna á forðinu?

Jeg hefi nú gert stutta grein fyrir atkvæði mínu og greiði þessari tilraun til

stofnunar nýs banka atkvæði með sömu sannfæringunni um, að sú stofnun hlýtur að gera þessari þjóð gagn, ekki síður, og öllu fremur, en stofnun Íslandsbanka, því þessi nýi banki á ekki, eins og menn vita, að fá rjett til seðlaútgáfu, og fyrir þá sök verður stofnunin pólitískt óháð, og það hvetur mig meðal annars til þess að ljá þessu máli fylgi mitt.

Háttv. frsm. meiri hl. (SHK) hefir svarað hv. 5. landsk. þm. (JJ), en jeg vildi þó leyfa mjer að drepa á nokkur atriði í ræðu hans. Háttv. þm. láði Alþingi það mjög, að hafa veitt þessi tvö sjerleyfi, til járnsandsvinslu og saltvinslu, til að braska með í útlöndum, og taldi þetta sjerleyfi, sem hjer liggur fyrir, hliðstætt þeim. Jeg skal taka það fram, að jeg talaði og greiddi atkvæði á móti báðum þessum málum, er þau voru á döfinni, en jeg greiði hiklaust atkvæði með þessu máli, af því að jeg tel það þjóðarnauðsyn að fá einn banka í viðbót við þá, sem nú eru hjer.

Þá segir sami hv. þm. (JJ), að þeir, sem fái þessi sjerrjettindi, geti braskað með þau og grætt á því of fjár. Það er vitanlegt, að þessi hv. þm. er ókunnugur verslun og öllum venjum í þeim efnum. Eða hvort heldur hann, að nokkur maður gangist fyrir stofnun stórfyrirtækis, eyði til þess tíma og fje, án þess að taka nokkurt endurgjald fyrir? Það þekkist ekki í þessum heimi. Hver og einn vill fá sína fyrirhöfn borgaða. Jafnvel okkar alþjóðlegasta fyrirtæki, sem jeg vil ekki nefna, hefir ekki sloppið við skatt þennan. Síður en svo.

Efni dagskrár hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir nú verið fullsvarað. Það liggur í augum uppi, að ekki verður hægt að stofna bankann án þess að fje fáist, en eins og hv. frsm. meiri hl. (SHK) tók fram, fæst það ekki fyr en menn vita, hvaða kostir þessu fyrirtæki verða gerðir, og satt að segja finnast mjer þeir kostir, sem frv. setur, fullharðir. Með því er lagður skattur á þetta fyrirtæki, sem hverjum bankanna, sem fyrir eru, þarf að greiða. Getur þetta orðið allóþægilegur þröskuldur á vegi bankastofnunarinnar og jafnvel sá, að fyrir því komist bankinn ekki á fót. Hið eina rjetta var að breiða faðminn á móti þessum banka og veita honum sömu kjör og þeim, sem fyrir eru. Menn hafa sjeð, hvað veltufje hefir að segja fyrir þjóðina. Menn hafa sjeð framþróunina hjer á landi síðan 1905, sem má að miklu leyti þakka Íslandsbanka. Eins mun nú, ef þessi banki bætist við, veltufje landsins vaxa, og þar af leiðandi auður alþjóðar og möguleikarnir til að lifa í landi þessu.

ATKVGR

Rökstudda dagskráin frá 5. landsk. þm. (JJ) feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SJ, EÁ, GGuðf, GÓ, HSn, IHB.

nei: JóhJóh, JM, KE, SE, SHK, BK, HSt.

1. gr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JM, KE, SE, SHK, BK, GGuðf, HSt.

nei: GÓ, HSn, IHB, JJ, SJ, EÁ.

2.—4. gr. samþ. með 8:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 525, n. 614).

Frsm. minni hl. (Sigurður Jónsson): Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt frá 2. umr. þessa máls, þá skiftist fjhn. í meiri og minni hl. um frv. þetta. Urðum við hv. 1. þm. Húnv. (GÓ) í minni hl., og liggur nú frammi nál. minni hl. á þskj. 614. Hv. meiri hl. skýrði við 2. umr. frá sinni afstöðu í málinu, en til þess að tefja ekki tímann, læt jeg nægja að vísa til nál. meiri hl. Þar er ekki talað um, að nein vissa sje fengin fyrir því, að hlutafje fáist, og virðist minni hl., að hv. meiri hl. hafi lagt of litla áherslu á þetta atriði. Auk þess virðist oss, sem forstöðumennirnir fyrir þessari bankastofnun hefðu átt að vera búnir að leita sjer upplýsinga um þetta atriði áður en þeir leituðu stofnunarheimildarinnar.

Viðvíkjandi 4. tölulið nál. minni hl. vil jeg geta þess, að jeg tel efasamt, hvort bankinn gæti orðið innlend eign, eins og fjárhag landsins er varið.

Að öðru leyti læt jeg nægja að vísa til nál. minni hl. og ítreka aðeins, að jeg álít ekki heppilegt, að málið fái fram að ganga á þessu þingi, heldur verði það betur undirbúið fyrir næsta þing.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að athuga nál. hv. minni hl. nema aðeins stutta stund. Þó hefi jeg getað yfirfarið það, og eftir yfirlesturinn get jeg sagt, að mótbárurnar, sem hjer koma fram á móti frv., eru gamlir kunningjar, og satt að segja þykir mjer mjög vænt um þá, einkanlega af því að þeir geta ekki rótað við þeirri hugmynd, sem hv. deildarmenn hafa áður gert sjer um málið. Það er altaf gott að fá ekki slíkar röksemdaleiðslur, að maður neyðist, hvort heldur nauðugur eða viljugur, til þess að skifta um skoðun, og í þeim skilningi verður ekki annað sagt en að nál. háttv. minni hl. sje mjög gott.

Í nál. eru taldar upp 4 ástæður gegn frumvarpinu.

Fyrsta ástæðan er sú, að engin vissa sje fengin fyrir því, að leyfisbeiðendur ráði yfir nokkru fje til bankastofnunarinnar. Þetta atriði var vel skýrt við síðustu umræðu, og þarf jeg engu þar við að bæta. Það er ómögulegt að búast við því, að þeir menn, er kunna að vilja leggja til fje, geti ákveðið það til fullnustu fyr en þeir vita, með hvaða kjörum fyrirtækið fær að starfa, því að þá fyrst er hægt að ætlast á um það, hvort arðsvon sje í fjárframlögum til þess.

Um 2. lið get jeg sagt það, að mjer finst lítið samræmi í því að gera annars vegar ráð fyrir því, að ekki fáist stofnfje, en hins vegar ótti við, að rjettindin kunni að ganga kaupum og sölum, og að á þann hátt fáist miklir peningar upp úr leyfinu.

Í þriðja lið er þess getið, að það sje með öllu ótítt um einkabanka erlendis, að þeir njóti skattfrelsis, en þá vitum vjer þó, að Íslandsbanki hjer nýtur skattfrelsis og að í frv. er ekki ákveðið, að skattfrelsi þessa nýja banka standi lengur en Íslandsbanka. Auk þess virðist mjer rjettast, að allir þeir bankar, sem í einu landi eru, njóti sem líkastra rjettinda, en það fer svo fjarri því, að þessum banka sje gert auðveldara fyrir, að honum er einmitt gert að borga hærri afgjöld í ríkissjóð en einkabankanum, sem fyrir er.

Um 4. atriðið, hvort líkur sjeu til þess, að nokkru verulegu af hlutafjenu verði safnað innanlands, ætla jeg, að enginn okkar að óreyndu geti dæmt. Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að tefja þessar umræður frekar, enda veit jeg, að hv. þingdm. hafa tekið óraskanlegar ákvarðanir um það, hvernig þeir ætla að greiða atkv.

Jóhannes Jóhannesson: Álit hv. minni hl. fjhn., sem hjer liggur frammi, getur ekki sannfært mig um, að vanhugsað sje að láta frv. þetta verða að lögum. Jeg legg áherslu á það með háttv. 2. þm. G.-K. (BK), að nauðsynlegt sje, eins og nú er komið, þegar meiri hluti Íslandsbankastjórnarinnar er skipaður af landsstjórninni og Landsbankinn er undir eftirliti þings og ríkisstjórnar, — og báðir bankarnir því orðnir pólitískir, — að koma á stofn ópólitískum banka.

Annað mál er það, að mjer finst minsta hlutafjeð, sem heimilað er samkvæmt frv. að stofna bankann með, of lítið. Tel jeg, að stofnfjeð megi ekki vera undir 3 milj. króna. Ennfremur vil jeg benda á, að í nál. hv. Nd., er áskorun til hæstv. ríkisstjórnar að nota ekki heimildarlögin nema vissa sje fyrir þátttöku þektra erlendra banka eða fjármálamanna til stofnunar bankans og til viðskifta handa honum erlendis, og vænti jeg fastlega, að hæstv. ríkisstjórn verði við þessum óskum.

Með sjerstakri áherslu á þetta atriði mun jeg greiða frv. atkv. mitt.

Frsm. minni hl. (Sigurður Jónsson): Jeg get verið hv. 2. þm. G.-K. (BK) sammála um það, að ekki þýði að ræða þetta mál frekar, og vil jeg ekki verða þess valdandi, að langar umræður hefjist, en um ósamræmið, sem sami háttv. þm. talar um, get jeg ekki verið honum sammála, því að allir munum vjer þekkja, að ekki er aðeins verslað með það, sem kallað er víst, heldur oft einnig með það, sem er óvíst, nefnilega það, sem kallað er að versla með vonina.

Orðlengi jeg svo ekki frekar um þetta mál

Jónas Jónsson: Jeg ætla aðeins að mæla nokkur orð áður en máli þessu verður endanlega ráðið til lykta, en jeg mun ekki tala jafnítarlega og jeg mundi hafa gert undir venjulegum kringumstæðum, af því að jeg álít, eins og hv. 2. þm. S.-M. (SHK), að ræður muni hafa lítil áhrif nú. Hv. frsm. meiri hl. (SHK) tók fram í dag, eins og hann raunar hefir tekið fram áður, að hann álíti það ekki rjett að setja það fyrir sig, að ekki væri áður fengin vissa fyrir því, að nokkurt verulegt fjármagn sje á boðstólum, því að krafa, sem færi fram á það, væri mjög ósanngjörn, og jafnvel útilokað, að bankanum væri þá lífs von. Jeg er sannfærður um, að hv. 2. þm. S.-M. (SHK) getur vel hugsað sjer þann möguleika, að t. d. útlendur banki segði við okkur: Við erum til með að leggja fram 2, 3, 4 miljónir með ákveðnum skilmálum. Væru okkur þá boðnir kostir, er vjer gætum annaðhvort tekið eða hafnað, og væri málið þá vissulega mun auðveldara meðferðar, því að þá hefðum við vitað, við hverja var að eiga og hverjir ætluðu sjer að nota leyfið. Þennan möguleika hefir hv. meiri hl. ekki sjeð, eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. (SHK) síðast í dag, og niðurstaða hans er þess vegna ekki hugsunarrjett. En það verður eigi sjeð, að leyfisbeiðendur standi í neinu slíku sambandi við menn erlendis, sem hafi sagt, að þeir vilji leggja fram fje með föstum skilmálum. Hv. 2. landsk. þm. (SJ) svaraði ummælum hv. frsm. meiri hl. (SHK) um ósamræmið, sem kæmi fram í nál. hv. minni hl., með því að benda á, að hægt væri að selja arðsvonina; en jeg vil enn fremur benda á, að nokkuð er til, sem á dansk-þýsku heitir „Gründerforretning", þ. e. húmbugsfjelagsstofnanir, eins og sum

fossafjelögin okkar hafa verið. Forgöngumennirnir selja þá „rjettindi“ sín, stundum oft. Þeir græða, en almenningur tapar. Og það mun vera rjett, sem háttv. þm. Dala. (BJ) hjelt fram fyrir 3 árum, að mikið fje mætti hafa upp úr slíku leyfi. Ef jeg legði í vana minn að braska, mundi mig langa mjög mikið til þess að fara fram á slíkt leyfi mjer til handa. Þá álít jeg mjög hæpið, hvort rjett sje, að bankinn njóti skattfrelsis. Mjer vitanlega er það ekki siður neinna erlendra mentaþjóða, að nokkrir aðrir bankar njóti skattfrelsis en þjóðbankar, og svo oft lánsfjelög, af því að þau leigja út fje með lágum vöxtum. Þó nú að Íslandsbanka sje veitt skattfrelsi, þá sje jeg ekki ástæðu til að veita öðrum slíkum bönkum sömu rjettindi, heldur virðist mjer hyggilegra, að við temjum okkur að siðum erlendra mentaþjóða og látum alla banka, sem reknir eru sem gróðafyrirtæki, borga eftir getu til bæjarfjelags og landssjóðs. Bæði Reykjavík og landssjóður munu bíða mikið tap við þetta skattfrelsi, og því verður að vera um mikinn óbeinan hagnað að ræða, ef hægt er að sætta sig við að veita skattfrelsi ófæddum banka, sem enginn veit hvað kann úr að verða, ef hann fær einhvern tíma að sjá dagsins ljós. Framsalsmöguleikann tel jeg þó vera höfuðágallann á frv. Eina tryggingin, sem háttv. þing hefir fyrir því, að leyfinu verði vel ráðstafað, eru nöfn 5 manna, sem væntanlega eru allir góðir menn með miklum áhuga, en það ætti þó ekki að auka áhuga sumra annara fyrir þessu fyrirtæki, að 3 af upphaflegu stofnendum þessa bankaáforms, Ágúst Flygenring í Hafnarfirði, Ólafur Johnson stórkaupmaður í Reykjavík og Björn Þórðarson hæstarjettarritari, hafa dregið sig til baka, væntanlega sökum þess, að þeir sáu fram á, hversu afarörðugt og jafnvel ómögulegt mundi verða að útvega nægilegt fje og gera þetta að starfandi fyrirtæki. Vont væri það ennfremur, ef fyrirtækið kæmist fyrst á fót eftir að búið væri að framselja rjettinn útlendum gyðingum, sem enginn vissi deili á og engin trygging væri fyrir að færu vel með það vald, sem þeir fengju við framsal rjettarins, einkanlega af því, að mjer virðist frv., eins og það liggur fyrir, ekki heimila jafnítarlegt eftirlit af hálfu háttv. þings og nauðsyn þó kynni að krefjast.

Jeg get ekki á sama hátt og sumir aðrir háttv. þingmenn álitið það hættulegt, þó að Landsbankinn sje pólitískur, að því leyti sem hann er undir eftirliti bæði landsstjórnar og þings, og engu fremur tel jeg það hættulegt, þó að Íslandsbankastjórnin sje nú skipuð 2 tilsjónarmönnum frá landinu. Mjer kemur það einkennilega fyrir sjónir, að háttv. þingmenn skuli telja það ágalla á einhverjum hlut eða málefni, að það sje pólitískt, alveg eins og að eitthvað óhreint hljóti þá að tengjast við það. En sje það aftur á móti rjett, að pólitískt líf þessa þjóðfjelags sje óhreint, sem jeg ekki vil trúa að ósönnuðu máli, þá hlýtur það að stafa af því, að þjóðin sjálf sje óhrein, eða þá að minsta kosti þeir leiðtogar hennar, sem slíku halda fram. Jeg mundi því alls ekki telja það neinn galla, þó að banki þessi yrði einnig pólitískur, þ. e. háður eftirliti þingsins, ef hann kemst einhvern tíma á stofn, en hitt mundi jeg álíta mikinn galla, ef bankinn yrði einvörðungu háður erlendum mönnum og erlendu fjármagni, því að engin trygging er fengin fyrir því, að íslenskir menn eða íslenska stjórnin nái nokkrum yfirráðum yfir

stofnun þessari. Það verður því ekki annað sjeð en að hreinasta fásinna sje að ætla stofnun þessari, sem rekin verður með erlendu fjármagni, undanþágu frá skattgreiðslu.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) byrjaði ræðu sinu með því að taka í strenginn með mjer, að ekki þýddi að halda langar ræður, en satt að segja fanst mjer hann samt vera nokkuð langorður og að ræða hans hefði, honum að skaðlausu, mátt vera nokkru styttri, því að í raun og veru kom ekkert nýtt fram í ræðu hans. Háttv. þm. miatist enn á hættuna á því, að verslað yrði með leyfið. Skil jeg ekki nú frekar en fyr óttann við þá hættu. Þó jeg ætli mjer ekki að tala mikið um þann ástæðulausa ótta, þá vildi jeg benda háttv. 5. landsk þm. (JJ) á eitt atriði, sem ef til vill kynni að draga lítið eitt úr honum, sem sje það, að mjer er ekki kunnugt um, að landi þessu bjóðist peningar yfirleitt. Miklu fremur mun vera ástæða fyrir okkur að leita eftir peningum en búast við því, að aðrir leiti að okkur, til þess að bjóða fram peninga sína. Það mun líka vera mjög sjaldgæft í heiminum, að peningum sje troðið upp á menn, til þess að þeir sjeu notaðir í ákveðin fyrirtæki, nema því aðeins, að vissa sje fyrir því, að fyrirtækið gefi óvenjulega góðan arð og sje ágóðavænlegt í framtíðinni; en það verður því miður ekki sagt um fyrirtæki, sem hjer eru rekin nú, og heldur ekki mun reynsla þeirra, sem lagt hafa fje í einkabankastofnunina hjer, það er að segja Íslandsbanka, vera svo góð, að hún hvetji aðra til þess að ráðstafa fje sínu á þvílíkan hátt. Til frekari áherslu vil jeg svo að endingu endurtaka það, að sú niðurstaða að við þurfum fremur að hafa fyrir því að útvega peningana en að búast við því, að þeir verði lagðir upp í hendurnar á okkur, er bæði eðlilegri og einkanlega langtum samkvæmari kringumstæðunum, eins og þær eru núna á voru landi.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar um þetta mál, þótt það sje bæði mikið og merkilegt. Jeg greiddi atkvæði með því til 3. umr. af því að nál. minni hlutans var þá ókomið, og áleit ekki rjetta aðferð að fella það þá. Mjer finst margt athugavert við þetta mál, þótt ýmislegt mæli með því að fá nýjan banka. Mjer virðist hlunnindin nokkuð mikil og víðtæk, í samanburði við þá upphæð, sem í boði er. Við höfum áður fengið fleiri miljónir að láni, og lítill árangur sjest af því Jeg vil því taka þann kost að vísa þessu máli til stjórnarinnar og láta hana meta til næsta þings, hvaða hlunnindi sjeu nátuleg fyrir hlutafje það, sem talið er, að í boði sje. Þetta gefur mönnum betri aðstöðu til þess að átta sig á málinu. Jeg vil því gera það að tillögu minni, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. 2. þm. Rang. (GGuðf) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 8 : 6 atkv.

Frv. samþ. með 8 : 6 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 640).

12. Fræðsla barna.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907 (þmfrv., A. 143).

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Svo sem greinargerð frv. ber með sjer, er það komið fram sökum áskorana frá ýmsum prestum og umkvartana yfir lögum frá í fyrra um breyting á fræðslulögunum frá 1907. Er í þessum nýju lögum lögð skylda á presta að vera prófdómendur við barnapróf í prestakalli sínu. Prestum er það alls ekki ljóst, að þetta starf heyri til embættisstarfi þeirra nje að heimilt sje að leggja fyrir þá ýms tímafrek og kostnaðarsöm störf endurgjaldslaust, ef þau koma ekki prestsstarfinu við. Um hitt er ekki að fást, þótt aukin störf sjeu á þá lögð innan embættisins, svo sem gert hefir verið talsvert að nú á síðustu árum, sjerstaklega eftir að hagstofan var stofnuð. Verða þeir nú að senda nákvæmar skýrslur í hvert sinn er þeir vinna eitthvert embættisverk, og er það mjög aukið frá því, sem áður var, en vitaskuld hafa þeir ekki kvartað neitt yfir því. Með fræðslulögunum frá 1907 er barnafræðslan tekin úr höndum prestanna, og er þar með afskiftum þeirra af því starfi lokið. Þótt sumir vilji máske vitna í tilskipun frá miðri 18. öld, um það, að prestum beri að annast uppfræðingu barna, þá er slíkt vitleysa, og mundi enginn dómstóll nú hafa þann skilning, að þessi tilskipun væri enn í gildi, eftir setningu fræðslulaganna, enda þótt ekki sje tekið beint fram í þeim, að þau nemi tilskipunina úr lögum. Hefi jeg orð greinagóðra manna í þessum efnum fyrir því, að þessi skoðun mín sje rjett, og jeg álít, þótt ekki sje jeg lögfræðingur, að þegar lagabálkar eru gefnir út um sjerstök efni eins og þetta, þá falli þar með úr gildi eldri ákvæði um sama efni, sem ekki geta samrýmst nýju lögunum, enda þótt slíkt sje ekki tekið fram berum orðum. Mun og ekki þurfa lögfræðing til að sjá, að eldri lög verða að víkja fyrir yngri lögum um sama efni, ef árekstur verður.

Þá er það og sönnun þess, að prestum beri engin skylda til að kenna börnum almenn fræði, að þeir eru ekki álitnir hæfir til þess, nema þeir hafi lokið sjerstöku prófi við kennaraskólann. Veit jeg til, að talsvert ríkt hefir verið eftir þessu gengið og prestum hefir verið meinað að hafa barnakenslu á hendi. T. d. er ekki langt síðan aðstoðarprestur einn ætlaði jafnframt embættinu að taka að sjer barnakenslu, sem í því tilfelli hefði vel getað samrýmst, en hann fjekk ekki leyfi til þess nema hann skuldbindi sig til að taka ekki vígslu. Með öðrum orðum, hann mátti ekki hafa bæði störfin með höndum.

Er nú undarlegt, að prestarnir, sem ekki hafa þekkingu til að kenna, skuli vera álitnir færir um og skyldaðir til að vera prófdómendur, en þó furðulegra, að þeim skuli vera boðið að vinna kauplaust verk, sem þeim ber engin skylda til, og jafnvel eiga þeir sjálfir að borga ferðakostnað og önnur útgjöld, sem af þessu stafar. Auðvitað geta þeir skorast undan að vinna þetta verk, og væri gaman að vita, hvað hægt yrði að gera í því tilfelli. En með því að prestar eru yfirleitt engir bardagamenn, — þótt vitanlega sje hægt að brýna deigt járn svo, að bíti, — þá

munu þeir ekki skorast undan að taka þetta verk að sjer, ef þeir fengju ómak sitt launað, svo að þeir þurfi ekki að greiða fje úr eigin vasa til ferðakostnaðar og annars.

Í sumum prestaköllum er þetta mikið verk, og enda þótt yfirstjórn fræðslumála hafi heimild til að skipa sjerstaka prófdómendur í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum, þá er þó engin trygging fyrir því, að það verði gert, enda þótt presturinn fari fram á það, fyr en útsjeð er um, að presturinn muni ekki anna því einn. Lögin eru þannig orðuð, að presturinn virðist í þessum tilfellum ekki eiga heimtingu á því, að nýr prófdómandi sje skipaður, heldur er það fræðslumálastjórnin, sem valdið hefir.

Jeg vona, að háttv. deild sjái, að hjer er um sanngirnismál að ræða og lofi frv. að ganga til 2. umr. og allshn.

Björn Hallsson: Eins og háttv. flm. tók fram, er þetta frv. fram komið sökum breytinga á fræðslulögunum frá síðasta þingi, þar sem sú skylda er lögð á presta að hafa eftirlit með barnafræðslu, ef fræðslunefndir eða skólanefndir fá undanþágu frá fræðslulögunum. Eiga þá prestar að hafa eftirlitið í samráði við fræðslu- eða skólanefndir, hver í sínu prestakalli. Háttv. flm. heldur því fram, að prestar sjeu ekki skyldir samkvæmt embætti sínu til þess að hafa þetta eftirlit á hendi; fræðslulögin frá 1907 hafi felt burt þessa skyldu þeirra. Jeg get ekki verið sammála háttv. flm. í þessu efni. Áður en fræðslulögin voru sett var það tvímælalaust skylda presta að búa börn undir fermingu, og á því hafa fræðslulögin enga breytingu gert, þrátt fyrir það, að kensla var aukin, svo að barnakennara þurfti jafnframt. Skylda prestanna að hafa umsjón með, að börnin væru nógu vel undir fermingu búin, er enn ekki fallin niður. Þá þykir hv. flm. ósanngjarnt og jafnvel ranglátt að skylda presta til þess að vera prófdómarar í prestaköllum sínum.

Var að heyra svo á honum, sem þetta yrði prestum mjög erfitt og kostnaðarsamt starf. En svo er alls ekki. Fyrst og fremst skal ávalt skipa sjerstaka prófdómendur í kaupstöðum, og fræðslumálastjórn er heimilt að skipa sjerstaka prófdómendur þar, sem fjölmenn eða víðlend prestaköll eru, og mun það verða gert, ef presturinn fer fram á það. Það verður því einkum í þeim hreppi, sem prestssetrið er, sem presturinn verður að vera prófdómandi, og tel jeg það ekki þungan bagga fyrir hann. Einnig er það tekið fram í 3. gr. laganna frá 1922, að prestum er ekki skylt að hafa eftirlit með barnafræðslunni frekar en embættisstörf þeirra leyfa.

Háttv. flm. kemst svo að orði í greinargerð sinni fyrir frv., að það sje allvarhugaverð leið að fara út á, að fela embættismönnum störf, sem ekki koma embættum þeirra við. Það getur vel verið, að svo sje, en í þessu tilfelli á það ekki við, og hefi jeg þegar svarað því. Þessi skylda er alls ekki frá árinu 1922, heldur gömul. Um þetta atriði hefir einnig verið talað hjer fyrr, bæði á síðasta þingi í sambandi við lögin, sem þá voru sett, og eins á þinginu 1921 í sambandi við frv., sem þá lá fyrir þinginu, um skiftingu Ísafjarðarprestakalls. Þá var þessi háttv. þm. (MJ) þeirrar skoðunar, að fræðslulögin næmu ekki burt skyldu prestanna til að hafa umsjón með fræðslu barna. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa upp lítinn kafla úr ræðu háttv. flm. (MJ) frá 1921. Þar segir hann svo:

> „Jeg vona, að háttv. þm. kunni svo að meta skýrslur fagmanna, að þeir

taki gilda skýrslu okkar prestanna um það, að ekki sje ljett störfum af herðum presta með fræðslulögunum. Okkur ætti að geta komið saman um það, að ljettirinn sje enginn. Kristindómsfræðslan hvílir jafnt á prestunum eftir sem áður. Skyldan er sú sama, hversu sem hún er rækt.“

Þetta er orðrjett lesið úr Alþingistíðindunum 1921. Maðurinn, sem þetta segir þá, er einn og hinn sami og sá, sem nú flytur frv. það, er nú er verið að ræða um. En skoðunin er ekki hin sama nú og þá, hvernig sem á því stendur. Ætli það sje ekki svo, að háttv. þm. (MJ) renni blóðið til skyldunnar og skoðun hans á þessu atriði fari eftir því, sem heppilegast er í hvert skifti til að ljetta störfum af prestum.

Jeg vil svo leggja til við háttv. deild, að þetta frv. verði felt strax við þessa umræðu, svo að hv. þingd. þurfi ekki að eyða tíma sínum í að ræða það. Hvort það fer í allshn. eða ekki, ef það fer á annað borð í nefnd, er mjer sama um. Jeg sje aðeins eftir tímanum, sem eytt verður til þess að ræða það.

Flm. (Magnús Jónsson): Þrátt fyrir andmæli háttv. 2. þm. N.-M. (BH), þarf jeg ekki að vera langorður í svari mínu. Það stendur auðvitað orð á móti orði hjá okkur, hvort gamla tilskipunin frá miðri 18. öld er enn í gildi. Skoðun hans er sú, að hún gildi enn, en jeg met eins mikils ummæli lögfróðra manna, er jeg hefi átt tal við um þetta efni, og segja þeir, að ekki komi til greina, að sú tilskipun sje enn í gildi. Vitanlega er þýðingarlaust fyrir okkur háttv. 2. þm. N.-M. (BH) að vera að deila um þetta hjer. Við erum báðir leikmenn í þessum efnum. Annarsmun þessi háttv. þm. aðallega hafa staðið upp til þess að lesa upp póst úr ræðu eftir mig frá í hitteðfyrra og sanna með því, að jeg hefði breytt um skoðun síðan þá. En þarna hefir honum tekist að skjóta fram hjá markinu án þess að koma nærri því. Það, sem jeg sagði á þinginu 1921, er aðeins það, að meðan prestar hafa þá skyldu að staðfesta börn og kirkjan heldur í fermingarathöfnina, verða prestar að hafa eftirlit með því, að börnin fái þá þekkingu á kristindóminum, sem talin er nægileg undir fermingu. Jeg vona, að hv. þm. sjái, að hjer er um alt annað að ræða en almenna fræðsluskyldu presta, sem háttv. andmælandi minn (BH) vill láta þá hafa.

Þá vil jeg endurtaka það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, að það er undir yfirstjórn fræðslumálanna komið, hvort sjerstakir prófdómendur verða skipaðir í fjölmennum og víðlendum prestaköllum, og einnig er það hún, sem ákveður það, hvaða prestaköll verði talin fjölmenn eða víðlend. Háttv. andmælandi minn veður því reyk, þar sem hann heldur því fram, að prestarnir geti heimtað sjerstaka prófdómendur þar, sem svona sje ástatt. Er og hætt við, að fræðslumálastjórnin verði spör á að nota þessa heimild, meðan prestar fá engin laun fyrir ómak sitt, og ekki einu sinni endurgreiddan ferðakostnað.

Þar sem svo var að heyra á háttv. 2. þm. N.-M. (BH), að hann nenti ekki að starfa að þessu máli í allshn., þá tek jeg aftur þá tillögu mína, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til allshn., en legg til, að því verði vísað til háttv. mentmn., enda mun það eiga heima þar, þar sem það er um breytingu á fræðslulögunum.

Lárus Helgason: Mjer kemur ekki á óvart, þótt þetta frv. kæmi fram. Í fyrra, þegar lögin um breytingu á fræðslulögun-

um voru til umræðu hjer í deildinni, mælti jeg með því, að prestum yrðu greidd laun fyrir að vera prófdómarar, svo sem öðrum prófdómendum, og greiddi jeg atkvæði á móti því, að frv. næði í þessu efni óbreytt fram að ganga. Jeg tel mjög heppilegt, margra hluta vegna, að prestar sjeu prófdómendur; trúi jeg þeim betur en flestum öðrum, sem kostur er á, til þess starfs, en jeg tel ósanngjarnt að ætlast til þess, að þeir fái enga þóknun fyrir ómak sitt og kostnað við ferðalög. Mun jeg því greiða frv. atkv. mitt.

Björn Hallsson: Mjer þótti háttv. flm. (MJ) færa lítil rök fyrir því, hvers vegna hann hefði skift um skoðun síðan 1921. Lítur út fyrir, að hann hafi sjálfur skotið fram hjá markinu annaðhvort árið. Við höfum hvor sína skoðun á því, hvort tilskipunin frá 18. öld, sem vitnað hefir verið í, sje enn í gildi, og þar sem fræðslulögin frá 1907 nefna hana ekki með þeim lögum, sem þau nema úr gildi, þá verð jeg að álykta af því, að hún sje enn í gildi. Þá talaði hann enn um það, að fræðslumálastjórn myndi treg að skipa prófdómendur. Það verður tvímælalaust gert, ef prestar telja sig ekki geta sint eftirlitinu eða prófdómarastarfinu vegna embættisanna. Prestar geta því ráðið þessu að mestu.

Háttv. flm. (MJ) gat þess, að hann hefði borið þetta undir einhverja lögfræðinga; en jeg geri ekki svo mikið úr því, því svo eru lög sem hafa tog, og það, sem einn lögfræðingurinn heldur fram, er oft neitað af hinum. Efast jeg ekki um, að jeg hefði fengið einhvern lögfræðing til þess að styðja mitt mál, ef jeg hefði leitað álits þeirra um það. Hins vegar væni jeg ekki flm. um það, að hann hafi ekki spurt einhvern lögfræðing um þetta. Það er aðeins ekkert að byggja á órökstuddum orðum; tel jeg því ekki mikið á þeim ummælum að byggja.

Háttv. flm. kannast þó nú við, að prestar eigi að hafa eftirlit með kristindómsfræðslunni. Jeg hefi þó sannfært hann um það. En 1921 taldi hann skyldu þeirra að hafa fræðsluskylduna þrátt fyrir setningu fræðslulaganna.

Háttv. flm. (MJ) hefir misskilið orð mín. Taldi hann, að jeg væri hræddur við að eiga umræður um frv. í allshn., eða nenti ekki að vinna að því. En jeg tel allshn. hafa annað þarfara að vinna en að ræða frv., sem sjálfsagt er að fella, svo miklum fjölda frv. er búið að vísa til þeirrar nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, IngB, JakM, JAJ, JB, LH.

nei: MP, PO, ÞorlG, BH, HK, JS, JÞ, MG, BSv.

Fjórir þm. (MK, ÓP, ÞorlJ, ÞórJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til mentamálanefndar með 16 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 143, n. 274).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Eins og sjá má í nefndarálitinu, hefir meiri hluti nefndarinnar fallist á þá breytingu á lögum nr. 36, 19. júní 1922, sem ákveða, að prestar skuli enga þóknun hafa fyrir barnapróf í prestaköllum sínum, að þeir skuli hjer eftir fá endurgreiddan ferðakostnaðinn við prófin úr ríkissjóði.

Það hefir verið tekið fram af háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), og ekki andmælt af neinum, hversu mjög þessi lög eru ranglát í garð prestanna. Þegar aðrir prófdómarar eiga að fá kaup við prófin, eiga prestarnir að vinna kauplaust, og auk þess að borga sjálfir ferðakostnað, sem oft getur orðið allmikill. Er mjer t. d. kunnugt um, að ferðakostnaður við slíkar ferðir verður í mínu prestakalli 40--50 kr. En þó er hann víða eins mikill eða meiri. Því hefir verið slegið fram, að prestar gætu losnað við prófin í stórum og erfiðum prestaköllum. En því er svo varið, að skylduræknir prestar vilja heldur vera við þessi próf, til þess að fá heildaryfirlit yfir kunnáttu barnanna. En ef lögin frá í fyrra verða látin standa óbreytt, þá neyðast þeir til þess að reyna að losna við þessa kvöð, þar sem þeir eru sjálfir neyddir til að leggja beinlínis út fje í ferðakostnaðinn. Annars er jeg viss um, að slíkt ákvæði sem þetta hefði ekki verið sett í lög um nokkra aðra embættismenn en presta, en þeir eiga ekki upp á pallborðið hjá sumum háttv. þingmönnum, eftir því sem mjer heyrist.

Jeg skal svo geta þess, að minni hluti nefndarinnar, form., vill helst nema öll lögin úr gildi, en á það höfum við ekki getað fallist.

Jeg vona nú, að háttv. deild geti fallist á þessa brtt., þar sem hún miðar einungis að því að ráða bót á því misrjetti, sem prestarnir eru beittir fram yfir aðra prófdómendur, þar sem þeim er gert að skyldu að vera prófdómarar kauplaust, og borga svo ferðakostnað að auki.

Pjetur Ottesen: Jeg vil biðja menn að athuga það vel, að með fræðslulögunum frá 1907 er það svo í framkvæmdinni, að ljett er af prestunum miklu starfi. En eigi að síður hvílir ennþá á þeim skylda að hafa eftirlit með fræðslu barna í prestakalli sínu. Er því engin fjarstæða, þótt þeim sje gert að skyldu að vera prófdómarar, og það endurgjaldslaust. Hverjum samviskusömum presti á að sjálfsögðu að vera sönn ánægja í því og finna það skyldu sína að forsóma ekkert tækifæri, sem gefst, til þess að kynnast námi og andlegum þroska barnanna í prestakalli sínu. Jeg tel því enga ástæðu til þess að breyta lögunum frá í fyrra og taka þetta tækifæri frá prestunum, þar sem ekkert hefir komið fram síðan, sem upplýsir, að það sje nauðsynlegt. Jeg tel ekki, þótt háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) væri að tala um kostnaðinn, sem hann hefði af því að þurfa að prófa, því að óvíða hagar eins til og hjá honum, þar sem hann býr á afskektri eyju. Er því í sjálfu sjer ekkert undarlegt, þó að hann gæti gefið hjer svo og svo háan kostnaðarreikning við barnaprófin. En þann veg hagar óvíða til, og yfirleitt er þetta þannig, að prestar þurfa litlu eða engu beinlínis til að kosta við prófin.

Annars var það gleðilegt að heyra á hv. þingmanni (SSt), að prestarnir óska sjálfir að hafa barnaprófin. Vona jeg því, að þeir sýni það í verkinu, með því að gera það án þess að fara fram á ferðakostnað af ríkinu.

Þorsteinn Jónsson: Það er eitt höfuðeinkenni löggjafar okkar í seinni tíð að vera altaf að breyta lögum. Það liggur þó í augum uppi, hversu óheppilegt það er fyrir þjóðfjelagið að vera altaf að breyta löggjöf sinni.

Eins og kunnugt er, vildu allmargir þingmenn á síðasta þingi gerbreyta grundvelli fræðslumála vorra. Sú tilraun þeirra mishepnaðist. En samt tókst þeim að skemma barnafræðslulöggjöfina að nokkru; koma á meiri ruglingi og losi en áður var. Margir vilja setja meira af eftirlitsstörfum með barnafræðslunni yfir á prestana en gert hefir verið. Það var ein breyting, sem síðasta þing gerði á fræðslulögunum, að skylda presta til þess að vera prófdómarar við barnapróf, með þeim undantekningum, að stjórnin má skipa aðra prófdómendur við stærri barnaskóla og þar, sem prestar þjóna mjög stórum prestaköllum. Það er ekki nema eitt ár síðan þessi skipun var gerð, og nú kemur fram, að prestunum þykir þetta þung kvöð; þeir mótmæla henni og vilja koma fram breytingu. Jeg rifja þetta upp nú vegna þess, að á síðasta þingi var mikið talað um það af sumum að leggja mikið af eftirliti með barnafræðslunni á herðar prestanna. Menn geta nú sjeð af þessu, hvort ekki hefði þurft að borga prestunum nokkuð fyrir það starf. Jeg tel vafasamt, að þeir hefðu gert það fyrir minna en það kostar nú.

Það besta, sem hægt hefði verið að gera nú í þessum efnum, væri að fella úr gildi breytingarnar, sem samþyktar voru á síðasta þingi. Jeg skal ekki fara að rökræða það nú. Jeg var að hugsa um að bera fram frumvarp um breytingar í þá átt á þessu þingi, en sá það ekki fært, eftir þær undirtektir, sem málið fjekk í fyrra.

Nú er fram komin brtt. við frv. frá meiri hluta nefndarinnar, þess efnis, að prestum verði borgaður ferðakostnaður fyrir prófferðir. Jeg sje ekkert á móti því, að stjórnin endurgreiði þeim það, sem þeir þurfa að kosta til slíkra ferða. Og jeg lít svo á, að eftir lögunum frá síðasta þingi geti prestar gert landsstjórninni reikning fyrir peningum, sem þeir hafa lagt út fyrir að komast á prófstað. Annars eru flestir prestar þannig settir og í þeim kringumstæðum, að auðvelt er fyrir þá að ferðast á eigin hestum til prófstaðanna í sóknum sínum. Ef einhverjir prestar þættust ekki geta þetta sökum kostnaðarins, þá gætu þeir fengið stjórnina til að skipa aðra menn í sinn stað fyrir prófdómara. Jeg álít því enga þörf á þessari breytingu.

Þær breytingar, sem jeg bar fram við fræðslulögin á þinginu í fyrra, ásamt öðrum háttv. þm., 3. þm. Reykv. (JÞ), voru fremur gerðar til þess að sefa gerbyltingamenn í fræðslumálum en af því, að svo brýn nauðsyn væri til að breyta fræðslulögunum, og draga menn saman. En okkar tillögur voru afskræmdar svo í meðferð þingsins, að við flm. urðum sjálfir að snúast á móti þeim að lokum. Þeim var flaustrað af í háttv. Ed. einhvern síðasta daginn í tveimur umr. með litlu millibili. Mentmn. deildarinnar skrifaði nefndarálit á þá leið, að hún hefði ekki haft tíma til að athuga þessar breytingar á fræðslulögunum, sem frv. fjallaði um, en leggur þó til, að frv. verði samþykt. Þvílík meðferð á einu þýðingarmesta máli þjóðarinnar! Nefnd má ekki vera að að athuga það, og af þeirri ástæðu ræður hún deildinni til að samþykkja það! Deildin má ekki vera að hugsa um það eða rökræða, og því fer hún að ráðum menta-

málanefndar. Jeg óttast, að eins geti farið nú um þetta frv., að það geti leitt til frekari skemda á fræðslulögunum. Jeg vil því ekki koma með neinar breytingar á þeim nú, og legg á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga. Jeg er mótfallinn því, að árlega sje verið að káka við breytingar á þessum lögum, sem flaustrað yrði af til stórskemda, eins og síðast. Svo merk lög sem fræðslulög einnar þjóðar eru, má ekki einlægt vera að hringla með, og það af þingi, sem búast má við, að í önnum sínum breyti þeim af handahófi í hugsunarleysi, samanber gerðir síðasta þings.

Magnús Jónsson: Hv. mentamálanefnd hefir ekki viljað fallast á frv. óbreytt. Samt sem áður vil jeg þakka nefndinni, að hún hefir nokkuð komið á móti mjer í því að gera prestum mögulegt að vera prófdómarar. Jeg skil þá háttv. þm. þannig, sem eru á móti frv. og vilja ekki greiða atkv. með þeirri breytingu, sem nefndin hefir gert á því, — jeg skil þá svo, að þeir leggi á móti því, að prestar verði prófdómarar, og vilji losna alveg við þá til þess starfs.

Þegar þetta mál er sótt af svo mikla kappi, þá er teflt á fremsta hlunn með að nota sjer vilyrði, sem þeim var veitt á þinginu í fyrra, um að koma sjer hjá að verða prófdómarar. Annars skal jeg ekki svara háttv. þm. Borgf. (PO); hann var að klifa á því eins og áður, að prestum væri skylt að hafa á herðum sjer eftirlitið, þó að öll skynsamleg rök mæli á móti því; og það getur hver maður sjeð, sem les fræðslulögin.

Háttv. frsm. (SSt) gat þess rjettilega, að prestar vildu vera við barnaprófin. En þeir geta nú ekki gert alt, sem þeir vilja, fremur en háttv. þm. Borgf. (PO). Þegar hann greiðir atkvæði á móti öllum fjárstyrkjum; þá segir hann venjulega, að það sje ekki hægt að gera alt, sem maður vilji.

Jeg tel það vafalaust, að atkvæði þeirra þm., sem verða á móti frv., sýni, að þeir vilja bola prestunum frá því að vera prófdómarar.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Mjer finst, að eftirlitið með barnafræðslunni sje tekið úr höndum prestanna með fræðslulögunum frá 1907, þar sem þeir eru þá heldur ekki álitnir gjaldgengir kennarar. Og jeg get búist við, að ef þetta frv. nær ekki samþykki þingsins og lögin verða óbreytt eins og þau nú eru, þá sje það sama og að útiloka prestana frá því að vera við barnaprófin. Jeg tala ekki svo mikið um þetta fyrir mína sókn; jeg verð bráðum búinn að ljúka mínu starfi og gæti sjálfs mín vegna bundið enda á það undir núverandi kjörum. En í næstu kirkjusókn við mína er mjer kunnugt, að presturinn þarf að ferðast fulla dagleið á landi og 4—5 tíma, ef hann fer sjóveg, til barnaprófs í fjarlægustu sókn sinni. Að leggja þessa kvöð á prestana, án nokkurrar þóknunar eða endurgreiðslu á ferðakostnaði, er mjög ósanngjarnt. Mörgum prestum er þess vegna sama sem bægt frá eftirliti með barnafræðslunni við prófin. Hvort prestar muni vilja losna við að vera prófdómarar, er mjer ekki fullkunnugt; en jeg álít, að flestir þeirra vilji það ekki. Jeg held, að þeir hafi einmitt mikinn áhuga á því að kynnast uppfræðingu barnanna, ef þeim væri gert það kleift. Jeg held því, að það sje ekki ósanngjörn krafa, sem hjer er farið fram á, að þeir fái dálitla uppbót fyrir útgjöld sín á þessum ferðum, en sje ekki ætlað að starfa þær vikur þóknunarlaust, þar sem aðrir, er vinna við prófin, fá fult kaup.

Jeg er alveg sammála háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) um, að úrskurður háttv. deildarmanna um þetta frv. þýði blátt áfram það, hvort þeir vilja hafa prestana við prófin eða ekki.

Með allri virðingu fyrir barnakennurunum, verð jeg þó að segja, að jeg álít kensluna ekki svo fullkomna, að vanþörf sje á því, að prestarnir kæmu þar nærri og gætu með eftirlitinu haft afskifti t. d. af kenslunni í kristnum fræðum.

Jeg ætla ekki að hefja kappræður um þetta mál persónulega; en mjer er kunnugt, að margir af stjettarbræðrum mínum eru mjög óánægðir yfir þessum útgjöldum vegna barnaprófanna.

Pjetur Ottesen: Jeg heyrði það á ræðu háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), að honum var ekki enn runnin reiðin frá síðasta þingi. Hann hafði þá ekki tækifæri til að svala sjer á háttv. Ed., og þess vegna brýst reiðin út nú. Hann valdi lögunum ýms hæðileg orð. En jeg og ýmsir aðrir líta nú öðruvísi á. Jeg álít, að breytingarnar, sem gerðar voru á fræðslulögunum í fyrra, sjeu spor í rjetta átt og að rjett sje, að haldið verði lengra síðar í þá sömu átt. Jeg tel nú komið í ljós, að þær hafi gefist vel, og vænti, að það eigi eftir að koma betur fram.

Út af orðum þessara tveggja háttv. guðsmanna hjer í deildinni — það er þeirra einu prestvígðu manna hjer í deildinni — um að prestunum bæri engin skylda til eftirlits með barnafræðslunni samkvæmt fræðslulögunum, vil jeg geta þess, að þetta er nú ekki rjett vel sanngleikanum samkvæmt, og því ekki prestslega mælt, enda ríður það beinlínis í bág við þeirra eigin ummæli um það hjer í deildinni, þegar rætt var um stofnun á nýju prestsembætti í Bolungarvík hjerna um árið. (*MJ*: Kemur það nú aftur!) Já, kemur það nú aftur! Töluð orð og bókfest verða nú ekki aftur tekin og það verður ekki umflúið, og getur háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) sjálfum sjer um kent. Það var lesið yfir hausamótunum á honum hjer í deildinni um daginn, við 1. umr. þessa máls, og sjest á því, að hann hefir nú algerlega komist í mótsögn við sjálfan sig. Hið sama hefir einnig hent samherja hans, háttv. þm. N.-Ísf. (SSt).

Það ætti í rauninni að vera óþarft að vera að margendurtaka það, að sjálfsagt sje að krefjast þess, að prestarnir geri skyldu sína og vinni án sjerstakrar aukaborgunar það, sem á þeim hvílir lögum samkvæmt, og eitt af því er að hafa eftirlit með fræðslu barna. Það hvílir sem sje sú skylda á þeim að lögum að fara tvær húsvitjunarferðir um sókn sína til eftirlits með uppfræðslu barna. En ætli þeir sjeu nú ekki fáir, sem uppfylla þessa lagaskyldu? Þar, sem þetta er í besta lagi, mun vera húsvitjað einu sinni á ári. En hitt er víst, að sumstaðar eru húsvitjanir alveg vanræktar. Ástæðan máske sú, að þeir fá ekki greiddan sjerstakan ferðakostnað fyrir húsvitjanirnar. Það lægi máske næst að draga þá ályktun af orðum þessara tveggja háttv. samherja hjer. Það er þessi hugsun, sem allmikið bólar á, að telja að þetta og þetta sje óviðkomandi embættinu, og því eigi þeir að fá sjerstaka aukaborgun fyrir það, jafnt þó það sje skýlaust skyldustarf og fullborgað með embættislaununum. Þar sem húsvitjunarferðirnar eru nú svo af hendi intar, sem jeg hefi nefnt, en eftirlit með barnafræðslunni hvílir tvímælalaust á prestunum, þá sjá allir, að það er ekki nema rjett og sanngjarnt, að þeir hafi á hendi prófdómarastarfið án nokkurrar frekari greiðslu en í launum þeirra felst. Nú er búið að

hækka laun þeirra eins og allra annara embættismanna.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að þeir þdm., sem greiddu atkvæði á móti þessu frv., mundu vilja losna við prestana fyrir prófdómara; og þessu halda þeir báðir fram, háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) og hann, því að yrði frv. þetta felt, mundu afleiðingarnar verða þær. Væri slíkum getsökum beint að minni stjett, bændunum, þá hefði mjer fallið það þungt og þótt ómaklega mælt. En þó það standi nú öðrum nær en mjer að svara getsökunum í garð prestanna, þá verð jeg þó að segja það, að mjer virðist, að prestunum svona yfirleitt sje gert rangt til með þessari ályktun. Jeg þykist vita, að margir prestar telji þetta skyldu sína og sjeu fúsir að fullnægja henni. Jeg held, að prestar yfirleitt taki þetta ekki svo, að meta prófdómarastarfið aðeins eftir peningunum, og jeg held yfirleitt, að þessi hugsunarháttur sje ekki almennur í fari þeirra presta, sem búa úti í sveitum, að minsta kosti.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) segir, að þetta sje borið fram að tilhlutun Prestafjelagsins, og sje þetta almenn krafa presta landsins. Álít jeg, að það stafi af því, að þeir hafi orðið fyrir áhrifum í þá átt hjer í Reykjavík, t. d. á synódus; þangað mun það eiga rót sína að rekja. Þessa hugsunarháttar, sem á bak við þessa kröfu liggur, að gera skyldu sína aðeins vegna peninganna, gætir ekki mikið úti í sveitum. Þar leggja prestarnir mikil störf á sig heima fyrir í þarfir opinberra mála í sveitunum, eins og alþýða manna verður að sætta sig við að gera. En hitt þekkir maður, að hjer í Reykjavík vilja embættismenn, eða margir þeirra, fá aukaborgun fyrir hvað eina, og það er út frá þeim hugsunarhætti, sem hjer ríkir, sem mælt er með þessu frv. Og tel jeg óhætt að fella þetta frv., vegna þess að prestarnir munu samt gæta skyldu sinnar og gegna prófdómarastarfinu, þó að þeim verði ekki lagðir peningar í lófa fyrir það sjerstaklega.

Þorsteinn Jónsson: Það vill svo vel til, að við háttv. þm. Borgf. (PO) erum sammála um að fella þetta frv. Hann vill vefengja það, sem jeg sagði um frv. til breytinga á fræðslulögunum, sem samþykt var á síðasta þingi. Hann sagði, að þær breytingar hefðu verið spor í rjetta átt og til bóta. Jeg veit, að háttv. þm. er áttaviltur í fræðslumálum. Jeg hefi heyrt þá þjóðsögu, að ef viltur maður kæmi að straumvatni, þá sýndist honum vatnið renna í öfuga átt við það, sem það rennur í raun og veru. Eins er það um háttv. þm. (PO); hann sjer ekki, hvert straumurinn stefnir í fræðslumálum þjóðarinnar; þar er hann svo gersamlega áttaviltur.

Magnús Jónsson: Það er leitt að þurfa að þreyta háttv. deild með lengri umræðum um þetta mál. Það þyrfti í raun og veru að svara háttv. þm. Borgf. (PO) með langri ræðu, en jeg geri það nú ekki. Hann var eitthvað að tala um prestaveldi í þinginu. Því er nú svo varið, að hjer eiga aðeins 2 prestar sæti, svo að þessi ályktun háttv. þm. er ekki sjerstaklega sennileg. Jeg er áður búinn hjer í deildinni að kveða niður drauginn um gömlu tilskipunina um húsvitjanir o. fl. Þessi tilskipun var orðin fyrir löngu dauður bókstafur áður en fræðslulögin komu, svo að því leyti er það rjett, sem jeg hefi áður sagt, að fræðslulögin ljettu raunverulega engri byrði af prestunum. En með fræðslulögunum frá 1907 var einnig bókstafur þessarar tilskipunar numinn úr gildi.

(*PO*: Það er ekki rjett). Jeg skal sýna fram á það. Það hefir verið minst á, að prestum bæri skylda til að fara 2 húsvitjunarferðir á ári. En ekki var talað mikið um það, þegar nýju lögin um fækkun prestakalla og samsteypu brauða voru á ferðinni hjer á Alþingi. Þá var ekki verið að gera mikið úr skyldustörfum presta. Hv. þm. þurfa ekki að bregða öðrum um tvíveðrungshátt og vindhanasnúning — þeir hafa það sjálfir í nógu ríkum mæli. Þá kvað hv. þm. Borgf. (PO) sjer mundu falla þungt, væri bændum ætlaðar þær hvatir að vilja ekki gegna kauplaust slíkum skyldum, sem prófdómarastarfið væri fyrir prestana. Hann gætir þess ekki, að þegar bændur eru prófdómarar, þá fá þeir kaup, en prestarnir ekki. (*PO*: Útúrsnúningur). Háttv. þm. taldi óhætt að fella þetta frv., því að prestarnir mundu gegna þessu starfi þrátt fyrir það; þeir væru svo greiðasamir og góðir. Já, það er náttúrlega ákaflega gott að varpa áhyggjum sínum upp á góðsemi prestanna. En þetta minnir dálítið á söguna um manninn, sem sendi strák til þess að slá annan mann kinnhest, og spurði svo, hvernig hann hefði tekið því. „Hann tók því vel", sagði strákurinn, „sláðu hann bara aftur!" Slíkt er strákaathæfi, en ekki þingmanna. Jeg mótmæli því, að þetta mál eigi upptök sín hjer í Reykjavík; hjer eru engar ástæður eða tilefni til þess, þar sem prestar hjer í bænum gegna engum prófdómarastörfum.

Þá er jeg kominn að eftirlitsskyldu presta með barnafræðslunni. Það er bert, að í fræðslulögunum frá 1907 eru tekin af öll tvímæli um þetta. Þar stendur í 33. gr.: „Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefir stjórnarráð Íslands. Sjer til aðstoðar hefir það skólafróðan mann, er ráðherra Íslands skipar". En sjerstaklega sker 30. gr. úr um þetta, að eftirlitið sje tekið frá prestunum og fært yfir á fræðslunefndir. Þar segir svo: „Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum hjeraðs þess, er hún er skipuð fyrir". Og í 31. gr.: „Fræðslunefnd hefir allar hinar sömu skyldur og skólanefnd". Um vankunnandi börn innan 14 ára ber skólanefnd eða fræðslunefnd að gera ráðstafanir til, að lögð sje við þau meiri rækt en áður og að sjá þeim fyrir nægilegri tilsögn. Um undanþágur úrskurðar fræðslunefnd. Öll lög, sem áður hafa gilt um þetta efni, eru að sjálfsögðu afnumin, hvort sem það er fram tekið í fræðslulögunum eða ekki. Og hvar er svo mælt fyrir um þetta eftirlit presta? Hjer er verið að vekja upp gamlan draug frá miðri 18. öld. Þau ákvæði eru afnumin með fræðslulögunum, eins og búið er að sýna.

Þó að háttv. þdm. greiði atkv. móti frv., geta þeir ekki gert ráð fyrir, að þessi 18. aldar fjarstæða fái að rísa upp aftur.

Pjetur Ottesen: Það er gott, að háttv 4. þm. Reykv. (MJ) hefir rekið sig svo tilfinnanlega á sjálfan sig í þessu máli, að hann hefir nú farið að lesa fræðslulögin. En getur hann nokkursstaðar bent mjer á ákvæði í fræðslulögunum um, að hin gamla konunglega tilskipun sje úr gildi numin? Þessi upplestur háttv. þm. úr fræðslulögunum hafði ekkert að þýða, því að tilskipunin stendur eftir sem áður óhögguð, nema hann geti þetta, en það ætla jeg, að verði eftir af honum. Það er því gagnslaust, þótt hann lesi fræðslulögin spjaldanna á milli; hann fær ekkert það út úr þeim, sem ljettir þessari skyldu af prestunum, þó það hafi leitt til vanrækslu af þeirra hendi á þessu starfi.

Hvað snertir það, sem háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) sagði um mig, að jeg væri

áttaviltur í fræðslumálum og að mjer færist þar eins og villumanninum í þjóðsögunni, þá held jeg nú áreiðanlega, að þetta eigi miklu betur við hann sjálfan en mig, en hann er bara svo áttaviltur í þessu máli, að hann sjer það ekki.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg ætla að nota rjett minn sem framsögumaður til andmæla því, sem fram hefir komið. Það er ekki með frv. þessu verið að gera ráð fyrir aukaborgun handa prestunum; aðeins endurgreiðslu úr ríkissjóði á útlögðum ferðakostnaði þeirra við barnaprófin. Þegar prestar vinna sín aukaverk, þurfa þeir ekki að leggja neitt í kostnað; þeir geta reiknað sjer þóknun fyrir þau.

Nú er með lögum lögð á þá sú kvöð að leggja fram fje úr sínum vasa til þessa starfa, sem aðrir fá þó fulla borgun fyrir. Þetta leiðir til þess, að prestarnir vilja losa sig við þetta starf. Þeir verða þá víða sama sem útilokaðir frá að koma nærri prófunum.

Lárus Helgason: Jeg vil aðeins leyfa mjer að benda á það, að frá því að fræðslulögin gengu í gildi 1907 og þangað til lögunum var breytt í fyrra var prestum ávalt greidd þóknun fyrir prófdómarastörfin. Þessari skyldukvöð þeirra var skotið inn með lögunum í fyrra. Jeg var þá mjög á móti þessari breytingu og er enn þá. Furðar mig á því, ef háttv. deild verður svo ósanngjörn að neita prestum að fá ferðakostnað borgaðan við slík störf sem þessi. Það mætti næstum eins vel leggja samskonar skyldu á hjeraðslækna og fleiri embættismenn hvað ferðakostnaðinn snertir.

Jeg vænti þess, að brtt. á þskj. 274 verði samþykt.

Pjetur Ottesen: Jeg vil aðeins leiðrjetta þann misskilning hjá hv. þm. N.-Ísf. (SSt), að aukaverk presta og húsvitjunarstörf sjeu eitt og hið sama. Hann getur ekki vilt neinum sýn með því að vera að bera þetta saman. Það er vitanlegt, að prestum ber að lögum sjerstök borgun fyrir aukaverk, en það eiga þeir alls ekki fyrir húsvitjanir, og fengu vitanlega ekki heldur meðan þeir höfðu fyrir því að húsvitja. Og þó að þess sje nú krafist af þeim, að þeir sjeu prófdómarar án sjerstakrar borgunar, þá er það ekki nema rjettmæt krafa og uppbót á vanrækslu þeirra á lögskipuðum húsvitjunum.

Síðustu ræðu háttv. þm. (SSt) var helst ekki hægt að skilja á annan veg en þann, að það væru bara peningarnir, sem prestarnir litu á við þetta prófdómarastarf, og það minnir mann þá ósjálfrátt á þetta gamla: að seint fyllist sálin prestanna.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg mótmæli þeim áburði háttv. þm. Borgf. (PO) á prestastjett landsins, að húsvitjanir sjeu alveg niður lagðar. Það er altaf hægt að slá svona órökstuddum áburði fram, en honum mun reynast óhægra að sanna hann. Hjer er alls ekki um nein laun að ræða handa prestum, heldur einungis greiðslu á beinum kostnaði þeirra við ferðalög í þarfir hins opinbera.

ATKVGR.

Brtt. 274. (ný 1. gr.) samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, JakM, JAJ, JB, JÞ, LH, MJ, MK, MP, PP, SSt, ÞorlG, BSv.

nei: BH, HK, IngB, JS, MG, PO, StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ.

Fimm þm. (EÞ, EE, GunnS, ÓP, ÞorlJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 13 : 7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 8 atkv.

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 386).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 : 7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 386).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 386, n. 467).

Frsm. (Karl Einarsson): Eins og sjest á nál., er farið fram á í frv. þá einu breytingu á fræðslulögunum, að prestar fái greiddan ferðakostnað sinn, þegar þeir eru prófdómendur við barnaskóla. Þetta er fullkomin sanngirniskrafa, og jeg vil mæla með því við háttv. deild, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 : 1 atkv.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 386).

Jón Magnússon: Jeg vil leyfa mjer að gera stuttlega grein fyrir því, hvers vegna jeg get ekki greitt frv. þessu atkvæði. Jeg geri ráð fyrir, að það sje fram komið af sparnaðarástæðum að láta prestana vera prófdómendur við barnaprófin, svo og til að gefa þeim tækifæri til þess að hafa hönd í bagga með barnafræðslunni. Jeg viðurkenni, að það er ósanngjarnt að heimta af prestum að vera prófdómarar þar, sem erfiðar og dýrar ferðir eru; en þá mun að vísu gert ráð fyrir því, að þeir geti afsakað sig og fengið aðra. En eigi að síður get jeg búist við, að það kunni að verða í einstökum tilfellum dýrara ríkissjóði að borga ferðakostnað presta en að borga prófdómendum lögmælta dagpeninga; nú mun greitt 6 kr. á dag. Það er af þessum ástæðum, að jeg get ekki greitt frv. þessu atkvæði mitt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get ekki fallist á það, sem háttv. 4. landsk. þm. (JM) sagði, að það yrði meiri kostnaður

fyrir ríkissjóðinn en áður var, ef þetta frv. yrði samþykt. Jeg tel víst, að prestar geri engan ferðakostnaðarreikning, ef þeir eru búsettir í nánd við skólastaðinn. En áður voru 1 eða 2 menn prófdómendur fyrir alla sýsluna, og fór því töluvert fje til þeirra, því þótt þeir hafi máske ekki haft beinan ferðakostnað, þá höfðu þeir að minsta kosti sama kaup fyrir dagana, sem þeir voru á ferðalagi, og prófdagana; var það fyrst 4 kr. á dag og síðar 6 kr. Það getur ekki komið til mála, að prestar í tiltölulega litlum prestaköllum fái nokkurn ferðakostnað, og er jeg því sannfærður um, að þetta er sparnaður frá því, sem áður var. Auk þess vænti jeg, að ferðakostnaðarreikningarnir verði athugaðir og eftirlit haft með því, að ferðakostnaðurinn sje ekki óhæfilega mikill. Háttv. 4. landsk. þm. er náttúrlega kunnari slíkum reikningum en jeg, en jeg vænti þess, að aðrir reikningar verði ekki teknir til greina en þeir, sem eru sanngjarnir.

Jón Magnússon: Mjer er þetta ekki minsta kappsmál. Það var ekki rjett hjá hv. 1. þm. Húnv. (GÓ), að jeg hefði sagt, að það yrði meiri kostnaður við þetta; jeg sagðist aðeins búast við, að svo gæti farið í einstökum tilfellum. Það er oft og einatt álitamál um ferðakostnað. Það hafa orðið mál út af, hvað reikna beri ferðakostnað, hvort þar heyrði undir aðeins hestur eða gisting o. fl. Jeg ætlaði ekki með þessum orðum mínum að móðga neinn, síst hv. 1. þm. Húnv. (GÓ), og fæ ekki skilið, að þessi háttv. þm. hafi þurft að reiðast og vera með slettur til mín í tilefni af þessu. Jeg skýrði aðeins með hógværum orðum frá því, hvers vegna jeg væri á móti þessu frv., og hjelt sannast að segja, að mjer væri það leyfilegt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skil ekkert í því, að hv. 4. landsk. þm. (JM) skuli vera að tala um, að jeg hafi verið móðgaður og verið með slettur til hans. Jeg er mjer þess ekki meðvitandi, að jeg hafi haft nokkur óviðurkvæmileg orð. En þótt þessi hv. þm. sje að öllum jafnaði kurteis í ræðum sínum, þá hefir hann þó kannske verið búinn að leggja inn fyrir því, að svo hefði verið. Jeg sagði bara, að hann væri kunnari slíkum reikningum en jeg; það er ekki ólíklegt, að hann hafi kynst þeim í ráðherratíð sinni, og ekki er það mín sök, ef við þá eru bundnar leiðinlegar endurminningar fyrir hann, og því fæ jeg ekki sjeð, að það sje neitt ljótt, þótt jeg tæki háttv. þm. fram yfir mig í þessu efni. Jeg held því, að jeg þurfi ekki að taka neitt aftur af því, sem jeg hefi sagt. **Það var ekki ætlun mín að banna honum** að vera á móti þessu frv., og venjulega er það ekki tekið svo, þótt skoðun einhvers háttv. þm. sje mótmælt. Jeg get tekið undir með honum, að mjer er þetta ekkert kappsmál, en mjer finst það sanngjarnt og til bóta, og því er jeg með því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:3 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 526).

13. Ópíum.

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. (stjfrv., A. 305).

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Það er vikið að því í athugasemdunum við frv., af hvaða ástæðum stjórnin hefir lagt það fyrir þingið. 23. janúar 1912 var gerður í Haag af allmörgum ríkjum alþjóðasamningur, með þeim tilgangi að berjast gegn misbrúkun ópíums, morfins og kokains.

Var íslensku stjórninni 1912 send fyrirspurn um það, hvort Ísland vildi ganga í þetta samband, og svaraði stjórnarráðið því játandi. Samningurinn öðlaðist eigi gildi fyr en 1921, sakir heimsstyrjaldarinnar, og 21. október það ár fjelst Ísland á yfirlýsingu um það, að samningurinn skyldi ganga í gildi. Samningur þessi leggur þeim ríkjum, sem samningsaðiljar eru, ýmsar skyldur á herðar, til þess að aftra misbrúkun á ópíum, morfíni og kókaini, svo sem að hafa eftirlit með inn- og útflutningi og verslun á efnum þessum. Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að jeg mun koma fram með brtt. við 1. gr. frv. Frv. þetta er sniðið eftir danska frv. um sama efni, en í 1. gr. 1. lið er bönnuð framleiðsla á ópíum, en meiningin er á unnu ópíum, og ætti því gr. að hljóða: „Framleiðsla á unnu ópíum er bönnuð", o. s. frv.

Í 2. gr. er lyfsölum og öðrum þeim, sem dómsmálaráðuneytið hefir veitt sjerstakt leyfi, leyfð framleiðsla, úrvinsla, innflutningur og útflutningur á ónnu ópíum og því ópíum, sem notað er til læknislyfja. Í samningnum er gerð grein fyrir því, hvað skilið er með unnu og ónnu ópíum. Unnið er búið til úr hráefni með blöndun og bannað hjer sem annarsstaðar. Ónnið ópíum er vökvi, kallaður mjólk, blandaður jurtahlutum og fluttur inn í kökum, en þegar jurtahlutarnir eru teknir úr kökunum, þá er eftir ópíum, sem notað er til lækninga. — Niðurstaðan verður því þessi: Unnið ópíum er bannað að flytja inn eftir frv., en ónnið ópíum má flytja inn undir „kontrolli", ef það er notað til lyfja. Jeg fer svo ekki fleiri orðum um frv. þetta, en legg til, að því verði vísað til hátts. allsherjarnefndar að lokinni umræðunni, og mun jeg þá leggja fyrir hana plögg þau, sem jeg hefi undir höndum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 atkv. og til allsherjarnefndar með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 305, n. 372).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Nefndin hefir eiginlega ekkert haft við frv. þetta að athuga og telur sjálfsagt, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Hún hefir þó komið fram með nokkrar brtt., og er ein þeirra dálítil efnisbreyt-

ing, en hinar eru einungis orðabreytingar, til þess að gera málið á frv. betra.

Nú hefir það orðið að samkomulagi milli nefndarinnar og stjórnarinnar að láta ekki bera þessar brtt. upp við þessa umr., en geyma þær til næstu umr. Leyfi jeg mjer því að skjóta þessu til hæstv. forseta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 27. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 305, n. 372, 456).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Eins og kunnugt er, var málið tekið út af dagskrá síðast. Síðan hefir nefndin komið fram með brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 456, en þar sem þeim hefir ekki verið útbýtt hjer í deildinni fyr en alveg á þessu augnabliki, eru menn tæplega búnir að átta sig á því, sem þar er á ferðinni. Þó er ástæðulaust að fresta umr. þess vegna, því að þessar breytingar eru smávægilegar. Orðið „ópíum“ skal falla burt í 1. málsgrein 1. greinar, o. s. frv. Eins og menn sjá, eru þetta einföld atriði, en jeg skal geta þess fyrir hönd nefndarinnar, að hún taldi sjálfsagt að birta auglýsingu á sínum tíma í Stjórnartíðindunum, með skýringum þeim, sem við eiga, þ. e. hvað sje unnið og hvað óunnið ópíum o. s. frv.

ATKVGR.

Brtt. 456,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 372,1, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

— 456,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 372,2, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

— 372,3 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj atkv. og afgr. til Nd.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 466).

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 466, n. 533).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki margt að segja. Þetta frv. er stjórnarfrv. og hefir gengið gegnum háttv. Ed. nærri breytingalaust. Oss er skylt, í samræmi við ákvæði alþjóðafundar 1912 um ópíum o. fl., að setja hjer á landi lög

um þetta efni, og þótt ekki sje hjer um misbrúkun að ræða í þessum efnum nú, svo kunnugt sje, er þó skylt að setja lög um þetta efni, af þeim ástæðum, sem fyr greinir. Auk þess má búast við, að misbrúkun þessara skaðlegu efna geti breiðst út hjer, og þá eiga lög eins og þessi að geta komið að haldi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 466).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 571).

---

14. Varnir gegn kynsjúkdómum.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til laga um varnir gegn kynsjúkdómum (stjfrv., A. 18).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. er samið að tilhlutun Læknafjelags Íslands, og tel jeg lofsvert, að fjelagið skuli hafa beitt sjer fyrir þetta þýðingarmikla heilbrigðismál. Sjúkdómar þeir, er hjer ræðir um, eru í stórbæjum annarsstaðar hin mesta landplága, og svo mjög kveður að því, að tíundi hver maður er sýktur. Hjer á landi hefir þessara sjúkdóma lítið gætt til þessa, en eins og athugasemdirnar við frv. bera með sjer, eru þeir þó fremur að útbreiðast, og er því hin mesta nauðsyn á að veita þessum óhappagesti viðnám eins fljótt og unt er, og ekki síst af því, að sjúkdómar þessir eru mjög oft valdir að úrkynjun ættanna.

Í frv. eru sett ýms ákvæði til þess að varna útbreiðslu sjúkdóma þessara og auka þekkingu á þeim. Sjeð er fjelitlum mönnum fyrir ókeypis læknishjálp og ókeypis sjúkravist, og það á að færa skrá yfir sjúklingana, en um leið ákveðið, að leynd sje höfð á þeim, svo hræðslan við að almenningur viti um, hverjir sjúkir eru, aftri mönnum ekki frá að fara til læknis.

Jeg vona, að háttv. deild taki vel í málið og láti það fá greiðan gang. Að endingu vil jeg leggja til, að málinu verði, að lokinni umræðunni, vísað til allshn.

Jón Magnússon: Jeg vona, að hæstv. forseti finni ekki að því, þó að jeg segi nokkur orð utan við málefnið. Jeg vildi bera upp þá fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra (SE), hvort ekki megi vænta, að stjórnin leggi innan skamms fyrir þingið frv. um lögfylgjur hjónabands, sem hjer var á ferðinni í fyrra. Með því frv. er lokið við að gera rjett kvenna og karla jafnan í einkamálum. Ef stjórnin gæti ekki fallist á frv., þá gæti hún lagt það fram með athugasemdum, en ef hún sjer sjer það ekki fært, þá mun jeg taka það

til athugunar að flytja frv. sjálfur og reyna ef til vill að fá með mjer háttv. 6. landsk. þm. (IHB). En jeg vildi heldur komast hjá því að flytja frv., því að jeg tel í rauninni rjettara, að það kæmi frá hæstv. stjórn.

Þá langar mig til að spyrja um annað frv., og það af persónulegum ástæðum, því jeg hafði gefið loforð viðvíkjandi því. Það er um nokkra kennara, sjerstaklega kennara mentaskólans og stýrimannaskólans, sem eru fastir landssjóðsmenn, en ekki er til lagaheimild fyrir því. Þetta er þeim mjög óþægilegt. Jeg ætla ekki að skýra þetta frekar. Jeg veit, að hæstv. forsrh. (SE) kannast við það. Hann er vitanlega ekki skyldur að svara mjer, en jeg vona þó, að hann geri það innan skamms.

Forsætisráðherra (SE): Jeg mun svara málaleitun háttv. 4. landsk. þm. (JM) eftir fáa daga. Annars geri jeg ekki ráð fyrir, að neitt verði því til fyrirstöðu, að stjórnin leggi frv. um lögfylgjur hjónabands fyrir háttv. deild. Um kennarafrv. er það að segja, að jeg afhenti það á síðasta þingi háttv. mentamálanefnd Nd. og veit ekki, hvað um það er orðið síðan, en væntanlega er það geymt einhversstaðar í skjölum þingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., föstudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 66).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg geri ráð fyrir því, að nefndinni verði ekki borið það á brýn, að hún hafi ekki athugað frv. það, sem hjer liggur fyrir, þar sem hún hefir gert 14 brtt. við 17 greinar. Þetta frv. er vitanlega fram komið vegna þess, að menn þykjast finna það, að sjúkdómar þeir, er það ræðir um, fari í vöxt á landi hjer. Þó verður að játa það, að skýrslur þær, sem bygt er á, eru ófullkomnar. Í athugasemdunum við frv. eru tilfærðar tölur um 2 þessara sjúkdóma, er benda í þá átt, að þeir hafi farið í vöxt hjer á landi síðan 1906. Við tölurnar á undan er ekki hægt að miða, því að þar er hlaupið yfir 5 ár. Þó er ekki hægt að segja, að þetta sje algild sönnun þess, að vöxturinn sje verulegur frá 1906, því að það er eigi fullkomlega hægt að byggja á þessum tölum; þær geta tvöfaldast og margfaldast. Kemur það af því, að það er engin sjerstök bókfærsla um þessa sjúkdóma, og þeir eru langvinnir og sumir sjúklinganna leita til fleiri en eins læknis. Því er ástæða til að vona, að tölurnar sjeu hjer of háar. En hvað um það, það er þó ástæða til að gera alt, sem hægt er, til að draga úr útbreiðslu þeirra. En jeg skal játa það, að jeg er ekki eins bjartsýnn og stjórnin, er hún í aths. sínum við frv. gerir ráð fyrir því, að hægt sje að byggja þessum sjúkdómum algerlega út úr landinu. Jeg hefi enga trú á því. Jeg býst við því, að samgöngur aukist hjer að miklum mun á næstu árum, og því miður standa sjúkdómarnir að nokkru leyti í sambandi við auknar samgöngur alstaðar í heiminum.

Í aths. er áætlun um, hvað kosta muni að framkvæma lögin eftir frv. því, sem hjer liggur fyrir. Jeg held nú, að ef stofnað verður til þess kostnaðar, sem þar er ráðgerður, þá verði fjárframlagið meira en búist er við í aths. Því hefir nefndin ekki treyst sjer til að fara eins langt og

þetta frv. Hún vill veita styrk af opinberu fje til læknishjálpar og lyfja, en hefir ekki getað fallist á að veita sjúklingunum ókeypis sjúkrahúsvist og ekki heldur umbúðir. Það er enginn vafi á því, að hjer verður mikill munur á um fjárframlög ríkissjóðs, ef fallist verður á tillögur nefndarinnar. Þá fer ekki hjá því, að þetta tillag verður lítt tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. við einstakar greinar. Jeg skal þá fyrst geta þess, að í 1. málsgrein 1. greinar er prentvilla, : (kólon) á eftir orðinu „syfilis“ í stað kommu, en þessu verður væntanlega breytt af skrifstofunni. Við seinni málsgr. 1. greinar er þýðingarmikil breyting. Þar stendur svo:

„Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum.“

En þessi skilgreining í frv. á sjúkdómunum er ekki nægileg. Því hefir nefndin bætt þessu við:

„eða ætla má, að þau komi síðar í ljós“.

Sjúklingurinn getur haft sjúkdóminn á smitunarstigi án þess, að þess finnist merki. Því var hin fyrri skilgreining ófullnægjandi. Sænsku lögin, sem frv. þetta er sniðið eftir, hafa líka þessa viðbót, sem nefndin hefir sett inn.

Um 2. brtt. er lítið að segja. Það er máls-, en ekki efnisbreyting. Þá er brtt. við 3. gr. Fyrri breytingin er í því fólgin, að orðinu „spjaldskrá“ er skotið framar í setninguna, með því að betur þótti á því fara, málsins vegna. Síðari breytingin er efnisbreyting. Í 4. gr. frv., 4. málsgrein, **stendur:**

„Börn, sem standa undir læknisefirliti, skal þó skrá með nafni og heimilisfangi.“

Þetta lítur nefndin á sem ósamræmi og fellir það burtu. Lögin gera ráð fyrir leynd, og hjer er undantekning óþörf. Ef skráð er barn með erfðasyfilis, nafn þess og heimilisfang, þá er þar með sagt til um þann, er sjúkdómurinn stafar frá. Nú eru eigi nema sárfáir menn með þessum sjúkdómi, og því eiga ekki tvær reglur við, önnur fyrir börn og hin fyrir fullorðna.

Þá er 4. brtt., við 5. gr. 2. málsgr. Hún er um kostnaðaratriðið, sem jeg hefi áður talað um. Þá er 5. brtt. við 6. gr. Í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að krefja *megi* af sjúklingum vottorðs um það, að þeir hafi ekki efni á að greiða læknishjálpina. Nefndin segir, að það *skuli* gera, og því bætt við, að þessar yfirlýsingar eigi að senda með reikningum læknanna. Þessi ráðstöfun miðar enn til þess að draga sem mest úr tilkostnaði ríkissjóðs.

Þá kem jeg að 6. brtt. nefndarinnar, sem er við 8. gr.

Tillögur stjfrv. fara í þá átt, að læknir megi ekki leyna sjúkling því, hvort hann er sjúkur eða ekki, nema undir sjerstökum *kringumstæðum*, og þá aðeins um tiltölulega stuttan tíma.

En hjer er alveg brotið í bága við grundvallarreglur lækna, og myndi það í mörgum tilfellum geta valdið meiri óþægindum fyrir sjúklinginn heldur en það, sem hann gæti haft upp úr því, að honum væri sagt það strax.

Um undanþáguna frá þessu, sem getið er í 2. málsgr. 8. gr. frv., er það að segja, að hún gæti tæplega annað talist en pappírslög, því að læknar gætu ekki í mörgum tilfellum greint í símskeyti, hvað að sjúklingi gengi. Yrði hann því að skrifa heilbrigðisstjórninni. Tæki þetta því miklu meira en mánaðar tíma að komast í kring. Tel jeg því rjettast, að læknum sje alveg í sjálfsvald sett, hve nær þeir segi

sjúklingi frá sjúkdóminum og hve nær ekki.

Annars væri líklega rjett að skjóta hjer 3. málsgr. fram fyrir 2. málsgrein, en jeg veit ekki, hvort háttv. meðnefndarmenn mínir eru nú tilbúnir að taka afstöðu til þess.

Þá kem jeg að 7. brtt., sem er við 10. gr.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir tilfelli, sem jeg myndi kveinka mjer við að gera og jeg tel nær því óframkvæmanlegt. Þar segir:

> „Ef sá býr innan hjeraðs, sem talið er, að valdið hafi smitun, skal læknir senda honum tafarlaust skrifleg tilmæli að koma til sín til rannsóknar, en nefna þó ekki nafn þess, er til hans sagði. Vanræki hann það, skal senda honum, áður en vika er liðin, skriflega áminningu og taka fram, hverju varði, ef óhlýðnast er. Beri hún engan árangur, skal tilkynna það lögreglustjóra, og sjer hann þá um, að hinn grunaði sje lagður á sjúkrahús eða á annan hátt skoðaður af lækni".

Vilji sjúklingur nú ekki verða við tilmælum læknis, getur læknirinn eftir þessu gert sjúklinginn óskaðlegan með aðstoð lögregluvaldsins. En jeg tel rjett að fara varlega í þessum efnum, því að fyrir gæti það komið, að óhlutvandir menn gætu á þennan hátt fengið lækna og lögreglustjóra til þess að gera mörgu fólki ýmisleg óþægindi, er þeir sjálfir geta látist hvergi við koma.

Nefndin treysti sjer þó ekki til þess að fella þetta ákvæði alveg í burtu, en vildi mýkja það sem hægt væri, og lætur því ákvæði greinarinnar standa að nokkru leyti.

Áttunda brtt. nefndarinnar er að fella 12. gr. alveg niður.

Jeg skal geta þess, að mjer þótti undarlegt, að þessi grein skyldi vera í frv., þar sem verið er að gera ráð fyrir stórfeldri útbreiðslu sjúkdómsins eftir að lög þessi eiga að vera gengin í gildi. Og þar er svo kveðið á, að hægt sje að banna fólki að giftast, nema það sanni með læknisvottorði, að það hafi ekki smitandi kynsjúkdóm. En því er nú svo varið, að auðvelt er að sanna, að einn maður hafi kynsjúkdóm, en aftur mjög örðugt að sanna, að maður hafi hann ekki.

Annars vil jeg biðja háttv. deildarmenn að athuga það, hvernig þeim myndi falla það, ef þeir þyrftu að láta dætur sínar ganga undir kynsjúkdómarannsókn af þeirri einföldu ástæðu, að til stæði að þær gengju í hjónaband. Jeg ímynda mjer, að flestum þætti það óviðkunnanlegt. Jeg tel því greinina mjög óhyggilega, enda mjög vel hægt að fara kringum hana á margan hátt.

Við 14. gr. er það að athuga, að hún virðist óheppilega orðuð, því að þar stendur, að sjúklingur með smitandi syfilis megi ekki fóstra *heilbrigð* börn. Þar er annað meint, að sjúklingurinn megi ekki fóstra önnur börn en þau, sem veik eru af syfilis, að sjálfsögðu ekki börn, sem eru sjúk af öðrum sjúkdómum. Þá virðist ekki rjett, að sjúklingur með smitandi kynsjúkdóm (syfilis) megi starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum *með læknisleyfi*. Því að þeir, sem kynnu að smitast af þeim, eru engu bættari, þó að þeir smitist „með læknisleyfi", og því vill nefndin fella burtu heimildina til þessarar undantekningar.

Þá er 12. brtt., við 16. gr., um að fella burtu orðin „og tæki". Þessi tæki, sem hjer er talað um, geta verið mjög yfirgripsmikil. Og ætti að banna að selja þau, mætti ekki selja svo mikið sem venjulega

skolkönnu, að jeg ekki tali um allskonar sprautur, sem notaðar eru við fleira en að lækna með þeim lekanda. Það er því alveg óþarft að banna sölu á þessum tækjum, af því líka, að nægilegt er að banna sölu á lyfjum, sem notuð eru við lækningar á kynsjúkdómum. Hefði því sá, er vildi káka við að lækna sig sjálfur, engin not af tækjunum, þegar hann getur ekki fengið nein lyf.

Þá eru brtt. nefndarinnar búnar, nema þær, er snerta viðurlögin. Nefndin ber einungis fram viðurlög að því er snertir embættismenn og lækna, sem ekki eru í embættum, en þagnarskylda hvílir á, en hefir ekki komið fram með viðurlög að því er snertir sjúklingana sjálfa, af þeim ástæðum, að nefndinni fanst það eiga heima í hegningarlögunum, því að í þeim er tekin fram hegning að því er snertir syfilis, en ekki um aðra sjúkdóma. Er því nauðsynlegt að breyta þessu, en nefndin taldi það ekki hlutverk sitt að bera fram breytingu á hegningarlögunum, en leggur hins vegar til, að stjórnin taki þetta til athugunar.

Hefi jeg svo eigi meira um þetta að segja, en vona, ef lögin verða samþykt með þessum breytingum, sem nefndin leggur til, að þá verði þau að gagni fyrir þjóðfjelagið og málefnið, þótt jeg hins vegar teldi það enga ógæfu, að þetta mál hvíldi sig eitt þingið enn.

Forsætisráðherra (SE): Þegar jeg sleppi þessum síðustu orðum háttv. frsm. (SHK), þá hefi jeg ástæðu til að þakka háttv. nefnd fyrir meðferð hennar á frv., því að hún hefir þó haldið sjer við kjarna þess.

Brtt. nefndarinnar tel jeg sumar til bóta, sumar til skemda og sumar tel jeg litlu máli skifta.

Um hinar almennu athugasemdir háttv. þm. (SHK) get jeg verið stuttorður. Þó er sjálfsagt rjett, að skýrslurnar um útbreiðslu sjúkdómsins hjer eru ekki nákvæmar, því að tilhneigingin er auðvitað mikil til þess að leyna sjúkdóminum. En nákvæmari skýrslur en þessar, sem hjer er um að ræða, verða ekki fengnar.

Sjálfsagt er það rjett, að ekki sje hægt að útrýma sjúkdóminum alveg, en um það getur hins vegar ekki verið vafi, að það má stöðva útbreiðslu hans að miklum mun.

Aðalmismunurinn á skoðunum stjórnarinnar og háttv. nefndar um þetta mál er fólginn í því, að nefndin vill ekki, að legukostnaður sjúklinga, sem ekki hafa efni á að greiða hann sjálfir, sje ókeypis, heldur aðeins lyf og læknishjálp. Þetta er að vísu til sparnaðar, en dregur auðvitað um leið úr vörnunum gegn sjúkdómunum. Jeg fyrir mitt leyti verð því að vera með tillögum Læknafjelagsins, þó aldrei nema þær auki útgjöld, í þeirri von, að takast mætti að sporna á móti vágesti þessum.

Þá skal jeg víkja að brtt., en þar stend jeg töluvert ver að vígi en háttv. frsm. (SHK) með sína læknisþekkingu; en jeg hefi borið mig saman við Guðm. prófessor Hannesson um sum atriðin.

Fyrsta brtt. er við 2. málsgr. 1. gr. Þar stendur:

> „Smitandi eru sjúkdómar þessir taldir meðan þess finnast merki, að smitunarhætta stafi af sjúklingnum.“

En þar bætir nefndin við:

> „eða ætla má, að þau komi síðar í ljós.“

Þessi viðbætir er til bóta.

Önnur brtt. er orðabreyting, og því ekki ástæða til að fjölyrða um hana.

Þriðja brtt., við 3. gr., er efnisbreyting, því í frv. stendur, að öll börn, sem sjeu undir eftirliti læknis, skuli skrá með fullu nafni og heimilisfangi. Get jeg vel fallist á það, sem háttv. frsm. sagði, að sama leynd með þau væri nauðsynleg eins og aðra sjúklinga.

Þá kem jeg að 4. brtt. Hún er við 5. gr. frv. Jeg skal taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti hefði viljað, að ákvæði stjfrv. hefði haldist, því að með því hefði baráttan móti sjúkdómunum haldist kröftugri. Þó er eitt atriði, sem jeg get alls ekki fallist á, og það er, að borgun til sjerfræðinga skuli fara eftir gjaldskrá hjeraðslækna. Ef sjerfræðingarnir fá ekki meiri borgun en eftir gjaldskrá hjeraðslækna, má búast við, að þeir vildu alls ekkert við þessar lækningar fást. Gæti því svo farið, að hið fátækara fólk færi alveg á mis við læknishjálp þeirra, sem hinir efnaðri vitanlega hagnýttu sjer. Jeg vildi leyfa mjer að beina því að hv. nefnd og hv. frsm. (SHK), hvort hann sje því eigi samþykkur, að ákvæðið sje látið standa óbreytt eins og það er í stjfrv., þó að það vitanlega hafi meiri kostnað í för með sjer.

Þá vildi jeg leyfa mjer að vekja athygli á 5. brtt. nefndarinnar, við 6. gr. frv., þar sem yfirlýsingar sjúklinganna um það, að þeir hafi eigi efni á að greiða sjálfir læknishjálpina, eiga eftir brtt. að sendast með reikningi læknanna. Álít jeg mjög hætt við, að leyndin hyrfi úr sögunni, ef sú krafa yrði gerð.

Þá kem jeg að 6. brtt. nefndarinnar, við 8. gr. stjfrv. Í frv. er gert ráð fyrir því, að læknar sjeu eigi, undir sjerstökum kringumstæðum, skyldir til þess strax að skýra sjúklingnum frá því, hvað að honum gangi, en þó eigi síðar en eftir mánuð. Það, sem fyrir stjórninni vakti með ákvæði þessu, er það, að hún áleit það einn lið til þess að verjast útbreiðslu sjúkdóma þessara, að sjúklingarnir fengju sem fyrst að vita, hvað að þeim gengi, því að ef samviskusamur maður á í hlut, þá mun hann, að fenginni vitneskju, gæta allrar varúðar, en það getur hann auðvitað ekki, ef honum er ókunnugt um sjúkdóminn.

Jeg þóttist skilja það á hv. frsm. (SHK), að hann vildi eigi láta ákveða það, hve nær segja ætti sjúklingnum frá sjúkdómnum, og skil jeg það vel, að hann, sem er læknir sjálfur, vilji, að læknar hafi óbundnar hendur í því efni. En eins og jeg tók fram, var þetta sett í frv. aðeins sem ein ráðstöfun af mörgum til þess að sporna við útbreiðslu sjúkdómanna. Jeg fyrir mitt leyti mun eigi leggja svo mikla áherslu á þetta atriði, því að jeg er sannfærður um, að læknum er algerlega trúandi í þessum sökum, og af þeim ástæðum sje óþarfi að hafa ákvæðið svo strangt.

Þá kem jeg að 7. brtt., við 10. gr. frv. Í stjfrv. stendur, að læknir skuli senda þeim, sem talið er, að valdið hafi smitun, skrifleg tilmæli um að koma til rannsóknar, en nefna þó ekki nafn þess, er til hans sagði. Jeg legg enga sjerstaka áherslu á það, að nafn þess, er frá sagði, sje eigi nefnt, enda býst jeg við, að hjeraðslæknir muni í flestum tilfellum hliðra sjer við að nefna það. Jeg get því alveg fallist á, að ákvæðið falli burt.

Þá er 8. brtt., við 12. gr., um að greinin falli niður. Jeg er því samþykkur, eftir aths. hv. frsm.

Þá er það 10. brtt., við 14. gr. stjfrv. Í frv. stendur, að sjúklingar með smitandi syfilis megi ekki fóstra heilbrigð börn. Jeg skal játa, að þetta er illa orðað, því að ef ætti með ákvæðinu að leyfa þeim að fóstra veik börn, þá væri það vissulega vond löggjöf, eins og háttv. frsm. (SHK) tók fram, enda vakti hið sama fyr-

ir stjórninni sem honum. Hv. frsm. fann að því, að sjúklingur með smitandi syfilis mætti eigi fóstra heilbrigð börn og eigi starfa að matsölu, matreiðslu eða veitingum, nema með sjerstöku leyfi læknis. Fanst honum undarlegt að veita slíkt leyfi. En stjórninni fanst hart, ef tekinn væri „radikal kur", að eigi væri veitt undantekning, þó eigi væru liðin 2 ár, ef læknir áliti, að „kúrinn" hefði komið að notum og sjúklingurinn væri undir umsjón.

Jeg get einnig fallist á, að orðið „tæki" í 16. gr. stjfrv. falli burt, en þá verður auðvitað að fella í burtu orðið „og", en það er aðeins breyting, sem forseti getur gert.

Jeg vil svo að endingu þakka háttv. nefnd fyrir það, að hún hefir bætt við frv. sektarákvæðinu. Stjórnin var búin að gera till. um sektir, eins og hv. nefnd mun hafa sjeð, því jeg sje, að hún hefir tekið till. upp með litlum breytingum, en með einhverjum óskiljanlegum hætti hafa till. fallið úr við prentun frv. Jeg hefi fyrir mjer till., og eru þær nálega þær sömu og till. nefndarinnar, nema að sektin er kr. 500 hjá nefndinni, en kr. 1000 í stjfrv. Eftir till. stjórnarinnar var eigi ákveðið um brot gegn 14. gr. frv., en nefndin hefir ákveðið 200 kr. sekt. Í raun og veru þyrfti breytingu á hegningarlögunum, 182. gr. Hefir stjórnin athugað þetta og jafnvel orðað breytingu á greininni, en í raun og veru þyrfti að endurskoða hegningarlögin öll frá rótum, og því kynokaði stjórnin sjer við að koma með þá breytingu. Í hegningarlögunum er aðeins til ákvæði um syfilis, en þyrfti einnig að vera um hina sjúkdómana.

Jeg vil svo enda mál mitt eins og jeg hóf það, með því að þakka hv. nefnd fyrir það, að hún hefir í aðalatriðunum verið sammála stjórninni og sjeð nauðsynina á því að gera ráðstafanir til að stemma stigu fyrir sjúkdómum þessum, eftir því sem hægt er. En það, sem á milli ber, er aðeins það, hvort ganga eigi svo langt, sem stjórnin vill, um greiðslu sjúkrakostnaðarins eða ekki. En úr því sker þessi hv. deild á sínum tíma. Jeg kysi helst, að greiddur yrði spítalakostnaðurinn, en þó að það yrði eigi, þá tel jeg frv. þó til stórra bóta.

Jónas Jónsson: Frv. þetta var sent fjvn. til umsagnar um fjárhagshlið þess. Var meiri hl. nefndarinnar hlyntur því, að landið greiddi kostnaðinn, en nefndin var eigi öll sammála um það. Var jeg mjög hikandi um það atriði af ýmsum ástæðum. Jeg átti tal um þetta í gær við lækni, sem í fyrra átti sæti í þessari hv. deild, en er nú farinn hjeðan, landlæknirinn, og sagði hann mjer, að þá hefði komið til mála manna á milli að leggja fram frv. um þetta efni. En læknarnir í Ed. voru yfirleitt hikandi í málinu og hann kvaðst eigi hafa verið undir það búinn að leggja fram frv. um það sjálfur. Síðan hefi jeg átt tal um þetta við ýmsa lækna, og hafa þeir verið í miklum vafa um, hvort slíkt frv. kæmi að nokkrum verulegum notum.

Af þessum ástæðum tel jeg rjett að leita umsagnar Læknafjelagsins hjer í bænum, hvort það hafi trú á því, að hægt sje að útrýma sjúkdómum þessum hjer á landi, og hversu auðveldast verði að halda þeim í skefjum.

Á stjórnarfrv. er einn meinlegur galli, sem hv. nefnd hefir rjettilega bent á. Það ber sem sje með sjer greinilega tilraun sjerfróðra lækna til þess að komast á landssjóðinn. Hefir nefndin reynt að fyr-

irbyggja það, og er jeg henni þakklátur fyrir.

Jeg hefi hugsað mjer að koma fram með brtt. við 3. umr. þessa máls, þess efnis, að veittar væru 1—2 þúsund krónur til þess að fræða almenning um eðli kynsjúkdóma. Jeg hefi litla trú á löggjöf um þetta efni, en álít happadrýgra að reyna með þekkingu að fyrirbyggja mikla útbreiðslu sjúkdómanna. Jeg álít það hinn mesta barnaskap að halda, að hægt sje að útrýma sjúkdómunum hjer á landi, en hins vegar álít jeg það varða miklu, að fólk viti um og skilji hættu þá, sem af þeim stafar, og reyni að forðast hana. Virðist mjer frv. ganga í þveröfuga átt, að því leyti sem það gerir ráð fyrir, að baráttan móti kynsjúkdómunum verði öll í pukri, með leynd og á dulmáli.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Það eru aðeins litlar athugasemdir, sem jeg vildi leyfa mjer að gera. Það gleður mig, að hæstv. forsrh. (SE) hefir fallist á allar þær brtt., sem nefndin fer fram á og hið læknisfræðilega snerta, nema þá einu, er lýtur að matreiðslustarfi. *(Forsrh. SE:* Jeg hefi fallist á það). Þá er það ekkert, sem á milli ber, nema ef vera skyldi það, að jeg vil, að sjúklingur, sem gengið hefir undir „kúr" hjá lækni, fái hjá honum læknisvottorð um það, að hann smiti eigi. Meðan læknirinn getur það eigi, vil jeg, að ákvæðinu sje haldið strangt fram.

Hvað því viðvíkur, að yfirlýsingar sjúklinga skuli senda með reikningum læknanna, þá skal jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti legg eigi svo mikla áherslu á það. Það, sem fyrir nefndinni vakti, var aðeins það, að hún taldi líklegt, að það mundi draga úr kostnaðinum. En hitt hefir nefndin eigi tekið til athugunar, að það væri hættulegt, að yfirlýsingarnar kæmu í stjórnarráðið, af því að þær kynnu að berast út þaðan.

Hvað kostnaðinum viðvíkur, þá skal jeg geta þess, að jeg tel það mjög mikilsvert atriði, hvort veita eigi sjúkrahúsvist eða eigi. Sænsku lögin hafa það þannig. Að mínum dómi vantar mjög mikið á, að talningin sje nægilega trygg, en talning ætti að fást með þessum lögum, og það er þó altaf nokkurs virði.

Jeg vil benda á, að nauðsynlegt er að taka afstöðu til 182. gr. hegningarlaganna í þessu sambandi og breyta henni. Hjer stendur, að læknir eigi að vitna í hegningarlögin, en það þýðir lítið að vitna til þessarar greinar, því hún nær aðeins til syfilis, en ekki til lekanda, sem er miklu útbreiddari og einnig stórhættulegur.

Þá vil jeg geta þess, sem jeg gleymdi áðan, að landlæknir mælti með frv. við nefndina, og eins munu flestir læknar vera því fylgjandi, og því óþarfi að skjóta málinu aftur til þeirra. Jeg var t. d. í fyrra staddur á fjölmennum læknafundi hjer í Reykjavík, þar sem þetta mál var til umræðu, og var þar mikill meiri hluti fundarmanna málinu sinnandi.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla aðeins að gera örstutta athugasemd út af ummælum háttv. 5. landsk. þm. (JJ). Jeg átti tal við læknana hjer í þessari háttv. deild á síðasta þingi, þar á meðal einnig landlækni, um þetta frumvarp, og tók hann því vel, en tími þótti ekki til þess að koma málinu fram.

Jeg hjó eftir því hjá háttv. þm. (JJ), að í frv. væri gerð tilraun til þess að hjálpa sjerfróðu læknunum, og sagði hann, að nefndin hefði að nokkru bætt úr þessu. En jeg heyrði það ekki á háttv. frsm. (SHK), að þær breytingar, sem háttv. þm.

(JJ) átti við, væru gerðar vegna þess. En jeg aftur á móti tók það fram, að hvorki væri sanngjarnt nje heppilegt að láta sjerfræðinga í þessum efnum fá svo lítið fyrir starfa sinn, að þeir gætu ekki hjálpað fátækum mönnum, sem vitja þeirra.

Það væri broslegt að bera frv. undir Læknafjelagið, því að þaðan er það komið. Þá er það ekki rjett hjá háttv. þm. (JJ), að ekkert sje gert í fræðsluáttina með frv., því í 16. grein stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Heilbrigðisstjórnin getur krafist þess, að kensla um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim sje tekin upp í þeim skólum, sem hún telur þess mesta nauðsyn".

Og enn fremur stendur:

„Öll íslensk skip skulu skyld til þess að láta alþýðlega bók um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum fylgja lyfjakistli skipsins".

Og í þriðja lagi er ákvæði í líka átt, þar sem mikið er um útlendar skipakomur. Með öðrum orðum: Það er lögð rík áhersla á, að almenningur fái sem besta þekkingu á þessum efnum.

En hitt er sjálfsagt, að fara með fullkominni leynd með sjúkdómana, því ella mundi margur veigra sjer við að fara til læknis, og er því leyndin til þess, að frekar er hægt að hefta sjúkdómana.

Í svari mínu til háttv. frsm. (SHK) tók jeg fram, hverjar till. jeg gæti fallist á og hverjar ekki. Okkur ber ekki mikið á milli, og ættum við því að geta orðið samferða að mestu leyti; aðeins þetta, að stjórnin vill ganga lengra en nefndin.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg vil bæta því við ræðu hæstv. ráðherra (SE), að í 8. gr. eru fyrirmæli um, að læknar eigi að fræða sjúklinga sína um sjúkdómana.

Jónas Jónsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg sagði aldrei, að landlæknir hefði verið á móti slíku frv., en hitt kemur vel heim við orð mín, að þetta mál var hjer til athugunar í fyrra, og þá vildi hann ekki ýta undir að koma því á framfæri. Um afstöðu Læknafjelagsins ætla jeg að tala nánar við 3. umr., og jeg hygg, að töluverður hluti fjelagsmanna sje á annari skoðun en hjer hefir verið látið í veðri vaka.

Þeir háttv. þm., sem hafa talað um fræðsluna, hafa tekið hana í þrengri merkingu en jeg vil gera. Það þýðir lítið að fræða t. d. berklaveikan mann um eðli berkla og verkanir. Það er orðið of seint. Það, sem gera þarf, er að vekja almennan óhug á þessum sjúkdómum, gera unga fólkið hrætt við þá, til þess að það reyni frekar að forðast þá. Lítill bæklingur niður í lyfjakistli eða í búð einhvers bóksala hefir lítil áhrif í þessa átt. Það þarf að ná til fjöldans með öðrum og veigameiri aðferðum. Það þarf að mæta þessum sjúkdómi á þeim vettvangi, þar sem stór og mikilvæg mál eru rædd, í blaðagreinum, tímaritum, ræðum, fyrirlestrum og skólum. Þá og þá fyrst er hægt að vænta einhvers árangurs.

ATKVGR.

Brtt. 66,1. samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,2. (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 66,3. samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,4. samþ. með 10 : 1 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 66,5. (tveir fyrstu málsl.) samþ. með 10 : 1 atkv.

— 66,5. (síðasti málsl.) samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, JJ, KE, SHK, EÁ, GGuðf, HSt.

nei: HSn, JóhJóh, SE, SJ, BK, GÓ.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

6. gr. þar með ákveðin.

7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,6. samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,7. samþ. með 12 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 66,8. (12. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 66,9. (13. gr. verður 12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 66,10. (ný 14. gr., verður 13. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 66,11. (15. gr. verður 14. gr.) samþ. án atkvgr.

— 66,12. samþ. með 11 shlj. atkv.

16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 66,13. (17. gr. verður 16. gr.) samþ. án atkvgr.

— 66,14.a. (ný 17. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 66,14.b. (ný 18. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SHK, SJ, BK, EÁ, GGuðf., GÓ, HSn, JóhJóh, JM, KE, SE, HSt.

nei: JJ.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 96, 106, 111).

Of skamt var liðið frá útbýtingu vatill. 111. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Þessar tvær brtt. á þskj. 106, frá allsherjarnefnd, sem hjer liggja fyrir, eru mjög lítilvægar.

Um brtt. við 2. gr. frv. er það að segja, að hún er fram komin til þess að leiðrjetta setningu, sem átti að standa í greininni, en hefir annaðhvort fallið úr við prentun eða aldrei verið skrifuð inn.

Brtt. við 8. gr. er engin efnisbreyting, en það er eðlilegra að skipa þannig máli og hugsun greinarinnar; hún verður á þennan hátt skýrari.

Vel getur samt verið, að sumir líti svo á, að þetta sje efnisbreyting, því í þriðju málsgrein er tekið fram, hvernig skuli haga sjer, þegar unglingar innan 16 ára eigi í hlut. En það, sem meint er í 2. málsgr., er ætlast til, að gildi einnig um unglinga.

Þá vil jeg geta þess, að hæstv. forsætisráðherra (SE) hefir tilkynt nefndinni, að hann muni sjá um, að brtt. við hegningarlögin, að því er snertir þetta mál, muni lögð fyrir þetta þing.

Þá vil jeg snúa mjer að brtt. á þskj. 111, við 16. gr. Þar er farið fram á, að stjórninni sje heimilað að verja alt að 1500 kr. á ári í ritlaun og til birtingar fræðandi greinum um þessi efni.

Jeg finn enga ástæðu til að lögfesta þetta, því jeg get ekki betur sjeð en í 16. gr. standi þetta, að svo miklu leyti, sem þörf er á því, og skal jeg í þessu sambandi benda á, að læknarnir Guðmundur Hannesson og Steingrímur Matthíasson hafa báðir ritað pjesa um þetta mál, og í þeim er allur sá fróðleikur, sem almenningi er

nauðsynlegur um þessi efni. Jeg tel því lítil líkindi til, að það bæti mikið um að fara að verja fje til þess að skrifa frekar um þetta, því að pjesarnir eru báðir til enn þá; enda vafasamt hvort heppilegt sje að rita um þessi mál í blöðin. Legg jeg því til fyrir nefndarinnar hönd, að tillaga þessi verði ekki samþykt.

Jónas Jónsson: Jeg tók fram við aðra umr. þessa máls, að jeg vildi koma fram með vatill. við frv. Hún hefir komið svo seint, að það hefir orðið að veita afbrigði frá reglunni, til þess að hún kæmi til mála.

Ástæðan til þess, að jeg kom fram með till., er sú, að í meðferð málsins hjá nefndinni er gert ráð fyrir að fara með þessa sjúkdóma öðruvísi en önnur veikindi. Hvaða ástæða er til þess að fara í launkofa með þessa sjúkdóma fremur en aðra, þegar þeir einmitt eru hinir varhugaverðustu, vegna þess hvað þeir eru smitandi? Það er bersýnilega rangt, og þess vegna greiddi jeg atkvæði á móti frv. við 2. umr.

Það er líka fásinna að ætla sjer að útrýma sjúkdómum eins og sárasótt og lekanda. Til þess yrði fyrst og fremst að gerbreyta hugsunarhætti fólks. Það, sem hægt er að ætlast til, er að sjúkdómum þessum sje haldið í skefjum, ekki gefið svigrúm til að breiðast út. Það, sem getur komið til greina, er að kosta lækningar að einhverju leyti af landsins fje og gera alt, sem unt er, til að fræða fólk og vara við þessu böli.

Jeg skil vel, hvað mjer og háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) ber á milli. Við lítum á þetta mál frá mismunandi hliðum. Jeg álít ekki einungis nauðsynlegt að lækna sjúklingana, heldur líka að varna því, að þeir smiti aðra. En öll leynd gerir einmitt það atriði svo hættulegt. Margir læknar gera ekkert til að halda í skefjum tóbaksnautn og fleiri hættulegum óvenjum; þeim nægir að lækna þau mein, sem orðin eru. Það er tvent, sem um er að gera:

1) að fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdómanna með fræðslu og þekkingu.
2) að lækna.

Hvers vegna á að hafa þessa leynd í frammi með kynsjúkdóma? Jeg skil það ekki. Jeg átti tal við landlækninn um þetta mál, og sagði hann, að svona hefðu menn litið á fyr um aðra sjúkdóma, t. d. tæringu, en svo væri ekki lengur.

Jeg geri ráð fyrir, að styrkur yrði veittur til að gefa út árlega pjesa um þessi efni, til að berjast á móti útbreiðslu kynsjúkdóma og til að halda mönnum vakandi. Því að þótt einu sinni hafi verið skrifað um þetta, þá er það ekki nóg. Og hvað margir lesa bæklinga, sem komnir eru alveg út úr umferð? Nei, það, sem nær til fólks, eru ekki slík rit, heldur kvikmyndasýningar, dagblöðin og nýjar bækur. Jeg legg því áherslu á, að menn sjeu látnir fylgjast vel með og að alt gerist í fullu ljósi almennrar vitundar.

Forsætisráðherra (SE): Aðeins stutt athugasemd. Það er þýðingarlaust að hefja umræður af nýju um ákvæði það, er felt var úr stjórnarfrv. um ókeypis sjúkrahúsvist fyrir þá sjúklinga, sem efnalitlir eru. En jeg vil aðeins enn á ný taka fram, að jeg tel þessi ákvæði hefðu verið til bóta. Jeg verð ekki með brtt. Jeg er sammála háttv. 2. þm. S.-M. (SHK), að það sje alger óþarfi að gefa árlega út pjesa um kynsjúkdóma. Til þess að efla þekkingu á þessum sjúkdómum álít jeg, að ráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrv., sjeu nægar, en þær kosta ekki neitt.

Jeg skil ekki þá leynd, er hv. 5. landsk. þm. (JJ) segir, að komi fram í frv. Þar er ekki gert ráð fyrir annari leynd en

þeirri sjálfsögðu, að ekki sje verið að skýra frá, hvaða sjúklingar gangi með þessa veiki. Og er sú ráðstöfun nauðsynleg, því ella mundu ýmsir sjúklingar kveinka sjer við að fara til lækna. Bæði vegna þessa atriðis og vegna þess óþarfa kostnaðar, er jeg hefi áður getið um, legg jeg á móti því, að þessi till. verði samþykt.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg hefi aðeins litlu við að bæta, og jeg get þess, að jeg er alveg samdóma hæstv. forsrh. (SE). Það, sem okkur háttv. 5. landsk. þm. (JJ) ber á milli, er, hvernig fara eigi með sjúklingana. Í frv. er gert ráð fyrir leynd, sem sje, að ekki sje ljóstað upp um það, hverjir sjeu sjúkir. Jeg tel það fylstu mannúðarskyldu, og sje hins vegar ekki, að nokkur væri bættari með að vita það. Jeg sje engan hagnað við það, að það ætti að frjettast í hverju kauptúni þessa lands, að þessi og þessi gengi með lekanda. Þótt jeg kannist við, að jeg haldi með slíkri leynd, er þar fyrir ekki hægt að núa manni því um nasir, að maður vilji ekki fyrirbyggja neitt. Það eru óleyfilegar aðdróttanir og alveg röng ályktun af meðferð minni og yfir höfuð lækna á þessu máli. Jeg legg til að brtt. háttv. 5. landsk. þm. (JJ) sje feld.

Jónas Jónsson: Það verður aðeins örstutt athugasemd. Það er stefnumunur milli mín og andstæðinga minna, sem ljóst kemur fram í þessu máli. Það, sem háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) segir, er bygt á algerðum misskilningi. Jeg hefi alls ekki dróttað að læknum, að þeir vildu ekki fyrirbyggja sjúkdóma, en jeg held fram, að margir geri sýnilega ekki neitt til að fyrirbyggja þá, heldur lækna þá, sem þegar eru orðnir sjúkir. Þetta er ofurskiljanlegt. Sumir hugsa fyrst og fremst um að bæta orðið böl, aðrir að fyrirbyggja óorðið böl, sem vofir yfir. Það fer eftir lífsskoðunum hvers og eins.

Hæstv. forsrh. (SE) telur það óþarfa eyðslu að eyða 1500 kr. í að rita greinar um kynsjúkdóma í blöð eða tímarit, en sami ráðherra er ekki hissa á að tala um að kosta lækningar að meira eða minna leyti, það, sem gæti numið 18000 kr. eða þar yfir.

Það, sem okkur ber á milli, er, að andstæðingar mínir vilja ekki láta fræða fólk um þessi mál. Þeir um það. Þeir verða að verja þá lífsskoðun sína og það álit sitt, að ekki sje eyðandi nokkrum hundruðum kr. árlega til að sýna þjóðinni, hve mikil hætta henni stafar af þessum sjúkdómum. Það var talað um, að það væri afarmikill vandi að skrifa vel um kynsjúkdóma. En væri heilbrigðisstjórn ekki innan handar að fá annað hvort Guðmund Hannesson eða Steingrím Matthíasson eða aðra þeirra jafnoka til að rita um sjúkdómana? Hvað er ljótt við það að láta menn vita, að veikindin sjeu í landinu? Það eru alt of margir, sem vita lítið um þau. Háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) taldi það ekki skemtilegt, að það frjettist um sjóþorpin, að þessi og þessi hefði lekanda. En hvað er skemtilegt við það að láta þann hinn sama smita? Það hvílir talsverður ábyrgðarhluti á þeim, sem mæla leyndinni bót. Jeg get sagt háttv. 2. þm. S.-M., að jeg hefi átt tal við ýmsa lækna í bænum, er hafa verið mjer samdóma um það, að þörf sje á fræðslu í þessum efnum og að öll leynd sje til hins verra. Ef á annað borð á að draga menn fyrir lög og dóm fyrir að hafa smitað, þá skil jeg ekki, hvaða ástæða er til að vera hörundsár, þótt einhver einstaklingur yrði álitinn hafa þessa veiki. Aðalatriðið er, að þjóðin viti, hvaða víti hún hefir að varast.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. síðasti ræðumaður talaði um stefnumun milli mín og hans. Jeg get alls ekki sjeð, að þessi brtt. marki neinn stefnumun. Háttv. þm. vill verja fje til þess, sem stjórnin vill láta gera á annan eðlilegri hátt. Það, sem jeg hafði á móti þessum 1500 kr., var ekki vegna stefnumismunar, heldur vegna þess, að jeg áleit það óþarfan kostnað. Það er hægt að ná sama tilgangi með öðru hægara móti. Það er ekki rjett, að stjórnin vilji ekki auka þekkingu manna á þessu sviði. Það er heil grein í frv. um það. Jeg held aðeins fram, að það sje óþarfi að veita verðlaun fyrir kynsjúkdómaskrif. En frv. mundi geyma í sjer alveg sömu princip og áður, þótt till. yrði samþykt. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) vildi fara að slá á hina og aðra strengi, einnig þá, að sjúkrahúskostnað eigi að greiða fyrir efnaða menn, en það er tekið fram í 6. gr. stjórnarfrv., að hann skuli aðeins veittur þeim, sem ekki hafa efni á að kosta sig sjálfir. Það gefur líka að skilja, að þeim, sem hafa efni á því, dettur ekki í hug að snúa sjer til hins opinbera til að fá styrk.

Jeg slæ því föstu, að eins og frv. er nú er gert ráð fyrir, að leynd sje á því, hverjir ganga með sjúkdóminn, en fræðsla um það, hvernig sjúkdómnum sje háttað.

Jeg verð að segja, að þótt háttv. 5. landsk. þm. hafi talað við lækna, sem voru honum samdóma, þá er frv. í upphafi runnið frá Læknafjelaginu, og er því rjett að álíta, að meiri hluti læknastjettar landsins sje á sömu skoðun og stjórnin um þetta mál. Læknafjelagið hefir átt frumkvæði að öllum meginatriðum frv.

ATKVGR.

Brtt. 106,1. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 106,2. samþ. með 10 shlj. atkv.

Alþt. 1923, B. (35. löggjafarþing).

Vatill. 111 feld með 7 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ. KE. SJ. EÁ. GÓ.

nei: JóhJóh, SE. SHK. BK. GGuðf. H-Sn. HSt.

Tveir þm. (HHB. JM) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 115).

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Frv. þetta hefir stjórnin flutt eftir óskum Læknafjelags Íslands, og er það samið af fjelaginu eða öllu heldur nefnd úr því. Frv. hefir farið í gegnum háttv. Ed. og tekið þar nokkrum breytingum. Mestu máli skiftir sú breyting, að eftir stjfrv. var til þess ætlast, að fátækir sjúklingar fengju ókeypis alla læknishjálp, einnig spítalavist. En því var breytt á þá leið, að þeir sjúklingar, sem fátækir eru, fá að vísu læknishjálp ókeypis, en ekki veru í sjúkrahúsi.

Ástæðan til þess, að Læknafjelagið ljet semja frv. þetta og beiddi stjórnina að bera það fram, er sú, að annarsstaðar eru þessir sjúkdómar orðnir miklir vágestir. Í stórborgunum erlendis kveður svo mikið að þeim, að talið er, að nálega 10. hver karlmaður hafi einhvern slíkan kvilla. Hjer er enn þá, sem betur fer, lítið um þessa sjúkdóma, og vakir fyrir Læknafjelaginu, að gera mætti ráðstafanir til þess að stöðva þá. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sjúklingarnir geti leitað sjer

lækninga án þess á allra vitorði sje, en jafnframt er gert ráð fyrir, að þekking á sjúkdómum þessum verði aukin.

Jeg vona, að háttv. deild taki frv. vel og vísi því til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 15 shlj. atkv.

(Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 115, n. 208).

Frsm. (Jón Þorláksson): Þetta frv. var upphaflega lagt fyrir háttv. Ed. af hæstv. stjórn. Voru þar gerðar á því allmiklar breytingar, sem einkum gengu í þá átt að draga úr kostnaði ríkissjóðs frá því, er gert var ráð fyrir í frv. eins og það kom fyrst frá hæstv. stjórn.

Allshn. hefir nú haft frv. til meðferðar, eftir að það kom úr háttv. efri deild, og hefir nefndin að mestu leyti fallist á það, með þeim breytingum, er á voru komnar, er það kom hingað í deildina.

Eitt atriði er þó á kostnaðarhlið málsins, sem nefndin hefir ekki getað fallist á. Í stjórnarfrv. var svo ákveðið, að í þeim stöðum, er sjúklingunum yrði vísað til sjerfræðings, skyldi gjald til hans ákveðið af ráðherra með ráði landlæknis. Þessu var svo breytt í háttv. efri deild á þá leið, að borgun til sjerfræðinganna skyldi greidd eftir gjaldskrá hjeraðslækna, og greiðir ríkissjóður þetta gjald fyrir þá sjúklinga, er eigi hafa efni á að greiða læknishjálpina sjálfir.

Nefndin hefir orðið samdóma um það að ekki geti komið til mála að gjalda sjerfræðingum eftir þeirri gjaldskrá, er hjeraðslæknum er goldið eftir. Það er ekki við því að búast, að sjerfræðingur, sem ekki fær nein föst laun, geti unað við þá gjaldskrá, er hjeraðslæknum er sett, því hjeraðslæknarnir fá aðallaunin fyrir verk sín úr ríkissjóði í hinum föstu launum, en hitt eru einungis litlar aukatekjur. Sjerstaklega gæti þetta ekki gengið hjer í Reykjavík, þar sem dýrtíðin er mest, en þó er svo háttað læknaskipun hjer, að miklum hluta sjúklinganna mundi verða vísað til sjerfræðings. Ef nú ætti að binda hann við gjaldskrá hjeraðslækna, yrði hann óhjákvæmilega að fá styrk úr ríkissjóði, eins og nú er ástatt með nokkra aðra læknasjerfræðinga. Hjá þessu vildi nefndin komast, og tekur því aftur upp ákvæðið úr stjórnarfrv., að ráðherra ákveði gjaldið með ráði landlæknis. Hyggur nefndin, að ríkissjóður verði ekki harðara úti með þessu móti en þótt hin leiðin hefði verið valin. Að öðru leyti eru breytingar þær, er nefndin gerði, smávægilegar. Sumt er einungis til að leiðrjetta mál á frv.

Í 6. grein hefir nefndin leyft sjer að breyta einu atriði, sem að öllum líkindum hefir komist í frv. fyrir misgáning; það ákvæði er alls ekki samrýmanlegt þeirri leynd um nafn sjúklingsins, sem verða á annars samkvæmt frv.

Á 10. grein hefir nefndin gert efnisbreytingu, þar sem hún vill leggja skyldu á sjúklingana að skýra læknum frá, hvar þeir hafi tekið sjúkdóminn. Samkvæmt stjórnarfrv. er læknum skylt að grenslast eftir þessu, en sjúklingum ekki gert að skyldu að skýra frá því, svo að þeir geta, sjer að vítalausu, neitað að gefa upplýsingar um það. Þetta telur nefndin ekki geta staðist, því að með því yrði erfiðlega náð þeim aðaltilgangi frv. að girða fyrir sjúkdóma þessa og útrýma þeim.

svo að þeir verði hjer eigi landlægir. Gæti farið svo, að ein og sama manneskjan sýkti hvern af öðrum, án þess að læknar fengju vitneskju um hana. Ef til vill dettur einhverjum í hug sú mótbára gegn þessu, að sjúklingar yrðu tregari að leita til læknis, ef þessi skylda hvíldi á þeim. Nefndin athugaði þetta rækilega og gat eigi sjeð, að það skifti nokkru máli fyrir sjúklinginn, þótt hann segði frá, hvar hann hefði sýkst, þegar slík leynd er á þessu, að það fer ekki lengra en til læknisins. Það mætti ef til vill segja, að þetta ákvæði yrði þýðingarlítið, því að ef sjúklingurinn neitaði að skýra frá þessu, þá væri ekki hægt að þröngva honum til þess. En það kann að hafa áhrif, ef læknirinn bendir sjúklingnum á, að þetta sje lagaskylda, því menn hlýða þó fremur því sem þeir vita að eru lög, heldur en brjóta það. Það mætti jafnvel gera ráð fyrir, að einhverjir sjúklingar myndu ekki telja sjer heimilt að segja til þessa, sökum þeirrar þagnarskyldu, sem lögin að öðru leyti krefjast um þessi mál, ef það er ekki beint fram tekið.

Nefndin vonar, að háttv. deild fallist á þetta, og eins að sektir samkvæmt 17. gr. verði látnar ná til þessarar greinar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þakka allsherjarnefnd fyrir meðferðina á þessu frv. Mitt álit er, að breytingarnar, sem hún hefir gert, sjeu allar til bóta. Sjerstaklega get jeg tekið fram viðvíkjandi 5. gr. frv., að þegar breytingar þær, er háttv. Ed. gerði á henni, voru þar til umræðu, var jeg þeim mótfallinn og taldi óheppilegt að binda gjald til sjerfræðinga við gjaldskrá hjeraðslækna. Síðan hefi jeg átt tal við einstaka menn úr þeirri hv. deild, og ætla jeg, að það verði eigi frv. að falli þar, þótt breytt verði samkvæmt brtt. hv. allshn. Háttv. frsm. (JP) gat þess, að ákvæðið í 6. gr., um að efnahagsvottorð sjúklinga skuli fylgja reikningi til landlæknis, muni hafa komist í frv. fyrir misgáning. Svo er þó ekki. Var rætt um þetta atriði í háttv. Ed. meðal annars. Álít jeg, að sama megi segja um brtt. við þessa grein, sem um brtt. við 5. gr., að hv. Ed. muni eigi fella frv., þótt hún nái hjer fram að ganga.

Þá skal jeg aðeins minnast á brtt. við 16. gr. Þar er það nýmæli, að sjúklingum skuli skylt að láta læknunum í tje upplýsingar um, hvar þeir hafi tekið sjúkdóminn. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi breyting sje ekki til skemda.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en leyfa mjer að mæla með því, að allar brtt. hv. allshn. verði samþyktar.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 208,1 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 208,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 208,3 samþ. með 14:3 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 208,4 samþ. með 17 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 208,5 samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 208,6 samþ. með 19 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 208,7 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

13.—16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 208,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl var frv. tekið til 3. umr. (A. 234).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 234).

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., laugardaginn 14. apríl, var frv. aftur tekið til e i n n a r u m r. (A. 234, 303).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Háttv. Nd. hefir gert nokkrar breytingar við frv. þetta eins og það var afgreitt hjeðan. Brtt. háttv. allshn. Nd. liggja hjer fyrir á þskj. 208. Eru sumar þeirra aðeins orðabreytingar, sem telja má til bóta, svo sem 1. og 2. brtt. Aftur er 3. brtt., sem er við 5. gr., efnisbreyting. Í frv. eins og það fór frá þessari hv. deild er gert ráð fyrir því, að borgun til sjerfræðinga fyrir þessar lækningar skuli fara eftir gjaldskrá hjeraðslækna. En nú hefir háttv. Nd. fært það til sama máls og það var upphaflega í stjórnarfrv. og ákveðið, að borgun til þeirra skuli fara eftir því, sem ráðherra ákveði með ráði landlæknis. — Allsherjarnefnd hjer, og jafnframt háttv. deild, gerði það af sparnaðarástæðum að ákveða sjerfræðingum eigi meira fyrir þessa ókeypis læknishjálp en eftir gjaldskrá hjeraðslækna, og við það tel jeg, að vel hefði mátt una. En sökum þess, að jeg held, að menn noti svo lítið þessa ókeypis læknishjálp, get jeg ekki verið að gera þetta atriði að kappsmáli við hv. Nd., þar sem líka sjúklingar þessir eru tiltölulega fáir, og yrðu því ekki margir, sem notuðu leyfið. Getur þetta því tæplega leitt til mikils kostnaðar.

Um 4. brtt. er lítið að segja, því að hún skiftir svo litlu máli, og 5. brtt. er aðeins orðabreyting. Er það því 6. brtt., sem jeg vil dálítið athuga, því jeg tel hana skifta töluverðu máli. Í frv., eins og það var afgreitt hjeðan, segir svo fyrir, að þegar læknir taki sjúkling til meðferðar, sem smitast hafi hjer á landi, þá skuli hann grenslast eftir, af hverjum sjúklingurinn hafi smitast. En háttv. Nd. vill gera það að *skyldu* fyrir sjúklinginn að láta lækninum í tje allar upplýsingar um það. Á þetta hefir nefndin ekki getað fallist, og flytur því brtt. á þskj. 303, um að fella þetta skyldnákvæði niður.

Það er vitanlega alveg sjálfsagt, að þegar læknir hefir sjúkling undir höndum, þá grenslast hann eftir, hvar sjúklingurinn hafi smitast, og það gerir hver samviskusamur læknir með lipurð og kurteisi. En ef gera á þetta að skyldu fyrir sjúklinginn, þá liggja við viðurlög, ef ekki er rjett skýrt frá. En það er viðurkent af lækn-

um, sem fengist hafa við að lækna þessa sjúkdóma, að mjög varlega verði að fara eftir þeim upplýsingum, sem sjúklingarnir venjulega gefa, því að algengt er, að þeir segi ekki rjett frá um tímann, sem þeir hafi smitast, — færa hann venjulega lengra aftur. Sannast því oft latneska setningin: „Quivis syphiliticus mendax“, að syfilissjúklingum hætti ávalt við að segja ósatt. Þessi regla er þó ekki án undantekninga, en regla þó, og með líkum rjetti mætti segja: „Quivis gonorrhoicus mendax“.

Þar sem nú hjer er um viðurlög að ræða, og jafnframt að fólk, sem talið er, að valdið hafi smitun, skuli leggja inn á spítala, getur það valdið óþægindum, fyrst og fremst fyrir leyndina, sem fyrir er skipuð um þessa sjúklinga, og einnig bakað heilbrigðu fólki og alsaklausu ýms óþægindi.

Nefndin leggur því til, að þetta skyldu-ákvæði sje felt niður.

Ef brtt. nefndarinnar verður samþykt, þá leiðir þar af, að fella þarf niður orðið „10“ í 17. gr. frv. Nefndinni hefir sjest yfir að koma með brtt. um þetta, en hefir orðað það við hæstv. forseta, hvort ekki mætti laga það í skrifstofunni, ef brtt. á þskj. 303 verður samþykt.

Um 7. brtt. á þskj. 208 er lítið að segja. Við litum svo á, að það væri nóg, að tilkynningin komi til prests eða lögreglustjóra. En hjer er gert ráð fyrir, að tilkynna skuli báðum. Þetta virðist svo lítið atriði, að ekki sje ástæða til að deila um það.

Hefi jeg svo ekki fleira að segja um þetta mál, en vona, að háttv. deild geti fallist á frv. og brtt.

Jónas Jónsson: Það er eflaust þýðingarlaust að fara inn á umræður um þetta mál nú, þó að háttv. Nd. hafi breytt því til hins verra, sjerstaklega að því leyti, að borgun til sjerfræðinga fyrir þessar lækningar skuli vera hærri en til hjeraðslækna og fara eftir ónákvæmum taxta. (*Forsrh. SE*: Hann á að vera ákveðinn). Annars hygg jeg, að þessi hlið, landssjóðsborgunin handa sjerfræðingum, hafi átt allverulegan þátt í samningu þessa frumvarps.

Síðan mál þetta var til umræðu hjer, hefi jeg haft tækifæri til að tala við einn af merkustu læknum þessa lands, Steingrím Matthíasson, um það atriði að fræða almenning um þetta mál, sem jeg fjekk litla áheyrn með síðast. Sagði Steingrímur, að í Þýskalandi væri fræðsla um þessa sjúkdóma veitt í kvikmyndahúsum, til þess að vara fólk við þeim og hvetja jafnframt til að leita til læknis. Jeg vona því, að hv. deildarmenn trúi Steingrími, þó að þeir trúi mjer ekki, að fræðsluleiðin sje besta leiðin í þessu máli. Og jeg mun greiða atkvæði á móti þessu frv., eins og jeg gerði áður, því að jeg býst ekki við, að sú stefna að lækna á alþjóðarkostnað, án fræðslu, geti komið að nokkru liði.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil fyrst þakka hv. nefnd fyrir meðferð hennar á frv. þessu.

Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, að borgunin til sjerfræðinga hefði átt töluverðan þátt í því, að þetta frv. var samið. Þetta er ekki rjett, og illa farið, að Læknafjelaginu, sem gengist hefir fyrir þessu máli, sjeu gerðar slíkar getsakir. Borgunina til sjerfræðinga taldi það nauðsynlega vegna sjálfra sjúklinganna, til þess að þeir gætu fengið sem besta lækningu, þó fátækir væru, en vegna sjerfræðingsins sjálfs er ákvæðið á engan hátt komið inn í frv.

Jeg veit ekki, hvað einstakir læknar kunna að hafa sagt um þetta mál, en jeg ber fult traust til Læknafjelagsins í þessu efni.

Jeg treysti fastlega, að frv. fái að ganga gegnum deildina, því hjer er um þýðingarmikið heilbrigðismál að ræða, enda sjúkdómar þessir þannig, meðal annars, að þeir leiða úrkynjun yfir þjóðirnar meira en nokkur annar sjúkdómur. Útbreiðsla sjúkdómanna er sem betur fer enn lítil, og því nauðsynlegt að stemma nú stigu fyrir útbreiðslu þeirra. *(JJ*: Þetta frv. gengur of skamt). Jeg sje ekki betur en að frv. þetta muni geta orðið að miklum notum. Annars skil jeg ekki háttv. 5. landsk. þm. (JJ), sem vill vinna að heilbrigði í landinu, en er á móti þessu sjálfsagða heilbrigðismáli. *(JJ*: Hvers vegna ekki að hafa fræðsluna?).

Jeg var á móti því að setja 1500 kr. inn í frv. í þessu skyni, bæði af því, að það mundi hafa getað orðið frv. að fótakefli, og svo af því, að sannkvæmt frv. má sjá ókeypis fyrir þessari fræðslu.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt. En jeg get ekki fallist á það hjá hv. 5. landsk. þm. (JJ), að semja eigi sjerstakan taxta fyrir hvert einstakt tilfelli. Og skil jeg ekki, hvernig hátt. þm. gat dottið slíkt í hug. *(JJ*: Jeg hefi ekki sagt það). Jú, hv. þm. sagði, að til þess væri ætlast, að stjórnin setti sjerstakan taxta í hverju einstöku tilfelli.

Þá var það eitt, sem hv. þm. (JJ) sagði, að hefði spilt frumvarpinu í hv. Nd., og það var að láta ákvæðið um borgun til sjerfræðinga standa, sem upphaflega stóð í 5. gr. frv., en var felt hjer niður. En hv. þm. stóð opið fyrir að koma með brtt. í þessa átt, því að málið var tekið út af dagskrá, einmitt með það fyrir augum að gefa deildarmönnum kost á að færa þetta aftur til sama máls. Hefði því vel mátt vera, að brtt. frá háttv. þm. hefði verið samþykt.

Það er alls ekki hægt að bera saman varnir gegn kynsjúkdómum hjer og í Þýskalandi, því að þar eru sjúkdómar þessir þjóðarplága. Er því ekki undarlegt, þótt gripið sje til allra ráða til þess að reyna að hindra útbreiðslu þeirra. En þrátt fyrir alla fræðslu og snild Þjóðverja í þessu, er það þó víst, að þeir eru einna verst settir í þessum efnum af öllum þjóðum heimsins.

Það er alveg rjett, sem hæstv. forsrh. (SE) tók fram, að það er heimilt eftir frv. þessu að láta fara fram kenslu um þessa sjúkdóma í sumum skólum. Og er það mikilsvert, sjerstaklega fyrir þá menn, sem eiga að verða farmenn.

Jónas Jónsson: Að jeg kom ekki með brtt. við 5. gr. er af því, að jeg get vel unt meiri hlutanum í þessari hv. deild, sem stendur hjer saman, að koma þessu í framkvæmd. En jeg get eflaust á næsta þingi sýnt fram á, hvað þessar viturlegu tillögur kosta landið.

Forsætisráðherra (SE): Mig furðar á háttv. 5. landsk. þm. (JJ), að honum skuli koma til hugar, að hann geti hrætt háttv. deild með þessari kostnaðargrýlu. Jeg get lýst yfir því, að jeg mun draga úr kostnaðinum eftir megni.

ATKVGR.

Brtt. 303 samþ. með 10 shlj atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 355).

Á 51. fundi í Nd., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 355, 421).

Frsm. (Jón Þorláksson): Háttv. Ed. hefir gert eina breytingu á þessu frv. eftir að það fór hjeðan, þannig, að feld hafa verið niður niðurlagsorð 1. liðs 10. greinar, þau, að sjúklingar væru skyldir til að láta lækni í tje skýrslu um það, hvar þeir hefðu tekið sjúkdóminn. Allsherjarnefnd hefir nú aftur borið sig saman um þetta efni, og kom okkur saman um að gera þá breytingu að setja þetta aftur inn í frv. Hún sjer ekki, að ástæða hafi verið til að fella þetta burtu, og formaður nefndarinnar í Ed., sem hafði þetta mál þar til meðferðar, sagði í viðtali við mig, að þetta hefði verið gert af því, að engin refsiákvæði væru í frv., ef út af þessu væri brugðið. Þetta er ekki allskostar rjett: sektarákvæðum 17. gr. var breytt þannig, að þau næðu til afbrota við 10. gr. En nú er ekkert eftir í 10. gr., sem 17. gr. á við, ef þetta verður felt burtu, og er því komið fram ósamræmi í frv. Hins vegar telur nefndin rjett að hafa þessa skyldu í lögunum. Telur nefndin það ekki viðurkvæmilegt að leggja þá kvöð á lækna að grenslast eftir því, hvar sjúklingurinn hafi smitast, en heimila sjúklingnum að verjast allra upplýsinga. Það er svo mikilsvert að fá sem nákvæmastar upplýsingar um útbreiðslu veikinnar, að það má á engan hátt fella úr lögunum þessi ákvæði, því það mundi gera alla eftirgrenslan miklu erfiðari.

ATKVGR.

Brtt. 421 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, og á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 234).

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 8. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 234, 586).

Frsm. allshn. Ed. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir því, að þetta mál skuli vera komið í Sþ. Háttv. Ed., og þá ekki síst allsherjarnefnd hennar, hefir sýnt háttv. Nd. svo mikla tillitsemi um þetta mál, og hins vegar átt svo mikinn þátt í því að leiðrjetta þá ekki óverulegu galla, sem voru á frumvarpinu upphaflega, að þess var fremur að vænta, að hv. Nd. gerði þetta ekki að deilumáli við Ed.

En þá er að líta á deilumálið sjálft.

Háttv. meiri hl. allshn. Nd. vill gera sjúklingi, sem kemur til læknis í trúnaðarerindum, að lagaskyldu að segja svo satt frá um holdlegar samfarir sínar eins og hann stæði fyrir rjetti, og leggur við því allhá viðurlög. Þetta nær að sjálfsögðu jafnt til kvenna og karla. Neiti sjúklingurinn að gefa þessa skýrslu, þá er hann orðinn brotlegur við lögin; sje þessi skýrsla að einhverju leyti röng, er hann líka orðinn brotlegur við þau.

Til þess að ekki fari á milli mála eftir á, sje jeg ekki betur en að læknirinn verði að bóka þessa skýrslu nákvæmlega í hvert

skifti í læknajournal sinn, lesa hann upp fyrir sjúklingnum og heimta, að hann staðfesti hann með undirskrift sinni — ef hann þá er skrifandi. Sje um útlending að ræða, sem telur sig hafa smitast hjer á landi, verður hann víst helst að semja skýrsluna í læknajournalinn á því máli, sem sjúklingurinn talar eða skilur.

Þetta væru vond lög og ekki viturleg.

Lítum á það fyrst frá sjónarmiði sjúklinganna. — Um það er þá fyrst að segja, að það er viðurkent af rjettarmeðvitund nærri allra sannsýnna manna, að samfarir karls og konu sjeu og eigi að vera eitt hið mesta *einkamál* þeirra, svo að fá mál hafi jafnmikinn rjett á sjer í því efni sem þau. Er það þá svo undarlegt, þó sjúklingur oft og tíðum kveinki sjer við því að gefa um þetta skýrslu? Er þingið reiðubúið til þess að heimta það, t. d. af stúlku, sem tæld hefir verið af þeim manni, er hún unni, að hún láti ókunnugum lækni „í tje alla vitneskju sína um það efni", eins og frumvarpsgreinin, sem hjer er um deilt, orðar það. Jeg held, að slík krafa væri ósæmileg harðýðgi, og jeg fyrir mitt leyti vil mjög ógjarnan láta heimta af mjer að taka slíka skýrslu.

Frumvarpið mælir svo fyrir, að ef læknir tekur sjúkling til meðferðar, sem nýlega hefir smitast hjer á landi, þá skuli hann grenslast eftir því vandlega, af hverjum og hvernig hann hafi smitast. Þetta er líka það, sem allir samviskusamir læknar gera og eiga að gera, og það er ekki nema gott, að það standi í lögum. Það er þá enn meira aðhald fyrir læknana, og fullnægi þeir þeirri skyldu sinni, komast þeir oft og tíðum fyrir það, hvaðan smitunin stafar, og geta þá komið í veg fyrir smitunarhættuna. Oft fá þeir ekki þessa vitneskju í fyrsta eða öðru viðtali, en fá hana þó, þegar sjúklingurinn hefir fengið meira og fastara traust til læknisins og lítur á hann eins og vin sinn og velgerðamann, sem hafi einlægan hug á því að hjálpa honum. Þetta er mál, sem á að vinnast með lipurð og góðsemi, en ekki með hótunum um lögreglukæru og fjesektir.

En það skal fúslega játað, að það er oft og tíðum alt annað en auðvelt fyrir lækni að komast fyrir hið sanna um þessi efni. Það er nefnilega margsannað af reynslunni og sálfræðilega ofureðlilegt, að sjúklingar með kynsjúkdómum segja lækni algjörlega skakt til um, hve nær þeir hafi smitast, vilja telja lækninum trú um það, að þetta hafi verið miklu fyr en það var í raun og veru. Af því hefir víst myndast latneska setningin „quivis syphiliticus mendax" eða „quivis gonorrhoicus mendax". Vitanlega eru undantekningar frá því, að svo sje, en reglan er þó æðialgeng; en eigi að fara að rekast í þessum málum með lögregluvaldi, þá hljóta þó allir að skilja, að það er afaráríðandi, að tímaákvörðunin sje nákvæm og að það getur valdið margháttuðum vafningum og óvinnandi örðugleikum að komast fyrir, hvað rjett er.

En hjer er líka önnur hætta, og hún er sú, að fólk sje haft fyrir rangri sök. Í minni tiltölulega litlu reynslu um þessi efni hefir það komið fyrir, jafnvel oftar en einu sinni, að jeg hefi verið sannfærður um, að sagt var algerlega rangt til um stúlkuna, sem átti að hafa valdið smituninni.

En mjer mun nú verða svarað því, að þetta komi málinu ekki mikið við, af því það sje, eða eigi að vera, skylda sjúklingsins að láta lækninum þegar í tje allar upplýsingar, alla vitneskju sína um þessi efni. En jeg verð að svara þeim því, að þetta kemur málinu mikið við, af því að það

er svo örðugt oft og tíðum að komast fyrir, hvað satt er um þessi efni, og af því að það eru svo sáralitlar líkur til þess, að þetta ákvæði bæti nokkuð úr þeim örðugleikum.

En jafnvel þó að sjúklingurinn segi lækninum þegar í stað alt satt og rjett um þessi einkamál sín, þá er ekki víst, að mikið verði ætíð á því að græða. Ef til vill getur sjúklingurinn alls ekki nafngreint þann, sem smituninni hefir valdið, eða — það sem verra er — fer alveg skakt með nafnið óviljandi, sem orðið gæti til mikilla óþæginda fyrir saklaust fólk.

Jeg hirði ekki um að telja hjer dæmi þess, hvernig þetta gæti valdið margskonar óþægindum og rangindum, en jeg leyfi mjer að fullyrða það og leggja áherslu á það, að læknirinn komist lengra með lipurð og gætni og góðsemi í því að afla sjer vitneskju um það, sem hann þarf að vita um þessi efni, heldur en með hótunum um sektir og lögregluaðstoð.

Grindin í þessum lögum, sem við höfum hjer til meðferðar, er eins og kunnugt er sniðin eftir sænskri fyrirmynd. Vegna þess, hve ýmsir staðhættir eru hjer ólíkir því, sem er í Svíþjóð, var ekki hægt að þýða þau lög, heldur varð að reyna að smíða utan á grindina úr íslensku efni, og hjá lagasmiðunum var þetta íslenska efni sumstaðar nokkuð kvistótt og sumt varla annað en fúasprek. Yfir þetta var svo málað, svo það liti betur út. Það, sem er nýmálað, er oft furðu ásjálegt í fyrstu, en þó hefir reyndar þingið mátt segja um sumt í þessum lögum eitthvað svipað því, sem skáldið segir um fallega hárið og hvítu tennurnar á stúlkunni:

hárið og tennurnar hvítu
hvorttveggja' úr Reykjavík.

Þetta má víst líka segja um þetta deiluatriði.

Sænsku lögin virðast aftur vera öll úr mjög góðu og ábyggilegu efni, og mjer þykir vert að benda á það, að jeg minnist þess ekki, að nein setning í þeim sje þess efnis, sem hjer er verið að deila um. Mjer finst það líka mjög eðlilegt, því mjer þykir eðlilegt, að engin þjóð setji sjer lög um þetta.

En jafnvel þó það væri einhversstaðar í lögum, sem jeg efast mjög um, held jeg, að það væru mjög óhentug lög hjer í íslenska fámenninu, þar sem hver þekkir annan að heita má. Eigi þetta ákvæði að verða annað og meira en pappírsgagn, held jeg, að það gerði aðeins ógagn; ætti að fara eftir því, verði það óhjákvæmilegt, að það raskaði mjög þeim þagnargrundvelli og þeirri leynd, sem lögin gera ráð fyrir, en það gæti aftur orðið til þess, að menn leituðu sjer síður læknishjálpar en þeir ella mundu gera.

Jeg verð því að láta þess getið, að ef brtt. verður feld, sje jeg mjer ekki fært að greiða lögunum atkv. mitt, og jeg hygg, að svo fari um ýmsa hv. samdeildarmenn mína. Falli lögin þess vegna, þá eru það ekki við, heldur háttv. meiri hluti Nd., sem bregður fæti fyrir lögin.

Frsm. allshn. Nd. (Jón Þorláksson): Jeg verð að segja, að jeg varð hálfhissa, er jeg heyrði hina löngu og alvarlegu ræðu hv. 2. þm. S.-M. (SHK) um jafnlítið atriði sem þessi brtt. er. Ástæðan til þess, að allsherjarnefnd Nd. vildi setja þetta ákvæði inn, var sú, að það var upphaflega í frv. frá hendi sjerfræðinganna, sem bjuggu það til. Önnur ástæða var sú, að nefndin leit svo á, að hjer sje að ræða

um tilraun til þess að útrýma þessum sjúkdómum og koma í veg fyrir, að þeir verði hjer landlægir. Því er eðlilegt, að við göngum lengra en þær þjóðir, sem eru vonlausar um að geta losnað við þá með öllu. Þriðja ástæðan var sú, að nefndin áleit ósamræmi í því að leggja læknunum á herðar skyldu til þess að grenslast sem vandlegast eftir, af hverjum sjúklingurinn hafi smitast, en leggja enga skyldu á sjúklinginn að svara. Nefndin leit svo á, að af því að frv. gerir ráð fyrir leynd, þá gæti sjúklingurinn litið svo á, að sjer væri óheimilt að svara, ef það væri ekki boðið í lögunum. Mjer virtist koma fram hjá hv. 2. þm. S.-M. (SHK) misskilningur á því, hvað í ákvæðinu felst. Var á honum að heyra, að hann teldi sjúklinginn skyldan til þess að gefa skýrslu um allar holdlegar samfarir, og væri brotlegur, ef hann gæfi ranga skýrslu um það. Jeg gæti nú trúað, að skýrslan yrði löng hjá sumum, ef þetta væri meiningin, en meiningin er auðvitað sú, að sjúklingurinn á að gefa skýrslu um, af hverjum og hve nær hann hafi smitast, að svo miklu leyti sem hann veit það. Hv. þm. (SHK) kvað eigi von um góðan árangur, ef farið væri að rekast í þessu með lögregluvaldi. En það verður jafnt gert, ef með þarf, hvort sem þessi brtt. verður samþykt eða ekki. Það er rjett hjá háttv. þm., að læknirinn kemst lengra með lipurð og góðsemi en hótunum, og lögin girða heldur ekki fyrir það. Þetta ákvæði á einungis að sýna sjúklingnum, að honum ber að svara, og það kynni að hafa þau áhrif, að sá, sem ekki vill gefa upplýsingar í fyrstu, gerði það, ef honum er sýndur lagastafurinn. Ef ákvæðið kemur því til leiðar, að rjettar upplýsingar fást, þá er engum gerður órjettur með því. Þótt jeg sje ekki kunnugur löggjöf annara landa, þá veit jeg, að í útlendum hegningarlögum eru miklu víðtækari ákvæði um þetta, þar á meðal í Svíþjóð. Jeg hefi eytt fleiri orðum að þessu en jeg bjóst við að þurfa í upphafi, en jeg vona, að jeg hafi eytt þeim misskilningi, að hjer sje um verulega breytingu að ræða frá grundvelli þeim, sem stjfrv. var bygt á. Þetta ákvæði er aðeins hugsunarrjett útfylling á ákvæðum þess frv., og engum til meins.

Jónas Jónsson: Þegar þetta frv. var á ferðinni í Ed., var jeg ekki alls kostar ánægður með það. Jeg vildi láta verja nokkru fje til almennrar fræðslu um þessi efni. Jeg álít, að aðalvörnin sje í því fólgin, að þjóðin þekki eðli þessara sjúkdóma og orsakir. Þetta er engin nýung; erlendis eru meðal annars kvikmyndir notaðar til fræðslu. En tillögur mínar um fræðslu í þessu efni voru feldar í Ed.; meiri hlutinn bygði á öðrum grundvelli.

Jeg skal taka það fram viðvíkjandi þessari brtt., að jeg fellst á það með háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að það sje rjett og eðlilegt að hafa sem mest aðhald með því, hverjir bera ábyrgðina á smitun. Lög þessi leggja þunga kostnaðarbyrði á þjóðfjelagið, og þjóðfjelagið á heimtingu á því að fá í stað kostnaðarins tryggingu fyrir því, að hægt sje að halda þessum sjúkdómum í skefjum, og mönnum sje ekki af vatnsgrautarmiskunnsemi látið haldast uppi að útbreiða þessa hættulegu sjúkdóma.

Frsm. allshn. Ed. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg sje ekki ástæðu til að lengja mikið umr. um þetta mál. Hins vegar verð jeg að halda því fram, að þetta mál er ekki eins lítilfjörlegt og hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hjelt fram. Fanst mjer sem hann sjálfur fjellist ekki á það, þar sem

hann rökræddi málið frá sínu sjónarmiði. Jeg hefi ekki miklu við að bæta það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. Vil jeg aðeins benda á það, að mjer þykir líklegt, að svarið verði aðioft hjá þeim sjúklingi, sem ekki vill segja frá: Jeg veit það ekki. Hvað á þá að gera? Þetta skiftist í tvent; sumir vilja strax segja satt og rjett frá, og með þá er engin vandræði; vandræðin eru með hina, sem ekki vilja segja neitt. Jeg fæ ekki sjeð annað en að skylda læknisins verði breytileg, eftir því, hvort þetta verður samþykt eða ekki.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefði ekki staðið upp, ef deilan hefði aðeins staðið um brtt. Mjer er í raun og veru alveg sama, hvort hún verður samþykt eða ekki. En það var út af ummælum hv. 2. þm. S.-M. (SHK), að ef till. Ed. yrði ekki samþykt, þá gæti það orðið frv. að falli. Jeg vil leyfa mjer í þessu sambandi að minna á það, að þetta frumvarp er runnið frá Læknafjelagi Reykjavíkur. Það tók málið á dagskrá hjá sjer, setti nefnd í það og hún bjó til frv. þetta, sem stjórnin lagði fyrir Ed. Ástæðan til þess að Læknafjelagið fór að taka hjer í taumana, var sú, að það áleit, að sjúkdómar þessir væru hjer svo lítið útbreiddir enn, að takast mætti að hindra þá. Jeg vona, að það sjáist, hvílíkir vágestir þessir sjúkdómar eru, og býst við, að hið háa Alþingi taki vel í kröfu lækna um þetta efni. Þótt í frv. sjeu kannske einhver atriði, sem hv. þm. geta ekki felt sig við, þá má ekki láta slíkt verða góðu máli að falli. Ef einhver ákvæði skyldu reynast miður vel, þá má altaf breyta því síðar. Mestu máli skiftir að frv. nái fram að ganga, og vænti jeg þess, að það verði afgreitt sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 586,1 feld með 29:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, SHK, SJ, BK, EÁ, GGuðf, GÓ, HSt, HSn, HHB, JóhJóh.

nei: JS, JÞ, JJ, KE, LH, MG, MJ, MP, ÓP, PO, PÞ, SE, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BSv, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JAJ, JB, MK.

Tveir þm. (BJ, ÞorstJ) fjarstaddir.

Brtt. 586,2 sjálffallin.

Frv. samþ. með 30:6 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 603).

15. Varnir gegn berklaveiki.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 13, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki (þmfrv., A. 262).

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg vildi geta þess, um leið og frv. þetta heldur áfram,

að það er borið fram fyrir þá sök, að ýms sýslufjelög eru nú að örmagnast undir þeirri byrði, er lögin um varnir gegn berklaveiki leggja á þau. Án þess að fara nákvæmlega út í málið, skal jeg geta þess til leiðbeiningar fyrir væntanlega nefnd, að úr þeim 6 sýslum, sem jeg hefi fengið skýrslur frá, horfir málið svo við, að gjaldið er orðið frá kr. 1,40 upp í kr. 3,20 á hvern sýslubúa. Það er bersýnilegt, einkanlega þegar litið er til þess, að sjúklingum er altaf að fjölga, að innan skamms muni sýslufjelögin ekki fá neitt við þetta ráðið. Árið sem leið varð Norður-Múlasýsla að greiða 9434 kr. í þessu skyni, eða kr. 3,20 á hvern sýslubúa, eftir manntalinu 1920. Á sama hátt varð Dalasýsla að greiða 5596 kr., eða kr. 2,93 á hvern mann, og í Suður-Múlasýslu var öll upphæðin 14000 kr., eða kr. 2,70 á nef, eftir sama manntali. Þetta er eftir upplýsingum frá hlutaðeigandi sýslumönnum, og allir hafa þeir hnýtt við þeirri athugasemd, að fyrirsjáanlegt væri, að þetta mundi aukast mikið.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Jeg býst við, að málið verði athugað í nefnd, og vona, að hún komist að þeirri niðurstöðu, að rjett og sanngjarnlegt sje að ákveða eitthvert hámark, með því líka að þetta má skoða sem sóttvarnarráðstöfun, en þær hvíla að lögum á ríkissjóði. Það gæti orkað tvímælis, hvort hámarkið er hæfilega ákveðið. Getur verið, að sýslufjelögin gætu lagt misjafnlega mikið af mörkum, en vitanlega er þó ekki hægt að hafa nema eitt hámark.

ATKVGR.

Frv. vísað til. 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 427, 442).

Frsm. (Björn Hallsson): Þegar lögin um varnir gegn berklaveiki voru til umræðu og meðferðar hjer í þessari háttv. deild 1921, rekur ef til vill einhverja háttv. þm. minni til þess, að jeg og háttv. þm. Str. (MP)ýttumst nokkuð á um það, hvort þessi lög ættu að koma til framkvæmda strax eða að því skyldi frestað vegna fjárskorts og erfiðleika á framkvæmd þeirra. Okkur greindi ekki á um undirbúning málsins frá hlið læknastjettarinnar í raun og veru, heldur um kostnaðinn. Jeg var þá frsm. allshn.; hún lagði þá á móti því, að málið gengi fram, en lagði til, að því væri með rökstuddri dagskrá vísað til umsagnar sýslunefnda, vegna kostnaðarhliðarinnar; vegna þess, að til þeirra kasta myndi allmikið koma með fjárframlög til framkvæmdar laganna. Nú er það komið í ljós og sú raun á orðin, að þetta var ekki allsendis ófyrirsynju gert; þessi kostnaður er þung byrði á sveitarsjóðum og ríkissjóði, og sýslufjelögin stynja nú þegar undir þeim gífurlega kostnaði, sem framkvæmd laganna fylgir, og það svo, að sveitarsjóðir í sumum sýslum rísa tæplega undir, og við því bjóst allshn. þegar hún vildi fresta málinu 1921. Þess vegna var ekki ósanngjarnt, að sýslunefndirnar fengju að segja sitt álit áður en lögin yrðu samþykt. Það var þetta, sem nefndin óttaðist, eins og þá var margtekið fram, en ekki það, að hún vildi ekki vinna að útrýming berklaveikinnar. Nú eru þessi lög ekki nema að litlu leyti komin til framkvæmda enn, eins og vænta mátti, vegna kostnaðarins, vegna þess að ekki hefir verið hægt fjárhags vegna að ráðast í þær byggingar, sem óhjákvæmi-

lega þarf að reisa, til þess að lögin komi að fullu gagni.

En nú verður að reyna að framfylgja þessum lögum sem best, úr því þau voru sett, og er þá ekki um annað að ræða en að gera þau þó framkvæmanleg vegna kostnaðarins fyrir hlutaðeigandi dvalarhjeruð.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, á þskj. 262, er komið fram af því, að sum sýslufjelög hafa orðið mjög hart úti og er um megn að rísa undir kostnaðinum. Háttv. aðalflm. þess (SvÓ) skýrði það rækilega við 1. umr., og skal jeg ekki endurtaka það hjer. En það er eðlilegt, að svona fari, þar sem sveitarsjóðirnir hafa ekki aðra tekjustofna en aukaútsvörin, sem er jafnað niður eftir efnum og ástæðum, og eru takmörk fyrir því, hvað á er hægt að leggja. Því er sanngjarnt, að ríkissjóður hlaupi undir baggann, þegar um er að ræða stöðvun berklaveikinnar, þegar sýslufjelögin geta ekki borið kostnaðinn, þar sem það er í raun og veru alþjóðarmál að vinna bug á veikinni. Eins og háttv. aðalflm. frv. (SvÓ) tók fram, þá eru gjöldin orðin allhá, sem leiða af þessari lagaframkvæmd. Í 6 sýslum er það frá 1.40—3.20 krónur að meðaltali á mann síðastliðið ár, og er það hár nefskattur auk annara skatta. Það verður því að telja nauðsynlegt, að þingið sjái um, að þetta verði ekki einstökum sveitarfjelögum um megn, því að gjaldið getur hækkað enn.

Þetta frv. gengur nú í þá átt, að sett verði hámark fyrir því, hvað greiða skuli fyrir hvern mann úr sýslusjóði til jafnaðar. Nefndin taldi farið nokkuð nærri meðalhófi í frv. þessu og leggur til, að það verði samþykt. Hámark gjaldsins er þar sett kr. 2.25, og því nokkur ljettir fyrir þær sýslur, sem verst eru settar, en þó er það hins vegar nokkuð mikið gjald.

Háttv. þm. Dala. (BJ) bar fram frv. eftir ósk kjósenda sinna, sem hann svo tók aftur, er þetta kom fram, þar sem hann setti kr. 1.50 að meðaltali á mann. Nú flytur hann brtt. við þetta frv., þar sem hann vill færa þetta meðaltal úr kr. 2.50 í kr. 1.50, og til vara 2 krónur. Nefndin hefir ekki tekið ákvörðun um þessa till., og hafa nefndarmenn því óbundnar hendur. Hins vegar finst mjer mikið ljett á dvalarhjeruðum, sem harðast verða úti, með ákvæði frv., og þar á meðal fyrir kjördæmi háttv. þm. Dala. (BJ), þar sem hefir verið greitt síðasta ár kr. 2.93 á mann í því hjeraði. Mjer er ekkert kappsmál, hvort verður ofan á, að setja, eins og frv. gerir ráð fyrir, kr. 2,25 á mann, eða varatill. háttv. þm. Dala. (BJ), 2 kr., en aðaltillaga hans finst mjer of lág. Vænti jeg því, að hún verði ekki samþykt.

Mjer finst satt að segja, að vjer verðum að gá að því að vera ekki of kröfuharðir við ríkissjóðinn. Hann hefir, eins og allir vita, í mörg horn að líta, og berklavarnirnar eru orðnar þungur baggi á honum. T. d. eru veittar til þeirra í fjárlögunum 1924 120000 kr., og er það engin smáræðisupphæð, og mun þó síst af veita. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Nefndin telur, eins og jeg áður tók fram, rjett, að frv. nái fram að ganga, og jeg býst við, að háttv. deild muni taka í sama streng.

Bjarni Jónsson: Það var rjett, sem háttv. 2. þm. N.-M. (BH) sagði, að jeg hefði flutt frv. eftir beiðni kjósenda minna. Svo er þar málum komið, að þeim finst þeir geti eigi til langframa risið undir þeirri byrði, sem berklavarnalögin leggja þeim á herðar, enda er þar ein sveit, að minsta kosti, mikið sýkt. Því var það, að þeir báðu mig að bera fram brtt. í þá

átt, að gjaldið skyldi vera kr. 1.50 á mann, en þar sem jeg veit, að sumir hv. þm. vilja fara hóti hærra, hefi jeg einnig tekið tillit til óska kjósenda minna og viljað láta þær einnig koma til atkvæða. Það er raunar orð og að sönnu, að tæringarvarnarlögin eru þungur baggi á ríkissjóði, en hygnir menn hafa þann sið, áður en þeir leggja fje í eitthvert fyrirtæki, að spyrja um það, hvað sje að hafa í aðra hönd. Í þessu máli er um það að ræða að gera hættulegan sjúkdóm og illan viðureignar landrækan, sjúkdóm, sem, ef hann nær að þróast, getur eigi aðeins orðið hið mesta þjóðarböl, heldur þjóðardauði, eins og loftslagi hjer er háttað. Jeg vona, að mönnum skiljist, er þeir athuga þetta, að ekki sje nema eðlilegt, að landssjóður leggi nokkuð á sig til útrýmingar slíkum vágesti. En hvað viðvíkur gjaldinu á sýslurnar, þá er það lagt á alveg út í bláinn, því hending ein ræður því, hvar sjúklingurinn á heimili, þegar hann veikist. Þannig getur hlaðist ódæmakostnaður á einstakar sýslur, sökum atvinnu, sem þar er stunduð, eða annars. En þar sem hjer er í eðli sínu um sóttvarnir að ræða, þá ætti í raun og veru hver einasti eyrir að koma úr landssjóði, eða þá frá sýslunum eftir mannfjölda og gjaldþoli, en ekki eftir tölu sjúklinganna. Því það ætti öllum að vera ljóst, að þau sýslufjelög eru, að öðru jöfnu, ófærust til þess að láta fje af hendi rakna, sem flesta hafa sjúklingana. Helst hefði jeg því kosið að bera fram brtt. um það, að sýslurnar yrðu undanþegnar gjaldinu, en þótti það ekki fært að fara svo langt, því jeg gerði ekki ráð fyrir, að sú brtt. gæti átt byr að fagna í þinginu. Hins vegar var mjer sönn ánægja að bera fram þessa brtt., sem hjer liggur fyrir, um það, að gjaldið skuli fært niður í kr. 1.50 á hvern mann í sýslunni, og fara þar að óskum kjósenda minna, sem hvorki telja sjer nje öðrum kleift að greiða meira gjald. Vona jeg því, að háttv. þm. sjái sjer fært að samþykkja lægri töluna, og þó jeg hafi borið fram varatillögu um kr. 2.00, þá er það ekki vegna þess, að jeg telji ekki lægri töluna nógu háa. Því þó ekki muni nema 50 aurum á till., þá safnast þegar saman kemur, og landssjóður stendur altaf best að vígi með greiðslurnar, því hann hefir skattheimturneistara og skattheimtuheimildir, en sýslurnar hafa yfir engum slíkum gróðavegum að ráða til að jafna á móti álögðum gjöldum. Einstaka sýslur kynnu raunar að geta lagt á tolla, en í flestum tilfellum kæmu þeir aðeins niður á sýslubúum sjálfum, svo að því yrði lítill ljettir.

Jeg vil nú enda mál mitt eins og jeg byrjaði og taka það fram, að útrýming þessarar skæðu veiki er þjóðarhagur og þjóðarnauðsyn, en ekki neinna sjerstakra hjeraða. Og þó eitt hjerað standi nú öðrum betur að vígi í þessu efni, þá má ekki vita, hvað svo verður lengi, ef ekki er tekið röggsamlega í taumana. Tunc tua res agitur, paries cum proximus ardet, segir latneska máltækið, eða „þá er einum vá fyrir dyrum, þegar öðrum er inn of komin“, sem það heitir á vorri tungu. Og í þessu liggur það, eins og jeg tók fram í upphafi, að skyldan hvílir á ríkissjóði. Læt jeg svo útrætt um þetta mál.

Atvinnumálaráðherra (K!J): Eins og stendur í greinargerðinni, þá er enn ekki fengin full reynsla fyrir því, hvernig lög nr. 43, 1921, um varnir gegn berklaveiki, muni reynast. Reyndar er sagt í greinargerðinni, að byrði þeirra sje farin að verða sumum hjeruðum alveg óbærileg. Jeg rengi það ekki og get vel trúað, að svo sje, en á hitt má líka minnast, að þau

ætli að verða, og sjeu þegar orðin, aðitilfinnanlegur baggi á ríkissjóði, eins og líka háttv. 2. þm. N.-M. (BH) tók fram í sinni ræðu. Jeg skal samt ekki deila um það, hvort landssjóður eigi að bera allan kostnaðinn eða ekki, þótt það sje skoðun mín, að ekki verði hjá því komist að láta hann að nokkru leyti hvíla á bæjar- og sveitarfjelögum.

Til skýringar því, hversu kostnaðurinn er orðinn gífurlegur, skal þess getið að á árinu 1922 hafa verið greiddar með tæringarveikum sjúklingum alls 128249 kr., og það sem af er þessu ári, eða til marsmánaðarloka, kr. 59774.00. Eins og eðlilegt er, fer tala þeirra sjúklinga, sem eru styrktarhæfir eftir 14. gr., altaf hækkandi, bæði í sjúkrahúsum úti um land, á Vífilsstöðum, í sjúkrahúsum hjer í bænum og með ljóslækningum, þar sem læknishjálpin hefir verið greidd, enda þótt sjúklingurinn hefðist við hjer í bænum utan sjúkrahúss.

Útgjöldin hafa einnig farið mjög vaxandi vegna laga nr. 61, 1921, sem heimila hverjum hreppi að hafa 4 sjúklinga í sjúkrahúsi á kostnað ríkissjóðs. Þetta gildir jafnt um alla hreppa, án tillits til mannfjölda, t. d. jafnt fyrir Grímsey, sem hefir um 100 íbúa, og Svarfaðardal, sem hefir um 1200. Þetta er misrjetti, sem þarf að kippa í lag. Það má kallast hart, að fjölmennustu sveitirnar megi einungis senda 4 sjúklinga eins og þær mannfæstu, og að það sama skuli gilda um Reykjavík eins og til dæmis Seltjarnarneshrepp. Nú er það farin að verða alvenja, að hreppum sje skift í tvo hreppa, og má vel vera, að það sje eitthvað gert með tilliti til þessa. Að minsta kosti er það álit mitt, að oft hafi slík skifting verið næsta óheppileg. Hefir það verið tekið til yfirvegunar í landsstjórninni, hvort ekki mundi vera rjett að breyta núgildandi lögum á þann veg, að hjer eftir verði tala sjúklinganna miðuð við fólksfjöldann í hverju sýslu- og bæjarfjelagi. Veit jeg, að landlæknir er hlyntur slíkri breytingu á l. nr. 61, 1921, en býst þó ekki við, að til þess verði hugsað nú. Aftur á móti er það sennilegt, að frumvarp í líka átt verði lagt fyrir næsta þing.

Hvað snertir gjaldsákvæðið í frv., þá þykir mjer sæmilegt, að farinn sje þar meðalvegurinn, t. d. að samþykt sje varatillaga háttv. þm. Dala. (BJ) um 2 kr. gjald.

Sveinn Ólafsson: Jeg get byrjað með því að þakka háttv. allshn. fyrir meðferð hennar á frv. Vænti jeg, að jeg þurfi ekki frekar að sýna nú en jeg gerði við 1. umr., hvernig þessu máli er farið úti um land, þar sem mest er kvartað undan framkvæmd berklavarnalaganna. Aðeins í tveim af þeim sýslum, sem jeg hefi sjeð skýrslur úr um þetta efni, hefir gjaldið orðið lægra en 2 kr. Á jeg þar við Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu. En í skýrslum frá þessum sýslum er þó tekið fram, eins og hjá öllum hinum, að fyrirsjáanlegur sje á þessu ári mikill kostnaðarauki. Allar hinar sýslurnar eru fyrir ofan hámarksgjaldið, sem frv. tiltekur. Viðvíkjandi brtt. háttv. þm. Dala (BJ) skal þess getið, að vjer flm. gátum ekki orðið á eitt sáttir um það, hvað gjaldið skyldi vera hátt, og varð loks að samkomulagi að setja kr. 2.25. En jeg verð að segja, að mjer þótti það of hátt, og get því best felt mig við varatill. háttv. þm. Dala.

Í flestum tilfellum mun meðlag með sjúklingum þessum í sjúkrahúsum vera 5 kr. á dag, og er þá hlutfallið það sama og gert er ráð fyrir í berklavarnalögunum, sem sje $^2/_5$ úr sýslusjóði og $^3/_5$ úr ríks-

issjóði. Auðvitað er það tóm tilviljun, á hvaða sýslu leggjast mest útgjöld vegna berklavarna. En þar sem þau gjöld keyra úr hófi, virðist sanngjarnlegt, að ríkissjóður beri bróðurpart gjaldsins; sumpart vegna þess, að byrðin getur þar orðið hjeruðunum of þung, og er jafnvel orðin það, en einkum þó vegna þess, að landssjóði ber að annast sóttvarnir, og berklavarnirnar eru fyrst og fremst sóttvarnir, fyrirskipaðar af Alþingi og heilbrigðisstjórninni.

En þar sem háttv. þm. Dala. (BJ) hyggur, að sýkingin sje mest í þeim hjeruðum, sem menn fjölmenna í til að leita sjer atvinnu, þá held jeg, að það sje nokkuð vafasöm tilgáta. Má t. d. benda á N.-Múlasýslu og Dalasýslu, er virðast einna verst staddar í þessu efni, en á þeim stöðum er lítið aðstreymi fólks. Hins vegar má nefna Suður-Múlasýslu, sem virðist talsvert minna sýkt, þrátt fyrir það, að þangað er mikið aðstreymi af mönnum í ver.

Skal jeg að lokum lýsa því yfir, að mjer mundi kærast, að samþykt yrði varatill. hv. þm. Dala. (BJ), og hygg jeg, að hún fari nærri óskum margra annara.

Magnús Pjetursson: Háttv. 2. þm. N.-M. (BH) gat þess, að allshn. hefði fyrir tveim árum viljað vísa berklavarnafrv. til álits sýslunefnda, og taldi vel farið, ef svo hefði verið gert. En jeg verð að halda því fram, að það, sem síðan hefir fram komið, bendi ekkert í þá átt, að það hefði verið rjettara af nefndinni. Því þó svo hefði verið gert, þá er það augljóst, að sýslunefndirnar gátu ekki gert sjer neina ljósa grein fyrir byrðinni, sem á þær lagðist með lögunum, á meðan reynslan var enn ekki farin að sýna neitt um það. En jeg skal taka það fram, að berklavarnanefndin hefði verið fúsust að fylgja þeirri stefnu, að láta sem minst af kostnaðinum koma á aðra en ríkissjóð, því hún leit á berklavarnirnar sem hverjar aðrar sóttvarnir, og hefði það því verið sjálfsagðasta leiðin að láta ríkið kosta þær. En nefndin sá sjer það ekki fært, samt sem áður, að ganga svo langt. En það er síður en svo, að jeg sje mótfallinn breytingunni.

Hæstv. atvrh. (KlJ) vil jeg þakka fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf viðvíkjandi kostnaðinum, og það gladdi mig að heyra, að hann fer í vöxt, því það sýnir, að lögin eru farin að verka. En jeg get ekki varist því að láta í ljós þá skoðun mína, að það sje hæpið að fara eftir fólksfjölda sýslnanna eingöngu. Að minsta kosti efa jeg, að það yrði ódýrara fyrir ríkissjóð. Eftir gildandi reglum hefir t. d. Reykjavík heimild til sjúkravistar á kostnað ríkissjóðs fyrir fjóra sjúklinga, en jeg býst við, að þeir yrðu nokkuð margir, ef ákvæðinu yrði breytt á þann hátt, sem hæstv. ráðherra (KlJ) gerir ráð fyrir.

Frsm. (Björn Hallsson): Nokkru af því, sem jeg þurfti að svara háttv. þm. Dala. (BJ), hefir þegar verið svarað af 1. þm. S.-M. (SvÓ), svo að jeg get sparað mjer það. Mjer dettur ekki í hug að neita því, að sum sýslufjelög verði harðara úti í þessu efni en önnur, og við því verður aldrei gert fyllilega. Samt sem áður hefir það ekki þótt fært til þessa að taka þetta alt upp á ríkissjóðinn, en í rauninni er meir og meir verið að stefna að því marki að gera alt landið að einni framfærslusveit, og mun það þykja orka mjög tvímælis, hvort slíkt sje rjett braut. Að vísu er það nauðsynlegt að útrýma berklaveikinni, og kostnaðurinn af þessum ráðstöfunum fer líka dagvaxandi,

Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir nú upplýst að árið sem leið hafi verið greiddar 128 þús. kr. til varnar berklaveiki, og nú þennan fyrsta ársfjórðung þessa árs um 60 þús., svo þetta eru engar smáupphæðir, sem veltur á. Er ekkert um það að segja, ef árangur sjest verulegur, sem vænta má að sje. Jeg hefi allgóðar heimildir fyrir því, að á Vífilsstöðum komist nálega allir sjúklingar undir ákvæði berklalaganna, o gefur það bendingu um, að lögin sjeu ef til vill misbrúkuð, því að varla eru allir fátækir, sem þangað lenda, og væri ekki ólíklegt, að sumir gætu borgað fyrir sig sjálfir.

Út af till. háttv. þm. Dala. (BJ) skal jeg segja það fyrst og fremst, að jeg er auðvitað ekki að lá honum það, þótt hann flytji þetta eftir tilmælum kjósenda sinna. En geta má þess þó í þessu sambandi, að jeg átti nýlega tal um málið við sýslumann Dalamanna af hendingu, og taldi hann, að 2 kr. væri sanngjarnt.

Háttv. þm. Str. (MP) sagði, að það gleddi sig, hvað mikið hefði verið borgað til berklavarnanna, því það sýndi nauðsyn laganna og það, að þau kæmu að gagni. Jeg skal ekkert deila við hann um þetta, en vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt, að jeg hafi nokkra tilhneigingu til þess að halda, að smogið sje í gegnum möskva laganna. Annars skal jeg ekki fara að vekja upp neinar gamlar væringar út af þessu máli við þennan háttv. þm. (MP), og get svo lokið máli mínu.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að leiðrjetta eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg sagði ekki, að meiri sýking væri á þeim stöðum, þar sem fólk safnaðist saman til atvinnu, en annarsstaðar, en hitt sagði jeg, að ef sýking kæmi þar upp, breiddist hún fljótar út þar en annarsstaðar. Og það er í rauninni hepni, að slíkt hefir ekki komið fyrir, t. d. að skeiðríðandi tæring legðist á Siglufjörð, þar sem menn liggja stundum úti svo að segja eins og hundar. — Annars kemur það mjer nokkuð á óvart, hvað hjer virðist ætla að reynast erfitt að koma fram rjettu máli. Það er þó bersýnilegt, að hjer er um ríkisnauðsyn að ræða, og gjöldin eiga því að leggjast jafnt á alla landsbúa.

Annars þarf jeg fáu að svara. Mjer þótti að vísu undarlegt það, sem haft var hjer eftir sýslumanni Dalamanna, þó það haggi reyndar ekkert því, sem jeg hafði sagt. En hann var einmitt sjálfur fundarstjóri á fundinum, þar sem þetta var samþykt, og er þess ekki getið, að hann hafi gert þar neinn ágreining.

ATKVGR.

Brtt. 442 (aðaltill.) feld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JB, MK, MP, PO, ÞorlG, BJ, EÞ, HK, BSv.

nei: IngB, JS, JP, MJ, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, GunnS.

Brtt. 442 (varatill.) samþ. með 14 : 5 atkv.

Sex þm. (EE, JAJ, LH, MG, ÓP, SSt) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 471).

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 471, n. 549).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er eigi stórt að vöxtum, eigi nema 4—5 línur, en það er því miður eigi eins meinlaust að efni til. Menn munu kannast við þau ákvæði í lögunum nr. 43, 1921, þar sem svo er kveðið á, að ríkissjóður skuli greiða $^3/_5$ sjúkrakostnaðarins, en hlutaðeigandi sýslufjelag $^2/_5$ hluta. Nú er komin reynsla fyrir þessu ákvæði, og hún er sú, að það er öldungis óbærilegt fyrir sumar sýslur að rísa undir þessum kostnaði. Er eigi vafi á því, að síðan lögin gengu í gildi hafa menn mjög alment, sem eðlilegt er, farið að nota sjer þau hlunnindi, sem lögin heimila. Það, sem hjer er aðalatriðið, er það, að kostnaðurinn er svo mikill, að t. d. í einu sýslufjelagi, sem jeg veit til, hefir hann numið sem svarar kr. 3,20 á hvert mannsbarn í sýslunni. Og þau sýslufjelög munu fleiri, sem hafa svipaða sögu að segja. Vitanlega er kostnaðurinn minni í öðrum sýslufjelögum, en þar fyrir er ekki ástæða til að amast við þessu frv. fyrir neitt þeirra. Því enginn getur sagt um það, hversu mikið sjúkdómurinn hefir um sig eftir stuttan tíma eða hvar hann verður mestur. Með frv. þessu er farið fram á það, að ríkissjóður greiði það af kostnaði sýslufjelaganna, sem er fram yfir 2 kr. á mann. Vitanlega er eigi hægt að segja, hve miklu þetta muni nema, en það er ástæða til að ætla, að með þessum ráðstöfunum öllum muni heldur draga úr sjúkdóminum. Nefndin leggur því einhuga til, að frv. verði samþykt, og leyfi jeg mjer að mæla eindregið með því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj atkv.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 471).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 592).

16. Fjáraukalög 1922.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1922 (stjfrv., A. 24).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Eins og kunnugt er, þá lá ekki neitt frv. til fjáraukalaga fyrir þinginu í fyrra. Þessi fjáraukalög fyrir árið 1922 eru fram komin fyrir útgjöld, sem nauðsynleg voru á því ári. Jeg sje ekki neina ástæðu til að fara út í einstaka liði frv., þar sem ítarleg grein er gerð fyrir þeim í athugasemdunum við það. Leyfi jeg mjer að leggja það til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj atkv. og til fjárveitinganefndar með 17 shlj. atkv.

Á 20. og 22. fundi í Nd., dagana 14. og 17. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 24, n. 97, 70, 132).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Háttv. deild og hæstv. stjórn kann, ef til vill, að þykja undarlega við bregða, að fjárveitinganefnd skuli nú hafa skrifað talsverí langt nál. um frv., sem hún gerir litlar breytingar við, og um atriði, sem hún hreyfir ekki við. En þetta er ekki gert að ástæðulausu. Sú stefna, sem kemur fram í frv. eins og þessu, að hálfneyða upp á þingið ýmsum fjárveitingum, er svo varhugaverð, að einhvern tíma verður að taka fyrir kverkar á henni, og þá helst áður en henni vex of mjög fiskur um hrygg. Stefnan miðar ekki til annars en að draga fjárveitingavaldið meir og meir úr höndum þingsins, og nefndin heldur fast við, að ástæða sje til að slá varnagla við því. Jeg vil þó engan veginn með þessu beina því frekar til hæstv. núverandi stjórnar, að hún sje að þessu leyti syndugri en ýmsar aðrar stjórnir, því að þetta hefir of áður viljað við brenna. Og ábyrgðin á þessu frv. og hvernig það kemur eftir á mun hvíla nokkuð jafnt á fráfarinni og núverandi stjórn.

Fjárveitinganefndin vítti það á síðasta þingi, að ekki voru þá lögð fyrir þingið fjáraukalög fyrir það ár, og nú víkur hún að þessu sama. Eins og bent er á í nál., þá er sú aðferð næsta undarleg, og síst af öllu getur fjvn. Nd. tekið með þögn og samþykki nokkru því, sem miðar til þess að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis.

Það, sem enn fremur gefur nefndinni tilefni til að vera margorð um þessi efni nú, engu síður en á síðasta þingi, er það, að stjórnin heldur upptekknum hætti og lætur engin fjáraukalög koma fyrir þetta yfirstandandi ár, þó engu minni líkur sjeu nú til þess, að fleiri fjárgreiðslur komi til greina en þær, er í fjárlögunum standa.

Ekki hvað síst verður þessi stefna varhugaverð, ef það verður ofan á að halda

þing aðeins annaðhvert ár, því að þá er stjórninni gefið víðtækara vald en áður hefir verið í fjármálum. Það kom greinilegast í ljós undir þinglokin á síðasta þingi, hvað rjettmætt eða jafnvel sjálfsagt hefði verið að koma með fjáraukalög. Fjárveitinganefnd hafði þá til meðferðar ýms erindi, sem áttu við það ár, ræddi um þau á fundum sínum og náðu sum þeirra meðmælum hennar. En það, að fjárveitinganefnd hefir mælt með einhverju, hefir jafnan verið talinn svo mikill styrkur, að það nálgaðist að vera heimild fyrir stjórnina. Eitthvað getur verið til í því, að svo sje, en jeg hefi þó áður bent á það hjer í þinginu, og bendi enn þá stjórninni á það, að meðmæli fjárveitinganefndar eru engin fullnaðarákvörðun í þessu efni, en er aðeins persónulegur stuðningur þeirra, sem ljá því máli, er fyrir liggur, atkvæði sitt. En þetta hefir oft valdið misskilningi, og því full ástæða til að taka það fram nú.

Jeg vil nú leyfa mjer að skjóta því til hæstv. fjármálaráðherra, að svo framarlega sem útlit er fyrir, að til aukafjárveitinga komi, þá skorar fjárveitinganefndin á stjórnina að koma með frv. til fjáraukalaga. Annars er ekki mikil ástæða til þess að fara frekar út í þau atriði, sem nefndin hefir skrifað um, en mig langar þó til þess að víkja dálítið ítarlegar að sumum þeirra. Má til að byrja með minnast á ferðakostnað augnlæknis til Austfjarða; hann hefir reynst nokkuð hár, nærri 1400 krónur, í samanburði við þá upphæð, 700 kr., sem ætluð er í fjárlögunum til ferða augnlæknis alt í kringum landið. Þá er það kirkjugarðurinn hjer í Reykjavík. Þótt slíkt komi ekki til atkvæða hjer í deildinni, þá er þó ástæða til að skora á stjórnina að hefjast handa í því máli frekar en gert hefir verið. Það er ekki rjett til orða tekið hjá nefndinni, þar sem hún bendir á að „taka upp legkaup". Legkaup hefir verið hjer tekið áður, eins og menn vita, en eftir gömlum taxta, og virðist því geta komið til greina að hækka það að talsverðum mun. Kostnaðurinn við viðhald og stækkun kirkjugarðsins er orðinn gífurlegur og enn mun þurfa 60—80 þús. kr. til fullnustu kirkjugarðsins, fram yfir það, sem áður var gert ráð fyrir. Er það bending um það, að eitthvað verði að gera, til að ná inn fje upp í þessa stórkostlegu upphæð. Og eins og útfararkostnaðurinn er orðinn hjer í Reykjavík, þá mundi það ekki verða mjög tilfinnanlegt, að legkaupið væri hækkað að nokkru. Auk þess eru mikli fleiri í Reykjavík, sem nota garðinn, en þeir, sem eiga rjett til þess að lögum, sem sje þeir, sem eru utan þjóðkirkjusafnaðarins.

Í sambandi við þetta vil jeg skjóta því til stjórnarinnar, hvort ekki geti komið til mála að flytja kirkjugarðinn. En ef nauðsynlegt er að nota þann sama, þá að athuga, hvort ekki verði heppilegra að vinna alt verkið í einu. Mjer hefir verið bent á, að þá mætti nota tækin frá hafnarbyggingunni, til tímasparnaðar og kostnaðarljettis. Vænti jeg, að stjórnin taki þetta alt til athugunar, og mun fjárveitinganefnd telja sjer skylt að veita henni þann stuðning, er hún má.

Brtt. hv. þm. Barð. (HK) kemur nefndinni á óvart, því að þessi hv. þm. var í samráðum við nefndina um þetta atriði, og mun nefndin ekki sjá sjer fært að aðhyllast brtt. Hitt gæti komið til álita, hvort samkomulag milli hans og nefndarinnar um einhverja aðra fjárupphæð gæti ekki átt sjer stað, þó svo, að nær fjelli tillögum nefndarinnar.

Hvað viðvíkur brimbrjót í Bolungarvík o. fl., þá geymi jeg það, uns hæstv. stjórn hefir látið til sín heyra.

Forsætisráðherra (SE): Fjármálaráðherra er ekki viðstaddur nú sem stendur, en hann kemur bráðum, svo jeg geymi honum að svara þeim almennu athugasemdum, er honum koma við, en vil aðeins með fáum orðum svara því, er mig snertir og mínar persónulegu fjármálasyndir.

Þar er þá fyrst launaviðbótin til sendiherrans í Kaupmannahöfn, sem líklega er talin ein af mínum stærstu syndum, þó háttv. þm. Str. (MP) hafi ekki minst á það atriði. Jeg skal þá strax viðurkenna, eins og nefndin tekur fram, að æskilegast hefði verið, að þetta hefði komið til athugunar á síðasta þingi. Jeg skal játa, að jeg hafði þá ekki tekið eftir því, að í brjefi sendiherrans var farið fram á launahækkun það ár líka. En þegar jeg var í Kaupmannahöfn, skýrði hann mjer frá, að hann yrði að biðjast lausnar frá embættinu, fengi hann ekki þessa launaviðbót. Sýndi hann mjer fram á með glöggum tölum, þó jeg telji ekki viðeigandi að birta þær hjer í deildinni, hversu mikið fje hann hefði orðið að greiða úr eigin vasa upp í kostnaðinn við embættið. Var það ekkert smáræði, og sýnilega órjettmætt að búast við því, að halda mætti slíku áfram. Var því nauðsynlegra að bæta úr þessu, sem hann hafði reynst ágætlega í stöðu sinni, og því kom ekki til mála að láta hann fara frá á miðju ári, sökum þess, að hann fjekk ekki þau laun, sem hann nauðsynlega þurfti. Jeg játa auðvitað, að það er ávalt ábyrgðarhluti fyrir stjórnina að taka á sína ábyrgð fjárveitingar sem þessa, en jeg náði tali um þetta við allmarga þingmenn, líklega fullan helming, og tóku allir vel í það. Og fjárveitinganefnd þakka jeg fyrir undirtektirnar, þó hún finni að því, að þetta kom ekki fyrir þingið í fyrra. Þetta mun nú vera mín stærsta synd, en jeg vænti þess, að háttv. deildarmenn líti öðrum augum á það mál, er þeir heyra þessar forsendur mínar.

Þá er það annað atriðið, sem snertir mig, og er það kirkjugarðurinn í Reykjavík. Jeg er sammála háttv. frsm. (MP) um það, að kostnaðurinn við hann er ákaflega mikill. Það var farið fram á það við mig, að jeg veitti til hans 50—60 þúsund kr., en jeg sá mjer það ekki fært, og því varð það úr, í samráði við vegamálastjóra, að viðbótin yrði að þessu sinni eins lítil og komist yrði af með. Hvað viðvíkur legkaupinu, þá finst mjer ekkert á móti því, þó það yrði hækkað alt að helmingi. Annað er það, að það yrði samt sem áður engin stórupphæð, sem fengist á þennan hátt. Samkvæmt skýrslum hefir legkaup í Reykjavík numið:

Árið 1920 kr. 2101,
— 1921 — 1306,
— 1922 — 1540.

Þetta er engin stórupphæð, en munar þó nokkuð um hana, ef hækkunin verður veruleg. — Hvað því viðvíkur að flytja kirkjugarðinn, þá er jeg óundirbúinn að svara því að þessu sinni, því jeg hefi enn ekki athugað það mál. Öðru man jeg ekki eftir, sem snerti mig sjerstaklega.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg þarf ekki langt mál til að svara háttv. frsm. (MP). Verður þetta með fjáraukalögin að teljast aðeins fyrirkomulagsatriði og um enga nýja stefnu að ræða, þótt fjár-

aukalög væru ekki lögð fyrir þingið nema fyrir árin 1920—1922. Svo var mál með vexti, að ekkert verulegt efni lá fyrir til fjáraukalaga fyrir árið 1923. Mintist jeg á það við fjárveitinganefnd, að ef aðeins um smávægileg atriði yrði að ræða til aukagreiðslu á yfirstandandi ári, þá væri eins heppilegt að haga þeim veitingum þannig, að þær væru teknar upp í fjárlögin fyrir 1924. En eins og jeg tók fram, er þetta aðeins fyrirkomulagsatriði, auk þess, sem jeg býst við, að stjórnin taki vel í það að leggja frv. til aukafjárlaga fyrir þingið, ef sjest fram á það, að efni verður fyrir hendi. Að fjáraukalög komu ekki í fyrra, hygg jeg ekki tímabært að fara út í hjer, enda hefir fjárveitinganefnd yfirleitt tekið vægt á hinum einstöku atriðum. Þar er raunar ýmislegt, sem snertir dóms- og atvinnumálaráðuneytið, en ekkert, sem sjerstaklega kemur mjer við.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg tek undir það með fjármálaráðherra, að það var ekkert efni fyrirliggjandi í fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár, nema tvær tillögur, sem eins gátu komið fram í fjáraukalögum þessum, því reikningnum fyrir 1922 verður ekki lokað fyr en í lok þessa mánaðar. Þess vegna var engin ástæða til að bera fram sjerstök fjáraukalög fyrir 1923. Jeg var líka, eins og hæstv. stjórn í fyrra, hræddur við það að sleppa þeim fyrir þingið. Er og í ársbyrjun ekki hægt venjulega að sjá fyrir, hverjar aukagreiðslur kunni að koma til greina á því ári, og þó fylgt hefði verið uppteknum hætti og tvenn fjáraukalög látin koma fyrir þingið, þá er ekki þar með sagt, að fyrirbygt sje, að ekki verði farið út fyrir þau lög líka.

Vil jeg svo stuttlega víkja að því, er mig snertir sjerstaklega. Það var minst á styrkinn til frjettastofu Verslunarráðsins, en sá styrkur er veittur af fráfarinni stjórn í janúar f. ár, og er mjer því óviðkomandi. Nú kom nýlega beiðni til mín um samskonar styrk frá Verslunarráðinu, en jeg vísaði henni til þingsins. Hvað viðvíkur því, að nauðsynlegt sje að hafa þessa frjettastofu, þá má geta þess, að skýrslur um markaði og markaðshorfur berast hingað iðulega frá íslenska sendiherranum í Kaupmannahöfn, og mun hann ekki láta undir höfuð leggjast að tína til flest það, er máli skiftir í þeim efnum, og eru þessar skýrslur vanalega sendar Verslunarráðinu.

Þá telur nefndin vafasamt að veita fje til jarðabóta á Mosfelli, til undirbúnings nýbýla. Nú er það alment skoðun manna, að heppilegt sje að gera sem mest til þess að rækta landið og taka fyrir til þess þau landflæmi, er best þykja til þess fallin. Og þar sem nú á ekki í rjettu lagi að veita Mosfell aftur, en þar hins vegar stór landflæmi, er liggja vel við ræktun, sem prestinum, þó Mosfell yrði veitt aftur, yrði engin eftirsjón að, þá þótti allra hluta vegna heppilegt að gera tilraunir þar, enda var Búnaðarfjelagið með í ráðum og bauðst til að leggja fram af sínu fje fyrir helmingi kostnaðarins. Er og þessari jörð vel í sveit komið og þúfnabaninn nálægur, en hins vegar aldrei meiningin að fara langt í þessu efni, fyr en reynsla væri fengin.

Þá kem jeg að brimbrjótnum í Bolungarvík og mun reyna að rökstyðja ástæður stjórnarinnar fyrir fjárveitingunni til hans. Beiðni um hana kom fram um mánaðamótin ágúst og sept. úr þremur áttum, og var þess þá jafnframt getið, að ekki væri unt að halda verkinu áfram, nema styrkur

fengist, en hætta á því, að verkið mundi alt ónýtast, ef framhaldsstyrkur fengist ekki. Fyrsta erindið var frá oddvita Hólshrepps. Hann benti á, að hreppurinn hefði nýlega tekið afarstórt lán, og síðan viðbótarlán til þessa, en þó mundu enn þá vanta um 16 þús. kr. til þess að fullgera verkið. Þetta var vitanlega alveg satt, og mun brjóturinn alls hafa kostað um 58 þús. kr., og því farið geysilangt fram úr áætlun.

Þar næst kom símskeyti frá danska verkfræðingnum, sem að verki þessu starfaði í sumar, með samskonar tilmæli og jeg gat um áðan, og loks hefir verkfræðingur Krabbe, sem gerði áætlanir allar, farið fram á hið sama. Samdóma ummæli þessara beggja verkfræðinga urðu því að vega svo mikið, samfara eindregnni ósk og nauðsyn hreppsins, að stjórnin veitti þennan viðbótarstyrk. Að vísu má kannske segja, að hægt hefði verið að láta sjer nægja að veita þetta sem lán til hreppsins. En sennilega hefði það komið í sama stað niður, þegar fram í sótti, því þá hefðu komið tilmæli um uppgjöf lánsins.

Hvað viðvíkur styrknum til Guðbrands Jónssonar, þá skal jeg geta þess, að hann var settur inn í frumvarpið samkvæmt meðmælaskjali tíu hv. þingmanna. Jeg skal að vísu ekkert um það segja, hvort það er rjett af þingmönnum yfirleitt að gefa slík meðmæli eða bindandi loforð, en hitt verð jeg að segja, að það má ekki minna vera en að slíkum meðmælum eða áskorunum fjölda þingmanna sje sá sómi sýndur að fara eftir þeim í tilfellum eins og þessum. Það var einnig álitið, að útgáfa bæklings eins og þessa gæti haft örvandi áhrif á viðskifti Þýskalands og Íslands, og því væri upphæðinni í sjálfu sjer vel varið.

Að því er snertir Breiðafjarðarbátinn, er þar nokkuð öðru máli að gegna, því jeg hafði þar persónulega talsverða löngun til þess að koma því máli strax til hjálpar og þeim mönnum, sem skaðann hafa á útgerðinni. Því máli er sem sje þannig varið, að nokkrir menn standa þar í persónulegri ábyrgð fyrir lánsfjenu til bátins, af því að þeir voru í sýslunefnd. En skuldin er um 54 þús. kr., og geta hv. deildarmenn farið nærri um það, að þessir menn yrðu að sjálfsögðu gjaldþrota, ef gengið yrði að þeim. En þar sem bátur þessi hefir haldið uppi góðum flutningum á Breiðafirði, til hagræðis fyrir alla þar um slóðir, virtist heldur ekki nema sanngjarnt, að ríkið styrkti hann eitthvað. (*JK*: Það fer fjarri því, að allir Breiðfirðingar sjeu ánægðir með ferðirnar.) Getur vel verið, að svo sje; mjer er málið ekki svo kunnugt, enda sjaldan hægt að gera alla ánægða. En þrátt fyrir allar þessar ástæður, tók jeg samt ekki fjeð til þessa, aðeins af virðingu fyrir þingræðinu, og álít að í sama stað komi, þótt upphæðin verði færð á væntanlegt fjárlagafrumvarp nú.

Forsætisráðherra (SE): Jeg gleymdi að geta þess áðan um styrkinn til augnlækningaferðalagsins til Austfjarða, sem er kr. 1382,05, að hann var veittur samkvæmt símbeiðni frv. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Sagði hann, að um 40 sjúklingar austur þar biðu slíkrar læknishjálpar, og sumir óferðafærir eða svo fátækir, að þeir gætu ekki farið. Andrjes Fjeldsted gat ekki farið vegna anna hjer í Reykjavík, því hann hafði gert þá „operation“ á nokkrum sjúklingum, og sneri stjórnin sjer þá til Helga Skúlasonar, og fjekst hann ekki fyrir minna en hjer segir áður. En

stjórninni þótti það mannúðarskylda að verða við þessari beiðni, og er óvíst, að henni hefði verið neitað af þessari háttv. deild, ef hún hefði átt að úrskurða um hana.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki fara inn á frv., sem hjer liggur fyrir, en aðeins víkja lítillega að brtt. á þskj. 132. Háttv. frsm. fjárveitinganefndar (MP) mintist hennar og það heldur óvinsamlega. Saga þessa máls er sú, að jeg fór til hv. fjvn. og beiddist þess, að hún veitti 3—400 króna styrk til viðkomandi manna. Jeg vissi þá ekki eins nákvæmlega og jeg veit nú, hvernig sakir stóðu, eða það, að þessi kostnaður við læknishjálpina varð alls og alls um 1800 kr., svo að tiltölulega lítið munaði um þessar 3—400 kr. Hins vegar verð jeg að halda því fram mjög ákveðið enn, eins og jeg gerði þá, að það sje fylsta sanngirniskrafa, sem hjer er farið fram á, og að þessi kostnaður mannanna sje beinlínis sprottinn af völdum, eða rjettara sagt vanrækslu heilbrigðisstjórnarinnar, án þess að jeg vilji annars nokkuð ámæla henni persónulega, því að það er vitanlegt, að hjeraðslæknirinn fór burtu með fullu samþykki landlæknis og að annar læknir var ekki settur í hans stað, og þess vegna þurftu sjúklingarnir að leita læknis, ekki aðeins í annað læknishjerað, heldur í aðra sýslu, og það yfir langa og erfiða sjóleið, og af því spratt svo aukakostnaðurinn, sem hjer er farið fram á að bæta upp. Eftir brjefi hlutaðeigandi hjeraðslæknis til Snæbjarnar hreppstjóra Kristjánssonar í Hergilsey að dæma, hefir hann ekki viljað taka þátt í þessum halla, þar sem hann segir, sem satt er, að hann hafi farið í fullu leyfi landlæknis, sem jafnframt mun hafa gefið honum fulla von um, að hann gæti fengið lækni til að annast hjeraðið.

Jeg leyfi mjer svo að vænta þess, að háttv. deild taki vel í þessa mjög svo sanngjörnu, eðlilegu og á allan máta mannúðlegu beiðni. Ef menn skyldu efast um, að jeg skýrði hjer rjett frá málavöxtum, hefi jeg hjer fyrir framan mig reikninga frá öllum hlutaðeigendum, sem háttv. deild armönnum er velkomið að sjá, og gætu þeir þá sjeð, hve hóflega er í sakirnar farið, þar sem reikningarnir bera það með sjer, að kostnaðurinn hefir orðið nær 1800 krónum, en hjer er ekki farið fram á hærri upphæð en 1000 krónur.

Í sambandi við þetta mál vil jeg taka það fram, að landlæknir taldi rjettmætt, að viðkomandi hjeraðsbúar fengju alla upphæðina endurgreidda. Þótt jeg vitanlega hefði viljað það helst og talið það að sjálfsögðu rjettast, leit jeg svo á, að betri væri hálfur skaði en allur, og með það fyrir augum treystist jeg ekki til að fara fram á hærri upphæð en 1000 kr. Vona jeg því, að háttv. deild líti svo á, að vel sje í hóf stilt, og verði því ljúf að samþykkja tillögu mína.

Jeg skal svo leyfa mjer að víkja stuttlega að öðru máli, sem hjer er til umræðu.

Hæstv. atvrh. (KlJ) æskti skýringar á því, er jeg tók fram í fyrir honum og sagði, að ekki nytu allir í Breiðafirði hagræðis af þessum bát og þeim styrk, sem honum væri veittur. Það var ekki ætlun mín með þessari athugasemd að spilla fyrir þessu máli; jeg vildi aðeins benda á, að það væri ekki rjett hjá hæstv. atvrh., að bátur þessi væri fyrir alla Breiðfirðinga, eins og mjer skildist hann halda fram í ræðu sinni.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að fyrirtæki þessu hefir verið frámuna-

lega illa stjórnað, og því er komið sem komið er. Það er einnig kunnugt, að nú er svo komið, að skuldirnar eru komnar yfir á nöfn nokkurra manna, sem sumir hverjir eiga enga skuld á því, hvernig komið er, en væri hins vegar ef til vill efnalegur voði búinn, ef ekki er að einhverju leyti hlaupið undir baggann. En jeg vildi með þessu gera það ljóst, að það er tillitið til þessara manna, en ekki Breiðfirðinga yfir höfuð, sem verður hjer þyngst á metunum. Því eins og jeg hefi tekið fram, er það ekki allur Breiðifjörður, sem á hjer hlut að máli.

Jeg skal svo ekki fara lengra inn á málið, en endurtek þá ósk mína, að brtt. mín verði samþykt.

Jón Þorláksson: Mjer virtist á ummælum háttv. frsm. (MP) og háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) um kirkjugarðsaukann og hvernig vinna ætti upp kostnað þann, sem af honum hefir leitt, sem þessum háttv. þm. væri ekki allskostar kunnugt það mál. Vil jeg því skýra frá sögulegum tildrögum þess og á hvern hátt það varð, að ráðist var í þá stækkun kirkjugarðsins, sem hefir reynst svo kostnaðarsöm. Það mál kom til bæjarstjórnar Reykjavíkur, ekki að því er snerti beint stækkunina, heldur af því, að þessi stækkun fór í bága við gatnaskipun, sem bæjarstjórnin hafði ákveðið þarna með annað fyrir augum en að þessi blettur yrði notaður fyrir grafreit. Bæjarstjórnin áleit þetta land nefnilega algerlega óhæft til slíkrar notkunar. Hjeraðslæknir hafði rannsakað það og komist að þeirri niðurstöðu. Var hún því þess vegna algerlega mótfallin að gera þennan blett að grafreit, er ríkisstjórnin stakk upp á því, en var borin ráðum í málinu. Ekki man jeg gjörla, hver ráðherra sat þá að völdum, en núverandi atvrh. (KlJ) var þá landritari, og honum var almennt um kent, að í þetta var ráðist.

Vegna þessa sögulega aðdraganda gat jeg ekki talið rjett að leggja þessar gömlu syndir landsstjórnarinnar á herðar Reykjavíkurbæ, heldur sje ríkinu skyldast að hlaupa hjer undir sinn eigin bagga.

Magnús Guðmundsson: Mjer skildist háttv. frsm. (MP) láta í veðri vaka, að helmingur þeirra fjárupphæða, sem ræðir um í frv. þessu, væri stofnaður af fyrverandi stjórn. Jeg hefi verið að leita í frv., en ekki getað fundið nema 2 upphæðir, sem svo er ástatt um. Önnur, er varið var til að bæta markaðshorfur, og hin til að reisa á ný íbúðarhús á Mælifelli. Var það gefið, að ríkisstjórnin varð þar, sem landsdrottinn, að reisa á ný hinn brunna bæ, því að slíkt er skylt samkvæmt ábúðarlögunum. Jeg skal að vísu játa, að dugað hefði timburhús og hefði það orðið kostnaðarminna en steinhúsið, en enst hefði það þá þeim mun skemur. Hitt er engum vafa undirorpið, að húsið varð að reisa, því ekki gat ríkið krafist þess, að klerkur byggi undir berum himni.

Jeg verð að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. stjórn hefir nú viðurkent, að rjett hafi verið af fyrverandi stjórn að leggja ekki fram nein fjáraukalög í fyrra. Það hefir þó kveðið við annan tón í stjórnarblaðinu undanfarið, og lævísi þeirrar stjórnar verið kent um, að svo varð eigi. Það var því mjög notalegt að fá skýra yfirlýsingu hæstv. stjórnar sjálfrar í þessu efni.

Það er því óneitanlega skemtilegt fyrir mig að hlusta á það hjer, að hæstv. stjórn er að rífa niður kenningar síns eigin

blaðs, og betri viðurkenningar get jeg ekki óskað mjer, því að enginn mundi álíta, að stjórnin setji blað sitt í gapastokkinn að nauðsynjalausu.

Jeg skal svo víkja aðeins örfáum orðum að brtt. háttv. þm. Barð. (HK) og undirstrika það, sem hann sagði um það efni. Hjeraðsbúar hafa orðið að fara langa leið til að leita sjer lækninga, sökum fjarveru læknisins, og liggur í augum uppi, að hann sje skyldastur til að borga þann kostnað, þar sem hann hefir fengið sín föstu laun þann tíma. En þar sem hann hefir farið með leyfi landlæknis, þá er ekki hægt að hafa þetta fje af honum með málssókn, — og góðfúslega vill hann ekki borga það. Mjer finst því eðlilegast, að hið opinbera greiði þetta fje, og getur það svo krafist þess af lækninum. Er hægðarleikur að halda eftir af launum hans því, sem það nemur. Má það að mínum dómi ekki verða að venju, að embættismenn fari á burt á þennan hátt, hirði laun sín eftir sem áður og gjaldi svo ekkert af kostnaðinum, sem þeir með því baka þeim mönnum, er þeir voru skyldir að veita þjónustu sína.

Mjer finst því þessi brtt. á miklum rökum bygð, og furðar mig á því, að háttv. fjvn. skuli ekki hafa fallist á hana.

Lárus Helgason: Mjer nægja örfá orð, því að hv. 1. þm. Skagf. (MG) tók svo rækilega fram það, sem jeg ætlaði að segja. Hann tók það fram, að úr því þessi læknir hefði haft full laun allan tímann, þá væri honum skylt að greiða þennan kostnað. Þetta virðist svo ljóst, að illfært er að mótmæla því. Alt öðru máli hefði verið að gegna, ef ríkið hefði ekki borgað honum laun á meðan hann var fjarverandi. Þá hefði þetta hvorki verið rjett nje sanngjarnt. Jeg get sömuleiðis undirstrikað hvert orð, sem háttv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði um sanngirniskröfu þá, sem hjeraðsbúar ættu á að fá þennan kostnað greiddan, og var það sem talað úr mínu hjarta. Það er augljóst, til hvers það gæti leitt, ef embættismenn þyrftu ekki annað en að fá leyfi hjá yfirboðurum sínum, stinga svo af og láta þá menn, sem þeirra eiga að njóta, fá að bera allan kostnaðinn og óþægindin, sem af þessu leiðir.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg verð að þakka hæstv. stjórn fyrir það, hve vel hún hefir tekið í aths. og leiðbeiningar nefndarinnar, því ef fara má eftir orðum hennar, þá er útlit fyrir, að hún ætli að gera alt, sem nefndin vill gera láta. (*Forsrh. SE*: Jeg sje ekki betur en þetta horfi við á hinn veginn, að nefndin hafi í öllu fallist á gerðir og fyrirætlanir stjórnarinnar í þessu efni).

Að því er snertir aths. í nál. til hæstv. forsrh. (SE) viðvíkjandi sendiherranum, þá ber ekki að skilja þær svo, að jeg hafi verið að kvarta yfir því, hvað rjett væri og órjett í því efni, að hækka laun hans, heldur var jeg að benda hæstv. stjórn á það, að þegar svo stendur á, að hún á kost á að bera slík mál undir þingið, þá beri henni að gera það. Áttu þau orð mín að skiljast sem bending fyrir framtíðina.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) virtist taka vel í að bera fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923, það er að segja, ef nokkurt efni fyndist í slík lög. Jeg veit nú ekki, hvað hæstv. stjórn gerir miklar kröfur eða er efnisvönd, því lengi má segja það álitamál, hver mál sjeu svo stór, að þau eigi heima í fjárlögum eða fjáraukalögum. Jeg spurði hæstv. fjrh. (MagnJ) áðan, hvort ekki hefðu nú á þessu ári átt sjer stað neinar útborganir úr ríkissjóði, sem ekki hefðu staðið í fjárlögum eða fjáraukalög-

um. Jeg átti þar ekki einasta við stórfjárhæðir. Því það er aðferðin, sem mest leikur hjer á, en ekki hitt, hvort um er að ræða stærri eða smærri upphæðir. „Á mjóum þvengjum læra hundarnir að stela". Það, sem fyrir mjer vakir, er að taka af skarið í byrjun, svo að enginn slíkur ósiður komist inn í þingið, sem sje sá, að fjárráðin sjeu að meira eða minna leyti dregin úr höndum þess. Það gladdi mig því að heyra hæstv. atvrh. (KlJ) lýsa yfir því áðan, að hann bæri mikla virðingu fyrir fjárveitingavaldi þingsins. Jeg kem seinna að því að benda hæstv. stjórn á, að nú liggja fyrir stórfjárupphæðir, sem óhjákvæmilegt verður að taka upp í næstu fjáraukalög.

Mjer þykir leiðinlegt, að hæstv. atvrh. (KlJ) er ekki við, því nú verð jeg að víkja að honum. Hann sagði áðan, að hann væri mótfallinn því, að fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár væri lagt fyrir þingið, af ótta við, að það kynni að hlaðast of mjög á það. Jeg get ekki sjeð, að það sje fremur ástæða til að vantreysta þinginu í þessum efnum en stjórninni, nema síður sje. Jeg verð að segja, að það er dálítið hart að heyra slíka vantraustsyfirlýsingu til þingsins af vörum hæstv. stjórnar, og jeg þykist þess viss, að ástæðulaust reynist að gera því slíkar getsakir, að ekki sje vogandi að hleypa í hendur því einu frv. til fjáraukalaga. Að minsta kosti á jeg bágt með að trúa, að Alþingi taki hjer undir með hæstv. stjórn og gefi sjálfu sjer þá vantraustsyfirlýsingu.

Þá mintist hæstv. atvrh. (KlJ) á frjettastofu verslunarráðsins og gat þess um leið, hve mikilvirkur sendiherra vor í Danmörku væri, og ber enginn brigður á það. Jeg vil í því efni benda hæstv. stjórn á, að það þarf fleira að gera en að taka á móti skýrslum frá honum. Það er aðeins önnur hliðin, sú sem veit út á við. Sú hliðin, sem veit inn á við, og er ekki þýðingarminni, er að sjá um, að sendiherrann hafi jafnan nægar og nákvæmar skýrslur um það, hvað gerist hjer heima. Það er alveg nauðsynlegt fyrir markað á afurðum landsins. Það var þetta atriði, sem nefndin átti við með aths. sinni í nál.

Jeg þykist vita, að hæstv. atvrh. (KlJ) hafi ekki skilið ummæli nefndarinnar um jarðabæturnar á Mosfelli, og skal jeg því skýra þau nokkru nánar. Það var ekki svo, að nefndin væri á móti því, að landið sje ræktað. Hitt er ástæðan, að ýmsir fjvn.-menn hafa litla trú á þessum nýbýlatilraunum. Það er og ekki að ástæðulausu, þótt varað sje við því í nál., að stjórnin sje að gera slíkar tilraunir, þar sem þingið hefir oft rekið sig á, að sje byrjað á slíku í einum staðnum, þá koma aðrir á eftir og vilja láta gera svipaðar tilraunir hjá sjer, og það jafnvel áður en nokkur niðurstaða er orðin af því, sem þegar er gert.

Þá kem jeg að brimbrjótsmálinu. Þrátt fyrir upplýsingar hæstv. atvrh. (KlJ) hefir ekkert komið fram í því máli, sem hafi getað sannfært nefndina, að nauðsynlegt hafi verið að veita fje til þessa. Þótt það hafi verið látið í veðri vaka, að verkinu, sem þegar væri komið í garðinn, væri hætta búin, ef það væri ekki fullkomnað, þá hefir nú reynslan sannað hið gagnstæða. Þetta hefir aðeins orðið til þess að koma tugum þúsunda í sjóinn, og er auðsætt, að verja mætti viðbótarfjárveitingum á hagfeldari hátt. Það er því alls ekki að kynja, þótt þinginu þyki sárt með köflum að sjá fje ríkissjóðsins fara á þessa leið ár eftir ár. Það hefir farið svo, og það undarlega oft, að fje, sem verja hefir átt til lendingarbóta, hefir farið algerlega

til ónýtis, — og betur, að ekki megi segja það sama um ýmsar framkvæmdir á landi. Jeg skal þó taka það fram, að úr því, sem komið er, verður varla komist hjá, að stjórn og þing veiti fje til að bæta þann skaða, sem varð á garðinum í haust. Er sú upphæð áætluð 20 þúsund krónur, og hlyti hún þá að koma á fjáraukalög á þessu ári.

Hæstv. atvrh. (KlJ) komst svo að orði um þá liði, sem feldir hafa verið niður af nefndinni, eins og hann hafi skilið hana svo, að hún hefði í hyggju að taka þá upp síðar eða láta þá koma fram á öðrum stöðum. Afstöðu nefndarinnar til þeirra ber að skilja svo, að hún hafi ekki tekið neina fullnaðarályktun um þá. Eru engar meiri líkur til, að nefndin láti sig þá liði nokkru skifta í framtíðinni, en athuga mun hún þá síðar.

Þetta er nú það helsta, sem jeg þurfti að segja við hæstv. stjórn, og vil jeg nú beina nokkrum orðum til þeirra hv. þm., sem til máls hafa tekið.

Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) kvaðst því mótfallinn, að kostnaðinum við kirkjugarðsaukann væri náð upp með því að hækka legkaupið. Kvað hann ríkinu vera skylt að sjá um þetta. Það getur vel verið, að rjett sje, að það sjái um þjóðkirkjusöfnuðinn, en skylda þess nær heldur ekki lengra.

En svo veit jeg ekki betur en að aðrar sveitir og kaupstaðir landsins verði að taka slíkan kostnað á sínar herðar, og finst mjer ekkert samræmi brotið, þó að Reykvíkingar láti líka eitthvað af mörkum til síns kirkjugarðs.

Háttv. þm. Barð. (HK) þarf jeg ekki að svara. Jeg býst við, að hann þekki fjvn. svo vel, að hann hafi ekki gert sjer neinar tálvonir um, að hún hafi snúist við ræðu hans, þótt sköruleg væri. Það er þyngra en svo að sækja í hendur hennar.

Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) var að bera blak af fyrverandi stjórn, og var það alls óþarft, er jeg hafði ekki neitt sjerstaklega sveigt að henni. Jeg átti við þær syndir, að þegar slík frv. sem þetta kemur fram svona seint, eiga báðar stjórnir að vera sömu sök seldar. *(MG*: Átti þá fyrverandi stjórn að bera fram fjáraukalagafrv. vegna þeirra örfáu upphæða, sem hún þá gat vitað um?). Hjer var ekki verið að tala um neinar sjerstakar upphæðir, stórar eða smáar. Nei, það var formið yfir höfuð eða meginreglan, sem um er að ræða.

Viðvíkjandi læknunum vestra er það að segja, að heilbrigðisstjórnin þóttist ekki vita eða vissi eigi annað en hún hefði vísan mann í staðinn meðan læknirinn væri utan, þótt svona færi nú. En það er gleðilegt að heyra af ræðu háttv. þm. Barð. (HK), hversu mikill missir þeim hefir verið að læknunum, og gott að fá slíka traustsyfirlýsingu til læknisins úr þessari átt.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla ekki að fara að ræða um neina sjerstaka liði í þessu frv., þar eð þetta mál snertir aðallega hæstv. fjrh. (MagnJ), og skal því vera stuttorður. Jeg dreg enga dul á, að fjárveitinganefnd á drjúgan þátt í því, að stjórnin hefir um ýmsar fjárveitingar aðeins farið til hennar, og má í því sambandi nefna, að ýmsir þingmenn úr fjárveitinganefnd hafa heimilað, að stjórnin færi eftir tillögum nefndarinnar, og átalið, þegar stjórnin hefir ekki gert það.

Eins hefir nefndin oft sent stjórninni heila runu af meðmælum. Jeg er því fylli-

lega sammála, að breytt sje frá þessari óheppilegu venju, sem komst á á stríðstímunum. En mjer finst, að háttv. frsm. (MP) hefði ekki þurft að tala í slíkum prjedikunartón, þar sem háttv. fjvn. hefir ekki hreinni samvisku en þetta í málinu.

Um sendiherrann get jeg sagt það, að jeg vissi ekkert um þetta, fyr en jeg kom til Kaupmannahafnar, að hann var að hugsa um að segja af sjer. Áleit jeg ekki rjett að láta hann fara frá, og er háttv. nefnd mjer sammála, að slíkur maður, sem sendiherrann er, megi alls ekki missast. Auk þessa hefir hann lagt mikið í sölurnar; fyrir utan kaupið á þessu húsi sínu hefir hann greitt þúsundir úr sínum eigin vasa, stöðu sinnar vegna, er launin hrukku eigi til.

Þá eru þessar aflaskýrslur; um þær get jeg sagt það, að í stjórnarráðinu er sjerstakur maður, sem hefir það á hendi að safna þeim saman og senda þær, og verður þetta haft svo framvegis.

Um brimbrjótinn er það að segja, að eftir skýrslum, sem stjórninni bárust þótti verkið vera í veði, ef framhaldið yrði ekki gert. Hefði stjórnin því neitað um fjárupphæðina, þá mundu skemdirnar hafa verið kendar því. Mjer er nær að halda, að hvaða stjórn sem var hefði tekið eins í málið og núverandi stjórn.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. frsm. fjvn. (MP) var að minnast á það, að stjórnin hefði ekki lagt fram fjáraukalög vegna ótta við eyðslu þingsins. Jeg hefi aldrei látið neitt slíkt í ljós, því til þess hefði jeg enga ástæðu haft. Að fjáraukalög fyrir 1923 hafa ekki verið lögð fyrir þingið, kemur til af því, blátt áfram, að málefni hafa ekki legið til þess.

Þar sem háttv. frsm. fjvn. (MP) spurði, hvort nokkrar útborganir upp á væntanlegar aukafjárveitingar hefðu átt sjer stað síðan um áramót, man jeg ekki til, að svo hafi verið. En annars áskil jeg mjer rjett til að bíða með svarið við þessu, þangað til jeg get svarað alveg ákveðið. Eins verð jeg að segja, að jeg veit ekki til, að stjórninni hafi enn sem komið er borist svo margar kröfur um fjárframlög, að til sje efni í fjáraukalög. Getur vel verið, að háttv. nefnd viti um eitthvað af slíku tagi, sem mjer er enn ekki kunnugt um. Hvað brimbrjótnum í Bolungarvík viðvíkur, hefir það mál enn þá ekki komið fyrir mig, enda þótt jeg viti um, að það muni vera á döfinni. Fleira held jeg að jeg hafi ekki að segja að sinni.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 24, n. 97, 70, 132).

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Mjer kom það dálítið undarlega fyrir við fyrri hluta þessarar umr. um daginn, þegar hv. 3. þm. Reykv. (JP) fór að senda mjer skæting út af margra ára gömlu máli, er kemur þessu frv. harla lítið við. Það var út af kostnaði við kirkjugarðinn í Reykjavík, að hann kvaðst verða að rifja upp gamlar syndir stjórnarinnar; kvað hann almælt, að jeg hefði mestu um það ráðið, að Nýja túnið var keypt og lagt til kirkjugarðs. Þetta kom mjer kynlega fyrir, því að sú ásökun er á engum rökum bygð. Að vísu var um nokkurn tíma meðan jeg var landritari talað um kaup á Nýjatúni til stækkunar á kirkjugarðinum, en jeg var því mótfallinn, og bar það helst til, að mjer þótti verðið of hátt.

Saga þessa máls frá byrjun er annars sú, að í árslok 1916 ritaði sóknarnefndin

í Reykjavík stjórnarráðinu og taldi æskilegt, að keypt yrði landspilda, áföst við kirkjugarðinn, til þess að stækka hann, annaðhvort hluti af Nýjatúni, vestur af kirkjugarðinum, eða þá svæði á Melunum suður af kirkjugarðinum. Segir sóknarnefndin, að sig gildi einu, hvor spildan sje keypt, en leggur áherslu á, að hún sje áföst við kirkjugarðinn, eða þá sem næst honum. Á þetta fyrsta skjal í málinu skrifaði jeg svo hljóðandi áritun:

„Jeg verð eins og sóknarnefndin að leggja til, að þessi lóð verði keypt undir kirkjugarð.“

Þetta er alt og sumt, sem jeg hefi lagt til málsins. Áður um sumarið hafði verið samið við eigendur lóðanna, sem voru nokkuð margir; voru þeir allkröfuharðir, en þó hafði náðst samkomulag um, hvað kaupa ætti og við hvaða verði. En eftir að fyrnefnt erindi sóknarnefndar hafði borist stjórnarráðinu var hjeraðslækni og borgarstjóra skrifað um málið, og var álit hjeraðslæknis um málið komið áður en jeg fór frá í ársbyrjun 1917, og taldi hann Nýjatún að ýmsu leyti óhæft til kirkjugarðs; jarðvegurinn væri ekki nógu djúpur. Næsta sumar var málið á sífeldu flakki milli stjórnarráðsins og borgarstjóra, og var einkanlega deilt um götulagningar. Loks var gerður samningur um þetta mál í ársbyrjun 1918, dags. 17. janúar, *ári eftir* að jeg fór úr landsstjórninni, og svo á jeg að eiga alla sök á þessum kaupum.

Jeg vona, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sjái nú, að hann hefir hafið freklega árás á mig að ástæðulausu, og að hann dragi nú í land og geri mjer afsökun fyrir það. Jeg þykist vita, að hann hafi heyrt eitthvert slúður um þetta mál, en menn verða að vera varkárir að trúa slíku, og sjerstaklega að bera ekki fram á þingi það, sem þeir vita engar sönnur á.

Þegar stjórnin afrjeð að kaupa þennan blett, sjest það á skjölum málsins, að hún hefir skýrt bæjarstjórninni frá því og getið þess, að það væri eftir tillögum sóknarnefndar og í samráði við biskup. Þessir aðiljar, er málið tók mest til, voru sammála í þessu efni, og stjórninni því vorkunn, þótt hún færi að ráði þeirra, en þeir bera þá alla sökina, ef hún er nokkur. En mjer voru úrslit málsins algerlega óviðkomandi, eins og jeg hefi nú sýnt fram á.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Á síðasta fundi, sem þetta mál var til umr., skýrði jeg frá því, í tilefni af fyrirspurn háttv. frsm. (MP), að mjer væri ekki kunnugt um neinar útborganir upp á væntanleg fjáraukalög fyrir árið 1923, en þorði þó ekki að fullyrða neitt um það. Síðan hefi jeg aðgætt þetta nánar og komist að raun um, að þetta var rjett. Nú liggja ekki fyrir neinar greiðslur upp á væntanleg fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár. En það hafa bæst við nokkrir aukapóstar, sem eiga heima í fjáraukalögunum fyrir árið 1922, og verða þeir sendir hv. fjvn., svo að hún geti athugað þá og bætt þeim við til 3. umræðu.

Sigurður Stefánsson: Jeg vil fara nokkrum orðum um fjárveitinguna til brimbrjótsins í Bolungarvík, sem orðið hefir að nokkru ágreiningsefni millum fjárveitinganefndar og hæstv. stjórnar. Skal jeg strax taka fram, að hjer er hvorki rjett að áfellast hæstv. stjórn nje háttv. fjvn., því að hvortveggja hefir mikið til síns máls.

Hv. fjvn. hefir skýrt frá, að verkfræðingurinn hafi talið það hættuspil að gera við garðinn, og er því eigi nema eðlilegt, að fjvn. fyndist skakt ráðið að gera það engu að síður.

Mundi háttv. fjvn. ekki hafa fundið að viðgerðinni, ef ekki hefði svona illa til tekist; er því engin ástæða að áfellast hana.

En þegar hæstv. stjórn var beðin um þessa fjárveitingu, stóð nokkuð öðruvísi á. Þá lagði verkfræðingurinn til, að skarðið, sem var í garðinn, væri fylt upp, og umboðsmaður hans árjettaði þetta og telur, að meira geti að orðið og meiri skemdir, ef garðurinn er óviðgerður, þegar vetrar að og meiri brima er von.

Til þessara till. tók hreppsnefndin fullmikið tillit, en stjórnin er vítalaus, þótt hún færi eftir tillögum þeirra, sem fyrir verkinu stóðu. Var hjer um mikið mannvirki að ræða, sem varið hafði verið til of fjár. Sá stjórnin því, að ilt var, að verk þetta eyðilegðist fyrir slæman frágang. Enda víst, að henni mundi hafa verið legið á hálsi, ef hún hefði ekkert fje veitt og svo væri komið sem komið er.

En svo skildi jeg háttv. frsm. (MP), að nefndin mundi hafa nauðsyn Hólshreppinga fyrir augum, og gjarnan vilja styðja að því, að styrkur sje veittur til viðgerðar þeim skemdum, sem nú eru orðnar á brimbrjótnum, en fáist styrkur, er hin mesta nauðsyn á, að sem fyrst sje byrjað á verkinu. Mun tjónið í haust nokkuð hafa stafað af því, að steinsteypan var ekki hörðnuð, er haustbrimið kom. Til þessa þarf aukafjárveitingu. Skildi jeg líka hæstv. forsrh. (SE) svo, að hann skoraði á hæstv. fjrh. (MagnJ) að leggja það fyrir þingið. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þörfina á þessu verki; aðeins geta þess, að þessi lendingarbót er nú að miklu ónýt. Lendingin illfær nema í ládeyðu og logni.

Jeg hjó eftir því, að í símskeyti til stjórnarinnar hefði verkfræðingurinn sagt, að verkið gengi ágætlega. En sannleikurinn var sá, að verkið gekk hraklega, sem stafaði af afglöpum manns þess, er fyrir því stóð. Gekk eitt sinn heil vika í að bæta það, sem mistekist hafði fyrir klaufaskap hans og hroðvirkni. En um þetta hefir Krabbe ekki vitað, og er því ekki hjer um nein vísvitandi ósannindi hjá honum að ræða.

Er jeg viss um, að ef stjórnin hefði haft hugboð um, að svona mundi ganga, þá hefði henni ekki komið til hugar að veita fjeð, og einnig er jeg viss um, að hreppsnefndinni hefði ekki dottið í hug að hreyfa við verkinu undir umsjón þessa manns, ef hún hefði vitað, hve ófær hann var til að standa fyrir því. Er enginn efi á, að framkvæma hefði mátt verk þetta fyrir 38 þús. kr., sem var áætlun Krabbe. Er því ekki um skakka áætlun hjá honum að ræða, heldur um frámunaleg mistök og hirðuleysi umboðsmanns hans, sem alt þetta tjón stafar af.

Geymi jeg svo frekar að minnast á þetta, því frestur er á illu bestur.

Jakob Möller: Háttv. frsm. fjvn. (MP) sagði, að ríkinu bæri ekki skylda til annars en sjá dómkirkjusöfnuðinum fyrir garðstæði. En þetta breytir ekki mikið. Ef legkaup er hækkað, er með því komið gjöldum yfir á söfnuðinn, er ríkið á að bera. Hefir söfnuðurinn líka haft margskonar kostnað af garðinum, girðingarkostnað o. fl.

Er garðurinn heldur ekki ókeypis fyrir dómkirkjusöfnuðinn, því að allir verða að greiða legkaupið, í hvaða söfnuði sem þeir eru. Einnig er legkaupið nokkru hærra en hjer hefir verið talið. Er taxtinn þrenskonar, eftir tímalengd.

Álít jeg ekki sæmandi að leggja gjald þetta á þennan eina söfnuð landsins. Skatturinn á að koma á alt landið jafnt. Kostn-

aðurinn við þennan kirkjugarð hefir orðið mikill, og mest hefir það verið stjórninni að kenna, því að full vitneskja lá fyrir henni um það, hvernig til hagaði og hverju til þurfti að kosta. Var það rjett hjá hv. samþingismanni mínum (JÞ), að bæjarstjórnin hefði ætíð verið mótfallin þessu garðstæði, enda þótt sóknarnefndin legði með því.

Mótmæli jeg því bæði legkaupinu eins og það er, og þá því fremur allri hækkun á því.

Magnús Jónsson: Jeg hefi aflað mjer nokkurra upplýsinga viðvíkjandi kirkjugarðinum, því að mjer þótti athugasemdir háttv. fjvn. um kirkjugarðinn dálítið einkennilegar.

Það er ekki rjett, að um ekkert legkaup sje að ræða, heldur hefir verið tekinn upp þrenskonar taxti, sem miðaður er við tímalengd. Fyrir 25 ár skal greiða 4 kr., fyrir 50 ár 8 kr. og um aldur og ævi 16 kr. Þetta gjald rennur til ríkissjóðs, en til endurgjalds ber honum að leggja til sæmilegt land. Um annan kostnað, sem bærinn hefir orðið að bera, er líka að ræða, því að 1918 var lagður 1 kr. nefskattur á báða söfnuðina. Þessi skattur nam það ár 8711 kr., 1919 8894 kr. 1920 hefi jeg ekki getað fengið að vita, hve hár hann var, en 1921 var hann 10137 kr. og fyrir 1922 mun hann verða enn meiri Er þetta talsverð upphæð og um talsverða byrði hjer að ræða. Er hjer og aðgætandi, að þessi kirkjugarður er að nokkru leyti fyrir alt landið. Hefir annar prestur dómkirkjunnar, sem þessu er vel kunnugur, sagt mjer, að þriðji hver maður, sem þar væri jarðaður, hefði verið heimilisfastur utan Reykjavíkur. Er slíkt og skiljanlegt, þar sem þar eru jarðaðir flestir þeir, er deyja hjer í sjúkrahúsum, spítölum og hælum, Kleppi, Holdsveikraspítalanum og Vífilsstöðum. Þessar upplýsingar hefi jeg leyft mjer að gefa, en að öðru leyti skal jeg ekki deila um mál þetta.

Jón Þorláksson: Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að jeg hefði verið með skæting til sín. Jeg vil nú ekki við það kannast, en jeg get beðið afsökunar á því, að jeg kendi honum úrslit þessa máls, en málsskjölin sýna, að það hefir ekki verið útkljáð fyr en eftir að landritaraembættið var lagt niður. En lengra nær mín afsökun ekki, því að skjölin sýna, að 8. nóv. 1916 hefir hann lagt til, sem landritari, að þetta óhæfa land væri keypt til stækkunar kirkjugarðinum.

Jeg hjelt, að stjórninni mundi þá ekki hafa verið kunnugt um, að landið var óhæft til graftar, en sje nú, að svo hefir ekki verið. Henni var það kunnugt, að það þurfti að bæta mold ofan á, og landritari hefir í apríl 1916 útvegað kostnaðaráætlun um þetta.

Bæjarstjórnin mótmælti þessu, en landsstjórnin gerði það engu að síður, enda þótt hún væri þess vitandi, að hjer var um mikinn kostnað að ræða. Verð jeg að telja, að með aðvörun sinni hafi bæjarbúar gegnum fulltrúa sína þvegið hendur sínar í þessu máli. Er því engin sanngirni að leggja þennan kostnað á herðar bæjarins.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg held, að það hefði verið betra fyrir háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) að gera afsökun sína rækilegri. Jeg las till. mína upp orði til orðs. Háttv. 3. þm. Reykv. sagði, að landsstjórninni hefði verið vitanlegt, að landið var óhæft til graftar. En þetta er ekki rjett. — 1916 ljet hún grafa 10 holur; 5 þeirra náðu fullri dýpt, 2 voru 2 álna djúpar og 3 1—1½ alin. Landið var því

alls ekki alt ónothæft. — En síðari stjórn varð þetta enn kunnara, hvernig landið var, og hún ber ábyrgðina.

Hann sagði, að bæjarstjórnin bæri enga ábyrgð á þessu. Jeg vil ekki mótmæla því. En jeg vildi þó leyfa mjer að spyrja hann, hve nær skjal borgarstjóra hafi komið fram. Mig minnir, að það sje í maí 1917, og hvernig verður mjer þá kent um þetta, þar sem jeg er þá fyrir nokkru hættur? Hvernig á jeg að bera ábyrgð á því, sem gert var fullu ári eftir að jeg fór úr stjórninni? Hygg jeg, að rjettast hefði verið fyrir háttv. þm. (JP) að láta þessu atriði óhreyft.

Jón Baldvinsson: Mjer finst það algerlega óþarft að vera að veita fáeinum mönnum styrk til að halda uppi frjettastofu, svo sem frv. gerir ráð fyrir, að verslunarráðinu sje veitt, ekki síst er stjórnin sendir öll plögg frá opinberum embættismönnum og stjórnarskrifstofunni í Kaupmannahöfn til þessarar skrifstofu til afnota, og það er að mínu áliti nægilegur styrkur. Þó álít jeg það fyrirkomulag alls ekki sem best, því öll þessi plögg liggja þarna grafin fyrir almenningi og þeim, er þurfa þeirra við og ekki eru í fjelagi kaupmanna. Væri nær, að stjórnin kostaði því til að birta öll hin þýðingarmeiri skjöl og skýrslur í blöðunum en grafa þau þannig á skrifstofu Verslunarráðsins.

Jeg vil ekki láta því ómótmælt, er háttv. fjárveitinganefnd segir í nefndaráliti sínu um fjáraukalögin, um tilraun þá, sem gerð hefir verið til nýbýlaræktunar í Mosfellslandi. Það getur verið, að fjárhagur ríkisins sje nú allóhægur, en þetta er eitt af því, sem jeg tel sjálfsagt. Menn getur greint á um það, hvort þetta svæði, sem tekið hefir verið, sje heppilega valið eða eigi, en ekki um það, að slíkar tilraunir eigi að gera. Hvernig ætti annars að fara að því að dreifa fólkinu aftur burt úr kauptúnunum og kaupstöðum yfirleitt; því það er alment viðurkent, að það horfi til vandræða, hvernig fólkið streymir þangað. Annars ætla jeg mjer ekki að fara út í nýbýlamálið að þessu sinni, en jeg álít allar tilraunir, sem miða að því að halda fólkinu kyrru í sveitunum, til bóta. Og hjer er ekki um svo stórar fjárupphæðir að ræða, að nokkru nemi. Jeg sje því enga ástæðu til, að hv. þingmönnum þurfi að vaxa slíkt í augum.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 23. mars, var enn framhaldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það er nú farið að fyrnast svo yfir þær sakir, sem jeg kann að hafa átt við hæstv. stjórn og ýmsa háttv. deildarmenn, að jeg get farið fljótt yfir sögu, ef vera mætti, að umræðunni yrði lokið á þessum fundi.

Þar sem hæstv. forsrh. (SE) er ekki kominn, vil jeg doka við eftir honum, og víkja máli mínu til háttv. þm. Reykv. og taka þá alla í einu lagi. Þeir hafa allir staðið upp og haldið langar ræður í tilefni af meinlausri tillögu um að afla tekna til kirkjugarðsins með því að hækka legkaupið. Þeir hefðu gjarnan mátt bíða þangað til sú tillaga kæmi til ályktunar á Alþingi. Í þessu sambandi vil jeg benda hæstv. stjórn á eitt atriði, sem ekki hefir komið fram enn þá. Mjer hefir verið skýrt svo frá, að söknarnefndin í Reykjavík hafi gert þá tillögu til stjórnarráðsins, að hæsta legkaupi yrði beitt meir en gert hefir ver-

ið. Nú verða menn að greiða 16 kr. fyrir að tryggja sjer grafreit. Sóknarnefndin hefir skilið það ákvæði svo, að menn hefðu þegar trygt sjer grafreit, er legsteinr. væri settur á hann, og lagt til við hæstv. stjórn, að þá yrði krafist hæsta gjalds. Þetta hefir ekki verið gert, en jeg hygg, að það muni heimilt lögum samkvæmt. Og jeg veit til þess, að svo er álitið í öðrum löndum, þar sem svipuð ákvæði eru í lögum.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) hefir enn ekki gefið ákveðið svar um það, hvort lagt verði fyrir þetta þing frv. til fjáraukalaga fyrir þetta ár. Jeg geri ráð fyrir, að stjórninni sjálfri sje kunnugt um, hvort nokkrar fjárveitingar eru fyrir hendi, er geri það nauðsynlegt. Jeg vil benda á, hvort ekki þurfi aukafjárveitingu til brimbrjótsins í Bolungarvík. Auk þess býst jeg við, að eitthvað þurfi að greiða til ræktunartilraunanna á Mosfelli. Það verk er enn í byrjun, og eftir áætlun Búnaðarfjelags Íslands vantar enn mikið á, að það sje fullgert. Ef ljúka á því verki á þessu sumri, mun vafalaust þurfa aukafjárveitingu. Þar sem ekki hefir komið afdráttarlaust svar frá hæstv. stjórn í þessu efni, en hún hins vegar tekið dauflega í það, vænti jeg, að hún gefi skýlaust svar á þessum fundi.

Þó að hæstv. forsrh. (SE) sje ekki viðstaddur, verð jeg að víkja nokkrum orðum að honum. Hann virtist mjög hróðugur yfir því, að hann gæti gert fjvn. síðasta þings samseka stjórninni í ýmsum atriðum í frv. þessu, þar sem hún hefði verið meðmælt sumum gjaldaliðunum. Jeg hygg þetta misskilning hjá hæstv. forsrh. Nefndin fór þá leið, þegar engin fjáraukalög fyrir árið 1922 komu fram, eins og gerðabók hennar ber með sjer, að hún sendi stjórninni þau erindi, er hún taldi eiga að koma í fjáraukalög, ef sint yrði. Hæstv. fjrh. (MagnJ) kom á fund með nefndinni, og varð árangurinn af þeim fundi sá, að þessi mál voru afgreidd á sama hátt sem önnur erindi; það var látið koma undir atkvæði, sem einhver nefndarmanna vildi taka upp. Var stjórninni síðan skýrt frá, hver úrslit hefðu orðið um hvert atriði. Af þeim fjárveitingum, sem voru afgreiddar á þennan hátt, er einungis ein tekin upp í fjáraukalagafrv. stjórnarinnar, og var sá liður samþyktur með 3 atkvæðum gegn 2. Aftur hefir stjórnin ekki tekið upp annan lið, er samþ. var í nefndinni í einu hljóði. Stjórnin hefir því í þessu máli farið sínar leiðir, svo sem rjett er. En ekki verður fjvn. ásökuð, þó að hún hafi gert skyldu sína í þessum málum, þar sem hún tók þau til meðferðar á venjulegan hátt og afgreiddi til stjórnarinnar, þegar var um seinan að bera þau undir þingið.

Vegna brtt. háttv. þm. Barð. (HK) vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hans, hvort við getum ekki komið okkur saman um að mælast til þess við hæstv. forseta (BSv), að hvorki brtt. hans á þskj. 1,2 nje nefndarinnar á þskj. 70, 1. liður, komi til atkvæða við þessa umr. Kysi jeg fremur, að þessar brtt. yrðu geymdar til 3. umr. og að nefndin fengi tækifæri til að ræða um þær áður við háttv. þm., og ef til vill komið á málamiðlun.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. frsm. (MP) bar á ný upp fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort fjáraukalög fyrir þetta ár yrðu lögð fyrir þingið. Stjórnin hefir fengið ýms erindi frá háttv. fjvn., sem jeg hefi athugað og atvinnumálaráðuneytið hefir einnig sjeð, en þau eru nú hjá 1. skrifstofu, og hefir ekki enn þá borist svar frá henni, hvort hún teldi þörf á nokkr-

um aukafjárveitingum. Frá atvinnumálaráðuneytinu hefi jeg fengið umsögn um brimbrjótinn í Bolungarvík. Telur hæstv. atvrh. (KlJ), að því verki þurfi að vísu að ljúka sem fyrst, en þó sje ekki nauðsynlegt að bera fram frv. til fjáraukalaga vegna þess eins. Þá fjárveitingu megi taka upp í fjárlögin fyrir 1924, með heimild til þess að greiða fjeð fyrirfram. Hingað til hefir ekki legið neitt fyrir stjórninni um, að frekari fjárveitingu þurfi til fyrirtækisins á Mosfelli, og það, sem er veitt til jarðabóta þessara í fjáraukalögum, er engin byrjunarfjárveiting, er sje bundin við áframhaldandi greiðslur. Lokasvar get jeg því ekki gefið við fyrirspurn háttv. frsm. (MP) nú sem stendur, en mun gera það, þegar jeg hefi fengið svar frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jeg býst við að verði mjög bráðlega.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi eiginlega litlu að svara, umfram það, sem hæstv. fjrh. (MagnJ) tók fram. Eina málið, sem komið gæti til greina í þessu efni, er brimbrjóturinn í Bolungarvík; en eins og tekið var fram, getur sú fjárveiting komið í fjárlögin fyrir 1924. Sama má segja um Breiðafjarðarbátinn Svan. Ef fjárveiting til hans er ekki tekin upp í fjáraukalögin 1922, má veita hana í fjárlögum fyrir næsta ár. Um ræktunartilraunirnar á Mosfelli hefir mjer skilist, að ekki komi til frekari útgjalda til þeirra á þessu ári. Meðan háttv. frsm. (MP) hjelt ræðu sína átti jeg tal um þetta við forseta Búnaðarfjelags Íslands. Kveðst hann ekki geta sagt um þetta að svo stöddu, fyr en hann viti um afdrif frv. eins, er hann hefir samið og nú liggur fyrir landbúnaðarnefnd. En þar sem það frv. er ekki komið úr nefndinni enn þá, má búast við, að það verði ekki útrætt á þessu þingi. En ef til kemur, má taka fjárveitingu til þessa upp í fjárlögin 1924, og þar sem þessu víkur þannig við, sje jeg ekki, að nú sje þörf á fjáraukalögum fyrir þetta ár.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 70,1. og 132. teknar aftur.

3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 70,2. (4. gr. falli niður) samþ. með 15 : 6 atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 70,3. samþ. með 19 : 4 atkv.

6. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 204, 230).

Stefán Stefánsson: Við 2. umr. þessa máls hreyfði hv. frsm. fjvn. (MP) þeirri spurningu til stjórnarinnar, hvort ekki yrðu lögð fram fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár. Svar stjórnarinnar var á þá leið, að þar eð brýn nauðsyn ræki ekki til þess, yrði það ekki gert. Þetta svar stjórnarinnar þótti mjer allundarlegt, þar sem jeg hafði oft haft tal af hæstv. stjórn, einkum hæstv. forsrh. (SE), og spurt um, hvort hún sæi leið til, að hjá því yrði komist að leggja fram fje til aðgerðar sjóvarnargarði á Siglufirði. Á þingmálafundi á Siglufirði var þetta fyrsta málið, sem tekið var til meðferðar og ályktað um.

og með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp nokkur orð úr þeirri fundarsamþykt, sem er tillaga svo hljóðandi:

„Fundurinn skorar á alþingismenn Eyjafjarðarsýslu að fá því framgengt við þing og stjórn, að varið verði úr ríkissjóði nægulegu fje til viðgerðar varnargarði þeim, sem ríkissjóður hefir látið gera norðan með Siglufjarðareyri, og til byggingar minni garðs niðri í flæðarmálinu. Telur fundurinn garðinn nú nær aleyddan og hættu á, að kaupstaðarlandið, sem er eign ríkisins, eyðist á fáum árum, ef ekkert er að gert í sumar. Vegna brima hjer er nauðsynlegt, að verk þetta byrji ekki síðar en í júní næsta sumar.“

Tillagan var samþykt með 52 samhljóða atkvæðum.

Nú er svo komið, eins og áður hefir við borið, að garðurinn hefir bilað, og það enn meira en nokkru sinni áður, enda má svo heita, að á hverju hausti verði stórtjón af sjógangi inn á bæjarlóðirnar, sem stafar af því, hve hrapallega hefir til tekist með byggingu sjóvarnargarðsins. Að vísu skal jeg ekki segja neitt um það, hve fljótt eyrin kann að eyðast með öllu af sjávargangi, er sumir hafa verið að leiða getur að, en hitt er víst, að árlega verða þarna stórskemdir, og þar af leiðandi fjártjón á eignum manna. Og þar sem jeg hafði nú hreyft þessu máli við stjórnina og lýst ástandinu, hjelt jeg, að hún sæi sjer ekki annað fært en að leggja til við þingið, að fje yrði veitt í fjáraukalögum til þessa og ýmsra annara hluta, sem ekki yrði undan komist, á yfirstandandi ári. Og til frekari skýringar um afstöðu Siglfirðinga í þessu falli, þá munu þeir fúsir til að leggja eitthvað af mörkum til þessa verks, verði það framkvæmt.

Tilmæli mín til hæstv. stjórnar eru því þau, að hún beri fram tillögu eða frv. til fjáraukalaga um, að fje verði lagt fram úr ríkissjóði til endurbóta og byggingar sjóvarnargarðinum á Siglufjarðareyri.

ATKVGR.

Brtt. 230 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 243).

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar með 9 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 290, 291, 301).

Frsm. (Einar Árnason): Það mun vera óvenjulegt, að fjvn. hafi til meðferðar fjáraukalagafrumvarp fyrir ár, sem þegar er liðið. Reglan hefir verið sú, að vísa þesskonar frv. til fjhn., vegna þess að þau eru talin eiga fremur skylt við landsreikninga en fjárveitingar. En nú stendur hjer svo sjerstaklega á, að fæstir

af þeim útgjaldaliðum, sem í frv. standa, hafa verið ákveðnir af Alþingi, heldur hefir stjórnin greitt þetta fje upp á væntanlegt samþykki þess. Að svona er í pottinn búið, stafar af því, að engin fjáraukalög voru lögð fyrir þingið í fyrra.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að þetta sje mjög óheppilegt og ætti helst ekki að koma fyrir, því að með þannig löguðu fyrirkomulagi rýrist vald þingsins, en hins vegar tekur stjórnin of mikla ábyrgð á vafasömum fjárgreiðslum. Nú stendur svo á með þetta frv., að nær allar fjárhæðirnar, sem í því standa, eru þegar greiddar. Og jafnvel þótt nefndin líti svo á, að allmjög orki tvímælis um það, hvort þingið mundi hafa veitt ýmsar þessar fjárhæðir, ef álits þess hefði verið fyrirfram leitað, þá sjer hún þó ekki annað en að þingið verði nú að láta við svo búið standa og samþykkja frv. með þeirri einni breytingu, sem nefndin leggur til á þskj. 291.

Jeg get þó ekki látið þetta frv. fara svo hjá, að ekkert sje minst á einstaka liði þess, og þá aðallega til þess að fá nokkra skýringu hjá hæstv. stjórn.

Það er þá fyrst kostnaðurinn við ferðalag augnlæknis til Austfjarða. Í fjárlögunum er veitt nokkur upphæð til ferðalags augnlæknis, og því er undarlegt, að það skuli þurfa að kosta sjerstaka ferð til Austfjarða. Jeg vil biðja stjórnina um skýringu á þessu.

Þá er kostnaður við byggingu á prestssetrinu á Mælifelli. Þar mátti til að byggja, en jeg hygg, að ekki hafi verið gætt hins ítrasta sparnaðar. En það er vitanlegt, að ríkissjóður þarf að byggja á prestssetrum í framtíðinni, og því verður að fara varlega í að láta mikið fje í einn stað.

Þá kem jeg að kirkjugarðinum hjer í Reykjavík. Það virðist, að hann ætli að verða landinu nokkuð dýr. Í fjáraukalögunum 1918—19 voru veittar til hans 4733 kr. Í fjáraukalögunum 1920—21 kr. 23065,19 og í þessu frv. kr. 5308,15, eða samtals kr. 33106,34. Þetta er mikið fje, og væri þó sök sjer, ef fjárframlögunum væri lokið með þessu; en svo er ekki. Eftir því, sem komið hefir fram í hv. Nd., má búast við því, að enn þurfi að leggja til hans 70 þús. kr., og verður það þá alls rúmlega 100 þúsund kr. Fjvn. þessarar deildar sjer ekki, að við svo búið megi standa. Það verður að gera ráðstafanir til þess, að fjárframlög ríkissjóðs til hans verði í framtíðinni lítil eða engin. Jeg á þar við, að hækka megi legkaupið, svo að það geti borið upp kostnaðinn við uppfyllinguna. Nefndin hefir ekki getað fengið nákvæmar skýrslur um, hvað margar jarðarfarir sjeu hjer árlega, en ekki mun fjarri sanni að giska á, að þær muni vera um 300; og ef legkaupið er hækkað, koma þar fram allmiklar tekjur. Nefndin vill beina því til stjórnarinnar að taka þetta til íhugunar.

Þá kem jeg að 8. lið 4. gr., um viðgerð gagnfræðaskólans á Akureyri. Þessi liður stingur dálítið í augun, því að hann er nokkuð hár. Ekki vil jeg þó áfellast stjórnina fyrir hann; miklu fremur lofa. Henni hefir tekist að gera skólahúsið ágætt. Í fyrra skoðaði jeg skólann áður en viðgerðin fór fram, og svo aftur nú á þessum vetri, og mjer brá í brún að sjá mismuninn. Með hinni nýju miðstöðvarhitun og raflýsingu er meðal annars komið í veg fyrir eldhættu þá, er sífelt vofði yfir skólanum. Þar voru 40 eldstæði, og er þau voru rifin, kom það í ljós, að þau voru öll sprungin og af sjer gengin, og

virðist næstum óskiljanlegt, að ekki skyldi hafa kviknað út frá þeim fyrir löngu.

Þessu næst kemur upphæð, 4500 kr., til utanferða þriggja manna. Þetta er að vísu ekki stórfje, og vil jeg ekki áfellast stjórnina fyrir það, en viðkunnanlegra væri, að slíkar upphæðir væru veittar af þinginu.

Þá kemur Skeiðaáveitan og brimbrjóturinn í Bolungarvík. Það eru miklar fjárhæðir, sem nefndin hefir ekki getað gert sjer grein fyrir, því að engin skilríki lágu fyrir um það; væntanlega gefur stjórnin skýringu á því. Sama er að segja um mómýrarnar.

Þá kemur skrifstofukostnaður húsagerðarmeistara ríkisins. Í fjárlögunum 1922 er ekki ætlaður skrifstofukostnaður, en þó hefir honum verið greitt í því skyni nokkurt fje. Nefndin veit nú ekki annað en að borgun fyrir uppdrætti, sem húsameistari gerir fyrir einstaka menn eða stofnanir, eigi að renna í ríkissjóð, og mætti þá nota það fje, sem þannig kemur inn, til skrifstofukostnaðar hans.

Þá kem jeg að læknisstyrknum til Flateyjarhjeraðs og brtt. nefndarinnar. Þessi liður var settur inn í Nd., af fjvn. þar. Liggja til þess þau drög, að læknirinn í Flateyjarhjeraði var utanlands síðastliðið ár að kynna sjer ýmsar nýjungar í læknisfræði. Gerði hann það að tilhlutun bæði hjeraðsbúa og landlæknis. Ætlaði landlæknir að útvega lækni í hjeraðið á meðan, en það tókst ekki, og var þá læknirinn í Stykkishólmi falið að gegna hjeraðinu. Nú hafa 9 menn úr Flateyjarhjeraði sent stjórninni reikning yfir kostnað við læknisvitjanir til Stykkishólms og krefjast þess, að stjórnin greiði reikning þennan að fullu. Hann er rúmar 1700 krónur. Nefndin í Nd. hefir tekið 1000 kr. af þessu til greina og bætt þeirri athugasemd við, að stjórninni sje falið að innheimta upphæðina hjá hjeraðslæknunum. Nú virðist fjvn. þessarar deildar ekki hugsanlegt fyrir stjórnina að innheimta upphæð þessa hjá læknunum, því að þótt stjórnin hjeldi fjenu eftir af launum hans, þá mundi hann geta krafist þess með málssókn. Honum ber engin skylda til að greiða þetta, er hann fór ferðina í samráði við hjeraðsbúa og landlækni. Nefndin hefir því felt burtu athugasemdina og lækkað fjárhæðina niður í 600 krónur. Það gæti kannske verið álitamál um upphæðina, en nefndin tók meðaltal af því, sem veitt er í fjárlögum til hreppa, sem örðugt eiga með læknisvitjanir. Hjer er um 2 hreppa að ræða, og eru áætlaðar 300 kr. á hvorn, en upphæðin skiftist eftir reikningum þeim, sem fyrir liggja.

Fleira hefi jeg ekki að segja að sinni. Hjer er komin fram brtt. frá hæstv. atvrh. (KlJ), en nefndin hefir ekki sjeð hana fyr en nú, og getur því ekki tekið afstöðu til hennar að sinni.

Forsætisráðherra (SE): Það var minst hjer á nokkra liði, sem snerta mig. Fyrst var kostnaðurinn við ferðalag augnlæknis til Austfjarða. Það kom í fyrra beiðni frá Sveini alþm. Ólafssyni frá Firði um að fá augnlækni til Austfjarða. Sagði hann, að þar væru um 40 sjúklingar, er sumir væru svo gamlir og örvasa, að þeir gætu ekki ferðast til Reykjavíkur, og sumpart svo fátækir, að þeir gætu ekki kostað för sína hingað. Stjórnin sneri sjer því til Andrjesar heitins Fjeldsteds, en hann sagðist þá hafa svo marga sjúklinga, er sumpart væri búið að gera skurði á og sumpart þyrfti að gera uppskurði á, að ekki gæti komið til mála, að hann færi. Þá sneri stjórnin sjer til hins augnlæknisins og fjekk hann til að fara. Þetta var mannúðarkrafa, sem farið var fram á, og

stjórninni fanst sjálfsagt að reyna að hjálpa þessum mönnum.

Hvað snertir bygginguna á Mælifelli, þá er það rjett, að í hana fór mikið fje. Það var byrjað á þeirri byggingu áður en núverandi stjórn tók við. Í þinglok í fyrra fór jeg til hv. fjvn. Nd. og skýrði frá, hve mikill kostnaðurinn væri orðinn, og áleit hún engin tök á öðru en halda áfram. Kostnaðurinn við þetta hefir orðið um 30 þúsund krónur. Jeg mintist á það við háttv. fjvn. Nd., hvort tilætlunin væri að taka fje til Mælifellsprestssetursins af því fje, sem heimilt er að lána til prestssetra, sem nemur um 15 þús. kr. á ári. Nefndin leit svo á, að þetta tilfelli væri alveg sjerstakt, og væri því ekki rjett að taka af þessari upphæð í þessu augnamiði. Þessu var jeg alveg samdóma, þar sem jeg vissi, að mikil þörf var fyrir þetta fje annarsstaðar. Vona jeg, að háttv. deild líti eins á þetta mál, og ef engin mótmæli koma fram, lít jeg svo á, sem á þetta hafi verið fallist.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á kirkjugarðinn í Reykjavík.

Það hafði verið farið fram á það við mig, að jeg veitti 50 þús. kr. til að fylla upp kirkjugarðinn. En eftir samráði við vegamálastjóra ákvað jeg að veita meigi meira í þetta sinn en minst varð komist af með. En ekki var hægt að komast hjá því að gera eitthvað.

Þá hefir verið minst á að hækka legkaup í Reykjavík, til að standast þann kostnað, er af uppfyllingu kirkjugarðsins leiðir. Jeg er alls ekki mótfallinn því, að það sje gert að einhverju leyti. Eftir lögum frá 1915 er legkaupið 2 kr. fyrir börn og 4 kr. fyrir fullorðna, miðað við 25 ár. En miðað við 50 ár 8 kr. Ekki mun vera legkaup annarsstaðar á landinu, og myndi því mælast illa fyrir, ef það yrði hækkað mjög mikið hjer. Jeg veit eigi fyrir víst, hverju legkaupið nemur nú árlega; held að það sje 1100—1500 kr. Garðinn verður að bæta, svo að hann sje nothæfur, og er jeg ekki mótfallinn því að hækka legkaupið eitthvað, til þess að minka þann kostnað, sem af því leiðir.

Þá er það Akureyrarskólinn. Það má segja, að þessar 59 þús. krónur, sem til hans gengu, sje mikil upphæð. En svo var mál með vexti, að þegar athuguð voru eldstæði skólans, ofnar og eldavjelar, þá kom í ljós, að svo illa var frá þeim gengið, að stórra umbóta þurfti og vafi á, hvort skólahúsið fengist vátrygt með sama fyrirkomulagi. Heildarviðgerð hefði kostað mikið, og því þótti rjettara að setja í húsið miðstöðvarhitavjel, sem hvort sem var hefði komið þar fyr eða síðar. Eldhættan er auðvitað miklu minni.

Um kostnaðinn, sem af þessu leiddi, er ekki hægt að dæma um, nema með því að hafa reikningana fyrir sjer. Skal jeg senda þá til hv. fjvn. Jeg álít, að rjettara hafi verið að láta heildarviðgerð fara fram, úr því ekki varð hjá viðgerð komist. Annars er jeg þakklátur háttv. fjvn. Nd., sem hafði ekkert við þessa fjárveitingu að athuga, þó há væri. Sömuleiðis hv. fjvn. Ed., því eftir því sem frsm. hennar (EÁ) fórust orð, þá er hann beinlínis þakklátur fyrir, að það var gert.

Þá skal jeg síðast minnast á skrifstofukostnað húsagerðarmeistara. Það er ekki hægt að komast hjá því, að húsagerðarmeistari hafi skrifstofu. Hann hefir mikið með höndum, þar á meðal stórbyggingar, eins og t. d. Landsbankahúsið. Það liggur í hlutarins eðli, að ekki er hægt að ætlast til, að hann greiði kostnaðinn af skrifstofu sinni af launum sínum, en án skrifstofu er ekki hægt að ætlast til, að hann geti gert hinar ýmsu teikningar og

int af hendi þau margvíslegu störf, sem á honum hvíla.

Skal jeg svo eigi fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. fjvn. byrjar álit sitt á því, að hún hafi ekkert haft sjer til stuðnings í starfi sínu, nema greinargerð stjórnarinnar, sem verið hafi harla ófullkomin. Jeg hefi borið frumvarp stjórnarinnar saman við greinargerðir frv. undanfarin ár, og sje ekki annað en að greinargerð sú, er fylgir þessu frv., sje fult eins glögg og áður hefir verið, og að minsta kosti sæmileg. En það er satt, að síðan um 1911 hefir greinargerðum með frv. hrakað mjög. Gildir það bæði stjórnarfrumvörp og ekki síður þingmannafrumvörp. Hvers vegna það er, skal jeg ekki frekar minnast á, en þetta er nú svo. Jeg viðurkenni, að það er nauðsynlegt, að hverju frv. fylgi ítarleg greinargerð. Og jeg get lofað fyrir mitt leyti, að ef jeg á nokkurn þátt í því að undirbúa fjárlagafrv. aftur, þá skal jeg taka þetta til greina. En það er einkennilegt, að Nd. sendir ekki til Ed. þau skjöl, er snerta málin, eða þá að Ed. gengur ekki eftir þeim hjá Nd. Er þar einhver rígur á milli, eða hvað? Það hefði verið nauðsynlegt, að þau skjöl, sem fjvn. Nd. fjekk með þessu máli, hefðu gengið til fjvn. Ed., svo hún gæti betur áttað sig á hinum einstöku liðum frv.

Út af þessum 2000 kr., er veittar höfðu verið til frjettastofunnar áður en jeg tók við, skal jeg geta þess, að jeg fjekk ítrekuð tilmæli um að veita á ný 2000 kr. til hennar, en jeg taldi rjett að vísa til þingsins þeirri umsókn, er nú liggur fyrir. Svo er að sjá, eftir ummælum fjvn. Nd. og Ed., að þær greini mjög á um þetta atriði. Fjvn. brýnir fyrir stjórninni að hafa til sem nákvæmastar skýrslur um markaðshorfur, en fjvn. Ed. er því algerlega ósamþykk og vill ekkert láta gera. Ef báðar nefndirnar halda fast við þessi ummæli sín, hvorri á stjórnin þá að hlýða? Það mun venjulega litið svo á, að Nd. eigi að hafa meiri áhrif í þessum efnum, og „faktiskt" hefir hún það. En jeg býst þó við, að Ed. þykist vera jafnrjetthá og Nd. En í þessum efnum skal jeg fara að ráðum fjvn. Ed. og veita ekkert fje til þessarar frjettastofu. En skýrslur þær, sem sendiherra vor í Kaupmannahöfn sendir stjórnarráðinu, má halda áfram að senda verslunarráðinu, og koma þannig nokkuð á móti óskum fjvn. Nd.

Þá vil jeg minnast nokkuð á einstök atriði þessa frv.

Það er þá fyrst Skeiðaáveitan. Þegar farið var að grafa í fyrravor, það sem eftir var af skurðinum, kom það þegar í ljós, að það verk myndi verða mjög erfitt og dýrt, þar sem eintóm klöpp var fyrir. Vegamálastjóri taldi, að verkið yrði dýrt, en þennan 600 metra skurð, sem eftir var, yrði þó að grafa, því annars væri alt verkið ónýtt. Var því ekki um annað að gera en ljúka við verkið.

Um brimbrjótinn í Bolungarvík get jeg sagt hið sama hjer og jeg sagði í Nd. Brimbrjótur þessi varð miklu dýrari en upphaflega var búist við. Hann varð víst 57 þús. kr., en hafði áður verið áætlaður 38 þús. kr., og þó víst enn minna upphaflega. Stjórnarráðinu bárust skeyti frá forstjóra verksins, dönskum manni, er til þess hafði verið ráðinn af Krabbe vitamálastjóra. Enn fremur frá Hólshreppi og frá vitamálastjóra. Sögðu þeir, að verkið myndi stöðvast, ef ekki væri veitt meira til þess. Stjórnin sá sjer því ekki fært að neita um fjeð og veitti til þess 8000 kr.

Tel jeg mjög heppilegt, að hún gerði það, eins og komið er, því að garðurinn brotnaði niður, og hefði stjórnin neitað fjárveitingu, svo garðurinn hefði ekki orðið fullgerður, þá hefði því verið um kent og stjórnin sökuð um það, að hafa ekki veitt fjeð.

Það er hart, að svona þurfi að fara um dýr mannvirki, en það er því miður ekki nýtt, að svona fari hjá verkfræðingunum. Höfum vjer orðið sorglega reynslu fyrir því. Má. auk brimbrjótsins í Bolungarvík, nefna fyrirhleðsluna hjá Hvanneyri við Siglufjörð, bæjarbryggjurnar á Akureyri o. fl. Sem sagt, þessi fjárveiting var talin óhjákvæmileg, og því veitti stjórnin hana.

Þá spurði hv. frsm. fjvn. (EÁ) um það, hvers vegna stjórnin hefði keypt uppdrættina af mómýrunum. Jeg skal svara því, þó það reyndar sje skýrt í athugasemdum stjórnarinnar við frv. Einar Benediktsson hafði fengið enskan verkfræðing til að gera þessa uppdrætti. Vildi svo Einar selja þá og fullyrti, að fyrverandi atvrh., Pjetur heitinn Jónsson, hefði gefið sjer vilyrði fyrir því, að þeir yrðu keyptir. Þetta komst þó ekki í framkvæmd áður en atvrh. Pjetur Jónsson dó, en talsverðar líkur fyrir því, að Pjetur sál. hefði gefið þetta loforð. Þetta kom svo til fjvn. Nd., er ljet það álit sitt í ljós, að ef Pjetur heitinn hefði lofað þessu, þá væri sjálfsagt að efna það. Þessi upphæð var því borguð út, þó jeg gerði það nauðugur, því jeg býst varla við því, að af þessum uppdráttum geti orðið neitt verulegt gagn.

Þá er það viðaukatill. frá mjer á þskj. 301, er jeg vil fara um nokkrum orðum.

Á henni stendur svo, að vatnsveitan hjer í bæ hefir reynst mjög ófullnægjandi, svo bæjarstjórnin hefir ákveðið að auka vatnsleiðsluna að mun. Gerði hún síðan út mann til að fá lán, og vildi svo vel til, að bærinn átti kost á láni í „Bikuben", og það með tiltölulega góðum kjörum, eða 5½% vöxtum og greiðslu á 20 árum. Eru þetta betri kjör en bærinn og jafnvel landið hefir mátt sætta sig við á síðustu undanförnum árum. En skilyrðið fyrir því, að lán þetta fengist, var það, að ríkið ábyrgðist það. Fjekk svo stjórnin beiðni um það frá bæjarstjórninni. Stjórnin taldi hag bæjarins svo góðan, að engin ástæða væri til að neita um ábyrgðina, og veitti hana því. Þetta gerðist í nóvember. En það gleymdist að leita samþykkis fyrir þessari ábyrgð í fjáraukalögunum fyrir árið 1922. En stjórnin var mint á það í Nd. við framhald 1. umr. fjárlaganna, og er því samþykkis leitað nú, samkvæmt gefnu loforði. En þar sem fjvn. hefir ekki haft tækifæri til að athuga það, má atkvgr. um það bíða til 3. umr., og óska jeg eftir því, að það verði gert.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg skal ekki vera langorður. Vildi þó gjarnan fá nánari skýrslur um einstök atriði hjá hæstv. stjórn.

Hæstv. forsrh. (SE) skýrði frá ferðalagi augnlæknis til Austfjarða, en jeg er ekki vel ánægður með þá skýrslu. Mjer fanst það ekki koma nógu greinilega fram, hvers vegna ekki var hægt að nota það fje til þessarar ferðar, sem veitt var í fjárlögunum.

Þá virtist mjer hæstv. forsrh. líta sviplaðum augum og jeg á það, að legkaup yrði tekið upp til að standast þann kostnað, er af uppfyllingu kirkjugarðsins leiðir. Vænti jeg þess vegna, að stjórnin geri eitthvað í því efni. Hann tók það fram,

að landinu bæri skylda til að leggja til land í grafreitinn. Það er rjett, en um uppfyllinguna gæti frekar verið vafi.

Þá er það húsagerðarmeistari. Mjer fanst eigi koma fram næg skýring á því, hvort hann hefði gert uppdrætti fyrir einstaka menn, og hvort sú borgun, er hann hefði tekið fyrir það, hefði verið notuð til að bera upp kostnað ríkissjóðs á þessum lið. Vil jeg gera ráð fyrir, að það hafi verið gert og það, sem inn hefir komið, látið ganga upp í skrifstofukostnað. Það er rjett, sem hæstv. atvrh. (KlJ) tók fram, að það er farið orðum um það í nál., að nefndin hafi eigi fengið í hendur þau skjöl og skilríki, sem nauðsynlegt var, að fylgdu frv. En þó að nefndin kveði svo að orði um greinargerðina, að hún sje eigi fullkomin, þá er eigi þar með sagt, að hún sje eigi sæmileg eftir ástæðum. Greinargerðir eru tæplega nokkurn tíma svo skýrar sem skjölin sjálf, sem þær eru bygðar á. Nefndin sneri sjer til nefndar þeirrar, er um málið hafði fjallað í háttv. Nd., viðvíkjandi einstaka skjölum, sem fylgja áttu frv., en fjekk það svar, að Nd.-nefndin hefði engin slík skjöl og hefði aldrei fengið þau. Hafði því Ed.-nefndin eigi annað sjer til stuðnings en greinargerðina.

Þá mintist hæstv. atvrh. á ágreining þann, er væri á milli nefnda Ed. og Nd. út af orðum, er fjellu í nál. Nd. um styrk til Verslunarráðsins. Var nefnd þessarar hv. deildar í vafa um, hvernig skilja bæri ummæli hv. nefndar Nd., og sló varnagla í nál. við því, að stjórnin setti upp sjerstaka utanríkismálaskrifstofu til þess að afla þekkingar á markaði og markaðshorfum erlendis. Álítur nefndin, að hægt sje að láta við það sitja, sem nú er, enda mun sendiherra vor í Kaupmannahöfn geta látið í tje upplýsingar þær, sem nauðsynlegar eru um slík mál. Ef háttv. fjvn. Nd. ætlast til, að hæstv. landsstjórn leggi fram sjerstaklega fje til þessa, þá hefði betur átt við, að hún hefði komið fram með till. um það við fjárlögin. En það hefir nefndin eigi gert, og þegar af þeirri ástæðu er Ed.-nefndin þessu mótfallin, því hún álítur eigi rjett, að hæstv. landsstjórn láti upp á sitt eindæmi fje út í þessu skyni.

Þá kem jeg að Skeiðaáveitunni og brimbrjótnum í Bolungarvík. Jeg mintist á þessi mál áður, til þess að fá frekari upplýsingar um þau. Mál þessi eiga í raun inni margt sammerkt. Þau ætla bæði seint að taka enda. Hafa áveiturnar austanfjalls yfirleitt fengið endalausar fjárveitingar, enda eru þær komnar langt fram úr áætlun. Er mikil ástæða til að fara gætilega, er um slík fyrirtæki sem þessi er að ræða, og hafa þau sem traustust og vanda sem best til þeirra þegar í upphafi. Er hið sama um brimbrjótinn og flestar hafnargerðir vorar að segja. Þar virðist alt fje fara í sjóinn. Segi jeg þetta eigi til þess að ásaka hæstv. landsstjórn, en aðeins til þess að benda á, hve nauðsynlegt það er að vanda til slíkra fyrirtækja, bæði hvað snertir hæfa menn og góðan undirbúning.

Um mómýrarnar skal jeg eigi fjölyrða, úr því að loforð hefir legið fyrir um kaup, enda þótt nefndin hafi eigi trú á því, að þessir uppdrættir komi nokkurn tíma að liði.

Að endingu skal jeg taka það fram, að bólað hefir á því undanfarin ár, að landsstjórnir vorar, — eigi sjerstaklega sú stjórn, sem nú situr að völdum, — hafa leitað um ýms mál álits og tillagna fjárveitinganefnda Alþingis, og veitt fje til ýmsra manna og fyrirtækja með álit nefndanna í bakhöndinni. Ættu fjárveitinganefndir Alþingis sem minst að gera af

slíkum tillögum, eða láta uppi álit sitt þannig, án þess að þinginu gefist kostur á að fjalla um málin.

Forsætisráðherra (SE): Út af ummælum háttv. frsm. (EÁ) um húsagerðarmeistarann vil jeg taka fram, að mjer er t. d. kunnugt um, að hann hefir unnið fyrir Landsbankann, og er gert ráð fyrir, að borgun verði tekin fyrir það, og verður þá greiddur af því skrifstofukostnaður og aðstoð, eftir því sem það hrekkur. Framvegis mun og tekin borgun fyrir ýms önnur störf, sem húsagerðarmeistari vinnur fyrir aðra að fyrirlagi stjórnarráðsins.

Það er sjerstaklega um eitt atriði í nál. hv. fjvn., sem jeg vildi fara nokkrum orðum. Hv. nefnd kveðst eigi geta verið sammála ummælum í nál. hv. fjvn. Nd., er lúta að því að hvetja landsstjórnina til að setja upp utanríkismálaskrifstofu til að líta eftir verslunar- og markaðshorfum í útlöndum. Jeg vildi aðeins taka það fram, að það er altaf mjög varhugavert fyrir hvaða þjóð sem er, og þá engu síður íslensku þjóðina en aðrar þjóðir, að vera of andvaralaus um utanríkismál sín. Álít jeg það algerlega óhjákvæmilegt fyrir þjóðina að senda menn út á skrifstofur utanríkisráðuneytis Danmerkur, eða annara landa, til þess að afla sjer nauðsynlegrar þekkingar á þesskonar málum.

Því er nú svo varið, að sem stendur höfum vjer trúnaðarmann í utanríkisráðuneytinu danska, sem sje Jón Krabbe. Er það alveg sjerstaklega góður maður í slíka stöðu, og vandfenginn maður með annari eins þekkingu og skilningi á málum vorum, er út vita. Er mjer sönn ánægja að segja þetta hjer á þessum stað. En einhvern tíma rekur að því, að maður þessi láti af þessum störfum, og álít jeg það hina mestu óhæfu, ef eigi er þá til neinn maður með þjóðinni, er næga þekkingu hefir á málum þessum til þess að geta tekið við þeim. Er það hið mesta hirðuleysi um hag landsins, að veita eigi fje til þess, að einhver fær maður afli sjer sjermentunar á þessu sviði. Álít jeg alveg bráðnauðsynlegt að hafa mann til að annast þessi mál í Danmörku, en jeg álít það jafnnauðsynlegt að hafa slíkan sjerfróðan mann hjer heima. En nú sem stendur er hjer enginn slíkur maður. Stjórnin hefir gert alt, sem hún hefir getað, til þess að halda utanríkismálunum sem mest út af fyrir sig, og hefir í því efni haldið áfram í sömu áttina og þegar var byrjað á, en hún hefir því miður eigi haft á að skipa manni með sjerþekkingu á þessum málum til þess að annast þau.

Tek jeg þetta fram út af ummælum hv. fjvn. í greinargerð hennar, svo að Alþingi geri sjer það ljóst, hversu afarþýðingarmikið mál þetta er fyrir íslensku þjóðina, eigi síður en aðrar þjóðir.

Jónas Jónsson: Sumt af því, sem jeg ætla mjer að segja um þetta mál, verður að nokkru leyti endurtekning á því, sem háttv. frsm. (EÁ) hefir sagt.

Í raun og veru var eigi nema ein leið fyrir nefndina í máli þessu, en hún var sú, að segja já og amen, því allar fjárhæðirnar í frumvarpinu eru þegar greiddar, nema ein. Og það má segja það, að flestar hafi fjárgreiðslurnar verið nauðsynlegar og sumar lofsamlegar. Jeg vildi þó leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. (SE), hvort hann geti eigi hugsað sjer, að það hefði mátt fara öðruvísi að hvað viðvíkur byggingu prestssetursins á Mælifelli. Er ómögulegt að neita því, að ef verja skal úr ríkissjóði 30

þúsundum króna til þess að endurreisa hvert prestssetur, er brennur eða hrörnar, þá er það dýr saga. Getur slíkt oft komið fyrir, enda eru sum prestssetur á landi hjer í hörmulegu ástandi, og nægir í því sambandi að minna á Bergþórshvol. En fjárhagur landsins leyfir ekki margar slíkar byggingar. Hefði eigi verið úr vegi að athuga, hvort einhver bóndi í sókninni hefði verið fáanlegur til þess að lofa prestinum að búa hjá sjer. Tel jeg eigi ósennilegt, að fengist hefðu samningar við einhvern um þetta. Það er eigi mitt álit, að þessi eina fjárveiting verði til þess að setja landið á hausinn, en hættan er, að fleiri slíkar fjárv. renni í sama farið

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á fjárveitinguna til kirkjugarðsins í Reykjavík. Álít jeg það hina mestu nauðsyn að takmarka fjárgreiðslu til hans, enda er það athugunarvert, hvort eigi sje rjett að koma með frv. um hækkun legkaupsins. Væri þá rjettast, að hæstv. landsstjórn kæmi fram með það frv. Að vísu má segja, að eigi sje um legkaup að ræða annarsstaðar á landinu en í Reykjavík, en legkaup þetta er hverfandi lítill liður í þeim gífurlega útfararkostnaði, sem á sjer stað hjer í bænum. Er óhætt að segja, að meðaljarðarför kosti um 700 krónur. Þar af leiðir, að þó að legkaupið hækki eitthvað, þá verður það þó altaf lítill hluti af hinum mikla kostnaði við jarðarfarirnar. Annars væri rjettast að koma fram með frv. á þessu þingi, sem væri miðað við, að kirkjugarðurinn bæri sig. Held jeg, að sú hækkun á legkaupi, sem slík lög hefðu í för með sjer, yrði ei tilfinnanleg, þar sem það er hverfandi kostnaður við útfarir. Finst mjer að Reykvíkingar ættu að gera jarðarfarirnar ódýrari með öðru en lágu legkaupi.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á mómýrarnar. Stjórnin hefir keypt, sökum ádráttar frá fyrverandi stjórn, kort af mómýrum á Íslandi fyrir 5000 krónur. Seljandi var Einar Benediktsson skáld. Jeg álít þessi kort gersamlega þýðingarlaus og fjenu kastað í sjóinn. Vildi jeg vita, hvort stjórnin var lagalega bundin við þennan samning.

Hæstv. forsrh. (SE) tók það fram, að honum væri eigi kunnugt um, hvort ríkissjóður hefði nokkurn tíma fengið tekjur af störfum húsagerðarmeistara fyrir einstaka menn. Jeg skal taka það fram, að jeg þekki þennan mann og veit, að hann er mjög duglegur maður. Jeg geri því ráð fyrir, að hann hafi unnið meira eða minna fyrir aðra. Er mjer t. d. kunnugt um það, að hann hefir gert uppdráttinn að Eimskipafjelagshúsinu og sjeð um byggingu þess. Álít jeg, að eigi sje vafi á því, að þeir, sem eru í þjónustu landsins sem fastir starfsmenn, verði að láta það, sem þeir fá fyrir verk sín er svipað stendur á og hjer, renna í landssjóð.

Þá kem jeg að 2. gr. stjfrv., viðvíkjandi launaviðbót til sendiherra vors í Kaupmannahöfn. Enda þótt uppbót þessi hafi verið veitt heimildarlaust, þá hefi jeg þó skrifað undir nál. án fyrirvara, af því að annað var í raun og veru þýðingarlaust; þessu verður ekki breytt hjeðan af. En jeg er yfir höfuð mjög óánægður með alt skrifstofuhaldið. Jeg geri að vísu ráð fyrir því, að maður þessi standi vel í stöðu sinni. En sendiherrastaðan var altaf óþörf og efnt til hennar af fordild. En á það mun jeg minnast seinna.

Þá vildi jeg segja nokkur orð út af ræðu hæstv. forsrh. (SE). Jeg er honum alveg sammála um það, að nauðsynlegt sje að búa vel um utanríkismálin. En jeg er

honum algerlega ósammála um þá sögulegu hlið þessa máls. Jeg er sammála hæstv. ráðherra (SE) um það, að ungir menn eigi að læra erlendis, svo að þeir geti síðar komið fram fyrir landsins hönd, en hins vegar get jeg eigi sjeð, að það sje sjálfsagt, að þeir leiti allir til dönsku stjórnarskrifstofanna í því skyni. Jeg efast um, að mikið sje við það unnið. Vjer höfum nú góðan mann, skrifstofustjóra Krabbe, er öllum kemur saman um, að geti annast mál vor í Kaupmannahöfn. Vitanlega kemur einhvern tíma að því, að annar verður að taka við af honum, en til þess að undirbúa eftirmanninn þarf ekki að hafa skrifstofu, sem kostar landið um 40 þús. kr. á ári. Jeg er því, eins og jeg tók fram, mjög óánægður með fyrirkomulag sendiherraskrifstofunnar. Vjer höfum í Kaupmannahöfn gegnan mann til þess að annast þessi störf, auk þess sem ráðherrarnir fara þangað við og við. En úti í hinum stóra heimi höfum vjer enga fulltrúa. Þegar að því kemur, að vjer tökum að oss utanríkismál vor að öllu leyti, þá er óhugsanlegt, að vjer getum það með því ástandi, sem nú er, að vjer eigum engan mann, sem getur tekið slíkt starf að sjer, sakir vankunnáttu í erlendum málum. Ef til alþjóðafundar kæmi, þá tel jeg mjög vafasamt, að vjer höfum nokkurn mann, sem kann þolanlega ensku, hvað þá heldur mál stjórnmálanna, frönsku. Jeg vil því fara alt öðruvísi að en gert er ráð fyrir í stjfrv. Englendingar láta sonu sína ganga í sjerstaka skóla í París í þrjú ár, til þess að búa sig undir starf sitt á þessu sviði. En jeg hafði hugsað mjer, að við gætum notað þá menn, sem lært hafa til þessara mála, heima fyrir, sem sýslumenn eða dómara eða skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, og sent þá út, þegar þörf krefur, í stað þess, sem nú er, að halda menn ytra með ærnum kostnaði, sem geta eigi komið fram hjá stórþjóðunum fyrir okkar hönd, sökum ónógs undirbúnings. Jeg geri ráð fyrir, að jeg sje í minni hluta með þessa skoðun, en jeg fæ ef til vill tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir henni síðar.

Þá vil jeg koma að öðru atriði. Það er farið að viðgangast, að stjórnin beri ýms vandamál undir nefndir, en láti þau ekki koma til þingsins kasta. Og þetta eru oftast mál, sem helst þyrftu að vera opinber. Þetta er ekki nýtt hjá núverandi stjórn; óvaninn er orðinn gamall, en það er full þörf á því að setja loku fyrir hann. Með þessu er vald þingsins rýrt að miklum mun; það fær aðeins að samþykkja eftir á það, sem lofað hefir verið af einhverri nefnd bak við þingið.

Þá kem jeg að ábyrgðinni fyrir Reykjavíkurbæ. Jeg er ekki allskostar ánægður með hana. Jeg vil ekki neita því, að Reykjavík var nauðsynlegt að fá lánið og að það fjekst með sæmilegum kjörum. En á þessum tíma stóð svo sjerstaklega á, að Reykjavík verðskuldaði ekki, að stjórnin gerði þetta fyrir hana. Stjórnin vildi fá að breyta húsi, sem hún átti, Nýborg, til þess að hægt væri að nota það fyrir vínverslunina, en til þess þurfti leyfi byggingarnefndar. En þessu leyfi var neitað án þess að nokkur ástæða væri til þess; bærinn græddi ekkert á þeirri neitun. Þetta varð til þess, að landið varð að ganga að okurleigu hjá einstökum mönnum fyrir þessa verslun og hefir tapað á þessu stórfje. Jeg hefi heyrt, að heimtað hafi verið 20 þús. kr. í leigu í upphafi fyrir eitt húsið. Jeg veit ekki, hvort leigan varð svo há endanlega, en samt varð hún fyrir ofan alla sanngirni. Jeg verð að lýsa yfir því, að ef jeg hefði haft vald til þess sem þm. að neita eða

veita þessa ábyrgð, þá hefði jeg hiklaust sagt, að Reykjavík verðskuldaði ekki þessa hjálp, úr því að hún hefði beitt landið þessu lúalega bragði. Og það verður að koma í veg fyrir, að slíkt geti átt sjer stað framvegis. Það er aðeins fyrir seinlæti, að jeg er ekki kominn fram með frv. í þessa átt, en það kann að koma. Að vísu býst jeg við, að slíkt frv. yrði felt, því að það er nú orðinn siður hjer í deildinni að fella skynsamleg frumvörp, sem miða til þjóðarheilla. Jeg vil ekki sakast um orðinn hlut, en framvegis má það ekki eiga sjer stað, að Reykjavík verði veitt sjerstök hjálp, ef hún seilist til þess að vinna landinu tjón, án þess að vinna sjálfri sjer gagn um leið.

Forsætisráðherra (SE): Jeg er sammála háttv. 5. landsk. þm. (JJ), að það sje sjálfsagt, að það, sem húsagerðarmeistari vinnur fyrir aðra og unnið er á skrifstofutíma hans, gangi í ríkissjóð. Ákvæðið hefir verið t. d. að krefjast þess, að Landsbankinn greiði fyrir vinnu hans við Landsbankahúsið, og verður því fje varið til þess að greiða skrifstofukostnað hans og fleira.

Þá kem jeg að prestssetrinu á Mælifelli. Jeg veit, að það er of dýrt að reisa prestssetur fyrir 30 þús. kr., og það þó að aðeins sje tekið tillit til prestsins. Leigan verður 4% eða 1200 kr., og prestar hafa ekki laun til þess að greiða svo háa húsaleigu. Og jeg skal upplýsa það, að enn er ekki búið að ákveða, hvað presturinn skuli greiða. En þessi mikli kostnaður stafar aðallega af dýrum flutningi. Á öðru prestssetri hefir einnig brunnið, og þarf að reisa af nýju. Það er á Dvergasteini. Jeg hefi heitið prestinum 10 þús. kr. láni og 5 þús. kr. styrk. Jeg álít, að prestssetur megi varla kosta meira, vegna húsaleigunnar.

Jeg er sammála háttv. þm. (JJ) um, að nauðsynlegt sje að hafa mann í London. Um sendiherrann vil jeg taka það fram, að nafnið er meira en formsatriði, því að þeir, sem eru sendiherrar, eiga alstaðar aðgang að og geta talað og samið við þá menn í hverju ríki, sem ráða mestu, og er það ólíkt hægari aðstaða en að verða að snúa sjer til undirmanna þeirra. Mjer þótti vænt um, hvað hv. þm. (JJ) sýndi mikinn skilning á því, að nauðsyn bæri til að gera mikið fyrir utanríkismálin, og jeg held, að okkur beri ekki svo mikið á milli í raun og veru. Jeg er honum sammála um það, að þessir menn þurfa að læra heimsmálin og venjast við þau störf, sem þeim verða falin.

Viðvíkjandi sendiherra okkar í Danmörku vil jeg geta þess, að hann hefir orðið okkur að mjög miklu liði. Hann hefir verið sendur í fleira en eitt land, t. d. til Spánar og Englands, og nú síðast til Noregs, vegna kjöttollsins, og þar hefir hann sýnt mikla festu, eins og skjöl málsins munu sýna, þegar þau verða lögð fram.

Sammála er jeg háttv. þm. (JJ) um það, að ekki sje heppilegt að fá aðeins tillögur fjárveitinganefnda um ýms mál, en leita ekki til þingsins. Mun þetta stafa frá stríðsárunum, þegar eðlilega varð að gefa svo fljót svör, að ekki vanst tími til að snúa sjer til alls þingsins, en sjálfsagt er að bregða sem fyrst frá þessum vana.

Um ábyrgðina fyrir Reykjavíkurbæ hefi jeg lítið að segja. Þörfin var svo mikil og kjörin svo góð, að sjálfsagt var að veita ábyrgðina. Það hefði líka að sjálfsögðu verið leitað til þingsins, ef tími hefði unnist til þess. En auðvitað var sjálfsagt að leita samþykkis þingsins á eftir.

Jón Magnússon: Mjer heyrðist hæstv. atvrh. (KlJ) halda því fram, að fyrverandi stjórn hafi gefið vilyrði um að kaupa mómýrauppdrættina af Einari Benediktssyni. Þetta hefir átt að gerast meðan jeg var utan, og vissi jeg ekkert um þetta mál fyr en jeg heyrði eitthvað talað um það í vetur. En það sanna í þessu máli mun vera það, að Pjetur heitinn Jónsson lofaði Einari Benediktssyni að leggja málið fyrir þingið með meðmælum sínum. Þetta hefir fyrverandi fjármálaráðherra (MG) sagt mjer. Annað vilyrði hefir ekki verið gefið, og var núverandi stjórn vitanlega á engan hátt bundin við þetta.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. frsm. (EÁ) kvartaði yfir því, að ekki hefðu verið lögð fram skjöl viðvíkjandi þeim málum, sem frv. fjallar um, en það er víst, að viðvíkjandi tveim þeirra hafa verið send hingað skjöl og önnur hafa verið boðin fram. Nefndin í Nd. hafnaði að minsta kosti skjölum viðvíkjandi mómýrauppdráttakaupunum og sagðist hafa sjeð þau nógu oft, sjer til leiðinda. Ef nefndin í þessari háttv. deild hefir meira gaman af þessum skjölum, þá er velkomið að hún fái þau. Þá hefir verið spurt um, hvort seljandi mundi hafa unnið mál, ef hann hefði höfðað það út af þessu, en jeg held, að svo hefði áreiðanlega ekki orðið. Háttv. 4. landsk. þm. (JM) upplýsti, að Pjetur heitinn Jónsson hafi aðeins lofað meðmælum sínum, og get jeg vel trúað, að svo hafi verið. En um þetta vissi stjórnin ekki. Einar Benediktsson hjelt því fast fram, að um fast loforð til kaupa hafi verið að ræða, og þóttist gabbaður, ef kaupin gengju ekki saman. Jeg rjeðist því í kaupin, en hitt var mjer ljóst, að seljandi hefði ekki unnið málið fyrir dómstólum. Það hefði ekki komið til mála. Annars er mjer sjálfum eðlilega alveg ókunnugt um þetta mál, en hlutaðeigandi skrifstofustjóri hefir samið athugasemdirnar hjer að lútandi.

Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) mintist á ábyrgðina fyrir Reykjavíkurbæ, og mjer skildist, að hann væri henni ekki með öllu samþykkur. En það var óhjákvæmilegt að ganga í þessa ábyrgð. Lánið var bænum bráðnauðsynlegt og kjörin ágæt. Jeg er háttv. þm. sammála um það, að það hafi verið ósanngjarnt að neita landinu að breyta Nýborg, og það hefir bakað ríkissjóði mikið tjón. Jeg tók þetta fram við borgarstjóra, en hann hafði gert sitt ítrasta til þess, að leyfið yrði veitt, og var því ekki rjett að neita honum um lánið eða láta bæinn í heild sinni gjalda þessarar undarlegu ósanngirni einstakra manna.

Um vald fjárveitinganefndanna skal jeg geta þess, að jeg er háttv. þm. (JJ) sammála. Þessi vani er frá stríðsárunum, eins og hæstv. forsrh. (SE) tók fram, en nú er hann að leggjast niður. Sjerstaklega skal jeg benda á, að stjórninni er enginn styrkur í því að leita til nefnda nú, þar sem kosningar standa fyrir dyrum og óvíst er, hvort þá verða sömu menn í þessum nefndum. Þessi vani er því nú að verða „en Saga blot.“ og á líka að vera það.

Jón Magnússon: Það er aðeins formleg athugasemd til stjórnarinnar. Jeg tek eftir því, að till. um ábyrgðina er frá atvrh., en ætti samkvæmt venju að koma frá fjrh. Þetta er ekki þýðingarmikið, en jeg tel rjettara frá formsins hlið, að slíkt komi frá fjrh.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg sje ekki ástæðu til að tala frekar um þetta mál nú, því jeg þarf engu að svara út af þeim

umræðum, sem hjer hafa orðið, því að þær hafa að mestu snúist um að skýra ýmsa liði í fjáraukalagafrv. Vænti jeg því, að háttv. deildarmönnum sjeu orðnir þeir fyllilega ljósir.

Ef brtt. á þskj. 291 verður samþykt, hlýtur fjárhæðin í 1. gr. að breytast. Verður því að líta svo á, að skrifstofan hafi heimild til að breyta henni samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 291 samþ. með 9:3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 12. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 309, 301, 327).

Frsm. (Einar Árnason): Út af ummælum hjer í deildinni við 2. umr. þessa máls, um uppdrætti af mómýrum, skal jeg geta þess, að atvinnumálaráðherra hefir sent þá nefndinni til athugunar. Eru uppdrættirnir gerðir af ensku fjelagi árið 1913. Virðast þeir vera vel af hendi leystir og hafa sjálfsagt kostað mikið fje. Þar sem þeir ná yfir mómýrar á svæðinu milli Þjórsár og Hítarár í Hnappadalssýslu. Annars ætlar nefndin ekki að leggja neinn dóm á það, hvort uppdrættir þessir muni nokkurn tíma koma að notum, en þótti hins vegar rjett að geta þessa. Þá er að minnast á brtt. hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) um, að þingið heimili landsstjórninni að ábyrgjast lán Reykjavíkurbæjar til vatnsveitu, er nemur ½ miljón króna. Nefndin sjer ekki, að hjá því verði komist að samþykkja þessa tillögu, þar sem stjórnin hefir þegar fyrir nokkru gengið í þessa ábyrgð. En nefndin vill taka það fram um leið, að hún telur ekki rjett, að stjórnin takist á hendur ábyrgðir fyrir hönd ríkisins, nema heimilað hafi áður verið af Alþingi. Þetta vill hún leggja áherslu á. Í þessum svifum hefir komið fram brtt. frá hv. þm. Vestm. (K-E), er fer fram á að hækka læknisvitjunarstyrkinn til Flateyjarhjeraðs úr 600 kr. upp í 900 kr. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um þessa tillögu, en hvað mig snertir persónulega, þá hefi jeg ekkert sjerstaklega á móti henni, og jeg býst við, að nefndinni sje það heldur ekkert kappsmál, hvort styrkurinn verður 600 eða 900 krónur.

Karl Einarsson: Aðeins örstutt athugasemd. Háttv. deild og sjerstaklega nefndinni er kunnugt, hvernig þessi upphæð er til orðin. Styrkurinn verður veittur með það fyrir augum, að meðan læknishjerað Flateyjar var læknislaust, varð hreppurinn að hlaupa undir bagga með þeim, sem til læknis þurftu að leita, og var varið til þessa talsvert meira fje en hjer ræðir um; jeg vona því, að háttv. deild fallist á þann milliveg, sem farið er fram á í tillögu minni.

ATKVGR.
Brtt. 327 samþ. með 9:3 atkv.
Vatill. 301 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 13 apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 337).

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Eins og háttv. þdm. sjá, hefir engin brtt. komið frá fjvn. við frv. þetta nú, enda hefir það mjög lítið breyst í háttv. Ed. Gjöldin hafa aðeins lækkað um 100 krónur, og svo hefir ábyrgðarheimild til handa landsstjórninni út af láninu til Reykjavíkurbæjar hæst við. En það er eitt atriði í nál. hv. Ed., sem jeg vil leiðrjetta. Í nál. stendur, að nefndin sje algerlega ósammála þeim ummælum í nál. fjvn. Nd., er lúta að því að hvetja stjórnina til þess að setja upp utanríkismálaskrifstofu til að líta eftir verslunar- og markaðshorfum í útlöndum. Þessi ummæli háttv. fjvn. Ed. eru bygð á algerðum misskilningi. Í nál. fjvn. hjer eru engin ummæli, er ætla megi að sjeu hvöt til landsstjórnarinnar í þessa átt. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa upp það, sem nál. segir um fjárveitinguna til Verslunarráðsins. Þar stendur svo, að nefndin telur stjórnina eiga að hafa á hendi, og þá utanríkisráðuneytið, það verk, er þessi fjárveiting var veitt til, og „vill nefndin því brýna fyrir stjórninni, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að hafa ætíð á takteinum ábyggilegar fregnir og skýrslur, er varða markað og markaðshorfur fyrir afurðir vorar og fleira, er þar að lýtur.“ Eins og háttv. þdm. sjá, er hjer ekki verið að fara fram á, að nein ný skrifstofa sje sett á stofn. En fjvn. vill enn sem fyr undirstrika, að þetta er skylda stjórnarinnar. Mun það heyra undir dómsmálaráðuneytið, og tel jeg sjálfsagt, að það geti framkvæmt það án aukins mannahalds, auk heldur án nýrrar skrifstofu.

Forsætisráðherra (SE): Það er ekki nema sjálfsagt, að stjórnin hafi þau störf á hendi, er hjer ræðir um, en jeg vil aðeins geta þess, að þau heyra ekki undir dómsmálaráðuneytið. Utanríkismálin eru orðin það umfangsmikil, að stjórnin hefir talið rjett að halda þeim alveg sjerstökum.

Pjetur Ottesen: Það er gott, að hæstv. stjórn hefir látið sjer að kenningu verða aðfinslur þær, er gerðar voru hjer í hv. deild út af ábyrgðinni fyrir Reykjavíkurbæ. Það leit út fyrir, að hæstv. stjórn ætlaði ekki að láta sjer nægja að veita ábyrgðina án leyfis þingsins, heldur ætlaði hún heldur ekki að leita samþykkis þingsins eftir á. En nú hefir hún bætt úr þessu, og tel jeg það vel farið, enda munu með þessu láni hafa verið fyltar 5 miljónirnar, eða vel það, sem ríkið stendur nú í ábyrgð fyrir fyrir Reykjavíkurbæ.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 389).

---

17. Fjárlög 1924.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1924 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Frumvarp það til fjárlaga fyrir árið 1924, sem háttv. deild nú tekur til meðferðar, er að mörgu leyti svipað fjárl. þeim, er þingið síðast gekk frá, fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár. Er það mjög eðlilegt, þar sem bygt er á hinum sömu tekju- og gjaldalögum. Fjárhagsleg afkoma lands og landsmanna hefir að vísu nokkuð lagfærst frá því, sem var fyrir ári síðan, en þetta kemur ekki fram í tölunum, því jafnframt hefir peningagildið lagast, þó segja hafi gengið, þannig, að þær krónur, sem við reiknum með nú, eru meira virði en þær, sem við reiknuðum með fyrir ári síðan.

Tekjurnar eru í frumvarpinu áætlaðar 7630000 kr., en gjöldin 7593000 kr., svo það er gert ráð fyrir hallalausum fjárlögum eða vel það. Eins og á sjer stað um flestar áætlanir, er hjer vitanlega að mörgu leyti um spádóma að ræða, og það því fremur, sem fjárlögin eru samin óheppilega löngum tíma á undan því, að þau koma til framkvæmda, og sökum þingtímans er við samningu frumvarpsins ekki einu sinni hægt að hafa yfirlit yfir afkomu síðasta árs til hliðsjónar, því það yfirlit getur ekki legið fyrir fyr en í janúarlok, en frumvarpið má tæpast fullgera síðar en í nóvembermánuði næst á undan. Yfirlit það, sem nú er fengið yfir tekjur og gjöld árið 1922, haggar þó í engu verulegu við áætlun frumvarpsins. Tekjumegin getur það verið álitamál að breyta eitthvað einstöku liðum í 2. gr., en yfirleitt bendir afkoma ársins 1922 til þess, að tekjuupphæðin áætlaða haldi lagi eða vel það, enda eru áætlaðar tekjur samkvæmt 3. og 4. gr., sem helst má búast við, að bregðist verulega í ár, áætlaðar miklu lægri en í síðustu fjárlögum. Jeg á við tekjur af skipum og bönkum. Um gjaldaliðina vil jeg síður fullyrða. Ekki svo að skilja, að jeg efist um áætlunina fyrir 1924, borna saman við 1923, en reynslan á eftir að sýna, hvernig gengur að framkvæma svo stórfelda lækkun, sem núgildandi fjárlög gera ráð fyrir. Það hefst áreiðanlega ekki nema með daglegri yfirlegu og ítrustu sjálfsafneitun frá bæði dóms-, kenslu- og atvinnumálaráðuneytum. Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er að því leyti ábyggilegra en fjárlögin fyrir árið 1923, gjaldamegin, að hjer er tillit tekið til gengismunar á lángreiðslum og öðrum greiðslum í erlendum gjaldeyri. Það nemur á 3. hundrað þúsund króna. Bæði jeg og aðrir mintust á þennan gjaldalið við meðferð fjárlaganna í fyrra. Hann var því miður jafnóumflýjanlegur, hvort sem hann stóð í fjárlögunum eða ekki, og því um það leyti ekkert aðalatriði að fá hann tölulega fram í fjárhagsáætluninni. En gengistap hefði þá varla verið hægt að áætla minna en hátt á 4. hundrað þúsund krónur, og hallinn á núgildandi fjárlögum yrði þá áætlaður um ½ miljón kr.

Í þessu sambandi skal jeg minnast á dálitla nýbreytni, sem menn sjálfsagt hafa tekið eftir í þessu frumvarpi, nefnilega að skuldalistinn er fluttur aftur í athugasemdirnar, en lánin í 7. gr. bara flokkuð

í erlend og innlend lán. Um ástæður fyrir þessu vísa jeg til þess, sem tekið er fram í athugasemdunum við frumvarpið. Jeg hygg það handhægra og ljósara að flokka lánin þannig, og óþarfi að vera að síprenta skuldalistann upp frá einni umræðu til annarar. Skuldirnar verða því miður samar við sig, hvort sem gert er.

Svo sem kunnugt er, lágu ekki fjáraukalög fyrir þinginu í fyrra. Nú liggja fyrir fjáraukalög fyrir 3 ár, 1920, 1921 og 1922. Mjer þykir það nóg, þó ekki sje bætt við því fjórða, 1923, enda liggja ekki sem stendur ástæður fyrir í þá átt: ef slíkt kynni að koma í ljós meðan þing stendur, sem jeg vona að ekki verði mikilar upphæðir, er ef til vill hægt að telja þær í fjáraukalögunum 1922, eða þá í fjárlögunum 1924, og má þá, ef nauðsyn krefur, greiða slík gjöld á yfirstandandi ári, gegn væntanlegri endurgreiðslu, þegar fjárlög 1924 eru gengin í gildi. Hjer er aðeins að ræða um fyrirkomulagsatriði í þetta sinn, en ekki um að taka þá stefnu upp að hafa aldrei fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár.

Þá sný jeg mjer að fjárhagsástandi ríkisins eins og það er nú, og skal jeg þá fyrst leyfa mjer að gefa eftirfarandi bráðabirgðaskýrslu um tekjur og gjöld 1922. Yfirlitið er gert á vanalegan hátt, meðal annars bygt á símskeytum frá gjaldheimtumönnum. Það geta enn bæst við upphæðir, sem snerta 1922, en varla svo stórum muni og ekki meira en gerst hefir með samskonar yfirlit.

Tekjur (áætlun sett í svigum): Fasteignaskattur (210000) 213300; tekju- og eignarskattur (700000) 1516500; aukatekjur (150000) 324200; erfðafjárskattur (20000) 36400; vitagjald (140000) 180000; leyfisbrjefagjald (10000) 14600; útflutningsgjald (600000) 793400; áfengistollur (250000) 367100; tóbakstollur (600000) 305700; kaffi- og sykurtollur (800000) 878400; vörutollur (1200000) 1315900; annað aðflutningsgjald (60000) 118900; gjald af konfekt- og brjóstsykurgerð (10000) 26000; stimpilgjald (500000) 353600; lestagjald (40000) 34600; pósttekjur (300000) 392100; símatekjur (1000000) 1102000. — Samtals (6590000) 7972900.

Tekjur af fasteignum (40050) 45000; tekjur af bönkum (250000) (70258); tekjur af ræktunarsjóði (20000) 24289; vextir af bankavaxtabrjefum (41000) 36085; útdregin bankavaxtabrjef (15000) 45800; arður af hlutafje í Eimskipafjelagi Íslands (6000) 0000; vextir (5000) 10000; tóbakseinkasala og greiðsla frá Landsverslun (390000) 755000; óvissar tekjur m. fl. (22400) 139400; hagsmunatrygging Sterlings 350000; ýmsar innborganir 723000. — Áætlaðar tekjur alls 7379450, en urðu 10171732.

Gjöld (áætlun sett í svigum): Greiðslur af lánum ríkissjóðs (1529400) 1760000; til konungs (60000) 60000; alþingiskostnaður (276000) 204800; gjöld samkvæmt 10. gr. fjárlaganna (305400) 334400; gjöld samkvæmt 11. gr. fjárlaganna (734400) 830400; til læknaskipunar og heilbrigðismála (826000) 774900; póstmál (480600) 458600; vegabætur (437900) 436600; strandferðir m. fl. (300000) 252800; sími (1018600) 1054400; vitamál (267600) 239300; andlega stjettin (402500) 437100; kenslumál (1270200) 1163800; vísindi, bókmentir og listir (281000) 252600; verkleg fyrirtæki (745800) 623600; skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur (4000) 36600; eftirlaun og styrktarfje (230400) 201400; óviss útgjöld (100000) 188300. — Áætluð gjöld samtals 9369800, en urðu 9309600;

gjöld samkvæmt lögum, fjáraukalögum o. s. frv. 686100, eða alls kr. 9997700.

Auk þess, sem hjer er talið, hefir aðallega í 24. gr. verið borguð rúm 1 miljón kr. til ýmsra framlaga samkvæmt lögum, einkanlega hluta, sem innlenda lánið sæla, 3 miljóna, átti að fara til, eins og jeg strax skal minnast á.

Í byrjun síðasta þings fór fyrirrennari minn með rjettu ýmsum óloflegum orðum um fjárlögin fyrir árið 1922, taldi útlitið mjög ískyggilegt og bjóst við að minsta kosti einnar miljónar halla á árinu, fyrir utan allan óvissan en væntanlegan tekjumissi og gjaldauka. Sjerstaklega var ekkert gert fyrir fyrirsjáanlegu gengistapi. Miðað við þáverandi ástand, held jeg, að þessi lýsing hafi í öllu verulegu verið nærri rjettu, en eins og yfirlitið ber með sjer, hefir betur ræst úr þessu en áhorfðist. Við höfum komist klaklítið yfir árið; ef afborgun á lánum er talin frá eiginlegum gjöldum, eins og vant er að gera, þó ekki sje allskostar rjett, þá er um verulegan tekjuafgang að ræða. Auk þess, sem talið er í yfirlitinu, hefir allstórum upphæðum verið varið til framkvæmda, sem innlenda láninu, 3 miljóna, átti að verja til, en það er löngu uppetið, sem kunnugt er. Síðastliðið ár hefir því orðið bæði að *renta það og afborga*, og auk þess að leggja fram fje til þess, sem lánið átti að fara í. Bæði sökum þessa og sökum tekjueftirstöðva, einkum af tekjuskatti, voru töluverðar skuldir í viðskiftaliðum ríkissjóðs um áramótin. Þær verður hægt að greiða, en það er ógerningur að halda því áfram af árlegum tekjum að verja fje til framkvæmda, sem áttu að gerast fyrir löngu brúkað lánsfje. Þó ekki væri annað, þá er það reikningslega alveg skakt. Annaðhvort verður að veita nýtt lán til framkvæmda samkvæmt brúalögum, vitalögum, ef þau koma, áveitulögum símalögum o. s. frv. eða þá að gera fyrir þessum gjöldum í árlegum fjárlögum.

Viðvíkjandi hinum einstöku liðum á reikningsyfirlitinu fyrir 1922 skal jeg taka það fram, að af tekjuliðunum í 2. gr. eru það aðeins tveir, sem hafa brugðist verulega, og er hvorugt eiginlega sorgarefni. Það var nefnilega tóbakstollurinn, sem ekki nemur nema 305700 kr., móts við tæp 400000 kr. 1921, og áætlaður 600000 kr. Ríkissjóður hefir þarna orðið af tekjum, en þesskonar tekjumissi má hann vel við una, því landið í heild hefir þarna auðsjáanlega losnað við stóra útborgun til útlanda fyrir tóbak. Stimpilgjaldið nýja hefir líka alveg brugðist; af því höfðust ekki nema 353600 kr., móts við áætlaða ½ miljón. Líklega er hjer aðeins um skakka áætlun að ræða, en ef nokkurt breytt ástand liggur til grundvallar fyrir þessu, þá er það minna „brask", og er þá hættur skaðinn.

Hinir aðrir tekjuliðir í 2. gr. hafa að meira og minna leyti farið fram úr áætlun og fram yfir tekjurnar 1921, vel flestir, að svo miklu leyti, sem þeir eru samhæfilegir sökum breyttra lagaákvæða. Tekjuskatturinn er langt fram úr áætlun, en þar er sá ljóður á, að eftirstöðvarnar eru miklar. Einna gleðilegasti tekjuliðurinn er útflutningsgjaldið, ekki svo að skilja, að þeir peningar sjeu betri en aðrir, þvert á móti, en upphæðin, 793400 kr., borin saman við ca. 600000 kr. 1921, þegar frá er dreginn endurgreiddur síldartollur í ár, en sem rjettilega á heima á 1921, bendir á, að útfluttar vörur okkar síðastliðið ár hafi numið að minsta kosti 10 milj. meira en 1921. Sama máli er að gegna um kaffi- og sykurtollinn, sem hefir farið verulega fram úr bæði næsta ári á undan og áætlun. Hann er góður mæli-

kvarði á afkomu almennings og bendir til þess, að hún hafi, þrátt fyrir alla örðugleika, verið töluvert skárri síðastliðið ár en undanfarandi.

Tekjur af bönkum í 4. gr. eru einar 70000 kr., þar af ágóðahluti af Landsbankanum ca. 34000 kr., hitt seðlagjald, og er þetta langt fyrir neðan 175000 kr., sem tekjurnar voru 1921, og 250000 kr., sem áætlað var. Þetta er að vísu sorglegt, en ekki sorglegt nú, því hjer er verið að afplána gamlar syndir, töpin 1919 og 1920, auk þess sem Landsbankinn hefir afskrifað tap sitt á enska lánin. Þessi töp voru vágestir miklir á sínum tíma og aðalundirrót okkar meina, en það eitt út af fyrir sig, að þau sjeu gerð upp og þá tekin eins og þau eru, er skref í áttina til heilbrigðara ástands, og því fremur gleði- en sorgarefni.

Gjaldamegin hafði, eins og jeg gat um, í 7. gr., ekki verið gert neitt fyrir gengismun, enda fer sú grein rúm 200 þús. kr. fram úr áætlun. Annars er í flestum gjaldagreinum minna greitt en áætlað. Það er aðallega í 11. gr., sem umframgreiðsla er, nefnilega til aukinnar landhelgisgæslu 70000 kr. og til gjalda samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaganna 127000 kr.

9. gr., alþingiskostnaður, er rúmlega 71000 kr. undir áætlun. Það getur stjórnin ekki talið sjer til heiðurs; hann á þingið í fyrra óskiftan. Að öðru leyti má nefna 12. gr., sem er rúmum 50 þús. kr. undir áætlun, 13. gr. ca. 75000 kr. Þar eru símagjöldin þó ca. 35000 kr. yfir áætlun, 14. gr. og 16. gr. með 72000 kr. og 122000 kr. undir áætlun.

Í stuttu máli er þá afkoma landssjóðs þetta ár sú, að okkur hefir tekist að halda við, eða vel það, okkur hefir tekist að stansa á þeirri óðflugaferð niður í glötun fjárhagslegs ósjálfstæðis, og við höfum fengið svigrúm til þess að snúa við og reyna að halda upp á við aftur, enda verðum við að klífa til þess þrítugan hamarinn að komast upp aftur og út á víðan völl, þar sem hægt verði að taka til við nauðsynlegustu og vandgeymdustu framkvæmdir. — Þessari stefnu verðum við að halda, og hún er afmörkuð fyrir yfirstandandi ár og fyrir hið næsta með frv. því, er nú liggur fyrir. Hlutverk þingsins í þessu efni er tiltölulega auðvelt; það tekur að minsta kosti enda; það er aðallega að láta ekki fá sig út úr stefnunni. Í framkvæmdinni hvílir þetta mest á fjármálaráðherra. Hann verður, hver sem hann er og hverjum flokki sem hann fylgir, daglega að hafa þessa stefnu fyrir augum; hann verður að spara bæði krónuna og eyrinn, og þó stöðugt að gera greinarmun á því, sem verulegt er og ekki, því, sem til hagsmuna horfir, og því, sem má bíða. Og hann má umfram alt ekki fara að hugsa um að vinna sjer til frægðar, með því að fara að leggja fje í einhver, kannske í sjálfu sjer glæsileg og góð fyrirtæki, ef þau eru ekki samrýmanleg rjettri stefnu í fjárhagsmálinu. Hann verður frá fyrsta degi að gera sjer það ljóst, að hann aflar sjer ekki vinsælda með starfi sínu; hann verður að ganga að því með opin augun, að hann, ef hann gætir skyldu sinnar, vinnur sjer hvorki til frægðar nje langlífis, svo jeg víki dálítið við orðum Magnúsar konungs. Hann verður að eiga þá rjettu þjónslund, þjónslundina gagnvart rjettu málefni, og hann má engum öðrum herrum þjóna. Enginn skilji orð mín svo, að jeg sje að kvarta fyrir mitt leyti yfir aðbúðinni; þvert á móti mega menn hjer eiga það, að þeir láta vel að stjórn, þegar þeir sjá, hvað fara gerir. Mjer hefir veitt auðvelt að koma mönnum

í skilning um, hvert stefndi, og það var oft auðveldast með þá, sem bágast voru staddir. Einstöku menn, sem fullhagvanir voru á þessum slóðum, býst jeg við, að hafi huggað sig við það, að „all skammar mun skúr sjá", en það er einmitt það, sem hún má ekki verða. Ef við höldum ekki stefnunni, með allri skynsemd náttúrlega, þangað til við erum komnir úr kútnum, ef nú eða næsta ár er tekið til aftur að rupla landssjóð, þá er unnið fyrir gýg og ver farið en heima setið. Það má skifta um stjórnir og það má skifta um þing, en stefnunni verður að halda; annars snýst það, sem rjett hefir verið gert, upp í misrjetti, og það á það ekki skilið.

Þegar maður athugar „status" landssjóðs, yfirlit yfir eignir og skuldir, eins og hann er í landsreikningnum fyrir 1921, í lok þess árs, sjest það fljótt, að „já'r ei við hreptan hag að búa". Skuldirnar eru þá 16385000 kr. Þar eru líka taldar ýmsar eignir, þannig að umfram skuldir eigi ríkið 13718000 kr. Jeg skal ekki rengja þá skýrslu, en maður sjer á augnabliki, að þar eru taldar margar eignir, sem ekki eru samboerilegar skuldunum, sem aldrei verður hægt að verja til þess að borga skuldir með. Vitarnir eru taldir alt að 1 miljón kr. virði, en við hvorki getum nje viljum selja þá til þess að borga upp í skuldir. Símakerfin eru talin upp undir 3 miljónir, en við hvorki getum nje viljum selja þau fyrir það, og þau renta heldur ekki þessa upphæð. Alveg sama er að gegna um eignir til almennrar og nauðsynlegrar notkunar, skólahús, spítala og hæli, kirkjur og prestssetur og, að mínu áliti, einnig um þjóðjarðirnar. Í eignum, sem hugsanlegt er og forsvaranlegt að telja upp í greiðslu á skuldum, eigum við í hæsta lagi 6 milj., og eru þá eftir 10 milj. rúmar af skuldunum, sem við að vísu meira en eigum fyrir, en sem við ekki eigum arðberandi eignir fyrir, er geti rentað og afborgað skuldirnar. Þessar 10 miljónir verður því að borga af tekjum komandi ára; ef þeim eru ætluð 20 ár, þá ½ miljón á ári. Jeg er ekki að gera ráð fyrir, að engin ný lán verði tekin á þessu tímabili, en jeg geri ráð fyrir, að það verði aðeins tekin skynsamleg lán til arðsamra fyrirtækja, sem þá sjálf borga lánin, eða nauðsynlegra fyrirtækja, og sje þá strax gert fyrir tekjum til rentu og afborgana. En slík lán koma ekkert þessu máli við. Þær 10 miljónir, sem jeg mintist á, eru tapaðir peningar og verða að borgast af árlegum tekjum. Það var það, sem jeg átti við áðan, að ekki væri allskostar rjett að telja allar lánaafborganir frá tekjuhalla eða með til tekjuafgangs hvers árs. Þessar afborganir eru nauðsynlegar og hagur ríkisins er ekki í rjettu horfi, nema tekjur og gjöld standist á, þótt þessar afborganir sjeu taldar með gjöldum.

Það hafa heyrst ýmsar skýringar á því, hverjar orsakir liggi til þess, að fjárhag landsins er komið sem komið er. Jeg skal ekki fara út í það, en aðeins í fáum orðum taka fram það, sem landsreikningar síðari ára segja um þetta. Ef maður tekur eiginlegar (ordinærar) tekjur og gjöld fyrir sig og telur ekki tekjur af lánum eða eyddum eignum og heldur ekki gjöld, sem verðmæti hefir fengist fyrir, sýnir það sig, að árlegar tekjur landssjóðs fyrir stríðið, 1913 og 1914, námu ca. 2 miljónum, 1915 2½ og 1916 3 miljónum, og gjöldin stóðust nokkurn veginn á við þetta og skuldirnar voru ríflega á við eins árs tekjur. En svo fer að fara út um þúfur. 1917 og 1918 eru tekjurnar áfram ca. 3 miljónir, en gjöldin fyrra árið rúmar 5 milj. og síðara árið rúmar 6 milj. Þarna fara þá rúmar 5 miljónir. 1919 eru tekj-

urnar loksins samræmdar dýrtíðinni og standast vel á við gjöldin með hjer um bil 8 milj. króna. En svo fer strax um þverbak aftur 1920 og 1921; tekjurnar eru þær sömu, rúmar 8 miljónir, en gjöldin fara, sökum launalaga, dýrtíðaruppbótar o. s. frv., rúmlega 3 og tæpar 3 milj. fram úr þeim hvort árið. Þarna eru þá komnar þær 10—11 miljón króna skuldir, sem nú þjaka oss og stafa frá því, að við í hvorttveggja skiftið vorum tveim árum of seint á ferðinni með að samræma tekjur og gjöld. Það verðum við að láta okkur að varnaði verða.

En það er fleira, sem má lesa út úr reikningum þessara ára, og nú sný jeg mjer að ástandi lands og þjóðar yfirleitt, og í því er hagur landssjóðs ekki nema lítill þáttur, þó harla þýðingarmikill sje. Grundvöllurinn til hags okkar nú er lagður á stríðsárunum, fyrst hægt, en svo með sívaxandi hraða. Landsreikningarnir, sem jeg nefndi, bera það með sjer, hvernig dýrtíðin geisaði yfir landið, taumlítið. Af dýrtíðargróðanum, sem ríkin annars tóku drjúgan skerf af, og stundum því nær allan og vörðu til viðhalds þeim hluta mannfjelagsins, er fyrir mestum hallanum varð, fjekk landssjóður ekki nema lítið og of seint; hafði því ekki fje aflögum til verulegra ráðstafana móti dýrleikanum og varð að lána fje til þess að standast þá verðlagshækkun, er beint á honum lenti. Dýrtíðin keyrði fram úr öllu; fjölfróðir menn hafa haldið því fram, að Reykjavík um það leyti væri dýrasti staðurinn á hnettinum. Fjeð, sem ekki var hirt hjá stríðsgróðamönnunum, laut hinu forna lögmáli: „illur fengur illa forgengur".

Þegar svo hrapið kom, tekjur minkuðu og eignir fjellu í verði, en framleiðslukostnaður og skuldir hjeldu fullri hæð, steyptust atvinnurekendur auðvitað um koll. Með blað og blýant í hendi konstateruðu bestu höfuð þjóðarinnar, að fiskiveiðar og kvikfjárrækt borgaði sig ekki á Íslandi. Nú sjá, sem betur fer, bæði þeir og aðrir, að þetta var of alment til orða tekið. Blessaður þorskurinn og sauðkindin voru saklaus í þessu; það var bara svona máti að reka atvinnu upp á, sem ekki borgaði sig. En við stöndum eftir með tvær hendur tómar, og það því minna sem við erum skuldugir.

Við erum líkt staddir og Ísraelsbörn í eyðimörkinni forðum. Við höfum dansað kringum gullkálfinn, erum að súpa seyðið af honum og verðum nú að fara að draga okkur yfir eyðimörkina í áttina til hins fyrirheitna lands. Og við verðum að finna leiðina sjálfir. Það er engin von á skýstólpa eða eldstólpa til að vísa okkur veg, enda gerist þess ekki þörf, því við höfum nóga vísbendingu í því, sem bæði við sjálfir og aðrar þjóðir hafa gert með góðum árangri, þegar líkt stóð á. Eftir fyrri styrjöldina miklu á fyrstu árum 19. aldarinnar og eftir hrun þjóðbankans danska, þegar við stóðtöpuðum og alt fór í kalda kol, eftir því sem farið gat á þeim tímum, var þetta unnið upp aftur á nokkrum árum með atorku, iðju og sparsemi; við lærðum aftur að búa að okkar eigin framleiðslu frekar en áður, við lærðum að hjálpa okkur sjálfir. Sú kynslóð, sem ólst upp í þessum heilsusama skóla, var grundvöllurinn að öllum þeim framförum, sem við tókum fram um síðustu aldamót. Líkt stóð á um sama leyti bæði hjá Dönum og Norðmönnum, nema því meira áberandi sem þeir voru komnir lengra á veg og með líkri aðferð komust lengra í framförum. Alveg sama dæmið er til hjá Svíum, og það líkara okkar sem það er eldra, nefnilega eftir ófarirnar um 1720. Og ef vel er aðgætt, sjáum við, hvernig allar þjóðir, sem

eiga sjer viðreisnar von, nú feta þessa erfiðu braut, og atvinnuleysið, sem helst hamlar öðrum þjóðum, á sjer ekki stað hjer í sambærilegri mynd. Atvinnuleysið hjá iðnaðarþjóðunum stafar af því, að þættir, sem þær ekki ráða yfir í atvinnurekstrinum, erlendir þættir, hafa bilað eða horfið úr sögunni. Okkar atvinnuleysi, að svo miklu leyti sem það kemur fyrir, á sjer aðeins orsök í handvömm og skipulagsleysi innanlands.

Umfram alt verðum við að vita það, að okkur dugir ekki að hugsa um að hlaupast undan bagganum, sem við höfum bundið okkur. Við megum ekki hugsa okkur eitthvert allsherjar töframeðal, eitthvert þjóðráð, sem á ódýran hátt og með klókindum geti losað okkur við baggann. Slíkt þjóðráð er alveg áreiðanlega ekki til; það er ekki til og það væri alveg óheilbrigt og móti allri hugmynd um rjettlæti hlutanna, ef við gætum hegðað okkur eins og við höfum gert og losnað við afleiðingarnar á nokkurn annan hátt en að vinna þær af okkur. Því er alveg eins varið með þjóðir og einstaka menn, sem hafa lent í braski, skuldavafstri og reiðileysi. Annar tekur sig til með tápi og vinnur sig upp aftur, hinn grípur eitthvert „þjóðráð", skrifar falskan víxil eða eitthvað þvílíkt.

Okkur er alveg óhætt að leggja út á hina erfiðu braut í fullu trausti þess, að hún liggur til framtíðarlandsins okkar. Við eigum atvinnuvegi, arðvænni og tryggari en flestar aðrar þjóðir, og það má bæta við þá því nær ótakmarkað; vinnandi menn okkar til lands og sjávar standa ekki öðrum að baki að dugnaði og atorku, en á sumum sviðum að verklegri þekkingu. Það eru töluverðir ágallar á því, hversu afurðir okkar komast á markað, sem eðlilegt er, því fram að þessu hafa útlendingar sjeð um það; við höfum ekki fylgt þeim lengra en að skipshlið, en þetta á fyrir sjer að lagfærast. Innflutning höfum við lengur stundað, og fer hann betur úr hendi.

Jeg held, að við sjeum mjög skamt komnir í, eða öllu heldur að okkur alveg vanti efnalega mentun. 3. flokks vörur renna í okkur eins og nýmjólk fyrir 1. flokks verð. Kaupvilji okkar á útlent skran virðist ekki öðrum takmörkunum bundinn en kaupgetunni, og tæplega það. Þó að starfsemi og framleiðsla sje aðalatriðið, má heldur ekki vanrækja að geyma fengins fjár.

Von mína um efnalega viðreisn þjóðarinnar hefi jeg alveg bygt á henni sjálfri, og jeg hefi alveg hlaupið yfir öll vanaleg svigurmæli um þing og stjórn sem leiðtoga þjóðarinnar. — Þesskonar orðatiltæki eru orðin úrelt og alveg röng. Þing, sem byggist á almennum kosningum, og stjórn, sem byggist á þingræði, eru hvorugt svo til komin eða til þess ger að vera leiðtogar. Þvert á móti er það almenn reynsla í öllum löndum, að þau fylgja straumnum sem best þau geta. Það er alt önnur og að mínu viti bæði virðulegri og nytsamari staða, sem þing og stjórn hafa. Þau eru í þjónustu þjóðarinnar, þau vinna fyrir hana, greiða götu hennar, ekki með einhverjum stórstökkum, sem þjóðin ekki hefir athugað og því síður samþykt, heldur með daglegri og stöðugri starfsemi í ákveðna átt.

Um slíka áframhaldandi starfsemi í þjónustu efnalegrar viðreisnar var rætt á þinginu í fyrra. Það rjettmætasta í þeirri mótstöðu, er gerði að verkum, að ekki voru gerðar neinar ráðstafanir til þess að styðja útflutning afurða og til að draga úr innflutningi óþarfa, hygg jeg hafi verið tilfinning fyrir því, að þær uppástungur, sem komu fram, hafi þótt heimta of lítið

lítið samstarf af sjálfri þjóðinni, ráða of miklu fyrir þjóðina. En jeg er þess fullviss, að þingið einhuga og af fremsta megni vildi styðja útflytjendur til þess að koma á og framfylgja skipulagi, sem þeir sjálfir byndust fyrir í hinu mjög svo þýðingarmikla starfi þeirra. Innflutningi má mikið beina í rjetta átt með tollum, þannig að þeir styðji innlenda framleiðslu án þess að auka dýrtíð í landinu. Menn eru einhuga um bættar samgöngur sem skilyrði fyrir aukinni framleiðslu; í því efni kann að vera skoðanamunur á getu, en ekki á vilja. Minna er talað um, en ekki síður þýðingarmikið, að almenn líðan okkar, „standard of life", geti haldist og skánað. Þar rekur maður sig undir eins á eitt áhyggjuefnið, húsnæðisvandræðin í Reykjavík, sem um leið eiga þátt í því að halda uppi dýrtíð fyrir alt landið.

Svona mætti halda áfram lengi, og skal jeg ekki við þetta tækifæri þreyta menn á því; hjer liggja fyrir verkefni svo ekki sjer út úr. Það má segja um hvert þeirra, að það sje smátt, en margt smátt gerir eitt stórt: framþróun þessarar þjóðar.

Í slíkri viðreisnarstarfsemi, sem jeg hefi lýst, hefir þingið sinn ríkulega verkahring, ekki svo mjög á löggjafarsviðinu, því eðli sínu er frekar um framkvæmdarmál að ræða en löggjafar, heldur með því að halda uppi stefnunni gagnvart öfgum í tildri, sem á hana er reynt að hengja, og gagnvart skiftandi stjórnum, með því að skera úr, hvert málefnið skuli fremur tekið, þegar um margar nauðsynjar er að ræða, sem þó ekki er hægt að taka allar í einu, og með því að heimila fje og vald til hinna ýmsu framkvæmda.

Í þessu liggur, að eitt þýðingarmesta verk þingsins á svona tímum er þátttaka þess í myndun landsstjórnarinnar, í því að stofna hana með starf fyrir augum, en ekki kyrstöðu. Jeg telst til þeirra manna, sem álíta, að okkur hæfði best eins manns stjórn, en slíkt liggur ekki fyrir, því stjórnarskráin heimilar það ekki; þar á móti heimilar hún vissulega, að þeir sjeu ekki nema tveir. Einn athugaverðasta þáttinn í pólitík síðari ára hygg jeg vera samsteypustjórnirnar; því fyr sem við komumst út úr þokunni, því betur. Mjer er heimilt að segja fyrir mitt leyti og þeirra manna, er að mjer standa, að við viljum stuðla að hverri framsóknarviðleitni einn ig á þessu sviði.

Þegar þeir menn, sem nú ætla að taka til máls, hafa lokið sjer af, leyfi jeg mjer að leggja til, að umræðunni sje frestað og frumvarpinu vísað til fjárveitinganefndar.

Jón Þorláksson: Hæstv. fjrh. (MagnJ) hefir samkvæmt venju haldið tölu um fjárhag ríkisins og fjárhagshorfur. Jeg á sæti í andstæðu horni við hæstv. fjrh. (MagnJ) og þykir mjer rjett, að það komi fram, að ræða hans var ekki flutt svo hátt og skýrt, að mjer væri unt að fylgjast með, þrátt fyrir ítrustu athygli með því að halda lófa fyrir eyra, eða fá fult samhengi í ræðuna. En þó tókst mjer að heyra einstöku atriði, eitt eða tvö, er jeg vil ekki að standi ómótmælt stundu lengur. Annars virtist mjer margt vel og skynsamlega sagt í ræðunni, þó að jeg þori ekki að fullyrða, að jeg hafi heyrt rjett.

Jeg vil ekki láta því ómótmælt, að þegar verðfall íslenskra afurða hófst, en framleiðslukostnaður lækkaði ekki jafnframt og skuldir hjeldust óbreyttar, þá hafi atvinnuvegir landsins steypst um koll. Þetta er ekki rjett. Gifta þessa lands hefir orðið þeim mun dýrgri en óheillavættir þess, að

atvinnuvegirnir hafa aldrei steypst, heldur standa enn þá rjettum fótum. Hæstv. fjrh. sannaði þetta sjálfur, er hann sagði, að útflutningur afurða hafi á árinu 1922 orðið talsvert meiri en menn hefðu gert sjer vonir um. En besta sönnunin er þó, að þrátt fyrir alla fjárhagserfiðleika hefir enginn heilbrigður atvinnurekstur hjer á landi þurft að leggjast niður fyrir fjárkröggur.

Öðru atriði vil jeg og mótmæla, hafi jeg heyrt rjett. Mjer heyrðist hæstv. fjrh. (MagnJ) segja, að einatt væri talað um þing og stjórn sem leiðtoga, jafnt á sviði fjármálanna sem öðrum sviðum, en að þetta væri misskilningur, því þing og stjórn gerði ekki annað en berast með straumnum í þessu efni. Jeg vil segja honum það, að jeg get ekki borið traust til þeirrar fjármálastjórnar, sem álítur rjett og eðlilegt að berast með straumnum á slíkum tímum sem nú eru.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) var í hörðustu slagsmálum við vindmylnur. Jeg hefi ekki sagt, að íslenskir atvinnuvegir væru hættir að borga sig. Það hefi jeg heyrt eftir öðrum manni nú fyrir nokkru. En það er í alla staði eðlilegt, þegar afurðir lækka í verði, en framleiðslukostnaður hinn sami eftir sem áður, að þá steypist sá atvinnurekstur, ef ekki er fyrir hendi forn gróði eða annað fje, til þess að greiða þann halla. En jeg hefi ekki sagt, að svo sje komið nú.

Hv. þm. (JÞ) var í enn stærri vindmylnu, þegar hann gat þess, að hann treysti ekki þeirri fjármálastjórn, er ljeti fljóta með straumnum. Jeg var alls ekki að tala um fjármálastjórn vora, heldur lýsti þessu alment. Jeg tók fram, eins og háttv. þm. veit, að þetta brennur við í öllum löndum, sem hafa þingræði. Þingin eru myndir kjósendanna stjórnirnar myndir þinganna, og er þetta talinn sjálfsagður hlutur. Og jeg tel einungis spurningu um það, hve skjótt þessi hreyfing berst hingað.

Jón Þorláksson: Jeg hygg að jeg hafi haft rjett eftir hæstv. fjrh. (MagnJ). Um heyrn mína er það að segja, að jeg hefi meðalheyrn, og jeg notaði hana svo vel sem mjer var unt. Hæstv. fjrh. (MagnJ) gat þess, að jeg væri í vindmylnum. Þetta vil jeg leiðrjetta. Jeg er í sama sal sem hæstv. fjrh. (MagnJ), sem sje í sal neðri deildar Alþingis, en ekki í neinni vindmylnu. Og jeg var ekki að „berjast við vindmylnur", sem stundum er að orðtæki haft í Danmörku, heldur var jeg að rökræða við hæstv. fjrh. (MagnJ).

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir enn misheyrst. Jeg sagði ekki, að hann væri staddur í vindmylnum, heldur að hann væri að berjast við vindmylnur. Annars vil jeg minna hv. þm. á, að sagan, er jeg tók samlíkinguna úr, Don Quixote, gerist ekki í Danmörku, heldur suður á Spáni.

Jón Baldvinsson: Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) mintist á, að atvinnuvegir vorir stæðu enn föstum fótum, og þykir mjer vænt um að heyra það, því í kaupdeilum þeim, sem staðið hafa hjer undanfarið, hafa hinir stærstu atvinnurekendur hjer haldið því fram í mín eyru, að atvinnuvegirnir borguðu sig ekki, og kaup þyrfti því að lækka. Mjer er því mikið gleðiefni að heyra þessa yfirlýsingu fulltrúa þeirra hjer á þingi, og sýnir það betur en nokkuð annað, að þá

er líka algerlega órjettmæt sú krafa þeirra, að kaup verkafólks eigi að lækka vegna þess, að atvinnuvegirnir borguðu sig ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar með 19 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var framhaldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 264, 254, 273).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg stend aðeins upp til að taka það fram, að fjárveitinganefnd geymir allar sínar athugasemdir til 2. umr., og geta háttv. þingmenn því komist í eldhúsið þess vegna.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla mjer ekki að vera lengi í eldhúsinu að sinni, og geta því háttv. þm. verið óhræddir fyrir mjer; þeir munu fá að komast þar að. Það eru aðeins tvær fyrirspurnir, sem jeg ætla mjer að koma með til hæstv. stjórnar.

Fyrri spurningin er viðvíkjandi Eyrarbakkaspítala í Árnessýslu. Mjer er tjáð, að ekki muni verða lokið við að fullgera það hús í fyrirsjáanlegri framtíð og eigi heldur muni vera trygging fyrir, að það verði nokkurn tíma tekið til rekstrar sem sjúkrahús. Það mun vera búið að greiða úr ríkissjóði um 50 þús. krónur til þessa fyrirtækis, en mjer skilst svo, að í fjárlögunum sje þessi fjárveiting bundin því skilyrði, að húsið komist upp og í öðru lagi verði tekið til rekstrar.

Síðari spurning mín er um það, hvort greidd hafi verið til ríkissjóðs uppboðsskuld fyrir fisk, sem seldur var að tilhlutun útflutningsnefndar, að upphæð ca. 9—10 þús. kr., og ógreidd var síðast, þegar jeg vissi til, eða hvort nokkrar líkur væru til, að ekki fengist greidd.

Það eru þessi tvö atriði, sem mjer sjerstaklega er hugleikið að fá upplýsingar um hjá hæstv. stjórn.

Pjetur Ottesen: Það eru tvær spurningar, sem jeg ætla að leggja fyrir hæstv. fjármálaráðherra (MagnJ), og jeg vænti að fá skýr svör við þeim.

Jeg hefi sem sje heyrt því fleygt, að þessi hæstv. ráðherra hafi laust fyrir áramótin ávísað úr ríkissjóði nokkurri fjárhæð til greiðslu á húsaleigu á Hótel Ísland, þar sem hann býr, og vil jeg fá að vita, hvort þetta sje rjett hermt, og ef svo er, þá hvaða heimild hæstv. ráðh. áliti sig hafa til að verja fje úr ríkissjóði til slíkrar greiðslu í eigin þarfir.

Í öðru lagi hefi jeg heyrt, og mun það rjett vera, að stjórnin hafi ábyrgst um ½ milj. kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ nú nýlega, og fýsir mig að vita, eftir hvaða heimild það hafi verið gert.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg get svarað báðum þessum fyrirspurnum hv. þm. Borgf. (PO) strax. Þegar jeg tók við ráðherrastörfum sýndi það sig fljótt, að nauðsyn var að hafa stofu, þar sem fólk gæti hitt mig utan þess tíma, sem ætlaður er til viðtals uppi í stjórnarráði. Bæði er það aðkomumönnum óþægilegt að þurfa kannske að dvelja hjer nóttunni lengur af því viðtalstími er úti, og ekki eru allir fyrir það að arka upp í stjórnarráð, þó þeir raunar hafi fult erindi, og því líkt er ástatt um marga daglega. Fyrir mig persónulega væri það

náttúrlega fyrirhafnarminst að vísa þessum mönnum frá og njóta næðis, í stað þess að afgreiða þá; en þann tímann, sem jeg er ráðherra, kæri jeg mig ekki um að reka starf mitt þannig. Jeg samdi því um leigu og innrjettingu á herbergi til þessara afnota, og er ekki í neinum vafa um, að jeg hafði fulla heimild til þess og það var ekki svo stórkostlegur samningur, að jeg hjeldi ráðherrafund um hann, enda hefir margfalt stórvægilegri málum fyr og síðar verið ráðið til lykta án þess að vera borin undir alt ráðuneytið. Jeg skal taka það fram, að hefði jeg haft íbúð á opinberan kostnað, eins og forsrh., eða eigin íbúð, eins og atvrh., hefði þessarar ráðstöfunar ekki þurft, en því var ekki til að dreifa, þar sem jeg bjó á hóteli; þar tekur maður ekki upp meira rúm en nauðsyn krefur, og jeg hefi hvorki aukið eða minkað mína íbúð meðan jeg hefi gegnt ráðherrastörfum.

Þá er ábyrgðin fyrir láni Reykjavíkurbæjar til vatnsveitunnar. Jeg býst við, að það verði leitað endanlegrar heimildar, þegar fjáraukalög fyrir árið 1923 koma fram. Svo stóð á, að bæjarstjórnin hafði fengið heimild til að leita þessa láns og hafði fengið tilboð um það, sem varð að afgerast strax, en gat þó alls ekki fengið lánið, nema stjórnin lofaði ábyrgð sinni. Það eru auðvitað mörg fordæmi fyrir því, að stjórnin ábyrgist lán fyrir bæjarfjelög. Þetta lán var tekið til viðauka við vatnsveitu bæjarins hjer, og var það full ástæða til þess að stjórnin veitti þessa aðstoð í útvegun lánsins.

Pjetur Ottesen: Hæstv. fjrh. (MagnJ) hefir svarað fyrirspurnum mínum, ef svar skyldi kalla. Að því er snertir fyrri spurninguna, um húsaleiguna, þá sagði hann, að nauðsynlegt hefði verið fyrir sig að leigja þetta herbergi, svo að hann gæti boðið þar inn gestum, sem erindi eiga við hann sem ráðherra. En nú vita allir, að hver ráðherranna fyrir sig hefir herbergi eða skrifstofu í stjórnarráðshúsinu, sem þeir veita þeim mönnum viðtal í, er erindi eiga við stjórnina; það er því orðin og á að vera föst venja, að ráðherrarnir sjeu þar til viðtals við menn, er þurfa að reka erindi sín við þá, enda miklu hagkvæmara á allan hátt fyrir almenning, að geta snúið sjer þar til ráðherranna en að þurfa að vera að elta þá út um allan bæ

Það er í alla staði gersamlega óheimilt hæstv. fjármálaráðherra að greiða úr ríkissjóði umgetna húsaleigu, þó undir þessu yfirskyni sje; það er öllum vitanlegt, að hjer er um hans privat herbergi eða íbúð að ræða og ekkert annað. Aðrir ráðherranna en hv. forsrh. hafa engan rjett til húsnæðis á ríkiskostnað fyrir sig eða sína, framar því sem þeir vitanlega gegna embættisskyldu sinni í stjórnarráðshúsinu. Þarna hefir því hæstv. fjrh. (MagnJ) gengið inn á alveg nýja og hjer áður óþekta braut, og vil jeg ekki láta það óvítt. Það er aðferðin, sem hæstv. fjármálaráðherra hefir hjer viðhaft, að taka þannig fje ríkissjóðs úr eigin hendi og verja til sinna þarfa, sem fyrst og fremst þarf að víta, og það svo, að slíkt komi ekki aftur fyrir; og ef ávítanir einar duga ekki í því efni, þá getur orðið þörf að grípa til kröftugri ráða.

Það þarf líka að gjalda varhuga við, að hver ráðherra, ef fleiri verða en einn í framtíðinni, geti ekki smátt og smátt komið því svo fyrir að láta ríkið borga íbúð sína, uns þeir að lokum hafa allir

ókeypis húsnæði. Tel jeg að koma beri í veg fyrir þetta strax í byrjun og láta slíkt ekki viðgangast átölulaust.

Hvað viðvíkur ábyrgðinni, þá er það nú víst orðin æðimikil fúlga, sem ríkið hefir tekið ábyrgð á fyrir Reykjavíkurbæ. Skiftir það víst nokkrum miljónum nú orðið. Hæstv. fjrh. (MagnJ) bar það fram stjórninni til afsökunar, að fordæmi væru fyrir því. Það er að vísu rjett, að ríkið hefir áður gengið í ábyrgð fyrir bæinn. En það er ekkert fordæmi fyrir því, ekki eitt einasta, að slíkt hafi verið gert í algerðu heimildarleysi, eins og nú. Í hið eina skifti áður, sem ekki var hein lagaheimild fyrir ábyrgð, þ. e. þegar rafveitulánið var tekið, leitaði þáverandi stjórn símleiðis álits þingmanna áður en ábyrgðin var látin í tje, og fjekk á þann hátt fulla trygging fyrir því, að ábyrgðin yrði formlega samþykt eftir á. Það er því þýðingarlaust að vitna til fordæmis fyrir slíkri aðferð sem þessari. Það er ekki til. Þetta er alveg ný aðferð, að ganga þannig í ábyrgð án heimildar þingsins. Í þessu lýsir sjer svo mikið kæruleysi og virðingarleysi gagnvart þinginu, að slíkt á ekki og má ekki koma fyrir.

Í sambandi við þessa hálfrar miljónar króna ábyrgð vil jeg geta þess, að jeg hefi heyrt, að hæstv. stjórn hafi gert það að skilyrði fyrir ábyrgðinni, að hún fengi 350 þúsundir af láninu í dönskum krónum í Kaupmannahöfn, sem hún síðan hafi notað til sinna þarfa. Hjer virðist því hafa verið um nokkurskonar verslun að ræða milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkurbæjar, og er það út af fyrir sig dálítið óviðfeldið. Hæstv. fjrh. (MagnJ) hefir orðið að viðurkenna rjettmæti ásakana minna á hann út af þessum atriðum, o.: má því alls ekki niður falla, að gangskör verði gerð að því að ráða bót á þessu.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. þm. Borgf. (PO) þótti óskýrt svar mitt við fyrirspurn hans, en svo var að heyra, að þar um hafi ráðið mestu, að hann hafi ekki viljað taka eftir því, sem jeg tók skýrt fram, að hjer er alls ekki um neina húsaleigu að ræða fyrir mig, eða að jeg hafi ókeypis íbúð. Herbergi það, er hjer ræðir um, er eingöngu í opinberar þarfir, en alls ekki prívat fyrir mig. Tek jeg því engum vítum frá honum í þessu máli.

Um ábyrgðina er það að segja, að það hefði verið það sama og að láta bæinn verða af láninu, ef bíða hefði átt þings með það. Frá bæjarins hendi var þetta mikið nauðsynjamál, að lánið yrði tekið, og lánskjörin sæmilega góð. Til þess því að láta ekki bæinn verða af láninu, varð það ofan á, að stjórnin hljóp undir bagga með honum.

Annað mál er það, að ríkið hefir keypt nokkuð af þessum gjaldeyri. Bærinn þurfti ekki á öllu láninu að halda þegar í stað. Var því engin ástæða til þess, að fjeð lægi á meðan óhreyft, þar sem ríkið þurfti hvort sem var á erlendum gjaldeyri að halda. Það er nú líka komið á daginn, að bærinn hefði engan hagnað haft af því, að fjeð hefði legið kyrt í erlendum gjaldeyri.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg mun eiga að svara þeirri fyrirspurn háttv. 1. þm. Skagf. (MG), hvort búið sje að greiða uppboðsskuld, 9—10 þús. kr., fyrir fisk, sem seldur var í Viðey. Þessi sala fór fram löngu áður en jeg tók við stjórn, og er jeg því ekki svo kunnugur málinu frá byrjun, að víst sje, að jeg geti gefið fullnægjandi svar nú; en jeg get þá bætt úr því seinna við tækifæri. Fiskur sá, er hjer ræðir um, var búinn að ganga gegnum margra hend-

ur, eftir því, sem jeg frekast veit, og var að lokum seldur á uppboði að tilhlutun útflutningsnefndar. Kaupandi fisksins greiddi síðar alt uppboðsverðið, nema 9 til 10 þúsund krónur. Voru gerðar margvíslegar tilraunir til að ná þeim hjá honum, en það tókst ekki. Loks kom svo í vetur erindi frá sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem þess var beiðst, að skuldin yrði gefin eftir, og var það gert. Ástæðan, sem til þess lá, var sú, að fiskurinn seldist á uppboðinu fyrir miklu hærra verð en annars hefði verið hægt að fá fyrir hann, eftir því sem mjer hefir verið frá skýrt, og varð því í raun og veru gróði af sölunni, enda þótt þessi hluti söluverðsins væri eftir gefinn. Hefði ekki orðið neitt betra að selja fiskinn miklu lægra verði, þótt það kaupverð hefði alt verið greitt.

Þá ætla jeg að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um fyrirspurnir háttv. þm. Borgf. (PO). Skal jeg þá fyrst geta þess viðvíkjandi húsaleigumálinu, að jeg hefi ekkert um það vitað nje heyrt minst á það fyr en nú í dag, og get jeg því ekkert um það sagt.

Þá hefir stjórninni verið lagt það til ámælis, að hún veitti Reykjavíkurbæ ábyrgð við lántöku í Danmörku. Jeg skal ekki um það segja, hvort það sje rjett, að ekkert fordæmi sje til fyrir þessu, en á mörgum öðrum stöðum er svipað fordæmi. Sem dæmi má nefna það, er hreppar taka lán, og þurfa til þess oft og tíðum ábyrgð sýslunefndar, þá er það oft, að sýslumaður tekur slíkt á sig og veitir leyfi fyrir hönd sýslunefndarinnar, upp á væntanlegt samþykki hennar, er hún næst kemur saman. Hjer er mjög líkt ástatt. Reykjavíkurbær þurfti á láni að halda til vatnsveitunnar og átti kost á láni með hagfeldum kjörum, ef ábyrgð fengist. Það var því blátt áfram nauðsynlegt fyrir bæinn, að þetta lán fengist, en það var gert að skilyrði af lánveitanda, að samningar yrðu gerðir innan viss tíma, 15. október að mig minnir. Engin stjórn hefði í þessum sporum viljað takast á hendur þá ábyrgð að neita bænum um ábyrgðina, svo að hann hefði orðið af þessu hagfelda láni. Það er því alls eigi rjett hjá háttv. þm. Borgf. (PO), að það lýsi á nokkurn hátt virðingarleysi fyrir hinu háa Alþingi, þótt ekki væri eftir því beðið með þetta mál. Jeg ber mjög mikla virðingu fyrir því og mundi aldrei takast á hendur ábyrgð á fjárveitingum án heimildar þess, nema brýnasta nauðsyn lægi til. En jeg skal viðurkenna, að rjettara hefði verið að bera ábyrgðina undir þingið nú og leita samþykkis þess, og er enn tími til að bæta úr því.

Hákon Kristófersson: Jeg hjó eftir því áðan, að hæstv. fjrh. (MagnJ) tók fram í hjá háttv. þm. Borgf. (PO), að hjer væri ekki um húsaleigu að tala, heldur væri þetta eingöngu skrifstofufje. Jeg vil nú leyfa mjer að spyrja: Hyggur hæstv. fjrh. (MagnJ), að þetta og annað eins gangi í nokkurn þingmann, að nokkur taki trúanlegt, að þetta herbergi, sem hann leigir á Hótel Ísland, sje notað fyrir skrifstofu? Öllum er kunnugt, að hann hefir opinbera skrifstofu í stjórnarráðinu. Þar eiga allir aðgang að að finna hann viðkomandi embætti hans. Þeir menn, sem heimsækja hann á Hótel Ísland, hljóta því að heimsækja ráðherrann þar sem prívatmann, og sje jeg ekki, að landið eigi að greiða húsaleigu í því skyni. Jeg get tekið undir það með háttv. þm. Borgf. (PO), að þetta sje í algerðu heimildarleysi gert, og vona jeg, að hæstv. ráðherra sjái sóma sinn í því að skila fjenu aftur. Það hafa áður verið, og er enn ráðherra, sem

enga húsaleigu taka úr ríkissjóði, nje til prívatskrifstofuhalds. Því skyldi ekki hæstv. atvrh. (KlJ) eins geta tekið leigu eftir eitt herbergi í húsi sínu, til þess að bjóða mönnum inn í?

Jeg fór að minnast á þetta af því, að jeg álít öldungis óalandi og óverjandi, að þetta gangi svo til framvegis, að slíkum kostnaði sje komið yfir á ríkissjóð. Ætla jeg, að þetta sje þó ekki neitt einstakt, heldur einn liður í langri keðju, sem sýnir, að hæstv. fjrh. (MagnJ) sje óhafandi og ómögulegur í því sæti, er hann skipar nú.

Það ber raun vitni, að fleira er í ólagi en með landhelgissjóðinn. Jeg trúði því ekki fyr en hæstv. fjrh. (MagnJ) játaði það á sig, að þetta gæti verið satt með húsaleiguna. Álít jeg, að sökin liggi að nokkru hjá hæstv. forsrh. (SE), því hann á að líta eftir, að svona hneyksli komi ekki fyrir innan stjórnarinnar. Jeg trúi því ekki, að hann, sem jeg þekki að mörgu góðu, ljeti slíkt viðgangast í heilt ár, hefði hann haft vitneskju um það. En að hæstv. forsrh. hefir ekki vitað um þetta, verð jeg að telja alls ónógt eftirlit frá hans hálfu á því, sem gerist innan stjórnarinnar.

Jeg ætla mjer ekki að verða neinn syndatínir stjórnarinnar, enda kannske ekki um margar syndir að tala. Samt vildi jeg spyrja hæstv. fjrh. (MagnJ) um söluna á Geysishúsinu, er notað var sem gistihús bæði fyrir útlenda og innlenda ferðamenn, hvort það hafi ekki verið selt fyrir mun lægra verð en hægt hefði verið að fá fyrir það á annan hátt. Eins vildi jeg spyrja um, hvort búsmunir þeir, er húsinu fylgdu, hafi ekki verið seldir fyrir nokkuð lágt verð, og hvort þess hafi verið nægilega gætt að hafa eins mikið upp úr húsinu og búsmununum eins og mátt hefði, ef vel hefði verið á haldið. Jeg ætla svo ekki að fara frekari orðum um þetta að sinni, en vænti, að hæstv. ráðherra gefi mjer svör við þessari fyrirspurn minni, svör, sem sjeu svo greinileg, að mjer og öðrum sjeu fullskiljanleg.

Forsætisráðherra (SE): Að því er snertir ábyrgðina fyrir Reykjavíkurbæ, þá er það mitt álit, að hjá því hafi ekki verið hægt að komast, en jeg vona, að hæstv. fjrh. (MagnJ) leiti síðar samþykkis þingsins viðvíkjandi því. Um húsaleiguna hefi jeg ekkert vitað fyr en nú.

Þá kem jeg að spítalamálinu á Eyrarbakka. Veit jeg ekki, hvort jeg get nú gefið fullnægjandi upplýsingar, eða eins nákvæmar og jeg vildi, en áskil mjer rjett til að gera það síðar.

Þetta er orðið mesta vandræðamál. Byrjaði með því, að menn fyrir austan byrja á að gangast fyrir byggingu spítala. Landlæknir mælir með því, og vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr brjefi hans:

> „Og verð jeg að segja, að þar er í smíðum eitt allravandaðasta sjúkrahúsið hjer á landi, og legg jeg eindregið til, að hið háa dómsmálaráðuneyti fallist á og samþykki gerð hússins, sem er hálfsmíðað.“

Það hefir staðið í miklu stappi um málið milli spítalanefndar og stjórnarinnar. Stjórnin hjelt því fast fram, að hún myndi ekki greiða af höndum fjárupphæðina fyr en skilyrðum fjárlaganna væri fullnægt. Í vetur kom málaleitun frá spítalanefnd, þar sem sýnt var fram á, hve miklu fje hefði þegar verið varið til spítalans, og farið fram á, að stjórnin greiddi þessar 80000 krónur, sem heimilaðar eru í fjárlögunum fyrir 1922. Nú hafði stjórnin altaf talið undirskilið, að sýslunefndin í Árnessýslu legði fram 40000 krónur á móti till ginu

úr ríkissjóði. Spurðist stjórnin því fyrir um, hvort fje þetta hefði verið greitt, eða hve nær ætti að greiða það, en svör sýslunefndaroddvita voru ekki svo skýr, að neitt ákvæðið yrði ráðið af þeim. En til þess að bæta úr brýnustu vandræðunum greiddi stjórnin 50000 kr. á móti því, sem einstakir menn höfðu þegar lagt fram. Standa því eftir 30000 kr., er spítalanefndin leggur ríka áherslu á, að greiddar verði nú þegar. Byggir hún það á því, að stjórnin hafði sent skeyti og lofað að greiða fjeð, þegar skilyrðum fjárlaganna væri fullnægt. Í þessu skeyti var ekki tekið fram, að nægilegt fje yrði að vera fyrir hendi til þess að fullgera spítalann, en það þótti stjórninni svo sjálfsagt atriði, að ekki þyrfti að taka það fram. En nú neitaði stjórnin að greiða þessar 30000 kr., sem eftir standa, fyr en sýslan hefir greitt þær 40000 kr., sem um var talað, enda hefir sýslunefndin lofað að leggja það fje fram, eftir skýrslu, sem stjórnin hefir fengið frá spítalanefndinni. Þar segir svo:

> „Samkvæmt ályktun aðalfundar sýslunefndar Árnessýslu 1920 er heitið styrk úr sýslusjóði, helmingi á móti ríkissjóðsstyrk, til þess að koma upp spítala á Eyrarbakka. Er sú upphæð nú *kr. 40000* og stendur sú ályktun sýslunefndarinnar óhögguð. Þetta lofaða fje hefir spítalanefndin upp á að hlaupa við framhaldsbyggingu spítalans".

Stendur nú í þessu stappi, að sýslunefndin hefir ekki greitt fjeð og ekki heldur gefið nein ákveðin loforð um greiðslu, og vill stjórnin því ekki inna af höndum eftirstöðvarnar af fjárveitingunni. Verði spítalanum ekki haldið áfram, verður að reyna að krefjast endurgreiðslu á þessum 50000 kr. Annars álít jeg, að málið sje komið svo langt, sjerstaklega þar sem sýslunefndin í Árnessýslu hefir leyft Eyrarbakkahreppi að taka að sjer rekstur sjúkrahússins, að hún muni tæplega geta dregið sig í hlje, heldur muni hún greiða þessar 40000 kr. Að öðrum kosti mun stjórnin ekki greiða þær 30000 kr., sem eftir standa, nema þingið skipi svo fyrir.

Annars er jeg fús á að rannsaka mál þetta betur og gefa nánari skýrslu, ef þess yrði óskað og tækifæri gefst síðar.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. þm. Barð. (HK) tók upp spurninguna um herbergisleiguna. Jeg skal ekki bæta öðru við út af fáyrðum hans en að jeg lít á þetta sem sjálfsagðan hlut, er gerður hefði verið fyrir hvern annan opinberan starfsmann, sem líkt hefði staðið á um, þar sem hjer er að ræða um herbergi, er jeg þarf eingöngu að nota stöðu minnar vegna. Það ætti að vera ofurljóst, að jeg get ekki vísað mönnum, sem við mig eiga erindi, upp í stjórnarráð á hvaða tíma sem er.

Þá vildi sami háttv. þm. fá að vita um Geysishúsið, áður en hann talaði nánar um það, hvort það hefði ekki verið selt og við hvaða verði. Jeg skal fúslega skýra honum frá, að húsið var selt til læknisbústaðar og sjúkrahælis í Grímsneshjeraði fyrir 3000 kr. Einnig voru ýmsir innanstokksmunir, svo sem sængurföt, rúm og eldhúsgögn, seldir fyrir 1500 kr. Vona jeg, að þetta sjeu þær upplýsingar, sem háttv. þm. þarf til þess að komast á rásina.

Pjetur Ottesen: Það ætti að vera kveðið nógu ríkt að orði, svo að hæstv. fjrh. (MagnJ) geti skilið og tekið sjer til inntektar, að hann hefir tekið fje það, sem um var rætt, í fullkomnu heimildarleysi. Í stjórnarráðinu tekur hann vitanlega á móti þeim gestum, er þurfa að finna hann vegna embættis hans. En handa

þeim gestum, er sækja hann heim, ber ríkinu engin skylda að sjá honum fyrir viðtalsherbergi. Þetta hlýtur hæstv. ráðherra að hafa verið fullljóst, þegar hann tók við ráðherraembættinu. Hinir ráðherrarnir hafa þegar þvegið hendur sínar af því, að þeir hafi verið í vitorði með fjármálaráðherra um þetta gerræði. Mjer skildist, að þeir hefðu ekki vitað um þetta fyr en jeg mintist á það nú. Annars hygg jeg, að þeir hefðu skilið stöðu sína svo, að þeir hefðu afstýrt þessu hneyksli. Það er því ekki nema rjett og sjálfsagt, að hæstv. fjrh. (MagnJ) skili aftur því fje, sem svona er til fengið.

Hæstv. atvrh. (KlJ) var að leita að fordæmum fyrir líkri ábyrgð, sem stjórnin hafði gengið í fyrir Reykjavíkurbæ í vetur, og vísaði í því efni til sýslumanna sem oddvita sýslunefnda. Kvað hann altítt, að þeir gengju í ábyrgð fyrir hönd sýslusjóða fyrir hreppsfjelög, án þess að leita samþykkis sýslunefnda fyr en eftir á. Jeg hygg, að hæstv. atvrh. (KlJ) blandi þarna saman. Eftir sveitarstjórnarlögunum mega hreppsfjelög ekki taka lán, þó á eigin ábyrgð sje, án samþykkis sýslunefnda, og ætla jeg, að hæstv. ráðherra hafi átt við, að sýslumenn hafi oft gefið slíkt samþykki á sitt eindæmi, upp á væntanlegt samþykki sýslunefndar eftir á. (*Atvrh. KlJ*: Ekki eingöngu; hvorttveggja hefir átt sjer stað). Jeg hygg, að mjög fá dæmi sjeu þess, að sýslunefndaroddviti hafi gengið í ábyrgð án þess að hafa áður fengið samþykki sýslunefndar. Það gæti þá helst verið með þeim hætti, að leita samþykkis hvers eins sýslunefndarmanns, líkt og t. d. gert var árið 1920, þegar stjórnin gekk í ábyrgð fyrir rafveituláni Reykjavíkurbæjar, eftir að hún hafði leitað álits þingmanna, hvers í sínu lagi. Að vísu geta ef til vill verið undantekningar í þessu efni, en þær munu fáar og ekki sjerstaklega eftirbreytnisverðar. Hitt er og fullljóst, að þetta má ekki vera fordæmi fyrir stjórnina að ganga í ábyrgð fyrir lánum, án þess að hafa áður leitað samþykkis þingsins, annaðhvort formlega, með sjerstakri lagaheimild, eða með því að tryggja sjer fyrirfram samþykki meiri hluta þingmanna. Þetta er eina rjetta leiðin, og verður að girða fyrir, að út af henni sje brugðið.

Hæstv. atvrh. (KlJ) mintist á, hve bráðan þetta hefði borið að og að stjórnin hefði þurft að gefa lokasvar fyrir 20. okt. En eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið — og jeg hefi sjálfur sjeð svarskeytið — sendi stjórnin ekki skeyti með bindandi loforði um ábyrgð fyr en 20. nóv. Jeg hygg því, að þetta hafi ekki borið svo bráðan að, að ekki hefði mátt vinnast tími til að leita álits þingmanna. Og því fremur, sem hæstv. stjórn hefir hvorki í fjárlagafrv. sínu fyrir næsta ár nje í fjáraukalagafrv. fyrir 1922 leitað samþykkis þingsins um þessi efni, verð jeg að álíta, að þetta sýni alt of mikið einræði stjórnarinnar og beinlínis virðingarleysi fyrir þinginu.

Eiríkur Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að gera örfáar athugasemdir út af ýmsu, sem hjer hefir orðið að umtalsefni. — Það hefir verið gerð fyrirspurn um húsaleigu hæstv. fjrh. (MagnJ), og skal jeg hvorki bera í bætifláka nje álasa hæstv. ráðherra út af því máli. Hvort húsaleigustyrkur þessi er rjettmætur eða saknæmur, læt jeg liggja á milli hluta. Finst mjer hjer koma fram, sem oftar, að þegar hönd festir á lágum, en ákveðnum upphæðum, eru hv. þm. oft mjög kvikusárir, en miklu síður í

stórmálum, sem eru ekki skráð greinilega á pappírinn. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg telji ekki sjálfsagt að gæta fullrar varúðar í smærri atriðum, en miklu meiri þörf er þó að hafa gát á hinum stærri. (*PO*: Á mjóum þvengjum —). Jeg var búinn að slá þann varnagla líka.

Nú stendur svo á, að sumir ráðherrar verða að sætta sig við leiguíbúð, en einungis einn ráðherranna býr í ráðherrabústaðnum. Væri æskilegast, að öðru jöfnu, að ráðherrabústaðurinn væri sem mest notaður handa þeim ráðherrum, sem ekki eru húseigendur. Áður bjuggu þar 2 ráðherrar, og hygg jeg, að þeir hafi haldið fullum veg og sóma, þó að þeir byggju dálítið þrengra en nú er. Jeg býst við, að það myndi fremur auka sátt og samlyndi með ráðherrunum, að þeir gengju á undan með góðu eftirdæmi og flyttu saman, heldur en að upp þurfi að koma vafaatriði um leigu ráðherra úti í bæ. (*HK*: Er nokkur ósátt þar á milli?). Samkomulagið seint of gott.

Þá var minst á sölu hússins við Geysi. Jeg álít það mál ekki með öllu óviðkomandi mjer, þar sem þetta gerðist í Árnessýslu og mjer er málið kunnugt. Það mun rjett, að því hefir verið hreyft bæði í blöðum og af einstökum mönnum, að óviðeigandi hafi verið að rífa húsið og selja. En heima fyrir í hjeraði, þar sem gistihúsleysið ætti að vera tilfinnanlegast, hefir þetta mál legið mjög í láginni og lítið verið um það rætt. Ber tvent til þess. Í fyrsta lagi er það á allra vitorði, að húsið var algerlega ófullnægjandi sem gistihús fyrir ferðamenn, sjerstaklega á undan konungskomunni, og í annan stað, að rekstur hússins var svo arðlítill, að menn hjeldust þar ekki við til að sinna ferðamönnum. Þó að húsið væri nauðsynlegt, miðað við þarfir ferðamanna, var enginn hagur af því að reka það, svo að bæri sig. Þetta tvent veldur því, að mönnum þar eystra er ekki svo mikill söknuður að húsinu. Gestir leituðu á bændaheimili til gistingar hvort eð var.

Jeg skal játa, að fyrir sumargesti væri mjög heppilegt að hafa gistihús í Biskupstungum ofanverðum; en það er ekki einungis við Geysi, sem slíkt hús þyrfti að vera, heldur einnig víðar. Á leiðinni austur frá Þingvöllum til Heklu þyrftu að vera gistihús með hæfilegu dagleiðamillibili, t. d. í Biskupstungum austast og svo í Gnúpverjahreppi. Slík gistihús eru því miður ekki til. Þetta veldur mjög tilfinnanlegum vandræðum fyrir ferðamenn og íbúa sveitanna.

En úr því að húsið var rifið og flutt, verð jeg að halda því fram, að því hafi verið vel varið, þar sem það var notað hálft í hvoru til opinberra þarfa. Það var sem sje selt til læknisseturs og sjúkraskýlis í Laugarási, en það eru einmitt samskonar byggingar, sem eru venjulega styrktar af því opinbera. Ættu menn að íhuga, að þetta er mikil mýking í málinu, og ólíkt verra, hefði húsið verið selt einhverjum prívatmanni. Þetta veit jeg, að háttv. þm. muni fallast á.

Jeg skal játa, að um húsmunina gegnir öðru máli heldur en um húsið sjálft. Það getur verið, að þeir hafi verið seldir of ódýrt: mjer er ókunnugt um það, og skal því ekkert um það segja. Þessir húsmunir munu hafa verið seldir hjeraðslækni, og má hann, sem er ungur kandidat, fult svo vel njóta þeirra fyrir sanngjarnt verð sem einhver annar. En víst er um það, að læknishjeraðið á þar engan hlut að máli. Jeg hygg, að stjórnin hafi ráðstafað þessum munum betur og sanngjarnlegar, þó að hún hafi ef til vill orðið af nokkrum skildingum, miðað við hæsta verð, sem

kynni að hafa fengist á uppboði, heldur en mörgu öðru, sem ekki hefir verið minst á hjer. Mætti þá t. d. drepa á hrossahald stjórnarinnar, sem hefir reynst dýrt og virst með öllu óþarft.

Þá var drepið á annað mál, sem á vettvang austur í Árnessýslu, en það er um Eyrarbakkaspítala. Þegar fjárlögin voru afgreidd með 80000 kr. fjárveitingu til spítalans, skal jeg taka það fram, að jeg greiddi einungis atkvæði með þessum lið, en talaði alls ekkert fyrir honum. Þessi fjárveiting var borin fram til sigurs af alt öðrum mönnum en þingmönnum Árnesinga, þó að hinn fyrirhugaði spítali ætti stað í kjördæmi þeirra.

Hæstv. stjórn hefir að svo vöxnu máli neitað að greiða þessar 30000 kr., sem eftir standa af fjárveitingunni. Það má vel vera, að stjórnin hafi altaf miðað fjárveitinguna við, að sýslufjelagið legði fram 40000 kr. En mjer er vel kunnugt um afstöðu sýslunefndarinnar til spítalamálsins frá upphafi. Fyrst þegar umtal reis um þessa spítalabyggingu, var jeg settur sýslumaður í Árnessýslu, og síðar átti jeg sæti í sýslunefndinni um eitt skeið.

Þegar fyrst var farið fram á, að spítali yrði reistur þarna, og sýslunefndin hjet stuðningi sínum, var miðað við lítið sjúkrahús eða skýli, í mesta lagi með 12 rúmum. Þetta sjest í fundargerð sýslunefndar, og þó að oft hafi verið rætt um málið síðan, hefir jafnan verið haldið fast við það skilyrði um stærð spítalans. En nú er spítalinn hálfkominn upp, með alt annari gerð en gert var ráð fyrir og meira en helmingi stærri, alt að 30 rúmum, án þess að sýslunefndin veitti á nokkurn hátt nokkru sinni samþykki sitt til styrktar svo ofvöxnu fyrirtæki. Hún var altaf á móti honum svona stórum.

Maður fær nú víða að heyra það, og verður því miður ekki mótmælt, að fjárhagur sýslufjelags Árnesinga sje ekki glæsilegur, og ætti því fremur að vera auðskilið, að sýslunefndin vill og hefir altaf viljað gæta varúðar, er um fjárframlög til þessarar spítalabyggingar ræðir. Það verður því að takast skýlaust fram sem verulegt atriði, að það er ekki sýslunefnd Árnesinga, heldur spítalanefnd Eyrbekkinga að kenna, að ráðist hefir verið í svo stórt sem raun er á. Sú nefnd er sá eini rjetti aðili þar eystra, sem komið hefir spítalamálinu í þetta horf. Hún ber ábyrgðina, en ekki sýslufjelagið. Og ekki er hægt að liggja sýslunefndinni á hálsi fyrir það, að hún neitar að greiða þá upphæð, sem er í algerðu ósamræmi við loforð hennar og skyldur.

Þá kemur þetta spursmál, sem hæstv. forsrh. (SE) mintist á, hvað ætti að gera, ef sýslunefndin vildi ekki borga 40 þúsundirnar. Á þá að heimta fjeð til baka, sem þegar er greitt? Er það mögulegt? Jeg hygg ekki. Mestur hluti þess er nú orðinn að eyðslufje, sem ekki verður skilað aftur, komið í hússkrokkinn. Það gladdi mig að heyra þá skoðun koma fram áðan, að úr því að svo miklu fje væri búið að verja til þessa húss, þá væri rjett að láta það verða til nytsemdar. Vona jeg fastlega, að ríkisstjórnin sjái um, að gert verði svo gott úr sem kostur er á.

Þetta, sem jeg hefi nú sagt, er til þess að girða fyrir allan misskilning um, hvernig afstöðu Árnessýslu er varið í þessu máli. Jeg skal játa, að það hefir komist óskipun á þetta spítalamál, sem veldur því, að það er komið í svona ilt horf, en það er ekki Árnesingum yfirleitt að kenna nje sýslunefnd þeirra; hún hefir altaf áskilið, að húsinu yrði komið upp skuld-

laust og ekki stærra en svo, sem jeg hefi fyr skýrt frá, og ekki lofað fjárstyrk úr sýslusjóði fyr en ástæður leyfðu. Gerðir sýslunefndarinnar eru þessu til sönnunar. Árnesingar hafa því að engu leyti vanrækt skyldur sínar í þessum efnum.

Jón Sigurðsson: Úr því að svo er komið, að menn eru teknir að yfirheyra hæstv. stjórn, þá vildi jeg leyfa mjer að beina fyrirspurnum til hennar um tvö atriði, og er það hæstv. atvrh. (KlJ), sem helst ætti að vita deili á þeim.

Fyrra atriðið er þetta: Hvað knúði hæstv. stjórn til þess að láta leggja símalínuna að Staðarfelli, og hvað er áætlað, að hún kosti? — Hitt snertir bændaskólann á Hólum og er þessa efnis: Hvað olli því, að skólastjórinn á Hólum sagði búinu lausu? Hvað vakti fyrir hæstv. stjórn með skipun þess máls? Og loks: Hví leitaði hún ekki álits Búnaðarfjelags Íslands og landbn. Alþingis, áður en hún gerði endanlega skipun á málinu?

Þetta er mál, sem varðar mjög alt Norðurland, og er nú gott tækifæri til að fá glöggar upplýsingar því viðvíkjandi.

Magnús Guðmundsson: Eftir því sem komið hefir fram um Eyrarbakkaspítalann, þá er nú búið að borga 50 þúsund krónur úr ríkissjóði til hans. Hann er þó ekki fullger enn þá, og óvíst, hvort það verður fyrst um sinn. Jeg hefi fyrir satt, að sýslunefnd Árnesinga hafi á síðasta fundi sínum neitað algerlega um styrk til spítalans úr sýslusjóði. Það virðist því svo, sem hæstv. stjórn hafi verið nokkuð fljót á sjer með að greiða þessar 50 þús. til þessa fyrirtækis. Jeg skal þó ekki, til þess að gera henni ekki neitt rangt til, fara neitt frekar út í þetta að sinni, en bíða þeirra upplýsinga, sem hæstv. forsætisráðherra lofaði áðan að gefa í málinu.

Að því er snertir uppboðsfjeð, þá sagði hæstv. atvrh. (KlJ), að þetta hefði verið gefið eftir af stjórninni. En jeg spyr: Með hvaða heimild? Jeg veit þó, að hjer var um talsverða upphæð að ræða, og hefir ríkissjóður stundum lotið að minna. Eftirgjöf þessi var alóþörf, því að sýslumaður stóð í ábyrgð fyrir henni, og þótt salan hafi kannske verið góð, skiftir það engu máli, því að ríkissjóður átti heimtingu á allri uppboðsupphæðinni.

Hvað viðvíkur ábyrgðinni fyrir Reykjavíkurkaupstað, þá virðist það ekki vera forsvaranlegt af hæstv. stjórn að hafa ekki tekið till. upp í fjáraukalög þess efnis að fá samþykki þingsins á ábyrgðinni. Jeg man ekki til þess, að þessi aðferð, sem hæstv. stjórn hefir kosið hjer, hafi til þessa verið viðhöfð.

Hvað snertir húsnæði hæstv. fjármálaráðherra (MagnJ), þá skil jeg ekki, að hann sje nein sjerstök undantekning með það að þurfa að bjóða til sín gestum utan stjórnarráðsins. Sú ástæða er fjarri því að vera frambærileg. En nú vil jeg spyrja þennan hæstv. ráðherra: Ætlar hann sjer framvegis að taka þetta fje? — Jeg verð að líta svo á, að það geti ekki með nokkru móti talist eiga heima með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins. Jeg get sagt honum, að þegar jeg var fjármálaráðherra, varð jeg að borga nærri helming launa minna í húsaleigu. Ef svo stendur á um hann, þá gæti verið um það að ræða, að hann fengi húsaleigustyrk, eins og jeg hefi bent á, að til mála gæti komið um suma embættismenn hjer í Reykjavík, en til að samþykkja það, að hann taki það sjálfur í leyfisleysi og færi það til útgjalda þar, sem það á alls ekki heima, til þess er jeg ófáanlegur.

Um Geysishúsið vil jeg segja það, að þar mun hafa verið saman komið talsvert verðmæti. Hefir kunnugur Árnesingur sagt mjer, að læknirinn muni hafa fengið miklu meira fje fyrir það, sem húsinu fylgdi, en hann gaf fyrir það, og þó hjelt hann eftir því, sem hann og sjúkrahúsið í Laugarási þurfti. Jeg get að vísu ekki fullyrt, að þetta sje svo, þar sem jeg var þar eigi við sjálfur, en vil þó geta þess, að sögumaður var þarna nákunnugur og auk þess maður sannorður.

Forsætisráðherra (SE): Út af því, sem sagt hefir verið um Eyrarbakkaspítalann, vil jeg geta þess, að landlæknir kvað mikla nauðsyn á þeim spítala og mælti mjög með því, að hann yrði reistur. Þá er það einnig kunnugt, að Alþingi tók mjög vel í það mál og lofaði óvenjumiklu fje til spítalabyggingarinnar, svo ekki er hægt að segja, að stjórnin hafi ekki haft neitt aðhald úr þeirri átt. Það má vera, að fundargerðir sýslufundanna þarna eystra hafi verið í loðnara lagi. En þó ekki meir en svo, að altaf hefir verið talið víst, að Árnessýsla ætlaði sjer að leggja þetta fje til spítalans, þótt það drægist svo á langinn. Þessu til stuðnings skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp eina fundargerð, frá 20. maí 1920. Hún er svo hljóðandi:

> „Sýslunefndin heitir fulltingi sínu til sjúkrahúsbyggingar hjer o. s. frv.
> . . . . . .
> Þó með þeim breytingum, að nú sje ekki miðað við neina ákveðna hámarksupphæð frá sýslunni, heldur lofar sýslufjelagið alt að helmingi á við væntanlegt landssjóðstillag, er kemur til framkvæmda og greiðslu, er hagur sýslunnar leyfir og fjárhagur skánar frá því, sem nú er".

Þegar nú stjórnin hafði þessar fundargerðir við að styðjast, og auk þess yfirlýsingu landlæknis um mikla nauðsyn þessa máls, og svo þessa yfirlýsingu spítalanefndarinnar, þar sem einstakir menn taka á sínar herðar mikla ábyrgð, ef illa færi, var þá ekki eðlilegt, að hún borgaði þetta fje, sem svaraði til þess, er sýslan skyldi greiða? Henni datt auðvitað ekki annað í hug en Árnessýsla myndi borga þessar 40 þúsundir. Undir eins og grunsemd hennar var vakin, sendi hún skeyti til að fá nákvæmar upplýsingar í málinu. Og þegar henni þótti svarið, sem hún fjekk, grunsamlega loðið, neitaði hún að borga út það, sem eftir var — 30 þúsund krónur. Okkur datt alls ekki í hug, að sýslunefndin leyfði hreppnum að taka spítalann að sjer og kipti svo að sjer hendinni, er mest reið á. Ástæður stjórnarinnar eru þessar í málinu, að henni þótti rjett, er málið var svo langt komið og góðir menn búnir að binda sig ábyrgðum, að borga þetta fje, í því trausti, að sýslan borgaði það, sem henni bæri. Jeg veit, að það er komin talsverð pólitík í þetta mál þarna eystra, og því vafasamt, hvað verður þar ofan á. En hvað sem öðru líður, lít jeg svo á, að málið sje komið í það horf nú, að það verði að finna einhverja leið til að bjarga því. Og því verð jeg sömuleiðis að halda fram, að ekki sje hægt að víta stjórnina fyrir gerðir hennar í því hingað til.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. þm. Borgf. (PO) gat þess, að hann hefði nýlega verið uppi í stjórnarráði og sjeð, hve nær símskeyti um ábyrgð fyrir lántöku Reykjavíkur var sent, er jeg gat um áðan. Kvað hann það hafa verið 20. nóv. Þetta getur verið rjett hjá háttv. þm., að mig hafi misminnt um þetta. Það eru svo

mörg símskeyti send úr stjórnarráðinu daglega, að ekki er að búast við, að maður muni upp á dag, hve nær þau eru öll send. Það er annars svo um mig, að eins og jeg met lítils ranglátar ásakanir, eins ljúft er mjer að játa, ef um einhverja yfirsjón er að ræða af minni hendi. Og skal þá einmitt játa það, að jeg tel það yfirsjón af stjórninni, að hafa ekki leitað heimildar þingsins fyrir þessu — enda skal það gert.

Að því er snertir spurningu háttv. 1. þm. Skagf. (MG) um það, hvaða heimild stjórnin hafi haft til að gefa eftir þetta fje, sem hann gat um, þá vil jeg beina til hans þeirri gagnspurningu, hvaða heimild stjórnin hafi yfirleitt til að gera þetta eða hitt. (*MG*: Það á að vera nauðsynin, sem heimilar það). Já, hjer var einmitt um slíka heimild að ræða. Svo leit stjórnin á, og því gerði jeg þetta — auðvitað upp á mína ábyrgð. Jeg veit ekki til þess, að ríkisstjórnin geti yfirleitt haft aðra aðferð en þessa, að gera hitt og þetta á sína ábyrgð. Og jeg býst við, ef farið væri að rannsaka hinar og þessar upphæðir, sem þessi hv. þm. veitti á sína ábyrgð meðan hann var fjármálaráðherra, þá finnist einhver þar á meðal, sem er ægilegri og ónauðsynlegri en þessi, annars hefði stjórnin árin 1920—21 ekki farið 5½ miljón fram úr fjárveitingu. Jeg hefi enn þá ekki viljað ráðast í slíka leit, en jeg veit engu að síður, að þar eru mýmargar heimildarlausar fjárveitingar, sem eru meiri ábyrgðarhluti en þessi, sem hjer er um að ræða, ekki stærri en hún er.

Þá vil jeg víkja að háttv. 2. þm. Skagf. (JS) með þeim formála að benda á það, hve ójafn leikur hjer er háður. Þm. búa sig undir þær spurningar og aðfinslur, oft nauðaómerkilegar, eins og spurningin um Hólabúið, er þeir bera að stjórninni, og koma jafnvel stundum með skrifaðar ræður, en stjórnin er með öllu óviðbúin. Hún hefir ekki hugmynd um það, að hverju hún muni spurð í það og það skifti, og getur því ekki búist til svara. Jeg veit, að þetta eru engin einsdæmi um þessa stjórn, sem nú situr, en þó hefir þetta ekki altaf verið svona. Jeg man t. d., að á einu þingi, 1907, í stjórnartíð Hannesar Hafsteins, þá mætti jeg sem landritari til svara fyrir stjórnina á eldhúsdeginum, og gat jeg þá samstundis svarað öllu, sem að var spurt. Jeg man, að Magnús heitinn Stephensen kom á eftir til mín og furðaði sig á því, hve greiðlega mjer hefðu gengið svörin. Og sagði jeg honum þá ástæðuna, að mjer hefði verið sagt fyrir fram af því, að hverju jeg mundi spurður. Dáðist hann mjög að þessari nærgætni, en kvaðst ekki hafa átt henni að fagna um sína tíð. Jeg hefi sagt þetta til að benda háttv. deild á, að heppilegt myndi að taka upp þessa venju, að tilkynna stjórninni nokkru fyrir, að hverju hún muni spurð. Þá fyrst geta háttv. þm. með rjettu krafist ítarlegra svara af henni, og það hlýtur þó að vera meiningin, er spurt er, að fá svar, en það er ekki hægt að búast við slíku, ef ráðherra er ekki undir það búinn að svara í einhverju ómerkilegu máli, sem ef til vill hefir gerst fyrir löngu, eins og er um þetta Hólabúsmál, sem auðsjáanlega er kosningarbeita, sem hv. þm. (JS) ætlar að fleyta sjer á í haust.

Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) spurði, hvað hefði gengið stjórninni til að leggja símalínu að Staðarfelli. Henni gekk það sama til og fyrverandi stjórn að leggja síma til Þorlákshafnar. Hjer er fylgt eldri praksis. Það, sem aðallega kom henni til að gera þetta, var, að með því voru sparaðar 4000 krónur fyrir ríkissjóðinn. Úr því að Staðarfell er nú eign landsins og líklegt er, að

þar verði bráðlega stofnaður skóli, þá áleit jeg það ekki áhorfsmál að leggja um leið þessa aukalínu og spara með því þetta fje. Þetta var bara sjálfsagður búhnykkur fyrir ríkissjóðinn, að gera þetta nú þegar. Jeg gæti annars farið inn á fleira en símalínuna til Þorlákshafnar, sem fyrverandi stjórn hefir leyft sjer, óátalið af háttv. 2. þm. Skagf. (JS), en tækifæri mun til þess síðar, þótt jeg sleppi því nú.

Þá spurði háttv. 2. þm. Skagf. (JS) að því, hvað hafi valdið því, að skólastjórinn á Hólum hafi sagt búinu lausu, og hvers vegna ekki hefði verið leitað samninga við hann. Jeg get nú ekki vitað það, hvers vegna skólastjórinn hafi sagt lausri stöðu sinni, sem bústjóri, en jeg get ímyndað mjer, hvað honum hafi gengið til, og það mun háttv. þm. líka vera fullkunnugt um, sjálfsagt kunnugra en mjer. Skólastjórinn hafði mælst til þess, að keypt væri af honum kvikfje og annar bústofn, sem hann átti í búinu; en stjórnin neitaði því. Til þess var engin fjárheimild, og jeg sá ekkert frá hendi fyrv. atvinnumálaráðherra að lofað hefði verið í þá átt. Og þar sem engin heimild var fyrir slíku, býst jeg ekki við, að hægt sje að víta mig fyrir, að jeg ljet þetta ógert og framkvæmdi ekki það, sem var heimildarlaust. Því að hefði jeg gert það, vænti jeg, að heyrst hefði hávært hljóð frá sama háttv. þm. (JS); hann hefði þá spurt um heimildina og vítt mig fyrir verkið, og ekki dregið úr.

Þá spurði háttv. þm. (JS), hvort jeg hefði gefið skólastjóra kost á rekstri búsins, þegar komið var til tals að byggja Hóla. Rjett fyrir þingbyrjun bauðst ungur og efnilegur maður að vestan til að taka búið á leigu. Áður en nokkuð var afráðið um jörðina, sendi jeg honum símskeyti með fyrirspurn um, hvort hann hjeldi enn fast við uppsögnina, en fjekk ekkert svar upp á það, og varð jeg því að líta svo á, að þögnin væri sama sem samþykki. Enda þótt stjórnin gæti haldið sjer við uppsögnina, ætlaði hún samt að gefa skólastjóranum enn einu sinni kost á búsrekstrinum áfram, ef hann hefði kært sig um, og sýnist þetta ekki vera harðneskjuleg meðferð, heldur hið gagnstæða. Hafi því í fyrirspurn háttv. þm. átt að felast ásökun um, að stjórnin hefði farið illa með skólastjórann, þá mótmæli jeg því algerlega, og jeg skal enn geta þess, að hann bað um horn af jörðinni — Grundargerði held jeg það heiti — til afnota, og var honum veitt það og fleiri ívilnanir. Sjálfur hafði hann sagt upp forstöðu búsins, og það ekki á kurteisasta hátt, en fjekk þó þessi skilyrði uppfylt.

Þriðja spurning háttv. 2. þm. Skagf. (JS) var sú, hvers vegna jeg hefði ekki leitað ráða til Búnaðarfjelags Íslands um þetta mál. Það urðu ekki margir til að biðja um jörðina; þó var komin fram umsókn frá einum álitlegum ungum manni, og var honum veitt ábúðin. Síðar heyrði jeg, að einhver annar hefði hugsað til að sækja, en þá var það orðið of seint. Má vel vera, að það hefði verið rjettara að bera þetta mál undir Búnaðarfjelagið, en jeg veit ekki til, að mjer hafi borið nein skylda til þess. Og ekki hefi jeg orðið var neinnar þykkju frá forseta Búnaðarfjelagsins út af því.

Jón Þorláksson: Jeg er ekki vel upplagður til þess að taka þátt í þessum eldhúsdagsumræðum, og hafði ekki ætlað mjer það, en stend þó upp út af ummælum í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (EE) um spítalamálið á Eyrarbakka. Jeg varð að skilja orð hans þannig, og það hafa líklega fleiri gert, að sú 40 þúsund kr. fjárveiting, sem ráðgert hefir verið að sýslan legði til

spítalans, væri ekki í fullu samræmi við ákvörðun og tilætlun sýslunefndar Árnessýslu. Vænti jeg, að hann leiðrjetti þetta, ef það er ekki rjett skilið. Fyrst hann gerir það ekki, hefir hann ætlað að segja þetta. Jeg vil ekki segja, að loforð sýslunefndarinnar sje svo ótvírætt, samkvæmt sýslunefndarályktuninni frá 1920, að hægt sje að krefja um það með aðstoð laganna. En það er þó ótvírætt, að loforð um 40 þús. kr. framlag gegn 80 þús. kr. úr ríkissjóði hefir verið samþykt í sýslunefndinni, og er því ekki í ósamræmi við vilja sýslunefndarinnar.

Jeg hefi ekki sjálfa fundarályktunina við hendina, en stjórnin gerði fyrirspurn til oddvita sýslunefndarinnar síðastliðið haust, um greiðslu á 40 þúsund kr. frá sýslunni til spítalans, og í svarskeyti frá sýslumanninum er vísað til þessarar fundarályktunar. Þar segir svo, ef jeg má lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

> „Sakir þess, að sýslunefnd hefir ekki haft Eyrarspítalamálið til meðferðar síðan 1920, er ekki unt að gefa ákveðnara svar en felst í samþykt aðalfundar það ár, enda það nægilegt og má ekki efa, að sýslunefnd efni öll heit sín. Bið athugað, að Eyrarbakkahreppur verður að skoðast laus við spítalann, ef ríkisstyrkur verður ekki greiddur.“

Ætti þetta svar hans að vera nægilegt til skýringar því, að sýslunefndin hefir þá lofað þessu. Jeg vil taka það fram, vegna þess, að jeg er máli þessu kunnugur fyrir veru mína á þessum stöðvum, að mál þetta er þannig vaxið, að það er ekki sem best fallið til þess að vera gert að eldhúsdagsmáli, eins og líka hæstv. forsrh. (SE) lýsti yfir. En af því að háttv. 1. þm. Árn. (EE), sem er í stjórnarflokknum, andaði kalt til stjórnarinnar, vil jeg, sem er stjórnarandstæðingur, taka í strenginn með henni í þessu máli. Þetta er vandræðamál, og öll vandræðin stafa af atburðum, sem gerðust í tíð fyrverandi stjórnar, án þess að henni verði þó heldur gefin sök á þeim. Þó að ógætilega væri farið á stað í þessu máli, vil jeg segja það stjórninni og einkum spítalanefndinni til afsökunar, að í öllum atriðum hefir verið notuð handleiðsla þeirra tveggja manna, sem að sjálfsögðu eiga mestu um það að ráða — landlæknis og húsameistara ríkisins. Þeir studdu báðir spítalanefndina á Eyrarbakka í málinu. Samkvæmt till. fjvn. hækkaði Alþingi 1921 styrkinn til spítala úr 20 þús. kr. upp í 80 þús. kr., og átti aukningin, 60 þús. kr., að ganga til þessa spítala. Er óþarft að lesa ummæli frsm. um það; þau muna allir. Nú hefir öllum skilyrðunum, sem fjárlögin setja, verið fullnægt, og stjórnin virðist ekki ámælisverð eða ásökunar fyrir útborgun á þeim 50 þús. kr., sem þegar eru greiddar úr ríkissjóði. Miklu heldur get jeg búist við, að ríkissjóður geti orðið dæmdur til að borga 60 þús. króna tillagið alt.

Þetta er orðið kappsmál, og jafnvel hatursmál, í milli flokka innan hjeraðs, og kom það einnig fram í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (EE).

Eiríkur Einarsson: Háttv. þm. hafa tekið sanngjarnlega í þetta mál, þar sem þeir telja sjálfsagt, að spítalinn verði tekinn til einhverra nota og gert svo gott úr málinu sem unt er, úr því sem komið er. Jeg skal líka taka undir það með háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að þetta er vandræðamál og ekki til þess fallið að ræðast á eldhúsdegi. En tilefni þess, að jeg tók til máls, var ekki það, að jeg ætlaði að halda langa ræðu gegn stjórninni, heldur vildi

jeg gefa skýrslu um afstöðu sýslunefndarinnar í Árnessýslu til spítalamálsins, því að mjer fanst hæstv. forsrh. (SE) gefa þar villandi svör og bera sýslunefndina óverðskulduðum ámælum. Það hefir verið vitnað í skeyti til oddvita sýslunefndarinnar í Árnessýslu og svo skeyti frá oddvitanum til stjórnarráðsins í haust; enn fremur í ályktun aukafundar sýslunefndarinnar, sem haldinn var síðastliðið haust. Þessi yfirlýsing, sem gefin var í haust, er mjer kunnug af viðtali við oddvita sýslunefndarinnar. Oddviti tjáði mjer, að stjórnin hefði sent sjer símskeyti um, að ekkert væri því til fyrirstöðu að borga úr ríkissjóði þetta 80 þús. kr. tillag, ef sýslunefndin heimilaði Eyrarbakkahreppi að taka að sjer rekstur spítalans. Í skeytinu gekk stjórnin fram hjá fjárhagsafstöðu sýslunnar til spítalans. Eingöngu sökum þessa eina skilyrðis, sem stjórnin setti, samþykti fundurinn síðastliðið haust áðurnefnda ályktun, alveg án tillits til framlags sýslunnar. Þessa skýrslu gef jeg hjer eftir oddvita sýslunefndar og einnig samkvæmt framburði margra merkra sýslunefndarmanna, sem samþyktu ályktunina eingöngu af því að ekkert annað skilyrði var sett fyrir útborgun ríkissjóðstillagsins en heimild handa einum hreppi til spítalarekstrar. Þótti þeim viðurhlutamikið að neita Eyrarbakkahreppi um heimild til að taka við húsinu, úr því útborgun úr ríkissjóði virtist undir því einu komin. Þannig skildi sýslunefndin þetta; hvort sem undirstöðuatriði þessa máls eru rjett eða röng, þá er það svona og var svona lagt fyrir nefndina. Það var eðlilegt, að þeim Árnesingunum rynni blóðið til skyldunnar, fyrst fyrirtækið gat átt kost á 80 þús. króna framlagi, og vorkunnarmál, að nefndin samþykti skilyrðið um ábyrgð eins hreppsfjelags á móti. Hitt segi jeg ekkert um, hvort rjett hafi verið að leyfa fátæku hreppsfjelagi að taka að sjer spítalann eða ekki, sem vitanlega var honum ofurefli. Það er sjerstakt mál, sem jeg ætla ekki að forsvara nje dæma um.

Mjer þykir það grálega mælt, þegar sagt er, að Árnessýsla smokri sjer undan að uppfylla gefin loforð. Í því sambandi er eitt, sem ekki má þegja um, þegar málið er skýrt, en hæstv. forsætisráðherra þagði um, og stendur það óhrakið. Jeg á við skilyrði það, sem sýslunefndin setti upphaflega fyrir stærð spítalans; hún hefir altaf vitnað til þess síðan. Hygg jeg að hæstv. forsrh. (SE) sje svo mikill lögfræðingur, að hann virði það mikils sem forsendur í málinu. Annað skilyrði, sem sýslunefndin setti fyrir framlagi úr sýslusjóði til spítalans, var, að það skyldi greitt þegar fjárhagsástæður sýslufjelagsins leyfðu. Þetta sýnist máske vera loðið. En það er eðlilegt af hendi sýslunefndar, eins og ástatt var; gefur nefndin með þessu ótvíræða bendingu um, að hún vilji hafa fulla íhlutun um hve nær byrjað verði að byggja spítalann og nota hann. Skilyrðin hafa altaf fylgt í málinu, með þessum orðum eða öðrum, sem þýða hið sama, og get jeg vísað til sýslufundargerðanna um það, sem eru staðfestar til í stjórnarráðinu. Þegar tillit er tekið til hámarks upphæðarinnar, 40 þús. kr., fara að verða skiljanleg skilyrði sýslunefndarinnar um stærð spítalans og íhlutun um hve nær hann verði tekin til starfrækslu.

Jeg viðurkenni, að mjer var nauðugt að skýra frá þessu máli hjer, en jeg komst ekki hjá því, vegna þess, sem fram hefir komið frá öðrum í umræðunum.

Það er rjett, að pólitík hefir blandast í þetta spítalamál, en ekki venjuleg pólitík,

heldur læknapólitík, sem er nú kanske síst betri. En því mótmæli jeg, að ræða mín bæri vott um nokkurn hita eða illindi. Jeg hefi ekkert skift mjer af þessari læknapólitík og hefi staðið fyrir utan þetta mál, að öðru leyti en því, sem jeg hefi átt sæti í sýslunefndinni. Finn jeg svo ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Það, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, að sýslunefndin yrði að fullnægja kvöðinni um 40 þús. kr. greiðslu til spítalans, gefur mjer ástæðu til að mótmæla þessu — mótmæla því, að nokkur slík kvöð hvíli á sýslunni um þetta, og það af ástæðum, sem jeg hefi skýrt frá.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil leyfa mjer að þakka háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fyrir það, hversu vel og sanngjarnlega hann hefir tekið í þetta mál, og hygg jeg lýsingu hans á því alveg rjetta. Ný gögn eru líka altaf að koma fram. Nú í þessum svifum rekst jeg t. d. á skeyti, sem jeg hefi sent sýslumanninum í Árnessýslu, og vil jeg leyfa mjer að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

> „Með skírskotun til viðtals umbiðst í dag símleiðis yfirlýsing yðar um útborgun til spítala Eyrarbakka frá sýslunni að upphæð svarandi til helmings ríkissjóðsstyrksins".

Annað skeyti sendi jeg daginn eftir, svo hljóðandi:

> „Ákveðið svar óskast þegar símleiðis um það, hvort greitt verður af sýslunni til Eyrarspítala 40 þúsund mót áttatíu þúsund úr ríkissjóði".

Þessu svaraði sýslumaður með eftirfarandi símskeyti:

> „Sakir þess að sýslunefnd hefir ekki haft Eyrarspítalamálið til meðferðar síðan 1920, er ekki unt að gefa ákveðnara svar en felst í samþykt aðalfundar það ár, enda það nægilegt, og má ekki efa, að sýslunefnd efni öll heit sín. Bið athugað, að Eyrarbakkahreppur verður að skoðast laus við spítalann, ef ríkisstyrkur verður ekki greiddur".

Mundi sýslumaðurinn hafa svarað á þessa leið, hefði honum ekki verið fullkunnugt um það, hvaða skuldbinding til fjárgreiðslu hvíldi á sýslunni? Svarið er raunar nokkuð loðið. En á stjórnin ekki heimting á því, að embættismenn landsins svari stjórninni skýrt og án nokkurra undirmála?

Það er kunnugt, að í byrjun leit málið þannig út, að sýslunefndarmenn söfnuðu atkvæðum til að fá oddvita til að kalla saman fund og spítalanefndin sneri sjer sömuleiðis til mín í þessu skyni og bað mig að ýta undir oddvita sýslunefndar að kalla saman fund, svo hægt væri að fullnægja þeim skilyrðum, er stjórnin gerði kröfu til. Í símskeyti stjórnarráðsins, sem oddviti ber fyrir sig, eru að vísu ekki nefndar 40 þús. kr. frá sýslunefndinni, en öllum var þó kunnugt, að sú greiðsla var undirskilin.

Það er rjett athugað, að þetta mál muni ekki græða mikið á þessum umræðum hjer í dag. Það er vandræðamál, eins og jeg tók fram í upphafi, og væri nauðsynlegt, að einhverja leið væri hægt að finna út úr því.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) var að spyrjast fyrir um það, hvort jeg mundi halda áfram að greiða mjer „húsaleigustyrk" úr ríkissjóði. Málinu er þá auðsjáanlega ætlað að líta svo út, sem hjer sje um húsaleigustyrk mjer til handa að ræða. Þó er það vitanlegt, að jeg hefi aldrei komið nálægt þessari húsaleigu, heldur hefir hún að

sjálfsögðu verið greidd beint til húseiganda. Annars er það svo, að jeg hefi sjálfur engan persónulegan áhuga fyrir þessu. Jeg gæti auðvitað eins verið afundinn við menn, sem við mig þyrftu að tala, og vísaði þeim upp í stjórnarráð á viðtalstímum þar, en óþægindi mundi það hafa í för með sjer fyrir ýmsa, og ekki síst aðkomumenn, svo jeg mundi síður vilja gera það en þó jeg með því losnaði við eitthvert persónulegt nart.

Þá var enn verið að minnast á Geysishúsið, og þá sjerstaklega innanstokksmunina. Aðalverðmætin munu hafa legið í rúmum og sængurfatnaði. Tvö tilboð jafnhá bárust, 1500 kr. hvort. Annað þeirra var frá konungsnefndarmanni, og mátti það því skoðast sem einskonar mat frá þeirri hlið. Enn fremur voru talin tormerki á því að flytja alt til Reykjavíkur; hefði þá bæst við flutningskostnaður, auk þess sem allóvíst var, að meiri upphæð hefði fengist fyrir það þar. Enda tel jeg líklegt, að þætti ekki ráðlegt nú, ef svo hefði verið gert.

Hákon Kristófersson: Þar sem jeg er einn þeirra, sem varpað hafa fram meinlausum fyrirspurnum til hæstv. stjórnar, býst jeg við, að jeg eigi minn hluta af þeim ummælum hæstv. atvrh. (KlJ) um þann ójafna leik, sem ætti sjer stað, þegar stjórnin yrði að svara fyrirspurnum án alls fyrirvara. En mjer er ekki kunnugt, að sú hafi verið þingvenja hjer, að stjórninni hafi verið gert viðvart við slík tækifæri sem þessi, og veit ekki heldur til, að þeirri reglu sje fylgt í öðrum nærliggjandi löndum. Hann var í því sambandi að tala um stjórnarandstæðinga, en mjer komu þau ummæli á óvart, því jeg veit ekki til, að jeg hafi sýnt mig í neinni andstöðu við hann. En meiri líkindi eru fyrir því, að stjórn, sem átt getur von á fyrirspurnum fyrirvaralaust, vandi betur ráð sitt í öllum tilfellum, ef hún getur búist bæði við fyrirspurnum og útásetningum viðkomandi ýmsum stjórnarathöfnum, og haldi sjer vakandi.

Hv. 1. þm. Árn. (EE), sem virtist vilja bera hönd fyrir höfuð hæstv. fjrh. (MagnJ), talaði um það, að þm. væru kvikusárir, er um smámál væri að ræða. En jeg verð þá að segja, að hann er æði hörundsár fyrir hönd hæstv. fjrh. (MagnJ), því jeg tel það ekkert smáatriði, ef ráðherra tekur fje til eigin afnota úr ríkissjóði án allrar heimildar. Hvað mundi verða sagt um sýslumenn, ef þeir tækju á sama hátt fje úr sýslusjóði? Í sambandi við það, að fjármálaráðherra þurfi að veita mönnum viðtal annarsstaðar en í stjórnarráðinu, þá verður það frekar að álítast „privat"-mál, en að þar sje nokkru verulegu ráðið til lykta. Og þess ber að gæta, að ýmsir ráðherrar, svo sem Björn Kristjánsson og fleiri, hafa búið í sínum eigin húsum og ekki álitið viðeigandi að taka heimildarlaust fje úr ríkissjóði upp í húsaleiguna. Því kemur mjer á óvart, að háttv. 1. þm. Árn. (EE) skuli verða svo uppvægur fyrir aðfinslum mínum í þessu máli. — Þá tal aði sami hv. þm. um Geysishúsið og sölu þess, og vildi ekki telja aðfinsluvert, hvernig því hefði verið ráðstafað. En þó heyrðist mjer á honum, að hann teldi nauðsynlegt að hafa gistihús á hverri dagleið þar austur eftir, og er þetta þá gert enn meir að ófyrirsynju, að rífa húsið niður. Enda var nýbúið að verja allmikilli fjárhæð til hússins, með það fyrir augum, að það skyldi vera látið standa um óákveðinn tíma. Jeg mundi þó ekkert hafa lagt á móti því, að það færi til sjúkrahúss í Ár-

nessýslu — út af fyrir sig gat það verið heppilegt — en mjer finst það aftur á móti varhugavert af stjórninni að taka ekki hæsta tilboði. Því það gefur að skilja, að þótt sjúkraskýlið sje annars, ef til vill, alls góðs maklegt, þá bar stjórninni engin skylda til að leggja því til þannig lagaðan styrk, og *mátti* ekki gera það í heimildarleysi eða upp á væntanlegt samþykki þingsins. Jeg býst við, að nálega 1500 kr. hafi verið gefnar eftir. Jeg hefi raunar ekki skjölin fyrir hendi; hafði í morgun ætlað mjer að fá þau til yfirlits uppi í stjórnarráði, en þau lágu ekki laus fyrir. Það hygg jeg líka, að því megi slá föstu, að almennur vilji manna í Árnessýslu hafi verið á móti því, að húsið væri rifið niður. Viðvíkjandi húsbúnaðinum, þá sagði sami háttv. þm., að ekki hefði farið illa á því, að þeir hefðu runnið til ungs og efnilegs kandidats með góðu verði. En jeg verð að halda því fram, að þó sá heiðursmaður eigi vafalaust alt gott skilið, þá átti hann að fá þá muni með sannvirði, en auðvitað ekki að okra á þeim. Annars er þetta álit háttv. þm. í fullu samræmi við þau ummæli hæstv. fjármálaráðherra við mig, að best færi á því að skifta innbúi Geysishússins upp á milli hreppanna í Árnessýslu. Jeg hafði fengið uppi í stjórnarráði lista yfir þessa búshluti og var kominn af stað með hann, en þá kom maður á eftir mjer og beiddist þess, að jeg skilaði honum aftur. Hið háa stjórnarráð hafði sjeð sig um hönd. En margir nýtilegir munir virtust vera þar, m. a. 20—30 körfustólar, og býst jeg þó ekki við, að aðalverðmætið muni hafa legið í þeim.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) veit vel, hvers vegna jeg er svona fjölorður um þetta. Jeg átti tal við hann í fyrra og beiddist þess að fá húsið leigt næsta sumar, fyrir hönd stúlku, sem verið hafði í konungsförinni og hlotið hin bestu meðmæli frá vegamálastjóra, sem bjóst við, að hún mundi hirða húsið svo vel, að eigi yrði kostur á betra. Tók ráðherrann vel í þetta og bjóst við, að samningar um þetta tækjust, svo framarlega sem fyrverandi stjórn hefði ekki bundið hendur sínar í því máli á þann hátt, að gefa loforð fyrir sölu á húsinu. Og auðvitað treysti jeg því og trúði, sem hver annar hrekkjalaus maður, sem hjelt sig eiga við haldinorðan mann, óvitandi um vafninga veraldarinnar, að hann mundi standa við sín orð. En það kom á daginn, að hann hafði ekki verið mjer heill í málinu, því að þá hafði hann lofað Jörundi Brynjólfssyni húsinu fyrir 2000 kr.

Að þetta sje rjett, leyfi jeg mjer að fullyrða, því jeg hefi órækar sannanir fyrir því. Að vel athuguðu máli lít jeg svo á, að hæstv. ráðherra hafi vísvitandi farið með blekkingar og ósannindi í þessu máli, sem urðu til mikils óhagræðis fyrir þá, sem hjeldu sig mega fullkomlega treysta honum.

Jeg kann illa við, að hæstv. ráðherra (MagnJ) hefir enga tilraun gert til þess að láta þinginu í tje vitneskju í þessu máli. Það hefir komið fram, og er óhrakið, að hægt hefði verið að selja húsið hærra verði. Jeg verð því að telja framkomu hæstv. ráðherra (MagnJ) alt annað en ákjósanlega, og jeg hefði óskað, að hann hefði að minsta kosti verið hreinskilinn við þingið, en ekki verið hjer með vafninga, sem ómögulegt er að sjá í gegnum með ærlegum augum. Slíkar ráðstafanir sem þessi eru með því móti, að hæstv. ráðherra getur ekki tekið neinum það illa upp, þótt þær sjeu víttar, og vona jeg, að hann misskilji ekki eða láti sjer mislíka það, sem jeg hefi sagt hjer. En ef svo er komið, að stjórnin má fara með fje lands-

ins eftir vild sinni. þá erum við komnir inn á óheppilega braut, sjerstaklega ef ráðherrarnir eru ekki vel valdir, eins og því miður hefir fyrir komið.

Jón Baldvinsson: Jeg get ekki verið hæstv. atvrh. (KlJ) sammála um það, að þm. eigi að láta stjórnina vita fyrirfram, hvers þeir ætla að spyrja. Það er eðlilegt, að á eldhúsdaginn, þar sem eru frjálsari umræður en ella, komi margt fram, sem þarf að upplýsa, og eins getur þm. dottið margt í hug meðan á umr. stendur, sem þeir hafa ekki athugað áður. Jeg ætla þess vegna að spyrja stjórnina nokkurra spurninga.

Fyrst vil jeg spyrja hæstv. forsætisráðherra um það, hvaða eftirlaun danska bankastjóranum, er fór frá Íslandsbanka, hafi verið veitt. Þetta mál hefir mikið verið rætt, enda á það að vera opinbert mál. Og í einu blaði hefir verið nefnd til ákveðin upphæð. Jeg vildi gjarnan fá upplýsingar hjá stjórninni um þetta.

Þá vil jeg spyrja sama hæstv. ráðherra (SE), sem er í bankaráði Íslandsbanka, hver mæti fyrir og fari með atkvæði erlendra hluthafa. Jeg vona, að hann svari mjer þessu.

Þá vil jeg beina spurningum til hæstv. atvinnumálaráðherra. Það getur verið, að hann þurfi að afla sjer upplýsinga, en honum gefst tækifæri til þess, því bráðum verður fundarhlje.

Á síðasta sumri keypti atvinnumálaráðuneytið kolafarm, og urðu út af því blaðadeilur. Mörgum sýndist, að stjórnin hafi breytt óhyggilega með því að ganga fram hjá þeirri stofnun ríkisins, Landsverslun-inni, sem sjerstaklega var kunnug þessum málum, þar sem það þó mun vera embættisvenja að leita álits þeirra stofnana, sem kunnugar eru á því sviði, sem um er að ræða í hvert sinn. Nú vildi jeg fá að vita, hve mikið kolin hafi kostað og hvernig hafi verið hagað útboði á þeim.

Jeg vil einnig spyrja hæstv. ráðherra (KlJ) um það, hvort það sje rjett, að tveir kaupsýslumenn hjer í Reykjavík hafi fengið meðmælabrjef til útlanda frá stjórninni, þegar þeir þó fóru utan til þess að sinna sínum eigin erindum. Verð jeg að telja það mjög óheppilegt, ef svo hefir verið.

Þá hefi jeg gefið tveimur ráðherrunum verkefni, og jeg er svo mikill jafnaðarmaður, að jeg kann ekki við að skilja þann þriðja út undan. Jeg vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra (MagnJ) um það, hvernig því sje varið með lán eða ábyrgðir ríkisins til verksmiðjunnar á Álafossi. Það er sagt, að fyrirtækið standi völtum fótum, og jeg vona, að fje landsins sje þar nægilega tryggt. Sjerstaklega er nauðsynlegt að vita þetta áður en greidd eru atkv. um fjárlögin. Það er að vísu ekki hægt að ásaka stjórnina fyrir þetta; það er þingsins verk, en gott væri að fá þetta upplýst.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla að byrja með að óska þess, að hæstv. fjármálaráðherra (MagnJ) gefi skýlausa yfirlýsingu um það, að hann ætli ekki að halda lengra út á þá braut að veita sjálfum sjer fje úr ríkissjóði án allrar heimildar. Jeg óska þess einnig, að hann lýsi því yfir, að hann ætli að greiða aftur þessa peninga. Upphæðin er ekki há, en fordæmið er ilt og á ekki að líðast. Ef haldið verður áfram á þessari braut, getur það komið fyrir, að ábyrgðarlitlir ráðherrar leigi heil hús handa sjálfum sjer, og það án þess að spyrja samverkamenn sína um það, hvað þá þingið.

Enn fremur vil jeg spyrja ráðherrann (MagnJ), hvort það hafi verið í erindum stjórnarinnar, sem hann fór, er hann fór til útlanda á síðastliðnu sumri, meðan forsætisráðherra (SE) var þar. Og ef svo ótrúlega vill til, að hann hafi farið í erindum stjórnarinnar, þá vildi jeg vita, hver þau erindi hafi verið.

Þá kem jeg að sölu Geysishússins, og kemur víst flestum saman um, að sú stjórnarathöfn sje lítt verjandi. Ýmsir, sem höfðu áhuga á því, að gistihús væri áfram á staðnum, vildu bjóða meira fyrir húsið en það var selt öðrum fyrir. Sömuleiðis er það á allra vitorði, að innanstokksmunirnir voru seldir langt fyrir neðan sannvirði. Það gengur sú saga, sem hægt mun að færa sönnur á, að kaupandinn, með því að selja lítinn hluta munanna, hafi getað greitt ríkissjóði andvirðið. Jeg vona, að hæstv. fjármálaráðherra láti ekki bíða lengi eftir svörum og skýringum.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg ætla fyrst að svara háttv. þm. Ísaf. (JAJ) og gefa honum skýlausa yfirlýsingu, en ekki þá, sem hann bað um. Jeg er sannfærður um, að ráðstafanir mínar hafa verið rjettmætar og jeg sje ekki, að þær þurfi að gefa neitt ilt fordæmi. Það er engin hætta á því, að ráðherrar fari síðar að leigja heil hús fyrir sjálfa sig, þó að eitt herbergi hafi verið leigt til stjórnarþarfa.

Háttv. þm. (JAJ) hjelt því fram, að jeg hefði getað látið forsætisráðherra eða sendiherra sinna erindum ytra og ekki þurft að fara sjálfur. Þetta er hvorugt rjett, þegar af þeirri ástæðu, að báðir þessir menn voru hjer heima á Íslandi meðan jeg dvaldi í Kaupmannahöfn.

Þá kom hv. þm. (JAJ) að Geysishúsinu og átti þar samleið með hv. þm. Barð. (HK). Jeg get því svarað þeim báðum í einu. Það var óþarfi af háttv. þm. Barð. (HK) að afsaka afstöðu sína til þessa máls, eða gera játningu — ranga þó — hjer framan í deildinni um hvatir sínar. En ummæli hans sýna, að hann hefir tilfinningu fyrir því, að hann og hans fylgdarpeð vinna hjer óheilt verk og lítilmannlegt og í alt öðrum og verri tilgangi en þeir láta í veðri vaka. Þetta mun koma á daginn og „skal þess bíða“. Yfirleitt þurfa þeir ekki að afsaka það, hverjum vopnum þeir beita gegn mjer, því aursletturnar lenda eingöngu á þeim sjálfum; jeg hefi enga tilhneigingu til þess að gjalda líku líkt í því efni. Hinu kann jeg síður, að samherjar mínir tefli þremur peðum af þessu tægi fram til þess að vega aftan að mjer, og mun jeg því snúa mjer við eftir því.

Háttv. þm. (HK og JAJ) gerðu mikið úr innanstokksmununum í Geysishúsinu, og til þess að þeir renni ekki blint í sjóinn með það, þá skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp lista yfir þessa muni. Jeg skal lesa hægt, svo að þeir geti skrifað upp það helsta. Listinn hljóðar þannig:

„Skrá yfir búshluti og innanstokksmuni, sem geymdir eru frá síðastliðnu sumri í húsi ríkissjóðs við Geysi:

82 grunnir diskar, 66 djúpir diskar, 50 eggjabikarar, 12 ávaxtaskálar, 4 kartöfluföt, 22 brauðbakkar, 32 kökudiskar, 1 kökufat, 2 glerkönnur, 6 leirkönnur, 2 sósuskálar, 3 kaffikönnur (leir), 3 sykurker, 3 rjómakönnur, 74 vatnsglös, lítil, 46 vatnsglös, stór, 10 föt, stór (leir), 8 föt, lítil, 1 fat, stórt (em.), 1 leirskál, stór, 3 tepottar, 5 tesigti, 1 kjötkvörn, 1 hakkajárn, 2 skurðarbretti, 2 blikkbalar, 1 búrhnífur, 2 smjörspaðar, 1 fiskspaði, 1 trjesleif, 3 ausur, 1 pönnukökuhnífur, 1 panna, 1 kökuform, 2 þeytarar, 1 kjötöxi, 1 rifjárn, 1 sósusigti, 3 dósahnífar, 7 pottar, 1 mjólkurfata, 1 olíuofn, 2 kaffikönnur (önnur stór), 1

ketill, 2 prímusar, 10 leirskálar, 25 bollapör, 4 þvottastell (leir), 5 þvottastell (em.), 9 þvottaskálar, 10 vatnsfötur, 8 öskubakkar, 20 smádiskar (gler), 2 smáföt, 24 sængurver, 24 koddaver, 24 lök, 4 beddar, 2 vattteppi, 6 vattdýnur, 45 serviettur, 3 borðdúkar, 36 handklæði, 36 þurkur, 6 sængur, 18 koddar, 54 rúmteppi, 3 fataburstar, 3 skóburstar, 2 áburðarburstar, 4 búnt eldspýtur, 8 ediksglös, 5 saltker, 24 borðhnífar, 24 gaflar, 24 skeiðar, 24 dessert skeiðar, 24 dessert gaflar, 12 dessert hnífar, 24 teskeiðar, 1 blómvasi, 5 speglar, 3 kjötgaflar, 4 járnrúm, 2 trjerúm, 4 þvottaborð, 4 þvottaborð með grind, 2 borð, 1 divan, 1 divanteppi, 1 fatasnagi, 1 fataskápur, 1 þvottaborð með marmaraplötu, 1 spegilborð, 5 stólar (stoppaðir), 27 birkistólar, 13 stangdýnur, 21 stígvjelaþræll, 1 tappatogari, 29 vatnsflöskur, 1 fægiskúffa, 1 fægikústur, 5 gólfmottur, 2 gólfskrúbbur, 1 gólfkústur, 1 lakkdós og kústur, 1 hamar, 1 sög, 1 öxi, 1 lóðhamar, 1 nafar.

Skráin samin af Jóni Jónssyni frá Flatey, ráðsmanni við Geysi".

Þá er nú listinn búinn, og geta háttv. fyrirspyrjendur skemt sjer við að rýna í hann fyrst um sinn.

Tilboðin, sem komu í þetta, voru tvö, jafnhá, og var tilboðinu frá Laugarási tekið, því að ekki þótti tiltækilegt að flytja þetta hingað suður. *(HK*: Var þetta ekki selt prívatmanni?). Maðurinn, sem keypti, var læknirinn við sjúkraskýlið.

Þá var háttv. þm. Barð. (HK) að tala um, hvers vegna hærra tilboðinu í Geysishúsið hefði ekki verið tekið. En þar um er háttv. þm. því til að svara, að þetta yfirboð, sem var 500 kr., kom ekki fyr en svo seint, er samningar við læknishjeraðið um kaup á húsi þessu voru gerðir, enda bar tilboðið með sjer, að það var gert með vitund um það, og hefði því átt að sendast læknishjeraðinu, en ekki stjórninni.

Háttv. þm. hefir stundum nefnt húsið „gistihús". Mjer vitanlega hefir þarna aldrei neitt gistihús verið og engin heimild til að fara að reka þarna „ríkishótel". Jeg veit ekki betur en að húsið lægi þarna eiginlega í algerðu reiðileysi. Enn fremur skal jeg taka það fram, að eignarheimild ríkisins fyrir húsinu var ekki í lagi. Það hafði verið selt eftir fyrri konungskomuna, 1908, að mig minnir, án þess að þeir samningar nokkurn tíma hafi verið kláraðir. Var því frekar um kröfu en eignarheimild að ræða. Einnig lágu fyrir meðmæli frá landlækni, um að vera læknishjeraðinu innan handar með að eignast húsið, því að annars hefði sjúkraskýlið ekki orðið reist í bráð. Jeg sje því ekki annað en að farið hafi verið rjett að í þessu máli.

Forsætisráðherra (SE): Það eru aðeins tvær fyrirspurnir háttv. 2. þm. Reykv. (JB), sem jeg vildi svara.

Fyrri fyrirspurnin var um það, hve mikil eftirlaun Tofte bankastjóri hefði fengið, er hann ljet af embætti. Jeg skal strax upplýsa það fyrir hv. þm., að hann fjekk engin eftirlaun. En hitt atriðið, hvernig samningur hans var gerður upp, sje jeg ekki ástæðu til að skýra frá, þar sem svo var ákveðið á bankaráðsfundi, að skýra ekki frá því, sem þar gerðist.

Hvað snertir aðra fyrirspurnina, um það, hver færi með atkvæði hinna útlendu bankaráðsmanna Íslandsbanka, er því til að svara, að það er enginn ákveðinn, því að stundum hefi jeg farið með þau og stundum aðrir. Jeg fór t. d. með þau síðast.

Jón Sigurðsson: Hæstv. atvrh. (KlJ) bar sig mjög illa, er hann byrjaði að svara fyrirspurnum mínum, því að hann taldi, að það væri að vega að vopnlausum mönnum, er verið væri að spyrja hæstv. stjórn. Þetta þykir mjer of mikill barlómur; við, sem höfum verið að spyrja, höfum spurt um stjórnarráðstafanir, sem við þekkjum ekki nema af afspurn, en hæstv. stjórn hefir að sjálfsögðu rannsakað og er nýlega búin að afgreiða; geta því allir sjeð, að hún hlýtur að standa miklu betur að vígi en við, sem erum nýkomnir frá búum okkar. Út af þessum raunum sínum tók hæstv. ráðherra það fram, að erlendis væri venja, að slíkar fyrirspurnir sem þessar kæmu fram nokkru áður en þeim ætti að svara, til þess að stjórnin gæti verið undirbúin. Þetta hygg jeg ekki vera rjett; á erlendum þingum, t. d. enska þinginu, verður stjórnin að vera viðbúin að svara hvenær sem er.

Við fyrstu spurningu minni, um heimild stjórnarinnar til að láta leggja símalínuna til Staðarfells, fjekk jeg það svar hjá hæstv. ráðherra, að það hefði verið sama heimild og fyrverandi stjórn hefði haft til þess að láta leggja línuna til Þorlákshafnar, og hefði jeg sem fylgismaður hennar ekkert fundið að því. Bauðst hann jafnframt til að koma með fleiri dæmi, þessu lík, frá tíð fyrverandi stjórnar, sem jeg hefði verið samþykkur. Ef hæstv. stjórn hefði haft sömu heimild og fyrv. stjórn til þess að leggja Þorlákshafnarsímann, þá væri hún betur á vegi stödd í þessu máli en hún er, því Þorlákshafnarsíminn var í símalögunum. En það get jeg sagt hæstv. ráðherra, að hann veit ekkert um, hvort jeg hefi verið samþykkur öllum gerðum fyrv. stjórnar, þó að jeg hafi ekki gert það að umtalsefni á hinum svokallaða eldhúsdegi.

Það eina, sem jeg því fjekk, sem átti að heita svar við fyrirspurninni, var, að við það að taka upp þessa línu nú hefði sparast um 4 þús. kr. Það er vitanlega gott og blessað, ef svo er, og ætti jeg síst að lasta hæstv. stjórn fyrir sparnað. En þá vaknar hjá mjer önnur spurning, og hún er sú, hvort það muni líka vera sparnaðarráðstöfun hjá hæstv. stjórn að láta staurana til línunnar Fáskrúðsfjörður—Reyðarfjörður liggja eitt til tvö ár enn þá. Þeir eru nú búnir að liggja á þriðja ár fyrir austan, og er ekki ólíklegt, að þeir fari að feyskjast. Hefði því ekki verið eins hyggilegt að láta leggja þessa línu, sem er 2. flokks lína og í símalögunum? Jeg er ekki í minsta efa um það, og verð því eindregið að halda því fram, að slík ráðstöfun, sem þessi, sje brot á rjetti þeirra hjeraða, sem komin eru með síma inn í símalögin, hvort heldur sem hún er gerð af fyrverandi eða núverandi stjórn, því til hvers eru þá ákvæði símalaganna, ef ekkert má fara eftir þeim? Og hjer stendur einmitt svo á, að upp er tekin lína, sem ekki er í símalögunum og engin fjárveiting er til, hvorki í fjárlögum eða fjáraukalögum, og engin ósk er um frá viðkomandi hjeraðsbúum, því jeg veit, að háttv. þm. Dala. (BJ) hefði ekki látið undir höfuð leggjast að bera slíkar óskir fram, ef þær hefðu einhverjar verið til. Lítur því út fyrir, að þetta hafi ekki einu sinni verið áhugamál heima í hjeraðinu, heldur knúð fram af ofurkappi einstakra manna, þvert ofan í lög og gildandi reglur. Síðasta þing feldi niður fjárveitingu til allra símalína, og sparnaðurinn á því sviði gekk svo langt, að jafnvel sumir þingmenn greiddu atkvæði á móti línum í sínum eigin hjeruðum, og var jeg einn af þeim. Bæði fjárveitinganefndir og meiri hluti þingmanna sýndu hæstv. stjórn það traust

að leggja það í hennar vald, hvort eða hverjar línur skyldu lagðar á þessu ári, og vitanlega var það samróma álit allra, að ef nýjar línur yrðu lagðar, þá gætu ekki aðrar línur komið til greina en þær, er stóðu í frv. stjórnarinnar og voru feldar niður. En hvernig hefir hæstv. stjórn farið með það vald, er henni var gefið í þessu efni? Því er fljótsvarað; hún hefir misbrúkað það, eins og áður er sagt, og því gersamlega brugðist þeim vonum, er jeg og aðrir gerðu sjer um framkvæmdir hennar á þessu sviði. Tillögur fjárveitinganefndar nú, um að taka símalínurnar upp í fjárlögin, eru fyrst og fremst bygðar á þessari reynslu; nefndin mun ekki hafa treyst sjer til að leggja það til, að slíkt einræði verði veitt hæstv. stjórn aftur, sökum þeirrar reynslu, sem þegar er fengin.

Annað atriðið, sem jeg óskaði svars hæstv. atvrh. (KlJ) um, var um byggingu skólabúsins á Hólum.

Hæstv. ráðherra gat þess, að skólastjóri hefði farið fram á, að landið keypti nokkurn búsauka og að fyrverandi atvinnumálaráðherra hefði veitt ádrátt um það. Það getur ekki talist ástæðulaust, þó að skólastjóri hafi farið fram á þetta, því að búið er lítið, og geta allir sjeð, hvort 4 brúkunarhross, t. d., sjeu ekki of lítið fyrir búið. Auk þess sem líka hefir verið mjög dýrt að hleypa upp búi.

Hæstv. ráðherra gat þess, að þessi búsauki myndi hafa kostað um 3—4 þús. kr., og ásaka jeg hann ekki fyrir það, þó að hann gæti ekki tekið þessa kröfu til greina þegar í stað. En jeg tel það ámælisvert að leitast ekki eftir frekari samningum við skólastjórann. En hæstv. ráðherra taldi það ekki hafa verið skyldu sína. En það verð jeg aftur að segja honum, að ef enginn gerði annað en það, sem lagaskyldan byði, þá yrði margt ógert, og situr illa á ráðherra að viðhafa slík ummæli. Og um þetta mál tel jeg, að alveg hafi verið sjálfsögð skylda að leita frekari samninga en gert var, því að það skiftir alls ekki svo litlu, hvernig búskapurinn á bændaskólunum er rekinn. Hefði stjórninni líka átt að vera innan handar að leita til Búnaðarfjelags Íslands eða landbúnaðarnefnda þingsins, þegar þingið var einmitt að koma saman um það leyti, sem búið var leigt, því að hún hefir oft leitað til þingsins um ómerkilegri mál.

Þegar breyta skal einhverju, eru það tvær spurningar, sem liggja fyrir. Fyrst, hvort breytingin sje til bóta, og ef það er vafasamt, þá er hin spurningin sú, hvort sá fjárhagslegi hagnaður, sem af henni kann að verða, vegi á móti þeim óþægindum, sem af henni kann að leiða. Ef hvorugt er fyrir hendi, hvorki umbótin nje fjárhagslegur gróði, er breytingin órjettmæt. Skal jeg nú leiða rök að því, að hvorug þessi ástæða lá fyrir.

Aðalvinningurinn við það skipulag, sem nú er á Hvanneyri og verið hefir á Hólum, að skólastjóri sje jafnframt bústjóri, er fyrst og fremst sá, að honum gefst tækifæri til að sýna í verkinu það, sem hann kennir, og er eitt vel unnið verk meira virði en 5—10 fyrirlestrar. Einnig er skólastjóri stöðu sinnar vegna skyldugur að reka fyrirmyndarbú og tilraunabúskap, eftir því sem ástæður hans frekast leyfa. Í búnaðarskólunum eða í sambandi við þá á að gera tilraunir með vinnusparandi vjelar og önnur praktisk viðfangsefni, og hverjum ætti að vera betur treystandi en skólastjórum bændaskólanna að afla innlendrar reynslu handa okkur bændunum? Því að okkur vantar hana tilfinnanlega á

fjölmörgum sviðum. En bændur eru því miður fæstir svo efnum búnir, að þeir geti lagt út í þann kostnað, sem slíkar tilraunir hafa í för með sjer; reynslan er að vísu góður kennari, en hún er líka dýr kennari. Eru þá líkur til, að bústjóri, óviðkomandi skólanum, inni þessi hlutverk af hendi eins og skólastjóri myndi gera? Jeg segi nei. Skólinn er honum alveg óviðkomandi og bústjóri hefir engar skyldur við hann. Má því ganga út frá því með fullri vissu, að allar búnaðartilraunir og öll nýbreytni verði lögð á hilluna og búskapnum hagað einungis eftir þeirri grundvallarreglu að græða sem mest fje, en ekki þekkingu og reynslu, sem verður þó að vera meginatriði fyrir slíkan skóla. Verða því allar tilraunir, sem byrjað kann að vera á, kyrktar í fæðingunni um óákveðinn tíma og komið á fullkominni kyrstöðu.

Maður sá, sem veitt hefir verið búið á Hólum, getur vel verið duglegur, — jeg þekki það ekki — en jeg geri mjer enga von um, að hann sjái sjer fært að reka búið eins og vera ber um skóla- og tilraunabú; það mundi reynast honum fjárhagslegt tjón, en í það má skólastjóri ekki horfa, enda hefir hann þá laun sín við að styðjast.

Jeg skal svo að endingu geta þess að töluverð hreyfing er nú um það að setja upp fyrirmyndarbú austur í Árnessýslu, og því er einmitt fylgt fram af sumum stuðningsmönnum stjórnarinnar í Framsóknarflokknum. En það finst mjer allundarlegt, ef hæstv. stjórn er í vitorði um þetta og styrkir það, á sama tíma, sem hún sviftir okkur Norðlendinga hinum litla vísi, sem við höfðum af tilraunabúi.

Nú hefir hinn nýráðni bústjóri tjáð hæstv. stjórn, að hann treystist ekki til að flytja í bæinn á Hólum, nema því aðeins, að talsverðu fje yrði varið þar til aðgerðar. Það virðast því mestar líkur til, að greiða verði eins mikið fje eða meira úr ríkissjóði en þótt keyptur hefði verið búsaukinn, sem skólastjórinn fór fram á. Jeg get því ekki komið auga á nokkrar málsbætur hæstv. atvrh. (KlJ) til handa í þessu máli. Skólanum er gert tjón og ríkissjóði sömuleiðis með þessari flaustursráðstöfun, og hygg jeg, að flestir Norðlendingar muni gjalda hæstv. stjórn óþökk fyrir.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það eru aðeins fáein orð. Jeg átti ósvarað háttv. 2. þm. Reykv. (JB) viðvíkjandi Álafossi, þ. e. því láni, sem verksmiðjunni var veitt úr viðlagasjóði. Það lán var að upphæð 100 þús. kr. og er frá því í júlí 1920. Það var veitt með 20 ára afborgunum og tryggt með veði í verksmiðjunni, vjelum og ýmsum tilheyrandi húsum, og get jeg því ekki sjeð, að það hafi verið gengið illa frá lántökusamningunum frá stjórnarinnar hálfu. Úr viðbótinni, eða ábyrgðinni, sem heimiluð var í næstsíðustu fjárlögum, hefir ekki orðið, hvorki í minni tíð nje fyrirrennara míns.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg held, að háttv. þm. Barð. (HK) hafi ekki heyrt vel til mín í dag, er jeg mintist á, hversu langt frá því að vera auðvelt það væri fyrir stjórnina að svara ýmsum spurningum viðvíkjandi skjölum og þess háttar án þess að hafa nokkurn fyrirvara. Jeg tók þá fram, að slíkar óviðbúnar fyrirspurnir væru ekki praksis í öðrum löndum, nema ef vera kynni í Danmörku. En í Englandi er það t. d. ekki praksis; það veit jeg. Þar kemur ekki fyrir, að lögð sje fyrirspurn fyrir ráðherra, nema hún hafi áður verið prentuð. Enda segir þetta sig sjálft. Svo framarlega sem þingmenn vilja fá

svör við fyrirspurnum sínum, og það hlýt ur þó að vera meiningin, þá er það ekki altaf hægt og aldrei vandalaust fyrir ráðherra að gefa þau þegar í stað, og það er ekki von á því, að þeir muni út í æsar það, sem stendur í gömlum skjölum. Annað er það, að þótt einhverjum þm. þyki þetta og þetta merkilegt mál, einkum ef það snertir kjördæmi þeirra, getur það verið ómerkilegt í augum ráðherra. Með þessu hefi jeg þá líka svarað háttv. 2. þm. Skagf. (JS) út af ummælum hans um þetta atriði.

Þá ætla jeg að snúa mjer að háttv. 2. þm. Reykv. (JB). Hann lagði fyrir mig tvær fyrirspurnir. Í fyrsta lagi, hvers vegna stjórnin hefði keypt kol frá Englandi síðastliðið sumar, í stað þess að fá þau hjá Landsversluninni. Honum fanst það skakt að farið og spurði, hvernig á því hafi staðið og hvað kostnaðurinn hafi verið mikill. Hvað því viðvíkur, að stjórnin hefði átt að fá kolin hjá Landsversluninni, þá get jeg í raun og veru verið honum sammála um það, en gallinn var sá, að hún hafði ekki heimild til þess að kaupa kol. Háttv. þm. man sjálfsagt, að á síðasta þingi komu fram tvær till., þar sem gengið er út frá, að Landsverslunin hafi ekki eftirleiðis sölu á öðrum vörum en hún hafði fengið rjett til einkasölu á, þ. e. tóbaki og steinolíu. Í umr. um það mál er skýrt tekið fram, að ekki sje ætlast til, að Landsverslunin hefði kola- og kornvöruverslun. Það gekst stjórnin undir. Sú leið var því útilokuð. Svo stóð á í júlí og í ágústmánuði, er kaupa átti kol handa ríkisstofnununum, þá kostaði hver smálest heimflutt 85 kr. Þetta þótti náttúrlega gífurlegt, og sendi því stjórnin fyrirspurn til allra kaupmanna, sem líklegastir þóttu til að geta útvegað kol með betri kjörum, um það, hvar þau reyndust ódýrust. Eftir talsvert umstang og trúkk fjekst loks tilboð frá kaupmanni einum hjer í bænum um að selja ríkinu kol á 60 kr. tonnið á staðnum. Þessi kjör voru stórum mun betri en hægt var annarsstaðar að fá, og keypti stjórnin því þegar 1060 tonn. Við flutning heim lögðust 2 kr. á hvert tonn, svo að hvert tonn heimfluttra kola kom til að kosta 62 kr. Kol þau, er skyldu fara til Vífilsstaða, tók Lagarfoss með til Hafnarfjarðar, að því er mjer hefir skilist aukreitis og án þess að sjerstakur kostnaður hafi orðið af þeim flutningi. Þá voru þau flutt þaðan til Vífilsstaða og kostuðu þangað komin 61 kr. pr. tonn. Með þessu kolaverði held jeg því fast fram, að landið hafi grætt mikið á þessari ráðstöfun stjórnarinnar, um 25 kr. á hverju tonni, og er því síður en svo, að hún sje ámælisverð fyrir, heldur þvert á móti. Hvað kolin sjálf snertir, þá hjetu þau „Large Yorkshire hard Steamcoals" — ágæt kol og viðurkend af öllum, sem þau hafa notað. Með þessu hygg jeg, að jeg hafi svarað fyrri fyrirspurninni nægilega.

Þá fann sami háttv. þm. að því, að stjórnin hafi autoriserað kaupmenn, sem höfðu farið út í heim í eigin verslunarerindum. Jeg man að vísu eftir, að skömmu eftir að jeg tók við ráðherraembættinu í fyrra, kom einn merkasti kaupmaður þessa bæjar til mín og tjáði mjer, að hann ætlaði utan til þess að leitast fyrir um betri markað fyrir íslenskar afurðir. Sjálfur hefir hann altaf verslað með afurðir landsins. Hann sýndi mjer meðmæli, sem Pjetur heitinn Jónsson ráðherra hafði gefið honum árið áður, og höfðu þau ekki að geyma neina autorisation. Hann spurði mig nú, hvort jeg vildi ekki gefa sjer samskonar meðmæli, og af

því að jeg þekti manninn að öllu því besta, sem vandaðan og duglegan mann, þá blandaðist mjer ekki hugur um að gefa honum þau. Sjerstaklega hafði hann ætlað sjer að komast fyrir, hvort hægt væri að flytja lifandi fje til Belgíu. Starf hans í því efni hefir ekki kostað landið einn einasta eyri.

Hvað snertir, að hann hafi sjálfur haft gagn af ferðinni, skal jeg ekkert um segja, því að jeg veit það ekki; en hafi svo verið, sem er ekki ólíklegt, þá hefir landið haft það líka. Þar með tel jeg síðari fyrirspurninni svarað, svo sem þörf er á.

Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) hefir aftur ítrekað þessar 2 spurningar, sem hann beindi til mín í gær, sjerstaklega út af Staðarfellssímanum. Hann sagðist ekki hafa fengið svar, en rifjar þó upp í ræðu sinni með mörgum orðum svör mín. Jeg lít svo á, sem margt sje óþarflegra framkvæmt en að leggja síma til staðar, er landið á og er sýslumannssetur, auk þess sem það verður væntanlega innan skamms skólasetur; en auk þess er þessi lagning uppfylling á gömlu loforði. Sýslumaðurinn í Dalasýslu sagði mjer, að hann hefði átt tal við Pjetur sál. Jónsson um þetta 1920, og hafi hann gefið málinu góðar undirtektir. Frekara vildi hann ekki fullyrða. Auðvitað hefir Pjetur sálugi sjeð það sama og jeg nú, að öll sanngirni mælti með því, að þessi lína væri lögð um leið og Króksfjarðarsíminn, sjerstaklega þegar við það má spara um 4—5 þús. kr. Hv. þm. gat þess, að nær væri að nota símastaura þá, sem nú lægju undir skemdum fyrir austan, án þess, að við þeim hafi verið hreyft í háa tíð, og hafi þannig verið borinn fyrir borð rjettur þeirra hjeraða, sem samkvæmt símalögunum hefðu þegar átt að hafa fengið síma. Það er að vísu leiðinlegt, að þeim línum hefir ekki enn verið komið upp, en fjárskortur hefir gersamlega hamlað því til þessa. En nú getur hv. þm. sjeð í fjárlagafrv., að mín meining er að koma þeim í framkvæmd, jafnvel á næsta ári. Jeg er ekki úrkula vonar um, að það takist. Háttv. sami þm. (JS) álítur, að jeg hafi verið of fljótur á mjer að semja við nýja ábúandann á Hólum. Það get jeg alls ekki viðurkent. Staðan var auglýst laus með löngum fyrirvara, en enginn gaf sig fram. Rjett fyrir þingbyrjun kom loks efnilegur maður til mín og bauðst til að taka að sjer búið. Jeg skýrði honum frá skilmálum öllum, og bauðst hann til að ganga inn á þá, en þóttist þó þurfa að fara norður fyrst, til þess að skoða sig um á staðnum. Þá fjell heppileg skipsferð norður, og tók hann sjer þá far þangað. Það er rjett, að þing var þá að byrja, og hefði verið hugsanlegt að setja málið í þingnefnd, t. d. landbúnaðarnefnd. En einn hv. þm., 3. þm. Reykv. (JÞ), var um daginn að kvarta yfir því, með hve mörgum störfum stjórnin ónáðaði þingnefndir. Jeg gat að vísu ekki tekið það til mín, því að jeg legg það ekki í vana minn að snúa mjer til nefnda til að biðja þær um að aðstoða mig í embætti mínu. Jeg hefi aldrei gert það og aldrei komið í nefndir, nema eftir beiðni þeirra. En þetta sýnir, hversu skiftar skoðanir manna eru um þetta mál. Annar þm. segir, að stjórnin hafi átt að setja þetta mál í nefnd, en hinn, — og á það get jeg vel fallist, — að ekki beri að ónáða nefndir að óþörfu. (*JS*: Það er enginn vansi!). Það er satt, en hvað segir þá háttv. 3. þm. Reykv.?

Þar sem sami háttv. þm. (JS) segir, að jeg hafi ekki tjáð mig skyldan til að leita samninga við skólastjóra, þá er það blátt áfram ósannindi, því það hefi jeg aldrei sagt, en jeg sagði, að mjer hefði ekki

verið skylt að bera málið undir Búnaðarfjelagið, og við það stend jeg.

Jeg þekki lítið til þess fyrirmyndarbús í Árnessýslu, sem háttv. þm. gat um. Jeg hefi heyrt, að menn hefðu í hug að stofna slíkt bú í sambandi við áveiturnar, en jeg hygg, að málið komist ekki skjótt í framkvæmd. Síst má draga þá ályktun af þeirri fyrirætlun, að það eigi að eyðileggja Hóla fyrir Norðurland á kostnað Sunnlendinga. Að endingu gat hv. þm. (JS) þess, að húsrúm væri svo lítið á Hólum, að nauðsynlegt væri að hressa upp á gamla bæinn. Jeg get ómögulega skilið, að húsakynni á Hólum sjeu svo lítil, að nokkur vandræði sjeu fyrir bónda að fá húsnæði, nema því aðeins, að kennarar heimti miklu stærri íbúð en þörf er á. Jeg held, að engin vandræði verði að þessu, ef menn vildu sýna dálitla tilhliðrunarsemi, en ef því er ekki að fagna, þá er náttúrlega öðru máli að gegna, og þá verður að taka til annara ráða, til þess að kennarar sýni tilhliðrunarsemi í húsaskiftingunni.

Annars hafði jeg hugsað mjer að skipa háttv. þm. sjálfan, fyrir hönd stjórnarinnar, til þess að vera við úttekt Hólabúsins í vor og afhenda það í hendur þessa nýja bónda, og treysti jeg honum fyllilega til að sjá svo um, að þeim nýja bónda verði trygt sæmilegt húsnæði.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi lagt hlustirnar við því, meðal annars, er háttv. 2. þm. Skagf. (JS) mælti í garð hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) um það, að sá hinn sami hafi gert sig sekan í glópsku þeirri að ákveða að leggja síma að Staðarfelli. Þetta hlýtur að vera mjög góð stjórn, þegar hún er ásökuð fyrir það að hafa nú framkvæmt 8 ára gamalt loforð þings og stjórnar. Ef einhver kynni að efast um, að það sje rjett, sem jeg segi, skal hann snúa sjer til landssímastjórans, Forbergs, er veit alt hið sanna um þetta mál og mun staðfesta mína frásögn. 1914 bar jeg fram á þingi frv. um, að síminn yrði lagður frá Búðardal að Tjaldanesi, yfir Staðarfell og Skarð. Skal jeg ekki rekja það nánar, hvar jeg hugsaði mjer, að síminn skyldi liggja, en menn geta sjeð það á uppdrætti, sem prentaður er í þingtíðindum þess árs og Forberg ljet gera yfir þessa hluti. Hann vildi ekki fallast á að láta símann fara þessa leið, þar eð koparþráður sá, sem ætlaður var til hans, var 3,3 mm. að þvermáli, og yrði því of dýr. En í þess stað lofaði hann þá að leggja aukalínu út að Staðarfelli, en Skarðslínuna vildi hann eigi fallast á. Mig undrar eigi, þótt sýslumaður Dalamanna hafi fengið góðar undirtektir hjá Pjetri sál. Jónssyni, því að hann var einn af fleiri í símanefndinni 1914, og vissi því vel um hið gefna loforð. Einnig var því lofað, að símalína þessi skyldi lögð 1916. Á þessum loforðum hefi svo jeg og Dalamenn verið dregnir í 6 ár, uns atvinnumálaráðherra lætur kaupa í fyrra sumar efni til símans, og hefst þannig fyrstur handa til að efna hið marggefna loforð. (*JS*: Það loforð hefir verið gefið á bak við tjöldin). Bak við hvaða tjöld? Það er á allra vitorði, þeirra er málið þekkja, að hæstv. atvrh. (KlJ) ríður hjer fyrstur á vaðið til að uppfylla gamalt þingloforð. Hann á síst skilið ákúrur fyrir það, heldur þakklæti fyrir að hafa bætt afbrot undanfarinna stjórnarvalda. Hitt væri hægt að átelja fyrir, sem sje hinn mikla drátt, sem orðið hefir á framkvæmdunum.

Jón Auðunn Jónsson: Mjer virðist þörf á því að fara nokkrum fleiri orðum, en orðið er um þá stjórnarráðstöfun hæstv. fjrh. (MagnJ), að hann ávísaði sjálfum

sjer húsaleigu fyrir herbergi í einkaíbúð sinni. Því út úr hinni skýjuðu yfirlýsingu hans, sem hefði þó átt að vera skýlaus, hefir víst enginn fengið neitt, nema ef til vill það, að talsvert ský sje á velsæmistilfinningu hæstv. ráðherra (MagnJ). Jeg verð því að leyfa mjer að biðja hæstv. forsrh. (SE) um yfirlýsingu um það, hvort hann sje tiltæki þessu sammála eða hvort hann ætlar að láta þetta líðast áfram.

Af upptalningu húsmunanna í Geysishúsinu er það bersýnilegt, að þeir voru ekki þannig, að þeir hæfðu einir á sveitaheimili. Ráðherrann hefir því sannað það, sem ætla má, að hann vildi ósanna, sem sje það, að þessir munir voru fremur gefnir en seldir. Því um verðið er það að segja, að það er auðsjeð, að það nær engri átt, þegar þess er gætt, að meðal munanna voru 6 vönduð rúm með öllum búnaði, allur borðbúnaður handa 24 manns, sem alt hafði verið notað handa konunginum og hans fylgdarliði, og má geta nærri, hvort þetta eitt hefir ekki verið meira en 1500 kr. virði, auk alls annars, sem þarna var selt, enda ekki ósennilegt, að sá, sem tekur handa sjálfum sjer, geti líka tekið til að gefa öðrum.

Þegar hæstv. ráðherra (MagnJ) fór svo að tala um utanförina í sumar, varð grautarinn nokkuð heitur, og ef ekki kemur annað fram um það ferðalag en það, sem hann mælti í ræðu sinni, munu víst flestir líta svo á, sem ferðin hafi verið alveg óþörf. Yfirleitt verður að segja, að framkoma þessa hæstv. ráðherra (MagnJ) í málum þessum hafi verið á þann veg, að hún sje alveg óforsvaranleg og ósæmileg, og hefir því að maklegleikum verið vítt af öllum þeim, sem um þetta hafa talað, og vænti jeg þess líka, að hæstv. forsrh. (SE) gefi einnig skýra yfirlýsingu, til þess að þvo sínar hendur af þessum málum, því ekki ætla jeg hann samsekan í ósómanum.

Magnús Jónsson: Jeg hafði hugsað, að þetta lítt takmarkaða umræðuefni, sem eldhúsdagurinn svo nefndi leggur upp í hendur manna, yrði notað til þess að einhverju leyti að minnast á eitt mál, sem ef til vill hefir vakið meiri eftirtekt og umtal en nokkurt annað mál nýlega, Ólafsmálið svo nefnda. Jeg ætlaði ekki að taka hjer til máls í fyrstunni, og er því ekki svo undirbúinn, að jeg geti rakið nema aðalatriði málsins, enda skifta þau mestu. En úr því enginn annar hefir orðið til þess að vekja hjer athygli á þessu máli, þykir mjer rjett að gera það stuttlega, og verður þá ekki hjá því komist að rekja nokkuð sögu málsins. Það var sumarið 1921, að Ólafur ritstjóri Friðriksson kom úr utanför og hafði með sjer rússneskan pilt, sem hann hafði, að sögn, tekið upp af götu sinni í gustukaskyni, af því að hann er hjartagóður maður. En þegar til kom, reyndist svo sorglega ástatt, að piltinn hafði augnveiki slæma og smitandi, sem hjer var ekki til áður og læknar vildu ekki eiga undir, að hjer gæti útbreiðst, og lögðu því til, að drengurinn yrði sendur úr landi aftur. En maðurinn, sem í hlut átti, er tilfinningamaður og tók sjer þetta nærri og vildi sporna við þessu. Fór svo, að í hart sló milli hans og yfirvaldanna, og urðu úr tvær atrennur, þar sem hann veitti lögreglunni mótspyrnu með valdi. Eins og við var að búast, hvaða skoðanir sem menn annars höfðu á málinu, var ekki unt að meta svo, að honum væri heimilt að veita lögreglunni slíka mótspyrnu átölulaust, og að lokum fjell hæstarjettardómur í málinu 1922, og var maðurinn þar dæmdur í refsingu. Nú er sagt, að ekki tjái að

deila við dómarann og að þegar dómur sje fallinn verði menn bráðlega að taka út hegningu sína. Menn undruðust það því margir, að maður þessi skyldi eftir sem áður ganga laus og liðugur, og fara jafnvel í kosningaferðalag út um land. Gengu þá þær sögur um bæinn, að stjórnarráðið hefði verið búið að senda dóminn til fullnægingar, en forsætisráðherra (SE) hefði sent eftir honum aftur. Öllu þessu getur nú hæstv. forsrh. (SE) svarað og sagt, hvort rjett er, og ætla jeg því ekki langt út í málið, enda er mjer það út af fyrir sig ekkert kappsmál. Úrslit málsins eru líka kunn, þau sem sje, að hæstv. forsrh. (SE) fjekk því til vegar komið í utanför sinni, að maðurinn var náðaður áður en hann tók út nokkuð af hegningu sinni og án þess, að sögn, að hann hefði sjálfur sótt um það, og án þess að hæstirjettur hefði verið spurður álits.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni, en það, sem jeg vildi beina til stjórnarinnar, var þetta, hvað hefði knúð hana til þess að koma fram þessari náðun, á þann hátt sem hún gerði, og geri jeg ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. (SE) sje þetta aðeins kærkomið tilefni til þess að koma að sínum skýringum á málinu, þar sem hann hefir þagað um það til þessa, en hlýtur þó að vera það vel vitanlegt, að allmikil óánægja hefir verið út af málinu meðal þjóðarinnar, og kemur jafnvel enn fram í þingmálafundargerðum, einkum að því er snertir afstöðu stjórnarinnar til hæstarjettar.

Einnig verð jeg að minnast á annað mál, sem jeg hefi reyndar drepið á áður og hæstv. forsrh. (SE) lofaði mjer þá að svara, en hefir ekki gert enn. Það er um stjórn landsbókasafnsins. Með lögum 1907 var sett ráðgefandi nefnd til aðstoðar landsbókaverði við bókakaup, og sátu í henni einn maður frá hverjum embættisskólanum og einn frá mentaskólanum og svo þjóðskjalavörður. Árið 1919 sló í hart milli nefndar þessarar og landsbókavarðar, og sagði nefndin af sjer, eftir að hafa kært landsbókavörð, en kæran ekki verið tekin til greina. Síðan hefir slík nefnd ekki verið skipuð, og virðist því safninu ekki löglega stjórnað. En það, sem jeg vildi spyrjast fyrir um hjá hæstv. forsrh. (SE), er þetta, hvers vegna nefndin hefir ekki verið skipuð og hvort ekki eigi að skipa hana á ný.

Þriðja málinu vildi jeg einnig mega beina til hæstv. forsrh., þó það snerti að öðru leyti persónulega annan hæstv. ráðherra. En það er um kensluna í lagadeild háskólans. Það er vitanlegt, að hæstv. núverandi fjrh. (MagnJ) var prófessor í þeirri deild, áður en hann gerðist ráðherra, og var enginn maður skipaður í háskólaembættið í hans stað, en kenslunni ráðstafað á annan hátt. Nú er jeg ekki að álasa einum ráðherra fyrir það í sjálfu sjer, þó hann skipi ekki í slíkt embætti í sinn stað undir eins, ef hann býst við því að vera ekki lengi fjarverandi frá því. En undir eins og sýnt er, að svo getur orðið, virðist vera sjálfsagt að sjá háskólanum fyrir fullkominni kenslu í staðinn, því ástandið, sem verið hefir í lagadeildinni, er mjög óheppilegt, þó fordæmi kunni að vera fyrir því, og er nú orðið alveg ópolandi, því frá síðustu mánaðamótum er kenslan alveg fallin niður, og getur lagadeildin ekki við þetta unað. Vildi jeg því spyrjast fyrir um það, hvað hæstv. stjórn ætlar að gera til þess, að deildin beri ekki lengur svo skarðan hlut frá borði.

Magnús Guðmundsson: Jeg get verið mjög stuttorður. Jeg spurði hæstv. atvrh. (KlJ) þess, hver nauðsyn hefði verið á

því að gefa eftir uppboðsskuldina frá Viðey, 10 þúsund krónur, og sagði hann það hafa verið sömu nauðsyn og hjá mjer hefði verið fyrir umframgreiðslum 1920 og 1921. Það er nú hvorttveggja, að jeg ber ekki einn ábyrgð á slíkum umframgreiðslum; þar voru fleiri að verki, en svo þakka jeg honum fyrir það, að hann þykist kominn í gott vígi, þegar hann heldur, að hann sje eins og jeg. En jeg veit ekki til þess, að jeg hafi samþykt neinar slíkar eftirgjafir, og þess vegna er þetta alls ekki sambærilegt, og því þarf hæstv. ráðherra að skygnast um eftir nýrri heimild.

Hæstv. ráðherra (KlJ) talaði einnig um Þorlákshafnarsímann og sagði, að engin heimild hefði verið fyrir honum, frekar en Staðarfellssímanum, sem jeg talaði um, að stjórnin hefði nú lagt án heimildar. En þetta er rangt, því um Þorlákshafnarsímann eru til lagaákvæði frá 28. nóv. 1919, og því var hann lagður í fullri heimild. En það, sem jeg var að átelja um Staðarfellssímann, var það, að hann var lagður án heimildar, en þær símalínur látnar bíða, sem lagaheimild var fyrir. Hjer er því farið á snið við gildandi lög.

Um Álafossmálið, sem einn háttv. þm. minntist á, skal jeg geta þess, að þar var ekki um neina ábyrgð að ræða, heldur vel tryggt lán, og mun Íslandsbanki nú ætla að taka stofnunina á sínar herðar.

Út af því, sem hæstv. fjrh. (MagnJ) sagði um húsaleigumál sitt, að hann mundi halda áfram að hirða leiguna, þá á jeg bágt með að trúa því, eftir þær undirtektir, sem þetta hefir fengið hjer, og jeg trúi ekki fyr en jeg tek á, að hann sje svo djarfur að gera þetta.

Forsætisráðherra (SE): Háttv. 4. þm Reykv. (MJ) hefir ekki fundist loga nógu bjart í eldhúsinu, og hefir því viljað auka eldana að Aðilshöllu, og skal jeg ekkert kvarta undan því.

Um hið svonefnda Ólafsmál hefir verið reistur stormur gegn mjer um alt land. Á undan storminum, meðan á honum stóð og eftir hann hefi jeg nákvæmlega hugsað um það, sem jeg gerði, og jeg hefi ávalt betur og betur sannfærst um, að jeg hafi gert rjett.

Jeg hefi ekki enn sagt eitt orð um þetta mál, enda þótt árásirnar hafi dunið yfir mig landshornanna á milli. Jeg þagði, og þó hafði jeg nóg að segja. En jeg hjelt, að þögnin væri þessu máli best, bæði út á við og inn á við. Og enn mundi jeg hafa þagað, ef jeg hefði ekki verið nú knúður til að taka til máls. Jeg skal byrja á því að rifja upp gang máls þessa í stórum dráttum.

Eins og kunnugt er, tók Ólafur Friðriksson dreng að sjer í Rússlandi og kom með hann hingað. Jeg hygg, að hann hafi tekið þennan dreng í góðgerðaskyni; viljað hrífa hann úr rússnesku eymdinni og ganga honum í föðurstað. En svo vildi svo hörmulega til, að þessi drengur reyndist hafa augnsjúkdóm — trachoma, — sjúkdóm, sem var óþektur hjer áður og er hættulegur. Stjórnin ákvað því, eftir samráði við lækna, að vísa drengnum úr landi. Þetta var heilbrigðisráðstöfun. En í stað þess að beygja sig fyrir þessu, tók Ólafur til þess óyndisúrræðis að veita mótspyrnu og halda drengnum með valdi. Þá skeði það, að lögreglustjórinn hjer fór með lögregluna á heimili Ólafs til að taka drenginn. Lítilfjörleg mótstaða var veitt og endalokin urðu þó, að Ólafur hjelt drengnum. Var ekki hægt að dylja það, að framkoma lögreglustjóra var ærið óheppileg. Í stað þess að taka Ólaf og ganga einarðlega fram, yfirgaf hann vígvöllinn alt of fljótt.

Næsti þáttur þessa máls var sá, að Ólafur sat í húsi sínu og hafði drenginn hjá sjer og hafði vörð um sig. En nú var liði safnað í bænum, það búið sem best að vopnum, sem föng voru á. Sjúkrahús var innrjettað til að leggja þá særðu inn í og dauðu, ef svo skyldi verkast, og eftir þennan mikla undirbúning var svo haldið á sólríkum, björtum degi heim að húsi Ólafs og það umkringt. Nýi lögreglustjórinn gengur svo djarfmannlega að húsinu með brugðnu sverði og heimtar það opnað í kóngsins og laganna nafni. Með lítilli fyrirhöfn var svo komist inn í húsið. Og sjá — þar inni situr Ólafur Friðriksson, vafalaust þreyttur og úrvinda af svefni og æsingu undanfarinna daga. Með honum var kona hans og nokkrir menn aðrir. Hann er umsvifalaust tekinn, handfjötur er settur á hann og honum tafarlaust ekið í fangelsið ásamt konunni og fylgismönnum hans. Bærinn er settur í nokkurskonar herhald, bíóum og öðrum opinberum skemtistöðum er lokað um kvöldið, og ýmsir menn voru handteknir og sumir lítt sekir. — Þetta er annar þátturinn.

Svo hefst sá þriðji. — Ólafur situr í gæsluvarðhaldinu og sveltir sig þar í 10 daga. Dómur er feldur yfir honum í undirrjetti og síðan í hæstarjetti. Og svo skeður það, að jeg legg það til við konunginn, að Ólafur verði náðaður skilyrðisbundið. — hegningin falli niður, ef hann hagar sjer vel næstu 5 árin. — og hans hátign konungurinn verður við þessari bæn minni. Og það er þetta, sem valdið hefir storminum gegn mjer.

Skulu nú athugaðir allir málavextir.

Fyrsta spurningin er nú, hvort stjórnin hafi brotið landslögin með þessari náðun. Ef svo hefði verið, þá er það altaf allalvarlegt atriði. Jeg held, að enginn hafi haldið því fram, að stjórnin hafi brotið stjórnarskrána eða önnur lög með náðuninni, enda er rjetturinn til náðunar tekinn svo ótvírætt fram í stjórnarskránni. Þá hefir verið fundið að því, að Ólafur hafi ekki sjálfur beðið um náðun, heldur aðrir fyrir hann. Jeg játa, að jeg hefi ekki rannsakað svo náðunar-„praksis“ annara landa, að jeg þori að segja, hver regla er í þessu, en jeg fæ ekki sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu, að aðrir en sökunauturinn biðji um náðunina. Margir vinir þessa manns báðu um náðunina og mikill hluti alþýðu þessa bæjar stóð þar að. Og mennirnir, sem báðu um hana, trúðu því einlæglega, að með þessu móti væri málinu best borgið, því að ella mundi kvikna eldur í hugum manna, sem lengi mundi brenna.

En hvernig var nú sú alþýða, sem bað um þessa náðun?

Það var sama alþýðan, sem á stríðsárunum sýndi hina mestu stillingu og siðþýði, þegar alt logaði í uppþotum úti um heiminn. Það var svona skapi farin alþýða, sem bað fyrir Ólaf. Og er ekki örðugt að loka eyrunum fyrir bænum slíkrar alþýðu, sem maður hlýtur að vera stoltur af á þessum óróatímum?

Og það voru fleiri en þessir menn, er mæltust til, að Ólafur væri náðaður, og það sumir, er á eftir bljesu mest að eldinum.

Þá hefir það verið ein ásökunin, að hæstirjettur hafi ekki verið spurður um, hvort skyldi náða. En ætli nokkur hafi athugað það, að fyrverandi stjórn spurði heldur ekki hæstarjett, þegar hún náðaði. Og þó náðaði hún, eða lagði til náðun við konung, fyrir einhvern þann ógeðslegasta glæp, að bora göt á skip og setja þar með mörg mannslíf í voða. Þá æpti

enginn, þegar fyrir þetta var náðað án þess að spyrja hæstarjett. Og ef litið er á náðunar-„praksis“ hjer, sjest það, að stundum hafa dómstólarnir verið spurðir áður en náðað hefir verið, stundum hafa þeir alls ekki verið spurðir, og komið hefir fyrir, að náðað hefir verið gegn tillögum þeirra. Hjer hefir því engin venja eða „praksis“ verið brotin, þótt hæstirjettur væri ekki spurður. En satt er það, rangt gat verið að náða, þótt engin lög eða venja hefði verið brotin. Og hjer vaknar þá sú spurning: Hví lagði stjórnin til, að náðað yrði? Áður en þeirri spurningu er svarað, er rjett að athuga eðli þess brots, sem náðað var fyrir, hvort það hafi borið vott um sjerstaklega glæpsamlegt hugarfar eða ekki. Jeg játa, að brotið, sem dýgt var, er mjög alvarlegt, en jeg neita, að það sje þess eðlis, að það beri vott um glæpsamlegt hugarfar.

Það, sem dró Ólaf Friðriksson til mótþróans gegn lögreglunni, var áreiðanlega tilfinningin fyrir munaðarleysingjanum, sem hann dró úr þeirri rússnesku eymd. Hann var nýbyrjaður að njóta föðurgleðinnar, en svo kom *óhamingjan*. Auðvitað átti hann að hlýða lögunum; allir eiga að hlýða lögunum. En Ólafur Friðriksson er óneitanlega hugsjónamaður, og að sumu leyti með „forskrúfaðar“ hugsjónir, og því greip hann til þess óyndisúrræðis, sem enginn borgari má grípa til, að óhlýðnast lögreglunni. En jeg spyr nú, þar sem drögin að hinni þungu sök Ólafs Friðrikssonar voru þessi: Var það þá nauðsynlegt og var það rjett að hrinda honum niður fyrir svarta bakkann? Og eru ekki einmitt þau brot, sem runnin eru af því hugarfari, sem jeg hefi greint hjer að framan, einmitt þau brot, sem sjerstök ástæða er að náða fyrir? Sú er og var skoðun mín. Jeg trúi ekki á svartholið. Ekki í sök eins og þeirri, sem hjer er að ræða um, að minsta kosti. Jeg tek alla ábyrgð á mig óhræddur af þessu máli.

Jeg skal játa, að það var vont, að Ólafur Friðriksson skyldi ferðast um landið með æsingum, áður en málinu var ráðið til lykta, og að hann skyldi viðhafa þau óviðurkvæmilegu orð um hæstarjett, sem hann gerði, en jeg var þá fjarverandi og vissi ekki um þetta. En jeg mótmæli því harðlega, að jeg eða stjórnin hafi viljað með náðuninni móðga hæstarjett eða gera lítið úr honum. Hvernig hefði mjer átt að koma slíkt til hugar? Jeg, sem var einn af aðalhvatamönnum þess, að hæstirjettur var fluttur heim. Jeg, sem hefi altaf borið virðingu fyrir þessum háa rjetti. Jeg, sem á þar tengdaföður minn fyrir dómsforseta, mann, sem jeg hefi altaf borið mjög óskorað traust til. Hvílík fjarstæða er það, að láta sjer detta í hug, að jeg hafi viljað rýra álit þessa virðulega rjettar. Eða *hvernig er það móðgun við rjettinn*, þótt maður sje náðaður, sem rjetturinn hefir dæmt? Þó náðunin hefði verið órjettmæt, þá gat hún aldrei rýrt álit rjettarins hún gat þá aldrei rýrt álit annara en stjórnarinnar. Með náðuninni er engin afstaða tekin til þess, hvernig dómurinn er. Og aldrei hefir stjórninni dottið í hug að draga í vafa, að dómur hins háa rjettar í þessu máli væri fullkomlega í samræmi við lögin.

Þá hefir það verið átalið í blöðunum, og kom einnig fram hjá háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), að dómurinn hefði verið sendur bæjarfógeta til fullnægingar, en svo hefði stjórnin látið sækja hann. Það er rjett, að jeg skipaði að sækja dóminn, því að hann var sendur til bæjarfógeta án þess jeg vissi af. Varla verður dómsmálaráðherra víttur fyrir það, þó hann í máli eins og þessu vilji sjá dóminn áður en

hann er sendur til fullnægingar. Hvílík fásinna að átelja mig fyrir það, sem var vanræksla, ef jeg hefði ekki gert það.

Þá hefir því verið haldið fram, að jeg hafi gert þetta til að afla mjer fylgis. Jeg mótmæli þessu harðlega. Jeg mótmæli því, að þetta hafi nokkurn tíma komið í huga mjer, svo mikil fjarstæða er það. Enda sjá allir, hver afstaða þm. þessa flokks er til mín hjer í þinginu. Hann er í beinni andstöðu við mig.

Jeg hefi ekki beðið um fylgi fyrir aðgerðir mínar í þessu máli, og mjer hefir aldrei komið það til hugar. Ekkert mál sem þetta hefir valdið mjer jafnmikilli áhyggju, og um ekkert mál hefi jeg betur hugsað. Jeg get líka glatt mig við það, að endalok málsins hafa orðið þau bestu, sem unt var: Friður er orðinn hjá þjóðinni um málið, og þess eðlis var það bæði út á við og inn á við, að þetta var hið besta. Eða trúa háttv. þm. því, eða nokkur annar, að betra hefði verið, að refsivöndur laganna hefði hitt þennan mann harðara en orðið var? Það skiftir litlu, þótt þjóðin eða einstakir menn hafi reist storm gegn mjer út af þessu; hitt skiftir meiru, ef endalok þessa máls hafa orðið þau bestu, sem völ var á, og jeg sannfærist altaf betur og betur um, að svo hafi verið. Ekki alls fyrir löngu skrifaði góður vinur minn í Danmörku, einn af þeirra bestu lögfræðingum, mjer, að hann skildi ekki annað en að þá storma, sem risið hefðu gegn mjer út af náðun Ólafs Friðrikssonar, mundi fljótt lægja, því sú hugsun væri nú að verða ríkjandi hjá siðuðum þjóðum, að það væri ekki það eftirsóknarverðasta eða heppilegasta að svala sjer í hefndinni, ef hægt væri að fá sömu niðurstöðu með öðru móti. Ýmsir ágætismenn hjer, sem hafa sagt mjer, að þeir hafi í byrjun staðið á öndverðum meiði við mig í þessu máli, hafa viðurkent við mig, að þeir haldi, að það, sem jeg hafi gert, hafi verið það rjetta. Og stundum er það svo, að einmitt þegar maður þorir að gera það rjetta, þá blæs stormurinn harðast, en sjaldan nema litla stund. Skal jeg svo láta útrætt um þetta.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) spurði, hvernig á því stæði, að þessi nefnd við Landsbókasafnið hefði ekki verið skipuð. Þar er því að svara, að jeg hafði ekki veitt því eftirtekt, að lögunum var ekki fullnægt í þessu efni, en sjálfsagt er að kippa þessu máli hið fyrsta í lag.

Þá var það viðvíkjandi kenslunni í lagadeild háskólans; þykir mjer líklegast, að þessi fyrirspurn sje borin fram eftir ósk lagadeildarinnar. Jeg sje, að þingmaðurinn mótmælir ekki, og jeg tel því þessa ályktun mína rjetta. Fyrst verð jeg að víkja lítið eitt að sögu þessa máls.

Jeg hafði tekið það fram áður hjer í þinginu, að jeg teldi óheppilegt, að hæstarjettardómarar hefðu kenslustörf á hendi og hafði látið í veðri vaka við hr. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., að jeg mundi setja hann í þessa stöðu, ef lagadeildin væri því meðmælt. En í stað þess að mæla með M. G. óskaði lagadeildin einróma, að L. H. Bjarnason hæstarjettardómari hefði kensluna áfram. En þegar hæstarjettardómarinn kom aftur heim frá útlöndum, vildi hann ekki taka að sjer nema hálfa kensluna, og vildi lagadeildin fela herra Magnúsi Guðmundssyni hinn helming kenslunnar. Spurði jeg þá Magnús Guðmundsson að því, hvort hann vildi taka á móti setningu í stöðuna, því mjer fanst þá rjettast, að hann hefði það þá alt á hendi, en hann neitaði því. (*MG*: Það var ekki fyr en í október í haust, sem jeg var að

þessu spurður). Síðan tóku þeir að sjer kensluna Lárus H. Bjarnason og Einar prófessor Arnórsson, og hafa gegnt henni þangað til þeir nú hafa sagt henni af sjer frá 1. þessa mánaðar. Jeg hefi nú síðan boðið mjög góðum manni setningu í stöðuna, en hann neitaði. Fjármálaráðherra hefir lofað mjer að tala við fyrri embættisbræður sína í lagadeildinni um að taka við kenslunni til bráðabirgða, og veit jeg ekki, hverju þeir hafa svarað. En fáist enginn til að gegna starfinu, þá verð jeg auðvitað að halda því fast að prófessorunum við lagadeildina, að þeir skifti kenslunni á milli sín í bili. Besti maður í starfið er auðvitað hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason, en jeg sje mjer ekki fært, vegna hæstarjettar, að halda því fast að honum að hafa kensluna áfram.

Magnús Jónsson: Þeir, sem hlýddu á orð mín áðan, munu vart verða fyrir miklum vonbrigðum, þó ekki verði neinir stórviðburðir eða læti út af þeim. En mjer heyrðist það á orðum hæstv. forsrh. (SE), að honum fyndist þetta svo hátíðlegt mál, að varla mundi öðru eins hreyft hafa verið á Alþingi.

Jeg hreyfði þessu með svo hæglátlegum og hlutlausum orðum, að hver sem var, jafnvel háttv. 2. þm. Reykv. (JB), hefði getað flutt þessa ræðu mína orði til orðs, og mun hann mjer þó eigi í öllu sem best sammála. Mjer fanst besta tækifærið vera einmitt nú til að hreyfa þessu máli, sem er eitt af því, sem mestum tvímælum hefir orkað af öllum verkum stjórnarinnar, eins og ráðherrann sjálfur komst að orði um þetta.

Það er rangt hjá hæstv. forsrh. (SE), að óveður þau, er risið höfðu út af þessu máli, hafi nú lægt með öllu. Þó ekki hafi að vísu altaf haldist sama veður um þetta, held jeg því þó fram, að menn sjeu enn mjög sömu skoðunar um þetta mál, enda þótt menn endist ekki til að halda því altaf jafnvakandi. Mig minnir sterklega, að einmitt nú nýlega hafi einhversstaðar utan af landi borist þingmálafundargerðir, sem hafi inni að halda ályktanir um þetta mál, og sanna þær því fullkomlega þá skoðun mína, að enn muni vera talsverð óánægja úti um land út af gerðum stjórnarinnar í þessu máli.

Hæstv. forsrh. (SE) talaði eflaust frá sínu hjarta, er hann sagði, að þögnin væri hið besta um þetta mál. Þó er jeg samt eigi alllítið hissa á þessum ummælum hans um þögnina og ágæti hennar í þessu máli. Jeg hafði einmitt haldið, að hæstv. ráðherra (SE) mundi þykja vænt um, að þessu máli væri hreyft, svo hann fengi tækifæri til að skýra afstöðu sína í því og verja þar sínar gerðir.

Hvað viðvíkur sögu þessa máls, þá er jeg honum þar algerlega sammála. Við erum báðir sammála um það, að Ólafur Friðriksson hafi tekið drenginn að sjer af hjartagæsku einni saman og að honum hafi í rauninni gengið aðeins gott til, þótt svona tækist til fyrir honum. Við erum sammála þangað til kemur að síðasta atriði þessa máls, — gerðum stjórnarinnar í því. Þar skilja leiðir okkar og þar fóru varnir hæstv. forsrh. (SE) í mola. Jeg held því reyndar ekki fram, að stjórnin hafi beinlínis brotið lögin í þessu efni, enda þótt svo gæti þó vel verið; jeg get ekki um það dæmt, vegna þess, að jeg er ekki svo lögfróður, að jeg sje til þess fær undirbúningslaust. En í allri hinni löngu varnarræðu hæstv. forsrh. (SE) saknaði jeg eins, og það var sjálft aðalatriðið, sem sje svarið við spurningu minni um það, hvaða ástæður það voru, sem rjeðu gerðum stjórnarinnar. Helst hygg jeg þó, að

ráðherrann hafi óttast, að svæsnar deilur kynnu að rísa um þetta mál, og að það gæti haft hættulegar afleiðingar, ef ekki væri undan slegið. *(Forsrh. SE:* Þingmaðurinn læst ekki eða vill ekki skilja ræðu mína). Þetta voru orð hæstv. forsrh. (SE), að harðvítugar deilur gætu af þessu máli hlotist. En hvar er þá rjettvísin, ef hótanir um svæsnar deilur ráða úrslitum? Og mundi stjórnin beita sömu reglum við aðra, sem færri stæðu bak við? Ef stjórnin ætlaði í slíkum málum að fara eftir glamri ákveðinna blaða og pólitískra flokksleiðtoga, mundu þeir þá standa jafnfast með hverjum, sem í hlut ætti? Ætti t. d. einhver hinna svonefndu auðvaldssinna í hlut, þá er jeg ekki viss um, að hinir sömu menn mundu verða til varnar. Jeg er því hræddur um, að hjer sje blandað pólitík inn í þetta mál. Hæstv. forsætisráðherra lagði mikið upp úr því, að öll alþýða hefði fylgt stjórninni í þessu máli. Jeg verð að draga þetta mjög í efa. Jeg ætla ekki hæstv. ráðherra þann þrönga skilning, að þó hjer sje eitthvert flokksbrot í Reykjavík, sem nefni sig svo, að það sje öll alþýða þessa lands. Enda voru og margir þess flokks, sem eigi fylgdust með í þessum verkum. Jeg hefi enga ástæðu til að ætla, að hjer eigi öll alþýða þessa lands óskiftan hlut í þessu máli, enda veit jeg ekki til, að til sje sjerstök stjett manna, er beri þetta heiti, og því ekki ástæða til að óttast ófrið úr þessari átt.

Jeg tek undir það með hæstv. forsætisráðherra og styð öll hans lofsamlegu ummæli um alþýðu þessa lands og hvernig hún kom fram, er óöld og ófriður steðjaði að hvaðanæva í heiminum. En ef með þessari alþýðu er átt við einn ákveðinn flokk, sem prýðir sig sjerstaklega þessu nafni, þá verð jeg að mótmæla því. Jeg veit eigi betur en að öll alþýða þessa lands eigi hjer óskilið mál, hún hafi öll uppfylt skyldur sínar á erfiðu tímunum, jafnt sú alþýða, sem í þessu máli var á móti gerðum stjórnarinnar, sem hin, er studdi stjórnina af pólitískum ástæðum.

Jeg veit ekki um hug hvers manns; hitt veit jeg, að jeg hefi enga andúð til hr. Ólafs Friðrikssonar. Hann er fyrir mjer sem hver annar maður í þessu þjóðfjelagi. Það, sem er aðalatriðið fyrir mjer, er það, hvort svona mundi hafa verið farið að, hver sem í hlut hefði átt. Það er rjettlætið, sem jeg legg aðaláhersluna á, hvort svona mundi hafa verið farið að með alla menn, sem líkt hefðu framið. Ef ekki, þá hefir stjórnin í þessu framið rangt verk, og það var þetta, sem jeg vildi fá upplýst.

Þá drap hæstv. ráðherra (SE) á annað mál, glæpamál af versta tægi, þar sem náðun hafði verið beitt. Jeg held það sje ekki sambærilegt, enda ekki viss um, nema um þetta sje einnig óánægja. Þar var og aðeins um stytting hegningartímans að ræða. Því er ekki heldur hægt að halda fram, að Ólafur Friðriksson sje glæpamaður, og mál hans er einkennilega sjerstætt. Verð jeg að telja það sjerstaklega óheppilegt, að þessi stefna var tekin í því. Hjer var verið að vefengja það, hvort rjettvísin gæti komið lögum yfir vissa menn, enda var óspart haft í heitingum í einu blaðinu hjer (Alþýðublaðinu), að ekki skyldi takast að koma fram þessu máli. Það var því orðið að „princip"-spurningu, og því að stórmáli, þótt smátt væri í raun og veru. Þess vegna held jeg því fram, að þegar búið var að draga í efa, að hægt væri að koma lögum yfir vissan mann, þá væri það sjerstaklega óheppilegt að sveigja málið inn á þá braut, að svo gæti litið út, sem þessi hrakspá hefði ræst og einn einstaklingur væri landslögum sterkari. Þetta

hygg jeg, að hafi verið það, sem menn tók sárast. Enn talaði hæstv. forsrh. um það, að þetta athæfi Ólafs hefði í raun-inni ekki verið glæpsamlegt og að hann hefði heldur ekki upplag til glæpaverka. Jeg hefi ekki haldið þessu fram á neinn hátt; en hæstv. ráðherra (SE) talaði um, að Ólafur Friðriksson gengi með „forskrúfaðar" hugsjónir. En þá mætti vel ætla, að aftur gæti sótt í sama horfið fyrir Ólafi, þar eð jeg geri vart ráð fyrir, að hæstv. forsrh. (SE) hafi búið til neina öryggisskrúfur í hann, í stað þeirra fyrri.

Þar sem hæstv. forsrh. lýsir því yfir, að hann trúi ekki á svartholið, erum við báðir hjartanlega sammála; jeg með mitt leikmannsvit í lögum, en hann er þar lögvitringurinn. Við trúum ekki á hin bætandi áhrif hegningarhússins, og er fyrirkomulag um meðferð á öllum þeim, sem reka sig á lögin, sannarlega stórgallað. En þar sem stjórninni er fengið framkvæmdarvaldið í hendur, má hún ekki gefa sig hugsjónunum á vald. Verður stjórnin jafnt sem dómarinn að beygja sig undir og hlýða lögunum. Annars yrði afleiðingin sú, að það yrði að náða alla, og leiddi það til þess að forða öllum lögbrjótum frá svartholinu. Fram hjá þessu verður ekki komist; það verður hæstv. forsrh. að sjá, að þessar ályktanir liggja alveg við bæjarvegginn hjá honum. Við erum sammála um alt nema þetta, að hann verður að fara eftir lögunum og sjá um, að þeim sje framfylgt og að eitt gangi yfir alla, hvort sem fáir eða margir standa á bak við og án allrar hræðslu við æsingar.

Þá mótmælir hæstv. forsrh. (SE) því að hafa kastað rýrð á hæstarjett. Það hefir hann þó vitanlega gert. Annars eru skoðanir hans einkennilegar í því efni, er hann talar um, hvað sje niðrandi og hvað ekki. Það kom sjerstaklega fram, er hann var að ræða um niðurlagning þjóðskjalavarðarembættisins fyrir nokkrum dögum síðan. Það átti ekki að vera niðrandi fyrir starf þess manns, sem hafði gegnt því jafnlengi og vel. Þetta verður að teljast óvirðing á hæstarjetti. En setjum svo, að hann hafi hvorki heiðrað hæstarjett nje niðrað honum með því, sem hann gerði, þá er það víst, eftir sem áður, að hann hefði gert veg hæstarjettar enn meiri, ef hann hefði borið náðunina undir hann, einkum er svo sjerstaklega stóð á, að náðunin fór fram áður en dæmdur var byrjaður að taka út refsinguna.

Þá spurði hæstv. forsrh. (SE), hvort nú myndi meiri friður, ef öðruvísi hefði verið að farið. En hvað dýrt eiga menn að kaupa friðinn? Hversu djúpt mundi heimurinn sokkinn, ef aldrei hefði neitt mátt gera, sem deilur eða ófriður gat risið af? Flestir, sem í stórræðum hafa staðið, hafa þokað heiminum áfram og upp á við, af því þeir hafa metið annað meira en frið og næði. Það eru ekki öll mál rjett, sem til friðar geta leitt. Auk þess efast jeg um, að þessi niðurstaða hafi leitt til friðar, því fjöldi fólks álítur þetta alveg ranga aðferð af hæstv. stjórn. Hæstv. forsrh. (SE) kom tvisvar eða þrisvar að því í ræðu sinni, hvað hefði verið friðvænlegast, svo að það lítur út fyrir, að hann hafi verið orðinn hræddur við ófriðinn, sem af því hefði getað leitt, ef hann hefði ekki sótt um náðunina. Það má því ætla, að heppilegasta ráðið fyrir þá, sem brjóta á móti lögunum, sje það að láta sem ófriðlegast og fá vini sína til að gera hark og hafa í hótunum. Megi þeir þá búast við að sleppa við refsingu, og það því fremur, sem þeir eigi fleiri kunningja. Sá, sem á lítið undir sjer og er vinfár, hefir aftur á móti enga von um náðun, því engan ófrið þarf að óttast, þótt honum sje refs-

að. Þetta er ekki rjettlæti. Þetta er ranglætið í sinni svörtustu mynd. Auðvitað verða þeir glaðir, sem harkið gera og fá sínu framgengt, en þeir, sem rjett og án hlutdrægni líta á málin, gera sig ekki ánægða með, að rjettvísin nái ekki jafnt til allra.

Um hin tvö málin er ekki mikið að segja. Hæstv. forsrh. (SE) hefir lofað að kippa því í lag, er aflaga fer með Landsbókasafnið, svo að það er gott, að jeg skyldi minna hann á, að því er ekki stjórnað samkvæmt lögum. (*Forsrh. SE*: En þess hefir ekki orðið vart). Nei, auðvitað verður ekki hár hvellur, þótt nefndin starfi ekki, þótt það liggi í augum uppi, að það sje heppilegra að hún starfi í samráði við bókaverðina.

Viðvíkjandi kenslunni í lagadeild háskólans var svar hans alveg ófullnægjandi, svo að menn eru í sömu óvissunni sem áður. Hann talaði um, að hann hefði reynt til að fá kennara, meðal annara háttv. 1. þm. Skagf. (MG). Hann skaut því nú inn í, að sjer hefði boðist það nokkuð seint. Það eru engin undur, þótt hæstv. stjórn gangi illa að fá mann til að kenna, því aldrei hefir verið reynt það eina, sem dugað gat, og það eina, sem átti að gera, en það var að slá embættinu upp. En engin von, að menn vilji taka slíkt að sjer með setningu til bráðabirgða, því hæstv. ráðh. getur fallið úr sessi þegar minst varir, og þá verður þessi bráðabirgðakennari að víkja. Var eiginlega sjálfsagt að slá embættinu upp, og það strax í fyrra vor að loknu þingi.

Forsætisráðherra (SE): Jeg verð að játa það, að mjer fanst ræða háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) mjög einkennileg. Í raun og veru talaði hann mjög mildilega um brot Ólafs Friðrikssonar, en skildi þó ekki í náðuninni. Hann vildi þó ekki halda því fram, að jeg hefði brotið lögin, en honum fanst vanta ástæður fyrir því, af hverju hefði verið náðað, og fanst sjerstaklega, að ekki mundi hafa verið tekið eins vægt á öðrum og Ólafi Friðrikssyni. Jeg sýndi nú greinilega fram á það í fyrri ræðu minni, hvað það væri, sem jeg áliti, að hefði dregið Ólaf Friðriksson til óhlýðninnar gegn lögreglunni, og benti á, að brotið væri ekki runnið af glæpsamlegu hugarfari, og sýndi með því meðal annars fram á, að vegna þessa væri ástæða til að náða. Ótal brot, runnin af mismunandi rótum, falla ef til vill undir sömu ákvæði hegningarlaganna. Dómurinn verður að halda sjer við lögin. Ef lögin í einstökum tilfellum eru of hörð, þá er gripið til náðunarinnar. Því er náðunin ekki nokkur vottur um, að dómurinn sje ekki eftir lögunum, heldur um hitt, að lögin sjeu of hörð í einstökum tilfellum.

Þá talaði hann um, að svo væri að sjá, sem þessi maður væri hafinn yfir öll lög, en hann verður að viðurkenna, að lögin gengu sinn gang að öllu leyti. Maðurinn var fyrst settur í gæsluvarðhald, síðan dæmdur af undirrjetti, og þeim dómi svo skotið til hæstarjettar, og síðan náðaður. Það hefir verið náðað áður fyrir glæpi, sem stærri hafa verið og svívirðilegir í almenningsáliti, án þess að leitað hafi verið álits hæstarjettar, eins og t. d. þegar tilraun var gerð hjer til að sökkva skipi, með því að bora göt á það, svo sem menn muna eftir. (*MJ*: En þeir voru búnir að taka út nokkuð af refsingunni). Er háttv. þm. (MJ) sá formalisti að álíta, að þetta sje ekki náðun, þótt ekki væri um allan tímann að ræða?

Auk þess var Ólafi Friðrikssyni alls ekki gefin eftir refsingin að öllu, því hann var náðaður skilyrðisbundið. En hví þeg-

ir háttv. þm. yfir þessu? Ekki hefði hann átt að gleyma því frekar en öðru viðvíkjandi málinu, úr því að honum er svo ant um það. Hjer hefir verið farið rjett að öllu. Hjer var, eins og jeg hefi tekið fram, um hugsjónamann að ræða, sem í þeirri trú, að hann sje að bjarga barni frá eymd og volæði, leiðist út í það að brjóta lögin. Háttv. þm. hlýtur að skilja, að þar sem engir eigin hagsmunir liggja bak við brotið, en aðallega hugsun um að bjarga öðrum, sem viðkomandi eru orðnir kærir, þá er ekki hægt annað en að sjá brotið í mildara ljós. Í raun og veru stofnar Ólafur Friðriksson sjálfum sjer í voða, í þeirri trú, að hann með því geti bjargað barninu. Auðvitað er þetta engin afsökun fyrir brotinu, en það varpar þeim ljósi yfir brotið, að ástæða er til þess að grípa til náðunarinnar. Jeg veit auðvitað ekki, hvað háttv. þm. (MJ) vill láta refsivönd drottins ljósta þá hart, sem lögin brjóta. Auk þess tók Ólafur Friðriksson í sjálfu sjer út refsingu með því að sitja í gæsluvarðhaldi. Þetta er ógurleg hegning fyrir mann, sem ekki er glæplundaður. Jeg hefi haldið því fram, og veit það er rjett, að afleiðingarnar af þessari náðun hafi verið góðar; þær hafa skapað frið hjá alþýðunni, en þetta var alls ekki fært sem ástæða fyrir náðuninni við konung.

Háttv. þm. (MJ) leyfir sjer að halda því fram, að jeg hafi móðgað hæstarjett með því að leita ekki álits hans. Hví reis ekki þessi háttv. þm. upp á móti fyrverandi stjórn, þegar menn þeir, er jeg hefi áður getið um, voru náðaðir? Það er hin mesta fjarstæða, að jeg vilji á nokkurn hátt móðga hæstarjett, og hefi jeg sýnt fram á það í fyrri ræðu minni. Þetta hefir enginn hnekkir verið fyrir hæstarjett, því samskonar aðferð hefir lengi verið notuð í öðrum löndum, og þá einnig þegar um lík mál þessu er að ræða, og sjálfur þingmaðurinn játaði, að þetta mál væri sjerstaklegs eðlis.

Að því er snertir kensluna í lagadeild háskólans, þá held jeg því fram, að stjórnin hafi ekkert gert í því máli, sem hægt er að ámæla henni fyrir. Mjer finst eðlilegt, að embættinu verði haldið opnu eitt ár fyrir hæstv. fjrh. (MagnJ), því ráðherrasessinn er valtur og engin eftirlaun. Er líka fordæmi fyrir því, að þessu embætti hafi verið haldið opnu áður, meðan Einar Arnórsson var ráðherra, og þá um lengri tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 264, 254, 273, 292).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Þar sem jeg sje engan úr hæstv. stjórn staddan hjer, þá vil jeg geta þess, að enda þótt jeg ætli mjer ekki í þessari framsöguræðu minni að snúa mjer mikið að hæstv. stjórn, þá hefði jeg þó talið betur viðeigandi, að hún hefði verið viðstödd, er 2. umr. fjárlaganna fer fram.

Það hefir nú lengi viljað við brenna, að vanþakklátt verk væri að sitja í fjárveitinganefnd, og býst jeg við, að háttv. þm. þykist ekki hafa mikið að þakka þeirri fjárveitinganefnd, sem nú er, fremur en venja hefir verið til áður. En jeg vil benda háttv. þm. á, að störf nefndarinnar hafa síst verið vandaminni nú en áður.

Það hefir gengið svo á undanförnum árum, að látið hefir verið í veðri vaka, bæði utan þings og innan, að háttv. neðri

deild bæri ábyrgð á fjárlögunum og vald fjvn. væri orðið svo víðfaðma, að hún væri orðin nokkurskonar yfirstjórn, og að stjórnin þyrfti jafnan að styðjast við hana viðvíkjandi tillögum um fjárveitingar. Nefndin hefir nú auðvitað ekkert við því að segja, þótt stórt sje litið á hana, en henni hefir fundist, að hæstv. stjórn hafi oft og tíðum ekki veitt henni þá aðstoð, sem þörf var á. Margt er það, sem nefndin hefir þurft að fá betri upplýsingar um frá hæstv. stjórn, og nefndin hefir sent ýms erindi til hæstv. stjórnar, en upplýsingar hafa verið af skornum skamti, sem hæstv. stjórn hefir veitt, og er það óheppilegt, því hún á oft hægt með að afla upplýsinga, og auk þess gæti það haft áhrif á nefndina að heyra álit hæstv. stjórnar á ýmsum málum, og stuðningur hennar getur haft mikið að segja fyrir nefndina.

Það má segja, að það er ekki sjerstakt vandamál fyrir hæstv. stjórn að skila fjárlögunum tekjuhallalausum. Jeg er ekki að segja það sjerstaklega til núverandi hæstv. stjórnar, en það hefir oft litið svo út, sem hæstv. stjórn hafi skotið inn eða klipið af upphæðum, einungis í þeim tilgangi að fá fjárlögin án tekjuhalla. Þær hafa treyst því, að fjvn. og Alþingi bættu úr aftur áður en fjárlögin væru samþykt, en þar með átti öllum vandanum að vera komið af stjórninni.

En hitt er líka óhætt að segja, að það er ólíkt meiri vandi fyrir fjvn. að taka við slíku fjárlagafrv., sem stendur alveg í járnum og því nær engar verklegar framkvæmdir standa í. Og þar sem undanfarin ár hefir jafnan verið klipið af þeim, til þess að fá jöfnuð á fjárlögin, liggur í augum uppi, að erfitt er að halda þessari vanrækslu áfram. Nefndinni var því ljóst frá upphafi, að svo búið mátti ekki standa og að hún gæti ekki skilað frv. í sama formi, sem það kom frá stjórninni, nema auðið væri að hækka tekjurnar að mun. En aðalmarkmið nefndarinnar var þó að stuðla að því, að fjárlögin færu tekjuhallalaus eða tekjuhallalítil út úr deildinni.

Þetta kann að þykja undarlegur formáli fyrir tillögum nefndarinnar, sem fara fram á að hækka gjöldin um á 7. hundrað þúsund. En á hinn bóginn hefir nefndin lagt til, að tekjuáætlunin hækki um 382 þús. Og af þeim fjárveitingum, er nefndin vill bæta við, leggur hún til, að 56 þús. verði geymdar þangað til rætt verður um fjáraukalög fyrir 1923, en 219400 kr. ætlast nefndin til, að verði bundnar því skilyrði, að þau verk verði ekki framkvæmd, nema trygging sje fyrir, að nægilegt fje sje fyrir hendi, nægilegur tekjuafgangur. Þegar hvorttveggja þetta er dregið frá, kemur í ljós hækkun, er nemur 373 þús., en tekjuhækkunin er 382 þús., svo sem jeg skýrði frá, og verður því nokkur jöfnuður á þessu. Nefndin vill gera það, sem stendur í hennar valdi, til þess, að verk þau, sem bundin eru áðurnefndum skilyrðum, verði framkvæmd, og hefir í því skyni samið og borið fram frv. til tekjuauka, er háttv. þm. hafa sjeð.

Þá skal jeg snúa mjer að tekjubálkinum. Skal jeg ekki vera fjölorður um brtt. nefndarinnar, því að fyrir þeim er gerð full grein í nál. Nefndin hefir þar farið eftir því, sem tekjurnar hafa reynst síðustu árin, og vænti jeg því, að hæstv. fjrh. (MagnJ) geti fallist á till. hennar yfirleitt.

Tekjuskattur og eignarskattur er áætlaður í frv. jafnhár sem í gildandi fjárlögum. Nefndin hafði gert sjer vonir um, að hún gæti hækkað liðinn, þar sem þessi skattur

reyndist 1516 þús. kr. síðastliðið ár. Það voru því mikil vonbrigði fyrir nefndina, þegar Alþingi samþykti breytingu á tekjuskattslögunum. Fjvn. þykist hafa sýnt við atkvgr. um það mál, að hún þættist í vanda stödd, ef breytingin yrði að lögum. Jeg hygg, að menn hafi ekki gert sjer fyllilega ljóst, hve miklu þessi lækkun mundi nema. Því ef það er satt, að svo muni reynast, sem sagt er, að skattur af lægri tekjum muni lækka um 40% frá því, sem var, hygg jeg, að þingmenn hefðu hugsað sig betur um, ef þeir hefðu vitað þetta áður. En það fór eins fyrir nefndinni sem öðrum háttv. þm., að hún gat ekki gert sjer fyllilega ljóst, hve miklu þessi lækkun mundi nema. Nefndin gerði þó ráð fyrir, að óhætt mundi að áætla skattinn 1 miljón, en jeg skal láta ósagt, hvort það muni reynast rjett: það er einungis ágiskun. En hitt þykist nefndin viss um, að ekki megi búast við hærri tekjum af þessum lið.

Aukatekjur leggur nefndin til, að verði hækkaðar um 40 þús. kr., og miðar hún þar við reynslu síðustu ára. Minstar voru þær 1920, eða 258 þús., 1921 264 þús. og síðastliðið ár 324 þús. kr. Virðist engin ástæða til að ætla, að þessar tekjur muni lækka svo, að þær nemi ekki 300 þús.

Smærri liðina er lítið að athuga við; þeir hafa einnig verið ákveðnir eftir því, sem reynsla undanfarinna ára hefir sýnt.

Þá skal jeg minnast á þá miklu lækkun, um 150 þús., sem nefndin hefir áætlað á útflutningsgjaldinu. Það reyndist árið 1920 800 þús., 1921 655 þús. og 1922 793 þús. kr. Nefndinni finst því ekki óvarlegt að áætla það 700 þús. og sjer enga ástæðu til að ætla, að framleiðslan muni minka svo eða falla í verði, að gjaldið nái ekki þeirri upphæð.

Tóbakstollinn vill nefndin lækka, og er það gert í samráði við tóbakseinkasöluna. Nefndin er jafnvel dálítið smeyk um, að liðurinn sje enn þá of hár. Síðustu árin hefir tollurinn verið nokkuð lægri, sjerstaklega 1922, er hann nam 305 þús. kr. En ríkiseinkasalan gerir sjer von um, að innflutningur verði talsvert meiri á næsta ári, því að nú er verið að selja birgðir, sem áður voru fluttar inn og munu uppseldar um nýár. En það er ljóst, að mjög er óvarlegt að áætla tollinn 450 þús., svo sem gert er í stjfrv.

Þá skal jeg minnast á vörutollinn. Getur verið, að hv. deildarmenn búist við, að hækkunartillaga nefndarinnar sje miðuð við frv. það, sem nú er á ferðinni í þinginu og fer fram á mikla hækkun á tollinum, og að nefndin ætlaði strax að nota sjer þá hækkun. En nefndin hefir eingöngu miðað við núgildandi lög. Meðaltal vörutollsins síðastliðin 3 ár hefir verið 1337 þús kr., og telur nefndin því varlega farið að áætla hann 1200 þús. kr. Jeg vil sjerstaklega vekja athygli deildarinnar á þessu, svo að hún ætli ekki, að nefndin ætli að reyna að hafa hagnað af þessu frv. fyrirfram.

Símatekjurnar hafa verið lækkaðar í samræmi við tillögur landssímastjóra. Hann taldi jafnvel þörf á að áætla tekjurnar enn lægri, ef ekki yrði tekin upp fjárveiting til bæjarsímans í Reykjavík. Nefndin tók því upp í tillögur sínar 50 þús. kr. fjárveitingu til bæjarsímans, og gerir landssímastjóri ráð fyrir, að af þeirri auknингu yrðu 25 þús. kr. tekjur þegar fyrsta árið. Vil jeg biðja menn að athuga, að verði þessi fjárveiting feld, mun nefndin jafnskjótt koma með tillögu um að lækka þennan tekjulið enn um 25 þús. kr.

Þá kemur hinn mikli liður, er nefndin vill skjóta inn í tekjuáætlunina, en það er hagnaðurinn af víneinkasölunni. Nefndin fær ekki sjeð, hvers vegna má ekki taka

upp í fjárlögin hagnað af þessum rekstri, eins og af tóbaks- og steinolíueinkasölunni. Jeg geri ráð fyrir, meðan annað kemur ekki fram, að ríkið noti þessar tekjur til þarfa sinna, eins og hvert annað fje. Um upphæðina er það að segja, að kunnugir menn telja hana síst of háa og gera sjer von um, að tekjurnar verði drjúgum meiri. Það má því telja þetta varlega áætlað af nefndinni.

Jeg vil þá geta um eitt atriði, sem tekið er fram í nál. og stjórninni er fullkunnugt um. Nefndin vill ýta undir, að teknar sjeu inn á tekjuáætlunina allar tekjur af öllum ríkisrekstri, en ekki einungis hreinn ágóði, eins og nú er gert. Þrátt fyrir undirtektir stjórnarinnar og stofnana þeirra, sem hlut eiga að máli, hefir nefndin ekki breytt skoðun sinni, og telur hún það miklu þægilegra og gleggra, að þessi siður sje tekinn upp. Það er miklu aðgengilegra fyrir þingmenn að fá glögt yfirlit í fjárlögunum yfir rekstur þessara stofnana, eins og nú er um síma og póstmál. Að vísu má segja, að þingmönnum sje hægurinn hjá að athuga reikninga þessara stofnana. En menn þekkja, hve miklu þægilegra er að hafa alt slíkt í fjárlögunum og gleggra til yfirlits. Og þó að borið sje fyrir, að erfitt sje að áætla slíkt fyrirfram, hygg jeg, að ekki sje torveldara að áætla allar tekjur öðrumegin og gjöldin hinumegin heldur en að giska á hreinar tekjur af slíkum rekstri. En það verða stofnanir þessar og stjórnin að gera, og þurfa þær þá hvort sem er að gera sjer uppkast og áætlun um tekjur og gjöld.

Nefndinni fanst óþarfi að taka tekjur af skipum upp í tekjuáætlunina. Því miður gerir nefndin sjer litla von um hreinan ágóða af þeim rekstri, og ef nokkur yrði, telur hún heppilegast, að hann yrði notaður til að færa verð skipana niður, svo að virðingarverð þeirra yrði nær því, sem nú má telja hæfilegt. Vona jeg, að hæstv. stjórn sætti sig við og fallist á, að þessi liður verði feldur niður.

Jeg hygg, að jeg geti látið þetta nægja um tekjubálkinn. Vænti jeg, að háttv. deild taki vingjarnlega í brtt. nefndarinnar, því að jeg ætla, að þær megi ekki teljast óvarlegar.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Hv. frsm. fjvn. (MP) gat þess, að nefndinni væri ekki síður en stjórninni áhugamál að skila fjárlögunum sem næst því að vera hallalausum, eftir því sem föng væru á. Jeg get ekki sagt annað en að brtt. nefndarinnar beri yfirleitt með sjer, að þetta sje rjett. En þó að þetta hafi verið markmið nefndarinnar, hefir hún borið fram brtt., sem mundu hafa í för með sjer um 210 þús. kr. halla, eftir því sem mjer telst til. Þetta verður ekki talið stórvægilegt, einkum þegar menn taka tillit til, að þessi halli stafar af fjárveitingum til símalína, sem teknar hafa verið upp með þeim ummælum, að þær skyldu ekki greiddar nema fje sje fyrir hendi. Þær upphæðir, sem bundnar eru slíkum skilyrðum, nema alls 219400 kr. Að vísu hefir nefndin náð þessum árangri með því að auka að miklum mun tekjubálkinn frá því, sem stjórnin hafði áætlað hann.

Stærsti liðurinn eru tekjurnar af vínseinkasölunni. Þessar tekjur mátti skoða sem einskonar varaskeifu í frv. stjórnarinnar, en þar sem þá var ekki komin framlenging á lögunum um undanþágu frá bannlögunum, var ekki rjettmætt að taka þennan lið upp í frv. að svo komnu. Auk þess hefir nefndin gert ýmsar aðrar breyting-

ar við tekjubálkinn, og er það, eins og háttv. frsm. (MP) tók fram, aðallega til að samræma áætlunina við reynslu síðustu ára. En stjfrv. var samið áður en menn vissu árangurinn af árinu 1922, og er því skiljanlegt, að ýmsu hafi þurft að breyta í því.

Af einstökum breytingum tók hv. frsm. (MP) það fram, sem er að segja um tekju- og eignarskattinn. Það er mikið álitamál, hve hátt má áætla hann. Gæti jeg trúað, að rjettara væri að vera heldur fyrir neðan þessa upphæð heldur en fyrir ofan, og mætti þykja gott, ef skatturinn nær 900 þús. kr., eins og áætlað er nú í fjárlögunum. Aukatekjurnar hafa verið samræmdar við árangur síðustu ára. Erfðafjárskatturinn var settur í frv. eftir áætlun fjvn. í fyrra, og var þá miðað við næsta ár á undan, en þá var þessi skattur óvenjulega hár.

Þá hefir nefndin hækkað áætlun útflutningsgjaldsins að miklum mun. Virðist hún gera ráð fyrir meiri festu á útflutningsgjaldi af síld heldur en tillaga stjórnarinnar byggist á. Þetta er auðvitað mjög óviss tekjuliður. Síðastliðið ár nam gjaldið af síldinni að vísu 300 þús. kr., en það getur auðveldlega orðið mun lægra. Ef gert væri ráð fyrir, að útflutningur — að síldinni undanskilinni — næmi 40 milj. kr. á næsta ári, yrði útflutningsgjaldið 400 þús., og ef lagt er við þetta útflutningsgjaldið af síld, eins og það var síðastliðið ár, koma út 700 þús. kr., er nefndin hefir áætlað. Er álitamál, hvort ekki væri rjettara að áætla svo óvissan lið sem gjaldið af síldinni eins og búast má við því í meðalári, eða tæplega það.

Jeg tel ekkert á móti því, þó að háttv. fjvn. hafi lækkað tóbakstollinn, því að hann hefir undanfarin ár verið fyrir neðan 400 þús. kr. En ekki er fyllilega að marka, þótt hann hafi verið lágur síðastliðið ár, því nokkuð stóð sjerstaklega á, þar eð birgðir voru miklar af tóbaki í landinu.

Um símatekjurnar er það að segja, að þar fór jeg eftir áliti símastjóra, en hann hefir komist að því síðar, að áætlun sín mundi of há, og er þá að taka því. Einnig er jeg samþykkur því, að niður falli liðurinn „tekjur af skipum“: fari svo, að tekjuafgangur verði af sjálfum skiparekstrinum, eitthvað líkt og áætlað var í frv., er hægurinn hjá að verja honum til til þess að koma skipunum eitthvað nær sannvirði.

Þá hefir háttv. nefnd tekið bifreiðaskattinn í fjárlögin og sett sömu upphæð gjaldamegin. Er það aðeins formsatriði.

Þá minnist hún á þá tilhögunarbreytingu, að framvegis verði tekin upp í fjárlögin áætlun um tekjur og gjöld af fyrirtækjum þeim, er ríkið rekur. Voru í þetta skifti ekki möguleikar á því að gera það, *en jeg tel rjett að haft sje í huga að fara* þá leið, að svo miklu leyti sem við verður komið. Hefi jeg svo ekki meira við þetta að athuga.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki tefja umr. um tekjubálkinn eða brtt. við hann. Læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort þær verða samþyktar, því hjer er að nokkru leyti verið að deila um keisarans skegg, og skiftir mestu um hvernig útkoman verður.

En jeg vildi geta um hvers vegna jeg neyðist til að greiða atkvæði á móti einum liðnum; á jeg þar við hinn nýja lið, tekjur af vínfangaversluninni, sem nefndin hefir áætlað 300000 kr. Eins og kunnugt er, bárum við hv. þm. Borgf. (PO) fram frv. um það að verja ágóða af þessari verslun til sjerstaks augnamiðs.

Vonast jeg eftir, að þótt hv. fjvn. hafi tekið þetta upp, þá liggi ekki í því nein yfirlýsing, hvorki frá nefndinni í heild sinni eða neinum sjerstökum í henni, um það, að þeir ætli sjer að greiða atkvæði á móti þessu frv.

Þykist jeg vita, sem líka háttv. frsm. (MP) lýsti yfir í öðru sambandi, að nefndin vilji eingöngu byggja á því, sem nú er í lögum, en miða ekki við frv., sem óvíst er um, hvernig fara. Að vísu er ekkert reikningslega skakt í því að taka þessa fjárhæð inn tekjumegin í fjárlögin og setja svo tilsvarandi upphæð gjaldamegin, ef frv. yrði samþykt, en jeg er á móti því, að þessi liður verði settur tekjumegin meðan ekki er hægt að setja sömu upphæð gjaldamegin.

Það hafa komið fram fleiri frv. hjer á þinginu viðvíkjandi þessum tekjum, hvernig þeim skuli verja. Bendir þetta á, að nokkur almennur vilji sje um það, að þær renni ekki til almennra þarfa ríkissjóðs. Legg jeg því til, að þessi brtt. verði feld, því fari svo, að frv. okkar verði felt, þá sakar það ekki, þótt ríkissjóður fái þetta án þess að það standi í fjárlögum.

Jakob Möller: Það eru aðeins nokkur orð út af ummælum hv. frsm. fjvn. (MP) í garð fjhn. út af tekjuskattinum. Hugsa jeg, að hv. frsm. meiri hl. þeirrar nefndar, hv. 1. þm. Skagf. (MG), hafi ekki veitt þeim eftirtekt; annars mundi hann hafa svarað. Háttv. frsm. fjvn. (MP) ljet það skiljast á sjer, að fjvn. hefði efast um það, að fjhn. hefði gert sjer glögga grein þess, hvað tekjuskatturinn mundi rýrna mikið við breytingu hennar.

Mig furðar á þessum ummælum, því að svo mikið var rætt um þessa breytingu, að auðsætt var, að fjhn. hafði gert sjer þess ljósa grein. Fjhn. var þess vel vitandi, að skatturinn af lægri tekjunum mundi minka allmikið, en sú rýrnun náðist upp með hærri skatti á háu tekjunum, sem fjhn. lagði til að samþyktur yrði. Háttv. frsm. fjvn. sagði, að eftir því, sem heyrst hefði, mundi skatturinn af lágu tekjunum rýrna um 40%. Má vera, að þetta sje rjett, en ef miðað er við skattinn síðastliðið ár, mun sú rýrnun ekki nema meira en 320—360 þús. kr., því að nærri mun láta, að skattur af þessum tekjum hafi numið 800—900 þús. kr.

Samkvæmt till. fjhn. hefði skatturinn ekki lækkað eins mikið eins og varð að lokum hjer í þinginu, og í raun og veru hefði hann lækkað lítið frá þá gildandi skattalögum, sökum þess, hvað hann var miklu hærri á háu tekjunum samkvæmt tillögum nefndarinnar. Og mundi sú hækkun hafa numið því, sem hann lækkaði á lágu tekjunum, eða alt að því. Mestu munaði, að breytingar Ed. skyldu verða samþyktar, um það, að tekjuskatturinn skyldi koma til frádráttar, og get jeg vel trúað því, að menn hafi ekki gert sjer glögga grein þess, hve miklu það nemur. En á þessu átti fjhn. enga sök. Hins vegar má vel vera, að skatturinn verði og lægri á þessu ári vegna lægra framtals, t. d. hjer í Reykjavík. En vitanlega er það alveg óviðkomandi þeim breytingum, er nú hafa verið gerðar á lögunum. En af þessum sökum hygg jeg varlegra að áætla þennan skatt nokkru lægri en gert er í stjfrv. Hefi jeg því ekkert við þessa lækkun að athuga.

Magnús Kristjánsson: Mjer skildist á háttv. frsm. fjvn. (MP), að hann teldi slæmt, að ekki hefði legið fyrir nefndinni áætlun um tekjur og gjöld af þeim fyrirtækjum, er ríkið lætur reka. En jeg held, að það sje varla hægt að ætlast til þess, að þessar áætlanir verði gerðar, meðan

engin reynsla er fengin fyrir því, hvernig þessi fyrirtæki bera sig. Tóbaksverslunin hefir aðeins verið rekin í 1 ár, og á þessu ári er ekkert hægt að byggja, sökum þess, hve miklar vörubirgðir voru liggjandi fyrir í landinu, þegar verslunin byrjaði. Var það meira en ársforði, fyrir um 2 milj. kr., sem lá að mestu hjá kaupmönnum hjer í Reykjavík, og nokkuð úti á landi. Eins má geta þess, að í byrjun þessa verslunarrekstrar varð hið mikla gengisfall íslensku krónunnar, um 30%, og gerði þetta auðvitað alt erfiðara. Niðurstaðan mun því sú, að láta mun nærri, að tekjurnar verði um 100 þúsund kr., en í sæmilegu ári mun sennilega mega áætla tekjurnar helmingi meiri.

Af þessum ástæðum sje jeg ekki, að fært sje að gera áætlun, sem bygð sje á rökum, en að gera áætlanir, sem heita má að hangi í lausu lofti, er verra en ekki, og nóg er af þannig löguðum áætlunum hjer á þinginu. En auðvitað er ekki útilokað, að þessi áætlun geti komið síðar, þegar meiri reynsla er fengin.

Um áætlun um rekstur steinolíuverslunarinnar er ekki að tala, þar sem hún er enn tæplega byrjuð. Enn fremur stóð hjer líkt á og með tóbaksverslunina, að birgðir voru miklar fyrirliggjandi.

Sama er að segja um vínverslunina. Hún hefir aðeins staðið í ½ ár, og er auðsjeð, að ekki verður mikið bygt á þeirri reynslu. Það má segja, að hjer sje um stefnumál að ræða, og vel má vera, að æskilegt sje að innfæra þetta, en sje þetta aðalástæðan, þá fæ jeg ekki annað sjeð en jafnríkar ástæður sjeu til þess, að fleiri stofnanir, er líkt stendur á með, hlíti sömu meðferð, t. d. Landsbankinn, Brunabótafjelag Íslands, Samábyrgðin o. fl. En jeg vil taka það fram, að jeg er ekki að halda þessu fram, hvorki sem nauðsynlegu eða sjálfsögðu, hvorki um þessar stofnanir eða aðrar. Af þessum sökum tel jeg, að nú sje ekki hægt að gera þessar áætlanir. Mundu þær einungis hafa pappírseyðslu og prentunarkostnað í för með sjer, en fyrir þeirri eyðslu eru margir hv. þingmenn nú allviðkvæmir.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að ef litið er á fjáraukalög undanfarandi ára, þá sýnist árangurinn af áætlunum fjárlaganna æríð óábyggilegur, og held jeg því, að ekki sje æskilegt að bæta fleiri slíkum við.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) fanst saka lítið, þó að vínfangatollurinn yrði ekki tekinn upp í fjárlögin. Það væri rjett, ef ráð væri á því, en ríkissjóði veitir ekki af sínu.

Út af símatekjunum vil jeg taka það fram, að landssímastjóri hefir lagt til þessa lækkun sökum þess, að notkun símanna þessa fyrstu mánuði ársins hefir verið miklu minna en á sama tíma 1918, en símagjöldin eru næstum því hin sömu nú sem þá.

Mjer þótti gott að heyra hjá hæstv. fjrh. (MagnJ), að hann virtist vilja vinna að því, að tekin yrði upp í fjárlögin þessi áætlun um tekjur og gjöld af fyrirtækjum ríkisins. Hins vegar var það ekki meining fjvn. að knýja þetta fram nú, heldur aðeins herða á því, að þessi siður yrði upp tekinn. En annars sje jeg ekki, að erfiðara sje að áætla þetta heldur en nettóarðinn af þessum fyrirtækjum.

Hv. þm. Ak. (MK) nefndi það, að það mætti þá eins tiltaka Landsbankann undir þessi ákvæði. En þetta er alls ekki sambærilegt. Landsbankinn er stofnun, sem algerlega er haldið utan ríkissjóðs og allur hans rekstur er sjálfstæður. Þess vegna er ekki áætlað í fjárlögunum neitt til tekna

af honum. Aftur á móti eru það aðrar stofnanir, sem stofnað er til með það fyrir augum að græða fje eingöngu, og er ætlast til, að allur ágóði af þeim sje eyðslufje ríkissjóðs, og það eru þessar stofnanir, sem nefndin á við. Vil jeg benda á, að þetta fyrirkomulag, sem fjárveitinganefndin hefir stungið upp á viðvíkjandi þessum stofnunum, er líklega einnig beint hagur fyrir þær og þá, sem þeim stjórna. Því hefir verið haldið fram, að sumar þessar stofnanir hefðu of marga starfsmenn; ef þetta er ekki á rökum bygt, þá er þarna gott tækifæri gefið til að hrinda þeim áburði og sannfæra þm. um, að þetta væri ekki á rökum bygt, með því að leggja fram skýrslur um starfsmannahald auk annars.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) hermdi það rjett eftir mjer, að fjárveitinganefnd heldur sjer aðeins við það, sem eru lög, og getur því alls ekki tekið til greina það, sem er á leiðinni, þó það kunni að verða að lögum. Þá verður það að takast til greina síðar, ef það nær fram að ganga. Þetta má þó ekki taka sem neina yfirlýsingu frá nefndarinnar hálfu, um að hún sje öll á móti þessu frv. háttv. þm.; um það hefir alls ekki verið rætt, en þó er hugboð mitt, að þaðan muni fremur lítils stuðnings að vænta. Hann sagði, að þetta ætti ekki að vera eyðslufje. Það getur vel verið, að margir æsktu þess fremur, að svo væri ekki, en þó mun engin trygging vera fyrir því, að svo gæti ekki farið, þótt öðruvísi væri ákveðið um það. Þess eru mörg dæmin, að fje er tekið sem eyðslufje ríkissjóðs, þótt lög sjeu til fyrir því, að svo eigi ekki að vera. Þetta er gert vegna nauðsynlegra þarfa ríkissjóðs, en er þó lögbrot, og vil jeg alls ekki stuðla að því, að þær verði fleiri syndirnar í þá áttina. Má í þessu sambandi nefna símafjeð.

Mjer þótti vænt um að heyra yfirlýsingu háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) um tekjuskattinn og afstöðu fjárhagsnefndar, því hún styður það, að brtt. okkar sje rjettmæt. En hjá honum kendi nokkurs misskilnings á orðum mínum. Jeg sagði, að fjhn. og þm. hefðu ekki gert sjer fullljósar afleiðingar þessa máls, og held jeg, að þetta hafi verið rjett. Því jeg veit, að margir þeirra, sem mest hafa um þetta fjallað, hafa ekki treyst sjer til að skálda neitt í þessu efni. Hygg jeg því, að hjer sje ekki of djúpt tekið í árinni um afleiðingar þess máls, — þær eru og verða fyrst um sinn ókunnar.

Þá skal jeg geta þess, að jeg er þakklátur hæstv. fjrh. (MagnJ) fyrir upplýsingar hans um síldartollinn; lítur út fyrir, að samkvæmt því sje engu minni ástæða til að hækka útflutningsgjaldið, úr því það hefir orðið 100 þús. kr. hærra árið 1922 en áætlað var.

Bjarni Jónsson: Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) var að amast við tillögu fjárveitinganefndarinnar og skaut því að háttv. frsm. (MP), hvort hann talaði fyrir hönd allrar nefndarinnar. Jeg tek það fram nú, að þá talaði hann fyrir mína hönd og að jeg er staðráðinn í því að greiða atkvæði á móti frv. háttv. 4. þm. Reykv. (MJ). Þó að það sje vitanlega lærdómur mikill í því fólginn að láta ekki vín upp í sig, er sá lærdómur þó fulldýru verði keyptur með þessu, þar sem menn þó mundu geta hitt á lagið, ef þeir vildu láta vera að bragða það. Þá er fram komið frv. eitt í hv. Ed. um svipað efni, er jeg vildi heldur styrkja, enda þótt það sje auðvitað dauðadómur yfir sjálfum mjer. Allir vita, hversu jeg hefi viljað styrkja vísindin og listirnar — en nú á að fara að menta menn með víninu, og vil jeg því heldur hallast á sveif

með þessu frv. í Ed., er veitir 1000000 kr. á ári til lista og vísinda. En vjer sjáum nú, hvernig fer, þegar það kemur hjer fyrir þessa deild. Ef svo færi nú, að þessi ágóði af víninu næmi sem svaraði einni miljón, þá munu menn vart fara að hneykslast á mínum litlu upphæðum, sem jeg hefi viljað láta veita til þessara mála. En þetta frv. er ekki talið eyðslusemi, enda vil jeg fylgja því fram til sigurs, og þætti mjer þá þessu fje vel varið.

Magnús Kristjánsson: Það er í raun-inni ekki mikil ástæða fyrir mig að taka til máls að þessu sinni; það er svo afar-lítið, sem á milli ber mín og háttv. frsm. fjvn. (MP). Jeg stóð upp til að svara því, að þær stofnanir, sem jeg nefndi, væru ekki sambærilegar; væru reknar út af fyrir sig. Jeg veit ekki betur en hinar stofnanirnar hafi einnig sjerstakt reikn-ingshald og sjeu reknar út af fyrir sig. Hvað Landsbankanum viðvíkur, þá er þar með skyldum að skifta, og auk þess lagt inn í hann rekstrarfje, og fær ríkissjóður þannig hlutdeild í ágóða hans. En ef þetta á að verða að stefnumáli, á það að ganga jafnt yfir. Þá mætti og eins hugsa sjer, hvort ekki væri hægt að spara eitthvað í fólkshaldi einnig við þessar stofnanir, sem jeg nefndi. Einnig gæti jeg bent nefnd-inni á fleiri stofnanir, sem þá mætti taka til athugunar. Það getur raunar beðið síns tíma.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg verð að mótmæla því, að eins standi á um Lands-bankann og tóbaksverslun ríkisins. Hún er stofnuð aðeins með það eitt fyrir augum að afla ríkissjóði tekna: en Landsbankinn er stofnaður til eflingar atvinnuvegum landsins og annara þjóðþrifa. Þess vegna er ekki hægt að bera hann saman við stofn-anir, sem aðeins eru til að afla tekna á einhvern hátt fyrir ríkissjóð. Jeg hygg og enga þingnefnd vera svo færa, að hún geti áætlað, hversu marga starfsmenn þurfi við Landsbankann. Aftur á móti væri þetta auðvelt að því er snertir verslanir ríkis-ins, t. d. tóbaks- og vínverslanirnar. Því vil jeg taka undir með háttv. frsm. fjvn. (MP), að betra væri, að þetta næði að ganga fram, og gott, að nefndirnar fái skýrslur um mannahald og fleira við þess-ar stofnanir, sem aðeins eru til að afla ríkissjóði tekna. Hvað steinolíuverslunina snertir, er það ekki sæmandi, að hún sje þannig misnotuð, að ætlast sje til, að hún afli ríkissjóði tekna. (*MK*: Það er svo ákveðið í lögunum). Háttv. þm. Ak. (M-K) þarf ekki að fræða mig um það, til hvers lögin ætlist í þessu efni.

ATKVGR. um 1.—5. gr.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 254,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 254,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 254,3 samþ. með 21:1 atkv.
— 254,4 samþ. með 17 shlj. atkv.

254,5 samþ. með 20:8 atkv., að við-höfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstJ, ÞórJ, BJ, EE, GunnS, HK, IngB, JB, JS, JP, LH, MJ, MK, MP, PP, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, BSv.

nei: BH, EP, JakM, JAJ, MG, ÓP, PO, ÞorlG.

Brtt. 254,6 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 254,7 samþ. með 16:3 atkv.
— 254,8 samþ. með 22:2 atkv.
— 254,9 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 254,10 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 254,11 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 254,12 samþ. með 17:5 atkv.
— 254,13 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 254,14 samþ. með 20 shlj. atkv.

2 gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 254,15 samþ. með 22:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Mjer þykir óviðkunnanlegt, að hæstv. stjórn skuli ekki vera viðstödd á fundinum, þar sem jeg þyrfti að beina máli mínu til hennar.

Áður en jeg fer út í hinar einstöku brtt., vil jeg benda háttv. deild á það, að ef það tækist að láta fjárlagafrv. ganga gegnum þingið eins og fjárveitinganefnd hefir gengið frá því, þá mætti afkoman teljast góð.

Þá vil jeg vænta þess, að allir hv. þm. hafi kynt sjer nefndarálitið. Jeg vona, að jeg hneyksli engan, þótt jeg segi þetta, því stundum hafa frsm. rekið sig á það, að svo hefir ekki verið. En jeg vildi forðast að þurfa að endurtaka það, sem sagt er í áliti nefndarinnar, heldur aðeins árjetta það, sem þar er ekki nógu ítarlega tekið fram.

Eins og segir í áliti nefndarinnar, þótti oss rjettara að halda aðskildum skrifstofukostnaði bæjarfógetans í Reykjavík frá skrifstofukostnaði annara bæjarfógeta og sýslumanna. Þó þetta hafi ekki neina fjárhagslega þýðingu, þá fæst með því gleggra yfirlit yfir skrifstofukostnað ýmsra embættismanna. Nefndin hefir tekið til greina við áætlun skrifstofukostnaðar bæjarfógetans í Reykjavík tillögur hans til stjórnarinnar, en fært hann þó niður um 500 kr. Annars eru þar fastir starfsmenn með föstum launakjörum, svo litlum sparnaði verður hægt að koma við á þeim lið. En til skrifstofukostnaðar annara sýslumanna fára þá aðeins 42000 kr. Jeg segi þetta ekki af því, að mjer finnist hann lítill, heldur til þess að benda á, að eftir þessu er gert ráð fyrir, að hann lækki um nær 20 þús. kr. frá því, sem hann nú er ákveðinn. Vill nefndin láta í ljós ánægju sína yfir því, ef hægt er að færa þessa útgjaldaliði nokkuð niður. Getur nefndin vel skilið, að svo megi verða, því sumar upphæðirnar til skrifstofuhalds eru of háar, sjerstaklega þar sem ekki þarf sjerstaks mannahalds við.

17. og 18. brtt. eru í samræmi við þetta.

Nefndin vill ekki láta líta svo út, þegar til gæslu landhelginnar kemur, sem farið sje út á þá braut að minka eftirlitið frá því, sem áður hefir verið, og vill því hækka styrkinn. Telur hún það fje, sem varið hefir verið í þessu skyni undanfarið, hafa komið að góðum notum.

Þá hafði stjórnin fært niður skrifstofukostnað landlæknis um 1000 kr. Jeg býst helst við, að þetta hljóti að vera misgáningur, því í frv. hennar um niðurlagning þess embættis var gert ráð fyrir, að skrifstofukostnaðurinn væri 2000 kr. Við hjeldum okkur því við þá upphæð, enda sýnilegt, að hún getur ekki verið minni; til skrifstofunnar fara tvö herbergi, og auk þess er þar fastur starfsmaður, ætti hæstv. forsrh. (SE) að vera þetta kunnugt, svo mörg erindi sem fara milli skrifstofu hans og landlæknis.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að vera langorður um hverja brtt. og treysti því, að hv. þm. beri sig upp við mig, ef þeim finst skorta á upplýsingar, og ætti þá síðar að gefast tækifæri til að koma með þær.

Oss þótti rjett að hækka nokkuð borgunina til aukalæknisins á Ísafirði, til þess að halda samræmi við laun annara starfsmanna ríkisins, en laun hans hafa verið lækkuð hlutfallslega meira en þeirra, og

eru þau enn þá lægri en vera ætti, samanborið við þá.

Þá hefir nefndin talið rjett að hækka nokkuð fjárveitinguna til Vífilsstaðahælisins; má máske segja, að það hafi ekki mikla þýðingu, þar sem hjer er aðeins um áætlunarupphæð að ræða, en hún álítur hins vegar, að ekki sje heppilegt að nema þennan lið við nögl sjer, þar sem það mundi aðeins spilla fyrir eignum ríkisins og hælinu. Um laun starfsmannanna er farið eftir tillögum læknisins, og eru þau svipuð og verið hafa, og ekki ástæða til að ætla, að þau muni lækka að mun.

Jeg hefi skrifað greinilega um það í nefndarálitinu, að taka á leigu franska spítalann á Fáskrúðsfirði. Og þó ekki sje langt síðan berklavarnalögin komust á og jeg hafi aðeins stuttan tíma verið hjer í Reykjavík, er mjer þó fullkunnugt um það, hversu erfitt er oft að útvega berklaveikum mönnum rúm. Og fyr eða síðar hlýtur að reka að því, að stofna verður ný hæli. Þess vegna fanst nefndinni það vera eins og fundið fje, að fá þarna spítala með góðum útbúnaði og rúm fyrir ca. 24 sjúklinga, án sjerstaks stofnkostnaðar og gegn tiltölulega lágri leigu. Vjer gerum ráð fyrir, að ríkið reki hann á líkan hátt og Vífilsstaðahælið, og fer okkar áætlun eftir því, og ætti að minsta kosti ekki að vera dýrara að reka spítala þar austur frá en hjer.

Þá er mönnum kunnugt, að farið var þess á leit af Ísfirðingum, að lagt yrði fje fram til fyrirhugaðs spítala þar, samtímis Eyrarbakkaspítalanum, sem styrk hlaut, þar sem þegar hafði verið hafist handa með þá byggingu. En gert var ráð fyrir því, að Ísafjörður yrði næstur. Nefndin vill nú reyna til þess að standa við þetta loforð, þó hún hins vegar sjái sjer ekki fært að veita alla upphæðina — 80 þús. kr. — í einu lagi, eins og fjárhag landsins er varið. En þó ekki verði veitt þetta árið nema 25 þús., ætti það ekki að koma Ísfirðingum að sök, þar sem með þeirri upphæð mætti hefja verkið. Og verði þetta samþykt, felst auðvitað í því skuldbinding um það frá þingsins hálfu að veita næstu árin það, sem á vantar. Þá vill nefndin skjóta því til stjórnarinnar, að hún krefjist sannana fyrir því, að það fje, sem lagt skal fram á móti ríkinu, sje fyrir hendi. Enda munu engin vandkvæði vera á því, eftir því sem jeg veit best.

Þá hefir nefndin hækkað styrkinn til heilbrigðiseftirlits með alþýðuskólum. Taldist okkur hann vera of lágur í frv. stjórnarinnar.

Hjúkrunarfjelagið „Líkn“ hefir starfað lengi hjer í bænum með ágætum árangri og hefir síst brugðist vonum manna. Vill nefndin því hækka styrkinn til þess fjelags, enda mun fje verða lagt til á móti, og gæti þetta orðið hvöt fyrir fjelagið eftirleiðis.

Þá er það nýr liður, að styrkja sjúklinga til að leita sjer lækninga við geitum. Öllum ætti að skiljast, hvílíkt nauðsynjamál það væri, ef hægt væri að útrýma þessum leiða kvilla úr landinu. Vill nefndin láta byrja á því strax á þessu ári, og verður því samskonar brtt. við fjáraukalagafrv. þessa árs; er ætlast til, að því verði haldið áfram, uns sjúkdómurinn er upprættur.

Eins og hv. deild mun kunnugt, hefir staðið í fjárlögunum upphæð til styrktar væntanlegu berklavarnafjelagi, en það hefir enn ekki verið stofnað, og má búast við, að það dragist nokkuð. En oss læknunum hefir dottið í hug að undirbúa málið með almennri fræðslu og reyna að kenna mönnum, á hvern veg hægt sje að verjast berkla-

veikinni. Í þessum tilgangi höfum vjer hugsað oss að gefa út rit um þessi efni, og er þá nauðsynlegt, að það geti orðið svo ódýrt, að engum verði tilfinnanlegt að kaupa það. En til þess verður mikill hluti af útgáfukostnaðinum að koma utan að. Oss þykir líklegt, að gamla Heilsuhælisfjelagið muni fást til að styrkja útgáfuna að nokkru, og gerum því að skilyrði, að 1000 kr. verði lagðar til móts við ríkissjóðsstyrkinn.

Þá vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, að nefndin óskar, að 31. brtt. komi ekki til atkvæða, því hún mun koma sem brtt. við væntanlegt fjáraukalagafrv.

Þá kemur að 13. gr. Þar er einn liður, sem snertir póstmálin. Nefndin sá sjer ekki annað fært en hækka þennan lið nokkuð. Jeg býst ekki við, að samningsbundið kaup póstafgreiðslumanna geti lækkað, enda er það álit aðalpóstmeistara, að ekki verði komist af með minni upphæð í þessu skyni en verið hefir. Og þó farið yrði að auglýsa stöðurnar lausar og þoka þóknuninni niður með undirboði, þá gæti það verið mjög varhugavert og tæplega verjandi að velja menn í svo ábyrgðarmiklar stöður eftir kaupkröfunum einum. Það er alkunna, að mjög mikið fje fer um hendur þeirra, og því næsta áríðandi, að góðir menn fáist í þær stöður.

Um vegakaflann get jeg verið stuttorður og leyfi mjer að vísa til þess, sem í nefndarálitinu stendur. Þó skal þess getið, að engin hreppapólitík átti sjer stað um þetta atriði innan nefndarinnar, eins og þó stundum hefir viljað brenna við. Nefndin vill láta þess getið, að hún hefði gjarnan viljað fara lengra í þessum efnum, og hafði enda orð á því við vegamálastjóra, og óskaði hann þess, að ef nefndin sæi sjer fært að hækka upphæðina, þá gengi það til viðhalds veganna.

Þá er nýr liður, veiting til viðhalds slitlagi á akvegum. Við teljum, að það sje sama sem samþykt, þar sem bifreiðaskatturinn er kominn inn í fjárlögin. Þá er hækkað tillag til akfærra sýsluvega, og er það samkvæmt till. vegamálastjóra.

Þá kem jeg að stórum gjaldalið, 200 þús. kr. til nýrra símalína og loftskeytastöðva. Nefndin þorði ekki annað en slá þann varnagla, að þessi upphæð yrði því aðeins veitt, að fjeð væri fyrir hendi. Við framkvæmdina gerum við ráð fyrir, að nokkuð verði farið eftir þeirri röð, sem tillögurnar bera með sjer.

Forsætisráðherra (SE): Jeg verð að gera þá almennu athugasemd þegar í upphafi, að jeg fór svo skyndilega utan síðast, að jeg hafði áður aðeins farið einu sinni í gegnum fjárlagafrumvarpið, og gat því ekki sjálfur samið athugasemdirnar við mína kafla þess. Jeg ætla nú aðeins að minnast stuttlega á nokkur atriði.

Stjórnin hafði lagt til, að skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Reykjavík yrði undir sama lið og skrifstofukostnaður annara sýslumanna og bæjarfógeta, þar sem þeir taka allir laun eftir sömu lögum. Kostnaður lögreglustjóra er sjerstaklega tilfærður, enda tekur hann laun eftir öðrum lögum. Annars er stjórninni þetta ekkert sjerstakt kappsmál í sjálfu sjer, og hefi jeg áður skýrt alt þetta mál fyrir nefndinni, og vil jeg hjer aðeins minna á það, að þessi sýslumannaskrifstofukostnaðarfjárlagaliður er aðeins áætlunarliður, þar sem í 11. gr. launalaganna er ákveðið, að dómsmálaráðherra ákveði þennan skrifstofukostnað. Viðvíkjandi því, að

stjórnin hafi ætlað sýslumönnum of háan slíkan kostnað, skal jeg taka það fram, að það álit mun einungis sprottið af ókunnugleika, þar sem það hefir þvert á móti oftar komið fyrir, að reikningar sýslumanna hafa sýnt meiri raunverulegan skrifstofukostnað en stjórnarráðið hefir gert þeim. Vil jeg í því efni t. d. benda á sýslumanninn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem bæði er sparnaðarmaður og ágætur sýslumaður. Honum voru ætlaðar 2250 kr., en reyndin varð, að hann þurfti að borga í skrifstofukostnað 3380 krónur. Svipað er ástandið í fleiri tilfellum, enda munu sýslumenn margir vera óánægðir í hæsta máta og þykjast bera skarðan hlut frá borði. Það er heldur ekki sanngjarnt nú, þegar þetta á alt að greiðast úr ríkissjóði hvort eð er, að mennirnir þurfi að borga meiri eða minni viðbót úr sjálfs sín vasa eða af launum, sem kannske eru af skornum skamti fyrir.

Jeg er sammála hv. fjárveitinganefnd um það, að 30 þús. kr. til landhelgisgæslu hafi verið of lítið, og álít jeg jafnvel, að 50 þús. sje of lítið líka.

Um fjárveitinguna til Vífilsstaða skal jeg ekki deila, því það er einfalt mál, að ef svo fer, að kostnaðurinn reynist minni en nefndin gerir ráð fyrir, þá sparast aðeins það fje, sem eftir verður.

Einnig get jeg fallist á það að taka frakkneska spítalann á Fáskrúðsfirði á leigu. Um spítalabygginguna á Ísafirði verð jeg hins vegar að segja það, að stjórnin treysti sjer ekki til þess að taka upp fjárveitingu til hennar, þótt vitaskuld sje mikil þörf á henni. En hins vegar er kostnaðurinn mikill, og veit jeg ekki hvort kaupstaðurinn er nú sem stendur til þess fær, að leggja fram sinn hluta. En jeg teldi rjettast, ef á annað borð ætti að fara að veita fje til þessa, að veita það, sem þarf og til er ætlast, sem sje þriðjung. Annaðhvort ætti því að veita allan þriðjunginn eða ekkert.

Loks vil jeg svo þakka hv. fjárveitinganefnd fyrir það, að hún hefir tekið til greina till. stjórnarinnar um styrk til geitnalækninganna, því á honum er hin mesta þörf. — Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta, því jeg mun þegar hafa drepið á þær helstu tillögur, sem mig snerta sjerstaklega, og get því lokið máli mínu.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. fjvn. hefir fyrst komið með brtt. við 13. gr. viðvíkjandi póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur, í þá átt að hækka fjárveiting til þeirra um 10 þús. kr. Nefndin færir því til meðmæla, að þeir menn, sem hjer eiga hlut að máli, sjeu ráðnir með samningi fyrir ákveðna þóknun og hún sje lág. Þessu get jeg alls ekki verið sammála. Ef athugaður er listinn yfir póstafgreiðslumennina, sjest, að margir hafa óþarflega há laun, sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, að víða er mjög lítið að gera og að þetta er aukaatvinna hjá flestum. Jeg hafði gert athugasemd við skrána, sem barst fjvn., og jeg skil ekki í öðru en hún sje mjer sammála um, að sumstaðar hafi verið fullhátt áætlað. Það var vel ráðið að færa niður launin, því að vitanlega voru þau hækkuð á dýrtíðarárunum, og því var það í fullu samræmi við laun embættismanna og annara starfsmanna, að þau lækki nú. Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að um leið og mönnum þeim, sem nú eru í stöðunum, er sagt upp, eigi að halda undirboð á þeim; til þess eru þær of vandasamar. En jeg hygg, að á flestum stöðum megi fá sömu mennina fyrir lægri laun. Líka mætti sameina póstafgreiðslu og síma á ýmsum stöðum; hefi jeg leitað álits aðalpóstmeistara

og landssímastjóra um það, og eru þeir því meðmæltir. Liggja þau skjöl nú fyrir háttv. Ed. Slíka sameiningu mætti víða gera og verður bráðlega gerð á einum stað, á Blönduósi.

Þá kem jeg að B-lið 13. gr., flutningabrautunum. Verð jeg að vera háttv. nefnd þakklátur fyrir, hvernig hún hefir tekið í það mál. Hún hefir hækkað tillagið til brauta þeirra, er byggja á á næsta ári. *Jeg hafði líka tekið í fyrsta uppkast að fjárlögunum þessa upphæð, en er leið á samningu þeirra, sá jeg fram á, að tekjuhalli yrði mikill.* Þess vegna sá jeg mjer ekki annað fært en lækka þetta tillag. Var það gert í samráði við vegamálastjóra, þótt okkur væri það báðum þvernauðugt að lækka svo mikið. Þess vegna þakka jeg nefndinni þessa breytingu og vænti þess, að hún verði samþ. Sama er að segja um nýjan lið, til Vaðlaheiðarvegarins. Jeg ætlaði að taka þennan veg upp í sambandi við brúna á Eyjafjarðará, sem væntanlega verður fullgerð á þessu sumri. Vegur þessi er orðinn um 40 ára gamall og liggur á óhentugum stað. Hann átti að liggja talsvert utar; hann er brattur að vestan og enn þá brattari að austan. Það er enginn vagnvegur, en fjölfarinn á öllum tímum árs, sjerstaklega á sumrum. Jeg vil því mæla sem best með, að þessi liður verði samþyktur. Jeg hygg, að háttv. deildarmönnum muni vera ljúft að greiða atkvæði með samgöngubótum á landi, einkanlega nú, er kyrstaða hefir verið um hríð í þeim efnum, en flestir hafa unað því illa.

Þá kem jeg að 13. gr. D, nýjum símalínum og loftskeytastöðvum. Nefndin segir, að þá er hún hafi verið komin að þessum lið, þá hafi fjeð alt verið gengið til þurðar, sem hún þóttist geta ráðið yfir. Alveg sama máli var að gegna með stjórnina. Hún varð fjárhagsins vegna að hætta við að leggja nokkuð fram í þessu skyni. Nú hefir nefndin tekið upp allar þær línur, er bráðnauðsynlegastar eru, og er mjer það gleðiefni. En gleði mín er samt ekki alveg óblandin, því að þessar framkvæmdir eru bundnar því skilyrði, að tekjurnar reynist nægar til þeirra. Ef fjárhagurinn verður varhugaverður á næsta vori, þá er það skipun þingsins að hætta við þær. Jeg er hálfhræddur við þetta, þó það sje eðlilegur varnagli. Jeg hefði heldur kosið, að þessi athugasemd hefði ekki verið, en það hefði verið gefið á vald stjórnarinnar, hvort hún framkvæmdi það eða ekki, eða henni falið að byggja þær nauðsynlegustu, ef ekki væri hægt að byggja þær allar, og væri þá getið um, hverjar væru nauðsynlegastar. Að vísu má ganga út frá því, að það felist í þeirri röð, sem þær eru settar, hverjar eru nauðsynlegastar, og þessar 4 fyrstu línur ganga þá fyrir.

Þá eru loftskeytastöðvarnar. Nefndin leggur til, að loftskeytastöðvar verði settar í Grímsey, Flatey og á Húsavík. Við þetta er komin fram brtt. á þskj. 292, frá hv. 1. þm. Eyf. (StSt), að í staðinn fyrir Húsavík komi Siglufjörður. Jeg veit, að Siglfirðingar hafa lagt mikið kapp á að komast í loftskeytasamband við Grímsey, en nefndin hefir tekið hina leiðina, vegna þess, að Grímseyingar versla mikið við Húsavík, en lítið við Siglufjörð. Jeg hefi átt tal um þetta við landssímastjóra og hann telur ekki rjett að hafa stöðina á Húsavík, en vill hafa hana á Siglufirði. Kostnaður yrði miklu meiri á Húsavík; en á Siglufirði á ríkissjóður hús, ritsímastöð og tæki, svo kostnaður yrði þar lítill. En ef háttv. deild aðhyllist ekki þetta, þá væri betra að hafa stöðina á Akureyri; þar eru líka tæki til og yrði minni kostnaður. Það er erfitt fyrir Húsavík að ná

sambandi við Siglufjörð á sumrin; þá er sú lína mikið notuð. Því yrði hægara um vik fyrir Grímseyinga að ná sambandi við Húsavík, ef stöðin yrði á Akureyri.

Um loftskeytastöð í Öræfum þarf jeg ekki að fjölyrða. Hún er eðlileg eftir að stöð hefir verið sett í Kirkjubæjarklaustri. Um aðrar brtt. nefndarinnar er fátt að segja. Jeg á eina brtt. á þskj. 292, við 13. gr., um það að verja 4 þús. kr. til þess að kaupa hús ásamt lóðarrjettindum, túni og girðingu við Garðskagavita. Vitamálastjóri hefir sent erindi um þetta. Vitavörðurinn á Garðskaga dó í vetur, en hann átti hús og mannvirki og var búinn að rækta 3 dagslátta tún á leigulandi, sem er eign Útskálakirkju. Staðan er illa launuð, 600 kr., frítt hús, kol og olía. Mjer finst eðlilegt, að landið kaupi þessi mannvirki handa hinum nýja vitaverði. Það er virt á 4955 kr., en mun fást fyrir 4 þús. En þar sem í ráði er að semja frv. til fjáraukalaga fyrir 1923, og þar á þetta heima, þá tek jeg þessa brtt. aftur við fjárlögin.

Bjarni Jónsson: Jeg skal játa það, að ef hagur landsins er eins þröngur og látið er hjer innan þessara veggja, þá er það synd af mjer að bera fram þessar 2 smábrtt., sem jeg er hjer með. En hjer mun vera sá sami siður og í sveitum, að sá er eigi talinn búmaður, sem ekki kann að berja sjer; og hagur landsins er og verður betri en haft er á orði hjer. Því hefi jeg gerst svo djarfur að bera þessar brtt. fram, ekki til þess að steypa fjárhag landsins, heldur til þess að auka þægindi landsmanna og til þess að veita einstaklingi sanngjarnar bætur fyrir tjón, er hann beið við ráðstafanir, er gerðar voru til að tryggja hag landsins. Önnur brtt. er um það að veita fje nokkurt til þess að gefa úr manntalið frá 1703. Þetta er ný gullnáma fyrir alla ættfræði, og er nú komin heim, og er eigi gerandi að láta hana liggja í skjalasafni, þar sem fáir eiga aðgang að henni. Jeg býst við því, að allir háttv. þm. muni sammála um það, að ættfræði sje þjóðleg fræðigrein og mikils virði fyrir sögu landsins og þekkingu á þjóðinni. Og Íslendingar skara fram úr öðrum í þessari ment. Jeg hefi nefnt hjer 1000 kr.; vænti jeg þess, að háttv. þm. samþykki þessa litlu upphæð, til þess að hægt verði að byrja á útgáfunni. Það er svo um alt, sem þingið gerir, sem um aðra menn, að verkið lofar meistarann; og ef landsmenn sjá, að þingmenn vilja gera þeim þessi þægindi, þá mun það mælast vel fyrir og þykja viturlega gert.

Hin brtt. er um það að bæta Kristjáni Jónassyni í Borgarnesi tjón, sem hann hefir beðið, og er sú till. sjálfsögð. Svo er mál með vexti, að sjúklingur kom til Borgarness og þurfti að fá inni, en eigi var auðið að útvega honum náttstað. Læknirinn, sem þá var settur þar, bað Kristján, sem er gestgjafi, að hýsa manninn og fullvissaði hann um, að af honum stafaði engin hætta. Þetta var fyrirgefanlegt af læknunum, því hann var ekki æfður læknir, og ekki er altaf gott að ákveða, hvort taugaveiki er eða ekki. En þarna lagðist maðurinn og barn veiktist hjá Kristjáni og húsið var einangrað í 2 mánuði. En Kristján hafði greiðasölu, svo sem fyr er sagt, og var því sviftur atvinnu sinni um þennan tíma. Það skal viðurkent, að hann mun ekki geta sótt mál þetta að lögum; það hefir enginn gert honum lagalegan órjett, en hann hefir beðið þetta tjón af ráðstöfunum heilbrigðisstjórnarinnar til þess að aðrir hlytu ekki meira tjón af. Jeg hefi nefnt hjer 1500 krónur af því, að Kristján er fátækur maður og munar um það, en ekki af því, að það sjeu nægar bætur fyr-

ir skaða þann, er hann hefir beðið. Jeg þarf ekki að fjölyrða meira um þetta lítilræði. Allir góðir drengir sjá, að maðurinn þarf að fá bætur, og jeg býst við, að hjer sje gnægð drengskapar til þess, að þessi litla tillaga nái fram að ganga. (*HK*: Það er alveg rjett; það er mikill drengskapur hjer). Það er gott; það mun þá sýna sig við atkvæðagreiðsluna.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. frsm. fjvn. (MP) svari því, er með þarf fyrir nefndarinnar hönd. Það verður ef til vill ýmislegt, sem jeg vil athuga við ræður þær, er fram koma, en jeg bíð með það þar til síðar. Það gladdi mig að heyra svona góðar undirtektir af þingbekkjunum.

Stefán Stefánsson: Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt, þá bar jeg snemma fram till. um það á þingi, að reistar yrðu loftskeytastöðvar í Grímsey og á Siglufirði. Frjetti jeg þá, að fjvn. yndi því illa, þar sem hún teldi stjórnina ekki hafa neina fjárheimild til þess að reisa stöðvarnar. Sneri jeg mjer þá til nefndarinnar, skrifaði henni um málið og sendi henni jafnframt erindi eyjarbúa um þetta mikla nauðsynja- og áhugamál þeirra, treystandi því, að háttv. nefnd tæki beiðninni hið besta, sem hún og hefir gert að nokkru leyti. En þó eru það nokkur vonbrigði, að nefndin skuli ráða til, að landsstöðin sje fremur á Húsavík en Siglufirði.

Jeg er sammála háttv. fjvn. um, að hagkvæmt muni að reisa stöð í Flatey. En að stöðin á landi skyldi vera ákveðin í Húsavík, kom mjer mjög á óvart, og er mjer heldur eigi ljóst, á hverju það er bygt. Jeg sneri mjer því til landsímastjóra. Ljet hann það í ljós sem álit sitt, að stöðin væri betur sett á Siglufirði. Færði hann sem rök fyrir því áliti sínu meðal annars, að stöðin yrði ódýrari á Siglufirði, vegna þess, að þar væri maður, er gæti tekið stöðina að sjer með engum eða þá litlum aukakostnaði. En á Húsavík þyrfti sjerstakan, lærðan mann, er myndi kosta 2—3 þúsund kr., miðað við stöðina á Hesteyri.

Enn fremur gat landssímastjóri þess, að notin af stöðinni yrðu hverfandi á Húsavík, móti því, sem yrði á Siglufirði, vegna útgerðarinnar þar og skipa, sem jafnan væru þar fyrir landi, ýmist að veiðum eða á ferð. Af þessum ástæðum hefi jeg leyft mjer að flytja brtt., er fer fram á það, að í staðinn fyrir Húsavík komi Siglufjörður sem landstöð.

Nú hefi jeg átt tal við formenn útgerðarfjelagsins og fiskifjelagsins og fengið álit þeirra um þetta mál. Skal jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr áliti formanns fiskifjelagsins. Þó skal geta þess, að honum vanst ekki tími til þess að bera málið undir stjórnina, og er því umsögnin á ábyrgð hans eins. Hann segir svo:

> „Álit mitt er, að heppilegra muni vera, að hin umrædda loftskeytastöð verði sett upp á Siglufirði en á Húsavík, af því að meiri útvegur er á Siglufirði en Húsavík. En jeg geri ráð fyrir, að stöðinni sje, meðal annars, ætlað að koma útveginum að notum, og þá sjerstaklega, að hægt sje að fá frjettir frá Grímsey um síldargöngur, sem iðulega verður vart við í kringum eyna, og sjómenn þar geta gefið útgerðarmönnum á Siglufirði vitneskju um fljótar en ef fregnirnar þyrftu að fara krókaleiðir gegnum Húsavík. Varðskipin munu oftar halda sig á Siglufirði og Akureyri en Húsavík, ef þau liggja við land, og því hægra að ná til þeirra þar, ef umkvartanir ber-

ast frá fiskiskipum um brot á landhelgislögunum af hendi útlendra veiðiskipa. Enn fremur er vitanlegt, að símstöðin á Siglufirði hefir afarmikið að starfa meðan síldarvertíðin stendur þar yfir, svo menn eiga erfitt með að fá afgreiðslu. En mjer skilst, að loftskeytastöð þar mundi geta ljett undir með afgreiðslu símskeyta, ef á þyrfti að halda, og á þann hátt gert þeim, er símann þurfa að nota, hægra fyrir á margan hátt".

Þá ljet og formaður útgerðarfjelags Reykjavíkur það álit sitt í ljós við mig, að alment litið á málið, þá væri sjálfsagt, að tilkynningar um veður og aflabrögð ættu að koma frá Grímsey og beint á verstöðvarnar sjálfar. Taldi hann, að þær þyrftu að berast svo fljótt, að mikill skaði yrði að óhjákvæmilegri töf við að senda þær gegnum Húsavík.

Þá myndi og fljótt reka að því, að íslensku togararnir hefðu allir Marconiáhöld, og þá væri heppilegra að hafa stöðina þar, sem skipin legðu upp aflann. Þetta hljóta líka allir háttv. þingdeildarmenn að viðurkenna. Þá eru það og sjerstök þægindi fyrir eigendur skipanna, sem að veiðinni vinna, að fá tilkynningu um komu skipanna mörgum tímum áður en þau koma í höfn. Er þá hægt að hafa alt, fólk og annað, tilbúið til móttöku aflans, þegar skipin koma að. Væri þá hægt að flýta meira fyrir verkuninni og fá vöruna þar með betri. Hann gat þess einnig, að Norðmenn væru að koma upp loftskeytastöðvum á sem flestum veiðistöðvum. Enda væri þeim vel ljóst, hvaða þýðingu þær hefðu fyrir útgerðina, og þörfin er jafnmikil fyrir okkur Íslendinga.

Fyrir þingi og fjvn. hefir legið erindi frá Siglfirðingum, undirskrifað af 50 manns, um að stöðin verði reist á Siglufirði.. Enn fremur hafa Grímseyingar, eftir nákvæma athugun, látið það álit sitt í ljós, að stöðin yrði betur sett á Siglufirði. Er þeim það þó sjálfum síst í hag, því þeir hafa miklu meiri viðskifti við Húsavík en Siglufjörð.

Fjvn. byggir till. sínar á því, að stöðin í Flatey myndi verða dýrari í sambandi við stöð á Siglufirði heldur en á Húsavík.

Landssímastjóri sagði mjer, að þetta væri ímyndun ein. Stöðin í Flatey yrði jafndýr, hvort sem móttökustöðin á landi yrði á Húsavík eða Siglufirði. Er þessi ástæða því einskisvirði, að dómi landssímastjóra.

Það er annars dálítið hjáleitt að hugsa sjer, að stöðin væri betur sett á Húsavík en á Siglufirði, þvert ofan í þau rök, sem jeg nú hefi nefnt, og mörg fleiri, sem mætti telja. Nú hafa allmargir togarar og millilandaskip Marconitæki, og þá sýnist liggja í augum uppi, hvort muni hagkvæmara að eiga loftskeytastöð á helstu útgerðarstöð og viðkomustöð flestra eða allra skipa fyrir Norðurlandi, þar sem er líka ein hin besta höfn norðanlands, eða Húsavík, þar sem er eiginlega engin höfn, útgerð sáralítil og skipaviðkomur nauðafáar.

Jeg hefi svo ekki fleira um þetta að segja að sinni, en mun taka til máls síðar, ef ástæður benda til.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi fara nokkrum orðum um fjárlagafrv. eins og það lítur nú út, er það kemur frá nefndinni, en jeg vænti þess, að hæstv. forseti finni eigi að því, þó að jeg tali nokkuð almennt um málið og bindi mig ekki að öllu leyti við að tala um einstakar brtt.

Frsm. fjvn. (MP) hefir nú gert ljósa grein fyrir meðferð og brtt. fjvn. á þessu frv. Af því sjest, að bæði tekjur og útgjöld hafa hækkað. Sakir standa þá þann-

ig, að fjvn. skilar nú frá sjer fjárlagafrv. með 210 þús. króna tekjuhalla. En frsm. (MP) gat þess ekki, að sá tekjuauki, sem fæst með till. þeirra um hækkun á vínfangatollinum, sem nefndin flytur sjerstakt frv. um, sje ekki tekinn með. Um þennan nýja lið, tekjur af hækkun víntollsins, get jeg vísað til ræðu háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) um það mál. Er jeg honum samdóma í því máli, að vonum, og byggist sú skoðun á frv. okkar.

Að öðru leyti skiftist á hækkun og lækkun á hinum einstöku liðum, og nemur hækkun um fram lækkun alls kr. 82000.00. Það skal játað, að hækkanir nefndarinnar á útgjaldahlið fjárlaganna miða að mestu til stuðnings og eflingar framleiðslunni og verklegra framkvæmda. Er viðleitni hv. nefndar til þess að veita hagnýtum störfum fyrir þjóðfjelagið nokkurn stuðning virðingar- og viðurkenningarverð, og það því fremur, sem svo var frá frv. stjórnarinnar gengið, að hjá því hafði að mestu verið sneitt. Er það sorglegt, að þó tekjurnar hafi verið áætlaðar alt að tug miljóna, og harla erfitt sje fyrir þjóðina að rísa undir þeirri fjárhæð, þá hefir sama sem ekkert verið veitt til atvinnuveganna og til þess að auka og bæta framleiðslu í landinu.

Segja má, að sumir af þeim liðum, sem fjvn. hefir tekið upp og hækkað, geti orkað mjög tvímælis. Miðað við hið erfiða fjárhagsástand, sem nú er, getur það allmjög orkað tvímælis, hvort gerlegt sje að leggja út í jafnmiklar símalagningar og jafnvel allar þær vegagerðir, sem nefndin leggur til, ekki af því að allir viðurkenni ekki nauðsynina og þörfina á þessu hvorutveggja, heldur af því hve fjárvant nú er.

Hvað bein fjárframlög til verklegra framkvæmda og stuðnings og eflingar atvinnuveganna snertir, þá má gera mun á þessu tvennu. Atvinnuvegina verður að styðja og efla á allan hátt, greiða fyrir sölu afurðanna, bæði með því að stuðla að endurbótum á verkun þeirra og fjölbreytni og með því að leita markaðs fyrir þá. Þetta er þjóðinni lífsspursmál, og má ekki sjá í, þó nokkurt fje fari til þessa; það borgar sig. Hitt má ríkið sætta sig við, eins og einstaklingarnir hafa neyðst til, á meðan tímarnir eru jafnerfiðir, að láta ýmsar verklegar framkvæmdir bíða. En sjálfsögð afleiðing af því, að neyðast verður til að slá nauðsynlegum framkvæmdum á frest, er, að alveg verður að girða fyrir, að nokkrum eyri sje varið til þess, sem miður er þarflegt eða máske til einskis gagns.

Þótt fjárlögin yrðu afgreidd frá þinginu eins og fjvn. leggur til, eða með um 200000 kr. tekjuhalla, þá má þó búast við, að útkoman á árinu 1924 verði alt annað en góð. Er margt í lofti, sem bendir á það. Hvað tekjuliðina snertir, þá mun þar í flestum greinum fullhátt áætlað, miklar líkur til með suma tekjuliðina, að þeir geri ekki betur en ná heim, lítil líkindi til, að nokkur þeirra fari sem nokkru nemur fram úr áætlun, og þá allra helst eftir að sumir þeirra hafa verið hækkaðir nú af nýju. En aftur á móti má búast við því, að tekju- og eignarskatturinn t. d. sje allhæpinn eins og hann er áætlaður. Frjettir hafa borist um það, að hann muni víða hafa lækkað um 40% fyrir breytinguna, sem illu heilli var á honum gerð hjer fyr á þinginu og hann er nú reiknaður út eftir. En jeg veit dæmi þess, að hann hefir lækkað meira. Er það og von, því hann lækkar mest á lágu tekjunum, en þær eru almennastar. Þó hann hækki á háum tekjum, þá gætir þess lítið, því þær eru óvíða

til. Er jeg hræddur um, að skattur þessi muni lækka meira en margan grunar.

Fjvn. má þó njóta sannmælis um það, að hún hefir reynt að gera áætlanirnar um hina ýmsu útgjaldaliði sem nákvæmastar; hygg jeg, að hún hafi víða farið allnærri, þó jeg þykist sjá, að á sumum stöðum muni skeika allverulega, og minnist jeg á það síðar.

Jeg hygg því, að áætlunin sje yfirleitt um nákvæmari nú en oft áður, enda hefir hún stundum verið óhæf. T. d. 1919, því árið 1920 fóru greiðslur á einum pósti, embættismannalaununum, 1 miljón krónur fram úr áætlun og stórkostlega mikið á öðrum liðum, eins og fjáraukalögin fyrir 1920—21 sýna best. En þrátt fyrir varkárni nefndarinnar, þá er jeg þó viss um, að útgjöldin fara stórum fram úr áætlun. T. d. er það, sem nefndin áætlar til óvissra útgjalda, kr. 100000, of lítið til að greiða m. a. þær upphæðir, sem sennilega koma í fjáraukalög fyrir 1924, og svo greiðslur samkvæmt þingsályktunum. En þess má vænta, að stjórnin verði varkár að veita fjárupphæðir umfram það, sem ákveðið er í fjárlögum, eða geri það alls ekki, nema um ótvíræða nauðsyn sje að ræða. Þetta hefir verið svo rækilega brýnt fyrir henni nú, að bóta má vænta í því efni. Það má búast við, að útgjöld til landhelgisgæslunnar fari fram úr áætlun, ef hún á að vera í nokkru lagi.

Það má í þessu sambandi minnast á frv. til ræktunarlaga, sem vænta má, að gangi í gegn á þessu þingi og hefir í för með sjer aukin útgjöld til ræktunar landsins, þó að það auki ef til vill ekki mikið á um framkvæmdir í jarðrækt fyrstu árin, eða meðan svo þröngt er fyrir dyrum sem nú er, en þó leiðir þetta að sjálfsögðu til meiri útgjalda á næsta ári en sem nemur búnaðarfjelagastyrknum. Fyrir mjer stendur þetta þannig, að jeg get eigi sjeð minni ástæðu til þess að gæta hins ítrasta sparnaðar og varfærni í afgreiðslu fjárlaganna, engu síður nú en á þinginu í fyrra, og jeg er sannfærður um, að sú stefnubreyting í sparnaðaráttina, er kom fram í afgreiðslu fjárlaganna þá, var bæði rjett og heillavænleg. Eins og sakir standa, dugir eigi að setja það fyrir sig, þó að sparnaðurinn gangi nokkuð út yfir verklegar framkvæmdir í landinu; fram hjá hinum lögákveðnu greiðslum í fjárlögunum, sem ásamt greiðslum af vöxtum og afborgunum af lánum gleypa mest fjeð, verður ekki komist hvort sem er meðan ekki er gerð breyting á embættaskipuninni, sem verulegur sparnaður er að. Enda er jeg fullviss um það, að þjóðin er reiðubúin til að fórna nokkrum þægindum fyrir þá hugsjón að koma þeirri reglu á að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus og láta þjóðarbúskapinn bera sig. Er jeg sannfærður um, að þjóðin muni af þeim ástæðum sætta sig við bráðabirgðakyrstöðu í þessum efnum, sje vel á haldið að öðru leyti. Álít jeg, að nauðsynlegt sje fyrir þingið að setja sjer þetta mark við afgreiðslu fjárlaganna nú og í framtíðinni.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á 19. lið í brtt. hv. fjvn., um hækkun fjárupphæðarinnar til landhelgisgæslu. Jeg var dálítið hissa, þegar jeg bar saman till. hæstv. stjórnar um fjárframlag til landhelgisgæslunnar og undirtektir þær, sem stjórnin hafði, þar sem var fyrirspurnin um landhelgisgæsluna. Er það vitanlegt, að ef í það er ráðist að auka landhelgisgæsluna nú á þessu ári, á þann hátt, sem um er rætt, og það er óhjákvæmilegt að gera það, þá er auðsætt, að upphæð hæstv. landsstjórnar hrekkur skamt til þess. Enda hefir hv. fjvn. sjeð þetta, þó að hún hafi eigi gengið lengra í því efni

en þetta. En 50000 kr. eru tæplega fyrir útgjöldum þeim, er af landhelgisgæslunni leiða um síldveiðitímann norðanlands og að halda úti smábátum. Það vantar því alveg í fjárlagafrv. áætlun um útgjöld á rekstri strandvarnarskips. 1919, þegar landsstjórninni var heimilað að kaupa skip í þessu skyni, þá var útgerðin áætluð um ¼ miljón á ári. En þetta hefir vitanlega fallið í verði síðan. En hvað sem því líður, þá er það víst, að til útgerðarinnar þarf allmikið fje. Álít jeg, að hjá því verði ekki komist að auka gæsluna, og ætti því að gera áætlun fyrir rekstri og útgerð þessa nýja skips í fjárlögunum. Jeg hefi margtekið það fram, að til landhelgisgæslunnar dugi eigi nema gott skip, — trollari, eða skip af svipaðri stærð og vel útbúið.

Þá vildi jeg minnast á 8. gr. stjfrv., um borðfje hans hátignar konungsins. Í raun-inni væri ef til vill rjettara að minnast þess í sambandi við 19. gr. Get jeg ekki betur sjeð en að stjfrv. fari fram á breyt-ingu í þessu efni, því að upphæðin er ákveðin 60 þús. krónur, en í athugasemd-um stjórnarinnar við frv. er vísað til 19. gr., þar sem gert er ráð fyrir ákveðinni upphæð til að greiða með gengismun af þessu og fleiru. Er því hjer greinilega um hækkun á þessari upphæð að ræða, þó að hún komi fram á þennan hátt. Er það næsta undarlegt, þar sem um konung Ís-lands er að ræða, að honum skuli ekki greitt í íslenskum gjaldeyri. Bendi jeg á þetta af því, að mjer er eigi kunnugt, að þessu hafi fyr verið farið á flot.

Forsætisráðherra (SE): Aðeins stutt athugasemd. Háttv. þm. (PO) hefir eigi heyrt orð mín hjer áðan. En eins og jeg tók fram, þá gat jeg eigi, sökum þess að jeg þurfti skyndilega að fara til útlanda, farið nema einu sinni fljótlega í gegnum fjárlagafrv. Auk þess var búist við því, þegar fjárlagafrv. var samið, að Danir bættu við landvörn sína hjer.

Hvað snertir borðfje hans hátignar kon-ungsins, þá get jeg ekki ímyndað mjer, að þingið vilji raska þeirri reglu, sem upp er tekin, að greiða það í dönskum krónum. Jeg vona, að háttv. deild samþykki það eins og það stendur í frv. og að hv. þm. fari eigi að vekja deilur um þetta atriði. Vil jeg einnig benda á, að konungi vorum er sjerstaklega ant um að láta það koma fram, að hann sje konungur Íslands, engu síður en Danmerkur.

Jón Baldvinsson: Jeg get eigi neitað því, að mjer þótti jeg beittur allmikilli harðneskju við framhaldsumr. fyrir 2 dög-um, er mjer var meinað að taka til máls, enda þótt jeg hefði beðið um orðið áður en hæstv. forseti sleit umræðum. En nú er eigi kostur á slíkum umræðum sem á eldhúsdegi. Jeg skal taka það fram, að það var eigi sá hæstv. forseti (ÞorlJ), sem nú situr í forsetastóli, sem beitti mig því ofbeldi, sem jeg mintist á.

Jeg mun þó geta leitt út af ýmsum lið-um fjárlagafrv. ýmislegt það, sem jeg vildi sagt hafa, þá er mjer var varnað máls. Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með nokkrar almennar athugasemdir, en hv. þm. Borgf. (PO) hefir nú gert það, og skal jeg eigi endurtaka það; býst jeg við, að mönnum muni leiðast það. Jeg tek það alveg trúanlegt, sem hv. frsm. fjvn. (M-P) sagði, að það sje ekkert skemtilegt verk að vera í fjvn., enda þótt nógir fáist til þess. Get jeg trúað því, að leið-inlegt sje að þurfa að skera við nögl sjer hinar nauðsynlegustu fjárveitingar og hafna öðrum.

Vjer Íslendingar höfum enn eigi komið því skipulagi á fjármál vor sem aðrar þjóðir, enda þótt vjer ættum eigi að standa ver að vígi en þær, þar sem vjer þó erum lausir við ýmisleg útgjöld, sem þær verða að hafa, svo sem t. d. herkostnað. Útgjaldaliður þessi er mjög stór hjá sumum þjóðum, og það jafnvel stærsti liðurinn í útgjöldum þeirra. Þó vantar mjög mikið í fjárlög vor, sem aðrar þjóðir telja nauðsynlega liði í fjárlögum allra þjóða, sem menningarþjóðir vilja kallast. Má til dæmis nefna allan styrk og hjálp til almennings, sem mjög er af skornum skamti í fjárlögum vorum. Til slysatrygginga verkamanna er annarsstaðar veitt stórfje, en mjög er slíkt í smáum stíl í fjárlögum vorum. Er það aðeins ein stjett manna, sem sje sjómennirnir, sem njóta nokkurs styrks í þessu skyni; öðrum stjettum er enginn slíkur styrkur veittur, nema hvað einstaka fjelög fá sáralitla hjálp. En að þessu sinni hefir hvorki hæstv. stjórn nje fjvn. sjeð sjer fært að koma slíkum styrk inn í fjárlögin, en jeg vona, að þess verði eigi langt að bíða, að vjer fáum einhvern vísi til slíks í fjárlögum vorum.

Þá er það eitt enn, sem á síðustu tímum er orðinn töluverður útgjaldaliður með öðrum þjóðum, en það er atvinnuleysisstyrkur. Því miður er það að verða nauðsynlegt hjá okkur að veita slíkan styrk, en fjárlögin sýna það, að hingað til hefir lítið verið lagt af mörkum til þess að styrkja efnaminstu stjett landsmanna. Hefir fje landsins aðallega gengið til starfsmannalauna. Auðvitað hefir verkalýðurinn notið góðs af því litla, sem til verklegra framkvæmda hefir verið varið, að því leyti, sem það hefir aukið atvinnu.

Þá vildi jeg minnast á nokkur atriði í fjárlagafrv. Jeg hafði rekið augun í hið sama og háttv. þm. Borgf. (PO), sem sje 19. gr. En þetta er víðar en hann sá. Laun sendiherrans eru einnig greidd í dönskum krónum. Þessi póstur er því nokkuð óákveðinn, því að þessi lögmæltu laun geta breyst töluvert mikið, ef gengismunurinn er mikill. Því eru í rauninni eigi rjettar fjárhæðir sýndar hjer, og verða það aldrei með þessu móti. Hvað snertir hin erlendu lán, þá er sterlingspundið miklu hærra nú en þegar fjárlögin voru samin, og afborganirnar því hærri en gert er ráð fyrir í lögunum; aftur hefir danska krónan lækkað, svo að það jafnast nokkurn veginn. Jeg sje líka, að eigi eru allar greiðslur ríkisins af lánum þess útgjaldamegin; aðeins af þeim hluta enska lánsins, sem ríkið tók. En það er þó ríkið, sem á að standa skil á greiðslunum, og því væri ástæða fyrir hv. fjvn. að athuga, hvort eigi væri rjett að setja útgjaldamegin greiðsluna af öllu láninu, en aftur tekjumegin það, sem kemur frá bönkunum. Það er vitanlegt, að mestur hluti enska lánsins fór til Íslandsbanka, og því er það æðiundarlegt, sem kom fram í umræðunum á eldhúsdaginn, að bankaráðið dregur dul á alt, sem gert hefir verið, og að ómögulega má segja þinginu neitt af högum bankans. — Jeg spurði um það við framhald 1. umr. fjárlagafrv., hversu há eftirlaun Tofte bankastjóri hefði fengið, er hann fór frá. En hæstv. forsætisráðherra svaraði því ekki. Jeg staðhæfi nú, að þessum bankastjóra hafi að minsta kosti verið greiddar 70 þús. danskar krónur, er hann fór frá. Virðist mjer þetta koma landinu eigi alllítið við, því að slíkar ráðstafanir á fje bankans sem þessi veikja auðvitað gjaldþol hans.

Af fjárlögunum sjest, að það er eigi lítið, sem ríkið kaupir af eldsneyti handa stofnunum sínum. Get jeg því vikið að því, sem hæstv. atvrh. (KlJ) svaraði upp á fyrirspurn mína á eldhúsdaginn, um

kolakaup landsstjórnarinnar á síðastliðnu sumri, og hvers vegna stjórnin hefði eigi látið þau kaup ganga í gegnum Landsverslunina.

Hæstv. atvinnumálaráðherra sagðist helst ekki hafa haft heimild til að kaupa kol í gegnum Landsverslunina, og bar hann fyrir sig í því efni þingsályktunartillögu frá síðasta þingi, sem hann sagði, að hefði verið samþykt með rökstuddri dagskrá, en þingsályktunartillaga þessi var frá meiri hluta viðskiftamálanefndar og gekk út á það að láta Landsverslunina hætta.

En það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra (KlJ), að þessi tillaga hafi verið samþykt; hún var einmitt feld með rökstuddri dagskrá, sem var ekki eins sterklega orðuð og þingsályktunartillagan.

En jafnvel þótt tillagan hefði verið samþykt, þá gat hæstv. ráðherra (KlJ) engan veginn borið hana fram sem vörn í þessu máli.

Hjer var ekki um það að gera að flytja inn kol til þess að halda uppi almennri kolaverslun, heldur var hjer aðeins um það að ræða að kaupa kol handa þeim stofnunum ríkisins, sem ríkissjóður þarf að sjá fyrir eldsneyti.

En er það ekki alt annað að kaupa kol til nauðsynlegra þarfa ríkisins en að halda uppi kolasölu Landsverslunar til almennings?

Eða kannske Landsverslunin megi alls ekki kaupa kol einu sinni til eigin þarfa? Það mætti þá líklega alveg eins vel leiða út úr þessari ályktun þingsins.

Hæstv. atvinnumálaráðherra lýsti yfir því við umræðurnar í fyrra, að hann mundi ekki láta Landsverslunina halda áfram, nema hann sæi, að fara ætti að einoka einhverja vörutegund eða verðið á henni væri óþarflega hátt.

Nú er það sannað, með yfirlýsingu hæstv. atvinnumálaráðherra sjálfs, að honum hefir fundist kolaverðið í fyrra vera óþarflega hátt, og þá var hann alveg í samræmi við yfirlýsingu sína, ef hann hefði látið Landsverslunina grípa inn í kolaverslunina, og jeg álít líka, að það hefði verið hyggilegra að láta Landsverslunina halda áfram að versla með þá vörutegund heldur en að stöðva verslun hennar með þá vöru, eins og gert var.

Sveinn Ólafsson: Jeg á 2 brtt. á þskj. 292, við þær greinar, sem nú liggja fyrir til umræðu. Áður en jeg kem að þeim, vil jeg þó fyrst drepa lítið eitt á brtt., sem mun í vændum við 13. grein C. Hennar hafa ef til vill einhverjir háttv. þingdeildarmenn vænst frá samgöngumálanefnd við þessa umræðu, en nefndin hugsar sjer að bera álit sitt um væntanlegar samgöngur fram við 3. umræðu. Reyndar er álitamál, hvort nokkrar ábyggilegar áætlanir er hægt að gera um strandferðir að þessu sinni, þar sem nú er í áformi að taka upp nýja tilhögun strandferða, sem enginn getur sjeð fyrir, hversu borgar sig. Það er fyrirsjáanlegt, að upphæð sú, sem stjfrv. ákveður til strandferðanna, er altof lág, enda í engu samræmi við reynslu undanfarinna ára, og mun reynast óhjákvæmilegt að færa hana fram.

Þá skal jeg víkja að brtt. mínum á þskj. 292. Sú fyrri á við 12. gr. og lýtur að því að hækka styrkinn til framkvæmda berklavarnalaganna. Í stjfrv. er kostnaðurinn við þessar varnir áætlaður 75 þúsund krónur. Jeg legg til, að þessari upphæð verði breytt í 120 þúsund krónur. Þó þykir mjer líklegt, að sá kostnaður verði langt um meiri. Jeg

kom fram með þessa brtt af því, að mjer fanst háttv. fjvn. hafa sjest yfir þetta atriði. Jeg hefi fengið skýrslur um kostnað við berklavarnir eftir lögunum 1921 úr 6 sýslum á landinu næstliðið ár. Hefir sá kostnaður, sem þær hafa orðið að greiða til berklavarna, samtals verið um 52 þúsund krónur. Þar sem nú er ætlast til, að hjeruðin leggi til $^2/_5$ kostnaðar, en ríkissjóður $^3/_5$ hluta, þá verður varla sjeð, að hægt sje með nokkru móti að áætla minna fje vegna þessara útgjalda en brtt. mín fer fram á. Vænti jeg þess fastlega, að reynslan muni sanna það, að sú upphæð verði fremur of lítil en of mikil.

Hin brtt. er við 13. gr. E. 4. Fer hún fram á, að við þá upphæð, sem veitt er til viðgerðar og eftirlits sjómerkjum, sem er 8000 krónur, sje bætt 5500 krónum, svo að upphæðin alls verði 13500 krónur. Er ætlast til, að það, sem hjer er bætt við, gangi til að greiða eftirstöðvar af byggingarkostnaði smávitanna þriggja við Berufjörð frá 1922, sem nemur kr. 5481,55. Nemur þessi upphæð því, sem kostnaðurinn við byggingu vitanna fór fram úr áætlun, sem gerð var við byrjun verksins, upphæð, sem þá var fengin og tryggð greiðsla á. Er það kunnugt af skýrslum vitamálastjóra, hvernig aukakostnaður þessi er til kominn, af hverju hann fór svo langt fram úr áætlun. Jeg þarf varla að minna á, að þegar ákveðið var á þinginu 1919 að byggja stærri vitana við Berufjörð, þá var kostnaðurinn fyrst áætlaður 12 þúsund krónur til smávitanna, sem hjeraðinu var ætlað að kosta, en síðar færður upp í 18 þúsundir og síðast í 25 þúsundir. Þetta fje alt var svo greitt af hendi næstl. ár. 18 þúsundir úr ríkissjóði og 7 þúsundir af Fiskiveiðafjelagi Íslands. Kostnaðurinn við byggingu vitanna fór svo þetta fram úr áætlun. Ástæðurnar voru þær, að samningar brugðust, sem gerðir voru við Eimskipafjelagið um flutning á sementi til vitabygginganna. Kom sementið ekki á þeim tíma, sem tilsett var, og varð verkafólk, sem vinna átti að smíðinni, af þeim sökum að bíða lengi aðgerðalaust, og varð af því mikill kostnaður. Að lokum varð svo að fá sent sement frá Reykjavík, sem kostaði 7 krónum meira tunnan en hitt átti að kosta, auk flutningskostnaðar frá Reykjavík. Þessi aukakostnaður er því bein afleiðing af því, að Eimskipafjelagið stóð ekki við loforð sín um sementsflutninginn, og er sá kostnaðarauki í rauninni óviðkomandi hjeraðsmönnum.

Þá var önnur ástæða til aukins kostnaðar sú, að vitamálastjóra hugkvæmdist alt í einu að breyta til um tilhögun eins vitans og lýsa hann með gasljósi, í stað olíuljóss. Gerði hann þetta í því skyni, að rekstrarkostnaður vitans yrði minni og gæsla hans ódýrari, en sú ráðstöfun kom hjeraðinu á óvart og var eigi fyrir það gerð. Jeg hafði á sínum tíma ritað háttv. fjvn. um þetta og mælst til þess, að hún tæki þennan kostnaðarauka upp í till. sínar. En hún hefir ekki sjeð sjer þetta fært, að jeg býst við sökum þess, að hún óttaðist, að fordæmið leiddi til frekari fjárbæna um líkt efni frá öðrum stöðum. Segist hún ekki hafa viljað skapa fordæmi um það, að slíkar upphæðir væru teknar upp í fjárlögin. Jeg vil þó halda því fram, að hjer sje um fulla sanngirniskröfu að ræða og að með þessu sje ekkert athugavert fordæmi skapað. Það er augljóst, að þessi kostnaður er með öllu óviðkomandi sýslunni, þar sem hann stafar af orsökum

þeim, sem jeg nefndi. Auk þess stendur svo á, að þau **hjeruð, sem helst** gætu komið til greina til samanburðar, hafa ekki enn þá greitt sinn hluta þess kostnaðar, sem þeim hefir verið lagður á herðar, en þetta hjerað hefir að öllu greitt. Það stendur enn ógreiddur helmingur kostnaðarins við vitabygginguna í Hrísey. Og ekkert hefir enn verið greitt af hjeraðsins hálfu til vitans á Vatnsnesi, eftir skýrslu vitamálastjóra, en sá viti átti þó að byggjast af hjeraðinu. Það getur því tæpast talist nein ósanngirni að fara fram á þetta. Það mætti vel verða að fordæmi við þau hjeruð, sem greitt hafa svo mikinn hluta byggingarkostnaðar sem þetta hjerað, því að hjer er reyndar farið fram á aðeins röskan 1/6 kostnaðar, og hann þó stafandi af atvikum hjeraðinu óviðkomandi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta og ekki heldur um hinar aðrar brtt., þótt jeg hefði að vísu nokkurt tilefni til að minnast á sumar þeirra. Það er aðeins ein spurning, sem mig langaði til að leggja fyrir hæstv. atvrh. (KlJ). Því miður er hann nú ekki við, en það má vera, að háttv. frsm. fjvn. (MP) geti svarað henni. Fyrirspurnin er sú, hvað hæstv. stjórn hafi hugsað sjer með hraðskeytasamband sunnanlands gegnum loftskeytastöð á Síðu, án þess að hafa nokkra loftskeytastöð á Austurlandi. Jeg fæ ekki sjeð, að hraðskeytasamband við útlönd verði fengið sunnanlands með loftskeytastöðvum, nema móttökustöð sje austanlands, og verður því þetta, sem nú á að gera, að **nokkru leyti** unnið fyrir gýg, meðan slíka móttökustöð vantar. Mig langaði til að fá að vita um þetta áður en atkvgr. færi fram, því atkvæði mitt mun fara nokkuð eftir því, hvernig leyst verður úr spurningunni.

Skal jeg svo láta staðar numið að sinni.

Björn Hallsson: Jeg hafði raunar búist við, af því framorðið er orðið, að fundi yrði nú frestað; en úr því að jeg er næstur á mælendaskrá, þá mun rjett að nota það. Jeg ætla samt ekki að fara út í neinar eldhúsræður, eins og legið hefir við, að sumir háttv. þm. hafi nú gert. Jeg sinti ekki eldhússtörfum við 1. umr., og því síður finst mjer eiga við að gera það við 2. umr. Jeg kýs að halda mjer við efnið og tala um fjárlögin í heild og þær brtt., sem jeg vil minnast á.

Ætla jeg þá að byrja á því, að jeg lít svo á, að háttv. fjvn. hafi ekki farið neitt ógætilega í till. sínum, þótt jeg hins vegar sje henni ekki sammála í sumum greinum, eins og t. d. þar sem um þessa svo nefndu bitlinga er að ræða. Jeg vil helst engar slíkar fjárveitingar samþykkja.

Mjer finst háttv. nefnd hafa tekið upp rjetta stefnu, með því að reyna að láta ekki allar tekjur ríkissjóðsins ganga upp í laun og önnur slík útgjöld, heldur líka til verklegra framkvæmda. Jeg á því hægra með að fyrirgefa henni, þótt hún skili fjárlögunum með 200 þúsund króna tekjuhalla, þegar hann stafar af þessum ástæðum. Enda er þar einn liður, símalagningarnar, sem nefndin bindur því skilyrði, að það **verði því aðeins** gert, að fje sje fyrir hendi. En til þessara símalagninga eru áætlaðar 220 þúsund krónur. Er það heldur meira en tekjuhallanum nemur eftir áætlun nefndarinnar.

Jeg hefði að vísu kosið, að háttv. nefnd hefði sjeð sjer fært að lækka einn lið; það er útflutningsgjaldið. Jeg hefði helst af öllu viljað afnema það með öllu, eins og jeg hefi áður sagt; en hinsvegar get jeg skilið þau rök hjá háttv. frsm. (MP), að úr því háttv. deild hefði nýlega lækkað tekju- og eignarskattinn, þá hefði ekki verið tiltækilegt að lækka útflutningsgjaldið líka, því ríkissjóðurinn mætti ekki við að tapa svo miklu fje. Jeg er honum sammála í því og vil ekki stuðla að tekjuhalla í fjárlögunum. En jeg var á móti lækkun útflutningsgjaldsins svona mikið. Tel ríkissjóð ekki mega við því, og ófært að lækka svona skattinn af lágu tekjunum, t. d. á lausafólki og vinnufólki til sveita. Þó að sagt sje, að um það muni ekkert í ríkissjóð, þá safnast þegar saman kemur, og jeg tel einmitt rjett, að sem allra flestir borgi tekjuskatt, þótt hann sje ekki hár hjá hverjum einum.

Jeg vildi svo minnast á eina lítilsháttar brtt., sem jeg á á þskj. 292. Sú tillaga fer að vísu ekki í sparnaðarátt, en hún hefir sjer það til afsökunar, að hún miðar til verklegra framkvæmda. Hún er þess efnis, að tillagið til Hróarstunguvegarins verði hækkað að litlum mun. Til þessa vegar hefir verið veitt fje síðan árið 1919: Fyrst 20 þúsund krónur 1920, 10 þúsundir 1921 og 15 þúsundir 1922 og 1923. Þetta verður samtals 60 þúsund krónur. En af þessu eru endurveittar 15 þúsundir. Nú hefir aðeins verið unnið að þessum vegi fyrir 13 þúsund krónur á þessum tíma, og ættu því að vera veittar 32 þúsundir umfram það, sem unnið hefir verið fyrir. Hefi jeg fengið allar upplýsingar hjer að lútandi hjá vegamálastjóra. Nú er ætlast til í stjfrv. að 10 þús. sjeu veittar til þessa vegar, en jeg fer fram á það í brtt. minni, að það sje hækkað upp í 15 þúsundir, eins og er í gildandi fjárlögum. Þetta virðist á fylstu sanngirni bygt, þar sem ónotaðar eru af því, sem veitt hefir verið, 32 þúsundir; yrðu samt eftir 17 þúsundir, þótt þessar 15 þúsundir yrðu veittar fyrir árið 1924.

Þessi vegur hefir altaf að undanförnu setið á hakanum og hefir sáralítið verið unnið við hann undanfarin ár. Kvaðst vegamálastjóri því líka samþykkur, að hækkuð væri upphæðin til hans, þótt hann hinsvegar hefði ekki treyst til að koma fram með till. þess efnis vegna fjárskorts. Jeg veit það vel, að undanfarin ár hefir lítið fengist fyrir hverjar þúsund krónurnar, sem til vega hafa gengið, en þarna hefir líka alveg verið kyrstaða á vegagerðinni og ekkert unnið. Tel jeg því brýna nauðsyn að herða nú á vegagerðinni þarna eystra og neyta þess, að nú er kaup verkamanna heldur að lækka. Auk þess stendur svo á, að vegur þessi endar mitt á milli bæja, þar sem langar eru bæjarleiðir. Verða ferðamenn að taka þar af vögnum sínum og leggja klyfjar á hestbök, og er hið mesta óhagræði að því. Hafa Jökuldælir og aðrir Hjeraðsmenn nógu erfiða aðdrætti, þótt reynt sje að koma þessum vegi sem allra fyrst að Jökulsárbrú. Kemur sá vegur, sem þegar er lagður, ekki að hálfum notum meðan svo stendur, sem nú er, og er því hin mesta nauðsyn að flýta lagningunni sem mest.

Háttv. frsm. fjvn. (MP) skýrði ekki frá afstöðu háttv. nefndar til þessara og annara brtt., sem fyrir liggja. Vildi hann bíða eftir umsögn tillögumanna. Jeg tel nú þessa brtt. mína svo sanngjarna, að jeg vænti þess fastlega, að

háttv. fjvn. styðji hana, svo sanngjörnum mönnum, sem hún er skipuð. Vænti jeg þess þeim mun fremur, sem hjer er um verklegar framkvæmdir að ræða, sem háttv. nefnd hefir sýnt, að hún er mjög hlynt. Vona jeg, að háttv. deild fari sömu leið og samþykki þessa till. mína.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þennan kafla fjárlaganna. Tel jeg einfaldast að láta atkvgr. skera úr um hann.

Lárus Helgason: Það var einkum út af ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), að jeg vildi segja nokkur orð. Mjer skildist á ræðu hans, að nú væri horfið frá því ráði að tengja saman símalínuna sunnanlands. Þetta kom mjer á óvart; þetta getur ekki verið rjett, því lög um það efni eru ekki úr gildi numin. Þegar reist var loftskeytastöð á Siðu, var þar um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, til þess að bæta úr símaleysinu þar eystra, þar sem fjárhagur landsins leyfði ekki að koma þá þegar símalínunum saman.

Áður en loftskeytastöðin var reist á Kirkjubæjarklaustri, var á almennum fundi þar ákveðið að halda fast við það, að símalínan sunnanlands yrði tengd saman.

Vil jeg svo fá að heyra frá hæstv. atvrh. (KlJ), hvað stjórnin hugsar um þetta og hvort hún ætlar sjer að vinna að því eða ekki, að fyrirhuguð símalína verði lögð, þegar kringumstæður leyfa.

Jeg hefi alls ekki á móti því, að reist verði stöð í Öræfum, því að þar eru búendur illa settir og eiga allra manna erfiðast með að ná til læknis og bjarga sjer á annan hátt. Með loftskeytastöð þar væri miklum erfiðleikum ljett af þeim, er þar búa. Öræfingar gætu þá fengið lækni á móti sjer, þegar mikið lægi við, og leiðin þannig styst á milli Síðu og Öræfa. Af þessum ástæðum og fleirum, er brýn nauðsyn á stöð í Öræfum, og þó að stöðvar þessar í Klaustri og Öræfum verði að nokkru gagni, þá er samt brýn nauðsyn á símalagningu um þetta svæði, þrátt fyrir þessa bráðabirgðaráðstöfun.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gat þess, að reisa þyrfti loftskeytastöð á Austurlandi í sambandi við þessar. En jeg geri ekki ráð fyrir, að það sje meiningin, heldur að símasamband komi bráðlega sunnanlands, milli Austfjarða og Reykjavíkur.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg þarf ekki að vera langorður, enda er hæstv. forsætisráðherra (SE) fjarverandi; en honum ætlaði jeg að svara nokkrum orðum, út af fjárveitingu til sjúkrahúss á Ísafirði. Jeg vil benda á, að sleginn er varnagli við því í brtt. nefndarinnar, að ekki verði ráðist í að byggja sjúkrahúsið, nema trygging sje fengin fyrir, að fje sje fyrir hendi og einnig styrkur til rekstrar sjúkrahússins.

Jeg er sammála hæstv. forsrh. (SE) um, að rjettara sje að veita alla upphæðina í einu; en fjárveitinganefnd hefir tjáð mjer skiljanlegar ástæður fyrir till. sinni. Og því aðeins tek jeg við þessari fjárveitingu, að þm. skoði sig skuldbundna til að greiða atkvæði með framhaldsfjárframlögum í þessu skyni, því annars væru Ísfirðingar teygðir út í ófæru með þessari 25 þúsund króna fjárveitingu, því að hún er algerlega ófullnægjandi. (*Nokkrir þm.*: Hverjir geta lofað því á næsta þingi?). Jeg vona,

að háttv. þingmenn örvænti ekki um að komast á þing aftur.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg minnast á sameiningu póstafgreiðslu- og símastjórastarfa. Þessum sparnaðartillögum er jeg sammála. Það eru ósköp til þess að vita, að dugandi menn sjeu bundnir allan daginn við lítil störf fyrir ljeleg laun.

Enginn vafi er á því, að þessi störf, sem nefnd hafa verið, geta farið saman á mörgum smærri stöðum. Enda er það eigi haganlegt nje rjett að binda 2 menn við störf, sem einn gæti leyst af hendi.

Þá var það tillaga háttv. nefndar um loftskeytastöð í Grímsey og Húsavík. Jeg hefi ekki enn getað skilið ástæðu nefndarinnar fyrir að hafa stöðina á Húsavík. Jeg átti í gær tal við marga útgerðarmenn, og voru þeir undrandi yfir þessari tilhögun, ef það er vilji þingsins, að loftskeytastöðin komi útgerðinni að notum.

Öllum er kunnugt, hversu símasambönd eru erfið við Siglufjörð, svo að ekki er unt að ná þangað dögum saman; hinsvegar gengur betur að koma skeytum og samtölum frá Siglufirði. Ef í þessu máli á að líta á hag sjávarútvegsins, þá er gersamlega óforsvaranlegt að hafa ekki loftskeytastöðina í Grímsey í beinu sambandi við Siglufjörð.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 264, 254, 273, 292, 307, 310, 315, 319, 321).

Hákon Kristófersson: Það var viðvíkjandi símamálunum, sem jeg vildi beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh. (KlJ), eftir að hafa heyrt framsöguræðu háttv. frsm. (MP), hvort ætlast sje til, að það sje laust og óbundið, í hvaða röð þessar nýju símalínur verði lagðar. Sömuleiðis vil jeg spyrja háttv. frsm. (MP) að því, hvort jeg hafi ekki skilið hann rjett, að allir símarnir ættu að fylgjast að, þannig, að þeir yrðu allir lagðir sama ár.

Háttv. þm. Borgf. (PO) mintist á, að það væri hugsjón þjóðarinnar, að fjárlögunum yrði skilað tekjuhallalausum. Það er vitanlega alveg rjett hjá háttv. þm., að það er almennur vilji, að þingið spari sem mest. En þetta kemur í bága við það, sem flestir háttv. þm. munu þekkja, að heima í hjeraði er lagt fyrir hvern þingmann að afla sem mests fjár til síns hjeraðs. Er þetta í beinni mótsögn við þá hugsjón, að sparnaðurinn sje það, sem alþjóð sje hugþekkast, og virðist þjóðin vera að gefa sjálfri sjer á munninn með þessu. Auðvitað tel jeg ekkert æskilegra en að fjárlögin gætu orðið tekjuhallalaus, en háttv. þm. Borgf. (PO) kom fram með í ræðu sinni atriði, sem ekki hefir lítil áhrif á það, hvort þeim tilgangi verður náð. Á jeg þar við það, sem hann sagði um landhelgisgæsluna. Það er sjálfsagt gott að geta varið landhelgina sem best, og um það munum við allir á einu máli, en annað mál er það, hvort vjer erum færir um það fjárhagslega að auka kostnaðinn við það svo mjög, sem hann fer fram á. Jeg fyrir mitt leyti efast um, að svo sje, þótt jeg að sjálfsögðu telji það markið, sem við eigum að stefna að, en þó ekki fyr en svo, að við þess vegna lendum ekki í fjárhagslegum ógöngum.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þakka bæði hæstv. stjórn og háttv. þdm. góðar og hlýjar viðtökur á tillögum nefndar-

innar, og þarf jeg því ekki að vera langorður eða harðorður í þeirra garð.

Hæstv. forsrh. (SE) tók fram í ræðu sinni í gær, að engin ástæða væri til að sundurgreina skrifstofukostnað bæjarfógetans í Reykjavík frá skrifstofukostnaði annara bæjarfógeta og sýslumanna. Það getur nú verið, að þetta sje rjett að sumu leyti, en það, sem einna helst gerði það að verkum, að nefndin sundurgreindi skrifstofukostnaðinn, eru launakjör starfsmannanna á skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík. Þeir taka laun sín eftir svipuðum reglum og aðrir starfsmenn ríkisins, þ. e. í samræmi við launalögin, hafa t. d. dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum o. s. frv. Þegar af þessari ástæðu er heppilegra, að kostnaðurinn haldist sundurgreindur. Ef til vill væri rjettast, að allur skrifstofukostnaður væri sundurliðaður í fjárlögunum, en lagaákvæði er fyrir því, að stjórnin ákveði skrifstofukostnað sýslumannanna, og er því naumast unt að breyta því að svo komnu.

Það mun rjett vera, að hæstv. forsrh. (SE) hafi látið orð falla þannig við nefndina, að hækka þyrfti skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta. En hvers vegna áætlar þá stjórnin svona lágt? Var það aðeins til þess að hafa engan sýnilegan halla? Það er mjög vont fyrir fjvn., þegar stjórnin áætlar of lágt, því þá verður hækkunin skrifuð á nefndarinnar reikning.

Sú yfirlýsing hæstv. forsrh. (SE), að hann standi einn með þá skoðun í stjórninni, að hækka þurfi skrifstofukostnað sýslumanna, er gleðiefni fyrir nefndina. Það gleður hana sökum þess, að í stjórninni er nú maður, sem er þaulreyndur í þessum efnum, þar sem er hæstv. atvrh. (KlJ). Annars væri fróðlegt fyrir Alþingi að fá upplýsingar um það, hvernig skrifstofukostnaður sýslumanna er reiknaður. Það liggja fyrir reikningar, en aðeins 8 sýslumenn hafa gert tillögur um þetta. Jeg vil því skjóta þeirri spurningu til hæstv. forsrh. (SE), hvernig sje gerður greinarmunur á skrifstofukostnaði sýslumanna í smærri og stærri sýslum. og eftir hvaða reglum það sje reiknað út. Það væri t. d. gott að fá upplýsingar um það, hvernig á því stendur, að Dalasýsla fær 765 kr., Strandasýsla 1440 kr. og Rangárvallasýsla 1170 kr. Í engri þessari sýslu er ætlast til, að sýslumaðurinn hafi skrifara sjer til aðstoðar, svo að eitthvað annað veldur mismuninum. Þetta myndi alt upplýsast, ef Alþingi fengi öll gögn í hendur.

Það hlýtur að vera erfitt fyrir hæstv. stjórn, ef meta skal parta úr skrifurum. Þá hlýtur og að vera einhver mælikvarði, er hún metur eftir húsaleigu víðs vegar um landið, því eins og allir vita, er hún mjög misjöfn, eftir því hvar er á landinu.

Þá er næst landhelgisgæslan. Um hana má segja hið sama og um næsta lið á undan, að úr því að hæstv. stjórn gerði ráð fyrir, að sú upphæð mundi fara fram úr því, sem áætlað er í fjárlagafrv., því áætlaði stjórnin þá ekki hærra og nær sanni? Nefndin hefir gert ítrekaðar tilraunir til að fá gögn í þessu máli og upplýsingar hjá hæstv. stjórn, en ekki tekist; en vitanlega hefði átt að fylgja frumvarpinu skýrsla síðasta árs, en það hefir hæstv. stjórn ekki þótt hlýða. En ekki væri ótilhlýðilegt, að Alþingi fengi að vita um fyrirætlanir stjórnarinnar í þessum efnum á næsta ári, sjerstaklega ef það væri fyrirhugað af hæstv. stjórn, eins og ætla mætti af ræðu háttv. þm. Borgf. (PO), og jafnvel skilja á hæstv. forsrh. (SE), að strandvarnir verði auknar mjög á næsta ári. Ef svo væri, að nefndin hefði eigi hitt á rjetta

upphæð til þessa liðs, þá er það því ekki hennar sök.

Þá taldi hæstv. forsrh. (SE) skrifstofukostnað landlæknis sambærilegan við skrifstofukostnað sýslumanna. Jeg held það sje ekki rjett, eftir því sem húsnæði og annað, er að því skrifstofuhaldi lýtur, er dýrt hjer í Reykjavík. Jeg hygg, að ef sýslumenn eða bæjarfógetar ættu í hlut, mundi þessi kostnaður vera þriðjungi til helmingi hærri.

Þá kem jeg lítilsháttar að Ísafjarðarspítalanum. Um hann sagði hæstv. forsrh. (SE), að stjórnin hefði ekki treyst sjer til að taka hann upp í fjárlögin. Jeg er ekkert að ásaka hæstv. stjórn fyrir það, en nefndin sá sjer ekki annað fært en gera eitthvað í því máli. Það er að vísu svo, að þetta er fyrst og fremst fyrir Ísafjörð, en það getur einnig orðið fyrir mikið af Vestfjörðum, því enda þótt lítið sjúkrahús sje til á Þingeyri, þá er það alveg ófullnægjandi. Þá er það líka þýðingarmikið, að í sjúkrahúsinu á að verða sjerstök deild fyrir berklaveikt fólk, og enn má nefna fiskiskip, bæði innlend og útlend, sem oft leita þangað inn með sjúka menn.

Um getu sýslu- og bæjarfjelaganna til að taka að sínu leyti þátt í þessu getur nefndin ekki dæmt, en eftir því, sem það mál hefir verið sótt, þá virðist ástæða til að ætla, að þau geti tekist slíkt á hendur. Um hitt atriðið, sem bæði hæstv. forsrh. (SE) og háttv. þm. Ísaf. (JAJ) komu inn á, að rjettara væri að tiltaka alla upphæðina í einu, af því að Alþingi væri ekki treystandi til að halda fjárveitingunum áfram uns fyrirtækinu væri lokið, þá hefi jeg þegar lýst yfir áliti nefndarinnar í þessu efni. Tel jeg víst, að hið háa Alþingi telji sig ætíð skuldbundið til að fullnægja loforðum, sem gefin eru af eldri þingum, líkt og stjórnir telja sjer skylt að halda loforð eldri stjórnar. Vona jeg, að Alþingi reynist ekki ódrenglyndara.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði, sem jeg gleymdi í framsöguræðu minni í gær, en það var viðvíkjandi geðveikrahælinu á Kleppi. Eins og háttv. þm. er kunnugt, voru samþykt lög um það 1905, og er ákveðið í þeim, að meðgjöf með sjúklingum þar sje ein króna á dag, eða 50 aurar, ef um menn er að ræða, sem styrks njóta af sveit. Þessu ákvæði hefir aldrei verið breytt með lögum, en nú er farið að taka upp nýjan sið í fjárlögum og hækka þessa meðgjöf með fjárlagaákvæði einu, og er það nú orðið 2 krónur á dag. Er orðin allmikil óánægja af þessu úti um land, og sjerstaklega sökum þess, að þetta 2 kr. daggjald nemur miklu meiru en sveitarfjelög þurfa að greiða með sjúklingum í öðrum sjúkrahúsum. Þar er hámarkið 400 krónur. Jeg efast um, að fjárlögin geti breytt ákvæðum eins og þessu í öðrum lögum, og út frá mínu leikmannsviti sjeð, hugsa jeg, að ef hreppsfjelög hefðu farið í mál út af þessu, þá hefðu þau ekki þurft að greiða nema 50 aura á dag. Ef svo færi, að þessu yrði breytt, breytist áætlun um tekjur spítalans, og vænti jeg, að þetta verði tekið til athugunar.

Þá held jeg, að ekki sje fleira, sem jeg þarf að svara hæstv. forsrh. (SE). Hæstv. atvrh. (KlJ) tók vingjarnlega í þær brtt. nefndarinnar, sem snerta hans umdæmi. Það var sjerstaklega hækkunin til póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, er hann vildi ekki samþykkja, og bar hann því við, að flestir póstafgreiðslumenn hefðu þetta að aukastarfi. En þó svo væri, þá er þetta svo lágt borgað, að ekki er hægt að fá góða menn fyrir lægra gjald. Póststjórnin ætti auðvitað að spara útgjöld, eftir því sem hægt er, en hún hefir nú bent á, að fyrir lægju kröfur frá sumum póstaf-

greiðslumönnum um mikla hækkun. Hæstv. ráðherra (KlJ) gat þess, að máske mætti sumstaðar sameina síma- og póststörf. Nefndin hefir ekkert við það að athuga, en það þarf ekki að vera nein mótbára við brtt. nefndarinnar.

Jeg þekki nú ekki persónulega nema til fárra póstafgreiðslna, en þar, sem jeg þekki til, veit jeg, að launin eru ekki há í hlutfalli við peningaábyrgðina, sem á póstafgreiðslumönnunum hvílir. T. d. hafa póstafgreiðslumenn með 1000 kr. launum 100 þús. kr. veltu á ári, og auk þess þurfa þeir ávalt að hafa hæfa menn við hendina allan daginn, sem afgreitt geta ávísanir og fleira, og sumstaðar, þar sem skipaafgreiðslur eru, er óhjákvæmilegt fyrir þá að fá sjer aðstoð með köflum. Það er óhætt að fullyrða, að ríkið hafi hingað til sloppið ódýrt með þessa starfsmenn. Að öðru leyti var lítið að athuga við ræðu hæstv. atvrh. (KlJ). Hann var sammála nefndinni um verklegar framkvæmdir og aukningar á þeim, en þó sömu skilyrðum bundið og hjá nefndinni.

Hæstv. ráðherra (KlJ) kvaðst heldur hafa kosið, að stjórninni hefði verið sett sjálfdæmi um, hvaða símalínur væru lagðar, en nefndinni þótti samt rjett að láta sinn íhlutunarrjett verða gildandi hjer. Viðvíkjandi þessum lið væri ef til vill rjett, að skilyrðið, sem nefndin annars setur verklegum framkvæmdum, væri ekki látið gilda hjer. Því eins og ríkinu ber skylda til að endurgreiða og borga af lánum, sem það hefir tekið, eins virðist það vera skylda þess að borga af lánum, sem það hefir í raun og veru tekið af því fje, sem verja á til símalagninga samkvæmt símalögunum. Framkvæmdir þessar allar til samans nema eigi meira en um 290000 krónum, og er það ekki eins mikið og áætlað er, að tekjuafgangur landssímans verði samkvæmt þessu fjárlagafrv., eða 300000 kr. Það væri því ekki undarlegt, þótt gerðar hefðu verið hærri kröfur en nefndin hefir gert.

Háttv. þm. Barð. (HK) spurðist fyrir um það, hvort tilætlunin sje, að allir símarnir verði lagðir í einu. Jeg hygg, að ræða mín hafi ekki getað orðið skilin á þann veg, að nefndin ætlist til, að annaðhvort verði allar línurnar lagðar eða þá engin. Þvert á móti telur nefndin sjálfsagt, að stjórnin hagi þessu eftir því, sem ástæður leyfa, því að það væri mjög ranglátt að láta allar línurnar bíða, ef fje vinst ekki til að leggja þær allar. Stjórnin gæti eitthvað hlutast til um, í hvaða röð línurnar verða lagðar, en nefndin telur, að þær línur ættu síst að sitja á hakanum, sem fyrir löngu eru ákveðnar í lögum og efni er fyrir hendi á staðnum.

Þá kem jeg að því atriði, sem, þó að undarlegt megi virðast, hefir helst orðið til þess, að fundið hefir verið að gerðum nefndarinnar. Það eru loftskeytastöðvarnar í Grímsey, Flatey og Húsavík. Mjer þótti skrítið, að háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) skyldi byrja ræðu sína á því að segja, að nefndin hefði gert sjer grikk með þessu. Það var undarlegt hljóð úr því horni, að telja það grikk, að fjvn. vill reisa loftskeytastöð í Grímsey. (*StSt*: Jeg þakkaði líka fyrir hana). Nefndin leit svo á, að stöðina ætti að reisa fyrir Grímseyinga. En eftir ræðum háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) og annara, hljóta menn að álykta, að stöðin eigi að vera til vegna Siglfirðinga. Þetta getur verið misskilningur hjá nefndinni, en svona leit nefndin á málið frá upphafi og hagaði tillögum sínum eftir því.

Háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) vildi bera brigður á, að þetta væri eftir ósk Gríms-

eyinga, og bar fyrir sig orð þeirra sjálfra, til þess að sanna hið gagnstæða. En hann las ekki annað úr brjefinu en það, sem fjell inn í ræðu hans. Jeg skal því hjálpa honum og lesa upp úr brjefi Grímseyinga, með leyfi hæstv. forseta, hvað þeir vildu helst:

„Eftir grandgæfilegar athuganir höfum vjer komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegra verði, að loftskeytastöð, sem standi í sambandi við Grímseyjarstöðina, verði sett á Siglufirði, þar eð vjer höfum fengið glöggar sannanir fyrir því, að samband þangað verður að mun ódýrara en samband við Húsavík, sem vjer annars hefðum frekar kosið vegna viðskifta vorra ýmissa við þann stað, og viljum því eindregið mælast til þess, að loftskeytastöðin verði sett á Siglufirði í sambandi við Grímseyjarstöðina".

Þeir lýsa því með öðrum orðum hiklaust yfir, að æskilegast væri fyrir þá að fá samband við Húsavík, en af því að það yrði dýrara, vilja þeir ekki fara fram á það, og kjósa þá heldur samband við Siglufjörð. Fjvn. hefir ekki getað skilið orð Grímseyinga á annan hátt, og telur því of mikið sagt af háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), að það sje eindregin ósk þeirra, að stöðin verði á Siglufirði. Þetta er ekki óeðlilegt, ef stöðina á að reisa fyrir Grímseyinga, því að mest öll viðskifti þeirra eru við Húsavík, og einnig læknisvitjanir, sem hljóta að verða miklum mun hagkvæmari, þegar stöðin er komin upp.

Jeg skal geta þess, að mjer fanst það koma einkennilega fram hjá háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) og háttv. þm. Ísaf. (JAJ), er þeir lýstu því, hve ljelegt og gersamlega ófullnægjandi landssímasamband er við Siglufjörð, og töldu það sönnun fyrir máli sínu. Ef stöðin á að koma Grímseyingum að notum, er það mjög óþægilegt fyrir þá, sje landssambandið milli Siglufjarðar og Húsavíkur ljelegt; mætti þá svo fara, að hún yrði þeim gagnslaus mikinn hluta árs

Þá kem jeg að öðru aðalatriðinu í þessu máli, en það er stöðin í Flatey. Sú stöð þyrfti aðallega að hafa samband við Húsavík. En ef fyrst þarf að sækja til Siglufjarðar og þaðan aftur til Húsavíkur, munu allir sjá, hvílík hermdargjöf það er, eftir því, sem sambandinu við Siglufjörð hefir verið lýst. Jeg vil alls ekki mótmæla því, að það væri gott fyrir sjávarútveginn að hafa loftskeytastöð á Siglufirði, en þessi stöð á aðallega að vera fyrir Grímseyinga. En Flatey er líka ágæt veiðistöð, og liggur þar oft fjöldi skipa, sem hefði mikið gagn af sambandi við Húsavík og landssímann, umfram þarfir Flateyinga sjálfra.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu er eindregið meðmælt því fyrirkomulagi, er nefndin leggur til, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp kafla úr fundargerð hennar:

„— — Út af þessu lýsir sýslunefndin yfir, að hún er eindregið meðmælt því, sem hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi leggur til, að loftskeytastöð verði sett í Grímsey, með millistöð í Flatey og landtökustöð í Húsavík, því augljóst er, að með því skipulagi verður sambandið eyjabúum að langhagkvæmustum notum, bæði að því er snertir viðskifti, læknishjálp og fleira".

Jeg tel sjálfsagt, að jeg geti ekki farið í fullkomna orðasennu við jafnnákunnugan mann sem háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), en þá geri jeg ráð fyrir, að

annar nefndarmaður, háttv. þm. S-Þ (IngB), sje jafnkunnugur á þessum slóðum og geti hlaupið í skörðin fyrir mig. Jeg þykist vita, að hann muni geta staðfest orð háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) og hv. þm. Ísaf. (JAJ) um það, hve gagnslítið sambandið milli Siglufjarðar og Húsavíkur er á sumrin.

Áður en jeg hverf frá þessu máli, vil jeg benda háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) á, að frá sjónarmiði fjvn. væri miklu skiljanlegra og aðgengilegra, að hann bæri fram tillögu um sjerstaka stöð á Siglufirði. En þessa afstöðu hans get jeg með engu móti skilið, þar sem jeg efast ekki um, að hann vilji Grímseyingum jafnvel sem Siglfirðingum.

Jeg skal þá aftur snúa máli mínu til hæstv. atvrh. (KlJ). Hann mintist á brtt. um hækkun á launum símamanna, og hygg jeg, að hann hafi þar misskilið orð nefndarinnar. Hann virtist skilja ummæli hennar á þá leið, sem hún furðaði sig á því, að stjórnin hefði lækkað þennan lið frá því, sem landssímastjóri lagði til. En það var ekki þetta, sem nefndinni kom kynlega fyrir heldur hitt, að hæstv. stjórn skyldi ekki hafa reiknað launahæðina rjett út eftir skrá þeirri, er landssímastjóri hafði samið. Hæstv. atvrh. (KlJ) virtist einnig skilja till. nefndarinnar svo, að hún vildi bæta við nýjum starfsmönnum, eftir tillögum landssímastjóra. En þetta er misskilningur. Nefndin hefir einungis miðað við þá menn, sem nú starfa við símann, og þær nýju starfskonur, sem nauðsynlega þarf að bæta við, ef aukning bæjarsímans í Reykjavík verður samþykt. Nefndin rak strax augun í það, þegar hún las skjölin frá landssímastjóra, að þar var gert ráð fyrir mikilli breytingu á starfsmannahaldi við símann, og var hún þegar algerlega mótfallin því. Meðal annars var gert ráð fyrir að stofna nýtt skrifstofustjóraembætti með 5000 kr. stofnlaunum og bæjarsímastjóraembætti með 3500 kr. stofnlaunum. Og auk þess, sem nefndin var mótfallin því að stofna þessar stöður, telur hún algerlega rangt, að það verði gert með fjárveitingu í fjárlögum, í stað þess að breyta launalögunum í þá átt. Vill nefndin skjóta því til hæstv. stjórnar að hafa gætur á, að yfirmenn slíkra stofnana laumi ekki nýjum embættum inn í fjárlögum, heldur sjeu þau stofnuð með því að bera fram brtt. við launalögin, svo að þingmenn samþykki þau vitandi vits.

Þá er brtt. frá hæstv. atvrh. (KlJ), um kaup á húsi við Garðskagavita. (*Atvrh. KlJ*: Jeg hefi tekið hana aftur). Nefndin getur ekki tekið afstöðu til till. að svo komnu, en mun fús á að ræða hana í sambandi við fjáraukalögin, þegar þau koma til umræðu.

Um þær 2 brtt. frá háttv. þm. Dala (BJ), er snerta þennan kafla, læt jeg mjer nægja að lýsa yfir, að meiri hl. fjvn. er þeim mótfallinn.

Ræðu háttv. þm. Borgf. (PO) þarf nefndin mjög litlu að svara. Þrátt fyrir það almenna yfirlit, sem hann gaf, skildist mjer, að hann ætlaði ekki að leggjast á móti till. nefndarinnar um verklegar framkvæmdir. Ræða hans var því óþörf, nema hann hafi talið, að fjvn. hafi farið of langt í þessu efni. Það má vel vera rjett, sem hann tók fram, að margir fleiri liðir en þeir, sem teknir eru upp í fjárlögin, komi til útgjalda á næsta ári, bæði samkv. þingsályktunum, fjáraukalögum o. s. frv. En þetta kemur fyrir á hverju þingi, og þingið hefir jafnan talið gott, hafi það getað skilað fjárlögunum hallalausum, og aldrei gert

ráð fyrir sjerstökum upphæðum til þessara útgjalda.

Þá mintist háttv. þm. Borgf. (PO) á borðfje konungs, og háttv. 2. þm. Reykv. (JB) á gengisuppbót á launum sendiherrans í Kaupmannahöfn. Jeg vil leyfa mjer að benda háttv. þm. á, að það mun venja hjá hverju ríki, sem hefir sendimenn í öðrum löndum, að greiða þeim uppbót, ef dýrara er að lifa þar, sem þeir eru, heldur en heima fyrir. Þeir, sem eru þessu kunnugri en jeg, hæstv. ráðherrar, geta borið um, hvort jeg fer ekki rjett með þetta.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) hafði það eftir mjer, að jeg teldi skemtilegt verk að vera í fjvn. Þetta er ekki rjett, en jeg hóf mál mitt á því að segja, að það væri vandaverk og vanþakklátt verk. Hafi háttv. þm. ekki ætlað að segja þetta, get jeg fyrirgefið honum strax, og skal ekki fara lengra út í þá sálma.

Af orðum háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um brtt. hans um hækkun á fjárveitingu til berklaveikisvarna, skildist mjer, að tilgangur hans með brtt. væri annar en jeg hafði búist við. Hann kveðst hafa skýrslur, er sanni, að þessi útgjöld verði miklu meiri en búist var við, og þurfi því að hækka liðinn. Jeg verð þó að halda fast við ósk mína um, að hann taki þessa brtt. aftur að sinni og láti hana ekki koma undir atkvæði fyr en við 3. umr. Ef það er rjett, að upphæðin muni ekki hrökkva, þykist jeg vita, að fjvn. muni vilja stuðla að því, að fjárveitingin sje hækkuð, svo að áætlunin verði sem næst sanni. Og sje þetta satt, verð jeg að furða mig á, að hæstv. stjórn skuli ekki hafa lagt þau plögg fyrir nefndina, er sanni það.

Þá var sami háttv. þm. einkanlega að mæla fyrir brtt. sinni, að ríkissjóður greiddi uppbót á kostnaði við vitabyggingar fyrir austan. Fjvn. hefir haft þetta til meðferðar, og þó að háttv. þm. hafi mælt vel fyrir tillögu sinni, hefir nefndin ekki sannfærst um, að þetta sje rjettmæt krafa. Það var gert að skilyrði, þegar ákveðnir vitar voru reistir þar fyrir austan, að hjeruðin skyldu gera hina smærri á sinn kostnað. Og þó að gerð væri áætlun um, hve mikið þessir vitar mundu kosta, fólst engin skuldbinding í því, að þeir yrðu ekki dýrari fyrir hjeruðin. Það var ákveðið skilyrði, að hjeruðin kostuðu þessa vita að öllu leyti, ella fengju þau ekki stærri vitana, og það getur ekki talist þingsins sök, þó að kostnaðurinn færi fram úr áætlun. Háttv. þm. taldi það meðmæli með till. sinni, að sum hjeruð hefðu ekki enn þá endurgreitt ríkissjóði kostnað við samskonar vitabyggingar. Um það er mjer ekki kunnugt; getur verið, að stjórnin hafi lánað sumum hjeruðum fje, en það er þá aðeins óinnheimt, og af þeirri ástæðu kemur ekki til mála að gefa það upp, og hvort það er öll upphæðin eða lítill hluti hennar, skiftir ekki máli. Ef háttv. þm. finst hann hafa orðið fyrir vonbrigðum eða samningsrofum af hálfu Eimskipafjelagsins, er ekki rjett, að hann snúi sjer til fjvn., heldur til þeirra, sem samningana hafa rofið.

Háttv. 2. þm. N.-M. (BH) þarf jeg fáu að svara. Hann hlóð miklu hóli á nefndina, sem mjög er vert að þakka. Jeg verð að taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að það var síður en svo, að hún hefði nokkra tilhneigingu til að láta þann veg, er háttv. þm. ber svo mjög fyrir brjósti, verða útundan. En eins og jeg gat um, fór nefndin algerlega eftir tillögum vegamálastjóra, og í þeim var þessi vegur ekki nefndur til hækkunar. Nú segir háttv. þm., að vegamálastjóri sje hlyntur þessum vegi,

og skal jeg síst rengja það. Nefndin getur þó ekki fallist á þessa brtt. að svo komnu, því að hún sjer sjer ekki fært að fara lengra en tillögur vegamálastjóra, en mæli hann með henni, eru atkvæði nefndarmanna óbundin.

Jeg hygg, að jeg hafi nú tæmt það, sem jeg þarf að svara fyrir nefndarinnar hönd, og vildi jeg óska, að umræðurnar gætu snúist um þau atriði, sem fyrir liggja, og helst ekki mörg önnur.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal játa það, að mjer fellur það illa, ef sýslumenn og bæjarfógetar verða mjög hart úti.

Þessum mönnum er trúað fyrir mjög þýðingarmiklum og ábyrgðarmiklum störfum, svo sem skatta- og tollainnheimtunni, og er því næsta mikilsvert, að þessir menn hafi sæmileg laun. Mjer virtist satt að segja, að athugasemdir háttv. frsm. (MP) um upphæðina til þessara manna væru á heldur litlum rökum bygðar. Hann ljet sjer nægja að vísa til þess, að mjög kunnugur maður í stjórnarráðinu hefði talið þau of há, og þetta taldi hann næga sönnun. Jeg held, að það sje nú ekki venja þessa háttv. þm. að byggja mjög á „Autoritetum"; hefir honum því sennilega orðið þungt um rökin, er hann varð að grípa til þessa.

Enda sýndi sá listi, sem jeg las upp hjer í gær, að ákvæðum launalaganna um skrifstofukostnað sýslumanna er ekki fullnægt. Því að 11. gr. launalaganna verður ekki skilin öðruvísi en svo, að þessi kostnaður eigi að greiðast utan við launin.

Jeg las þá einnig upp skýrslu frá sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um embættiskostnað hans, en jeg skal nú endurtaka þetta, sökum þess, hve sláandi dæmi það er upp á það, að þessi upphæð er ekki of há. Hann reiknar: Laun til skrifara 2000 kr., skrifstofukostnaður, hiti og ljós 600 kr., ritlaun 300 kr., og svo kemur nákvæmlega sundurliðaður þingaferðakostnaður, 4 hestar í 12 daga, 5 kr. á dag, 240 kr., kaup fylgdarmanns 120 kr. og gisting 120 kr. Samtals 480 kr. Allur embættiskostnaðurinn verður 3380 kr., en stjórnin hefir gert þessum manni 2250 kr. til starfrækslu embættisins.

Þegar þess er nú gætt, að sýslumaður þessi er mjög sparsamur og allra manna samviskusamastur og nákvæmastur í allri embættisfærslu sinni og getur látið fylgiskjöl fylgja öllum þessum liðum, þá held jeg, að engum geti dulist, að sýslumennirnir verði allhart úti, þar sem þeir verða að borga mikið sjálfir af þessum kostnaði.

Hv. frsm. (MP) þóttist ekki vita, hvað fælist í þessum kostnaði. Jeg held, að honum hljóti nú að vera þetta ljóst, en jeg get talið upp stærstu liðina við starfrækslu embættanna. Það er: leiga eftir skrifstofu, ljós og hiti, þingaferðir, bækur og pappír og starfsfólk.

Þá sagði hann, að sjer væri ekki ljóst, hvernig starfrækslukostnaðurinn væri gerður upp á millum sýslnanna. Jeg skal játa það, að þetta er hið mesta vandaverk, og hefi jeg þar lítið hróflað við grundvelli þeim, er fyrverandi stjórn hefir lagt. Að því er Dalasýslu snertir, sem háttv. frsm. (MP) mintist á, er einungis reiknað hús, hiti og ljós og kostnaður af þingaferðum, alls 765 kr., og hygg jeg, að flestum komi saman um, að þetta sje ekki of hátt. Í Strandasýslu er skrifstofukostnaðurinn 1440 kr., enda auðvitað meira að gera þar en í Dalasýslu, svo gert er ráð fyrir, að sýslumaðurinn þurfi einhverja skrifstofuaðstoð.

Kostnaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Húnavatns-, Skagafjarðar og Skaftafellssýslum mun vera mjög líkur, og er þar settur 2250 kr. Er þá gert ráð fyrir, að þeir komist af með ½ skrifara. Ef laun ½ skrifara í þessum sýslum eru áætluð 1500 krónur, þá eru rúmar 700 kr. eftir til alls annars kostnaðar, og er auðsætt, hvað ríflega það er áætlað. Árnessýslu eru ætlaðar 3115 kr., og mun það síst of mikið.

Er því auðsætt, að stjórnin hefir hjer sýnt hinn mesta sparnað, enda eru sýslumennirnir mjög óánægðir og kvarta sáran undan því, hve hart þeir verði úti. Er þess og að gæta, að þeir urðu einna harðast úti við launalagabreytinguna. Mörg embættin, sem áður þóttu einna eftirsóknarverðustu embætti í landinu, svo sem bæjarfógetaembættin á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði, eru nú orðin einhver verstu embættin. Þetta stafar af því, að svo að segja allar aukatekjur þessara embætta fara nú í ríkissjóð, en hins vegar við þau mikil útgjöld og mörg þeirra mjög erfið. Hv. frsm. (MP) spurði, hvers vegna stjórnin hefði þá ekki sett hærri upphæð inn í fjárlagafrv. Jeg gat þess í gær, að það hefði stafað af því, að mjer hefði ekki unnist tími til að fara nema einu sinni yfir fjárlagafrv., sökum skyndilegrar utanfarar minnar.

Þá vil jeg víkja að landhelgisgæslunni. Ástæðan til þess, að ekki var sett hærri upphæð til hennar en í fjárlagafrv. stendur, var sú sama og jeg tók nú síðast fram. Auk þess vissi jeg ekki þá, hvort verða mundi úr aukningu landhelgisgæslunnar af Dana hálfu. Geymi jeg mjer rjett til að koma fram með brtt. síðar um þetta, en jeg veit, að þessi upphæð er of lág. Kostnaður þessi var í fyrra kr. 70248.17, og minni verður hann auðvitað ekki nú, enda þótt í engin skipakaup verði ráðist, hvað þá heldur þá. En jeg lýsi því yfir hjer, og hefi gert það áður, að jeg álít, að hjer megi síst spara, og vil jeg leggja hina mestu áherslu á, að landhelgisgæslan verði sem best. Er jeg mjög þakklátur hv. þm. Borgf. (PO) fyrir hans mikla áhuga í þessu máli, og veit jeg, að starfs hans í þágu þessa máls verður lengi minst með miklu þakklæti.

Út af brtt. frá háttv. minni hl. fjvn. (BJ) vil jeg geta þess, að maður þessi, Kristján Jónasson, sem háttv. minni hl. leggur til, að verði veittar 1500 kr. kom til mín og bað mig að bæta sjer tjón það, sem hann hefði orðið fyrir. Jeg gat auðvitað ekki tekið beiðni hans til greina, þar sem engin lög eru til, sem leyfa slíkt. En jeg vil mæla með því, að manni þessum verði að einhverju bætt upp tjón hans, því að öll sanngirni mælir með því, þó að lagaheimild sje engin til þess.

Um spítalann á Ísafirði vil jeg taka fram enn, að jeg álít, að rjett sje að veita annaðhvort alla upphæðina eða ekkert. Hitt, að veita ekki nema nokkurn hluta upphæðarinnar, er ekki til annars en þess að teyma bæjarfjelagið út í kostnaðarsamt fyrirtæki, sem svo verður því ef til vill ofviða, ef svo skyldi fara, að það fengi ekki meiri styrk úr ríkissjóði. En sökum fjárhagsins tók stjórnin ekki þessa fjárveitingu upp. Annars eru öll þessi spítalamál hjer hin mestu vandræðamál. Þörfin er mikil, en fjeð vantar. En þó er það Kleppsspítalinn, sem jeg hygg, að sje mest áríðandi að veita fje til. Hefir verið lagt til hans 150 þús. kr., en eftir byggingaráætlunum húsagerðarmeistara ríkisins, sem eru tvær, er önnur áætlunin yfir 400 þús. kr., en hin hátt á 4. hundrað þús. kr. Er

hin mesta nauðsyn á byggingu Kleppsspítalans, enda loforð fyrir, að hann verði látinn ganga á undan öðrum byggingum, sem auðvitað verður haldið.

Þorleifur Jónsson: Við þennan kafla fjárlaganna eru 2 brtt., sem snerta mitt kjördæmi, og þó að fjvn. hafi einróma fallist á þær, og auk þess háttv. frsm. (MP) stutt þær í framsögu sinni, ætla jeg samt að fara um þær nokkrum orðum. Fyrri brtt. er um að hækka tillag til sýsluvega um 5 þús. kr., og er ætlast til, að sú hækkun, þ. e. þessar 5 þús. kr., gangi til vegarins frá Höfn í Hornafirði. Liggur sá vegur um blaut mýrlendi og er nú víða sokkinn niður í mýrina; enda var og sparað til hans í upphafi og var hann víða of lágur. Ofaníburður er enginn í grendinni og verður að fá hann langt að; er því viðhaldið mjög kostnaðarsamt. Þrátt fyrir það, að sýslusjóður hefir árlega nú síðustu árin veitt nálægt 1000 kr. til viðhalds vegarins, hefir það eigi hrokkið til annars en að gera við verstu ófærurnar. Sýslunefndin sjer því eigi annað fært en að reyna að fá lán til endurlagningar vegarins, sem mun kosta um 10 þús. krónur. Því varð það að ráði, að jeg mæltist til að helmingur þessa kostnaðar greiðist úr ríkissjóði, og bar því fram þessa brtt. við fjárlögin; og er það nú með samþykki vegamálastjóra, sem álítur rjettmætt, að hjer sje hlaupið undir bagga. Sýslan er auk þess ekki betur stæð en svo, að henni er nauðsyn að fá styrk til að standast þennan kostnað, og svo er hitt, að í raun og veru ætti þessi vegur fremur að vera flutningabraut en sýsluvegur, þar sem hann liggur frá kauptúni upp á þjóðveginn; er hann í þessu efni t. d. alveg hliðstæður Hvammstangabrautinni í Húnavatnssýslu. Hefði ef til vill verið rjettara að bera fram brtt. þess efnis, að taka þennan veg upp í tölu flutningabrauta, en jeg hefi þó horfið frá því að sinni og læt mjer nægja, ef fæst þessi fjárveiting, sem brtt. fer fram á, gegn auðvitað jafnmiklu framlagi úr sýslusjóði.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, loftskeytastöðinni í Öræfum. Í símalögum frá 1917 er að vísu ákveðið, að sími skuli lagður milli Hornafjarðar og Víkur í Mýrdal. En þar sem búast má við, að langur tími líði áður en öll þessi lína verði lögð sunnan um landið, munu menn verða að sætta sig við loftskeytastöðvar á nauðsynlegustu stöðunum í bili. Nú hefir þegar verið reist stöð á Síðunni; en engu minni nauðsyn er að fá loftskeytastöð í Öræfum, vegna þess, að þetta hjerað er með þeim allraafskektustu á landinu og nær einangrað frá samneyti við öll önnur hjeruð. Þurfi að vitja læknis þaðan, fara t. d. 2 dagleiðir til þess, og svo er um fleira. Þarna er því hin mesta þörf á firðsambandi við næstu hjeruð.

Verslunarviðskifti hafa Öræfingar mest í Vík í Mýrdal og fá vörur fluttar með „Skaftfellingi". Myndi firðsamband geta greitt mjög fyrir slíkum flutningum, þar sem hægt yrði að síma til Víkur um það, hvenær lægi er við sandana, og með því sætt bestu tækifærunum að koma flutningi á land. Þetta er svo augljóst, að ekki þarf frekari skýringar við.

Ýmislegt fleira má telja því til gildis, að stöð verði reist í Öræfum. Fram undan söndunum eru ágæt fiskimið, og er alkunnugt, hversu togarar eru þar nærgöngulir, skafa þar svo að segja daglega botninn alveg uppi í landsteinum. Ef nú loftskeytastöð væri þarna austur, mundi oft auðveldara að hafa hendur í hári söku-

dólganna. Þá eru skipströnd alltíð við sandana, og liggur þá í augum uppi, hversu mörgum það gæti orðið til hjálpar, ef hægt væri að koma fregnum um það þegar í stað þangað, sem hjálpar væri að vænta. — Það hefir enn þá ekki verið nefnt, hvar stöðin ætti að vera í Öræfunum. Jeg vil geta þess nú, að jeg hygg hana langbest setta á Fagurhólsmýri. Ari hreppstjóri Hálfdánarson og synir hans bygðu ágæta rafmagnsstöð á síðasta sumri; er afl hennar notað til suðu, ljósa og hitunar á báðum heimilunum á Fagurhólsmýri, en samt er þar nægilegt afl afgangs til framleiðslu raforku þeirrar, sem loftskeytastöðin þarfnast. Mundu því sparast þau útgjöld, sem leiða af því að framleiða raforkuna með olíuvjelum.

Háttv. þm. V.-Sk. (LH) gat um það í gær, að stöðin á Síðunni ætti aðeins að vera til bráðabirgða. Jeg er alveg sömu skoðunar um þetta atriði; það verður að leggja símalínur síðar sunnan um landið, til að bæta hið ófullkomna símasamband milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar eða Austurlands yfir höfuð. Þrátt fyrir það, þó að loftskeytastöðvar sjeu betri en ekkert í þessu tilliti, er talsímasambandið miklu þægilegra heldur en skeytasendingar aðeins, sem eru miklu erfiðari til afnota. Hitt er annað, að ef á að hlíta við loftskeytastöðvar um langan tíma, þá tel jeg nauðsynlegt, að loftskeytastöð verði einnig reist á Austurlandi. Vænti jeg þess, að háttv. deild fallist fúslega á þessar brtt. mínar, ekki síst er fjvn. hefir samþykt þær báðar, og tef jeg svo ekki umræðurnar í þetta sinn með lengri ræðu.

Ingólfur Bjarnarson: Hv. frsm. fjvn. (MP) hefir að vísu tekið að mestu leyti af mjer ómakið, en þó ætla jeg að fara nokkrum orðum um byggingu loftskeytastöðva, sem fjvn. hefir lagt til, að reistar yrðu í Grímsey og Flatey með landtökustöð á Húsavík. Nauðsyn Grímseyinga á því að fá loftskeytasamband við land er augljós öllum mönnum. Þeir liggja langt norður í reginhafi, sambandslausir við umheiminn lengst af, læknislausir og ósjálfbjarga í verslunarsökum. Sem dæmi þess get jeg nefnt, að nýlega voru sendir 2 mótorbátar til Grímseyjar frá Húsavík, hlaðnir vistum og annari björg til eyjarbúa, því verslun er engin í Grímsey, nema útibú nokkur frá Húsavík, og verslunarviðskifti sín að öðru leyti hafa þeir við Húsavík nær öll. Þá er Flatey á Skjálfandaflóa. Er líkt á komið með hana og Grímsey. Strandferðaskip koma þar ekki og afarörðugt að ná til annara sveita landleiðina frá Flateyjardal, sökum fjarlægðar og að yfir fjöll er að sækja. T. d. kemur sóknarprestur sá, er þar á annexíu, aldrei þangað á vetrum, eða að minsta kosti er það undantekning. Læknis vitja þeir ætíð til Húsavíkur og öll þeirra verslunarsambönd eru þar. Í Flatey munu búa um 120 manns.

Þá má hins vegar geta þess, að Flatey er þannig sett, að þar gæti verið ágætis fiskiveiðastöð. Fengist þar reist loftskeytastöð á eynni, myndi útgerðin að sjálfsögðu vaxa þar stórkostlega. Þar sem nú ríkið á eyjuna alla, mundi ríkiseignin aukast að stórum mun við það, að loftskeytastöð yrði reist þarna, því það mundi verða til þess, að þar yrðu framfarir miklar í hvívetna.

Fjöldi fiskiskipa er árlega í nánd við eyna, fiski- og síldveiðaskip, sem mikið mundu nota skeytastöð, ef hún væri þar til. Jeg vona, að háttv. þingd. sje ljóst af þessu, er jeg hefi sagt, að full nauðsyn ber til, að þarna sje reist loftskeytastöð samhliða og í Grímsey, og leit fjár-

veitinganefndin svo á, að landtökustöðin kæmi hvorugri eynni að verulegu gagni, nema hún yrði reist í Húsavík, vegna hins nána sambands og viðskifta, sem þar er á millum. Það hefir nú verið sótt af kappi miklu af hendi Siglfirðinga, að landtökustöðin yrði reist þar, enda er það heldur engin nýlunda, þótt þeirra mál sjeu sótt af kappi miklu hjer á þinginu. Jeg las það nýlega í blaði þeirra Siglfirðinga, að þeir hefðu í vetur sent einn sinn vaskasta mann út til Grímseyjar, til þess að fá eyjarskeggja þar til að fallast á það, að landtökustöðin yrði reist á Siglufirði, af því vitanlegt var, að Grímseyingar höfðu óskað landtökustöðvarinnar á Húsavík. Þó tókst þessi för eigi betur en svo, að það kemur ljóst fram í brjefi því, er háttv. frsm. (MP) las upp frá þeim, að þeir kjósa stöðina langhelst á Húsavík. Geta þó allir skilið, undir hvaða skilyrðum brjefið muni vera samið. Hefir þessi ‚agitation' því komið að litlu haldi.

Mjer kemur það undarlega fyrir, að því skuli vera haldið fram, og haft eftir landssímastjóra, að landtökustöðin mundi verða ódýrari á Siglufirði en Húsavík, og þá sjerstaklega að því er reksturinn snertir. Þetta þykir mjer allkynlegt. Sýslumaðurinn á Húsavík hefir skýrt mjer frá, að landssímastjóri hafi í viðtali við sig í fyrra talið, að mjög heppilegt mundi einmitt vera að hafa stöðina á Húsavík, og miklu betra en á Siglufirði. Enda er það öllum kunnugum vitanlegt, að vinna og annað, sem kaupa þarf, er eflaust hálfu dýrara á Siglufirði en Húsavík. En eftir því, sem háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) skýrir frá, á kostnaðarmunurinn að felast í því, að enginn lærður loftskeytamaður sje á Húsavík og stöðvarstjórinn við landssímann þar geti ekki lært þessi fræði, sökum aldurs, skilst mjer. Verði því ekki hægt að sameina starfið við landssímastöðina, heldur verði að ráða til þessa annan mann. Á þessum rökum er svo þessi kostnaðargrýla reist, sem er algerlega villandi og ástæðulaus. Verð jeg að segja, að þó það sje tekin sem góð og gild vara, að stöðvarstjórinn sje óheppilegur til að læra þessa hluti, þá vill svo vel til, að hann á 2 uppkomin börn, sem starfa við landssímastöðina. Mundu þau að sjálfsögðu vera ágætlega fallin til að læra loftskeytastarfið, þar sem þau eru sjerstaklega efnileg og njóta besta orðstírs. Húsrúm hefir og landssímastöðin mjög gott og nóg til þess að starfrækja hvorttveggja.

Vitanlega verður kostnaður því samfara að láta mann læra loftskeytafræði; en þetta er líka sá eini aukakostnaður, sem af því leiddi, að stöðin yrði reist á Húsavík. Þar eru bæði vinnulaun og flest annað stórum ódýrara en á Siglufirði. Á Húsavík er nægilegt og ódýrt rafafl til rekstrar loftskeytastöðvar, en á Siglufirði er síður en svo. Þar er raflýsingarstöðin mjög oft í ólagi, vegna vatnsskorts. Jeg er því í engum vafa um, að er tímar líða, mundi rekstur loftskeytastöðvar miklum mun ódýrari á Húsavík en Siglufirði. Tveir háttv þm., 1. þm. Eyf. (StSt) og þm. Ísaf. (JAJ), gerðu mikið úr þýðingu landtökustöðvarinnar á Siglufirði fyrir fiskiveiðarnar og alla útgerðina þar, nefnilega, að skeytin bærust tafarlaust frá Grímsey til Siglufjarðar. Held jeg, að þeir hafi gert alt of mikið úr þessu. Það, sem jeg held, að aðallega sje um að ræða fyrir útgerðina, er að fá daglega, eða því sem næst, skýrslur úr Grímsey um afla og horfur fyrir fiskigöngur. Hitt held jeg að síður geti komið til mála, að Grímseyingar geti á hverri stundu sagt skipunum, hvert þau skuli halda í það og það skiftið. Og heldur mun það sjaldgæft, hvort sem er, að veiði sje

sjerstaklega í kringum eyna. Þessar daglegu aflaskýrslur mundu koma að sama haldi, þótt þær gengju yfir Húsavík, þrátt fyrir smátafir á leiðinni.

Þá má benda á, að fjöldi skipa er að staðaldri við veiðar austur hjá Langanesi og Sljettu, og fyrir þau er stöðin miklu betur sett á Húsavík. Þá er enn fremur bátaútgerð mikil frá Húsavík, sem sækir á mið nærri Grímsey, og er þeim nauðsyn á greiðu sambandi við eyna.

Það, sem athugaverðast er við að setja landtökustöðina á Siglufirði, er vitanlega, hve landssímasambandið er ómögulegt við Siglufjörð, einkum á sumrin, og hefir hv. þm. Ísaf. (JAJ) lýst því greinilega. Og það væri sannarlega fáránleg tilhögun, ef skeyti úr Flatey til Húsavíkur þyrfti að senda yfir Siglufjörð og Akureyri, sem yrði til þess, að þau kæmu ekki fram fyr en máske seint og síðar meir.

Jeg þykist nú hafa sýnt, að símasamband eyjarskeggja úr báðum þessum eyjum er best komið, ef landtökustöðin verður reist á Húsavík. En sje landtökustöðin á Siglufirði, verður sambandið áreiðanlega meira í orði en á borði fyrir þá. Má ekki miða við það, þó Siglfirðingar sjeu háværir í kröfum sínum, heldur verður að taka tillit til þess, hvernig best verður sjeð fyrir þörf eyjarskeggja, því jeg tel hiklaust, að fyrst og fremst beri að taka tillit til þess, og þar næst, að stöðvarnar komi að sem almennustum notum. Vona jeg því, að háttv. deild hafi sannfærst um, hversu sjálfsagt er að reisa landtökustöðina á Húsavík, og orðlengi jeg ekki meira um þetta atriði.

En úr því að jeg stóð upp á annað borð, ætla jeg að nota tækifærið til að þakka hæstv. atvrh. (KlJ) fyrir undirtektir hans um Vaðlaheiðarveginn, en jeg ætla ekki að tefja tímann með því að hefja umræður um það mál. Það er svo ljóst orðið af ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra og upplýsingum vegamálastjóra.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það eru nokkrir hv. þingmenn, sem jeg þarf að svara, og get jeg ekki gert að því, þó þeir sjeu ekki allir viðstaddir. Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) virtist ætla að fara að vekja upp aftur eldhúsdagsumræður, er hann fór að tala um kolakaup landsstjórnarinnar. Það mál skýrði jeg á laugardaginn eð var og fer ekki að endurtaka það aftur nú. Hann virtist álíta, að slík kaup til landsins þarfa ættu að ganga gegnum Landsverslunina. Jeg lít svo á það mál, að eftir þingsályktun, sem samþykt var á síðasta þingi, vanti alveg heimild til þess. En geti háttv. þm. (JB) sannfært mig um, að það sje eindreginn vilji þingsins nú, að þannig skuli vera farið að, skal jeg fúslega taka það til greina og hegða mjer samkvæmt því eftirleiðis.

Hv. þm. V.-Sk. (LH) varpaði til mín þeirri spurningu, hvort jeg væri horfinn frá því ráði að strengja síma um Suðurland. Vitanlega hefir mjer aldrei komið það til hugar, enda þarf lagabreytingu til þess að hætta þeirri símalagningu, þar sem hún er lögskipuð. Hitt þykir mjer líklegt, að loftskeytastöðin, sem nú er komin á Kirkjubæjarklaustri, og væntanleg önnur loftskeytastöð í Öræfum, verði til þess að seinka framkvæmdum í því máli. Og með það fyrir augum, að alllangt verði þess að bíða, að *síma*samband komist á um Skaftafellssýslurnar, finst mjer ekki nema sanngjarnt og rjettlátt, að sýslubúar verði ekki látnir bíða þess miklu lengur, að reist verði hjá þeim önnur loftskeytastöð. En auðvitað má gera ráð fyrir, að sími verði lagður þangað einhvern tíma síðar.

Þá lagði hv. þm. Barð. (HK) þá spurn-

ingu fyrir mig, hvort það væri ætlunin, að fylgt verði þeirri röð um símalagningar, sem nefndin gerir ráð fyrir. Jeg býst við, að stjórnin verði að hlíta því. Raunar finst mjer, að 4. liðurinn t. d. ætti að komast ofar. Hitt tel jeg ekki geta komið til mála, að þó fje verði ekki fyrir hendi til allra þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir, að þá verði engin lína lögð. Og þá mun engum blandast hugur um það, að rjett sje að taka fyrst fyrir þann eða þá, sem efstir eru.

Jeg hefi ekki ástæðu til að svara hv. frsm. (MP) mörgu, þar sem enginn verulegur ágreiningur hefir orðið milli mín og fjárveitinganefndar um þann lið, þó hann sje annars sá liður í fjárlögunum, sem helst heyrir undir mig. Háttv. frsm. hjelt því fram, að þó lækka mætti laun einstakra póstafgreiðslumanna, væri ekki hægt að lækka liðinn yfirleitt. Jeg býst við, að ýmsir póstafgreiðslumenn muni krefjast launahækkunar, en geri ekki ráð fyrir, að þær kröfur verði teknar til greina. En þar sem fyrir getur komið, að fjölgað verði póstafgreiðslumönnum, hefi jeg ekkert á móti því, að liðurinn haldist óbreyttur. Hv. frsm. (MP) hjelt því fram, að þessar stöður væru yfirleitt ver launaðar en aðrar sambærilegar stöður, og taldi því til sönnunar, hversu mikil peningaábyrgð hvíldi á póstafgreiðslumönnunum. Þetta er líka satt um suma þeirra, en aðra mætti nefna, sem fullhátt munu vera launaðir, án mikillar peningaábyrgðar. Gæti jeg tilnefnt nokkur dæmi, án þess þó, að jeg vilji draga fram nokkur nöfn. Einn þeirra hefir t. d. 1500 kr. í laun, en þar er póstávísanafjeð um 16000 kr. á ári; annar hefir 800 kr. í laun, með 11000 kr. ábyrgð, og sá þriðji, sem hefir 600 kr. í laun, hefir ekki ábyrgð á einum einasta eyri. Jeg vil ekki tilgreina fleiri, en finst sýnilegt að spara megi nokkuð á þessum liðum. Og þar sem þessir menn hafa sennilega fengið hærra kaup vegna dýrtíðarinnar, er það engin sanngirni gagnvart öðrum starfsmönnum ríkisins, að þeir einir fái að halda fullum launum, þar sem aðrir embættismenn fá dýrtíðaruppbótina talsvert lækkaða.

Þá var það loftskeytastöðin í Grímsey. Hún er aðallega bygð fyrir Grímseyinga, og því eðlilegt, að sambandið verði við Húsavík, þar sem þeir hafa mikla verslun og viðskifti við þann kaupstað, en ekki við Siglufjörð. Jeg ætla samt að láta þetta afskiftalaust, þótt mjer dyljist ekki, að skýr rök liggi til þess að hafa stöðina á Húsavík. En landssímastjóri talaði rjett nú við mig í síma og tjáði mjer þá skoðun sína, að óheppilegt eða jafnvel meiningarlaust væri að hafa móttökustöðina í Húsavík. Kostnaðurinn, sem af því leiddi, væri afarmikill, en hins vegar lítill, eða jafnvel enginn, ef stöðin yrði reist á Siglufirði, því þar væri bæði hús og mannafli nógur fyrir hendi. Og ef hún yrði ekki þar, þá var það hans tillaga, að hún yrði sett á Akureyri, því þar væri líka alveg kostnaðarlaust að hafa móttökustöðina og samband þaðan altaf greiðlegt til Húsavíkur og ábyggilegt. Annars væri vafalaust heppilegt, ef fje væri fyrir hendi, að fá fjórðu stöðina á Siglufirði. En fyrst stöðin í Grímsey á að byggjast með hag eyjarskeggja fyrir augum, verður að sjá til þess, að hún komi þeim að gagni.

Þá held jeg, að ekki sje fleira, sem jeg hafi ástæðu til að athuga við ræðu háttv. frsm. (MP), en vildi leyfa mjer, áður en jeg lýk máli mínu, að fara snöggvast út fyrir verksvið mitt og leggja liðsyrði einni brtt. minni hluta fjvn. (BJ). Hann virðist hvort sem er standa þar einn uppi. Þetta, sem mig langaði til að minnast á,

var viðvíkjandi útgáfu manntalsins frá 1703. Það er tiltölulega stutt síðan mönnum var alment kunnugt um þetta stórmerkilega heimildarrit. Hafði það um langan aldur verið geymt í leyndarskjalasafninu í Kaupmannahöfn, en er nú lánað hingað upp, og er því sem stendur hjer. Þó er víst, að einstaka eldri sagnfræðingar hafa vitað um það, því þeir hafa ekki ósjaldan vitnað í það, en síðan það var uppgötvað, hafa ættfræðingar og sögumenn sótt mjög að því. Ritið er mjög nákvæm og merkileg skrá yfir alla íbúa landsins 1703. Þeir eru tilgreindir með nafni, aldri, stöðu og heimili. Þar er tilgreindur ómagafjöldi og niðursetninga í hreppum og á heimilum, o. s. frv. Jeg þykist þess fullviss, að hvert einasta land, sem væri svo heppið að eiga slíkt rit sem þetta, fullra tvö hundruð ára gamalt, mundi kosta kapps um að gefa það út. Það er fyrst og fremst hrein gullnáma fyrir ættfræðina, þá fræðigrein, sem hjer hefir orðið þjóðlegust og mest verið stunduð frá fornu fari og heita má, að sje grundvöllurinn undir allri sögu vorri. Þá fær maður af riti þessu nána vitneskju um, hver nöfn hafi verið algengust á landi voru um þetta leyti. Auk þess gefur ritið ljósa hugmynd um efnahag landsins og afkomu á árunum áður en bólan tók að geisa, því bæði eru þurfalingar og niðursetningar tilnefndir, og gefur því glögga hugmynd um sveitarþyngslin þá, og þar að auki víða nákvæmt framtal búfjenaðar manna. Það er því sýnilegt, að handritið er hið ágætasta heimildarrit, ekki aðeins að sögu vorri og ættfræði, heldur einnig fyrir hagfræði vora. Jeg býst ekki við, að þessu riti, með nauðsynlegum skýringum, verði komið út í fljótu bili, en vænti þess þó af háttv. deild, að hún sjái það sóma sinn að byrja á því að veita styrk til útgáfu þessa gagnmerka safns.

Sveinn Ólafsson: Háttv. frsm. (MP) óskaði þess, að jeg frestaði til 3. umr. brtt. minni um hækkun framlagsins til berklavarna. Jeg get svarað því, að jeg er ekkert mótfallinn þeim fresti, til þess að nefndinni gefist kostur á að athuga það mál. Býst jeg við því, að hún komist þá að þeirri niðurstöðu, að ekki einu sinni 120000 kr. geti talist fullnægjandi til þessa. Í orðum háttv. frsm. (MP) virtist liggja vefenging á því, að jeg hafi farið eftir sönnum heimildum við áætlun upphæðarinnar, og vil jeg í tilefni af því geta þess, að jeg hefi leitað mjer skýrslna úr sex sýslum, um, hvað mikið fje hafi verið greitt í þessu skyni á næstliðnu ári. Taldist það hafa verið 54000 kr. úr þessum sýslum. Annars vil jeg ekki orðlengja þetta frekar; brtt. er borin fram til að benda háttv. fjvn. á þennan lið, sem er bersýnilega of lágt áætlaður, en það hefir áhrif á tekjuhallann, og því nauðsynlegt að það komi ekki of seint í ljós.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um brtt. mína viðvíkjandi greiðslu úr ríkissjóði á aukakostnaði við byggingu innsiglingarvitanna við Berufjörð. Hv. frsm. lýsti yfir því, að hann teldi ekki sanngirni mæla með henni, og furðar mig þó á því, að nefndin skuli telja það ósanngirni, þar sem það er kunnugt, að á síðasta þingi voru veittar í fjárlögunum 3000 kr. til Vatnsnesvitans í Keflavík. Stóð þó líkt á með hann og vitana austur frá; hvorirtveggja áttu í upphafi að byggjast af hjeruðunum einum, án hjálpar ríkisins. Og þar sem endurgreiddur hefir verið úr ríkissjóði ½ kostnaðar við byggingu þess vita, á Vatnsnesi, þá sýnist full

sanngirni mæla með því, að byggingarkostnaður Berufjarðarvitanna verði endurgreiddur að 1/6, eins og farið er fram á. Að þessir vitar urðu svo dýrir, stafar eingöngu frá atvikum, sem hjeraðinu voru ósjálfráð og reyndar með öllu óviðkomandi. Mikið af kostnaðinum lá í því, að ekki varð bygt úr sementi, sem flytjast átti frá Danmörku til Berufjarðar fyrir ákveðinn dag, en kom eigi fyr en nokkrum vikum síðar. Varð því að byggja úr sementi, sem varð nær þriðjungi dýrara og fengið frá Reykjavík og ýmsum stöðum eystra. En að vísu kom ódýra sementið síðar og varð að liði við aðrar byggingar ríkisins. Hitt er líka hjeraðinu óviðkomandi, að sett voru upp dýrari ljóstæki í Hrómundareyjarvitann en ráðgert var, þegar hjeraðið tók að sjer kostnaðinn við byggingguna, til að spara rekstrarkostnaðinn. Og þó háttv. frsm. (MP) telji enga sanngirni að endurgreiða nokkurn hluta byggingarkostnaðarins, þá munu flestir aðrir álíta, að full sanngirni mæli með því, að fjárhæðin verði greidd, enda eru fordæmi fyrir slíku, þar sem síðasta þing veitti fje til Keflavíkurvitans, og hafði áður veitt fje að öllu til tveggja annara innsiglingarvita. Ekki þarf heldur að telja þessa fjárveitingu ósanngjarnlega af því, að Suður-Múlasýsla þiggi svo mikið fje úr ríkissjóði til annara hluta eða greiði honum svo lítið í tekjur. Hlutfallið er hjer einmitt öfugt, svo sem jeg áður hefi sýnt. Sýslan er eitt allra tekjuauðugasta lögsagnarumdæmi landsins, en nýtur minna styrks af ríkissjóði til vega og annara framkvæmda en flest önnur hjeruð. Vil jeg þó ekki orðlengja þetta meira, því að allir geta glöggvað sig á því í landsreikningi og fjárlögum.

Að öðru leyti ætla jeg hvorki að lofa nje lasta háttv. fjvn. og hennar verk; veit jeg, að hennar starf hefir verið erfitt nú, ekki síður en áður, og ekki við öðru að búast en skiftar verði skoðanir um hinar einstöku fjárveitingar. En jeg vildi skjóta því til nefndarinnar áður en jeg lýk máli mínu, að fyrst hún leggur svo mikla áherslu á, að auknar verði verklegar framkvæmdir frá því, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, þá virðist rjett að athuga það nákvæmlega, hverjar af þessum verklegu framkvæmdum eru vaxtabærar og miða landinu til þrifa. Svo er nefnilega mál með vexti, að sum þessara fyrirtækja eru ekki aðeins arðlaus og til þæginda fáum mönnum, heldur jafnvel stórbyrði á þjóðinni. Mörg okkar verklegu fyrirtæki eru þannig vaxin, að sýnilegt er, að þjóðin í framtíðinni ræður ekki við að viðhalda þeim. Hlýtur óðum að reka að því, að vita, brýr, vegi, síma og fleiri mannvirki samskonar verði að endurreisa. Jeg man eigi í svip, hvað margar miljónir hafa þegar gengið til símabygginga alls, en hitt veit jeg, að viðhald þeirra hlýtur að verða mjög tilfinnanlegt, þegar fram í sækir. Á tveim næstu áratugum fyrnast og falla flestar þær gömlu staurarðir, og þá endurtekst allur byggingarreikningurinn. Þess vegna verður það að teljast tvíeggjað sverð að leggja svo mikið kapp á að auka slíkar framkvæmdir. Raunar er það hart og lítt viðunandi, að ríkissjóður skuli vera etinn svo upp árlega af opinberu starfsmannahaldi, skólum, námsstyrkjum og bitlingum, að litlu eða engu fje verður hægt að verja í aðrar þarfir þjóðarinnar. En hæpið er, að á því verði bót ráðin að þessu sinni; nema svo eigi böl að bæta að bíða annað meira, og getur útkoman á fjárlögunum þá orðið sú, að sjeð verði eftir síðar.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af skrifstofukostnaði sýslumanna. Jeg er á sama máli og nefndin, að lækkunin sje of lítil hjá stjórninni. Ef þessi lækkun, sem er 10%, er borin saman við það, að dýrtíðaruppbótin hefir lækkað um 30%, þá sjest, að lækkun skrifstofukostnaðarins er of lítil. Jeg skal viðurkenna það, að jeg álít ekki, að þessi hlutföll eigi að vera alveg jöfn, en svipuð ættu þau að geta verið. Hæstv. forsrh. (SE) skýrði frá því, hvernig hann skildi ákvæði launalaganna um þetta efni, en jeg skil þau dálítið á annan veg. Jeg lít svo á, að sýslumenn eigi ekki að fá endurgreiddan kostnað af því skrifstofuherbergi, er þeir nota sjálfir. Svo er það um aðra embættismenn. Þeir fá ekki borgun fyrir það herbergi, sem þeir þurfa til starfa sinna. Sem dæmi má nefna presta, prófessora o. fl. Þeir þurfa að hafa herbergi fyrir sig, skrifstofu, en fá að sjálfsögðu ekkert skrifstofufje. Það er fyrst, ef sýslumenn þurfa að hafa fleiri herbergi en eitt, að þeir geta gert kröfu til þess að fá kostnaðinn endurgreiddan. En þessi liður, húsaleiga, ljós og hiti, veldur oft miklu, því að menn hafa tilhneigingu til þess að reikna þetta nokkuð hátt. Jeg segi ekki, að það eigi sjer stað alment, en víða mun þó pottur brotinn í því efni.

Þá held jeg, að of mikið sje gert úr kostnaði við þingaferðir. Jeg veit það, að þegar jeg var sýslumaður, þá kostuðu þær mig mjög lítið. Jeg geri ráð fyrir því, að sýslumenn sjeu yfirleitt hagsýnir menn, er viðhafi allan þann sparnað, sem auðið er. Og þá geri jeg ráð fyrir, að þeir haldi hesta sjálfir. Jeg veit það af reynslu, að það borgar sig, því að leiga fyrir hestana í ferðum, sem sýslumenn fá ferðakostnað í, borgar fóður hestanna, svo að það þarf ekki að reikna hestaleigu í þingaferðum, ef sýslumaður á þá sjálfur. Það er satt, að sýslumenn þurfa að hafa fylgdarmann, en hins ber að gæta, að sýslumenn geta oft notað þingaferðir til annara embættiserinda.

Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að skrifstofukostnaðurinn væri miðaður við það, sem verið hefði fyrir stríð. Þetta er ekki rjett, því að nú er hann eins hár og launin voru fyrir stríðið, og sumstaðar hærri. En það ber líka að líta á það, að tekjurnar hafa stórhækkað síðan fyrir stríð. Móti hækkaðri húsaleigu koma hækkuð laun og móti því, að nú er dýrara að halda hesta kemur það, að nú fæst meira fyrir að leigja hestana. Jeg var sýslumaður á stríðsárunum, og það lengur en hæstv. forsrh. (SE), og er þess vegna ekki alveg ókunnugur þessu máli.

Þá gat hæstv. forsrh. (SE) um það, að sýslumenn væru óánægðir. Jeg efast ekki um, að sumir þeirra sjeu það. Það eru altaf til menn, sem eru óánægðir með kjör sín.

Forsætisráðherra (SE): Mjer þótti það undarlegt hjá háttv. 1. þm. Skagf. (MG) að líkja skrifstofum sýslumanna við einkaskrifstofur prófessora og annara embættismanna. Þetta nær vitanlega engri átt. Sýslumenn þurfa stöðugt að taka á móti fjölda manna og afgreiða þá; hjá þeim er eilíf ös, og þess vegna er óhugsandi, að skrifstofan geti verið eitt herbergi af íbúð þeirra. Ef þessi nýja kenning háttv. þm. (MG) yrði viðurkend, þá yrði að sjálfsögðu að láta ganga eitt yfir alla og láta það sama gilda um embættisskrifstofur hjer í Reykjavík. Og einmitt þetta veldur óánægju sýslumanna, að hjer fá embættismennirnir allan sinn skrifstofukostnað greiddan, en þeir verða að greiða nokkuð úr eigin vasa. Háttv. þm. (MG)

leggur mikið kapp á að sýna fram á, að þessi kostnaður sje of mikill hjá stjórninni, en þó hann grípi til þess örþrifaráðs að telja skrifstofurnar einkaherbergi og draga þá upphæð frá, þá verður áætlun hans samt of lág. Jeg get bent á sýslumanninn í Snæfellsnessýslu, sem allir viðurkenna, að sje sjerstakur sparnaðarmaður. Þó að skrifstofuleigan sje dregin frá, þá vantar hann samt 400—500 kr. á það, sem hann fær frá stjórninni, til þess að fá allan kostnað sinn greiddan.

Þá verð jeg að telja það hreina fjarstæðu, að þingaferðir kosti ekki neitt. Jeg veit það, að aldrei hafði jeg ráð á að kaupa mjer hesta, þegar jeg var sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu; varð altaf að leigja hesta, og jeg er viss um, að það var ódýrara fyrir mig heldur en að eiga þá. Jeg held það sje óþarfi að eyða fleirum orðum að því en gert hefir verið, að kostnaður við embættisrekstur sýslumanna er *mjög gætilega ákveðinn*.

Bjarni Jónsson: Jeg á hjer lítið erindi. Þó vil jeg þakka tveimur hæstv. ráðherrum fyrir að hafa mælt með brtt. mínum. Hæstv. atvrh. (KlJ) þakka jeg fyrir aðstoð hans viðvíkjandi útgáfu manntalsins frá 1703. Eins og kunnugt er, þá er hæstv. atvrh. mikill fræðimaður og veit góð deili á nauðsyn þessa verks. Þess má og geta, að skjal það, sem gefa á út, er hjer að láni, og það þykir tryggilegra um vísindarit að gefa þau út eftir frumritum heldur en eftir afskriftum, þó góðar sjeu, en enginn veit, hversu lengi þetta lán stendur.

Þá vil jeg þakka hæstv. forsrh. (SE) fyrir meðmæli hans með styrk til Kristjáns Jónassonar. Það er viðurkent af Kristjáni og mjer, að hann á enga lagalega kröfu, en það er sanngirniskrafa, að honum verði bætt það tjón, sem hann hefir beðið óverðskuldað vegna heilbrigðisráðstafana.

Þá vil jeg víkja að einu atriði, sem mikið hefir verið rætt hjer, að reisa loftskeytastöð í Grímsey. Jeg var þessu fylgjandi í nefndinni, því að afskektum eyjum og hjeruðum er nauðsynlegt að vera í sambandi við fjölmennari hjeruð, vegna lífsnauðsynja og til þess að ná í lækna eða aðra hjálp. Frá mínum bæjardyrum sjeð á helst að reisa þessar stöðvar með tilliti til Grímseyjar, því að hún er afskektust, og þarf því helst að komast í slíkt samband. Nú er það kunnugt, að Grímseyingar versla aðallega við Húsavík, og mæli jeg þess vegna með því, að landstöðin verði reist þar. Sjerstaklega á þetta við, ef sækja þarf lækni, því að á Siglufirði er oft mikið að gera fyrir lækni, og því erfitt að ná í hann þar, en á Húsavík *mundi það oftast auðvelt*. Með Siglufirði mælir ekki annað en það, að Siglfirðingar þurfa mest á veiðifrjettum að halda, en þær eru ekki eins nauðsynlegar eins og ef líf og heilbrigði er í veði. Jeg get því ekki fallist á, að stöðin verði á Siglufirði, nema gildari rök verði þar fram borin en gert hefir verið. Það má líka benda á það, að Siglufjörður er ekki eina veiðistöðin nyrðra, og er ekki víst, hve lengi hann hefir forustu á því sviði. Húsvíkingar þurfa líka á veiðifregnum að halda. Mjer virðist alt benda á Húsavík, og þá sjerstaklega ef tekið er tillit til Grímseyjar, og fyrir hana er stöðin aðallega reist. Þá má geta þess, að á milli Flateyjar og Siglufjarðar eru mikil fjöll, og má vera, að þau hefti að einhverju loftskeytasendingar. Mig brestur þekkingu á þessu atriði, og bendi jeg aðeins á það, mönnum til íhug-

unar, ef það kynni að vera rjett. Húsavík er einskonar höfuðstaður Norð-Austurlands, og hefir henni verið lítill sómi sýndur til þessa. Nú væri það vel fallið að auka veg hennar og reyna að örva þar viðskifti.

Næst Húsavík mæli jeg með Akureyri. Þar er einnig verslun Grímseyinga og auk þess er Akureyri stærsta kauptún Norðurlands, og því sjálfsagðari til þessa sóma en Siglufjörður. Þaðan er stutt leið til Húsavíkur, og yrði Grímseyingum það ekki mikið óhagræði.

Jeg mun því fyrst greiða atkvæði með Húsavík, en ef það verður felt, greiði jeg atkvæði með Akureyri, því að jeg hefi ekki heyrt þau rök, sem mæla svo sterklega með Siglufirði, að rjett sje að setja stöðina þar. Eins sje jeg ekki ástæðu til að fela símastjóra að úrskurða þetta, heldur er það þingsins verk.

Sigurður Stefánsson: Jeg get að mörgu leyti tekið undir þakklæti til háttv. nefndar. Jeg veit, að hún hefir átt í vök að verjast og hefir neyðst til að hækka gjöldin, en þó álít jeg, að hún hafi farið hóflega í það. Jeg vil hjer minnast á eitt atriði, styrk til sjúkrahúss á Ísafirði. Þetta snertir mitt kjördæmi líka, því sjúkrahúsið er líka handbendi Norður-Ísafjarðarsýslu. Nefndin hefir tekið til greina ósk Ísfirðinga í þessu efni, og er það síst að lasta, en jeg held, að það sje efasamt, hvort þessi upphæð kemur að tilætluðum notum. Hjer er aðeins um byrjun að ræða, og jeg get tekið undir það með hæstv. forsrh. (SE), að varla sje næg trygging fyrir framhaldinu, þó að við samþykkjum þessa till. Það er víst, að margir okkar heltast úr lestinni, og óvíst er, hvort þing, sem er öðruvísi skipað, lítur eins á þetta mál. Það getur líka verið, að fjárhagurinn verði svo þröngur, að ekki verði fært að halda verkinu áfram.

Jeg skal upplýsa það, að þó að sýslunefndin hafi samþykt að kosta að hálfu þessa byggingu, þá er hún alls ekki vel við því búin að leggja nú þegar út í þennan kostnað, því að nú sem stendur eru fjárhagsástæður sýslufjelagsins svo þröngar, að sýslan þyldi naumast að henni væri bundinn svo stór baggi fjárhagslega.

Jeg skal vitanlega ekki segja um Ísafjarðarkaupstað, hvað hann getur og vill gera í þessu efni, en þó er mjer nær að halda, að fjárhagsástæður hans sjeu ekki svo glæsilegar, að hann þurfi ekki að hugsa sig vel um áður en hann leggur út í svona stórfyrirtæki.

Þá vil jeg geta þess, að nauðsynin á þessari sjúkrahúsbyggingu virðist ekki vera mjög brýn, því að við höfum gamlan spítala, sem bætir allmikið úr bráðustu nauðsyn hjeraðsins og gerir mikið gagn. Er því víst, að hann dugir nú fyrst um sinn, að minsta kosti á meðan við höfum eins duglegan og góðan lækni við hann og nú er.

Þá er eitt atriði, sem hlýtur að vaka fyrir sýslufjelögunum, og það er, að með hverju ári, sem bygging þessi dregst, hlýtur hún að verða ódýrari. Og skal jeg í því sambandi benda á, að fyrst var áætlað, að hún myndi kosta 340 þús. krónur, en nú er áætlað, að hún muni kosta 220 þús. kr. Þarf því engan að iðra, þótt ekki hafi verið lagt út í hana, þegar alt var sem dýrast, þegar kostnaðurinn hefir nú þegar lækkað um 120 þús. kr. Og jeg get vel ímyndað mjer, að lækkunin haldi áfram enn þá. Það er því þessi lækkun, sem mest vakir fyrir mjer, að jeg vil láta doka við með þetta fyrirtæki, og mun engan undra það um mig.

Annars held jeg helst, að þessi fjárveiting yrði ekki notuð nú, eins og sakir standa, þó aldrei nema hún kæmist inn í fjárlögin. Það er alls ekki ætlun mín með þessu að reyna að spilla fyrir þessu máli, en fyrir hönd sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu vil jeg geta þess, að jeg býst við, að hún eigi mjög erfitt með að leggja fram fje til þessarar byggingar að svo komnu.

Jón Þorláksson: Jeg ætla að fara nokkrum orðum um hinar fyrirhuguðu loftskeytastöðvar í Grímsey og Flatey og stöð þá, sem byggja þarf í sambandi við þær á landi.

Mjer finst háttv. fjárveitinganefnd líta svo á, að loftskeytastöð sú, sem reist verður á Norðurlandi, muni ekki fá annað meira verkefni en að halda sambandi milli Grímseyjar, Flateyjar og lands. En slík stöð hlýtur að fá annað verkefni, sem hefir miklu meiri þýðingu fyrir þjóðfjelagið í heild sinni.

Jeg vil þá fyrst minna á það, að hjer er þegar kominn vísir til loftskeytastöðvakerfis, því að loftskeytastöðvar hafa verið reistar fyrst og fremst hjer í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Flatey á Breiðafirði og víðar. Jafnframt liggur í loftinu, að reisa þurfi tvær stöðvar mjög bráðlega, og hafa aðra á Norðurlandi, en hina á Austurlandi. Er ætlast til, að aðalhlutverk þeirra verði að hafa samband við skip úti í hafi, því að stöðvarnar á fiskiskipunum eru svo kraftlitlar, að þeim gengur mjög erfitt að ná sambandi við stöðina hjer, ef skipin eru fyrir austnorðan land, t. d. austur á Hvalbak. Sama er að segja um fleiri staði.

Aðalhlutverk stöðvarinnar á Norðurlandi verður því að hafa samband við skip, sem eru úti í sjó, og jafnframt fær hún annað verkefni, sem er að halda sambandi við loftskeytastöðvar þær, sem til eru hjer, þegar landlínurnar bila. Þriðja verkefnið yrði því að halda sambandi við eyjar. Þetta alt verður að hafa fyrir augum, þegar ákveða skal, hvar stöðin á að vera. Jafnframt verður að gæta þess að hafa stöðina þar, sem hún hefir mest verkefni, og þar af leiðandi gerir mest gagn, og einnig að hún sje sem næst góðu símasambandi. Landssímastjóri er mjög óánægður með að hafa þessa fyrirhuguðu norðanlands loftskeytastöð á Húsavík, sjerstaklega með tilliti til þess, að mest starf stöðvarinnar mun verða í því fólgið að afgreiða skeyti frá skipum og til þeirra. Húsavík er einungis talsímastöð, en ekki ritsímastöð, og liggur auk þess ekki á aðallínu landssímans, heldur á einni álmunni út frá henni. Sökum þessa þyrfti að setja þar upp öflugri stöð og jafnframt að fá mann, sem kynni símritun, og hann yrði að láta beinlínis læra til þessa starfa, því óhugsandi er, að núverandi stöðvarstjóri á Húsavík gæti tekið þetta að sjer, eins og háttv. þm. S.-Þ. (IngB) var að tala um, þar sem hann er nú orðinn aldraður maður, eflaust 50 ára gamall. Og landssímastjóri segir, að svo gamlir menn geti tæplega lært það, er með þarf til þessa starfa. Myndi því aukakostnaður við þessa stöð á Húsavík geta orðið um 2500 kr. Til samanburðar skal jeg nefna stöðina í Vestmannaeyjum; hún hefir engan aukakostnað í för með sjer, því hún er í sambandi við ritsímastöðina, og starfsfólk hennar telur loftskeytaafgreiðsluna sem einn part af sínu daglega verki.

Því hefir verið haldið fram, að Grímsey þurfi að fá beint samband við Húsavík, af því að þar sje verslunarstaður Grímseyinga. En þetta er vanhugsað hjá hv. nefnd. Því að þeirri reglu hefir ekki

verið fylgt, þó að afskekt hjeruð hafi fengið loftskeytastöðvar, og má þar til nefna stöðina á Síðu; hefir hún samband beint hingað til Reykjavíkur, en ekki til Víkur, þó að þar sje verslunarstaður hjeraðsins. Líka hefir komið til tals að setja stöð í Öræfin, en ekki hefir heyrst, að hún eigi að fá beint samband við Hornafjarðarkaupstað, sem mun þó vera verslunarstaður þeirrar sveitar.

Þó Grímsey fái nú ekki beint samband við sinn verslunarstað, er henni alls ekkert gert rangt til, og virðist svo sem Grímseyingar hafi skilið þetta vel, jafnvel betur en háttv. fjárveitinganefnd.

Þá hefir því verið haldið fram, að erfitt sje að fá samband frá Siglufirði til Húsavíkur, en þar hefir gætt töluverðs misskilnings, því að þó erfitt kunni að vera að ná talsímasambandi við Siglufjörð um síldartímann, þá er þó alls ekki vont að fá skeytasamband, eftir því, sem landssímastjóri skýrir frá. Og myndu því skeyti, sem loftskeytastöðin í Grímsey sendi til stöðvarinnar á Siglufirði, komast tafarlaust þaðan til Akureyrar, en frá Akureyri yrði vitanlega að senda þau sem talsímaskeyti til Húsavíkur.

Það er vitanlegt, að óþægindi töluverð eru við að þurfa að nota talsímalínu á kafla, þar sem loftskeytastöðvar eru. En þó talsenda þurfi lítinn hluta þeirra skeyta, sem á milli stöðvanna fara, eru það hverfandi óþægindi, samanborið við að þurfa að talsenda allan meginþorra þeirra, sem áreiðanlega myndi þurfa, ef stöðin yrði sett á Húsavík; því að full vissa er fyrir því, að skeyti frá skipum, sem send yrðu til stöðvarinnar á Húsavík og þaðan til Siglufjarðar, verða miklu fleiri en þau skeyti, sem Grímseyingar þyrftu að senda til lands. *(IngB*: Flatey þarf að senda skeyti líka). Um Flatey hefir landssímastjóri beðið þess getið, að þar sem hún liggur svo nærri landi, myndi vera rjett að athuga, hvort ekki væri hentugast að leggja þangað talsímalínu með sæsíma út í eyna, þar sem kosta myndi að starfrækja svo litla loftskeytastöð alt að 2—3 þús. kr. á ári.

Jeg spurði landssímastjóra, hvar þessi loftskeytastöð væri best sett á Norðurlandi, og taldi hann engan efa á, að það væri á Siglufirði, og þar næst á Akureyri. Og ef bygð yrði smástöð á Húsavík, sem síðar meir ekki fullnægði þörfinni, þá mætti búast við, að hún yrði lögð niður, þegar aðalstöð yrði bygð fyrir alt Norðurland. Vil jeg því ráða háttv. deild til að samþykkja ekki tillögu fjvn. fyr en hún hefir athugað vel, hvort ekki sje rjett að byggja loftskeytastöð, sem fullnægi öllu Norðurlandi.

Viðvíkjandi erfiðleikunum á að hafa stöð á Siglufirði, af því að rafveitan fullnægði ekki, er því til að svara, að sjeð mun verða fyrir því, að hún fái nægilegt afl til starfrækslu, þegar hún þyrfti og rafveitan ekki fullnægði, sem vera mun aðeins um þann tíma, sem mest er notað rafmagn til ljósa. Getur sú móthára því ekki komið til greina.

Út af því, sem háttv. þm. Dala. (BJ) sagði, að kostnaðurinn við stöðvar þessar yrði meiri sökum fjarlægðarinnar á milli þeirra, vil jeg taka það fram, að allar vegalengdirnar milli þessara umræddu staða eru svo litlar, að mismunurinn á þeim skiftir engu máli.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi greint, og sökum hinnar miklu nauðsynjar fyrir landið alt að fá loftskeytastöð á Norðurlandi á hentugum stað, hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. á þskj. 321, um að liðurinn orðist svo: „Loftskeytasamband milli Grímseyjar, Flateyjar og lands“. Er því til ætlast, að staðurinn

verði ákveðinn eftir tillögum landssímastjóra.

En þar sem nú landssímastjóri hefir sagt mjer, að hin fyrirhugaða aðalloftskeytastöð Norðurlands væri langbest sett á Siglufirði, vil jeg biðja hæstv. forseta að skoða tillögu mína sem varatillögu við tillögu háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), og bera hana því síðar upp; því jeg sje mjer fært að greiða atkvæði með henni, í því trausti, að málið verði þá til lykta leitt á rjettan hátt.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Í þessum kafla fjárlaganna ætla jeg mjer ekki að fjölyrða um hvert einstakt atriði. Þó vil jeg minnast á það, sem hv. 2. þm. Reykv. (JB) sagði viðvíkjandi 7. gr., um hvernig væri háttað rentum og afborgunum af enska láninu. Mestur hluti enska lánsins rann á sínum tíma til bankanna, aðallega Íslandsbanka, og hafa þeir lánið með sömu rentu- og afborgunarskilmálum og ríkið hafði. Ríkissjóður er í skuld fyrir alt enska lánið, en á hins vegar mikla upphæð af því hjá bönkunum. Jeg skal játa, að eðlilegast og rjettast væri að telja allar greiðslur af því ríkissjóði til gjalda og hins vegar tekjumegin — eða þá frá dregið gjaldamegin innan línu — rentur og afborganir frá bönkunum. En meðan bankarnir standa í skilum með sínar greiðslur er hlutfallið að efni til sama og hjer væri um ríkisábyrgð að ræða, og því hefi jeg af „loyaliteti" gagnvart fyrverandi stjórn og til þess að samhengi haldist í reikningunum tilfært enska lánið „nettó" á sama máta og hún. Útkoman verður sú sama og villir engan, þegar vitanlegt er, að ríkið stendur í fullri og beinni ábyrgð fyrir öllu láninu. Annars er jeg þakklátur háttv. fjvn. fyrir það, að hún hefir ekki hróflað við 7. gr.

Síðan fjárlagafrv. var samið hefir nokkur gengisbreyting orðið; danska krónan hefir lækkað, en pundið hækkað, en það vegur hjer um bil hvort annað upp, svo aðalupphæðin getur haldist.

Viðvíkjandi hækkun símalauna hefi jeg litlu að bæta við það, sem hæstv. atvrh. (KlJ) hefir sagt. Þegar frumvarpið þurfti að fara í prentun og hann hafði ekki enn þá endanlega uppgerð yfir upphæðina, setti jeg sömu upphæð og í núgildandi fjárl. til bráðabirgða og gekk út frá, að lækkun dýrtíðaruppbótar, úr 80% niður í 60%, væri að minsta kosti næg til að vega á móti auknum starfsmannafjölda. Sú hefir ekki alveg orðið raunin á, hvort sem það nú stafar af því, að atvinnumálaráðuneytið hefir samþykt svo mikla aukningu starfsmanna eða stjórnin í fyrra hefir áætlað heldur lágt.

Um annað atriðið, viðvíkjandi aths. við símalagningar, get jeg ekki verið hæstv. atvrh. (KlJ) sammála um, að sje óþarfi, eða rjettara sagt þessi upptalning væntanlegra símalína er jafnóþörf, hvort sem aths. fylgir eða ekki. Það er honum og öðrum vitanlegt, að fje er ekki aflögum í þetta, og jeg get sagt honum það fyrir, að hann fær ekki lán til svona hluta. Hjer er því ryki slegið í augu háttv. kjósenda, og ef meira ætti að verða úr því, tel jeg það alveg frágangssök að nota svona veitingar til þess að fleyta stjórninni fram yfir þing eða þingmönnum fram yfir kosningar.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) mintist á, að í fjárlögunum, aðallega 12. grein, væri ekki um auðugan garð að gresja með styrkveitingar til sjúkrafjelaga og verkalýðs og framlög til tryggingar lægri stjetta. Því er ekki að neita, að lítið er um slíkt. En þar er komið niður á principatriði viðvíkjandi fyrirkomulaginu á tryggingarmál-

um. Sú leið er mjög víða farin, að flokka tryggingarmálin þannig, að sjúkratrygging sje út af fyrir sig, ellitrygging sjer o. s. frv., og mynda svo allar þessar sjerstöku tryggingar eitt kerfi, þar sem menn eru eiginlega trygðir fyrir öllu því, sem á kann að bjáta. Þetta kerfi kemur þannig í stað allsherjar- eða þjóðtryggingar, og er sú leið farandi í stórum löndum, þar sem mannfjöldinn er nógur. En hjer í fámenninu held jeg, að hún geti ekki komið til greina, en bein allsherjartrygging hygg jeg eigi vel við hjer, þar sem menn gætu verið trygðir jafnvel alt frá blautu barnsbeini. Þetta er vitanlega algerlega framtíðarmál, en jeg vildi svara þessu til út af ummælum háttv. þm. (JB), þar eð jeg geri ekki ráð fyrir, að tök sjeu á að hafa tryggingar hverja í sínu lagi. Jeg skal geta þess, að jeg hefi þó gert nokkuð að undirbúningi þessa máls og talað við nefnd í þinginu um frumdrætti þessara trygginga og um, hvernig haganlegast væri að koma þeim fyrir, en jeg þori ekki að fullyrða, hvort frumvarp í þessa átt nær að koma til umræðu á þessu þingi, þó síst væri of fljótt að fara að hreyfa málinu.

Stefán Stefánsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð. Sjerstaklega ætla jeg að svara háttv. frsm. nefndarinnar (MP) nokkrum orðum.

Jeg vona, að háttv. deildarmenn hafi tekið eftir því, að þegar jeg mintist á málið í gær, þá byrjaði jeg með því að þakka háttv. fjárveitinganefnd fyrir góðar undirtektir á málinu. Jeg verð að taka það fram um leið, að jeg var samþykkur nefndinni um, að nauðsynlegt væri að reisa líka stöð í Flatey, svo að um þetta þurfti ekki háttv. þm. S.-Þ. (IngB) að fara mörgum orðum. En það verð jeg að vona, að háttv. nefnd fyrirgefi, þótt jeg gæti ekki þakkað henni eða borið sjerstakt lof á hana fyrir að hún setti Húsavík í stað Siglufjarðar, því það er sannarlega að gera málinu mikinn óleik, sje alment á það litið. En þar sem háttv. frsm. (MP) sagði, að jeg hefði lesið of skamt í brjefi Grímseyinga, og kvaðst ætla að hjálpa mjer til með lengri lestri, og gaf þannig í skyn, að jeg færi með blekking eða gæfi rangar upplýsingar um afstöðu Grímseyinga í málinu, þá ætla jeg ekkert að segja um það, hvorum okkar er fremur trúandi til þess að fara með blekkingar eða villandi upplýsingar, en til að sýna, hvort jeg hafi verið að dylja það, að viðskifti Grímseyinga væru að miklu leyti við Húsavík, þá hefi jeg fengið hjá skrifurunum það, sem jeg sagði í gær um þetta mál. Ætla jeg að leyfa mjer að lesa það upp, en það er svo hljóðandi:

> „Enn fremur hafa Grímseyingar, eftir nákvæma athugun, látið það álit sitt í ljós, að stöðin yrði betur sett á Siglufirði. Er þeim það þó sjálfum síst í hag, því að þeir hafa miklu meiri viðskifti við Húsavík en Siglufjörð".

Þegar litið er til þess, á hverju það byggist, að háttv. frsm. (MP) gaf í skyn, að jeg væri að leyna viðskiftum Grímseyinga við Húsavík, þá sjest, að jeg hefi ekki verið að leyna neinu til styrktar því, að stöðin yrði frekar á Siglufirði. Jeg held því, að það, sem jeg sagði um málið, hafi verið í fylsta máta rjett. Háttv. þm. S.-Þ. (IngB) mintist líka á, að Siglfirðingar hefðu sent vaskan mann til Grímseyjar til þess að „agitera" fyrir málinu. Var nokkuð athugavert við það? Jeg held, að háttv. þm. (IngB) megi vera ánægður yfir, að hreyfing komst á málið, því að það verður að miklu leyti því að þakka, verði stöð bygð í Flatey. Það hefði sennilega ekki

verið flutt annars á þessu þingi. Annars fann jeg ekki neinar upplýsingar í ræðu háttv. þm., þær er nokkuð væri leggjandi upp úr. Aftur á móti hefir háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) minst á ýmislegt, er verulega snertir þetta mál, en sem mjer að vísu var fyllilega ljóst, og kann jeg honum þakkir fyrir að hafa bent á það.

Magnús Guðmundsson: Jeg get verið skammorður. Hæstv. forsætisráðherra sagði, að ef skilningur minn á launalögunum væri rjettur, myndi af því spretta óánægja meðal sýslumanna úti um land, er þeir bæru kjör sín saman við embætti í Reykjavík. Jeg skal ekkert um það segja. En það er alkunna, að dýrara er að lifa hjer en annarsstaðar á landinu, enda ber frv. sú, er kom fram hjer í deildinni um daginn, vott um það. Aðalatriðið stendur óhaggað, sem sje, að flestir embættismenn hjer þurfa að hafa að minsta kosti eitt herbergi út af fyrir sig. Um hestahald sýslumanna get jeg ekki verið á sama máli, eftir minni reynslu. Það er vitaskuld ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að sýslumaðurinn verði að leigja sjer hest fyrir borgun, ef hann á engan sjálfur. En jeg held því fram, að það borgi sig fyrir sýslumenn að eiga hesta sjálfir, og því sje sjálfsagt fyrir þá að gera það. Allir vita, að ferðalög sýslumanna í embættiserindum geta verið mjög mikil. Þeir fá borgun fyrir hesta til þeirra ferða, og við það fæst fóðurkostnaður hestanna. Það tjáir ekki að mótmæla því, að flestir embættismenn verða að hafa vinnuherbergi fyrir sig, án þess að fá sjerstaka borgun, og jeg sje ekki, að sýslumenn eigi fremur kröfu á borgun fyrir það embætti en aðrir, og ákvæði launalaganna eru ekki þessum skilningi til fyrirstöðu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg heyrði því miður ekki alla ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (SSt), en mjer skildist, að hann hafi heldur andmælt tillögunni um styrk til sjúkrahúss á Ísafirði. Það mun rjett, að sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir álitið, þegar hún samþykti að leggja fje til byggingar þessa mjög þarfa fyrirtækis, að ekki gæti komið bráðlega til framkvæmda. Fjárhagur sýslunnar er að vísu ekki góður, en það er ekki hægt að telja hann erfiðan, því að þótt sjóður sje lítill, þá eru skuldirnar líka litlar. En okkur er báðum kunnugt, að Ísafjarðarkaupstaður á ertitt; þar veltur alt á sjónum, og ef hann bregst, hnekkir það öllum framkvæmdum, en fiskist vel, er hann fljótur til viðreisnar. Jeg get ekki verið sammála háttv. þm. (SSt) um, að þörfin fyrir sjúkrahúsið sje ekki brýn. Jeg álít, að það megi ekki dragast lengur, þar sem altaf eru fleiri eða færri sjúklingar, sem koma verður fyrir úti í bæ, af því ekki er til húsrúm fyrir þá í sjúkrahúsinu, þó nú sjeu þar höfð 16 sjúkrarúm, en húsið bygt fyrir 8—10. Háttv. þm. (SSt) mælti ekki á móti fjárveitingunni, að því er mjer skildist, því að verði hún ekki notuð, þá er engu spilt, og auðvitað verður hún ekki notuð, nema sýslusjóður og bæjarsjóður sjái sjer fært að ráðast í fyrirtækið.

Jeg ætlaði að minnast nokkru nánar á loftskeytasambandið við Grímsey, en jeg læt mjer nægja að brýna það fyrir mönnum, ef þeir hugsa til, að sjávarútvegurinn hljóti gagn af því loftskeytasambandi, þá sje sjálfsagt að hafa stöðina í landi á Siglufirði.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg býst við, að jeg þurfi ekki að halda langa

ræðu. Jeg get slept að svara hæstv. forsrh. (SE), því að það hefir háttv. 1. þm. Skagf. (MG) þegar gert.

Út af fjárveitingunni til manntalsútgáfunnar, sem nefndin gat ekki mælt með, skal jeg geta þess eins, að þó nefndin teldi þetta að vísu gott mál á sínu sviði, áleit hún, að það mætti bíða svo sem ár enn, ekki síður en margt annað.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði enn allmikið um vitana austur í kjördæmi sínu og fór nú út í samanburð við aðra staði, m. a. Keflavík. En þetta tvent er alls ekki sambærilegt, því á síðarnefnda staðnum þótti sveitinni sjálfri svo mikið við liggja, að hún ljet reisa vitann án nokkurs styrks, en leitaði svo styrks eftir á að nokkrum hluta. Annars veit jeg ekki til, að fjvn. hafi gefið neitt loforð um Strætishorns- og Papeyjarvitana og er ekki bundin við það að fara eftir neinu öðru í þessu efni en henni þóknast og þykir rjett. Jeg þarf annars ekki að fjölyrða um þetta nú, en get vísað til þess, sem áður er sagt frá nefndarinnar hálfu um þetta mál. Jeg vil aðeins undirstrika það, að hjer er um að ræða stefnumál og stefnumun, sem frá nefndarinnar hálfu gengur jafnt yfir alla, svo að alveg ástæðulaust er að vera stöðugt að japla á því, að verið sje að ganga fram hjá Austfirðingum í þessu efni.

Háttv. sami þm. (SvÓ) var einnig að tala um það, að breytingarnar á framkvæmdum í vegagerðum kæmu, samkvæmt tillögum nefndarinnar, næstum því eingöngu niður á kjördæmum nefndarmanna sjálfra. Jeg veit nú ekki, hvers vegna þetta er sagt, ef það er ekki til þess að gefa í skyn, að nefndin sjái ekki út fyrir sín eigin kjördæmi og sína eigin hagsmuni. Slíkum dylgjum þarf jeg ekki að svara. En um vegatill. sjálfar vil jeg segja það, að þær hafa fyrir löngu verið lagðar til af vegamálastjóra, svo að barnalegt er að saka nefndina um neitt í þessu efni, og þá því síður vegamálastjóra, því engum dettur víst í hug, að hann hafi fyrir nokkrum mánuðum getað útbúið slíkar till. í samræmi við það, hvernig fjvn. yrði ef til vill skipuð nú.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði einnig um það, að ekki væri alt undir því komið að koma sem flestu í verk, heldur því, hvað væri til mests hagnaðar fyrir ríkið í heild sinni. Og þetta er sjálfsagt rjett; en þá verða menn jafnframt að muna það líka, að fleira er hagnaður en beinn peningahagnaður, og er óbeini hagurinn oft ekki minna virði en sá beini. Má minna þar á símana t. d. En úr því að jeg mintist á síma, skal jeg víkja stuttlega að ummælum, sem hjer hafa fallið um viðhald símalínanna, þar sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að þær væru margar orðnar svo gamlar, að stórfje þyrfti til endurbóta á þeim. En nú er það svo, að allmikið fje er árlega veitt til viðhalds símalínum, og ætti það, eftir því sem landssímastjóri telur, að nægja til þess að endurnýja línurnar eftir þörfum smám saman.

Mjer þykir leiðinlegt, að jeg þarf að verða langorðari en jeg bjóst við. En jeg verð að minnast á nokkrar brtt., og vil jeg þá aðallega snúa mjer að loftskeytastöðvartillögunum norðanlands. Hv. 3. þm. Reykv. (JP) hefir komið fram með brtt. í þá átt, að aðeins skuli tiltaka, að stöðin verði norðanlands, ótiltekið hvar. Álasaði hann nefndinni fyrir það, að hún hefði of mjög einblínt á það, að stöðin ætti eingöngu að vera til þess að skapa samband milli vissra staða norðanlands innbyrðis, en ekki tekið tillit til þess, hve nytsamt það væri yfirleitt að fá stöð fyrir Norðurland alment. Jeg held aftur á móti, að hann hafi einblínt of mjög á þessa síðari

hlið. En þó svo væri, að stöðin ætti aðallega að vera skipastöð fyrir Norðurland, sje jeg ekki, að hún væri betur sett á Siglufirði heldur en í Grímsey, Flatey og á Húsavík, því þar mundi hún einnig vera í sambandi við alt símakerfi landsins, en auk þess skapa þessum stöðum samband, sem þeir hafa ekki. Út af því, sem sagt var í þessu sambandi, að stöðin þyrfti að hafa samband við aðallínu landssímans, og þess vegna væri ekki hægt að fara eftir till. nefndarinnar, sje jeg heldur ekki, að Siglufjörður sje þar betur settur, því hann mun líka vera á aukalínu út frá aðallínunni. Og það, sem sagt var um nauðsyn eða sanngirni þess að fá Norðurlandsstöð, af því að Vestfirðir hefðu þegar fengið eina á Ísafirði, er það fyrst og fremst rangt, að nokkur stöð sje á Ísafirði; hún er á Hesteyri, og svo er einmitt Hesteyrarstöðin, eða lega hennar, líka til að mæla á móti Siglufirði fyrir hina stöðina, því þá yrði óþarflega stutt á milli þeirra, en hins vegar langt svæði austur á bóginn stöðvarlaust. Er bersýnilega haganlegra, einmitt ef um skipastöð fyrir Norðurland væri að ræða, að hafa hana austar, og þá á Húsavík, og mundi það koma að miklu meira gagni. Ástæðan, sem færð var fram á móti Húsavík, að stöðvarstjórinn væri orðinn svo gamall, að hann gæti ekki lært að fara með loftskeytatækin, er mjög lítils virði. Það hefir líka verið tekið fram hjer, að það er alls ekki hann sjálfur, heldur börn hans, sem starfrækja stöðina, og kemur þetta því alls ekki til greina, því ekki mun það á orði haft, að þau sjeu ómöguleg til lærdóms. Annars þykir mjer það undarlegt, hvað landssímastjóri leggur fast á móti stað nefndarinnar. En í sambandi við það, sem eftir honum hefir verið haft hjer, skal jeg taka það fram fyrir mitt leyti, að að Húsavík fráskildri tel jeg Akureyri heppilegasta staðinn.

Hv. 1. þm. Eyf. (StSt) þarf jeg engu að svara, og út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. (SSt) sagði um það, að ekki væri nægileg trygging fyrir framhaldsfjárveitingu til sjúkrahússins á Ísafirði, skal jeg geta þess, að sennilega verður ekki byrjað á verkinu fyr en á næsta ári, og mundi þá geta orðið sjeð um hug næsta þings áður en hafist yrði verulega handa, og tillaga nefndarinnar sniðin til þess eins að skifta fjárveitingunni niður á fleiri fjárhagstímabil, en alls ekki til þess að gera málið að neinu leyti ótryggara.

Að lokum vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, að till. nefndarinnar um símalínurnar verði bornar upp allar í einu lagi, því nefndin hefir ekki viljað gera greinarmun á þeim.

ATKVGR. um 6.—13. gr.

6.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 273,1 feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MJ, MK, PÞ, SSt, SvÓ, ÞorstJ, BJ, GunnS, JakM, JB, BSv.

nei: JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BH, EÞ, EE, HK, IngB, JAJ.

10. gr., óbreytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 254,16—18 samþ. með 23 shlj. atkv.

— 254,19 samþ. með 27 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 254,20 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, IngB, JakM, JAJ, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, SSt, ÞorlG, BSv.

nei: ÞorstJ, BH, GunnS, HK, JB, JS, LH, MK, PO, PÞ, StSt, SvÓ.

Brtt. 254,21 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 254,22 samþ. með 15:7 atkv.
— 254,23 samþ. með 22 shlj. atkv
— 254,24 samþ. án atkvgr.
— 292,I tekin aftur.
— 254,25 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 254,26 samþ. með 15:5 atkv.
— 254,27 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 254,28 samþ. með 19:2 atkv.
— 254,29 samþ. með 18:7 atkv.
— 254,30 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 254,31 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 254,32a samþ. með 24 shlj. atkv.
— 254,32b feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, GunnS, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, BSv.

nei: ÞórJ, BH, EE, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG.

Brtt. 254,32c feld með 15:10 atkv.
— 254,33a feld með 17:7 atkv.
— 254,33b samþ. með 22:1 atkv.
— 254,33c samþ. með 21 shlj. atkv.
— 254,33d samþ. með 24 shlj. atkv.
— 254,33e feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÞ, GunnS, IngB, JakM, JAJ, JB, LH, MJ, MK, MP, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BSv.

nei: BH, EE, HK, JS, JÞ, MG, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞórJ.

Brtt. 254,33f tekin aftur.
— 273,2 feld með 20:5 atkv.
— 319 samþ. með 15:8 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 254,34 samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞórJ, BJ, BH, EE, GunnS, IngB, JakM, JB, JS, JÞ, LH, MG, MK, MP, BSv.

nei: SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, EÞ, HK, JAJ, MJ, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt.

Brtt. 254,35a—c samþ. með 19:2 atkv.
— 292,II feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, JB, JÞ, LH, MG, MK, MP, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BSv.

nei: ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JAJ, JS, MJ, ÓP, PO, SSt.

Brtt. 254,36 samþ. með 18:7 atkv.
— 254,37 samþ. án atkvgr.
— 254,38a—b samþ. með 20:5 atkv.
— 254,39a—c samþ. með 24 shlj. atkv.
— 254,40a—e samþ. með 21:2 atkv.
— 292,III feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, ÞorstJ, BH, HK, JAJ, JÞ, MG, MJ, MK.

nei: SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, IngB, JakM, JB, JS, LH, MP, BSv.

Brtt. 321 samþ. með 17:7 atkv.
— 254,40f fellur burtu.
— 254,40g samþ. með 24 shlj. atkv.
— 254,42 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 254,43 samþ. með 18:2 atkv.
— 254,41 tekin aftur.
— 254,45 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 254,46 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 292,IV tekin aftur.
— 292,V feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstJ, BH, GunnS, HK, JB, MK, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, BSv.

nei: ÞórJ, BJ, EÞ, EE, IngB, JakM, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SSt.

13. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það mun sjálfsagt hlýða að byrja á því að þakka

háttv. deildarmönnum fyrir úrslit þess kafla fjárlaganna, sem nú er háinn. En nú kemur að þeim kaflanum, sem erfiðara á uppdráttar jafnan, ef um hækkanir er að ræða. Nú vill svo til, að ekki eru miklar hækkanir frá nefndinni. Við 14. gr. nema þær 50 þús. kr. og við 15. gr. 20 þús. kr., og hafa oft sjest meiri hækkanir. Vona jeg því, að háttv. deild taki þeim vel.

Vera má, að jeg taki upp eitthvað af því, sem sagt er í nefndarálitinu, því mjer fanst það koma fram við atkvgr. hjer á undan, að ýmsir hefðu ekki lesið það eða glöggvað sig á því.

Fyrsta brtt. við 14. gr. er um styrkupphæð til stúdenta, er stunda nám við erlenda háskóla. Í athugasemdinni stendur, að styrkurinn skuli aðeins veittur fyrstu 4 árin í röð, og kemur hann í staðinn fyrir gamla Garðsstyrkinn. Nú hefir það sýnt sig, að ekki er síður þörf að styrkja stúdenta eftir 4 ára nám heldur en á þessu tímabili, eins og átti sjer stað áður. Nefndin vildi því breyta til um þetta, hætta að einskorða styrkinn við 4 ár, en halda lengra áfram.

Næsta brtt., um að hjeraðslæknirinn í Reykjavík fái 1500 kr. fyrir kenslu í háskólanum, er ekki nýr liður í fjárlögunum; hann hefir staðið þar áður, en fallið úr nú fyrir gleymsku. Hjeraðslæknirinn hefir verið ráðinn til að kenna helstu grein læknisfræðinnar í háskólanum, enda hefir stjórnin greitt honum þóknunina eftir sem áður. Er því rjett, að upphæðin standi í fjárlögunum, og hefir nefndin tekið hana upp eftir ósk stjórnarinnar.

Þá kemur liður, sem er algerlega nýr, að veitt verði fje til ferðastyrks stúdenta, sem fara til annara landa í stúdentaskiftum við erlenda stúdenta. Eins og menn hafa sjeð, eru hafin skifti milli íslenskra stúdenta og erlendra háskólastúdenta. Íslensku stúdentarnir hafa fengið góð kjör til dvalar erlendis, en sjálfir orðið að kosta ferðir sínar. Þessi skifti hafa átt sjer stað við Þýskaland og Noreg; en nú er gert ráð fyrir að fjölga löndum, sem farið sje til, og bæta við Englandi, Frakklandi og jafnvel Ameríku. Eins og öllum mun kunnugt, eru íslensku stúdentarnir fátækir og hafa litlu úr að spila, og veitir þeim þetta örðugt, svo að þeir geta ekki notið þessara menningarmeðala, ef þeir fá ekki ferðakostnaðarstyrk. Nefndin telur þetta gott mál, er verði stúdentunum til menningar og einnig til góðrar kynningar á Íslandi erlendis. Hún vill ekki láta íslensku stúdentana verða af þessu, heldur stuðla til, að þeir komist á milli landa; þó hefir hún ekki sjeð sjer annað fært en að helminga upphæðina, sem stúdentaráðið fór fram á.

Þá kemur nýr liður, um 500 kr. fjárveitingu til umbúðakaupa og annara nauðsynja við ókeypis lækningar. Þessi liður er alveg sjálfsagður, og verður þetta tekið upp á næstu árum, þó að það hafi ekki átt sjer stað um tíma.

Þá vill nefndin hækka liði óvissra útgjalda til skólans á Hvanneyri. Skólastjórinn og húsagerðarmeistari ríkisins telja, að eftir sje að gera við húsið; eins og allir háttv. deildarmenn vita, þarf að mála nýja húsið, áður en það skemmist, og ýmis önnur hús, sem ekki hafa verið máluð síðan 1911. Það er margfaldur kostnaður fyrir ríkið, ef eignir þess skemmast fyrir vanrækslu sakir, og er þetta því búhnykkur, sem jeg vænti, að hv. þm. sjái og samþykki.

Sama er að segja um næsta lið, ýms gjöld á Hólum; þar eru ýms hús af sjer gengin, þök öll að skemmast og farin að ryðga. Gera þarf við þau, til þess að koma í veg fyrir frekari skemdir á hús-

unum, er valda óþarfa kostnaði fyrir ríkissjóð.

Nú sje jeg, að hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) hefir komið með brtt., sem nefndin mun geta fallist á, þó að með henni sje farið fram á hækkun á fjárveitingu nefndarinnar, ekki síst þar sem fje mun hafa verið sparað til þessa á undanförnu ári.

Þá hefir nefndin ekki getað orðið hæstv. stjórn sammála um að færa niður þóknun til forstöðumanns yfirsetukvennaskólans. Þessi þóknun nam lengi 1000 krónum, og var ekki hækkuð fyr en löngu eftir að laun annara starfsmanna ríkisins höfðu verið hækkuð. Er því full ástæða til að hlaupa ekki strax í að lækka hana aftur, enda mun hún síst of há 1500 kr.

Þá er tillaga frá nefndinni um að hækka styrk til farskóla í sveitum úr 9000 kr. upp í 10000 kr. Nefndin telur þetta fyrirkomulag heppilegt, eftir því sem um er að gera, og gerir ráð fyrir, að farskólar muni heldur aukast, og vill því láta þá farskóla, er við bætast, einnig verða styrks aðnjótandi, og fyrir því hefir hún hækkað styrkinn lítið eitt.

Forstöðumaður kennaraskólans og háttv. mentamálanefnd hafa mælt með því, að tekinn yrði upp aftur styrkur til námskeiðs eða framhaldskenslu handa kennurum, en sá styrkur var feldur niður á síðasta ári. Þessi námskeið hafa staðið um 12 ár og komið að góðu haldi. Eftir því sem skólastjórinn skýrir frá, hafa um 25 kennarar sótt námskeið þetta á ári hverju að jafnaði, og hafa margir þeirra verið menn, er ekki hafa notið kennaraskólamentunar. En þar sem flestir kennarar ni hafa notið slíkrar mentunar, má búast við því, að fækki á námskeiðunum, og hefir því nefndin ekki lagt til, að allur styrkurinn, sem farið var fram á, verði veittur, en leggur til, að 1000 krónur verði veittar í þessu skyni.

Eins og kunnugt er frá orustum síðasta þings, hefir fjvn. ætíð verið hlynt unglingaskólafyrirkomulagi. Vill hún enn sýna þann vilja sinn með því að hækka styrk til þeirra um 5000 kr. Nefndin býst við, að þeim skólum fjölgi, og að eins beri að styrkja þá, er við kunna að bætast. Henni er og kunnugt um, að skólar þeir, er undanfarið hafa verið styrktir, muni halda áfram næsta ár, og eftir öllum upplýsingum, munu þeir skólar vera fullkomlega maklegir þess styrks, er þeir hafa notið úr ríkissjóði.

Þá er jeg kominn að stærstu brtt. nefndarinnar við þennan lið, en það er, að styrkur verði veittur til að reisa alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu, alt að 35000 kr. Er þetta nýmæli, því enn hefir ekki verið veittur styrkur svo nokkru nemi til slíkra framkvæmda úr ríkissjóði. Hefir verið sívakandi áhugi um mörg undanfarin ár hjá Þingeyingum að koma slíkum skóla á fót, og hafa ungmennafjelögin þar nú tekið þessa hugsjón að sjer. Hefir verið leitað samskota í tilefni af þessu, og hefir þegar áskotnast um 22 þús. kr. bæði í peningum og föstum loforðum. Ráð er gert fyrir því, að skólinn verði hafður í sveit; hefir staðurinn þegar verið ákveðinn, mun eiga að vera Grenjaðarstaður. Er gert ráð fyrir því einnig, að bú verði rekið í sambandi við skólann, að minsta kosti að einhverju leyti, og á skólinn að vera sjálfseignarskóli, líkt og tíðkast með skóla í Danmörku og víðar. Fleira hefir þegar verið ákveðið um fyrirkomulag skólans í smærri atriðum, og mun reynslan sýna, hve heppilegt það er. Nokkurskonar tilraunaskóli hefir verið haldinn undanfarna vetur á Breiðamýri, en hann getur nú ekki starfað lengur, sökum húsnæðisskorts.

Þá má og telja það meðmæli, að væntanlegur skólastjóri er fyrirhugaður Arnór Sigurjónsson, sem Alþingi er áður að góðu kunnur.

Nefndin taldi rjett, að ríkið styrkti slíka stofnun, þar sem unglingar eftir 15 ára aldur geta aflað sjer fræðslu.

Nú er ekki gott að segja, hvaða stefnu hið háa Alþingi ætlar að taka upp með styrkveitingar til slíkra skóla. Fjárveitinganefnd leggur til, að ríkið greiði $^2/_5$ kostnaðar við það að koma slíkum skólum á fót, og gerir ráð fyrir því, að um leið og þingið samþykkir þennan styrk, samþykki það einnig þetta fyrirkomulag í framtíðinni eða leggi grundvöllinn undir það.

Sumum háttv. þm. kann nú ef til vill að virðast þetta há upphæð, sem nefndin leggur til, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að skólinn kosti meira en 70000 krónur. En þar við er þess að gæta, að þetta er ekki nein föst áætlun, heldur aðeins ágiskun, og má búast við því, að kostnaður verði allmiklu meiri. En þó að svo færi, að kostnaðurinn færi ekki fram úr þessum ágiskuðu 70 þús. kr., þá er ákveðið um, að greiða skuli aðeins $^2/_5$ kostnaðarins, slagbrandur fyrir því, að hærra verði greitt en sem því svarar.

Þá vill nefndin hækka lítið eitt styrk til lýðskólans í Bergstaðastræti 3. Er mjer persónulega kunnugt um, að sá skóli er alls góðs maklegur, og hefir hann verið mjög vel sóttur undanfarið. Hafa nemendur verið 50 til 60 á vetri, og er því ekki mikið, sem kemur á hvern nemanda af styrknum.

Nefndin leggur til, að styrkur til sundkenslu o. fl. verði hækkaður úr 2000 kr. upp í 3000 kr. Veit jeg ekki, hvort þessi styrkur átti að vera áætlunarupphæð, en hvort sem svo hefir verið eða ekki, þá álít jeg rjett, að styrkurinn verði hækkaður um þetta, því áhugi fyrir sundkenslu fer sívaxandi og víða hefir verið lagt mikið í kostnað með byggingu sundlauga, sem rjett er að ríkið styrki að nokkru.

Um mörg undanfarin ár hefir Alþingi veitt styrk til þess, að haldið væri uppi ókeypis leikfimiskenslu fyrir utanbæjarstúlkur hjer í Reykjavík. Þessi kensla hefir verið vel sótt og margar stúlkur tekið þátt í þessu. Hafa verið venjulega 4 kenslustundir á viku. Að hægt var að hafa þessa kenslu alveg ókeypis, þótt styrkurinn væri ekki hár, einar 600 krónur, kemur til af því, að kennarinn, sem jafnframt er kennari í leikfimi við barnaskólann hjer, gat fengið þar ódýrt húsnæði og áhöld. Nú hefir leikfimiskennari Valdemar Sveinbjörnsson, sem þinginu er áður að góðu kunnur, mælst til, að styrkur verði einnig veittur til þess á sama hátt að halda uppi ókeypis kenslu fyrir utanbæjarpilta, og láta þá þannig njóta jafnrjettis við kvenfólkið. Hefir nefndin fallist á þetta og leggur til, að veittar sjeu til þess 600 krónur.

Þá er jeg kominn fram úr brtt. fjvn. við 14. gr. Við 15. gr. er fyrst ný styrkveiting, 1000 kr., sem nefndin leggur til, að verði veitt til samningar spjaldskrár. Er það eftir ósk landsbókavarðar, sem kvartaði yfir því, að þessi fjárveiting hefði niður fallið, en telur mikla þörf á að halda áfram samningu spjaldskrár, ef safnið á að geta komið að fullum notum. Nefndin sá sjer þó ekki fært að leggja til, að eins mikið verði veitt og farið var fram á, en ætlar, að þessi upphæð geti komið að notum, ef hægt væri að fá góðan mann til að vinna að þessu í hjáverkum.

Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að mæla frekar með hækkun á þóknun til kvenna þeirra, er aðstoða eiga þjóðmenjavörð við

þjóðmenjasafnið. Þessi þóknun hefir verið svo lítil, að merkilegt er, að þingið skuli ekki hafa hækkað hana fyrir löngu síðan. Það hafa verið 4 konur, sem unnu að þessu og skifta þessum 1200 krónum á milli sín. Þjóðmenjavörður lagði til, að veittur yrði talsvert hærri styrkur en nefndin fer fram á, en þetta ætti þó að vera bragarbót, að hann hækki um þriðjung.

Þá vill nefndin hækka fjárveitingu til kaupa á listaverkum um 1000 krónur. Telur hún rjettustu leiðina til þess að styrkja listamenn að kaupa verk þeirra, og er því fje þá ekki á glæ kastað, eins og oft vill við brenna, þegar styrktir eru menn, sem ekkert heyrist eða sjest svo síðar til.

Alþingissögunefndin hefir sent Alþingi erindi, þar sem farið er fram á, að haldið sje áfram lagfæringu á Þingvöllum. Segir hún, að ekki veiti af tímanum til að fara að sjá fyrir ýmsum lagfæringum, ef það á að vera komið í lag 1930, því sumt er þannig lagað, að talsvert langan tíma þarf til þess, að það komist í það útlit, sem það á að vera í 1930. Er því ekki seinna vænna að fara nú að veita fje til þess, enda er það heppilegra að byrja strax, svo að minna komi á hvert ár. Er öllum háttv. þm. kunnugt um þessar fyrirætlanir, og því óþarfi að fara nánar út í það.

Þá er og óþarfi að fara fleiri orðum um tillögu nefndarinnar um styrkveitingu til viðgerða á Hólakirkju. Er það ríkinu mikil vanvirða, ef þessi merki forngripur á að eyðileggjast fyrir vanhirðingu og skort á viðhaldi. Samkvæmt því, er skólastjórinn á Hólum skrifar og mörgum háttv. þdm. mun kunnugt, verður nú þegar að hefjast handa um viðgerðir á henni, ef að gagni á að koma.

Náttúrufræðifjelagið fer fram á hækkun styrksins, sem veittur er til þess, úr 1500 kr. upp í 2000. Vill nefndin sýna lit á þessu og hækka styrkinn um 200 kr.

65. brtt. er borin fram eftir ósk Bókmentafjelagsins. Telur nefndin það ekki koma að sök, þótt þessi athugasemd falli niður.

Þá leggur fjvn. til, að styrkurinn til Dansk-islandsk Samfund falli niður. Er hún í því efni sama sinnis og á síðasta þingi, og munu hv. þdm. muna eftir umr. um það mál frá því þingi. Nefndin gerir þetta þó ekki í sparnaðartilgangi, því að hún leggur til, að þessi styrkur renni til annars fjelags, Norræna fjelagsins, í þess stað. Hefir það fjelag víðtækari verkahring, og geta háttv. þingdm. lesið um aðaltilgang þess fjelags í nál. Þetta fjelag fór fram á hærri styrk, en nefndin sá sjer eigi fært að ætla því meira en 1000 kr., en er fjelaginu velviljað og mælir fastlega með því, að fjelaginu verði veittur þessi styrkur.

Nefndin leggur til, að styrkirnir til dr. Helga Jónssonar og Guðmundar Bárðarsonar kennara verði hækkaðir lítið eitt. Sumum kann máske að þykja einkennilegt, að Bjarni Sæmundsson, sem samskonar styrks hefir notið undanfarið, skuli ekki vera látinn fylgjast með hinum við styrkhækkunina. En því veldur, að hann hefir nú sent til Alþingis beiðni um lausn frá kenslustörfum og að hann verði eingöngu styrktur til rannsóknastarfsemi; því vill nefndin ekki gera neinar tillögur nú viðvíkjandi honum, fyr en sjeð verður, hvernig máli hans verður tekið hjer í þinginu.

Nefndin hefir ekki enn getað fundið skýringu á því, að það mikla fje, sem veðurathugunarstofunni er ætlað, þurfi að haldast óbreytt. Finst oss, að kostnaður við þessa stofnun ætti að geta minkað að

nokkru, líkt og með aðrar stofnanir, t. d. hagstofuna, enda hefir ekkert komið fram, sem bendi til, að neinn nýr kostnaður komi til við veðurathuganirnar.

Um tvo næstu liðina, styrk til Páls Ísólfssonar og fjárveitingu til að kaupa grasasafn Stefáns heitins Stefánssonar skólameistara, nægir að vísa til nál. Páll er öllum að svo góðu kunnur, að háttv. þm. munu ekki hika við að greiða atkv. sitt með þessari fjárhæð, sem nefndin leggur til, að honum verði veitt. Um grasasafnið skal jeg geta þess, að ágreiningur var innan nefndarinnar fyrst, hvort safnið skyldi borgast á einu eða tveimur árum, en úr því að ekki var um hærri upphæð að ræða, varð niðurstaðan sú, að leggja til, að alt yrði greitt í einu.

Jeg vænti, að þessar skýringar, sem jeg nú hefi gert, nægi í svipinn. Um brtt. einstakra háttv. þm. ætla jeg ekki að tala, fyr en þeir hafa gert grein fyrir þeim.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir leiðinlegt að þurfa að kljúfa hinn fríða hóp, sem fengist hefir við fjárveitingar í Nd. á þessu þingi. En mjer var ómögulegt annað, því að andans ríki var svo afskift, að ekki var við unandi. Öll upphæðin, sem ráðgert er að veita til andlegra menta, er ekki meira en sem svarar fjárveitingu til eins vegaspotta. En nú ætla jeg að sýna það, að hver dregur dám af sínum sessunaut, og koma ekki fram með nema svo sem $^1/_{10}$ af því, sem jeg þyrfti að koma með. Geri jeg það í þeirri von, að koma með því einhverju fram. Þá skal jeg minnast örfáum orðum á sumar brtt. mínar.

Þá er fyrst brtt. við 14. gr. Hún er klipin aftan af öðrum lið af fjáraukalögum, sem jeg samdi, er jeg tók að mjer stjórnina á dögunum. Jeg tek hana aftur nú, en kem með hana sem brtt., er stjórnin kemur með sín fjáraukalög. Hjer er um að ræða 500 kr. launaviðbót til eins prófessoranna við háskólann, Sigurðar P. Sivertsens. Er farið fram á, að hann fái að njóta sömu launauppbótar sem hann hefði altaf verið prófessor, og er þetta þá síðasta launabót hans. Jeg hafði reiknað launauppbótina of háa um 300 kr., og því tek jeg þessa till. aftur nú, en mun mæla frekar með þessari sjálfsögðu og sanngjörnu kröfu, er fjáraukalögin verða til umræðu.

Þá kem jeg að námsstyrk stúdenta. Mjer er óskiljanlegt, hvers vegna stjórnin hefir sett svona lága upphæð í frv. sitt. Og ekki varð um þokað í fjvn. að fá hann hækkaðan. Það er vitanlegt, að í fyrra var hann alt of lítill, og síðan hefir stúdentum fjölgað um $^1/_9$; og ekki minkar styrkþörfin við það, að krónan lækkar í gengi og dýrara verður að lifa fyrir það. Því frekar er styrkur þessi ófullnægjandi nú. Háskólakennararnir hafa lagt til, að hann væri 24 þúsund, en í frv. er hann ákveðinn 12 þús. Jeg hugsa að þetta sje yfirsjón, sem stafar af því, að dóms- og kenslumálaráðherrann hafi ekki verið við, er þetta var sett inn í frv., og hafi þá einhver af starfsmönnum hans sett inn sömu upphæð og í fyrra, af því að hann hefir ekki viljað bera ábyrgð á hækkuninni. Eins og jeg gat um áðan, var ekki við það komandi í fjvn. að fá neina hækkun. Hefi jeg því tekið upp þá gullvægu reglu, sem stundum hefir vel gefist, að deila með tveimur. Fer jeg fram á, að styrkur þessi verði 18 þús. í stað 24. Er jeg fer svo hóflega í þetta, þykir mjer líklegt, að þm. samþykki. Það er athugandi, við hverja menn spara, er þeir skera styrk þennan við neglur sjer. Þeir spara ekki við háskólann, þeir spara ekki við stúdentana,

heldur við foreldra þeirra, bændur úti á landi, því það er vitanlegt, að styrkur þessi er frekar veittur utanbæjarmönnum. Háttv. þm. vita því ekki, hversu nærri þeir höggva sjálfum sjer með þessum skilningsskorti sínum.

Jeg hverf svo frá þessu; jeg veit, að þm. munu mjer sammála um þetta. Það er öllum ljóst, að landsmenn eiga landssjóðinn, en ekki þingmenn.

Þá skal jeg minnast á húsaleigustyrkinn. Það er eins ástatt með hann sem hinn styrkinn. Þar hefi jeg og deilt með tveimur og lagt til, að hann yrði 9 þús., í stað 12. Í stjfrv. er hann áætlaður 6 þús. Þessar 6 þús. skiftast á milli 73 manna, og koma þá rúmar 82 kr. í hlut. Þeir, sem hafa leigt hjer í Reykjavík, sjá því, hve mikinn hluta húsaleigunnar stúdentar fá greiddan úr ríkissjóði. Það svarar sem næst eins mánaðar leigu með ljósi og hita, ef stúdentinn er heppinn með leigukjör. Þarf ekki að fjölyrða um þetta: menn sjá, hve broslegt það er að veita piltum eins mánaðar húsaleigu úr ríkissjóði. Þá er gengið rösklegar til verks, er verið er að leggja útsvar á mann hjer í Reykjavík. Þá er sjeð um, að maður sje launalaus í 3—4 mánuði á eftir. Hjer er ekki lagst eins djúpt. Jeg vænti þess fastlega, að háttv. þm. fallist á þessa till. mína.

Einnig er jeg viss um, að háttv. þm. fallast á næstu brtt. mína. Mjer er það næsta óskiljanlegt, hvers vegna hv. frsm. (MP) getur verið á móti henni. Jeg veit ekki, hvers konur þær, sem vinna á þjóðmenjasafninu, eiga að gjalda. Jeg veit ekki, hvort það verður álitið, að höfundur þulnanna, kona Skúla Thoroddsens, sje svo ómerkileg kona, að ekki megi gjalda henni sæmilegt kaup. Jeg gæti vel nefnt hinar konurnar líka, til þess að sýna, hversu sparnaður þessi er fáránlegur. Hann gerir fátæku fólki erfiðara fyrir og bakar hneisu þeim, sem fremja hann. Þessi aðstoð er þjóðmenjaverði mjög nauðsynleg. Það er ómissandi fyrir hann að hafa á svona safni fólk, sem hann getur treyst eins og sjálfum sjer, og auk þess er það þjóðinni til sóma að hafa þar kurteist fólk og sæmilegt í framgöngu, er útlendingar koma að skoða söfnin. Jeg veit að allir hv. þm. fallast á þessa litlu hækkun mína.

Þá kem jeg að 15. gr. 22 a, en það er um laun Jóhannesar Lynge Jóhannssonar, er nú um nokkur ár hefir unnið að íslenskri orðabók. Meiri hluti nefndarinnar hefir lækkað laun hans um 1000 krónur úr því, sem stjórnin hafði sett þau, en stjórnin hafði ákveðið þau 7000 kr. En það var rangt. Það verður eigi metið rýrara starf að vinna að samningu vísindalegrar íslenskrar orðabókar en verk það, er þeir kennarar vinna við háskólann, sem á góð í íslensku nefnast prófessorar. En sje nú gengið út frá því, að hann hefði fengið byrjunarlaun þeirra, þá á hann að hafa fengið tvær launahækkanir, og því nú að hafa 8200 kr., ef rjett er reiknað. En jeg hefi nú látið mjer nægja að setja 8000 kr. Jeg skil ekki í því, að menn fýsi að halda því fram, að honum verði gert jafnlágt undir höfði og dýrum þeim, sem dósentar nefnast og allir vita, að hafa svo lítil laun, að enginn getur af lifað. Auk þess er maður þessi að öðru leyti verðleikamaður. Hann hefir þjónað prestsembætti hjer á landi heilan mannsaldur. Hann er nú maður aldraður og á ekki hægt um vik að vinna sjer inn fje utan hjá, enda illa farið, að hann þurfi að gera það. En hann er bláfátækur maður með börn í ómegð. Þótt jeg sje auraglöggur maður og vilji sjá landinu farborða, þá þori jeg þó að halda því fram, að sómi landsins er meira virði en 1000 krónur. En það er

hreinn þjóðarósómi, ef þingið vill murka lífið úr fátækum mönnum með því að draga af sanngjörnum og sjálfsögðum launum þeirra.

Þá kemur nýr liður við 15. gr., til Hjálmars Lárussonar 500 krónur. Hjer hefi jeg enn á ný deilt með tveimur, í þeirri von, að þá fengi það frekar að fljóta í gegn. Nú sje jeg, að einn þm. hefir gerst svo djarfur að hækka þessa upphæð upp í 1000 kr. Tek jeg því mína tillögu aftur og felst á hærri upphæðina.

Þá kemur tillaga um það að veita 2500 kr. til hljóðfæraskóla hjer. Jeg þarf ekki að flytja langa ræðu um það. Sönglistin er sú list, sem hefir átt örðugast uppdráttar hjer á landi. Menn hafa gripið í hana milli verka. En nú er hún að vakna við, og þrá manna til að nema þá list hefir aukist á síðari árum. Menn hafa varið miklu fje til þess að sigla og læra hljóðfæraslátt og söngment, sem vel hefði mátt nema hjer, ef skóli hefði verið hjer. Að þeim skóla er nú stofnaður lítill vísir. Nú er hjer flokkur, sem hefir fengið erlendan söngkennara og bærinn hefir veitt nokkurn styrk. En þetta er aðeins byrjun, og ef þessu á að verða haldið áfram, er sjálfsagt, að landið leggi eitthvað af mörkum. Nú hefir borist brjef frá forstöðumanninum um 5000 kr. styrk. Fjvn. þótti ófært að ganga inn á það, þótt lítið væri. Þá var gert ráð fyrir, að kennarar væru tveir. En til þess að vera viss um, að þetta nái fram að ganga, hefi jeg helmingað upphæð þessa, og þá ekki gert ráð fyrir nema einum kennara. Með þessu móti verður skólinn að vísu þröngur vexti, en stækkun hans verður slegið á frest uns Alþingi verður rífara. Hjer hafa fjelausir menn hafist handa í tómstundum sínum og með því haldið uppi heiðri vorum, svo erlendir menn haldi ekki, að við sjeum rómlaus og sönglaus þjóð. Jeg geng út frá því sem gefnu, að hver maður sje svo heilskygn, að hann greiði atkvæði með þessari litlu fjárhæð, þar sem sanna má, að mikið meira en þessi upphæð græðist í gjaldeyrissparnaði. Hjer eru ekki nema örfáir menn, sem nokkuð eru mentaðir í sönglist; þó margir hafi kynt sjer þetta lítið eitt, þá er það ekki neitt til fullnustu. Sumir kunna nú að brosa í kampinn og þykja lítils um vert, en þessi þáttur listarinnar er einn af fegurstu og sterkustu þáttum mannlífsins. En henni hefir löngum verið gert lágt undir höfði á landi hjer; menn hafa verið álitnir fullir, ef þeim hefir flogið lag af munni, eða þá að minsta kosti allvel upp með sjer.

Þá hefi jeg tekið upp 1200 kr. styrk til Jóns Þorsteinssonar, til íþróttanáms. Mun það vera mjög áhugasamur og efnilegur íþróttanemi, og hefi jeg orðið var við mikinn áhuga hjá íþróttamönnum hjer í bæ fyrir því, að hann yrði styrktur.

Þá eru það 1800 kr. til náms handa Markúsi Kristjánssyni slaghörpuleikara. Þessi piltur er nú þegar orðinn svo leikinn í þessari list og er svo góðum gáfum gæddur, að nægja mundi, að hann væri eitt ár til náms erlendis, og myndi þá þekking hans og leikni koma að góðu gagni hjer heima.

Piltur þessi er mjög góðum gáfum gæddur. Hann er sonur Kristjáns Bjarnasonar, bróður Markúsar sál. skólastjóra. Kristján var fullhugi hinn mesti og sjógarpur. Hann drukknaði af skipi, sem fórst hjer framundan, og vissi enginn, með hvaða hætti það fórst.

Markús hefir sjerstaka hæfileika og löngun til þessa náms, og vill nú fara utan til að fullkomna sig.

Hefðu till. mínar um stofnun hljóðfæraskóla hjer í bænum náð fram að ganga, þá hefði ekki þurft að veita þennan utanfararstyrk.

Jeg skal svo ekki þreyta þm. meira á ræðu minni, úr því þeir vilja endilega hafa næturfund. Vona jeg, að þeir líti meira á það, hvað till. mínar eru sanngjarnar, heldur en hitt, þó jeg kunni að hafa móðgað þá eitthvað með orðum mínum, og láti þær ná fram að ganga.

Forsætisráðherra (SE): Það eru aðeins fá orð, sem jeg hefi að segja. Jeg vil þakka fjvn. fyrir það, að hún hefir sjeð sjer fært að taka upp 1500 kr. styrk handa hjeraðslæknunum í Reykjavík, til að kenna við háskólann. Það hafði verið af vangá, að þessi veiting var ekki í stjfrv., en jeg bað háttv. fjvn. að taka þetta upp, og þakka henni fyrir, að hún hefir gert það. Hjeraðslæknirinn er sem sagt ekki skyldur að kenna, nema hann fái til þess styrk. En háskólanum mikill skaði að því að tapa kenslu hans, því hann er hinn besti kennari og vísindamaður. (*PO*: Það hefir verið ljett af honum störfum bæjarlæknisins!). Já, en hann er alls ekki skyldur til að gegna þessu starfi án endurgjalds.

Um 53. brtt. fjvn. skiftir að vísu ekki miklu máli, en nefndin hefir þar lagt til að hækka laun forstöðumanns yfirsetukvennaskólans úr 1200 kr., er það var í stjfrv., upp í 1500 kr., eða um 300 kr. Jeg álít þetta samt alveg óþarft. 1200 kr. alveg nóg. Og ef landlæknisembættið verður áfram, þá ætti, svo framarlega sem háskólanum verður ekki falið þetta starf, að gera landlækni að skyldu að kenna ókeypis.

Þá skal jeg mæla með því, að veitt verði fje til umbúðakaupa o. fl. Frsm. (MP) hefir gert svo glögga grein fyrir þörfinni á þessum lið, að jeg skal eigi endurtaka það.

Þá er styrkurinn til Norræna fjelagsins. Stjórnin hafði ákveðið að taka hann upp, en liðurinn hafði fallið niður. Til þess, að fjelag þetta geti starfað með krafti, þyrfti auðvitað að veita því meiri styrk en þetta, og mun jeg, ef jeg sje mjer fært, koma með brtt. í þá átt. Í samskonar fjelögum í Noregi og Svíþjóð er eigi einungis starfað að viðgangi vísinda og lista, heldur og á sviði verklegra framkvæmda. Að komast í náin kynni við slík fjelög mundi geta orðið okkur að gagni.

Þá er það 68. brtt., styrkurinn til Jóh. L. L. Jóh. Meiri hl. fjvn. vill lækka hann um 1000 kr., en minni hl. fjvn. hækka hann um sömu upphæð. Jeg tel best að fara hinn gullna meðalveg í þessu efni og láta upphæðina í frv. stjórnarinnar halda sjer óbreytta.

Þá taldi háttv. frsm. fjvn. (MP) það undarlegt, að stjórnin hefði eigi lagt til, að fjárveitingin til veðurathugunarstofunnar lækkaði í hlutfalli við aðrar fjárveitingar. Jeg álít einmitt, að starfsemi þessarar stofnunar þurfi að auka. Í Noregi eru veðurskeytin orðin mjög fullkomin og daglega send skeyti um veðurhorfur í allar verstöðvar. Menn fara svo ekki á sjó, þegar skeyti berast um ilt útlit. Er talið, að 80% af veðurspádómum rætist þar. Í Ameríku eru veðurskeytin líka orðin mjög fullkomin. Hjer er þetta enn í bernsku, en jeg hefi þó talað um það við einn foringja á

Islands Falk. og taldi hann, að veðurskeytin hjer rættust í mörgum tilfellum. Vona jeg því, að þetta geti haft mikla þýðingu og eigi fyrir sjer að fullkomnast. (*PO*: Þarf þetta að vera svona dýrt?). Mannslífin eru líka dýr!

Þá vil jeg mæla með því, að sú upphæð, sem Páli Ísólfssyni er ætluð, verði samþykt. Páll er þegar orðinn mjög þektur maður og okkur til mikils sóma, en jeg hygg þó, að fáir viti enn, hvað í honum býr.

Að námsstyrkur stúdenta var ekki áætlaður hærri, var eingöngu af sparnaðarástæðum. Sjálfsagt væri full ástæða til að hafa hann hærri.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg get, ekki síður en hæstv. forsrh. (SE), lofað því að vera stuttorður, því í þessum greinum eru ekki nema eitthvað 2--3 liðir, sem snerta mig.

Það er þá fyrst 51. liður. Þar leggur fjvn. til, að hækkaður verði liðurinn til viðgerðar húsa á Hvanneyri um 2500 kr. Jeg er mjög þakklátur hv. fjvn. fyrir þessa hækkun, því auðvitað dugir ekki að vanrækja viðhald húsanna. Og þó máske hefði mátt draga það eitthvað, þá er þó betra að gera það fyr en síðar og áður en húsin skemmast.

Samskonar fje til Hólaskólans hefir nefndin hækkað um 1000 kr. Jeg hefi nú komið fram með brtt. um að hækka þetta enn um 2300 kr., eða alls upp í 5300 kr. Jeg tel rjett að gera Hólum sömu skil og Hvanneyri. Þar er margt, sem þarfnast viðgerðar, einkum tröppur og þök o. fl.

Annars hefi jeg komið fram með þessa hækkun af því, að skólastjórinn á Hólum hefir sparað þessa upphæð á ýmsum liðum síðastliðið ár, svo sem á því, sem veitt var til ljósa, hitunar, verklegs náms o. fl. Fór svo skólastjóri fram á að mega verja þessu fje til viðgerðar á skólahúsum.

Nú veit jeg ekki, hver regla hefir um það verið á síðustu árum, hvort það fje, sem ein stofnun sparar á ákveðnum liðum, megi ganga til annara þarfa sömu stofnunar án þess ný fjárveiting komi til. Áður, eða meðan jeg var landritari, var þetta ekki talið leyfilegt, og vildi jeg ekki leyfa mjer að veita þetta fje án heimildar frá þinginu. Jeg hefi því farið fram á það, að þessi upphæð yrði veitt. Hefir háttv. frsm. (MP) tekið vel undir það, og vona jeg, að háttv. þingdeild verði því samþykk.

Í sambandi við þetta skal jeg taka það fram, að það fje, sem fjvn. ætlar til viðgerðar Hólakirkju, er langt frá lítið til þess, að full viðgerð geti farið fram. Það er engin mynd á því að láta dómkirkjuna grotna niður vegna vanhirðingar. Og það er ekki nóg, að það sje dyttað að henni, heldur þarf að koma henni í það horf, sem henni var upprunalega ætlað að hafa. Það sjest greinilega, þegar kirkjan er athuguð, að upphaflega hefir verið ætlast til, að bygður væri turn. Sýnir fyrirkomulagið það greinilega. Jeg býst nú ekki við, að sá turn verði bygður fyr en eitthvað batnar í ári, enda er þessi fjárveiting langt of lág til þess. Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með fjárveitingu til þess í fjárlögum, en sá engan veg til þess að gera það, er verið var að ganga frá fjárlagafrv. En jeg vona að þingmenn sjái sjer síðar fært að veita fje til fullnaðarviðgerðar þessari frægu dómkirkju.

Þó það komi mjer ekki beint við, þá skal jeg geta þess, að upphæðin til veðurathugunarstofunnar var látin standa óbreytt

í stjórnarfrv. vegna þess, að stjórnin hafði hugsað sjer, að Sigurður Þórólfsson, sem er greindur og glöggur á ýms veðurmerki og hefir skrifað bók um það efni, gæti starfað við þessa stofnun. Háttv. fjvn. virðist vera sammála um þetta, en verði upphæðin lækkuð, eins og brtt. fjvn. fer fram á, þá verður ekki hægt að láta Sigurð Þórólfsson fá þar fasta stöðu.

Jeg hefi þá ekki fleira að athuga við þessar tvær greinar. En út af till. fjvn., að aths. við 15. gr. 13. lið, um tekstaútgáfu Fornbrjefasafnsins, falli niður, þá vil jeg geta þess, að jeg tel útgáfu Fornbrjefasafnsins einskis virði, ef registur er ekki jafnframt gert yfir það og gefið út.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. apríl, var enn framhaldið 2. umr. um frv. (A. 1. n. 264, 254, 273, 292, 307, 310, 315).

Sveinn Ólafsson: Jeg á hjer 2 brtt. við 14. og 15. gr. Sú fyrri er á þskj. 292 og lýtur að því að fá 6000 króna veitingu úr ríkissjóði, sem verja skal til viðbótarbyggingar alþýðu- og barnaskóla á Nesi í Norðfirði. Háttv. fjvn. treysti sjer ekki til að taka þessa brtt. á sína arma, að því er háttv. frsm. hennar (MP) sagði, af því, að hún bryti þá um leið princip sitt. Jeg veit nú að vísu ekki, í hverju það principbrot hefði verið fólgið, því jeg sje ekki betur en að þessi fjárveiting væri hliðstæð annari fjárveitingu til unglingaskóla, sem háttv. deild hefir samþykt. Jeg verð því að skýra frá því í fám orðum, hvernig á stendur um þetta mál.

Á Nesi er örlítill barnaskóli, sem mun hafa verið bygður fyrir 12 árum. Hann er ekki stærri en svo, að í honum eru aðeins 2 kenslustofur, og þó heldur litlar. Við þær hefir orðið að notast, en þar sem barnafjöldinn, sem skólann sækir, hefir nú tvöfaldast frá því bygt var, er þetta húsrúm orðið með öllu ófullnægjandi. Hinu verður þó ekki neitað, að það er brýn nauðsyn að geta haldið þarna uppi unglingaskóla, því á þann hátt er þó hægt að draga nokkurn hóp þessara ungu manna út úr smábæjarsollinum og gefa þeim kost á heilnæmu, andlegu viðfangsefni. Svo hafa þrengslin verið mikil þarna upp á síðkastið, að kenna hefir orðið allan daginn í þessum stofum, þannig að sumir nemendurnir hafa sótt tíma á morgnana, aðrir um miðjan daginn og svo enn nokkrir á kvöldin. Nú mun háttv. þingdm. kunnugt um það, að talsverð upphæð hefir jafnan verið veitt í fjárlögum árlega til byggingar barna- og unglingaskóla, að undanteknu þessu ári. Þessi skóli hefir þó enn sem komið er orðið útundan og ekki notið neins af þessu fje. Hreppurinn mun að vísu hafa sótt um styrk til skólans áður, en orðið að sitja á hakanum fyrir öðrum. Síðasta ár drógu hlutaðeigendur sig líka alveg í hlje og sóttu ekki um neinn styrk, með því þeim var kunnugt um örðugan hag ríkissjóðsins. En nú hafa þeir tekið höndum saman við 2 fjelög þarna í þorpinu, málfundafjelag og kvenfjelag. Þessi fjelög ráða yfir þó dálitlu fje, og eru þau fús að taka sinn þátt í byggingarkostnaðinum, ef álma verði bygð út úr skólahúsinu, fyrir fundarsal, sem þau hafi not af til fundarhalda sinna. Sá hreppsnefndin, að þarna var vegur til að koma þessu í framkvæmd, með því að leggja þannig fram sameinaða krafta þessara aðilja til að koma upp húsinu. Sá styrkur, er þeir hafa beiðst af þinginu, er 8000 krónur. Hefi jeg, með hliðsjón af fjárhagsörðugleikunum, fært hann niður í 6000. Jeg

hefi og í annari brtt. minni farið fram á 25 þúsund króna lán úr ríkissjóði til þessa fyrirtækis, í stað 40 þúsunda, sem Norðfirðingar hafa beiðst eftir. Jeg hefi nú skýrt frá öllum ástæðum þessa máls, og þarf jeg ekki að fjölyrða meira um þessa till. að sinni.

Hin till. mín á við 15. gr. Hún fer fram á, að veittar verði 1500 krónur Fræðafjelaginu í Kaupmannahöfn, til að gefa út stjörnufræði Þorvalds heitins Thoroddsens. Hann óskaði þess, að þetta rit hans kæmist sem fyrst á prent, en það hefir dregist, af auðskildum ástæðum, eins og svo margt annað. Þetta rit er mjög vandað að frágangi, með uppdráttum og myndum, og telja þeir Finnur Jónsson og Bogi Melsted, sem sækja um styrkinn vegna fjelagsins, að ritið sje mjög vandað og vel samið, en auk þess verður það mjög ódýrt, þar sem ráðgert er, að stærðin verði um 15 arkir og verðið 5—6 kr. Það stendur nú svo á, að við eigum ekkert slíkt rit á voru máli, nema Ursins stjörnufræði, sem Jónas Hallgrímsson lagði út og löngu er úrelt orðin, og svo örlítinn vísi að störnufræði, mjög ófullkominn, sem út var gefinn fyrir fáum árum í Sjálffræðaranum. Væri því mjög fýsilegt að fá slíkt rit sem þetta. Jeg býst að vísu við, að um það kunni að verða skiftar skoðanir, hvort við höfum brýna þörf á að gefa út slíkt rit sem þetta. En þótt stjörnufræði verði ekki látin í askana, þá ber að líta á það, að hjer er um að ræða eina elstu íþróttina, er Íslendingar hafa tamið sjer, göfuga og vekjandi íþrótt, ef svo mætti segja, fræðigrein, sem athugulir sveitamenn hafa mestu mætur á. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en aðeins bæta því við, að jafnvel þótt hjer væri ekki um neitt nauðsynjarit að ræða, þá tel jeg þinginu skylt, vegna sóma síns, en verðleika höfundarins, sem ritið samdi, að gefa það út hið fyrsta. Bæði halda til þess hin ágætu ritverk höfundarins og dánargjöfin mikla, sem hvorugt verður fullþakkað. Jeg tel því vafalaust, að háttv. þingdeild taki vel í þetta mál.

Hákon Kristófersson:* Það var út af ummælum hæstv. forsrh. (SE) um hjeraðslækninn í Reykjavík, sem jeg vildi segja nokkur orð. Jeg býst við, að þessari kenslu hans sje þannig varið, að vont væri að missa hana. En hitt er annað mál, hvort rjett sje að borga hana sjerstaklega. Jeg býst við, að það hafi verið skilið svo, er til þessarar kenslu var stofnað og skifting varð á embættinu, að þessi upphæð fjelli niður. Jeg hefi að vísu ekki aflað mjer neinna skjallegra upplýsinga um málið, en mjer er þó kunnugt um það, að þetta var hugsun margra háttv. þm. Hvernig þessu sje háttað, þori jeg ekki að segja neitt um. En þó er mjer nær að halda, að það hafi verið þarflegra af stjórninni að láta þetta verða. Háttv. forsrh. (SE) mælti fast með upphæðinni, og færði hann það fram sem rök til stuðnings sínu máli, að ekki væri hægt að skylda núverandi hjeraðslækni til að hafa þetta starf á hendi, nema honum sje borgað sjerstaklega fyrir það. Það er þessi venjulegi skilningur hæstv. forsætisráðherra, að ekki beri að ætlast til, að embættismenn þjóðarinnar geri nokkuð í þarfir ríkisins, hversu vel sem þeir eru launaðir, án þess að fá aukaþóknun fyrir. Jeg tel það illa farið að þannig skuli vera litið á þetta. Jeg tel þá sem hjú þjóðfjelagsins, sem ætlast megi til, að vinni í þágu þess, eftir því sem kraftar leyfa, miðað við laun þau, sem þeir þiggja af opinberu fje.

*) Ræðumaður (HK) hefir ekki yfirlesið handrit skrifaranna að þessari ræðu.

Þá fór hæstv. forsrh. (SE) nokkrum orðum um launahækkun þá, upp í 1500 krónur, sem ætluð væri forstjóra yfirsetukvennaskólans. Jeg er í rauninni ekkert á móti því. Jeg vil þó taka það fram, í sambandi við það, sem minst hefir verið á skrifstofukostnað landlæknis, að jeg skil svo, sem þetta gjald skuli einmitt ganga upp í hann. Því þessu fylgir sáralítill aukakostnaður, og væri í rauninni ekki mikið, þótt sú kvöð hvíldi á þessum embættismanni, að vera forstöðumaður þessa skóla fyrir ekki neitt.

Hvað snertir þá upphæð, sem ætluð er til viðgerðar bændaskólanum á Hvanneyri, vil jeg taka það fram, að þetta má vel vera nauðsynlegt, en jeg tel þetta tilfinnanlegan kostnað, sem ríkið hefir nú orðið að standa í vegna þessa skóla upp á síðkastið. Maður skyldi þó hafa haldið, þegar skólahúsið var reist síðast, að bráðlega þyrfti ekki þar við að bæta. En það er nú komið sem komið er, og býst jeg við, að eins og nú standa sakir sje þessi kostnaður nauðsynlegur. En jeg get þó ekki stillt mig um að segja það, að það er leiðinlegt, eftir að búið er að kosta svo miklu til þessa skóla, að heyra um hann annan eins vitnisburð og einn af bestu bændunum í Húnavatnssýslu gaf honum nýlega. Hann kvaðst hafa haft fyrir skömmu 3 menn frá þessum skóla, og hefði enginn þeirra verið svo vel að sjer, að hann hefði kunnað að rista ofan af. Slíkt geta þó varla heitið alllærðir menn í búnaði. Jeg skal þó, til að girða fyrir misskilning, geta þess, að þessi mikli kostnaður við húsið var ekki að kenna núverandi skólastjóra, heldur þeim manni, sem fyrir verkinu stóð. (*BH*: En dýrtíðin; gerði hún ekkert að verkum?). Það hefði samt sem áður mátt gera þetta fyrir miklu minna verð. Það myndi enginn prívatmaður hafa sjeð sjer fært að ráða menn til vinnunnar frá Reykjavík með þeim kjörum, hefði hann verið að reisa hús fyrir sjálfs sín fje.

Það sje fjarri mjer að fara nú að álasa háttv. fjvn. Jeg get þvert á móti tekið undir það með öðrum háttv. þm., að hún hefir átt mjög vandasömum verkum að gegna. Og lengi má finna sjer eitthvað til að setja út á slík störf, sem hún hefir haft með höndum. Á einu verð jeg þó að fræða mig, að háttv. fjvn. skuli treysta sjer til að leggja til, að veittar verði úr ríkissjóði 35 þús. krónur til unglingaskóla í Þingeyjarsýslu. Að vísu hefir hún borið það fyrir, að þetta sje aðeins $^{2}/_{5}$ hlutar kostnaðarins. En jeg fæ ekki skilið, á hvern hátt hún fær styrkt hann svo, þegar sú upphæð, sem lögð er á móti, nemur aðeins helmingi. Það væri að vísu ekkert á móti þessu, ef hægt væri að gera það sama í hinum öðrum hjeruðum landsins. En nú stendur svo á, að maður verður að vera á móti mörgum fjárveitingum, sem full þörf væri annars á, sökum fjárkreppunnar. Finst mjer og, að sýslubúum hafi verið þetta ljóst, að fara verði nokkuð eftir ástæðum ríkissjóðsins. Ber fundargerð þingmálafundarins, sem haldinn var á Húsavík 31. janúar 1923, best vitni um þetta. Skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp lítinn kafla úr henni. Hann hljóðar svo:

> „Fundurinn er því meðmæltur, að Alþingi veiti, þegar fjárhagur ríkisins batnar, styrk til alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu. Fundurinn telur ekki fært, sökum fjárkreppu og dýrtíðar, að komandi Alþingi leggi fram fje úr ríkissjóði til styrktar nýjum skólum eða nýjum skólabyggingum, og væntir þess, að styrkur úr ríkissjóði, meðan verið er að koma fjárhagnum í rjett horf, sje einungis veittur til eflingar framleiðsl-

unni til lands og sjávar og til líknarstofnana.“

Það liggur í augum uppi, að þegar menn úr Þingeyjarsýslu mæla á móti þessu máli og vilja ekki, að fje sje lagt til þess, þá munu þeir finna til erfiðleikanna og að fjárhagurinn sje ekki sem bestur heima fyrir heldur. Jeg býst við, að þeir, sem samþykkja svona ályktun, finni, að ríkið getur ekki snúið sjer að öðru en að styrkja framleiðsluna til lands og sjávar. Háttv. frsm. (MP) sagði, að nokkur hluti af fjárframlögum innanhjeraðs væri í loforðum, sem máske væri erfitt að ná inn. Það sje fjarri mjer að vilja láta svo skiljast, að jeg sje á móti skólastyrknum, en jeg álít, að sýslan sje vel stödd menningarlega og að henni sje þetta mál máske ofvaxið efnalega. Jeg frábið mjer það, að menn álíti, að jeg sje að ráðast á þessa fjárveitingu; en jeg vildi benda á, að undarlegt er, að fjvn. skuli hafa leyft sjer að leggja þetta til, þar sem það fer í bága við þá stefnu nefndarinnar að styðja aðeins framleiðsluna og verklegar framkvæmdir, en draga sem mest úr öðrum útgjöldum. Það hlýtur því að stafa af einhverjum sjerstökum ástæðum, að nefndin fer svona langt í þessu atriði.

Jón Baldvinsson: Jeg á litla brtt. á þskj. 305, sem jeg vildi fara um nokkrum orðum, þó að háttv. þm. Dala. (BJ) hafi líka gefið henni sín bestu meðmæli. Jeg hefi um nokkur ár þekt Hjálmar Lárusson skurðlistarmann, sem er hinn mesti snillingur í sinni grein. En jeg hefi, eins og aðrir, sem honum eru kunnugir, jafnframt vitað, að hann hefir átt við mjög þröngan efnahag að búa. Hann hefir ekki hlotið neitt af því fje, sem stjórnin úthlutaði síðast til styrktar listamönnum, þar sem þó mörgum sýndist, að hann hlyti að koma þar til greina, ekki síður en ýmsir aðrir, er styrkinn hlutu.

Hann er orðinn roskinn og heilsubilaður og getur ekki starfað að öðru en skurðlist sinni. Þó að þeir gripir, sem hann gerir, sjeu dýrmætir, þá er það ekki mikið fje, sem hann fær fyrir þá, sjerstaklega vegna þess, hve þröngt er um fje manna á milli, og smíðið er seinlegt, og vilja því smíðalaunin verða lág, þó að gripir hans með tímanum kunni að verða ómetanlegir. Af þessum ástæðum og af því, að maðurinn býr nú við svo þröngan kost, hefi jeg borið fram þessa brtt. um 1000 kr. styrk handa honum, og vona jeg, að hv. þm. taki þessari tillögu vel. Jeg ætlast ekki til, að þetta verði fastur styrkur, en hins ætlast jeg til, að þessi listamaður komi til greina við úthlutun listamannastyrksins framvegis, þó að hann hafi nú orðið útundan og sje þess vegna tekinn upp í fjárlögin.

Heimilisástæður hans eru slæmar. Hann á 5 börn í ómegð, og mjer er sagt, að kona hans sje heilsulaus og þurfi að fara á sjúkrahús sjer til heilsubótar einhvern næstu daga. Það má vitanlega segja, að hann geti eins og aðrir verkamenn leitað til sveitarinnar. En þegar tekið er tillit til hæfileika hans, vona jeg, að menn forði honum frá sömu forlögum og forfaðir hans, Hjálmar í Bólu, átti við að búa, og láti hann heldur njóta síns frægа ættföður og snillings. Hann er líka sjálfur hinn mesti snillingur, og fjárhæðin, sem honum er ætluð, ekki svo há, að neinum þurfi að vaxa í augum. Jeg treysti því háttv. þm. til að samþykkja þetta.

Ingólfur Bjarnarson: Háttv. þm. Barð. (HK) hreyfði dálítið mótmælum gegn till.

fjvn. um styrk til alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu, og gat meðal annars um, að hún kæmi í bága við aðra stefnu nefndarinnar, um sparnað á ríkisfje til framkvæmda- og mentamála. Þó að hún vilji nú spara, þá er ekki svo að skilja, að hún vilji leggjast á móti öllu, sem til þessa horfir. Og háttv. frsm. nefndarinnar (MP) hefir getið þess, að styrkveitingin væri í fullu samræmi við stefnu nefndarinnar í unglingafræðslumálunum og að sá þáttur fræðslumálanna eigi skilið góðan stuðning. Í öðru lagi gat hann þess, að þó að styrkveitingin væri ákveðin alt að 35 þús. kr., mætti gæta þess, að þó ekki væri gert ráð fyrir nema 70 þús. kr. í kostnaðaráætlun þeirri, sem fyrir þinginu liggur, þá hefir sú upphæð, við nánari athugun og rannsókn, reynst vera of lág. Kostnaðaráætlunin er ekki nægilega skýr eða tæmandi. Við nefndarmenn vonuðum að vísu, að kostnaðarupphæðin mundi ekki verða 90 þús. krónur, en töldum þó enga hættu á ferðum með að áætla þetta hámark; það mundi hvort sem er ekki verða veitt meira en ⅔ af öllum kostnaðinum. Við vildum ekki leggja stein í götu þessa fyrirtækis nje útiloka, að ríkissjóður tæki þátt í því að ⅔, þó að kostnaðarupphæðin yrði hærri en 70 þús. kr. En á hinn bóginn er það líka kostur fyrir fjárveitingavaldið að ákveða hámark upphæðarinnar.

Háttv. þm. Barð. (HK) las kafla úr þingmálafundargerð frá Húsavík, þar sem talað er um þröngan hag ríkissjóðs, til stuðnings þessu máli. Jeg vil nú ekki gera svo mikið úr þessu eins og hann, þar sem tveir aðrir fundir í kjördæminu samþyktu næstum einróma að fara fram á þessa upphæð. Án þess jeg vilji þreyta háttv. deild með löngum skýringum frá gangi málsins í hjeraðinu, skal jeg geta þess, að jeg geri ráð fyrir, að þessar gagnstæðu raddir það an stafi af því, að ekki eru allir á einu máli um, hvar skólinn verði best settur, hvort heldur í sveit eða kaupstað. Það hefir lengi vakað fyrir þeim, sem beist hafa fyrir þessu máli, að skólinn ætti fyrst og fremst að vera góður sveitaskóli og starfa í fullu samræmi við þá alþýðumenningu, sem lifað hefir og þróast í hjeraðinu undanfarið. Höfuðatriðið er þetta, að hann haldi fram stefnu og áhrifum þessarar menningar, og verði þannig öflugur hemill til tálmunar fólksstraumnum úr sveitunum til kaupstaðanna, í skólana og til skemtananna þar. Jeg geri ráð fyrir, að þessi skoðun sje ekki samþykt af þorpsbúum í Húsavík. Þeir munu heldur vilja hafa skólann þar, en sú skoðun á ekkert fylgi úti um sýsluna. Varla mun önnur ástæða fyrir þeim gagnstæðu röddum og ályktunum, sem borist hafa frá þessum fundum í hjeraðinu í vetur.

Þá gat háttv. þm. Barð. (HK) þess, að hjeraðið væri svo vel sett í þessum efnum, að eigi væri þörf á skóla eða styrk til skólahússbyggingar. Jeg verð nú að vera á öðru máli um þetta, og þá skoðun byggi jeg á áliti Þingeyinga sjálfra, sem kemur fram í þingmálafundargerðum úr hjeraðinu og hjer liggur fyrir í erindi til þingsins.

Ástæðurnar fyrir því, að það er fram komið, eru skýrðar í brjefi því, sem fylgir styrkbeiðninni og háttv. þm. hefir sjeð. Þar er í fyrsta lagi tekið fram, að þetta skólamál sje búið að vera lengi á döfinni og í undirbúningi. Áhuginn dofnar fyrir því og fólkið þreytist, ef ekkert vinst í áttina. Búið er að safna miklu fje til skólans. Að vísu er það ekki alt innborgað, og enda þótt það sje alt trygt, þá verður innheimta þess örðugri, því lengra sem líður án þess nokkuð sje framkvæmt. Í öðru lagi er þess getið, að sá skóli, sem þar hefir

starfað við smá kjör síðustu árin, getur alls ekki haldið áfram, vegna húsnæðisskorts og þröngrar aðstöðu. Í köldum vetrum getur það verið beinlínis hættulegt heilsu nemenda að búa í því húsi, sem nú er notað.

Þetta vildi jeg taka fram gagnvart þeim athugasemdum, sem gerðar hafa verið, og veit jeg ekki, hvort þörf er á að minna á fleira að sinni. Það er vitanlegt, og á það vil jeg leggja áherslu, að þó að hámark styrksins sje hlutfallslega hærra en upphæðin í þeirri bráðabirgðakostnaðaráætlun, sem fylgir erindinu til þingsins, þá verður aldrei borgað út meira en 2/5 af byggingarkostnaðinum í heild sinni, eins og hann verður.

Björn Hallsson: Það eru tveir liðir, sem jeg vildi minnast á: 2. liður á þskj. 224 og í öðru lagi það atriði, sem síðasti ræðumaður talaði um út af ræðu háttv. þm. Barð. (HK). Háttv. þm. Barð. fann að því í ræðu sinni, hversu mikið fje væri lagt til Hvanneyrarskólans. Jeg skal ekki neita því, að húsið þar er dýrt orðið. En aðalorsökin til þess er dýrtíðin, sem stóð hæst þau árin, sem húsið var bygt. Skólastjórinn finnur það líka sjálfur fullvel, en hann hefir sagt mjer, að hann geti ekki kent sjer um það, hve dýrt húsið hefði reynst. Hann var búinn að leggja fram till. sínar til stjórnarinnar löngu áður en bygt var, eða árið 1917. Og hefði þeim verið sint þá strax, mundi byggingin hafa komist upp fyrir mestu dýrtíðina.

Háttv. þm. (HK) fann einnig að búnaðarskólunum; og það getur satt verið hjá honum, að margir búfræðingar sjeu illa að sjer í verklegum störfum. En ekki má dæma þá alla á sömu leið. Það er fyrirkomulagi bændaskólanna að kenna, hvernig búfræðingar reynast í verklegum efnum. Það var að mínu áliti vafasamt spor og misráðið, þegar verklega námið var afnumið við búnaðarskólana, og síðan breytt öllu í bóklegt nám, sem sumir kalla stofulærdóm. Hv. þm. Barð. (HK) þótti dýr framleiðsla búfræðinga frá Hvanneyri, vegna allra þessara bygginga þar og annars. Jeg ber ekkert á móti því, að svo sje, en jeg vil minna háttv. þm. á það, að ef við viljum hafa góða skóla, þá verðum við líka að búa þá vel út að húsum og öðru. Hvanneyrarskóli er viðurkendur vekjandi skóli. Forstöðumaður hans er duglegur og áhugasamur skólastjóri, og efa jeg ekki, að hann blæs lífi og áhuga í marga nemendur sína á því, sem íslenskum búskap má að gagni koma. Sje jeg því ekki eftir því fje, sem til þess skóla gengur, en vona, að það gefi vexti í framtíðinni.

Úr því að búið er nú að reisa þessa byggingu á Hvanneyri, verður að halda henni vel við, svo að hún fúni ekki niður. Jeg vil því samþykkja þennan gjaldalið til Hvanneyrarskólans.

Þá er annar liðurinn, sem jeg er fremur sammála háttv. þm. Barð. (HK) um. Mjer þykir það mjög mikið spursmál, hvort það skólamál sje nógu vel undirbúið til þess, að Þingeyingum skuli veittur þessi styrkur, sem nefndin hefir ákveðið. Þingmálafundagerðir úr hjeraðinu og ýmislegt annað bendir í þessa átt. Þingeyingar hafa áður sótt skóla mikið út úr hjeraðinu, og finst mjer það athugunarmál, hvort Eiðaskóli dugir ekki fyrir Þingeyjar- og Múlasýslur. Þeir hafa sótt skóla austur í Eiða bæði áður en honum var breytt í núverandi alþýðuskóla og eins meðan hann var búnaðarskóli. Þó að jeg sje mjög fylgjandi því, að skólar sjeu hafðir í sveitum, þá er samt sem áður

vert að gæta þess, að skólarnir sjeu ekki hafðir of margir, svo að þeir þurfi ekki að standa tómir eða lítt notaðir. Þótt Eiðaskólinn hafi reynst of lítill enn, þar sem ekki er búið að byggja skólahúsið, þá getur svo farið, að öðru máli verði að gegna, þegar búið er að byggja þar og hægt verður að taka 100 nemendur í stað 40, sem nú er hægt að taka þar, og er þó of margt. Þingeyingar ættu því að hugsa vel um, hvort þeir geti ekki komist af með Eiðaskólann. Hann ætti einnig að duga fyrir Skaftfellinga, sem eiga fremur stutt að sækja þangað. Með þetta fyrir augum virðist mjer haganlegra að auka við og fullkomna Eiðaskólann tafarlaust heldur en að veita *nú* fje til að stofna nýjan skóla. Þetta er þungur baggi fyrir Þingeyjarsýslu, þar sem skólinn kostar líklega upp undir 90 þús. kr., og ætti því að athuga alt vel áður en í framkvæmd er ráðist. En það má enginn taka þetta svo, að þetta sje sagt til fjandskapar við Þingeyinga; síður en svo. Jeg get ekki greitt atkvæði með því á þessu þingi og fjölyrði svo ekki meira um það.

Jón Þorláksson: Jeg ætlaði aðeins að minnast á og leggja liðsyrði dálitlum styrk, sem í 66. brtt. fjvn. er lagt til, að falli niður. Styrkurinn á að ganga til Dansk-islåndsk Samfund. Upphæðin er ekki svo stór, að hún snerti verulega fjárhag landsins. En í því að fella burtu þennan styrk felst sú óbeina viðurkenning frá Íslendingum, að hann sje ómaklega veittur.

Þegar jeg lít á þann tilgang fjelagsins, að auka gagnkvæm kynni Dana og Íslendinga og velvild milli landanna, þá virðist mjer hann hinn allra besti. Og ekki dregur starfsemi þess úr því áliti, alt það, sem fjelagið hefir gert í þessa átt. Jeg skal þá gefa ofurlítið yfirlit yfir störf þess frá því, að það var stofnað 1917. Það hefir á þessu tímabili gefið út 22 rit á dönsku og íslensku, fyrir utan blað, sem það gefur út til þess að auka þekkingu Dana á Íslandi. Nokkuð af bókunum er gefið út á íslensku, en hinar eru fleiri, sem komið hafa út á dönsku, til þess að útbreiða þekkingu á Íslendingum meðal Dana.

Bókaútgáfunni er hagað á þennan hátt fyrir þær sakir, að álitið er, að yfirleitt sje meiri þekking Íslendinga á Danmörku en Dana á Íslandi, og því meiri þörf að auka fræðsluna um Ísland á meðal Dana. Fjelagið hefir nú í smíðum ýms rit, sem enn eru ekki farin að koma út, og eru sum þeirra samin hjer, en önnur í Danmörku. Þá hefir fjelagið haldið uppi fyrirlestrum í báðum löndunum; hafa tvisvar sinnum komið hingað menn í því skyni og tveir verið sendir hjeðan til Danmerkur. Sömuleiðis hefir fjelagið haldið uppi námskeiðum í íslensku á tveim stöðum í Danmörku með sæmilegum árangri. Enn má telja það, að fjelagið hefir gengist fyrir mannaskiftum til stuðnings gagnkvæmri viðkynningu. Alls hafa eitthvað 37 Íslendingar leitað til Danmerkur á vegum fjelagsins og um 50 Danir dvalið hjer. Hefir fjelagið notið jafnframt aðstoðar Búnaðarfjelagsins í þessu. Þá hefir fjelagið á ýmsan hátt veitt mönnum aðstoð, með því að útvega þeim vinnu, upplýsingar um vinnu o. fl., auk þess sem margir hjeðan hafa fengið meðmælabrjef hjá fjelaginu og greitt fyrir þeim á annan hátt. Skrifstofu hefir það í Kaupmannahöfn og allmikið hefir það gert til að halda saman einhleypum Íslendingum, með því að gera þeim fært að koma saman á þriggja vikna fresti. Fjelagið nýtur 10 þús. króna styrks úr ríkissjóði Dana

og hefir haft í vorum fjárlögum 1 þús. kr., sem aðeins fer til deildarinnar hjer. Auk þess hefir það nokkur árstillög frá fjelagsmönnum sínum. Mjer finst illa fara á því að fara nú að synja fjelaginu um styrkinn og er hræddur um, að lagt kunni að verða annað og meira inn í þá ráðstöfun en eintóm sparnaðarviðleitni, með öðrum orðum það, að ekki sje sint um það af hálfu hins opinbera að viðhalda vinfengi milli þjóðanna. Taka má það enn fram, að fjelagsskapurinn er algerlega ópólitískur og hefir jafnan haldið sjer utan við alla flokkadrætti, en er haldið uppi af áhugasömu alþýðufólki og mentamönnum í báðum löndunum. Jeg vil því vona, að háttv. deild lofi þessari litlu fjárveitingu til fjelagsins að ná fram að ganga, og vil þó samtímis geta þess, að jeg ætlast alls ekki til, að ræða mín sje skilin svo, að í henni komi nokkur andúð fram gegn Norræna fjelaginu, sem nefndin virðist vilja láta fá styrkinn í stað Dansk-islandsk Samfund. Jeg vil á engan hátt verða meinsmaður þess, að það njóti líks styrks, en þó er sá munurinn, að það fjelag er nýtt og ekki í neinu verulegu farið að sýna sig, þó það eigi vonandi eftir að gera margt og mikið, en hitt hins vegar í fullu fjöri og blóma, og tel jeg því í alla staði sanngjarnt, að það fái að halda þessari viðurkenningu, sem það áður hefir fengið frá þinginu.

Ingólfur Bjarnarson: Það virðist anda kalt til skólastofnunarinnar í Þingeyjarsýslu frá hv. 2. þm. N.-M. (BH). Varð helst dregin sú ályktun af ræðu hans, að hann óttaðist, að sá skóli, ef hann kæmist á fót, mundi draga úr vexti og viðgangi Eiðaskólans, en hins vegar varð eigi heyrt, að hann yfirleitt væri mótfallinn alþýðuskólum. En skoðun þessa hygg jeg bygða á misskilningi. Eftir því, sem mjer er best kunnugt, þá gerir Eiðaskóli ekki betur en fullnægja þörfunum austanlands; hefir sú verið reyndin á, að hann hefir ekki getað sint nema helmingi umsóknanna. Auk þess mundu Þingeyingar leita fremur til Akureyrar, á gagnfræðaskólann þar, eða í enn aðrar áttir, heldur en til Eiðaskólans. Það var að eins þetta, sem jeg vildi vekja athygli háttv. deildar á og leiðrjetta fram kominn misskilning hv. 2. þm. N.-M. (BH) á þessu atriði.

Magnús Jónsson: Jeg vil ekki þreyta háttv. deild með nokkrum skraddaraþönkum um fjárhaginn, en vildi leyfa mjer að minnast örfáum orðum á þrjár brtt. hv. fjvn. við fjárlögin.

Það er þá fyrst 65. brtt., um textaútgáfu Fornbrjefasafnsins, þar sem nefndin leggur til, að athugasemdin við liðinn falli burt. Jeg skal geta þess, að jeg var á mínum tíma þess fýsandi, að athugasemdin fjelli niður eða henni yrði breytt, en þess er að gæta, að þá var hún öðruvísi orðuð; registrið átti þá að koma jafnóðum. Vjer höfum nú mann, sem ágætlega er til þess hæfur að sjá um þessa vandasömu útgáfu, og verður að kallast hart að tefja hann frá henni með því að vinna að registursstörfum, en hins vegar vil jeg ómögulega, að safnið verði registurslaust. Eins og athugasemdin er nú, þá sje jeg ekkert á móti því, að hún haldist, og býst því við að greiða atkvæði móti brtt. og vil halda fast við það, að registur komi.

Þá kem jeg að 56. brtt. nefndarinnar, um 35 þús. kr. fjárstyrk til alþýðuskólahússbyggingar í Þingeyjarsýslu. Jeg vil strax taka það fram, að jeg verð eindregið fylgjandi þessari fjárveitingu. En þegar fjvn. gerir ráð fyrir, að þingið með þessu gangi inn á þá braut að styrkja

slíkar skólabyggingar eftirleiðis að ⅖, og byggingarkostnaðurinn við þennan skóla er áætlaður 70 þús kr., þá kemur mjer kynlega fyrir sjónir, að hún skuli leggja til, að 35 þús. kr. skuli veittar til þessa skóla nú. Það ætti að rjettu lagi að vera ca. 28 þús. kr., og þeirri fjárveitingu mun jeg verða hlyntur. Þess er að gæta, að við áætlanir um kostnað við fyrirtæki sem þessi eru menn vanir að taka munninn nokkuð fullan, og þó fjvn. orði tillöguna svo, að veitt skuli verða *alt að* 35 þús., þá er samt með þessu gefið undir fótinn með að byggja dýrara en ella.

Þá hefir háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) tekið af mjer ómakið að mæla með styrkveitingunni til Dansk-islandsk Samfund, og þó jeg beri raunar ekki þann fjelagsskap neitt sjerstaklega fyrir brjósti, finst mjer samt harla óviðeigandi að fella niður styrkinn til þess, þar sem það er eitt af fáum starfsömum og áhugasömum fjelögum vor á meðal. Og í stjórn þess eru að minsta kosti sumir ágætustu vinir Íslands, svo sem Aage M. Benedictsen og sjera Arne Möller, menn, sem hafa gert landi voru og þjóð mesta gagn og greiða. Sömuleiðis get jeg vel felt mig við það, að Norræna fjelagið fái líka styrk, því þó það sje ungt enn þá og hafi lítið sýnt sig, er engin ástæða til annars en vænta hins besta af því í framtíðinni, því góðir menn standa að því, sumir hverjir.

Þá vildi jeg að lokum leggja liðsyrði einni brtt. minni hl. nefndarinnar, þar sem lagt er til, að styrkur verði veittur til hljóðfæraskólans í Reykjavík. Háttv. flm. brtt. (BJ) hefir þegar lýst starfi þessa skóla og nauðsyn hans fyrir háttv. deild, og hygg jeg þá skýrslu hans rjetta í alla staði, enda tvímælalaust, að þessi skóli ætti að geta komið að góðu liði og bætt mikið úr þeirri vöntun, sem verið hefir á góðri kenslu í meðferð ýmsra hljóðfæra. Hefi jeg átt tal um þetta við forstöðumann skólans, hr. O. Böttcher, og var það hans álit, að okkar þjóð ætti síst að þurfa að standa að baki öðrum þjóðum á þessu sviði, ef henni gæfist kostur á góðri söngmentun. Og framfarirnar hafa verið alveg ótrúlega miklar á stuttum tíma. Jeg vil því vona, að hv. deild telji það sóma sinn að greiða fyrir þessum litla en fallega vísi til hljómlistarskóla hjer á landi.

Þá vil jeg spyrjast fyrir um það hjá hv. fjvn., hvort hún hafi athugað skrifstofukostnað biskups í sambandi við brtt. um að hækka skrifstofufje landlæknis. Þetta eru sambærileg embætti, og ættu því að fylgjast að hvað það snertir. Annars býst jeg við, að það sje af vangá hjá nefndinni, að hún leggur ekki til, að fjárveitingin til skrifstofuhalds biskups skuli hækka jafnt skrifstofukostnaði landlæknis, og má þá gera ráð fyrir, að hún lagi þann ágalla sjálf. Að öðrum kosti mun jeg koma með brtt. til 3. umr.

Björn Hallsson: Jeg vil aðeins koma með stutta athugasemd, til að leiðrjetta þann misskilning hjá hv. þm. S.-Þ. (IngB), að jeg væri mótfallinn skólastofnuninni í Þingeyjarsýslu sökum þess, að jeg hjeldi, að sá skóli mundi kasta rýrð á Eiðaskólann. Það hefir aldrei verið mín skoðun, enda hefi jeg áður skýrt frá ástæðum mínum fyrir því, að jeg get ekki greitt þessari till. atkvæði. Það er ekki af neinu öðru en því, að jeg fylgi ekki till., að mjer finst kostnaðurinn mikill og spursmál, hvort okkur og Þingeyingum dygði ekki Eiðaskólinn og svo gagnfræðaskólinn á Akureyri. Það er stór baggi fyrir sýslufjelag Þingeyinga að leggja fram til þessa skóla 50—60 þús. kr., og er athugavert, ef skólarnir verða settir of þjett. Mjer

finst því rjett, að þetta sje athugað áður en lengra er gengið. Nefndin mælir með 35 þús. kr. styrk til skólans, miðað við ⅖ kostnaðar. Þá ætti skólinn að kosta eftir því alls um 90 þús. kr. En þó Eiðaskóli enn sem komið er geti ekki fullnægt þörfinni, þá er þess að gæta, að hann er enn þá ekki kominn í það lag, sem honum er ætlað. Hann tekur núna aðeins 40 nemendur, en hefir rúm fyrir 100, þegar búið er að reisa nýtt hús handa honum. Því var það, að mjer fanst heppilegt að reyna að sameinast um skólann. Mjer hefir líka skilist svo, að Þingeyingar sjálfir væru ekki nærri sammála um skólann, og er því síður tímabært að hugsa um hann nú, ein og alt er erfitt viðfangs á viðskiftasviðinu. Fleira hefi jeg ekki að segja í þessu máli að sinni; en jeg vildi taka þetta fram, til að fyrirbyggja frekari misskilning á afstöðu minni til skólans.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hefi áður tekið það fram, að mjer finst harla óviðkunnanlegt, að hæstv. stjórn skuli ekki hafa látið sjá sig í deildinni yfir lengri tíma við umræður fjárlaganna. Vildi jeg skjóta því til hæstv. forseta að haga dagskránni þannig, að hún þurfi ekki að vera bundin annarsstaðar á meðan deildin hefir fjárlögin til meðferðar.

Jeg þarf nú ekki að svara mörgu fyrir hönd nefndarinnar, enda hefir ýmsu verið þegar andmælt, sem fundið hefir verið að gerðum hennar. Það er þá fyrst að minnast á þóknunina fyrir kenslu landlæknis við ljósmæðraskólann. Hæstv. forsrh. (S-E) hjelt því fram, að 1200 kr. væri nægilegt í þessu skyni, og bjóst jafnvel við, að hægt væri að skylda landlækni til þess að kenna án allrar þóknunar. Jeg býst nú við, að þegar landsspítalinn er kominn á fót, muni háskólinn krefjast þess að taka að sjer kensluna, og þótt vjer hingað til höfum verið hepnir með að hafa ágætlega vel færa menn til þessarar kenslu í landlæknisembætti, þá er ekki þar með sagt, að svo verði altaf. Háttv. þm. Barð. (H-K) fór einnig út í þetta atriði og hjelt því fram, að hjer væri um misskilning að ræða, því þegar þóknunin hefði verið veitt, þá hefði verið gengið út frá því, að landlækni væri enginn skrifstofukostnaður greiddur. En þetta er ekki rjett. Á þinginu 1912, sem hann mun eiga við, var ekki um neina nýja þóknun að ræða, heldur var hún hækkuð um 300 kr. frá því, sem áður var. Áður var miðað við nemendafjölda, og kom 50 kr. þóknun á hvern nemanda. Á undanförnum árum hafa verið 17—18 nemendur, og hefði þá þóknunin numið, eftir gamla taxtanum, ca. 900 kr., sem, hækkuð tiltölulega á borð við önnur starfslaun þessi dýrtíðarár, mundi fara talsvert hærra en 1500 kr. Og jeg get því ekki sjeð, að það sje sambærileg hækkun á við aðra starfsmenn að hafa launin ekki hærri en 1200 kr., þar sem þau voru 1000 kr. fyrir dýrtíðina.

Þá mintist hæstv. atvrh. (KlJ) á það, að fjárveitingin til veðurfræðistofnunarinnar sje svo há meðfram vegna þess, að ráðgert sje, að Sigurði Þórólfssyni verði aukið við sem starfsmanni þar. En nefndin telur, að lækkunin sje ekki svo mikil, að ekki sje eins kostur á þessu eftir sem áður. Enda hefir nefndin gert sjer í hugarlund, að koma mætti þessum manni að sem starfandi manni á veðurfræðistofnuninni, þar sem hann mun vera ágætlega til þess hæfur.

Þá spurði hæstv. atvrh. (KlJ) þess, hvort skilja ætti athugasemdina við Fornbrjefasafnið þannig, að ekkert registur ætti að koma út. En svo er ekki. En þessi athugasemd ætti í rauninni heldur að

standa við þann lið, þar sem er veitingin til Bókmentafjelagsins yfirleitt.

Þá er jeg svo óheppinn að þurfa enn að mótmæla einni till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), og er það um byggingu barnaskóla austur þar í kjördæmi hans. Nefndin hefir nú einu sinni tekið upp þá stefnu, að mæla ekki með neinum styrkjum til barnaskólabygginga, og því þarf hv. þm. ekki að ámæla nefndinni fyrir það, að hún hafi ekki mælt með þessu. Hitt hefir nefndin í sjálfu sjer enga sjerstaka ástæðu til að efast um, að þörf væri á þessari veitingu til skólans. En hún veit líka jafnframt, að þessi sama þörf er fyrir hendi hjá fjöldamörgum öðrum skólum, engu síður en þessum. Og eins og nú er ástatt um fjárhaginn, er ekki unt að sinna neinu af þessu í svip, og verða Sunnmýlingar að sætta sig þar við sama hlutskiftið og allar aðrar sýslur. Auk þess má geta þess um þessa beiðni háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að henni fylgja engir uppdrættir og engar áætlanir og engin meðmæli, sem sýni það, að nokkur sjerstök þörf sje á veitingu til þessa skóla fram yfir aðra, því þetta felst ekki í ummælum fræðslumálastjóra.

Um styrkinn til stjörnufræðiútgáfunnar get jeg verið stuttorður. Nefndin neitar því ekki, að gott geti verið að fá slíkt rit útgefið, en álítur hins vegar, að útgáfan geti vel beðið um tíma, og verði í raun og veru að gera það, þar sem orðið hefir að neita um styrk jafnvel til nauðsynlegra kenslubóka. Og þetta er alls engin niðrun minningu höfundarins, og þó mál þetta væri borið undir mentamenn og kennara, mundu þeir vafalaust svara svo, að meiri þörf væri á mörgum ritum fyr en þessu.

Svo skal jeg aftur víkja að háttv. þm. Barð. (HK). Hann mótmælti þóknuninni til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir háskólakensluna og gat þess, að margir hefðu búist við því 1921, þegar bæjarlæknisembættið var stofnað og störfum þá ljett af hjeraðslækni, að hann gæti haft þessa kenslu aukaborgunarlaust. En fyrir þessu finst enginn stafur í þingtíðindunum. En hitt er það, að jeg sagði þá í sambandi við þetta mál, að ef prófessorsembætti nýtt yrði stofnað í læknadeildinni, mundi þessi kensluþóknun sparast, en ekki öðruvísi. Og þessu er ómótmælt.

Um launakjörin í þessu sambandi má líka geta þess, að hjeraðslæknirinn hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., eða alls 4000 kr. með þessari 1500 kr. kensluþóknun, en dósentarnir hafa 3500 kr. að byrjunarlaunum og prófessorar 4500 kr., svo menn geta af þessu sjeð, að það er langt frá því að mikið sje borgað fyrir þessa kenslu og að hjeraðslæknirinn er svo sem ekkert ofhaldinn af launum sínum öllum saman.

Viðvíkjandi því, sem sagt var til andmæla till. nefndarinnar um Þingeyjarsýsluskólann, get jeg verið fáorður, því hv. þm. S.-Þ. (IngB) hefir tekið þar af mjer ómakið; en jeg skal aðeins geta þess, að áætlanir og uppdrættir voru bornir undir dóm fróðra manna. Upphæðin í sjálfu sjer er nefndinni ekkert kappsmál, en aðalatriðið er það, að lagðir verði fram aðeins $^2/_5$.

Út af umræðunum um Dansk-islandsk Samfund og Norræna fjelagið skal jeg geta þess eins, að nefndinni þótti rjettara að styrkja af þessum fjelögum það, sem víðari hefði verkahringinn, — þar sem tilgangurinn er að öðru leyti sá sami, — en það er Norræna fjelagið, því það fjelag nær um öll Norðurlönd.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) gerði fyrirspurn um skrifstofukostnað biskups, í sambandi við hækkun skrifstofukostnaðar land-

læknis, og sagði, að þeir tveir hefðu venjulega fylgst að. Jeg hygg nú reyndar, að þetta sje ekki rjett, en hvað sem því líður, bar enginn nefndarmanna fram tillögu um hækkun hjá biskupinum, og jeg man ekki, hvort nokkurn tíma var einu sinni á málið minst.

Hv. 2. þm. N.-M. (BH) mintist á Þingeyingaskólann og sagði, að ekki væri full þörf á honum, vegna Eiðaskólans. En mjer virðist svo sem áhugi Þingeyinga á þessu máli, t. d. með Breiðamýrarskólann, sýni þvert á móti nauðsynina.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að taka annað fram en það, að nefndin er samþykk styrknum til Hjálmars Lárussonar. Get jeg svo lokið máli mínu.

Forsætisráðherra (SE): Jeg heyri sagt, að háttv. frsm. (MP) hafi verið að víta stjórnina fyrir það, að hún hafi ekki verið viðstödd umr. hjer. Mjer þykir hart, að hann skuli ætla að fara að gera sig að siðameistara hjer, einkum þar sem það í þessu tilfelli var skylda mín að sitja í hv. Ed., þar sem jeg átti málum að svara og atkvæði að gegna. Jeg verð því að átelja þetta og skoða það vott um skort á almennri kurteisi. En annars hefi jeg hlustað á allan þann vísdóm, sem dropið hefir af vörum þessa hv. þm. í framsögu hans í fjárlögunum, og eftir því, sem á undan er farið, hygg jeg, að jeg hafi nú engu glatað, þó jeg væri ekki viðstaddur, vegna anna þeirra, er jeg gat um áðan.

Jeg vík nú að nokkrum atriðum í ræðu háttv. framsögumanns.

Hann gat ekki rökstutt það, að þörf væri á því að hækka laun forstöðumanns yfirsetukvennaskólans, og get jeg í því efni vísað til fyrri ummæla minna, að því viðbættu, að vel má vera, að rjett sje á sínum tíma, eins og jeg hefi vikið að áður, að leggja þessa kenslu undir háskólann, og verði hún þá að felast í embættisstarfi einhvers háskólakennarans, en ekki greiða neitt sjerstaklega fyrir það verk.

Um þóknunina til Jóns Hjaltalíns Sigurðssonar hjeraðslæknis, fyrir háskólakensluna, get jeg sagt það eitt, að það undrar mig, að henni skuli vera mótmælt. Honum ber engin embættisskylda til þess að annast þessa kenslu, en kensla hans er hins vegar mjög mikils virði fyrir háskólann, og er hann þar eiginlega ómissandi maður nú og vinnur sjer meira og meira traust. Jeg álít, að það geti ekki komið til mála að fella þessa fjárveitingu.

Að því er snertir brtt. 56 við 14. gr., um alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu, skildi jeg svo háttv. frsm., að hann vildi slá því „principi“ föstu, að veitt yrði til þessara skóla ⅖ hlutar kostnaðar. Nú vil jeg spyrja: Hefir háttv. fjvn. gert sjer grein fyrir því, hvað mörg skólahús á að reisa og hvar þau eiga að vera? Og á að skilja það sem tilboð frá hv. fjvn., að hún vilji leggja til ⅖ hluta kostnaðar til þessara bygginga? Eftir orðum hv. frsm. var helst hægt að skilja þetta svo. Annars skal jeg taka það fram afdráttarlaust, að jeg fellst ekki á þessa aðvörun hv. frsm. við því að veita fje til barnaskólabygginga. Jeg skil og ekki, hversu kalt andar úr þessari átt til barnafræðslunnar. Held jeg, að það rjettasta væri að ætla vissa upphæð til barnaskólabygginga, sem stjórninni væri falið að ráða yfir. En að hætta að byggja barnaskóla og auka þá tel jeg svo mikið spor aftur á bak og svo ramt afturhald, að jeg á engin orð til yfir það. Vil jeg ekki láta þetta tækifæri ónotað til þess að mótmæla þessari óheillastefnu í fræðslumálum landsins. Ef ekki fæst ein upphæð

til barnaskólanna, er jeg því meðmæltur, að veitt verði þessi litla upphæð til barnaskólans á Nesi í Norðfirði, sem farið er fram á í brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ).

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að þeirri brtt. meiri hl. fjvn., að laun Jóh. L. Jóhannssonar verði lækkuð úr 7000 kr., sem stjfrv. ákveður, og niður í 6000 kr. Jeg skil ekki hvers vegna háttv. nefnd leggur þetta til, nema ef á að skilja það svo, að hún vilji, að starfið sje lagt niður, og hefir þá verið lítið ráð í að byrja nokkurn tíma á þessu verki. Annars held jeg, að öllum hljóti að vera ljóst, að fátækur, gamall fjölskyldumaður fær ekki lifað af 6000 kr. hjer í Reykjavík. Er og hvorttveggja, að maður þessi er ekki fær um að leita sjer annarar atvinnu til uppbótar launanum, enda væri það líka hinn mesti skaði fyrir þetta verk, sem honum er falið. Vil jeg því eindregið leggja til, að stjórnartill. sje samþykt.

Sveinn Ólafsson: Jeg er vanur því að tefja umr. sem minst jeg get. Gerði jeg svo í gær, þegar jeg talaði fyrir brtt. mínum við 13. og 14. gr. fjárlagafrv. Háttv. frsm. (MP) notaði sjer þetta. Hafði hann síðasta orðið um þær og vóg ekki að þeim sem vægilegast. Hann vitnaði í ræðu sinni nú til atkvgr. um þær og taldi, að í henni hefði falist skilningur honum í vil.

En háttv. frsm. (MP) mun skjátlast hjer. Jeg hefi komist eftir því síðan, að ýmsir háttv. deildarmanna hafa ekki verið búnir að átta sig á því, er þeir greiddu atkv., hvað mikil sanngirni og sjálfsögð var falin í þessum till. mínum, og hefðu gjarnan viljað bæta úr þeim skakkaföllum, sem Suður-Múlasýsla varð fyrir vegna vanhaldinna samninga af hálfu Eimskipafjelagsins við flutning byggingarefnis til vitanna við Berufjörð. Verður þessi skilningur og skýring því skammgóður vermir fyrir háttv. frsm. (MP).

Þá vildi jeg minnast á brtt. mínar við þessar greinar, 14. og 15. gr. fjárlagafrv. Brtt. við 14. gr. fer fram á, að styrkur verði veittur til viðbótar byggingar barna- og unglingaskóla á Nesi í Norðfirði. Er jeg þakklátur hæstv. forsrh. (SE) fyrir undirtektir hans um þetta, fyrir það, af hve ljósum skilningi og velvild hann talaði um þetta mál og kannaðist við það, sem háttv. frsm. (MP) kannaðist ekki við, hversu rík sanngirniskrafa þetta er og hvað upphæð þessi er hverfandi lítil, samanborið við ýmsar aðrar upphæðir, sem veittar eru og veittar hafa verið til skólabygginga.

Háttv. frsm. kvartaði yfir því, að ekki lægi fyrir áætlun um byggingarkostnaðinn. Að svo komnu er hennar ekki mikil þörf, og jeg gat ekki komið með hana svo glögga og nákvæma, sem jeg vildi, en eftir upplýsingum frá hlutaðeigendum, mun kostnaðurinn láta nærri að verða 50—60 þús. kr., en eitthvað getur þetta breyst, þegar sjerfróður maður hefir gert áætlunina. Af þessari upphæð leggja fjelög þau, er jeg nefndi, til ca. 10 þús. kr. til þess að fá að byggja áfast skólanum álmu, sem aðeins hefði sama vegg og aðalhúsið á einn veg, til þess að hafa fundi í.

Háttv. frsm. sagði, að líkt mundi standa á annarsstaðar um vöntun skólahúsa. Jeg hygg, að það sje mjög óvíða. Að minsta kosti er ekkert sjóþorp austanlands jafnilla stætt og þetta um skólabyggingu eftir mannfjölda. Þau hafa öll boðleg og nothæf hús, nema þetta eina. Og þó er þetta eitt af fjölmennustu kauptúnum landsins. En skólabygging sú, sem þarna er nú, er miðuð við fólksfjöldann, er hann var 4 hundruð, en nú er hann 8 hundruð. Enn má geta þess, að þetta á jafnframt að

vera unglingaskóli, því að ekkert annað hús er fyrir hann.

Jeg neita því ekki hjá háttv. frsm., að víðar kunni að vera svo ástatt, að skiftast þurfi á um kenslustofur og nota mikinn hluta dagsins vegna húsnæðisskorts, en jeg hygg, að það sje hvergi jafnerfitt sem þarna, að minsta kosti þekki jeg það ekki. En þó svo væri, að hliðstæð dæmi fyndust annarsstaðar, þá er það ekki nægileg ástæða til að neita þessu, einkum þegar litið er til þess, að hjer er um bygðarlag að ræða, sem hefir verið drýgra í framlögum í ríkissjóðinn en nokkurt annað, að stærri kaupstöðunum undanteknum.

Til þess að sýna, að þetta er ekki úr lausu lofti gripið, vil jeg benda á, að samkvæmt landsreikningnum 1921 hefir Suður-Múlasýsla borgað nær ¼ miljón kr. í ríkissjóðinn þetta ár, og var þetta þó á þeim tíma, þegar viðskiftin voru ekki komin í samt lag eftir ófriðinn, en þau höfðu flust talsvert til sýslunni í óhag á stríðsárunum. Til samanburðar vil jeg minna á, að Strandasýsla, sem stundum hefir þó verið nokkuð þurftarfrek, þótt ekki sje nefnt annað en tillagið til kolanámsins í Gunnarsstaðagróf, hefir á sama tíma greitt 55 þús. kr. í ríkissjóðinn. Er ekki svo að skilja, að jeg telji það eftir, þótt kjördæmi mitt leggi ríflega af mörkum til ríkissjóðs. Mjer er það fremur metnaðarmál, að það styðji sem best ríkissjóðinn, þótt það þiggi sáralítið af honum. En jeg tók þetta fram sökum þess, hve harkalega var að þessu kjördæmi vegið í ræðu háttv. frsm. nefndarinnar (MP).

Þá vík jeg að seinni brtt. minni, við 15. gr., um 1500 kr. til Fræðafjelagsins til að gefa út stjörnufræði eftir Þorvald Thoroddsen. Hv. frsm. (MP) lagði einnig fastlega á móti því, að þessi brtt. yrði samþykt, og bar einkanlega við sparnaðarástæðum og að þetta mætti bíða. Það má vel vera, að það sje rjett, að þetta megi bíða, en svo er um margt, sem í fjárlagafrv. stendur. Og þess er að gæta, að Þorvaldur heitinn Thoroddsen skildist þannig við ritverk sín, þetta og fleiri, að hann gaf landinu meira en nemur útgáfukostnaði þeirra alþýðurita, er hann skildi við í handriti og óskaði eftir, að gætu sem fyrst komið á prent. Hefir Finnur Jónsson prófessor lagt mikla áherslu á, að rit þetta yrði gefið út fljótlega.

Í sama lið og þessi brtt. mín er till. um að veita 1000 kr. til útgáfu Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hygg jeg, að þessi útgáfa megi ekki síður bíða, en langt er þó frá, að jeg leggist á móti styrk til þeirrar útgáfu. Fleira mætti benda á, sem mætti bíða; t. d. get jeg bent á 41. lið brtt. nefndarinnar. Liggur þessi brtt. að vísu ekki fyrir nú, en þess má þó geta, að þetta símasamband, sem hjer er farið fram á við einn bæ í Strandasýslu, Kaldrananes í Bjarnarfirði, og kostar 6500 kr., er í raun og veru líka aðeins lítilfjörleg þóknun til frsm. (MP). Held jeg að símasamband þetta mætti líka bíða, einkum er litið er til þess, að margir símar bíða, sem lífsnauðsyn er að fá. En auðvitað er þessi till. fram komin vegna þess, að háttv. þm. Str. (MP) á sæti í nefndinni.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla að hefja mál mitt með því að lýsa yfir, að jeg tek aftur brtt. við 15. gr., 9. lið á þskj. 292, að svo stöddu. Hæstv. forsrh. (SE), sem mun hafa verið beðinn fyrir málið, mun gera till. um það að taka þetta upp í frv. til fjáraukalaga, sem nú kvað vera í ráði að bera fram.

Þá vildi jeg segja nokkur orð út af orðum háttv. þm. Barð (HK) viðvíkjandi Hvanneyrarskólanum. Mintist hann á það í sambandi við fjárframlag það, sem hæstv. atvrh. (KlJ) hefir farið fram á til Hvanneyrarhússins, að skólinn væri nú orðinn svo dýr, að mörg góð frækorn þyrftu að koma þaðan til þess að hann svaraði þeim kostnaði, sem hann hefir haft í för með sjer fyrir landið. Er jeg sannfærður um, að þeir menn, sem til þessa skóla þekkja, muni sammála um það, að út frá þessum skóla berast mörg þörf og góð frækorn. En það er í rauninni eigi nema eðlilegt, að mönnum vaxi í augum sá kostnaður, sem á því varð að endurreisa íbúðarhúsið á Hvanneyri. En það, hve mikill kostnaðurinn varð, var, eins og háttv. 2. þm. N.-M. (BH) mintist á, að nokkru eðlileg afleiðing af dýrtíðinni þegar húsið var bygt upp, en það var, eins og kunnugt er, bygt á allra dýrasta tíma. Auk þess er það álit kunnugra manna, að byggingunni hafi eigi verið haganlega stjórnað, eigi gætt þeirrar varkárni, dugnaðar og hagsýni, sem nauðsynlegt er undir slíkum kringumstæðum. Má því gera ráð fyrir, að húsabyggingin hafi verið dýrari af þessum sökum en hún hefði þurft að vera, en það er kunnugt mál, að skólastjóri fjekk engu ráðið í þessu efni. En honum mun hafa blöskrað öll tilhögun við bygginguna, enda er hann viðurkendur dugnaðar- og atorkumaður, sem á örðugt með að þola, að eigi sje rösklega verið að verki.

Þá var háttv. þm. Barð. (HK) að flíka einhverri gróusögu, sem hann hafði sótt norður í Húnavatnssýslu og sýna átti, hve verklega námið á Hvanneyri væri ljelegt. En þó að vitanlega sje ekkert hæft í þessari sögu, heldur mun hún sprottin af þeirri tilhneigingu, sem yfirleitt ber töluvert á hjá honum, að hnjóða í menn og stofnanir, þá er því ekki að neita, að í reglugerð bændaskólanna er engan veginn lögð sú áhersla á verklega námið, sem vera þyrfti, en það má ekki skella þeirri skuld á þá, sem skólunum veita forstöðu á hverjum tíma.

En um kensluna í Hvanneyrarskólanum má óhikað segja það, að hún hefir verið og er mjög góð, enda hafa valist þangað mjög hæfir kennarar. Og hvað snertir skólastjórann, þá er jeg viss um, að engir nemendur munu fara þaðan án þess að flytja með sjer út í lífið haldgóð áhrif frá honum, því þessi alþekti dugnaðarmaður hefir alveg óvenjulega hæfileika til þess að glæða áhuga, manndóm og atorku með nemendum sínum. Var það og rjettilega tekið fram af hv. 2. þm. N.-M. (BH), að þeir, sem sækja skólann, yrðu þar fyrir mikilli uppörvun til starfs og atorku, enda gætti þeirra eiginleika mikið hjá nemendum þaðan. Auk þess er það eigi þýðingarlítið atriði, að á staðnum er rekinn búskapur með fyrirmyndar sniði og þar gerðar ýmsar tilraunir með fóðrun á búpeningi, og má mikið af því læra.

Þá vildi jeg minnast á eitt atriði í brtt. nefndarinnar, sem töluvert hefir verið rætt um, sem sje þessar 1500 kr. til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann. Háttv. frsm. (MP) og hæstv. forsrh. (SE) hafa haldið því fram, að það sjáist eigi á umr. á þinginu 1921, sem urðu um stofnun bæjarlæknisembættisins og þau mál, er rædd voru í sambandi við það, að til þess hafi verið ætlast, er hjeraðslæknisembættinu var skift, að þessi fjárveiting fjelli niður. Má vel vera, að það komi eigi beint fram í umr., en jeg er þó viss um, að ýmsir hv. þm. hafa litið svo á, að það leiddi af sundurgreiningunni, að

fjárveitingin fjelli niður. Sje jeg það á ræðu háttv. þm. Str. (MP), að hann hefir gert ráð fyrir, að sóttvarnarlæknirinn, sem hann þá var kallaður, tæki að sjer nokkra kenslu við háskólann. Auðvitað stóð dálítið öðruvísi á með það embætti, ef stofnað hefði verið, þar sem gert var ráð fyrir hærri launum. Held jeg þó, að það hafi verið full ástæða fyrir hæstv. stjórn að athuga það, þegar bæjarlæknisembættið var veitt, hvort ekki hefði verið hægt að láta bæjarlækninn taka að sjer kensluna án sjerstakrar borgunar. Er það rjett, að það er ekki hægt að skylda hjeraðslækninn til þess að taka þetta að sjer án endurgjalds, en það hefði verið hægt að skylda bæjarlækninn til þess. Ber þess að gæta, þegar um skifting á embættum er að ræða, að eitthvað vinnist við það hvað útgjöld ríkisins snertir. Hæstv. forsrh. hefir lagt mikið upp úr því, hversu hæfur sá maður sje og ómissandi, sem kensluna hafi á hendi. Vefengi jeg það eigi, þó jeg á hinn bóginn verði að álíta það á færi fleiri manna að annast þessa kenslu.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á styrkinn til að byggja alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu. Jeg þarf ekki að taka það fram, því það er alkunnugt áður, að jeg er mjög hlyntur alþýðuskólunum og tel sjerstaklega mikilsvert að styðja þá í sveitunum. En eins og sakir standa nú, get jeg ekki álitið, að ráðlegt sje að leggja út í svo dýra byggingu; það er sem sje mín stefna, sem jeg kvika ekki frá, að draga beri svo úr útgjöldum ríkissjóðs nú sem kostur er á, í öllu því, sem hjá verður komist.

Með þessari fjárveitingu ætlar fjárveitinganefndin að leggja grundvöllinn að því, í hvaða hlutföllum skuli lagt fram úr ríkissjóði í framtíðinni til byggingar slíkra skóla. Um það í sjálfu sjer er ekkert að segja, og jeg vil taka undir það með háttv. þm. Barð. (HK), að það kenni nokkurs ósamræmis í hlutfallinu milli þátttöku ríkissjóðs í skólabyggingum, sem er 2/5, og upphæðarinnar, sem útfærð er, 35 þús. kr. Jeg segi, að það kenni ósamræmis í þessu, því samkvæmt þeirri áætlun, sem fyrir liggur, er kostnaður við byggingu skólans 70 þús. Hin tilfærða upphæð er því helmingur kostnaðar, í staðinn fyrir að samkvæmt hlutfallinu ætti þetta ekki að vera nema 28 þús. Mjer finst vera óþarfi og ekki hyggilegt að vera þannig að gefa hjeraðinu undir fótinn með að leggja í meiri kostnað við bygginguna en nauðsynlegt er. Það leiðir af sjálfu sjer, þegar búið er að lögfesta þessa þátttöku af hendi ríkissjóðsins í byggingu nýrra alþýðuskóla, að þá muni verða farið fram á samskonar þátttöku ríkissjóðs til handa þeim alþýðuskólum, sem nú eru og reistir hafa verið eða keyptir án nokkurs styrks af opinberu fje, og það mælir svo mikil sanngirni með því, að þeir njóti slíks hins sama, að það er ekki hægt annað en verða við þeim kröfum. Þetta verða menn að gera sjer ljóst.

Jón Þorláksson: Það voru aðeins örfá orð út af 48. brtt. háttv. fjvn., á þskj. 254, um 1500 kr. til hjeraðslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann. Síðast þegar rætt var um læknaskipunina í Reykjavík, þá kom þetta til tals, að láta annanhvorn föstu læknanna hafa kensluna á hendi sem hluta af embættinu. Jeg var á móti því þá, og mjer kom það eigi til hugar, er jeg mælti með tillögu um bæjarlækninn. Áleit jeg þá og álít enn, að launakjör þessara manna sjeu þannig, að útilokað sje, að þeir geti tekið að sjer þessa kenslu án sjerstakrar borgunar. Eins og háttv. þing-

deildarmönnum mun kunnugt, þá er hjeraðslæknirinn í Reykjavík í 3. launaflokki; er það lægsti flokkurinn, því að það er álitið, að þar sem fjölmennið er mest hafi læknirinn mestar tekjur af læknisstörfum. Af þessu er auðsætt, þegar tekið er tillit til, hve margir praktiserandi læknar eru hjer í bæ, auk hjeraðslæknisins, að það er frágangssök að leggja á þann lækninn, sem er í lægsta launaflokki, þá kvöð, að hann verði að bæta við sig jafnumsvifamiklu starfi og kenslan í þessum greinum við háskólann er, endurgjaldslaust. Þetta er eitt af aðalnámsgreinum læknisfræðinnar og krefur engu minna starf af þeim, sem kennir það, en prófessorarnir með fullum embættislaunum inna af hendi við aðrar deildir háskólans; og þessar 1500 kr., án dýrtíðaruppbótar, eru vafalaust hin ódýrustu kenslulaun, sem landssjóður greiðir við háskólann. Starf þetta er svo vandasamt, að jeg álít, að það hefði verið óforsvaranlegt af hæstv. landsstjórn að taka annan mann til þess að annast það meðan kostur var á að halda þessum reynda kennara. Og að bæjarlækninum ólöstuðum, þá verður því eigi neitað, að hann er óreyndur í þessu efni. Enda er bæjarlæknirinn einnig hliðstæður hjeraðslækninum hvað launaflokk snertir, og hefði því eigi frekar getað tekið starfið að sjer endurgjaldslaust, með þeim launum, sem lögin gera ráð fyrir, að hann hafi.

Þá vildi jeg leyfa mjer að mæla með þessum litla styrk til Dansk-islandsk Samfund. Er það eigi rjett að setja málið svo fram, að velja þurfi á milli þess og Norræna fjelagsins. Geta þessi tvö fjelög sem best staðið saman. Hvort þeirra geri meira gagn, — það er óreynt enn sem komið er. Ef öll norrænu ríkin veita hinu síðarnefnda fjelagi lið sitt, þá skal jeg taka það fram, að jeg álít eigi rjett að við höldum okkur til baka, enda þótt jeg geri mjer eigi von um mikinn árangur fyrir okkur af því. Eins álít jeg eigi rjett af okkur að veita eigi Dansk-islandsk Samfund þennan styrk, þar sem Danir hafa veitt því 10 þúsund kr. Jeg skal láta ósagt um það, hversu mikill árangurinn af starfi fjelagsins verður, en mjer er kunnugt um það, að menn starfa þar að viðfangsefnum fjelagsins með óskiftum áhuga. Jeg mun því greiða atkvæði með því, að styrkurinn verði látinn standa eins og hann er ákveðinn í frv. stjórnarinnar.

Jeg hefi nú verið að verja till. hæstv. stjórnar, enda þótt hæstv. forsrh. (SE) hefði átt að segja það, sem jeg hefi sagt; en jeg hefi gert það af því, að mjer var ljúft að styðja að framgangi þessarar till.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir við hitt og þetta, sem fram hefir komið í umr. um þetta mál.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vildi láta gefa út stjörnufræði eftir Þorvald Thoroddsen. Jeg er í rauninni eigi mótfallinn því, að stjörnufræði þessi sje gefin út, en jeg get eigi sjeð, að nein sjerstök nauðsyn sje á slíkri bók nú. Háttv. þm. (SvÓ) tók það fram, að eigi væru til nema tvær aðrar bækur í þessari grein á íslensku, og virtist mjer hann vilja gera lítið úr stjörnufræði þeirri, er samin er af Birni Jenssyni. Björn er gamall kennari minn, og jeg þekki vel vinnubrögð þess manns, enda var það alkunna, að sá maður kastaði aldrei höndunum til neins, sem hann gerði. Jeg tel þetta ágrip hans gott fyrir alþýðu manna, og

það mun vera það, þrátt fyrir það, þó að stjörnufræðingarnir þrír, sem sje hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), Finnur próf. Jónsson og Bogi Th. Melsted, álíti bók Þorv. Thoroddsens nauðsynlega. Sje jeg því enga ástæðu til þess, að út sje gefið nýtt ágrip nú sem stendur. Mundi jeg því eigi harma það, þótt háttv. deild beygði sig eigi fyrir vísdómsorði stjörnufræðingsins Boga Melsteds í þessu efni. Annars vil jeg í þessu sambandi, til skemtunar og fróðleiks, benda háttv. deild á það, hversu samræmir þeir menn eru sjálfum sjer, sem altaf eru að tala um það, að þeir vilji spara alt, sem hægt er, en koma þó fram með aðra eins till. og þessi er.

Þá hefir háttv. þm. orðið mjög tíðrætt um þessar 1500 kr. til hjeraðslæknisins í Reykjavík. Jeg þarf eigi miklu við það að bæta, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði um þetta atriði. Kenslan er, eins og öllum er kunnugt, ekki skyldustarf læknisins, og er því eigi nema eðlilegt, að hann fái aukaþóknun fyrir það. Starfið er svo umsvifamikið, að þessar 1500 kr. eru í raun og veru engin borgun, því að rjettu lagi ætti sá, sem hefir það á hendi, heimtingu á fullum embættislaunum. Er því þessi vinna læknisins hrein gjöf frá hans hendi, þar sem þóknunin er eigi nema ¼ hluti þess, sem prófessorarnir hafa í laun.

Háttv. þm. Barð. (HK) hjelt því fram, að embættismönnum landsins væri svo vel launað, að þeim væri eigi ofætlun, þó að þeir tækju að sjer aukavinnu borgunarlaust. Það má vel vera, að háttv. þm. (HK) fái einhverja til þess að gleypa þessa flugu sína, en hann fær þó aldrei til þess þá þm., sem þekkja verðlag á vörum hjer í Reykjavík og eiga við það að búa. Og jeg er hræddur um, að þessi fluga hans yrði eigi langlíf, því að það mundi koma fljótt í ljós, að orð hans eru ómaklega mælt.

Er það æðiundarlegt, að háttv. þm. skuli telja það sjálfsagt að veita stórfje til óæðri skóla, en spara alt, sem snertir æðstu mentastofnun landsins, háskólann. Það á að veita styrk til húsagerðar á Grenjaðarstað og til byggingar alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu. Það þykir eigi nema sjálfsagt; en að greiða sæmileg kenslulaun við háskóla landsins, — það þykir óalandi og óferjandi. Já, mikil er hún menningin á þingbekkjum hins háa Alþingis.

Jeg veit ekki betur en háttv. sparnaðarmenn hjer í deildinni sjeu mjer sammála um, að þetta væru skólarnir, sem fyrst og fremst á að styrkja. Þingið í fyrra fleygði frá sjer þeirri till. að spara barnaskólana, en úr því að það telur þá skóla svo nauðsynlega, þá hlýtur það, ef menn eru hjer með almennum skilningi á þessi efni, að styrkja þessa skóla þeim mun meira sem þeir eru nauðsynlegri. Þennan bagga hefir þingið bundið sjer. Háttv. frsm. (MP) tók það fram, að landið ætti að koma upp slíkum skólum með því að leggja fram ¼ eða ⅓ af kostnaði, en hitt kæmi frá hjeruðunum. En þessi regla ætti þá líka að gilda um gagnfræðaskólana í Reykjavík og á Akureyri, og kæmi þá fram sparnaður, sem nota mætti til þess að stofna slíka skóla víðar og koma á jöfnuði milli hjeraðanna. Takmarkið á að vera, að allir sýslubúar geti gengið í þessa skóla, hver í sínu hjeraði, og aflað sjer þar þeirrar mentunar, sem þeim er nauðsynleg til þess að heyja sína daglegu lífsbaráttu. Jeg hugsa mjer, að hver skóli stæði 8 mánuði á ári og væri skift í tvö kenslutímabil, og þannig gætu unglingar af sama bæ skifst á um að vera í skólanum og gegna nauðsynlegum heimastörfum, því oft er bagalegt að missa unglinga frá vinnu á vetr-

um. Þessir skólar ættu að taka við beint af heimilunum, sem önnuðust svokallaða barnafræðslu. Með þessu kæmust fræðslumál okkar í æskilegt horf, og yrðu þau þá ódýrari en nú, þegar þau eru með öllu ófullnægjandi. Ef mjer er það reiknað, að jeg hefi mælt hjer á móti mentaskóla á Akureyri, og sparað þar með stofnun 5—6 nýrra embætta, og ef mjer er einnig reiknað frv. mitt um lærðan skóla, sem færir kennarafjöldann úr 24 niður í 12, þá er jeg orðinn einhver hinn hollasti sparnaðarmaður hjer á þingi, og það hefi jeg löngum verið. Þetta kemur ekki við fjárlögunum, en þó hygg jeg, að mjer sje leyfilegt að færa mjer þetta til varnar gegn þeim rógi, sem jeg hefi verið borinn, því menn hafa haldið því fram, að jeg gerði mjer leik að því að láta landið skaðast. Í sambandi við unglingaskólana vil jeg geta þess, að mjer nægði ekki hækkun nefndarinnar og ber fram till. um að færa gjaldið upp í 40 þús. kr., sem þó mun helst til lítið. Jeg tel heppilegra að hafa þessa upphæð hærri en þörf verður á, til þess að ekki verði dregið úr áhuga manna til að stofna slíka skóla, en stjórnin veitir ekki fje, nema skilyrði sjeu fyrir hendi. Ef það verður venja, að ríkið leggi fram ⅓ eða ¼ kostnaðar í hvert sinn, er menn vilja stofna unglingaskóla og skilyrði eru fyrir hendi, þá mun þess ekki langt að bíða, að hjer rísi upp eins margir slíkir skólar, sem þörf er á, fyrir utan lærða skólann, sem er annars eðlis. Jeg býst við, að mönnum verði ljúft að greiða atkvæði með þessari hækkun.

Þá vil jeg minnast á styrk til Hjálmars Lárussonar. Það kemur af hugleysi mínu, að jeg deildi með 2 þeirri upphæð, sem sanngjörn var, en nú, er jeg hefi heyrt undirtektir nefndarinnar, að hún ætli að margfalda aftur með 2, þá tek jeg till. mína aftur með glöðu geði. Jeg býst við, að till. nefndarinnar verði samþykt, en ef svo verður ekki, þá mun jeg taka till. mína upp aftur.

Það er varla þörf að tala um fleiri liði, því háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir tekið af mjer ómakið um læknakenslu í háskólanum; en þó vil jeg minnast á styrk til Dansk-islandsk Samfund. Þar er jeg ekki háttv. þm. (JÞ) jafnsammála. Hann bar á þetta fjelag óverðskuldað lof, en starf þess hefir verið að gefa út bæklinga, sem eru Dönum fríðindi, en Íslendingum að mestu skaðlausir. Þetta er danskur fjelagsskapur, því þó að þar sjeu nokkrir menn, sem kallast íslenskir, þá er sálin dóttir Dana, og hann er stofnaður til þess að reyna að varðveita dönsk áhrif hjer í landi. Jeg er enginn Danahatari og hefi aldrei verið, en jeg kann illa við þetta danska tilhugalíf. Mjer dylst ekki, að Eydanir eru okkur óskyldastir að skapferli af Norðurlandaþjóðum, því að þeir hafa mótast af ýmsum áhrifum, og þá sjerstaklega frönskum og þýskum. Jótar eru okkur skyldari, en hins vegar liggur beint við, að við beinum huga okkar frekar til Norðmanna, sem eru okkur skyldastir, eða Svía, sem fyrir utan okkur hafa varðveitt best norrænt mál og norræna siði. Dönsk áhrif hafa verið hjer of einhliða og hafa yfirleitt ekki haft góð áhrif á okkur Íslendinga. Nú er mál til komið að breyta um stefnu í þessum efnum, og ber nú svo vel í veiði, að stofnaður er fjelagsskapur á Norðurlöndum, sem hefir það markmið að koma á eðlilegu sambandi milli þjóðanna. Danir eru þarna með eins og aðrir, og er engin ástæða til að ætla þeim æðri sess. Og það er undarlegt, að feldur er styrkur í fyrra til þess að auka samband Íslendinga austan og vestan hafs, en um leið reynt að halda dauðahaldi í danskt samband. Okkur stend-

ur þó nær að kynnast löndum okkar, sem þar að auki standa svo vel að vígi, að þeir hafa aðgang að hinum enska heimi, og gætu þannig orðið okkur að liði á margan hátt í viðskiftaefnum. En menn mega muna danskan drengskap, er þeir hugsa um, hvernig Danir hafa orðið við fjárkreppu okkar. Þeir hafa altaf tekið eða reynt að taka blóðvexti af Íslendingum, og segi jeg þetta af því, að það er rjett, en ekki af því, að mjer sje illa við Dani, þó að jeg hati danskan kúgunaranda. Jeg hefi nú látið uppi skoðun mína á málinu, og ráði síðan hver sínu atkvæði.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hafði ekki búist við að standa upp aftur, en sá fyrirburður gerðist hjer í deildinni, að hæstv. forsrh. (SE) reis upp af miklum móði, og mintu þær þrumur á Þór, er hann fór með hafra sína og reið. En ef hæstv. forsrh. (SE) hefði heyrt alt, sem jeg sagði, hefði hann ekki farið svo geist. Jeg ljet aðeins í ljós, sem gengið hefir manna á milli hjer í deildinni, að stjórnin hefði sýnt furðanlega mikið áhugaleysi viðvíkjandi fjárlögunum, því hún hefir ekki verið við nema með höppum og glöppum. Það er því ekki jeg, sem hefi sýnt ókurteisi, heldur miklu frekar hæstv. stjórn. Hæstv. forsrh. (SE) bar það fyrir sig, að hann hefði verið bundinn við mikilsvarðandi mál í Ed. En mjer er spurn: Hvaða mál er mikilsverðara en fjárlögin? Er ekki altaf litið svo á, að það sje stærsta mál hvers þings? Og það er skylda stjórnarinnar að fylgjast með í því, og sjerstaklega bar hæstv. forsrh. (SE) að fylgjast með í þessum kafla, því hann snertir aðallega starfsvið hans. Hæstv. ráðherra (SE) hefði verið innan handar að fá dagskrá breytt í Ed. eða fá málum frestað, ef of seint var að breyta dagskránni. Það er þess vegna bert, hvor okkar hefir sýnt ókurteisi, og hæstv. ráðherra (SE) má vera mjer þakklátur fyrir að hafa flutt honum þessi orð, ef þau gætu orðið til þess, að slíkt kæmi ekki fyrir aftur. Og þegar fjárlög eru rædd, má ekki minna vera en við fáum að sjá hæstv. stjórn við og við, því „leyfist kettinum að líta á kónginn".

Hæstv. forsrh. (SE) sagði í skopi, að hann hefði hlustað hjer á allan þann mikla vísdóm, sem við höfum borið fram. (*Forsrh*: *SE*: Jeg sagði ekki mikla). Það var ágætt, því þá kemur það betur heim við það, sem jeg ætla að segja. Það er eðlilegt, að umr. okkar sjeu ekki mikill vísdómur fyrir hans stóra fjármálaeyra. Annars kæri jeg mig ekki um að lengja þessar umr. Það er sýnilegt, að hæstv. forsrh. (SE) hefir ekki sálarþrek til þess að taka hóflega rjettmætum aðfinslum, og þá verður mörgum á að efast um, að hann hafi sálarþrek til þess að vera forsætisráðherra.

Hæstv. forsrh. (SE) spurði, hvernig ætti að skilja styrkinn til skólans í Þingeyjarsýslu, hvort það væri styrkur til allra slíkra skóla. Jeg vona, að hæstv. forsrh. (SE) hafi skilið það, eða geti skilist það nú, að ef slíkur styrkur verður veittur framvegis, þá er ætlast til, að hann fari eftir þessari reglu. Það er merkilegt, að þegar nefndin fer í sömu stefnu og hæstv. forsrh. (SE), þá rís hann upp og þylur langa ávítunarræðu til nefndarinnar fyrir að hafa ekki aðhylst till. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um byggingu barnaskóla. Þetta á ef til vill að vera viðvörun hjá hæstv. forsrh. (SE), um að feta ekki um of í fótspor stjórnarinnar.

Hvers vegna setti þá hæstv. forsrh. (SE) ekki upphæðina í fjárlögin í þessu skyni,

þegar honum er það svona mikið áhugamál?

Jeg verð að segja það, að það er æðihart að fá ávítur hjá hæstv. stjórn fyrir það, að nefndin skyldi ekki brjóta í bág við stefnu þá, sem einmitt hæstv. stjórn hafði fylgt í frv. sínu.

Jeg ætla mjer alls ekki að fara að vekja upp umræðurnar frá síðasta þingi um fræðslumálin, eins og hæstv. forsrh. (SE) virtist helst vilja. En jeg hygg, að hann renni alveg blint í sjóinn með það, að þeir menn eigi erfiðara uppdráttar við næstu kosningar, sem fylgdu stefnu fjárveitinganefndar í fræðslumálunum í fyrra, en hinir, sem fylgdu stefnu hans.

Jeg held alveg hið gagnstæða, eftir þeim röddum, sem jeg hefi heyrt víðsvegar að.

Þá var hæstv. ráðherra að víta fjárveitinganefnd fyrir það, að hún hefði lagt til að lækka laun Jóhannesar Lynge, og spurði jafnframt eftir hvaða reglu hún hefði gert það. En hann gat þess ekki, eftir hvaða reglu stjórnin hefði fært niður styrkinn til forstöðumanns yfirsetukvennaskólans, sem hún lækkaði um ½. En við lækkuðum ekki styrkinn til Jóhannesar nema um $^1/_7$.

Annars ætti hæstv. forsrh. (SE) fyrst að athuga vel, er hann vill spyrja aðra um stefnur og reglur í þessum málum, hvaða stefnur og reglur hæstv. stjórn hefir í þeim.

Þá skal jeg víkja að ræðu háttv. þm. Borgf. (PO). Háttv. þm mintist á sóttvarnarlækninn og sagði, að það hefði verið tekið fram af mjer, að til þess gæti komið, að hann hefði á hendi kenslu við háskólann. En jeg geri ráð fyrir, að hann muni, að það var í alt öðru sambandi. Þá talaði háttv. þm. enn fremur um, að það hefði átt að setja það skilyrði fyrir bæjarlæknisembættinu, að bæjarlæknirkendi jafnframt við háskólann. En jeg vil undirstrika það, að slíkt hefði verið ranglátt, og jafnvel skaðlegt, því að það embætti verður að veita með alt annað fyrir augum en kensluhæfileika mannsins við háskólann. Því að það getur verið ágætur bæjarlæknir, þó að hann sje alveg ómögulegur kennari, auk þess, sem núverandi hjeraðslæknir í Reykjavík er sá færasti, sem við þekkjum hjer á landi, til þess að kenna þessa vísindagrein við háskólann. (*PO*: Hvernig fer, ef hann fellur frá?). Jeg vona, að hans njóti sem lengst, og víst er það, að skarð hans verður vandfylt.

Þá skal jeg snúa mjer að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og skal strax taka það fram, að jeg ætla ekki að fara út í neina orðasennu við hann, því að hann fór svo langt út fyrir málefnið, að varla mátti heita, að hann kæmi þar við, nema með höppum og glöppum.

Það er annars sjúkdómur á þeim háttv. þm. (SvÓ), hversu rangar hugmyndir hann gerir sjer um ilsku fjvn. í garð hans kjördæmis. Sagði hann meðal annars, að það væri lagt í einelti, og þá sjerstaklega af frsm., sem hann telur rót alls ills. Jeg vil því út af þessum vandræða lestri hv. þm. benda honum á, að í 13. gr. fjárlaganna er eigi alllítil upphæð, er verður að teljast til hlunninda fyrir hans kjördæmi, og það er til svo nefnds Vallavegar, sem mig minnir, að sje einhversstaðar nálægt honum, þó að jeg sje ef til vill farinn að ryðga í landafræðinni.

Þá vil jeg líka benda honum á, að efst á 4. síðu í brtt. fjvn. er sett fjárveiting til símalínu í hans kjördæmi, sem nemur ekki nema 60 þús. kr. Og til þess er ætlast, að lína þessi verði lögð strax. (*SvÓ*: Jeg er á móti öllum símum). Því getur fjárveitinganefnd ekki gert að, þó að háttv. þm. sje á móti öllum hlunnindum, sem hún vill gera fyrir kjördæmi hans. Svarar hann ef-

laust fyrir það, þegar hann kemur austur til kjósenda sinna. Þá má einnig benda hv. þm. á tillögu fjárveitinganefndar, að láta landið taka að sjer sjúkrahúsið á Fáskrúðsfirði, sem hans kjördæmi hlýtur að hafa gott af.

Jeg hefi aðeins nefnt þetta til þess að sýna háttv. þm. fram á, að það sje rangt hjá honum að halda því fram, að hans kjördæmi sje gert afskift. Og hefi jeg þó slept hjer fjárveitingunni til Eiðaskóla og fleira.

Hlýtur þingmaðurinn nú að verða að játa, að fjvn. hefir verið miklu fremur velviljuð í hans garð, þó að hún geti ekki samþykt allar hans tillögur, og má hann ekki reiðast yfir því. Læt jeg svo máli mínu lokið að sinni og vænti þess, að umræðunni um þennan kafla geti orðið lokið svo snemma, að atkvæðagreiðslan geti farið fram fyrir næsta fundarhlje.

Jón Sigurðsson: Jeg fell frá orðinu, ef aðrir þm. gera slíkt hið sama, til þess að umr. geti orðið lokið fyrir fundarhlje.

Forsætisráðherra (SE): Jeg sýndi ljóslega fram á það í dag, hve rangt það hefði verið hjá háttv. frsm. (MP) að vera að átelja stjórnina fyrir það, þó að hún gegndi skyldum sínum í hinni deildinni, og gæti því ekki verið í háttv. Nd. Því eins og á stóð í dag, varð jeg að vera í hv. Ed., þar sem jeg var að leggja þar fram stjórnarfrumvarp, og auk þess varð jeg að greiða atkvæði um þrjú mál, því að það er skylda mín að vera þar, þegar atkvæðagreiðslur fara fram.

Hv. frsm. sagði, að úr því að jeg hefði haft þessar afsakanir, þá hefði jeg átt að sjá um, að fundur væri ekki haldinn í Ed. Ekki hefi jeg nú heyrt það fyr, að stjórnin rjeði yfir forsetum Alþingis, og er það ný regla, sem háttv. frsm. (MP) vill taka upp, og líklega verður hann einn um þá tilbreytingu. En þrátt fyrir þessa fjarveru mína, hlýddi jeg á næ því alt, sem háttv. frsm. sjálfur sagði; misti aðeins þá speki, sem draup í byrjun ræðunnar af vörum hans, en þó hún sje mikil, þá get jeg þó ekki vanrækt skyldur mínar í hv. Ed., eins og jeg hefi margtekið fram. Jeg get því ekki skilið þetta moldviðri háttv. frsm. á annan hátt en það hafi sært hjegómagirni hans, að stjórnin skyldi ekki vera til staðar að hlusta á, er hann byrjaði að tala. Jeg vísa því þessum ásökunum á bug með fullum rökum.

Þá sagði háttv. frsm. (MP), að stjórnin ætti að vita, hvað sagt væri af öðrum um hana. Út af þessum ummælum skal jeg taka það fram, að stjórnin hefir alls enga ástæðu til þess að kvarta yfir því, sem fram við hana hefir komið á þinginu, en hún veit vitanlega ekki, hvað sagt er um hana á bak. Og jeg vænti þess fyllilega, að sje óánægja með stjórnina, þá verði hún látin koma fram á þinglegan hátt, með reglulegri vantraustsyfirlýsingu. Stjórnin er hvergi hrædd.

Út af þeim ummælum háttv. frsm. (MP), að jeg hefði ekki sálarþrek til þess að vera ráðherra, úr því jeg gæti ekki hlustað á aðfinslur, vil jeg taka það fram, að jeg þykist hafa sýnt fult sálarþrek í því að halda því einu fram, sem jeg hefi talið satt og rjett. Það er einmitt það sálarþrek, sem allir þingmenn þurfa að hafa, og jafnvel sjálfur frsm. (MP) líka. En aðfinningum, jafnórökstuddum og hv. frsm. kom með, tek jeg ekki með þökkum, hvorki af honum nje öðrum.

Þá reyndi háttv. frsm. að slá sig til riddara með því að spyrja, hvers vegna

stjórnin hefði ekki komið með tillögu um að auka styrkinn til barnafræðslunnar. En af hverju gerði stjórnin það ekki? Einmitt af því, að hún þekti hug þingsins í þeim málum síðan í fyrra, og bjóst því ekki við, að það hefði haft byr. Og hið sama er um fleiri umbætur að segja. En því skal jeg lofa háttv. frsm. (MP), að verði jeg ráðherra áfram, þá mun jeg koma með tillögur um aukinn styrk til barnaskólabygginga og fleira í þá átt fyrir þing það, sem kemur saman að afstöðnum kosningum, svo barnafræðslan geti verið í nokkurn veginn lagi.

Þá hneykslaðist háttv. frsm. á því, að jeg skyldi hafa fært niður styrkinn til forstöðumanns yfirsetukvennaskólans, en ekki viljað lækka styrkinn til sjera Jóhannesar Lynge. Jeg verð að segja hv. frsm., að hjer stendur ólíkt á. Forstöðumaður yfirsetukvennaskólans er í hæsta launaflokki embættismanna, og hefir þar fyrir utan allmikið skrifstofufje o. fl., en sjera Jóhannes hefir aðeins þennan styrk, og ekkert annað.

Það gladdi mig, að háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) skyldi taka í sama strenginn og jeg með það, að hjeraðslæknunum hjer bæri engin skylda til þess að kenna við háskólann og ekki gæti komið til mála að binda þessa háskólakenslu við embætti hans, því að engin vissa er fyrir því, að næsti hjeraðslæknir verði fær um að hafa hana á hendi, þó nú standi svo á, að hægt sje að samrýma það, þar sem núverandi hjeraðslæknir, sem er kunnur að því að vera sjerstaklega hneigður til vísindalegra iðkana, geti gegnt þessu starfi.

Þá hefi jeg mælt með styrknum til Norræna fjelagsins, og vona jeg, að hann verði samþyktur, því að þetta er gott fjelag, og í gegnum starfsemi þess ættum vjer að geta kynst ýmsum ágætismönnum hjá Norðurlandaþjóðunum, og er mikið varið í slíka viðkynning og getur hún hrundið ýmsu góðu á stað.

ATKVGR. um 14. og 15. gr.

Brtt. 273,3 tekin aftur.

— 254,48 samþ. með 17:3 atkv.

— 273,4 feld með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, JakM, JAJ, JB, LH, MJ, MK, BJ, EÞ, BSv.

nei: HK, IngB, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EE.

Brtt. 273,5 samþ. með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JB, JÞ, LH, MJ, MK, MP, ÓP, StSt, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, BSv.

nei: JS, MG, PO, PÞ, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, IngB.

Brtt. 254,49 samþ. með 17:5 atkv.

— 254,50 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 254,47 samþ. með 20:1 atkv.

— 254,51 samþ. með 18:1 atkv.

— 292,VI samþ. með 20 shlj. atkv.

— 254,52 fellur burtu.

— 254,53 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, JakM, JÞ, MK, MP, ÓP, SSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, BSv.

nei: HK, IngB, JAJ, JB, JS, LH, MG, MJ, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorstJ, BH.

Brtt. 254,54a samþ. með 22 shlj. atkv.

— 254,54b samþ. með 15:4 atkv.

— 273,6 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, IngB, JakM, LH, MP, ÓP, PO, PÞ, BJ, EÞ, EE, GunnS, BSv.

nei: JAJ, JB, JS, JÞ, MG, MJ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH.

MK greiddi ekki atkv.

Brtt. 254,55 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 254,57 samþ. með 15:3 atkv.

— 254,56 samþ. með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, IngB, JakM, JAJ, JB, JS, LH, MJ, MK, MP, PÞ, BSv.

nei: BH, HK, JÞ, MG, ÓP, PO, SSt.

Brtt. 292,VII samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, LH, MK, PÞ, BSv.

nei: StSt, ÞórJ, BJ, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SSt.

Brtt. 254,58 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 254,59 samþ. með 15:12 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 254,60 samþ. með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, IngB, JakM, JAJ, JB, JS, MJ, MK, MP, ÓP, SSt, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, BSv.

nei: JÞ, LH, MG, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, BH.

Brtt. 273,7 feld með 16:8 atkv.

— 254,61 samþ. með 17:3 atkv.

— 254,62 feld með 15:12 atkv.

— 254,63a samþ. með 19 shlj. atkv.

— 254,63b samþ. með 17 shlj. atkv.

— 254,64 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 254,65 samþ. með 15:10 atkv.

— 254,66 feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, BJ, BH, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, JS, MG, MP, PO, SvÓ, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞorstJ, EÞ, EE, JAJ, JÞ, LH, MJ, MK, ÓP, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG.

Brtt. 254,67 samþ. með 21:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, IngB, JakM, JAJ, JB, JÞ, LH, MJ, MK, MP, ÓP, BSv.

nei: PO, SSt, BH, GunnS, HK, JS, MG.

Brtt. 292,VIIIa—b feldar með 17:7 atkv.

— 273,8 feld með 19:3 atkv.

— 254,68 feld með 16:9 atkv.

— 254,69 samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓP, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, BSv.

nei: PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, BH, JAJ, JS, JÞ, MG.

Brtt. 254,70 samþ. með 20:8 atkv.

— 315 samþ. með 18:4 atkv.

— 273,9 tekin aftur.

— 292,IX tekin aftur.

— 254,71 samþ. með 21:2 atkv.

— 254,72 samþ. með 17:7 atkv.

— 254,73 samþ. með 18:1 atkv.

— 273,10a feld með 16:10 atkv.

— 273,10b feld með 15:4 atkv.

— 273,10c feld með 16:6 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 12. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 264, 254, 273, 292, 307, 310, 330, 332).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Eftir 3 daga stríð og strit er loks komið aftur að 16. gr., og vona jeg, að þessi kafli gangi hlutfallslega betur en hinir. Um þessa 16. gr. má segja með fullum rökum, engu síður en um 13. gr., að í henni eru einungis

fjárveitingar, sem miða að því beinlínis eða óbeinlínis að styðja verklegar framkvæmdir. 16. gr. hefir jafnan verið ástfólgin fjárveitinganefnd og hv. þm., og mega menn því ekki furða sig á, þó fjvn. hafi verið nokkuð stórtæk í henni. En það er samkvæmt stefnu nefndarinnar, sem komið hefir fram hjer í þinginu, þeirri stefnu, að stuðla eftir megni að eflingu atvinnuveganna. Að þessu sama lúta einnig ýmsar brtt., sem fjvn. hefir borið fram við 21. gr.

Eins og skýrt er í nál., geymir nefndin til 3. umr. að gera brtt. við þau fjárframlög, sem ætluð eru til búnaðarmála. En jeg skal taka það strax fram, að hv. deild getur áreiðanlega átt von á brtt. við þá liði. Þó er eitt atriði, sem jeg get ekki gengið fram hjá við þessa umræðu, en það er 3. liður 16. gr., um styrkveitingu til búnaðarfjelaga. Þar er komin ný athugasemd um það, að úr ríkissjóði skuli veita kr. 1,50 verðlaun fyrir hvert dagsverk, sem unnið er að jarðabótum á Íslandi, en til þessa hefir stjórnin aðeins ætlað 20000 kr. Eftir því, sem næst verður komist, hafa að minsta kosti 80 þús. dagsverk verið unnin á ári hverju í jarðabótum síðustu árin, og til þess að þessi fjárveiting væri nærri lagi, hefði hún átt að vera að minsta kosti 120 þús. kr. Annaðhvort hefir því „1“ fallið framan af tölunni eða stjórnin hefir af vangá orðað liðinn svo. Enda hefir Búnaðarfjelag Íslands gert ráð fyrir þeirri upphæð, sem jeg nefndi, eða 120 þús. kr. Jeg vil því benda hæstv. stjórn og háttv. deild á, að hjer verður að breyta öðruhvoru, upphæðinni eða athugasemdinni. Eftir athugasemdinni gæti nefndin sagt, að stjórnin hefði í raun og veru skilað frv. með 100 þús. kr. hærri útgjöldum en í því stendur.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. fjvn. og fara nokkrum orðum um þær, til viðbótar við það, sem stendur í nál.

Um 74. brtt. þarf jeg ekki að fara fleiri orðum en stendur í nál. Næsta brtt. er um 1000 kr. styrk til Páls G. Jónssonar í Garði í Fnjóskadal, til viðurkenningar fyrir dýralækningar. Eins og getið er um í nál., hefir maður þessi unnið mikið að þessu um mörg undanfarin ár. Á síðasta þingi var farið fram á miklu hærri styrk til hans en hjer er gert ráð fyrir. Að maður þessi hafi talsverða verðleika, sanna ýms vottorð, er legið hafa fyrir þinginu, frá prófföstum, prestum, hreppstjórum og oddvitum víðsvegar í Þingeyjarsýslu. — Nefndin hefir orðið sammála um, að rjett sje að veita honum viðurkenningu í eitt skifti fyrir öll fyrir það góða starf, sem hann hefir unnið fremur af áhuga og hjálpfýsi heldur en í hagnaðarskyni.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til Fiskifjelagsins sje hækkaður um 15000 kr. Fyrir þessu er ekki gerð grein í nál., og skal jeg heldur ekki fjölyrða um það. Nefndin bar fram þessa tillögu eftir eindreginni áskorun sjávarútvegsnefndar, og mun hún að sjálfsögðu gera grein fyrir ástæðum sínum. Eftir tillögum Fiskifjelagsins var um svo miklar fyrirrætlanir að ræða og útgjaldaáætlun þess svo há, 145 þús. kr., að nefndinni þótti rjett að senda þær til sjútvn., svo að hún gæti vinsað úr það, sem henni þætti nauðsynlegast.

Þá er tillaga um 10 þús. kr. fjárveitingu til þess að leitast fyrir um markað fyrir fiskiafurðir erlendis, og er hún borin fram eftir tilmælum sjútvn. Sjútvn. fór fram á 25 þús. kr. styrk í þessu skyni, og nú sje jeg, að hæstv. atvrh. (KlJ) hefir borið fram brtt. um að hækka liðinn um helming, upp í 20 þús. kr. Jeg get strax

lýst yfir, að fjvn. telur óþarft að svo vöxnu máli að fara hærra en hún hefir gert ráð fyrir. Ætti það ekki að koma málefninu að baga, þó að ekki sje áætluð hærri upphæð. Því var lýst yfir í fyrra, og jeg vil enn taka það fram, að hjer er um áætlunarupphæð að ræða, sem stjórninni er heimilt að fara fram yfir, ef nauðsyn ber til.

Um styrkinn til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga þarf jeg ekki að fjölyrða frekar en gert er í nál., og þarf sá fjelagsskapur ekki meiri meðmæli. Það er svo alkunnugt, hve mikinn og góðan árangur störf hans hafa borið, að jeg tel víst, að hv. deildarmenn vilji liðsinna honum eftir megni.

Þá leggur nefndin til, að feldur sje niður af stjfrv. styrkurinn til Dansk Kunstflidsforening. Nefndin sjer ekki ástæðu til að styrkja danskt fjelag, þó að námsskeið þess kunni að vera sótt af íslenskum konum, því að henni er kunnugt um, að íslenskar konur hafa oft sótt ýmsa aðra skóla í líku skyni víða um öll Norðurlönd. Ef veita ætti styrk til þessa, kæmi frekar til mála að veita hann sem námsstyrk heldur en styrkja einstök fjelög í öðrum löndum.

Vörumerkjaskrásetjari bar sig munnlega upp við nefndina um það, að hann hefði ekki lengur nægilegt húsrúm fyrir skrifstofu sína, og yrði því að flytja hana á burt. Leitaðist nefndin fyrir í stjórnarráðinu, en þar mun ekkert húsrúm afgangs í þessu skyni. Þar sem þóknun vörumerkjaskrásetjara er aðeins 1000 kr., taldi nefndin ógerlegt, að hann greiddi húsaleigu af þeirri upphæð, og vill hún því auka hana svo, að hann geti tekið sjer herbergi á leigu úti í bæ.

Nefndin vill hækka styrkinn til Tíviskerjabóndans um 100 kr. Hann hefir haldið uppi gistingastað og veitt ferðamönnum móttöku og beina, en á einkanlega erfitt um aðdrætti.

I. liður 82. brtt. er í 5 undirliðum, og vil jeg biðja hæstv. forseta (BSv) að athuga, að þessir liðir eru teknir aftur við þessa umr. Þar sem sumt af þessu eru beinar endurveitingar og ætlast er til, að alt verði framkvæmt á þessu ári, ætlar nefndin að bera þessa liði fram sem brtt. við fjáraukalagafrv. fyrir 1923, sem hæstv. stjórn hefir lagt fram, þegar það kemur til umræðu. Þeir eru því einungis teknir aftur í svip. Sama máli gegnir um III. lið 82. brtt., veitingu til hafnargarðs á Sandi, og IV. lið, til sjóvarnargarðs á Siglufirði, sem hæstv. stjórn hefir tekið upp í fjáraukalagafrv. sitt.

Jeg þarf ekki að bæta neinu við það, sem sagt er í nál. um II. lið 82. brtt., fjárveitingu til lendingarbóta í Bás við Vík í Mýrdal. Jeg sje, að háttv. þm. V.-Sk. (L-H) hefir borið fram brtt. við þennan lið, og geri jeg ráð fyrir, að hann skýri málið af meiri kunnugleika en mjer er fært. Þó vil jeg geta þess, að nefndin getur ekki fallist á, að upphæðin sje svo há, sem háttv. þm. fer fram á, þó að hún geti ef til vill farið dálítið hærra en hún hefir lagt til.

Þá er komið að brtt. V. um styrk til Byggingarfjelags Reykjavíkur. Er tillaga þessi tekin aftur nú, sökum þess, að misprentast hefir, að ⅔ skyldu greiddir úr bæjarsjóði, í stað þess að standa átti: „gegn hálfu meira úr bæjarsjóði".

Þá kem jeg að þeirri brtt. nefndarinnar, sem mun stærst af öllum till. hennar og mest virði. Á jeg hjer við styrk og ábyrgðarheimildina til Sláturfjelags Suðurlands. Nefndin leggur til, að veittur verði 40 þús. króna styrkur til að koma upp sútunarhúsi til að súta skinn. Hefir,

sem kunnugt er, oft verið um þetta nauðsynjamál talað, en aldrei orðið úr framkvæmdum. Vita allir, hve afaráríðandi það er landbúnaðinum, að gærur verði verðmeiri en þær nú eru. Hafa þær lengi selst fyrir smánarverð. Er það og vitanlegt, að gærur okkar eru mjög vel fallnar til sútunar og eru einhver besta vara þeirrar tegundar, sem fæst. Hefir nú Sláturfjelagið komið þessu máli á rekspöl, og er mjög eðlilegt, að fjelagið hafi þetta mál með höndum, því það á hægast um vik, þar sem það hefir framleiðslu þessarar vöru með höndum.

Fjelagið hefir þegar lagt talsvert í kostnað; sent mann utan til að kynna sjer verkun skinnanna og alla meðferð og marksaðshorfur. Hefir legið hjer frammi sýnishorn af skinnunum, þannig meðförnum, og hygg jeg, að flestum, sem sjeð hafa, þyki þau glæsileg álitum.

Til þess að setja á stofn svo stórkostlegt fyrirtæki þarf mikið fje. Liggur fyrir greinileg áætlun um, hvað fyrirtækið kostar. Er gert ráð fyrir 260 þús. króna stofnkostnaði og 180 þús. króna árlegum rekstrarkostnaði. Er því eðlilegt, að eitt fjelag, þótt stórt sje, sjái sjer ekki fært að ráðast í þetta stuðningslaust.

Fjelagið fór nú fram á, að sjer yrði veittur $^1/_4$ stofnkostnaðar sem styrkur og $^3/_4$ hans sem lán. Nefndin gat nú ekki fallist á, að ríkið sæi fjelaginu að öllu leyti fyrir stofnfje; sýndist eðlilegt, að fjelagið legði það líka til. En till. nefndarinnar, bæði um beina styrkinn og ábyrgðina, eru miðaðar við þessar tillögur fjelagsins. Hins vegar sá nefndin ekki til neins að fara að heimila stjórninni að lána fje til þessa, því að engin líkindi eru á því, að þetta fje verði handbært, en hins vegar ætti það ekki að verða fjelaginu ofvaxið að fá lán með ábyrgð ríkissjóðs.

Vil jeg geta þess, að landbn. Nd. hefir lagt til, að þessi aðferð yrði upptekin, og hefir enn fremur stutt beiðnina.

Þá kem jeg að brtt. VII, um rannsókn Andakílsfossanna. Er þessi till. tekin aftur, því að rjettara er, þar sem búið er að nota fje þetta, að setja það í fjáraukalög.

Á árunum var styrkt fjelag nokkurra manna til að koma upp ostagerðarbúi í Sveinatungu. Var veitt til þess lán úr viðlagasjóði og einnig úr ræktunarsjóði, þótt það komi ekki þessu máli við. Tilraun þessi var góðra gjalda verð, en hafði mikinn kostnað í för með sjer og stofnendur biðu mikinn halla af henni. Hafa þeir nú farið fram á að fá styrk eða eftirgjöf á láninu, 10 þús. kr. Nefndin sá sjer nú ekki fært að verða við þessu, en vill leggja til, að eftir verði gefnar 3500 kr., sem samsvarar ræktunarsjóðsláninu. Mælir öll sanngirni með þessu, því að hjer var um gott málefni að ræða.

Sá maður, er mest tjón hlaut af Kötlugosinu, var Jóhannes bóndi Guðmundsson á Herjólfsstöðum. Misti hann mikið af skepnum sínum og jörðin eyðilagðist svo, að hann varð að hrekjast þaðan. Fer hann nú fram á, að Alþingi rjetti sjer hjálparhönd. Nefndin vill nú bæta honum þetta að nokkru leyti. Að vísu fjekk þessi maður hlutfallslega mest af fje því, er veitt var til hjálpar þeim mönnum, er tjón biðu, en eftir upplýsingum, sem nefndin fjekk, er tjón þessa manns samt langt frá því að vera bætt. Það má nú vera, að hv. deildarmenn haldi, að fleiri muni hjer eftir koma, en hv. þm. V.-Sk. (LH) hefir sagt nefndinni, að til þess geti ekki komið, því þótt maðurinn fái þennan styrk, þá sje samt tjón hans miklu meira en nokkurra annara, svo að enginn geti borið sig saman við hann.

Þá er 16. gr. lokið, og kem jeg þá að 17. gr. Þar hefir nefndin lagt til, að fjelli niður liðurinn um skyndilán til embættismanna. Í nefndarálitinu er ekki gerð grein fyrir þessu, og vil jeg því benda á, að þessi brtt. er þannig til orðin, að samkvæmt tilskipun, sem heimilar þetta, eru lánin bundin við, að embættismennirnir taki ekki nema 1000 ríkisdala laun, eða 2000 kr., og þar fyrir neðan; er því hjer um dauðan bókstaf að ræða, því að svo lág laun þekkjast ekki nú.

Þá er komið að 18. gr. Fjallar hún um ýmsa þá menn, sem erfiðast eiga uppdráttar og hafa ekki á annara náðir en ríkisins að flýja. Nefndin á nú ekki margar till. við þessa grein, en á nokkrar þeirra vil jeg minnast. Fyrst er þá að minnast á hækkunina á eftirlaunum Sigvalda Kaldalóns læknis. Maður þessi varð að láta af embætti sökum heilsubrests, sem vaxið hefir og aukist vegna áreynslu þeirrar, sem hann hafði af embættisverkum sínum. Hann hefir áður verið styrktur til að leita sjer lækninga. Fjekk hann nokkra bót, en eigi fulla, og starfskraftar hans eru enn ekki nægir til að hann geti unnið fyrir sjer. Hefir læknirinn á Vífilsstöðum gefið vottorð um, að hann geti ekki unnið að gagni að minsta kosti 1 ár enn.

Hann átti nokkur efni, er hann ljet af embætti, en um síðasta nýár munu þessi efni hafa verið alveg eydd. Hefir hann því nú ekki annað að lifa á en hin lögboðnu eftirlaun, 560 kr. með dýrtíðaruppbót. Nefndin sá sjer því ekki annað fært en að rjetta manni þessum að einhverju leyti hjálparhönd. En vegna þess fordæmis, sem þetta kynni að gefa, vill nefndin ekki fara langt, en leggur til, að honum verði veittar 1200 krónur. Er þetta nokkur hjálp, en þó ekki næg; en hins vegar er von um, að síðar verði á þinginu farin önnur leið til að hjálpa þessum manni meira.

Þá kem jeg að styrknum til frú Sigríðar Fjeldsted, ekkju Andrjesar heitins augnlæknis. Andrjes heitinn hafði ekki rjett til eftirlauna, þótt hann væri starfsmaður ríkisins. Misti hann þennan rjett, er hann ljet af hjeraðslæknisstörfum. Nefndin leitaði álits hjá landlækni og læknadeild háskólans, og lagði hvortveggja til, að hún fengi eftirlaun, miðuð við það, að Andrjes heitinn hefði gegnt hjeraðslæknisstörfum til dánardægurs. Og við það er till. nefndarinnar miðuð. Þess vil jeg geta, að ekkjan er alveg efnalaus.

Þá kem jeg að Árna Theodór Pjeturssyni, sem deildinni er fyr að öllu góðu kunnur. Samkvæmt ósk Alþingis var nefnd sett til að rannsaka þetta mál. Niðurstaða þessarar nefndar er sú, að manninum verði veitt árleg þóknun eða upphæð í eitt skifti fyrir öll. Mentamálanefnd hefir lagt sama til. Fjvn. sá sjer því skylt að bera fram þessa brtt.; gat hún búist við því, að hæstv. stjórn hefði gert þetta, en að minsta kosti væntir hún styrks þaðan. En nefndin biður stjórnina að athuga vel athugasemdir nefndarinnar. Vill nefndin, þar sem maðurinn hefir reynst starfhæfur að áliti rannsóknarnefndarinnar, að hann fái sem fyrst kennarastöðu, svo að eftirlaunin falli niður.

Samkvæmt meðmælum póstmeistara leggur nefndin til, að Guðmundi bæjarpósti á Akureyri verði veitt sömu eftirlaun og aðrir póstar njóta. Hefir maður þessi reynst vel í starfi sínu og gegnt því lengi.

Þá er komið að 21. gr. Þykir háttv. þm. ef til vill kynlegt, að nefndin skuli leggja til, að fje verði veitt úr viðlagasjóði, þar sem líklegt er, að um það sje ekki mikið

að ræða. En henni þótti gott, að heimildin væri til þess, ef eitthvað skyldi verða til.

1. brtt. við þá gr. telur nefndin allra sjálfsagðasta. Það er áveitulánið til Þingbúa í Austur-Húnavatnssýslu. Þeir hafa komið á þessari áveitu án þess að leita nokkurs styrks úr ríkissjóði. Er slíkt fátítt nú, þar sem hver reynir að toga úr ríkissjóði eins mikið og hægt er. Veit jeg, að Alþingi telur sjer sjálfsagt að styrkja svo lofsverða viðleitni og sjálfsbjargarhvöt.

Þá leggur nefndin til, að veitt verði 50 þús. króna lán til niðursuðuverksmiðju á Akureyri. Er hjer, um þetta fyrirtæki, eins og „Mjöll", að slíkar stofnanir styðja að því að hjálpa framleiðslunni í landinu og gera verslunarjöfnuð með því að sporna á móti innflutningi þessara vörutegunda. Mann þann, sem fyrir þessu er, þekkir nefndin ekki, en hún hefir farið eftir till. Búnaðarfjelagsins og Fiskifjelagsins, sem hafa gefið bestu meðmæli. En þess væntir nefndin, að hæstv. stjórn athugi vel, að nægilega tryggilega sje um búið, að fje það, sem á vantar, verði til taks, bæði það, er þarf til stofn- og rekstrarkostnaðar, svo að fje þessu verði ekki á glæ kastað.

Það er enginn vafi á því, að þetta fyrirtæki, samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefir aflað sjer um það, getur orðið til stórkostlegra framfara á þessu sviði. Mjólkurfjelagið „Mjöll" hefir þegar fyrir nokkru komið á hjá sjer niðursuðu á rjóma, sem hefir reynst mjög vel, og er það fullkomin ánægja fyrir nefndina að mæla með þessari beiðni fjelagsins Það mun nú vera komið af hinum erfiðustu bernskuárum sínum, og því vaxið upp yfir þann aldur, sem barnasjúkdómar slíkra fyrirtækja eru hættulegastir á, og er það því fremur þess vert, að það fái nokkurn stuðning. Fjelagið vill nú færa út kvíarnar og koma á hjá sjer fullkominni niðursuðu á mjólk. Þó hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að veita því meiri styrk en lán það, sem um getur í brtt. nefndarinnar.

Austur-Húnvetningar hafa lagt út í það að tryggja sjer góðan læknisbústað, og þar sem hús eru nú í jafnháu verði og öllum mun kunnugt, hafa þeir farið fram á, að þeim verði veitt lán til að greiða með nokkurn hluta húsverðsins. Nefndin telur sjálfsagt að verða við þessari beiðni þeirra, ekki síst þar sem eigi er um nema 15 þús. kr. að ræða.

Skeiðaáveitufjelagið ber sig allilla og hefir sent menn til Alþingis og á fund fjvn. til að leita sjer ásjár. Segir fjelagið, sem og rjett er, að verk þetta hafi farið langt fram úr áætlun, vegna dýrtíðar þeirrar, sem þá var er verkið var unnið, og verði þeim því ofviða. Það hafi og ekki einungis verið dýrtíðin, sem hafi valdið þessu, heldur hafi og jarðvegurinn reynst allur annar en gert hafi verið ráð fyrir; t. d. hafi verið klöpp á alllöngu svæði, þar sem grafið var, en menn álitu, að þar væri aðeins þjett leirlag. Fer áveitufjelagið fram á allmikinn styrk, en nefndin hefir ekki sjeð, að það væri fært fyrir ríkið að taka að sjer meiri kostnað af þessu verki en þegar hefir verið gert; en þar sem nefndin veit, að bændur eiga nú allerfitt uppdráttar austur þar, og muni þeim því veita þungt að standa í skilum með þau lán, sem þeir hafa fengið til þessa, vill hún veita þeim 16 þús. kr. lán til að standa straum af skuldum fjelagsins og halda þessu fyrirtæki gangandi.

Geithellahreppur og nokkrir fleiri hreppar í Suður-Múlasýslu hafa orðið að verja miklu fje til vitabygginga, og hafa því farið fram á, að þeim yrði veitt lán til að

standast þann kostnað. Af þeim 8 þús. kr., sem gert er ráð fyrir, að þetta lán nemi, er ætlast til, að 6 þús. fari til Geithellahrepps og 2 þús. til annara hreppa þar austur. Nefndin telur þessa lánbeiðni í alla staði rjettmæta, og mælir því eindregið með henni.

Þá er Gerðahreppur í Gullbringusýslu, sem biður um 40 þús. kr. lán til að forða sjer frá algerðu gjaldþroti. Jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm. muni kunnugt, hvar þessi hreppur er; hann er hjer suður með sjó. Þegar nefndin las skjöl þau, sem fylgdu með þessari lánbeiðni Gerðahrepps, rann henni svo til rifja nauðulegt ástand hans, að hún taldi sjálfsagt, að hlaupið væri undir bagga með honum. Get jeg ekki stilt mig um að lesa upp nokkur atriði úr þessum skjölum, til þess að háttv. þm. geti sjeð, hvernig ástandið er hjá þeim þarna suður frá. Þar stendur m. a.: „Í síðustu fardögum voru skuldir hreppsins um 31 þús. kr., en þar af voru aðeins 5 þús. afborgunarskuldir, hitt alt dægurskuldir, sem sífelt er verið að rukka um". Ennfremur: „Á stríðsárunum ljet stjórnarráðið plægja upp eina grasblettinn, sem til var í hreppnum utan túns, til að setja þar niður kartöflur, og það svo rækilega, að plægt var helmingi meira land en sáð var í. Afleiðing þessa varð sú, að nú er þetta svæði ein sandeyðimörk, sem blindur sandbylur stendur af þegar hvast er. Gerir þetta að verkum, að 5 nýbýli, sem búið var að byggja þarna, eru að leggjast í eyði og eigendurnir flúnir eða eru að flýja þaðan. Einnig stendur og næstu jörðum hætta af sandfokinu og sumar þeirra farnar að stórskemmast. Enn fremur er það, að þegar sandbylurinn stendur á sjó út, þarf ekki að vænta fiskjar á því svæði, sem hann fýkur yfir. Þetta alt, ásamt því að skepnur gera nú ekki hálft gagn, vegna þess, að þetta land var eyðilagt, er til ómetanlegs tjóns fyrir hreppinn". Og enn: „Í hreppnum eru nú heimilisfastir 97 menn vinnufærir, á aldrinum 16—60 ára; 74 gamalmenni yfir 60 ára, 204 börn innan 16 ára og um 100 konur og stúlkur 16—60 ára. Á fátækraframfæri eru 55 börn og 21 þurfamaður eldri, sumt að nokkru leyti, en flest að öllu leyti".

Nefndinni fanst sjálfsagt að veita þessum hreppi einhverja hjálp, og er eðlilegast, að sýslusjóður ábyrgist lán það, sem honum verður veitt.

Þá er það ungur og efnilegur bóndi vestur í Dalasýslu, sem fer fram á lán til að endurreisa eyðibýli, sem legið hefir í eyði um langan tíma. Það er í Svínadal, milli Hvammssveitar og Saurbæjar. Menn þar vestra leggja áherslu á, að þarna á milli er fjölfarinn fjallvegur, og er þetta því til samgöngubóta. Þetta má og skoða sem ræktunartilraun á ónýttu landi, og er því góðs vert. Nefndin leggur til, að þessum manni sjeu veittir ⅔ af láni því, sem hann biður um.

Enn er það annar ungur og efnilegur maður; hann er hjer í Reykjavík og hefir hann gert uppgötvanir, sem fróðir menn í þeim greinum telja mikilsverðar. Lítur út fyrir, að þessar nýungar hans muni verða bæði til frambúðar og talsverðs hagnaðar. Nú er hann fátækur og getur ekki keypt einkaleyfi erlendis, sem munu kosta um 3500 kr. í hverju landi. Biður hann því um styrk til að koma þessum nýungum sínum á framfæri. Nefndin telur ekki rjett, að þessi leið sje farin. Þessar nýungar ættu að vera það mikilsverðar, að maður þessi ætti eftir nokkurn tíma að vera fær um að endurgreiða lán, er honum væri veitt í þessu skyni, smám

saman. Nefndin mælir því með, að honum sje veitt lán, gegn tryggingum, sem stjórnin tekur gildar. Vill nefndin ekki stuðla til þess, að slík mál sem þessi þurfi að stranda vegna fjeleysis, eða því síður af því, að fremur væru tortrygðir innlendir hugvitsmenn en útlendir. Hefir þessi maður einnig fengið meðmæli með þessum uppgötvunum sínum frá útlöndum.

Þá hefir nefndin tekið upp nýjan sið í því að veita engum mönnum lán til fullnaðarnáms, og er það rjett stefna. Það eru margir, sem eru andvígir beinum styrkveitingum, enda ætti þetta að vera meiri trygging fyrir því, að fjeð komi að fullum notum. Það er ætlast til þess, að námsmennirnir útvegi ábyrgð fyrir lánunum, sem stjórnin tekur gilda.

Kennaraskólanemendur hafa og beðið um styrk til að koma á hjá sjer matarfjelagi, í líkingu við mötuneyti háskólastúdentanna. Nefndin telur ekki ástæðu til að veita þeim þennan styrk, en er meðmælt láni til þessara hluta. Fordæmin eru til frá matarfjelagi stúdenta um lánveitingu í þessu skyni, og að vísu einnig um beinan styrk, en nefndin telur lánsaðferðina rjettari.

Ýmsir hreppar víðsvegar um land fara fram á uppgjöf lána, sem þeim hafa verið veitt. Færa þeir margir rjett góð rök fyrir sínu máli, og nefndinni er vel kunnugt um þröngan hag margra þeirra, en telur þó alls eigi rjett að veita uppgjöf á nýlegum lánum, og vill heldur hjálpa þeim með greiðslufrestum um nokkurra ára bil.

Samband íslenskra samvinnufjelaga fer þess á leit, að ríkið ábyrgist ¾ af tjóni því, sem kynni að leiða af tilraunum Sambandsins með útflutning á kældu kjöti. Nefndin telur tilraunir þessar mjög lofsverðar, en þar sem mikil óvissa er enn um árangur þeirra, álítur hún þessa ábyrgðarbeiðni Sambandsins sanngjarna, ekki síst af því, að það miðar væntanlegt verð á kældu kjöti við væntanlegt saltkjötsverð á sama tíma, og mun þar því alls ekki frekt af stað farið.

Viðvíkjandi láninu til tunnuverksmiðjunnar á Siglufirði er það að segja, að það hefir lengi viljað við brenna, sem alkunnugt er, að umbúðir á framleiðsluvörum okkar væru mjög dýrar, og hefir það bakað oss margsinnis stórtjón. Þetta er engum vafa undirorpið. Hitt er og heldur engum vafa bundið, að það er hægt að búa til þessar og fleiri umbúðir hjer á landi bæði betri og ódýrari en erlendar. Nefndin vill því veita lán til þessarar verksmiðju, en ætlast til, að stjórnin veiti það eigi nema nægileg trygging sje að öðru leyti fyrir hæfilegu rekstrarfje til þessa fyrirtækis.

Enn er eftir síðasti liður þessara ábyrgða og lána — 100 þús. kr. til stúdentagarðsbyggingarinnar. Það upplýstist í umræðunum í gær, hve mikill kostnaður stúdentunum stafar frá húsaleigunni, og hv. þd. sýndi þá og með atkvæðagreiðslu sinni, að hún álítur þetta vera örðugasta hjallann á þeirra fjárhagslegu braut. Stúdentafjelagið hefir þegar gert mikið til þess að afla þessu fyrirtæki fjár; hefir komið á happdrætti í því skyni o. fl. Það var og Stúdentafjelagið, sem sneri sjer til nefndarinnar með þessa lánbeiðni, sem nefndin telur rjett að veita þeim. Það mundi verða hreinasti búhnykkur fyrir ríkið, ef þetta kæmist bráðlega upp, vegna þess, að þá hlýtur húsaleigustyrkur, og ef til vill fleira, að ljetta af ríkissjóði.

Kvenfjelögin hafa óskað eftir að fá lóð til húsbyggingar á Arnarhólstúni og sneru sjer í því skyni til stjórnarinnar, en hún áleit, að rjettara væri, að tillögur um þetta kæmu frá Alþingi, og er því

þetta mál hingað komið. Nefndin fellst á og styður umsókn kvenfjelaga þessara, um að þeim verði úthlutuð þessi lóð ókeypis, sem þau hafa beðið um.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla mjer fyrst að snúa mjer í fám orðum að brtt. annara þm. en mín, og vildi jeg gjarnan veita sumum þeirra liðsinni. Þannig er t. d. um brtt. þeirra hv. þm. Ak. (MK) og 2. þm. Reykv. (JB). Sömuleiðis get jeg eigi annað en fallist á brtt. háttv. þm. Barð. (HK) um orðabreytingu á brtt. á þskj. 254. Mun hún rjett vera. Einnig get jeg fallist á, að fresturinn verði lengdur úr 5 árum upp í 10 ár.

Þá vil jeg snúa mjer að nokkrum brtt., sem jeg hefi leyft mjer að bera fram sem minni hluti fjvn. Er þá fyrst brtt. við 18. gr.; er þar farið fram á, að tveim próföstum verði veitt viðbót við eftirlaun þeirra. Annar þeirra, sjera Sigurður í Flatey, er sonur Jens heitins rektors og bróðursonur Jóns Sigurðssonar. Hefir hann gegnt prestsstörfum í 41 ár og verið prófastur í 20 ár, og auk þess setið á þingi um langt skeið. En nú er hann þrotinn að kröftum, og má nærri geta, að eftirlaunin hrökkvi honum skamt til viðurværis. Ætti því þinginu að vera ljúft að bæta við eftirlaun hans þeim 570 kr., sem farið er hjer fram á. Nema þau þá samtals 1200 kr. Hinn maðurinn, sjera Bjarni Einarsson, hefir alla tíð verið mikill sæmdarmaður og hinn þarfasti sínu hjeraði og var búhöldur mikill. En þó hann muni hafa verið nokkrum efnum búinn um eitt skeið, munu þau þorrin nú að mestu, og heilsan einnig farin. Er hjer farið eftir tillögum biskups og gert ráð fyrir 580 kr. eftirlaunaviðbót honum til handa. Verða þá eftirlaunin, að viðbættri upphæðinni, 1000 kr. Jeg mundi hafa æskt þess að hafa hann jafnháan hinum, en treysti því ekki, að það næði fram að ganga, og vildi þá fremur taka til lægri upphæðina en verða til þess, að þeim yrði ef til vill báðum neitað um styrkinn. Býst jeg við, að það hafi verið af vinnuákafa hjá nefndinni, að hún athugaði ekki þetta.

Vík jeg þá næst að 21. gr. Þar eru nokkrir nýir liðir um lánveitingar, og var jeg eigi svo heppinn, að jeg gæti látið meðnefndarmenn mína verða mjer sammála um það atriði. Jeg skal þó eigi tefja lengi umræðurnar, en vil til samanburðar geta nokkurra tillagna annara háttv. þm. um lánveitingar. Jeg hefi farið fram á, að skraddari Reinhold Andersson fái 20000 kr. lán til að sauma landsforða (lager) af fatnaði úr íslenskum fataefnum. Hann kveðst treysta sjer til að selja föt úr íslenskum dúkum fyrir 85 kr., en selur þau nú á 100 kr. Að hann fer fram á lán í þessu skyni, kemur til af því, að hann er sjálfur ekki svo efnum búinn, að hann geti keypt næg fataefni og vinnu af eigin rammleik. Ávinningurinn við þetta fyrirtæki er sá, að vjer fengjum betri föt og haldbetra saum á fatnaði en það, sem vjer fáum erlendis frá, og mætti svo fara, að oss sparaðist við þetta ½ til 1 milj. kr. í íslenskum gjaldeyri, er fram í sækir og fötin verða þekt og keypt á innlendum markaði. Auk þess væri með þessu trygt, að verksmiðjurnar tvær, sem nú eru hjer, gætu unnið íslensku ullina, og bændur hefðu ekki lengur undir högg að sækja um ullarverð og ullarmarkað, eins og nú er raunin á, er menn verða að fleygja ullinni á útlendan markað, án tillits til þess, hvernig hann er. Um manninn sjálfan get jeg sagt það,

að hann er ágætur skraddari og hinn áreiðanlegasti, en efnalítill, og því sækir hann um þennan styrk. Að öðru leyti mun stjórninni treystandi til að búa svo tryggilega um lánið, að það fje glatist ekki.

Þessu til samanburðar vil jeg minnast á brtt. frá háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um 200000 kr. lán til klæðaverksmiðju á Reyðarfirði. Er ekki nær, að sjeð sje fyrir því að saumað sje úr því, sem þær verksmiðjur vinna, sem vjer höfum? Og þessi brtt. er fram komin frá sparnaðarmanni, einum þeirra, sem vilja heldur láta sonu sína, sem við nám eru, berjast við fátækt og skuldir, svo mjög, að sumarkaup þeirra hrekkur ekki fyrir vöxtunum af víxlum þeirra, fremur en að þeim sje veitt hin minsta hjálp af hálfu hins opinbera. Íslendingar eru þá miður gáfaðir en þeir hafa fengið orð fyrir, ef þeir halda, að sparnaðurinn sje í því einu fólginn að telja hvern bita og sopa ofan í einstaka menn. En sama sparnaðarmanni er ekki sárt um að fleygja 200000 kr. í verksmiðju á Austurlandi, sem er eigi aðeins vanhugsuð og gagnslaus, heldur yrði til niðurdreps fyrir ullariðnað vorn.

Þá eru það tvær tillögur frá háttv fjvn., sem jeg raunar hefi ekki lagst á móti, en verð samt sem áður að telja nokkuð vafasamari en mínar brtt., þær sem jeg síðast nefndi. Það er t. d. lánið til stofnunar niðursuðuverksmiðju á Akureyri, að upphæð 50000 kr. Yfirleitt eru Íslendingar óðfúsir á að stofna til nýrra fyrirtækja, en hitt gera þeir sjer síður far um, að reikna út, hvort fyrirtækið muni bera sig eða ekki. Þess vegna þykir nú heppilegt að byrja þessa niðursuðu í svo stórum stíl, að hún sje vísust til að kollsigla sig. Eða hvað þýðir að hrúga upp óhemju af vörum, ef ekki er hægt að fá markað fyrir þær? Er þá eins hreint gengið að verki að taka fjeð og stinga því í ofninn. Það sama er að segja um sútunarverksmiðjuna. Það er auðvitað þarft fyrirtæki, en gæta verður þess, að fara þó ekki of stórt af stað, eigi það að lifa. Það þýðir t. d. ekki að láta skinnin af öllum tegundum, hversu góð vara sem þau annars eru, safnast fyrir uns þau skemmast. Yrði sú raunin á, gæti árangurinn orðið sá, að enginn þyrði að leggja í slíkt fyrirtæki næstu heila eða hálfa öld.

Þá liggur fyrir tillaga um kaup á nýjum sljettil eða jarðvöðli. En mjer þykir hæpið að fleygja hundruðum þúsunda í vjelar, sem ekkert verður sagt um, hvernig muni reynast. Vjer höfum tvo jarðvöðla áður, og verður reyndin að skera úr því, hvort meira hefir unnist með þeim til gagns en skemda. Jeg er nú sá ósparnaðarmaður, sem að orðtaki er haft, en jeg vandist því á unga aldri að hræðast eigi þegar á sjó var komið, og hinu eins, að fara ekki sem angurgapi af stað.

Á þetta vildi jeg minnast í sambandi við lánveitinguna til skraddarans. Hún er í því skyni, að vjer getum fengið betri föt úr betri efnum en þau, sem vjer fáum erlendis frá, og að afla viss markaðar fyrir ullina okkar. Það er lítil byrjun, sem stendur til bóta. Það hefir sýnt sig í styrjöldinni miklu, að heppilegast er fyrir hverja þjóð að búa sem mest að sínu, enda hafa erlendar þjóðir reynt að draga sem mest úr áhættuviðskiftum sínum og dregið sig, ef svo mætti að orði kveða, hver inn í sína skel, og eigi annars kostur fyrir íslensku þjóðina en að gera það sama.

Þá hefi jeg meðferðis tillögu um litla

lánveitingu til Lúðvíks Guðmundssonar, til þess að honum verði kleift að kynna sjer erlendis skipulagsfræði, sem á ríkisíslensku mundi heita „organisation“. Þetta er fræði, sem hjer er harla lítið þekt; en erlendis hefir það sýnt sig, hversu þýðingarmikil grein það er, og eins er mönnum kunnugt, að margt fer hjer í ólagi sökum vöntunar á góðu skipulagi. Jeg vil auðvitað ekki fullyrða fyrirfram, að þessi maður, sem hjer ræðir um, muni verða svo ágætur skipulagsfræðingur, að honum takist að ráða bót á öllum þeim þverbrestum meðal vor, sem af skipulagsleysi stafa, en hann er gáfaður maður og duglegur og mun hafa fullan hug á að láta gott af sjer leiða. Láninu ætti ekki heldur að vera nein áhætta samfara, þar sem hann býður fulla tryggingu, og mun stjórn vorri treystandi að ganga frá þeim hnútum. Jeg vil því vænta þess, að háttv. þm. sje ljúft að gera þessa tilraun. Eins og alkunna er, hefir skipulagið hvergi orðið jafnágætt sem með Þjóðverjum. Sá jeg þess mörg dæmi, er jeg dvaldi í Þýskalandi, enda sýndi sig máttur þess í stríðinu, er Þjóðverjar gátu staðið eins lengi og raun varð á einir uppi gegn öllum þeim fjárafla og manngrúa, sem móti þeim var teflt. Skipulagið er ekkert smáræði, en ekki vil jeg þreyta menn lengur með þessu, því öllum þingheimi mun vera þetta eins ljóst og mjer, eða ljósara.

Þá er það síðasta till., sem er þó ekki að öllu leyti frjáls, en jeg ætla mjer að gera nokkru frjálsari. Það var háttv. 1. þm. Árn. (EE), sem bar fyrstur fram þá hugmynd í nefndinni að veita fremur lán en styrk. Nú vil jeg færa þessa hugmynd lengra út og vil áætla sæmilega upphæð til lánveitinga stúdentum, er nema erlendis við háskóla. Meiri hlutinn fjelst á þá orðabreytingu í tillögunni að láta „lokanáms“ koma í stað „framhaldsnáms“. Jeg þarf væntanlega ekki að brýna fyrir háttv. þm., hverja þýðingu þetta getur haft fyrir fátæka stúdenta, sem einir síns liðs eru að berjast áfram úti í heimi og hafa lagt í það alt sitt fje og krafta; og mönnum er líka það ljóst, sumum að minsta kosti, hversu örðug braut sú verður, þegar fátæktin kemur til skjalanna, ekki aðeins lítur inn til þeirra, heldur sest á rúmstokkinn hjá þeim og segir: Farðu út! Eða vilja háttv. þm. ekki reyna að setja sig í spor foreldranna, sem reitt hafa sig inn að skinninu og eytt sínum síðustu kröftum í það að gera börnum sínum kleift að komast áfram námsbrautina, en sjá svo fátæktina grípa í taumana.

Jeg hefi nauðugur sett vextina 5½%, en svo verður að búa sem á bæ er títt, og tjáir ekki um það að sakast. Jeg hefði kosið, að þeir væru nokkru lægri, og má enda breyta þessu við 3. umr., ef deildin sjer sjer fært.

Þá vil jeg geta þess, að jeg sje mjer ekki fært að greiða atkvæði með fjárveitingunni til viðbótarbyggingar barnaskólahússins. Það er þó ekki af öfund eða mannvonsku, heldur er það með tilliti til allra þeirra fjárkrafna, sem jeg sje fram á, að sigla muni í kjölfar þessarar.

Enn vil jeg minnast á eina brtt. fjvn., ekki til að leggja á móti henni, heldur til að benda á, að í henni felst fordæmi fyrir minni till. Það er Sambandið, sem fer fram á mjög svo hóflega beiðni til tilrauna, sem gætu haft í för með sjer hinn mesta hagnað fyrir landið. Vænti jeg þess, að þingið taki vel í þetta, og

er mjer kært að láta þetta um mælt, engu síður fyrir það, að jeg er ekki alls kostar ánægður yfir öllum framkvæmdum þessa fjelagsskapar.'

Vil jeg að svo mæltu afhenda háttv. deild brtt. mínar og vænti þess, að hún taki þeim ekki ver nú en hún tók þeim í gær, og helst þó betur. Þá náðu ýmsar till. mínar fram að ganga, svo sem um styrkinn til Jóhannesar Lynge Jóhannssonar orðabókarhöfundar o. fl.

Forsætisráðherra (SE):* .. ..
.. ..

Jeg vil enn fremur leyfa mjer að mæla með fjárveitingunni til Sigvalda Kaldalóns og sömuleiðis eftirlaunum til frú Sigríðar Fjeldsted.

Samkvæmt fyrirmælum Alþingis ljet stjórnin rannsaka mál Árna Theodórs Pjeturssonar og sendi síðan mentmn. þau skilríki, og hefir hún nú lagt til að veita honum 500 kr., og get jeg fallist á það, eftir atvikum. Að lokum vil jeg svo gera þá almennu athugasemd, út af till. um lánsheimildirnar, að jeg veit eiginlega ekki, með hvaða fje ætti að greiða þau lán.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. frsm. (MP) benti á það, að ósamræmi væri í 16. gr. 3, þar sem gert væri ráð fyrir einum 20 þús. krónum til búnaðarfjelaganna, en í athugasemdunum stæði, að greiða ætti kr. 1,50 fyrir hvert dagsverk, og þyrfti því að rjettu lagi til þessa um 120 þús. kr. Eftir þessu ósamræmi hafði áður verið tekið, og er hjer ekki um að ræða prentvillu, eins og hv. framsögumaður (MP) gat til. En svoleiðis stendur á þessu, að forseti Búnaðarfjelagsins hafði lagt til, að breyta þyrfti ýmsum þeim skilyrðum, sem hjer er um að ræða, í þá átt eins og skilyrðin nú hljóða undir liðunum a, b og c. Skýrði hann þá líka frá því, að dagsverkatalan væri um 80 þús. Honum var sagt, að ekki væri unt að veita svo mikið, sem því næmi. Hins vegar bjóst jeg þá við því, að hægt yrði að veita 40 þús. í þessu skyni, en sá seinna, að ekki mundi hægt að fara hærra en í 20 þús. Þrátt fyrir þessa miklu lækkun á upphæðinni, sem stjórn Búnaðarfjelagsins hafði ætlast til að fá, áleit hún, að sjerstöku skilyrðin gætu staðið, en almenna skilyrðið í upphafi átti auðvitað að falla, en það hefir gleymst.

Annars er jeg hv. nefnd mjög þakklátur fyrir meðferð þess hluta fjárlaganna, sem mig snertir sjerstaklega. T. d. vil jeg minnast á 15 þús. kr. hækkun til Fiskifjelagsins. Formaður fjelagsins hafði ofs átt tal um það við mig, að auka þyrfti styrkinn til fjelagsins, þar sem það hefði nú ýms ný mál með höndum, sem framkvæma þyrfti. Jeg sá mjer samt ekki fært að hækka styrkinn að krónutali frá því, sem verið hafði, heldur var hann látinn standa óbreyttur, eins og hjá Búnaðarfjelaginu. Er það í raun rjettri um hækkun að ræða, saman borið við aðrar upphæðir ýmsar, sem hafa lækkað beinlínis og óbeinlínis, svo sem dýrtíðarbót. Jeg get þó fallist á hækkunina, úr því farið er út í það á annað borð að afgreiða fjárlögin með halla. Og jeg vil heldur, að fjeð fari þá til þarflegra framfarafyrirtækja en í annað.

Þá skal jeg minnast á liðinn, sem ætlaður er til þess að leita fiskmarkaðs erlendis. Jeg hafði sjálfur hugsað mjer að taka upp þennan lið og virðist nú, þegar hann er kominn fram frá hv. nefnd, að eins og hann er þar, 10 þús. kr., sje hann

*) Fyrri partur ræðunnar hefir fallið niður hjá skrifurunum.

heldur lítill. En hv. frsm. (MP) gat þess að vísu, að þetta væri aðeins áætlunarupphæð. En ef svo er, að liðurinn verði fyrir sjáanlega hærri, er það í rauninni ekki nema til þess eins að blekkja sjálfan sig að taka ekki hærri upphæðina inn í lögin undir eins. Jeg geri heldur ekki ráð fyrir því, að unt verði í reyndinni að komast af með þessar 10 þús. kr., og hefi því leyft mjer að bera fram brtt. um hækkun upp í 20 þús. kr. Sennilega þarf að senda mann til Rússlands og til Eystrasaltslandanna, og þótt slík för ætti ekki að verða eins dýr eins og förin til Suður-Ameríku nú, má búast við allmiklum kostnaði. En, sem sagt, jeg er mjög glaður yfir því, að hv. nefnd hefir lýst yfir því, að þetta sje aðeins áætlunarupphæð, og stjórnin mun að sjálfsögðu haga sjer eftir því, ef brtt. verður feld, en meira fje þarf en tillaga nefndarinnar tilgreinir.

Hv. nefnd hefir lagt til, að feldur verði niður dálítill styrkur, 500 kr., til Dansk Kunstflidsforening, og mun þá ætlun hennar, sumpart víst í sambandi við styrkhækkunina til heimilisiðnaðarfjelagsins, að stúlkur njóti þessa hjer innanlands. En reynslan mun þó verða sú, að íslenskar stúlkur gangi eftir sem áður í slíka skóla í Kaupmannahöfn, og fara þá, ef styrkurinn verður feldur, að betla hjá Dönum um styrk, en það er óviðeigandi og óviðkunnanlegt. Annars skal jeg geta þess, að íslenskum stúlkum, sem gengið hafa í þennan skóla, hefir gengið þar mjög vel; síðast fengu t. d. 3 íslenskar stúlkur 1. verðlaun og 1 stúlka 2. verðlaun. Forstöðukona skólans hefir skýrt frá því, að skólinn hafi áður haft 1000 kr. úr sáttmálasjóði, en þeim styrk sje nú kipt burtu, en hún býðst hins vegar til þess að halda áfram að taka íslenskar stúlkur, ef hún fái þessar 500 kr. Vona jeg því, að hv. deild verði ekki svo nánasarleg að fella þetta.

Svo skal jeg minnast á 2 till. hv. nefndar enn. Önnur er um dálítinn styrk, 1000 kr., til Þórðar Flóventssonar frá Svartárkoti, til leiðbeiningar um silungaklak og til viðurkenningar fyrir það starf, sem hann hefir þegar unnið að þessu. Jeg hefi fulla ástæðu til þess að ætla, að starf hans muni bera góðan árangur, og vænti þess því, að hv. deild sýni þessum gamla heiðursmanni þá sanngirni að samþykkja þessa litlu fjárveitingu til hans. Svipað má að sumu leyti segja um smástyrk, 200 kr., til gamals pósts á Akureyri. Jeg er að vísu alls ekki sammála þeirri stefnu, að allir póstar eigi að fá eftirlaun, að minsta kosti ekki aukapóstarnir. Nokkuð öðru máli er að gegna um aðalpóstana, sem t. d. oft hafa starfað á hættulegum og erfiðum öræfaleiðum. Þeim getur verið rjett að veita viðurkenningu, ef þeir hafa starfað vel og lengi. Og mjer er það kunnugt um þann mann, sem hjer á hlut að máli, að hann hefir verið í mesta máta áreiðanlegur og dygðugur.

Jeg þarf svo eiginlega ekki að fjölyrða um fleiri einstakar brtt. En jeg vil að lokum aðeins minnast stuttlega á lánsheimildartillögur nefndarinnar alment og einstakra hv. þm. annara. Till. nefndarinnar hlaupa þar á ca. 200 þús. kr., till. minni hlutans á ca. 50 þús. og 2 aðrar till. 280 þús. kr. svo að alls verður þetta fullkomin ½ miljón. En sannleikurinn er sá, að í rauninni er ekki minsta von til þess, að unt verði að lána neitt af þessu. En hins vegar er eins og mönnum sjeu gefnar góðar vonir með því að samþykkja þetta í þinginu, og stjórnin hefir vanalega ekki stundlegan frið á eftir, og er það þá tekið sem einhverskonar illvilji frá stjórnar-

innar hálfu, ef hún verður að neita um lánin. *Jeg fyrir mitt leyti mundi því ekki* samþykkja þessar lánsheimildir, ef jeg ætti að greiða atkvæði um þær. Þó undanskil jeg lán til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, því það er nauðsynlegt, af því að hreppurinn liggur að öðrum kosti við gjaldþroti. Skal jeg svo ljúka máli mínu.

Pjetur Þórðarson: Samkvæmt þingvenju ætla jeg að gera stutta grein fyrir dálítilli brtt. við 16. gr., sem jeg á á þskj. 292. Maðurinn, sem þar á hlut að máli, er fátækur maður á afskektu fjallakoti. Eru hús hans fallin mjög og fornleg og nauðsyn hin mesta að endurbyggja þau. Sendi hann erindi um þetta áður, eða á síðasta þingi, en það náði þá ekki samþykki hv. deildar. Nú hefir hann sent erindi aftur, ekki beint til þingsins, heldur til mín, og jeg seldi málið svo í hendur háttv. fjvn. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta, en aðeins benda á það, að þar sem þetta býli er ríkiseign — það er kirkjukot — er mjög sanngjarnt að verða við þessu, og einnig af því, að eins og nú stendur þar, er mjög erfitt þar um gistingu fyrir ferðamenn. Þessi beiðni kemur heldur ekki aftur, ef hún verður nú samþykt, svo að ekki þarf að óttast það hjer, eins og um sumt annað sömu tegundar í þessari gr.; en hins má vænta, að ef hún yrði ekki samþykt, kæmi hún fram seinna, eins og *reynslan nú hefir sýnt*. Annars skal jeg ekki eyða hinum dýrmæta tíma þingins nú fremur en áður við þessar umr.

Pjetur Ottesen: Jeg á eina brtt. við 16. gr., um það að bæta þar við nýjum lið, 800 kr. til þess að gera Eyrarfoss í Laxá laxgengan, þó ekki yfir þriðjung kostnaðar. Í Laxá er allmikil laxgengd, þó áin sje tiltölulega stutt, eða sá hluti hennar, sem er laxgengur, því einmitt þessi umræddi foss heftir laxagönguna upp eftir ánni, og þar með upp í Svínadalsvötnin, sem áin rennur úr. En það mundi óefað auka mjög laxgengd í ána, ef laxinn gæti gengið þannig óhindrað upp í vötnin. En einmitt þar við vötnin og við ósana á milli þeirra hagar alveg óvenjulega vel til með að koma við laxa- og silungaklaki, en fyrir því máli er nú að vaxa mikill áhugi í landinu, enda borið stórvægilega góðan árangur, þar sem nokkur reynsla er fengin um það, eins og t. d. við Mývatn í Þingeyjarsýslu. Annað atriði, sem mjög ætti einnig að geta ýtt undir þetta mál, er það, að þetta ætti beinlínis að geta orðið búhnykkur fyrir ríkissjóð. Prestssetrið Saurbær á Hvalfjarðarstr., sem er að sjálfsögðu eign ríkissjóðs, á á löngu svæði land að ánni ofan fossins og vötnunum; og einmitt það landsvæði er hinn svo nefndi Vatnaskógur. Vatnaskógur hefir nú verið girtur og grisjaður og með öllu tekinn undan yfirráðum prestins í Saurbæ, og hefir nú skógræktarstjóri umráð yfir honum fyrir hönd ríkissjóðs. Skógur þessi er unaðsfallegur staður, skógurinn í stórri framför, enda vaxtarskilyrðin ágæt, veðursæld mikil og lega landsins hagstæð. Fólk úr nærliggjandi kauptúnum, og þó einkum um Reykjavík, sækir líka meira og meira þangað á sumrum sjer til skemtunar og hressingar, og heyri jeg sagt, að ýmsir hafi í hyggju að fá leyfi til að slá þar tjöldum og dvelja þar um tíma að sumrinu, hafa þar á þennan hátt sumarbústað, eins og það er kallað hjer. Ef Eyrarfoss yrði nú gerður laxgengur, þannig að laxinn gæti gengið alla leið upp í vötnin, mundi bætast þar við einn góður kostur, sem mjög mundi auka á aðsóknina þangað, því auk náttúrufegurðarinnar, sem altaf laðar til sín, kæmi sú hressandi

skemtun og það gagnlega gaman, að geta stundað laxveiði þar jafnframt eða silunga. En rjettinn til dvalar þarna og slíkrar stangaveiði mundi að sjálfsögðu mega selja og hafa af sæmilegar tekjur. Gæti þetta því orðið ríkissjóði þó nokkur tekjulind. Það mundi verða eftirsótt miklu meira en nú, og er þó staðurinn nú þegar annálaður, að fá leyfi til sumardvalar þarna, eins og eðlilegt er, ekki síst ef unt er að sameina þar svo marga kosti sumardýrðarinnar, sem íslensk náttúra getur veitt. Þar færu þá saman þau hollu og hressandi áhrif, sem það hefir á hvert íslenskt náttúrubarn að teiga í sig mitt í sumardýrðinni hið heilnæma fjallaloft, og veiðigleðin.

Þar sem það stendur nú þarna svo alveg sjerstaklega á með þennan stað, og laxveiði í ánni mundi stóraukast, ef þessum þröskuldi væri rutt úr vegi, þá vænti jeg þess, að hið háa Alþingi vilji stuðla að þessu, með því að veita þennan styrk, ekki síst þar sem mjög sanngjarnlega virðist í sakirnar farið og aðeins beðið um þriðjung kostnaðar.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að tillögu þeirri, sem fyrir liggur um að hækka styrkinn til Fiskifjelagsins.

Háttv. fjvn. leggur til, að því verði veittur 15 þús. kr. viðbótarstyrkur. Stjórn Fiskifjelagsins hafði farið fram á það við stjórnina, er hún var að undirbúa fjárlagafrv., að styrkur þessi yrði miklu meiri, að því er jeg hygg 122 þús. kr., auk 16 þús. kr. dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði. Auk þess voru svo aðrir liðir, sem fjelagið hefir nokkrar tekjur af, og hljóðar því áætlun fjelagsins, sem hjer liggur fyrir, upp á það, að það hefði með þessu móti 145500 kr. tekjur á árinu, og við það hefir það í þessari áætlun miðað framkvæmdir sínar og fjárframlög.

Nú verður að viðurkenna það, að enda þótt allur þessi styrkur hefði fengist, þá var samt það fje, sem Fiskifjelagið hefir til umráða, alt of lítið til að hrinda í framkvæmd og styðja að nauðsynlegum framkvæmdum og fyrirtækjum á þessu sviði, en alt fyrir það, þó margir efuðust ekki um, að árangurinn af þessum styrk yrði góður, þá sá samt sjútvn. sjer ekki fært að leggja til, að styrkurinn yrði nú hækkaður meira en gert er í till. hv. fjvn., og einkum þótti sjávarútvegsnefnd mikilsvert að fá samkomulag við hv. fjvn. um þessa upphæð, en nefndinni var kunnugt um það, að til samkomulags gat ekki leitt með nefndunum, ef lengra væri gengið. Báðar nefndirnar standa saman um þessa fjárveitingu, og verði hún samþykt, hefir fjelagið sama styrk sem það hafði 1921 og 1922, en eins og kunnugt er, lækkaði þingið þennan styrk í fyrra um 15 þús. kr.

Hv. frsm. fjvn. (MP) gat þess, að sjútvn. mundi gefa skýringar um það, við hvað hún hefði sjerstaklega miðað þessa styrkhækkun. Sjútvn. hefir hjer haft í huga styrk til ýmsra framkvæmda, sem hún telur þýðingarmest, að Fiskifjelagið fáist við og styðji, því að enda þótt segja megi, að allir liðirnir í áætlun Fiskifjelagsins, sem jeg hefi hjer fyrir framan mig, sjeu þýðingarmiklir, þá finst henni þó, að nokkur munur sje á gerandi, enda leiðir það af sjálfu sjer, þar sem styrkurinn er ekki hækkaður meira en þetta, að eitthvað verður að sitja á hakanum. Vil jeg því benda á þá liði, er nefndin leggur sjerstaka áherslu á.

Fyrst er styrkur til bóta og viðgerða á leiðum og lendingum. Er þetta mjög nauðsynlegt, bæði til tryggingar mannslífum og skipum og til þess að auka framleiðsluna. Annað er styrkur til að halda uppi

námsskeiðum í vjelfræði. Hefir áður verið rætt um þetta í sambandi við frv., sem hefir legið fyrir þinginu og nú er orðið að lögum, um skyldur og rjettindi þeirra manna, er hafa á hendi vjelgæslu á mótorskipum. Fyrir nokkru hafa einnig verið sett lög um það, að koma á fót vjelskóla, en það hefir ekki enn komist í framkvæmd, sökum fjárhagserfiðleika ríkissjóðsins. Er öllum auðsætt, hve nauðsynlegt það er, að námsskeið þessi sjeu haldin meðan skólinn ekki kemur, því að mjög er það áríðandi, að menn kunni að fara með olíuvjelar, þeir, er við það eiga að fást. Nú hefir fjelagið haldið uppi þessum námsskeiðum bæði á Akureyri og Ísafirði, en hjer á Suðurlandi hafa þau fallið niður 2 síðustu árin, bæði sökum þess, að það bjóst við skólanum og svo sökum þess, eftir því sem forseti Fiskifjelagsins hefir skýrt mjer frá, að húsnæði vantaði hjer. Hafði fjelagið haft undirbúning til að halda námsskeiðið, en það strandaði á þessu. Fjelagið hafði sjálft ekkert húsrúm til þessa, en vantaði hins vegar fje til að borga þá okurleigu fyrir það, sem hjer tíðkast. Hefir mjer nú komið til hugar, hvort ekki mundi hægt að nota sjómannaskólann til þessa. Veit jeg að vísu, að þar er yfirfullt af stýrimannaefnum, og það mikið um þörf fram, en hins vegar er skortur á vjelfróðum mönnum. Er því athugandi, hvort ekki er ástæða til að takmarka eitthvað aðsókn stýrimannaefna að skólanum á næsta vetri, til þess að húsrúm fáist fyrir kenslu í vjelfræði. Skýt jeg þessu til stjórnarinnar til athugunar. Er ótækt, að námsskeiðin falli niður vegna skorts á húsnæði.

Þriðji liðurinn er um það, að einhver styrkur verði veittur til uppfundninga og framfara og nýjunga á sviði fiskiveiðanna. Kemur altaf eitthvað hjer nýtt fram, en hins vegar þeir menn, er upptökin eiga að því, oft svo fátækir, að engin leið er fyrir þá sjálfa að gera hugsjónir sínar og uppfyndingar raunhæfar. Er því hin mesta nauðsyn á, að fje sje veitt til að styrkja þetta.

Fjórði liðurinn er, að styrkur sje veittur til fiskverkunartilrauna, einkum til þurkunar á saltfiski.

Er nú mjög farið til þess að þurka fisk í húsum inni, en aðferðirnar til þess eru mjög misjafnar. En hin mesta nauðsyn er á því, að fiskþurkunin geti orðið óháð tíðarfarinu. Getur það mjög stutt að því, að fiskurinn komi jafnar á markaðinn en ella, en það gefur aftur tryggingu fyrir hærra verði. Er því hjer um þýðingarmikið atriði að ræða.

Er þess getið í greinargerð þessarar áætlunar, að fjelög hjer í bænum hafi komið sjer saman um að kjósa nefnd til að athuga þetta mál. Kom erindi frá henni þessu viðvíkjandi inn á þing hjer í fyrra, en svo seint, að fjvn. hafði þá nær lokið störfum sínum, og gat því ekki sint því.

Fimta er að verja nokkru fje til að gera tilraunir með, á hvern hátt best sje að hagnýta fiskiúrgang. Er þetta og mjög áríðandi, því að eins og kunnugt er, fellur mjög mikið til af þessu, því að á öllum stærri verstöðum er það einungis fiskbolurinn, hrognin og lifurin, sem hirt er. Er mikið verðmæti, sem hjer fer til ónýtis, og hin mesta þörf á að hagnýta þetta á einhvern hátt.

Þetta er það, sem sjútvn. leggur aðaláhersluna á, að styrkurinn verði notaður til. Undanfarið hefir það verið svo, að allmikið af styrknum hefir farið í stjórnarkostnað, en þó hefir nokkuð, auk þess, sem varið hefir verið til framkvæmda, verið lagt í sjóð.

En á síðasta Fiskiþingi var sú lofs-

verða viðleitni sýnd að reyna að draga úr þessum kostnaði. Laun forseta og ritstjóra tímarits fjelagsins, „Ægis", voru lækkuð og ákveðið að halda þing annaðhvert ár, í stað þess að það hefir verið háð á hverju ári nú um skeið. Er þetta allrar virðingar vert, því að auðvitað ætlast Alþingi til, að fje, sem veitt er til þessara fjelaga, verði svo raunhæft sem kostur er á.

Þá vil jeg þakka háttv. fjvn. góðar undirtektir undir styrk- og lánbeiðni Slátturfjelags Suðurlands til að koma hjer upp sútunarverksmiðju. Hefir hún vel skilið nauðsyn þessa máls og hve afaráríðandi það er, að meira hafist upp úr gærunum en verið hefir. Eru líkindi til, að þetta fáist best með sútun.

Háttv. þm. Dala. (BJ) var hjer nokkuð svartsýnn, enda þótt hann sje þessu fylgjandi. Hjelt hann, að svo gæti farið um þetta sem margt annað, að ráðist væri í það að lítt rannsökuðu máli, og svo ylti það um koll. En þess er að gæta, að mál þetta hefir fengið mjög góðan undirbúning og enn fremur, að gætt mun verða hinnar mestu varfærni í meðferðinni. Eru góðar vonir á, að þetta hepnist vel, því að íslensk skinn eru að sögn ágætlega til sútunar fallin og hafa verið notuð til þess erlendis og hafa góðan markað. Er því hjer til markaður, ef það tekst að gera skinnin hjer jafnvel úr garði sem erlendis hefir verið gert, og er fylsta von til þess, að það takist, einkum er gætt er að því, að gærurnar yrðu betri hjer en þær hafa verið eftir útflutninginn, því að við hann hafa þær oft skemst töluvert.

Einnig vil jeg þakka hv. fjvn. undirtektir hennar undir styrkveitingu til fjelagsins „Mjallar". Var það og rjett, að fjelag þetta styðst við allmikla reynslu undanfarandi. Svör hæstv. atvrh. (KlJ) slógu að vísu nokkrum skugga á þetta, að því er lánin snertir, þar sem hann taldi, að ekkert fje mundi vera til lána í þessu skyni. Það mun rjett vera, að um lítið fje sje að ræða, en þó fellur altaf til nokkurt fje árlega, og er mesta nauðsyn á því, að veitt sje til þessa, ef hægt er, og þá fyrst og fremst til þeirra fyrirtækja, sem fyrst bera raunhæfan árangur, og það er vitanlega mest nauðsyn á að sinna því, sem miðar til þess að bæta framleiðsluna og gera hana að betri og útgengilegri vöru.

Viðvíkjandi lánsheimildinni til Gerðahrepps skal jeg taka það fram, að mjer er vel kunnugt um nauðsyn þessa hrepps og að ástandið er mjög slæmt. En lánveiting þessi er nokkuð sjerstök og því miður hætta á því, að hún skapi fordæmi, en því er áríðandi, að metnar sjeu vel þær ástæður, sem fyrir hendi eru.

Lárus Helgason: Jeg á þrjár brtt. við fjárlögin, og vildi jeg leyfa mjer að gera stutta grein fyrir þeim. Það er þá fyrst XIV. brtt. á þskj. 292, við brtt. 254,82 II, um lendingarbætur í Bás, að fyrir 6000 kr. komi 9000 þús. kr. Það gefur að skilja, að Skaftfellingar eiga mjög örðugt uppdráttar hvað lendingar snertir, sökum brims, svo örðugt, að hvergi er afdrep til þess að lenda báti. Á einum stað í Vík hefir þó frá alda öðli verið betra að lenda en annarsstaðar þar nærlendis. Þangað er ófær leið, nema fyrir gangandi menn. Stórgrýtt urð gengur niður í sjó á milli verslunarstaðarins og þessa viks (Bássins). Vitamálastjóri hefir athugað veg þennan og áætlað, að um 15 þús. krónur mundi kosta að gera hann góðan eða nothæfan. En þar sem langt er liðið síðan sú áætlun var gerð, þá er eigi hægt að fullyrða, hvað sá vegur mundi kosta nú samkvæmt umsögn vitamálastjóra. Jeg er

þakklátur háttv. fjvn. fyrir það, hversu vel hún hefir tekið till. þessari, og það því fremur sem hv. frsm. nefndarinnar (MP) hefir látið í ljós, að nefndin muni eigi ófáanleg til þess að hækka upphæðina frá því, sem hún hafði ákveðið hana, sem sje frá 6000 kr. upp í 7000 kr. Er þar miðað við það, sem venja er til að veita til sýsluvega. Háttv. nefnd getur þetta líka vel án þess að skapa með því slæmt fordæmi. Þess vegna hefi jeg hugsað mjer að taka till. mína aftur, í trausti þess, að hv. fjárveitinganefnd taki 6000 kr. tillögu sína aftur og færi upphæð þessa upp í 7000 til 7500 kr. við næstu umræðu.

Þá á jeg eina brtt. á þskj. 332, um styrk til sjera Bjarna Einarssonar. Er hann [illegible] kominn á efri ár og [illegible] mjög snúist við hagur hans nú í seinni tíð. Hann bjó áður á Mýrum í Álftaveri, og var þá sveitarhöfðingi við góð efni, en sakir heilsubilunar varð hann að láta af prestsskap og búskap og selja eignir sínar litlu verði. Síðan flutti hann til Víkur og þaðan hingað til Reykjavíkur. Nú á hann lítil efni og heilsa hans er mjög bágborin. Einnig er kona hans mjög bögguð vegna áfalls, sem hún fjekk af byltu fyrir 2 árum. Þegar jeg sá hann hjer í Reykjavík nú fyrir fáum dögum svo illa á sig kominn, að hann gat með naumindum skreiðst um gólfið í herberginu, er hann var í, með því að hafa staf í hvorri hönd, þá brá mjer í brún. Eru því átakanlega illar ástæður þeirra hjóna. Eftirlaun prestsins eru 420 kr. á ári. Eins og menn munu vita, þá er eigi hægt að lifa hjer fyrir minna en 500—600 kr. á mánuði fyrir fjölskyldu, og sjá menn af því, að 420 kr. á ári hrökkva skamt, þegar útilokað er, að hlutaðeigandi geti gengið að nokkurri vinnu. Er eigi hægt að kalla það til of mikils mælst, þó að slíkum heiðurshjónum, sem svo eru stödd sem jeg hefi nú lýst, sje veittur 1000 kr. styrkur. Vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þessa till. Ef einhverjir skyldu verða til þess að rengja mig, þá ættu þeir að sjá ástæður þeirra hjóna með eigin augum, og munu þeir þá sannfærast um, að jeg fer með rjett mál.

Þá kem jeg að 3. brtt. minni, á þskj. 292, um alt að 5000 kr. lán til þess að kaupa læknisbústað í Síðuhjeraði. Hefir verið ákveðið að byggja upp sæmilegt hús handa lækninum, en til þess að það verði hægt, verður að fá lán og styrk. Hjeraðið hefir viðað saman talsverðu fje í þessu skyni. Tel jeg þessa till. eigi nema sjálfsagða, því að það er eigi vansalaust fyrir þjóðina, að læknar hennar hafi hvergi höfði sínu að að halla.

Hákon Kristófersson: Jeg á eina brtt. á þskj. 292, sem er eigi mjög frábrugðin till. nefndarinnar að efni til, og þá síst í útgjaldaáttina. Um fyrri lið till. ætla jeg eigi að fara mörgum orðum; þar er aðeins um orðamun að ræða. Jeg vildi aðeins með brtt. fá það skýrt fram, að landsstjórnin ætti að láta lánið standa afborgunarlaust, en eigi aðeins veita henni heimild til þess. Háttv. frsm. (MP) tók það fram, að þessi till. mín væri eigi til þess að auka tekjur ríkisins. Það er alveg rjett. En hún eykur heldur eigi útgjöld þess. Með till. er aðeins farið fram á það, að afborgunarlaus greiðslufrestur sje lengdur um 5 ár, eða upp í 10 ár. Jeg hefi skýrt hv. fjvn. frá högum hreppsins. Mjer var að vísu falið að fara fram á eftirgjöf á láninu að meira eða minna leyti, en það hefi jeg nú eigi sjeð mjer fært að gera, sökum hins erfiða fjárhags, en hins vegar bjóst jeg við góðum undirtektum um framlenging lánsins afborgunarlaust á meðan

hreppurinn er að losa sig við skuld þá, sem hann er í við sparisjóð Arnfirðinga, er var upprunalega 15000 kr. og á að endurgreiðast á 15 árum. Hv. fjvn. hefir eigi sjeð sjer fært að veita greiðslufrest lengur en í 5 ár. Eins og jeg þegar hefi skýrt hv. fjvn. frá, þá tekur það hreppinn 15 ár að losa sig við sparisjóðinn, og hafði jeg því upprunalega hugsað mjer að fara fram á jafnlangan greiðslufrest, en nefndin hefir eigi sjeð sjer fært að veita frestinn lengri en til 5 ára. Þetta hefir mjer þótt alt of stuttur tími, og því hefi jeg komið fram með þá brtt., að í stað 5 ára komi 10 ár. Jeg skal svo eigi fjölyrða um þessa brtt. að sinni; málið liggur alveg ljóst fyrir, enda er þinginu kunnugt um þetta mál frá því áður, og jeg vænti fastlega, að hv. deild aðhyllist till. mína.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á brtt. á þskj. 273, frá minni hl. fjvn., meðal annars um það að bæta við eftirlaun Sigurðar prófasts Jenssonar. Jeg vildi leyfa mjer að þakka háttv. þm. Dala. (BJ) fyrir þessa tillögu, bæði vegna þess, að þessi valinkunni sómamaður, Sigurður Jensson, á hlut að máli, og auk þess vegna þess, að hv. þm. hefir með till. sinni tekið af mjer ómakið að bera slíka till. fram. Háttv. þm. tók það rjettilega fram, að prestur sá, sem um er að ræða, er nú kominn á efri ár, heilsulaus með öllu og hefir orðið fyrir svo miklu áfalli, að hann getur sjer svo að segja enga björg veitt. Hann hefir þjónað erfiðu prestakalli um 40 ár og gert það eins og annað, sem hann hefir að sjer tekið, með mesta sóma. Býst jeg við, að hv. deild muni vilja veita þeim manni, sem áður hefir setið hjer á rökstólunum um langt árabil, þá viðurkenningu, sem honum rjettilega ber, sjerstaklega þegar þess er gætt, að maður þessi verður eigi aðnjótandi þeirra hagsbóta, sem af bættum launakjörum leiddi, því einmitt um það leyti lagði hann niður prestsskap. Þessi sæmdarmaður var enn fremur um langt skeið prófastur í Barðastrandarsýslu og gegndi því embætti sínu með mesta skörungsskap, og hefi jeg um þá hæfileika hans eigi veigaminni umsögn en biskupsins, sem hefir gefið honum hin bestu meðmæli sín í sambandi við þetta mál.

Jeg skal viðurkenna það, að jeg er yfirleitt mótfallinn því að auka eftirlaun embættismanna landsins, en jeg vil, að allrar sanngirni og mannúðar sje gætt í þessu efni sem öðrum, þannig, að gömlum og merkum prestum eða öðrum embættismönnum sje eigi fleygt út á gaddinn, þegar ellin hefir sett á þá innsigli sitt, og þá einkum og sjer í lagi þegar þess er gætt, að þeir gegna þeim stöðum í þágu hins opinbera, sem minstar tekjur gefa, eins og fullyrða má í þessu tilfelli að hafi verið. Jeg skal taka það fram, að það er eigi laust við að jeg hafi heyrt, að viðkomandi prestur sje sæmilega efnum búinn. En eftir því, sem jeg þekki til, þá býst jeg við, að hann sje heldur fátækur. Hann á að vísu að nafninu til nokkur hundruð í Flatey, en sú eign hans er öll veðsett, eftir því sem jeg best veit, og hvað hina eignina hans snertir, sem sje Múla, þá vildi jeg ekki eiga hana, þó að mjer væri hún gefin, því að á henni hvílir sú kvöð að byggja upp kirkjuna, og sá kostnaður yrði meiri en jarðarverðinu nemur. Maður þessi er meðal annars búinn að starfa í þjónustu landsins sem þingmaður um 20—30 ár, og hefir hann leyst það starf vel og samviskusamlega af hendi. Geri jeg ráð fyrir, að hv. þingmenn líti eigi svo smáum augum á þá hlið málsins, að þeim þætti hún eigi nokkurs virði.

Jeg vona svo, að hv. deild líti svo á þessa till., að hún samþykki hana, því að hún er eigi nema sanngjörn í alla staði.

Um einstakar till. aðrar sje jeg eigi ástæðu til að tala, en mun sýna afstöðu mína til þeirra við atkvgr.

Eiríkur Einarsson: Það er hjer eitt smáatriði, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á, og það er 86. brtt. nefndarinnar, um 500 kr. til Árna Th. Pjeturssonar. Er það eigi af því, að jeg sje ósamþykkur till., heldur af því, að aftan við till. er hnýtt þessum orðum: „þangað til stjórnin veitir honum aftur starf hans, eða annað álíka.“ Jeg vildi aðeins láta þess getið, að jeg álít, að eigi geti komið til mála að veita honum aftur sama starf og hann hafði á hendi.

Þá vildi jeg minnast á 74. brtt. nefndarinnar og mæla sjerstaklega með henni, en það er 500 kr. til Guðbjargar í Múlakoti, í viðurkenningarskyni fyrir blóm- og trjárækt. Er kona þessi góðkunn á Suðurlandi fyrir áhuga sinn í þessum efnum, og hefir hún eigi einungis unnið að slíkri blómrækt heima hjá sjer, heldur og orðið öðrum, til og frá þar eystra, einskonar blómræktarkennari og til hins fegursta fordæmis. Álít jeg því, að þessum 500 kr. sje vel varið á þennan hátt.

Þá fór hv. frsm. (MP) mjög hlýjum orðum um sútunarverksmiðjumálið, en jeg man ekki, hvort hann gat um, hvers beiðst var, bæði að því er snertir styrkinn og ábyrgðina. Það var upprunalega farið fram á 60 þús. kr. styrk og 200 þús. kr. ábyrgð, en hjer er hvorttveggja nokkuð lækkað. Jeg tel það mjög eðlilegt, að hv. fjvn. treysti sjer eigi til að fara hærra, þótt æskilegt hefði verið. Hv. þm. Borgf. (PO) mintist einnig hlýlega á þetta mál og tók það rjettilega fram, að Sláturfjelag Suðurlands, eða slík starfsemi, stendur sjerstaklega vel að vígi að því er snertir rekstur slíks fyrirtækis, af því að það getur sjálft lagt til hráefnin og rekið starfsemina í sambandi við sláturhúsið. Og af því að sútuð skinn eru líkleg til sölu erlendis, þá er gott að geta valið úr gærunum á staðnum. Vona jeg, að háttv. deild taki vel í þetta mál, er Sláturfjelag Suðurlands á þökk fyrir að vilja taka að sjer.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á 88. brtt. nefndarinnar, undirlið e. Er jeg mjög þakklátur nefndinni fyrir, hvernig hún hefir tekið í það mál. Eins og háttv. frsm. nefndarinnar (MP) tók fram, þá hefir fjelagið átt mjög örðugt með að standa straum af þeim lánum, sem það hefir orðið að taka, og meira en örðugt, — því er það alveg ómögulegt.

Eins og hv. þm. mun kunnugt, þá áætluðu verkfræðingarnir, að Skeiðaáveituverkið mundi kosta um 107 þús. kr., en allur starfskostnaðurinn reyndist um 400 þús. kr. En í trausti þess, að áætlun verkfræðinganna væri rjett, var ákveðið að leggja út í fyrirtækið. Það er rjett, að síðan verkið var hafið, hefir dýrtíðin keyrt úr hófi, og því hefir kostnaður hækkað, en það gátu Skeiðabændur ekki sjerstaklega sjeð fyrir. En það vil jeg leggja áherslu á, að höfuðþátturinn í allri hækkun við verkið er sá, að áætlunin, sem gerð var um það, reyndist röng og villandi. Verkfræðingarnir og yfirumsjónarmennirnir, sem skipaðir voru, sögðu, að það væru engar sjerstakar hömlur við skurðgröftinn; á leiðinni væri aðeins lausahraungrýti og leir, en engin föst klöpp. En er til kom, þá var á löngum kafla hörð hraungrýtisklöpp, sem reyndist mjög seinunnin, og vjelarnar, sem fengnar voru til að vinna á henni, lengi vel í megnu ólagi, og

varð graftarkostnaðurinn þar 14-faldur við áætlunina. Hann reyndist á annað hundrað þúsund krónur. Áveitusvæðisbændur hljóta að vísa af höndum sjer kostnaði, sem þannig er til kominn. Á þessu svæði, sem um er að ræða, eru 27 bændaeignir. Flestir bændurnir, sem þar búa, munu mega teljast bjargálnamenn, og sumir þó varla og engir betur. Af kostnaðinum kemur því að jafnaði 10 þús. kr. á hvert býli. En jarðir þessar munu að meðaltali vera virtar á 3—4 þús. hver eftir fasteignamatinu. Sjest því glögt, hvert stefnir, er þessi baggi hleðst á bújörð hverja. Þess vegna er það ekki nema margfaldlega sanngjarnt og bráðnauðsynlegt, að bændurnir verði styrktir, — meira gert en lána þeim, — ef þeir eiga ekki að örmagnast undir slíkri byrði. En eigi myndi þingi nje þjóð ávinningur af að draga sig í hlje, þegar atorkusamir bændur beiðast hjálpar af jafnknýjandi ástæðum. Hjer er að engu handvömm þeirra um að kenna, heldur verkfræðinga, sem kvaddir voru til af því opinbera. Auk þess er þetta vel gróin sveit og á mikil framtíðarskilyrði fyrir höndum, ef hún verður ekki fyrir slíkum óverðskulduðum búsifjum, og er þess vegna því meiri ástæða til að styrkja íbúana til að geta framfleytt þar lífinu áfram, í stað þess óbeinlínis að reka þá burt.

Þá hefi jeg gerst hvatamaður þess, að upp var tekin í fjvn. lánbeiðni til stúdents í Kaupmannahöfn, sem er mjög fátækur, en á ekki langt í land að ljúka námi í líf-eðlisfræði. Jeg hygg, að það sje betra að koma því þannig fyrir að hafa það heldur lán en styrk, og í sama streng tók háttv. þm. Dala. (BJ) í dag. Ástæðurnar til þess eru tvær. Aðra þeirra tók hv. þm. Dala. fram, sem sje þá, að þegar búið er að hjálpa mönnunum svona langt áleiðis, þá er óforsvaranlegt að skilja þá þar eftir, ef hægt er að hjálpa. En lán er einnig betra en styrkur að því leyti, að það leggur siðferðislega skyldu á herðar þeim, sem það fær, um að endurgjalda það. Þegar pilturinn, sem lánið fær, síðar meir verður að manni og kemst í álnir, þá minnist hann þess, er honum var gott gert, og greiðir þetta aftur, og er þetta þá fundið fje fyrir ríkissjóðinn. Jeg vona því, að þessi lánsheimild til þessa manns verði samþykt, svo og heildarlánsheimild samkvæmt brtt. hv. þm. Dala. (BJ).

Þá er það 17. brtt. á þskj. 292. Jeg hefi þar ásamt samþingismanni mínum farið fram á það, að Þórdísi Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka sje sýnd svolítil viðurkenning. Það er svo ástatt um konu þessa, að hún er einstæðingur, komin að fótum fram, hátt á áttræðisaldri, og hefir gegnt ljóðmóðurstörfum um 50 ár. Hún er alveg eignalaus. Nú er hún að hugsa um að láta af starfi sínu, með því að hún hefir ekki starfskrafta til að gegna því lengur. Jeg vil benda á, hversu ólík er aðstaða yfirsetukvenna í kaupstöðum eða sveitum. Í sveitunum eru það oft bændakonur, sem gegna starfi þessu. Er þær láta af því sökum elli, þá verður engin breyting á lífskjörum þeirra. En öðru máli er að gegna í kaupstöðunum og kauptúnum. Þar eru það oft og einatt tómthúskonur, sem engu eiga að að hverfa, þegar þær hætta, og hafa gert ljósmóðurstarfið að aðalstarfi. Svo er um konu þessa. Jeg vænti því, að allir þeir, sem bera hlýjan hug til ljósmæðra þessa lands, minnist þeirra, er þeir greiða atkvæði um styrkinn til þessarar konu, og launi að makleikum 50 ára starfa hennar, er leystur hefir verið af höndum með skörungs-

skap og samviskusemi. Má Þórdís heita einstök í sinni röð og vel makleg viðurkenningar og þingstyrks.

Þá ætla jeg að síðustu að minnast á brtt. mína á þskj. 330. Það kann að vera, að háttv. þm. þyki fjárhæðin nokkuð há, því að þar er farið fram á 180 þús. kr. fjárveitingu, og skilgreiningin svo orðuð, að mönnum er nokkur vorkunn, þótt þeir sjái ekki hvert stefnir, en þó er það auðsjeð, þegar betur er athugað. Og geta skal jeg þess, að þessu er ekki stefnt austur í Árnessýslu, svo að hjer er ekki um neitt kjördæmatog að ræða. Undirstaða þessarar tillögu er fólgin í gerðum og áliti ullariðnaðarnefndarinnar, sem skipuð var af stjórninni. Jeg gerði snemma á þinginu fyrirspurn til stjórnarinnar um það, hvað liði þeirri nefnd og áliti hennar, því að nauðsyn væri fyrir þingmenn að vera búnir að kynna sjer það, þegar fjárlögin kæmu til umræðu. En stjórnin er ekki farin að svara því enn. En álitsskjal nefndarinnar er nýlega komið, og jeg hefi átt kost á að kynna mjer það lítið eitt og sjeð niðurstöðu hennar. Leggur hún til, að stofnuð verði ein eða tvær dúkaverksmiðjur á landinu. Meining nefndarinnar er sú, að klæðaverksmiðjan „Gefjun“ á Akureyri haldi áfram að starfa, svo sem að undanförnu, og svo verði einni stórri verksmiðju bætt við á Suðurlandi, í Reykjavík eða grend. Hygg jeg, að nefndin miði einkum við Álafoss, en þó er það ekki einskorðað. Nefndarmennirnir eru hálfmyrkfælnir við tóvinnuvjelar til og frá og smærri dúkaverksmiðjur. Halda þeir, að það svari ekki kostnaði, að til þeirra fáist ekki nógu valdir menn og að því fylgi meira handahóf en ef málið er tekið heildartökum. Ætlunin er sú, að í sambandi við þessa stóru verksmiðju verði spuna- og lopavjelar. Er þá tilætlunin sú, að þessi verksmiðja geti að mestu fullnægt klæðaþörf landsmanna og auk þess eftirspurnum um lopa og kembing, er líka þurfi að sjá fyrir, til stuðnings heimilisiðnaðinum.

Á þinginu 1921 kom jeg með þáltill. um ullariðnað, og einn liður í henni var að rannsaka kostnað við bygging verksmiðjuhúss og kaup vjela og vinnutækja. En landbn. kýtti till. þessa saman og nam lið þennan burtu. En hann hefði þó mátt standa, því að nefnd þessi, hin stjórnskipaða, hefir af sjálfsdáðum gefið yfirlit yfir þennan kostnað. Hún gerir ráð fyrir, að verksmiðja með 20 vefstólum, 4 lopavjelum og 4 spunavjelum, muni kosta um 1800 þús. krónur. Áætlar hún, að við slíka verksmiðju þurfi að vinna 50—60 fastir menn. Gert er ráð fyrir, að stofnun svona verksmiðju verði skoðað sem alþjóðlegt stórfyrirtæki, er áhugi almennings vaki fyrir. En stjórnin ætti að hrinda því af stað. Af hinum áætlaða kostnaði telur nefndin sanngjarna hluttöku af hálfu ríkissjóðs $^1/_{10}$, eða 180 þús. kr., eins og jeg geri ráð fyrir í brtt. minni. Jeg fer þar því eingöngu eftir till. nefndarinnar. Kannske aðrir finni heppilegri hlutföll; þá það. Málið þarf að komast á hreyfingu, og þar á stjórnin að vekja en ekki svæfa. Hún á að taka það á sína arma.

Till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) mun jeg láta hlutlausa. Jeg veit, að nefndin hefir gert þá varatillögu, að ef ekki verði stofnuð ein stærðarverksmiðja, svo sem æskilegast væri, þá verði settar á stofn aðrar smærri, og hefir hún nefnt stað á Austurlandi og í Húnavatnssýslu og við Reykjafoss í Ölfusi. Ekki mun jeg neitt sjerstaklega trana fram Reykjafossi, þótt jeg viti, að allir Árnesingar muni það helst

vilja, og þar er staðurinn að flestu leyti mjög eftirsóknarverður; en það skal látið liggja milli hluta.

Jeg vil geta þess áður en jeg sest niður, að þetta var samróma álit allra nefndarmannanna, einnig Hallgríms Kristinssonar, sem nú er látinn. Um þennan djarfa og framsækna mann var það vitanlegt, að hann vildi stefna í þetta horf. Jeg hefi borið þetta fram án þess að ráðfæra mig við nokkurn mann úr fjvn., og veit jeg ekki, nema þeir taki það því illa upp fyrir mjer. En jeg er fús til samvinnu um þetta mál við hvern sem er, og ef hv. þm. líkar ekki till. mín eins og hún er, þá er jeg fús til að smíða aðra upp úr henni og breyta á hvern þann veg, sem betur mætti fara. Málefnið er mjer þar alt, en hvernig það er flutt inn í þingið, skiftir engu.

Menn munu varla telja eftir þessar 180 þús. kr. til þess að koma svona nytsömu fyrirtæki af stað. Enda má sjá það hjer í háttv. deild, að þegar um nytsöm fyrirtæki er að ræða, þá minnast jafnvel hinir mestu sparnaðarmenn ekki á þá hlið málsins. T. d. mintist hv. þm. Borgf. (PO), sem er einn hinn mesti sparnaðarmaður, ekki á þá hlið málsins, þegar um byggingu strandvarnarskipsins var að ræða; nytsöm framkvæmd er stundum svo mikils verð, að fjárhagsatriðið eins og gleymist og verður aukaatriði. Eins er því varið með þetta mál. Tugir þúsunda eru veittir í allskonar smáfyrirtæki, sem flest fara í mola, vegna ónógs undirbúnings og eftirlits, en þetta ætti að verða svo „faglega“ meðfarið og undir svo góðu eftirliti, að öllu væri óhætt. Auðvitað ætti nefnd að undirbúa mál þetta, og kæmi þá fyrst til framkvæmda að þeim undirbúningi loknum. Í framkvæmdinni má ekkert flaustur eiga sjer stað.

Lýk jeg svo máli mínu og vænti, að þetta mál fái góðar undirtektir í hv. deild.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hafði hugsað mjer að minnast á ýmsa liði í þessum kafla, en jeg hefi ekki brjóst í mjer til þess að lengja umr. að mun.

Jeg skal þá fyrst minnast á það, sem snertir mitt eigið kjördæmi. Það er þá styrkurinn til Guðbjargar í Múlakoti. Jeg vona, að háttv. deild samþykki svona lítinn styrk til konu, sem hefir unnið af jafnmiklum áhuga og dugnaði og hún hefir gert að skógrækt. Að vísu mætti minnast fleiri, sem með áhuga og dugnaði hafa unnið að skógræktinni, t. d. sambýlismanns Guðbjargar, Árna bónda og konu hans. Það eru fleiri en Fljótshlíðin ein, sem hafa notið góðs af starfsemi Guðbjargar, því plöntur frá henni hafa dreifst víða um sveitir. Þetta er því ekki nema smáviðurkenning fyrir starf hennar.

Þá er það sútunarverksmiðja Sláturfjelags Suðurlands. Háttv. þm. Dala. (BJ) varaði við slíkri stofnun í ræðu sinni, fyrir það, hve stórfeld hún væri. Varaði yfirleitt við stórum verklegum framkvæmdum. En það er síst ástæða til að amast við því, sem gert er fullkomið frá byrjun og bygt á þekkingu frá upphafi. Meiri ástæða væri til að vara við kákinu hjer á landi. Það vantar ekki, að við gerum okkur ekki nógu oft seka í fúski og káki og sjeum nógu smátækir. Má t. d. minna á vatnsveituna í Reykjavík, sem þarf nú að leggja af nýju, vegna þess að leiðslupípurnar voru of mjóar upphaflega. Sömuleiðis hafnargarðinn, sem bilaði í fyrsta útsynningsveðri, sem gerði eftir að hann

var fullger. Jeg vona því, að háttv. deildarmenn ljái þessu máli atkv. sín.

Það er rjett hjá þessum háttv. þm. (BJ), að markað þarf að útvega fyrir skinnin. Innlendi markaðurinn er töluverður, en það þarf einnig að útvega erlendan markað. Hygg jeg það megi vel takast. Til dæmis veit jeg það, að mislitu skinnin, sem lítið er af erlendis, eru eftirsótt vara. T. d. er mjög góður markaður fyrir mórauð skinn erlendis.

Sveinn Ólafsson: Jeg á enga brtt. við 16. gr. nje heldur næstu greinar þar á eftir. Þótt jeg hefði í raun og veru tilhneigingu til þess að bera fram till., þá hefi jeg þó látið það ógert, af því að jeg hefi yfirleitt viljað sneiða sem mest hjá öllu því, er hefir í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. En jeg á brtt. við 21. gr., þrjá nýja liði, eða a, b og c. Eins og sjest, er þar ekki um fjárveitingar að ræða, heldur lán til fyrirtækja, sem nauðsynleg mega teljast. Jeg skal þó geta þess um tvo fyrstu liðina, að þó þeir verði samþyktir, þá eru ekki ýkjamiklar líkur til þess, að þessar lánsheimildir verði notaðar, vegna ýmsra örðugleika, sem standa í vegi fyrir bráðum framkvæmdum.

A-liðurinn er lánsheimild vegna stofnunar klæðaverksmiðju á Reyðarfirði, alt að kr. 200000, þó ekki yfir ⅓ stofnkostnaðar. Stofnun þessa fyrirtækis fjekk lítilsháttar fyrirheit á síðasta þingi um lán, þó ekki nema 50 þús. kr. En nú horfir málið nokkuð öðruvísi við en í fyrra. Er það sjerstaklega vegna álits ullariðnaðarnefndarinnar, sem nú er nýlega framkomið. En þar sem jeg býst við, að fæstir hv. deildarmenn hafi lesið þetta álit, þá skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um höfuðniðurstöðu nefndarinnar. Aðalniðurstaðan er þá sú, sem þegar hefir verið nefnd af öðrum háttv. þm., að aðaltillaga nefndarinnar er sú, að rjettast og eðlilegast muni vera að stofna eina stóra ullarverksmiðju, er fullnægt geti þörfum alls landsins og jafnframt unnið eitthvað af dúkum til sölu á erlendum markaði. Þó haldi Gefjun áfram starfi sínu.

Aðalvonin til þess, að þetta komist í framkvæmd, er sú, að allur almenningur væri samtaka að leggja af mörkum til þessa, með því að hver bóndi lofaði nokkru af ull sinni til verksmiðjunnar um 3 ára bil.

Nefndin gerir ráð fyrir, að verksmiðjan kosti um kr. 1800000. Þessi allsherjarhugmynd er mjer að vísu ekki ógeðfeld. Hún er þvert á móti aðlaðandi, og nefndin hefir mikið fyrir sjer í því, að þessi leið væri æskileg, ef byggja mætti á því, að fjöldinn væri svo samvinnuþýður og hrifinn af heildarhugmyndinni, að hann vildi leggja fram fjeð. En jeg efast um, að þjóðin sje svo þroskuð til samvinnu, að hægt verði að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd á þennan hátt.

Nefndin miðar í áliti sínu við stofnun Eimskipafjelags Íslands og virðist ætla, að þessi verksmiðjuhugmynd liggi þjóðinni jafnnærri. Þá var þjóðin að vísu samtaka, en líkur til þess, að þessu máli yrði nú eins vel tekið, eru ekki miklar. Enda er komið í ljós, að menn hafa mjög víða týnt trúnni á Eimskipafjelagið, vegna þess að þeim hefir ekki þótt það svara vonum í framkvæmdinni. Vestfirðingar hafa jafnvel viljað koma á öðru eimskipafjelagi hjá sjer, þó þeir hafi haft alment meiri not af fjelaginu en sumir aðrir landshlutar, og raddir hafa heyrst eystra um þetta sama. Menn líta svo á, að þetta sje orðið reykvíkst fyrirtæki, sem menn úti um land hafi engin áhrif á með atkvæði sínu. Býst jeg því ekki við, að þessi ullar-

verksmiðja komist til framkvæmda á næstu árum á þann hátt, sem nefndin ætlast til. Aðaltillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir tveim verksmiðjum, en varatill. fyrir fleirum. Nefndin talar ekki um hvað margar, en nefnir 2 staði á Austurlandi sem tiltækilega staði fyrir ullarverksmiðju. Jeg hefi grenslast eftir því, hvað klæðaverksmiðja eins og Gefjun muni kosta, og fengið það svar, að hún mundi kosta 5—6 hundruð þúsund kr., en þó talsvert fullkomnari en Gefjun, vandaðri og með fleiri vjelum. Jeg býst nú við, að langt verði þangað til menn taka höndum saman um að stofna eina stóra verksmiðju, og því fari svo, að reistar verði 3—4 í landinu. Væri þá sú stærsta hjer nálægt Reykjavík, og mundi láta nærri, að 3 verksmiðjur á borð við Gefjuni kostuðu jafnmikið einni stórri. En væru alls 4 á landinu, mundu þær landshlutunum notadrýgstar, vegna heimilisiðju, og líka fólkinu mest að skapi.

Nú er mjer ekki kunnugt, að byrjað hafi verið að safna fje til svona fyrirtækis annarsstaðar en á Austurlandi. Í fyrra var búið að safna um 80 þús. kr., en þá kom nokkurt hik á fjársöfnunina, vegna þess hve mjög Alþingi þá skar við nögl lánsheimild til fyrirtækisins. Einnig voru þá sjerstakir erfiðleikar um að láta fje af hendi. Nú hefir verið hafist handa af nýju um fjársöfnun 2—3 síðustu mánuðina.

Þegar jeg legg til, að lánið sje bundið við Reyðarfjörð, þó fleiri staðir geti komið til mála, þá er það gert með það fyrir augum, að ekki sje á reiki með staðinn. Jeg hefi áður tekið það fram, og er það líka tekið fram af nefndinni, að þó ekki sje svo mikill munur á aðstöðu til vatnsafls, þá er á ýmislegt fleira fremur að líta, svo sem að greiðar samgöngur sjeu við staðinn o. fl.

Á svæðinu milli Langaness og Skeiðarársands búa um 10 þús. manna, sem mundu hafa not af þessari klæðaverksmiðju, og að minsta kosti geta notið hennar betur en verksmiðju í öðrum landshluta. Eins og kunnugt er, þá hafa þær verksmiðjur starfað hjer á landi. En Austurland hefir lítil not haft af þeim. Áður — fyrir stríð — höfðu menn þar samband við norskar ullarverksmiðjur, en þau viðskifti fjellu niður á stríðsárunum, en hafa nú verið tekin upp aftur.

Innlendu verksmiðjurnar hafa verið lítið notaðar, vegna erfiðra samgangna, og viðskifti við þær einnig reynst dýrari en viðskiftin við Noreg. Einnig óvandaðri og lakari vinna og verri skil. Þannig höfum við mátt horfa á, að stóruppháðir hafa farið úr landinu, vegna þess að ekki var fært að nota innlendu verksmiðjurnar, nema með afarkostum.

Nú er það tilgangurinn meðal annars með stofnun klæðaverksmiðjanna að styðja heimilisiðnaðinn, með því að menn geti fengið ull sína kembda í lopa eða plötu svo nærri sjer, að sæmilega greiðlegt sje að ná til vjelanna. Nefndin telur kembingavjelar verða of dýrar, nema í sambandi við klæðaverksmiðjur. En í sambandi við þær valdi þær engum kostnaðarauka.

Jeg tók fram í upphafi, að jeg byggist tæplega við því, að lánsheimildin yrði notuð að sinni, þótt samþykt yrði. Veldur því, að engir möguleikar verða á því að afla 2/3 kostnaðar, eða alt að 400 þús. kr., nema því aðeins, að næsta vertíð verði mjög góð, því að á henni veltur getan að mestu. Hins vegar mundi samþykt lánsheimildarinnar verða til þess að efla áhugann fyrir þessu og meira mundi að því unnið. Er jeg ekki vantrúaður á, að fyrirtæki þetta mundi borga sig, því að

eftir áætlun glöggra og fjárgætinna manna, þótt ekki sjeu verkfræðingar eða sjerfræðingar, mundi verksmiðjan bera sig vel, ef hún ætti ítökin á áðurnefndu svæði. Er það og ekki ósennilegt, þar sem um 10 þús. manna mundu eiga viðskifti við hana.

Ástæðan til þess, að jeg fór um þetta svo mörgum orðum, er sú, að þessi till. mín sætti mótmælum frá háttv. þm. Dala. (BJ). Raunar held jeg, að ummæli hans muni nú fremur styðja hana heldur en hitt, svo geyst fór hann í mótmælin. Held jeg það af því, að hann var að vega till. mína móti brtt., sem hann á sjálfur, um fjárframlög til ákveðins klæðskera hjer í Reykjavík. Hefir hann og sennilega lagt á móti klæðaverksmiðjunni á Austfjörðum sökum þess, að hann byggir alla von sína á Álafossi. Skil jeg vel, að hann vilji rjetta hjálparhönd þessu fallandi fyrirtæki, einkum þegar þess er gætt, að eftir upplýsingum frá háttv. 1. þm. Skagf. (MG) ætlar Íslandsbanki, sem á 2. veðrjett í Álafossi, að leysa 1. veðrjett, sem ríkissjóður hefir í henni, og reka hana svo fyrir eigin reikning; er því stuðningur háttv. þm. (BJ) í raun og veru stuðningur við Íslandsbanka. Er ekkert nema gott við því að segja, að bankanum verði hjálpað til þess að hafa meira upp úr þessu veði sínu en það er í raun og veru vert, en um almenningsgagn af því skal hjer eigi rætt.

Nú vill háttv. þm., að klæðskeri einn hjer í bænum verði styrktur til að sauma föt úr dúkum þessarar verksmiðju handa innlendum mönnum. Er það líka í þágu bankans, því að dúkarnir munu ekki vel hæfir til útflutnings, og eru yfirleitt varla notandi nema í slitföt, enda fremur óútgengilegir. Meðal annara góðra boða hafði þessi háttv. þm. tilboð frá þessum klæðskera um að selja fötin tilbúin fyrir 85 kr. Eru nú að vísu dæmi til, að útlend föt tilbúin hafa fengist, og fást, fyrir mun lægra verð, og hefir oft orðið til þess, að menn hafa látið glæpast til að taka það ódýra, og er því hæpið, að þessi ráðstöfun fyrirbyggi innflutning fata. Hjálpin til bænda og búenda af þessum skraddarasaum gæti því mishepnast, þótt enginn efist um, að viljinn hjá háttv. þm. Dala. sje góður á sinn hátt. Skal jeg svo ekki tefja tímann meira á því að kljást við háttv. þm. Dala., þótt ýmislegt fleira sje við orð hans að athuga.

Kem jeg þá að 2. brtt. minni, um 40 þús. kr. lánsheimild til að kaupa jarðvöðul fyrir. Á lánið að verða notað eftir till. Búnaðarfjelags Íslands, og þá líklega helst austanlands, ef Búnaðarsamband Austfjarða vildi ráðast í kaupin.

Skilyrði fyrir vjelyrkju munu öllu betri á Austurlandi en á Vesturlandi, og jafnvel á mörgum öðrum svæðum. Eystra eru stór svæði, einkum á Fljótsdalshjeraði, sem vafalaust eru vel fallin til vjelyrkju, og tel jeg því eigi ólíklegt, ef reynslan á næsta sumri með vjelplógum yrði góð, að Búnaðarsamband Austurlands rjeðist í að kaupa jarðvöðulinn, ef lánsheimildin væri til. En jeg er jafnframt sannfærður um það, að það rjeðist ekki í það fyrirhyggjulaust. Jeg var nú svo óheppinn, eða ef til vill heppinn, að háttv. þm. Dala (BJ) mælti einnig á móti þessari tillögu minni, eins og þeirri fyrri, og vildi aftra kaupum á jarðvöðli til Austurlands. Hann er búinn að söðla um í þessu jarðræktarmáli og beitir sjer sem fastast á móti kaupum á þúfnabana, sem hann hefir nú skírt um og nefnir búnaðarbana. Telur hann nú þetta áhald, sem hann lofaði svo mjög á síðasta þingi, aðeins vera til tjóns og fordjörfunar, þegar það skal nota austanlands. Jeg held samt að reynslan mótmæli þessu, og líkurnar tel jeg einmitt miklar til þess, að

jarðvöðull komi hjer að miklu gagni, þegar meiri reynsla fæst, eins fyrir því, þótt nokkur óhöpp hafi komið hjer fyrir við fyrstu tilraunir.

Jeg vil nú benda háttv. þm. Dala. á það, að einn maður eystra, sem hann mun þó að nokkru meta, síra Magnús Blöndal í Vallanesi, hefir unnið kappsamlegar en nokkur annar að jarðvöðulskaupum til Austurlands. En hann er allra manna þar, og þótt víðar sje leitað, skygnastur á alt, sem að jarðrækt og búnaði lýtur. Jeg bendi á þetta af því, að jeg hygg, að mönnum sje kunnugt, að hann er fremri og athugulli en flestir aðrir um þessa hluti. Kaup á jarðvöðli eystra eru fyrst og fremst komin undir Búnaðarsambandi Austurlands, hvort það vill ráðast í kaupin. En það mun haga sjer eftir reynslu þeirri, sem fæst um hina vjelplógana nú á næsta sumri. Í öðru lagi munu slík kaup mjög fara eftir því, hvernig fer um ræktunarlagafrv., það, sem fyrir þinginu liggur. En einnig mun árferði og afkoma ráða hjer miklu. Verði reynslan góð, má búast við, að Búnaðarsamband Austurlands ráðist í framkvæmdir, en ekki ella.

Jeg tel því hættulaust, að lánsheimildin standi í fjárlögunum; hún eyðir þar engu. En þm. Dala. þarf Búnaðarsamband Austurlands ekki að nota fyrir ráðgjafa.

Þá kem jeg að c-lið brtt., um 25 þús. króna lánsheimild til viðbótarbyggingar skólans á Nesi í Norðfirði. Jeg var svo lánsamur, að háttv. þm. Dala. (BJ) mælti einnig á móti þessu, og sagði það þó ekki vera af *mannvonsku*. Má vera, en það mun því síður hafa verið af góðvild. En fyrst háttv. deild var svo sanngjörn í gær að veita dálítinn styrk til skólans, styrk, sem þm. (BJ) mælti einnig á móti, þótt ekki væri nema um 6000 krónur, þá treysti jeg því, að hún ljái einnig þessu fylgi sitt. Þetta er aðeins nokkur hluti þess, sem þarf til að koma upp þessari byggingu — líklega tæpur helmingur. Háttv. þm. Dala. bygði mótmæli sín gegn þessari lánsheimild á því, að ríkissjóði væri hætta búin af svona fordæmi, því að margir mundu á eftir koma. Það er dálítið óvenjulegt að heyra þennan háttv. þm. tala um fordæmi af þessu tægi. Hann mun með tillögum sínum fyr og síðar hafa skapað urmul slíkra fordæma.

Jeg þykist ekki hafa verið ógætinn í fjárkröfum fyrir mitt hjerað, en mjer finst reyndar skylt að líta á það, að hjer á í hlut stærsta kauptún austanlands og fjölmennasta þorp í þeim landshluta, og að það má teljast nær skólalaust, eða rjettara sagt, miklu ver sett um þessa hluti en flest öll önnur kauptún og bæir. Þetta kauptún hefir setið hjá og beðið mörg ár, á meðan ríkissjóður hefir fullnægt kröfum og þörfum annara, og á nú alls ekki að gjalda þess, að svo hefir verið um tíma, sakir kyrstöðu í skólabyggingum. Hjer er heldur ekki um neina hættu eða útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð. Hjer er aðeins um lán að ræða, og svo er hamingjunni fyrir að þakka, að kauptún þetta er líklegt til að geta valdið þessu láni auðveldlega. Hins vegar er byggingarstyrkurinn, sem háttv. þingd. veitti í gær til skólans, svo lítill, að líklega nemur aðeins $^1/_{10}$ af byggingarkostnaði, móts við $^1/_3$, sem venjulega hefir verið veitt til slíkra bygginga. Vænti jeg, að háttv. deild styðji þessa ósk og geri ekki ókleift að koma upp byggingunni, með því að neita um lánið. Það væri fullkomið ósamræmi við niðurstöðurnar frá í gær.

Jeg hefði að sjálfsögðu, eins og aðrir, getað minst hjer á brtt. nefndarinnar,

og hafði líka hugsað mjer það, en dagur er að kvöldi kominn, svo að jeg verð að takmarka mig um þetta og fella margt niður, sem jeg vildi sagt hafa. Hæstv. atvrh. (KlJ) gat þess, að lánsheimildir þessar, sem farið væri fram á, væru þýðingarlitlar, vegna fjárskorts, og að ýmsum eldri heimildum væri ófullnægt. Jeg skil það vel og veit, að margar af þessum lánsheimildum koma aldrei til framkvæmda eða verða notaðar, vegna þess, að ekki verður fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir þeim; t. d. um fjárframlög á móti þeim, eða þvílíkt. En þau lán þyngja þá heldur ekki á viðlagasjóðnum.

Undanfarið hefir sá fyrirvari verið hafður í fjárlögunum, að lánin veittust, ef fje væri fyrir hendi. Þeim fyrirvara er nú slept. En þá verður væntanlega að líta svo á, að stjórnin meti lánin eftir þörf og áreiðanleik lánþega. Og við það mat vil jeg í þessu tilfelli sætta mig, ef til kemur.

Þá var það till. á þskj. 330, sem ástæða væri til að minnast á, en jeg ætla að fresta því um stund og minnast á annað.

Einhver háttv. þingdeildarmaður taldi skinnasútunarverksmiðju þá vafasamt fyrirtæki, sem fjárveitinganefnd leggur til, að ríkissjóður styrki með fje og ábyrgð, nærri því eins miklu og jeg bið um til klæðaverksmiðju á Austurlandi. Jeg verð að taka í sama streng og álíta það fyrirtæki vafasamara en ullariðju.

Nokkur reynsla er þegar fengin fyrir loðskinnasútun hjer á landi, í Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði. Og þó að sútun loðskinna framan af virtist gefa nokkurn árangur, þá eru horfur um markað þeirra skinna engan veginn glæsilegar nú. Ef þetta væri eins álitlegur iðnaður og talað hefir verið um hjer í umræðunum, þá yrði hann að byggjast á annarskonar skinnavöru, einkum sútun lambskinna, og svo þeirri meðferð skinnanna yfirleitt, að nota mætti þau til fíngerðari smávarnings.

Enn sem komið er virðist ómögulegt að segja, hverjar líkur eru fyrir markaði þvílíkrar skinnavöru, og mjög óvarlegt er að byggja á því, að hann sje þegar til og viss. Þess vegna álít jeg nokkuð djarft að kasta miklu fje úr ríkissjóði, bæði sem styrk og láni, til fyrirtækja, sem eigi eru meira þekt og reynd. Það má vel vera, að súta megi skinn á þennan hátt og að fyrirtækið verði arðvænlegt; en jeg tel allsendis óviðeigandi að halda því fram, að þetta sje ábyggilegt eða trygt meðan alla reynslu vantar, og að betra sje að verja fje í það en ullarverksmiðju. Ef jeg ætti fje fyrirliggjandi, mundi jeg telja það tryggara í ullariðjufyrirtæki en í sútunarverksmiðju.

Jeg skal ekki þreyta háttv. deildarmenn með lengri ræðu, en vil þó aðeins bæta því við, út af till. á þskj. 330, að ef háttv. flm. (EE) vill lýsa því yfir, að þessi upphæð, sem þar er tiltekin, geti fallið til hvaða ullariðjustofnunar sem væri og stjórnin mælti með og sæi um að fullnægði þeim skilyrðum, sem hún mundi setja, þá gæti það, ef til vill, leitt til þess, að jeg fjelli frá ósk minni um lánsheimild handa verksmiðju á Austurlandi. Háttv. flm. (EE) virðist að vísu hugsa sjer fjárveitinguna í sambandi við allsherjarfyrirtæki það, sem ullariðjunefndin telur álitlegast. En tillagan er þannig orðuð, að hún getur alveg eins átt við ullariðjustofnun þá sem jeg hefi fyrir augum. En jeg er áður

búinn að láta í ljósi álit mitt á slíkri allsherjarstofnun, sem nefndin heldur fram, og tel engar líkur til, að hún komist í framkvæmd fyrst um sinn.

Háttv. þm. Dala. (BJ) var í ræðulokin að þakka öllum þingdeildarmönnum fyrir stuðning við brtt. hans í gær, og tek jeg það líka að sjálfsögðu til mín. *(BJ*: Sjálfsagt). Jeg dáist að þessari þakklátssemi hans og vil í viðurkenningarskyni láta þess getið, að jeg mun ekki síður styðja brtt. hans, þær sem eftir eru; það er að segja, þær sem jeg get skoðana minna vegna fallist á. En reyndar feldi nú deildin flestar till. hans í gærkveldi.

Bjarni Jónsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs að þessu sinni fyrir þá sök, að jeg hafði gleymt í ræðu minni áðan brtt. á þskj. 292,X, frá hæstv. atvinnumálaráðherra, um að hækka fjárveitinguna, sem ætluð er til þess að leita nýrra markaða fyrir fiskafurðir vorar. Þessari till. hæstv. atvrh. vil jeg sjerstaklega mæla með; það ætti alls ekki að lækka þessa fjárveitingu aftur, heldur miklu fremur að hækka hana enn meir. Þetta ætti í rauninni að vera áætlunarupphæð, sem ekkert gerði til, þótt talsvert færi fram úr áætlun. Hjer eiga sæti á þingi nokkrir útgerðarmenn, og vita þeir gerst, hversu þetta er þýðingarmikið fyrir þennan atvinnuveg; kemur það og hart niður á öllum öðrum, sem aðra atvinnu stunda, t. d. bændunum, ef þessum atvinnuvegi hlekkist eitthvað verulega á.

Þó nú sje sendur maður til annarar heimsálfu, getur hann ekki gert alt, sem gera þarf, og eins mætti leita víðar en gert hefir verið. Væri t. d. sendur maður suður til Grikklands, er alllíklegt, að þar mætti fá mikinn markað fyrir fisk. Var þetta og á góðum vegi hjer á árunum, nokkru áður en ófriðurinn mikli hófst. Þá var nokkuð af fiski hjeðan selt þangað; en þetta varð alt að engu, þegar stríðið skall á. Síldarmarkaður vor er nær einvörðungu bundinn við eitt einasta land, Svíþjóð, og getur því aldrei orðið tryggur fyrir oss fyr en búið er að útvega nýja og eins góða markaði fyrir íslenska síld annarsstaðar. Blasir þá beint við oss að reyna einmitt fyrir oss að koma út íslenskri síld í þeim löndum, þar sem Svíar sjálfir selja sína síld, löndunum austan Eystrasalts, og þá sjer í lagi í Rússlandi. Það er næstum lífsskilyrði fyrir íslenska síldarútgerð að reyna að útvega þar markað fyrir síldina. Rússland er mikið land og gæti eflaust látið oss mikið í tje í staðinn, hvort heldur vjer seldum við gulli eða t. d. því, sem gulli er betra, korni. Gætu menn með þessu móti trygt síldarmarkaðinn, væri íslenskri síldarútgerð algerlega borgið.

Jeg vil í þessu sambandi ekki láta ónefndan þann mann, sem fyrstur vakti máls á þessu, en það var Ólafur Friðriksson, sem skrifaði í blað sitt um verslunarsambönd við Rússa, og flutti hann þar rjett mál. Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) flytur, eins og mönnum mun kunnugt, þingsályktunartillögu um þetta efni, og gæti það orðið oss til mikils hags, ef menn vildu sinna þessu. Þarna má og fá ýmsar vörur í staðinn, sem ekki er annarsstaðar að fá, eða með miklu betra verði.

Jeg vil taka það fram um þessa viðleitni vora að finna nýja markaði, að þetta er aðeins byrjunin, og verður því þessi fjárveiting að standa áfram næstu árin. Fleiri

staði mætti enn nefna, sem líklegt væri, að fá mætti markað fyrir afurðir þessar, og væri þá útgerðin enn þá tryggari. Þessi atvinnuvegur útheimtir miklu meira fjármagn til rekstrarins en aðrir atvinnuvegir vorir, og hefir það því alvarlegri afleiðingar fyrir oss, ef út af ber á þessu sviði. Vildi jeg því gjarnan kjósa þessa upphæð enn þá hærri vegna nauðsynarinnar að tryggja þennan atvinnuveg, og styð því þessa till. hæstv. atvrh. Enda er hún lítil upphæð á móts við það, sem mörg lönd og borgir verja til útgáfu bóka, með myndum og ýmiskonar upplýsingum um atvinnuvegi þeirra, á mörgum tungumálum, og er þessu dreift ókeypis út, til að útbreiða þekkingu á vörum, sem þar eru á boðstólum. Þegar jeg kom til Gautaborgar, barst mjer stóreflis bunki af þessum bókum á allra landa málum. Er það trú manna þar, að Gautaborg hafi grætt stórfje á þessu. Þó að nú Íslendingar gerðu eigi eins, mætti þó eitthvað gera í þessa átt, og þau útgjöld yrðu að takast af þessum lið; og það vil jeg segja þeim háttv. þm., sem kann að þykja till. hæstv. atvrh. of há, að þetta verður að vera áætlunarupphæð og á að fara fram úr áætlun, ef þörf er á. Það var þetta, sem jeg hafði gleymt að tala um, og þó að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) beindi til mín nokkrum velvildarorðum, hefði jeg ekki látið þá Sirenu hafa áhrif á mig; en úr því að jeg er nú staðinn upp, ætla jeg að víkja til hans nokkrum orðum. Hann var að þakka mjer fyrir, að jeg hefði stutt hans tillögur. Eru það engin undur, ef hann hefir flutt einhvern tíma rjett mál, og hafa honum eflaust þótt góð rök mín fyrir máli sínu. En svo telur hans almætti sig geta staðið upp á eftir og lýst yfir ágæti þeirra. En jeg þykist vita, að þessi ræða háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) eigi aðeins að vera undirbúningsræða undir næstu kosningar, því með því geta kjósendur þar eystra lesið, hve vel hann hefir haldið til haga hagsmunum fjórðungsveldisins, og hvílíkur garpur hann er á þingi að sjá borgið hagsmunum landsins, þótt undan sjeu skildir Sunnlendinga-, Vestfirðinga- og Norðlendingafjórðungar. Ætlar hann sjer nú að ljóma þar austur frá fyrir það, sem hann veittist að mjer og Álafossverksmiðjunni. Dró hann þá ályktun af því, að eigandi hennar á nú erfitt um fjárhag, að fyrirtækið væri á fallandi fæti. En Álafossverksmiðjan mun vera það eina, sem hefir borið sig af fyrirtækjum eiganda hennar. Hv. þm. (SvÓ) gerðist nú svo skarpskygn, að hann þóttist geta sjeð í gegnum ræðu mína, að það, sem fyrir mjer vekti með tillögunni um lánveitinguna til klæðskerans, væri það, að hjálpa Íslandsbanka. Er þetta svo spaklegt, að vert er, að eftir því sje tekið. Fyrst á nú allur minn hagur að standa á því, hvort Íslandsbanki tapar nokkrum krónum eða ekki, og til þess að koma í veg fyrir það, að bankinn tapi, fer jeg þessa krókaleið. Er þetta svo viturlega hugsað hjá háttv. þm., að ætla mætti, að Njáll hefði flutt sig úr Rangárvallasýslunni og sest að austur á fjörðum. Jeg vil því hressa háttv. þm. (SvÓ) með því, að nokkrir af háttv. þdm. hafa tjáð mjer, að þeir væru fylgjandi þessari till. minni, og mun háttv. þm. ekki geta talið suma þeirra óspara á landsfje. Hirði jeg ekki að nefna nöfn þeirra nú, en vona, að háttv. þm. fái að sjá það við atkvæðagreiðsluna. Þá kem jeg að því, hve mikill sparnaðarmaður þessi háttv. þm. er. Fer hann fyrst fram á, að veittar verði 200 þúsund krónur til glæfraverksmiðju á Reyðarfirði, sem ekki einungis er alveg óþörf, heldur einnig stórkostlegt fjárhættufyrirtæki. Þá vill þessi röksemdajarðýðull fá 45000 krónur til búnaðarsambanda,

til þess að kaupa fyrir vjelplóg. Var það eitt af því kringilegasta, sem fram kom í ræðu hans, er hann nefndi Magnús bróður minn í því sambandi. Að vísu var það rjett gert af honum og hyggilega að vísa til sjer betri manns. Veit jeg vel, að þótt Magnús bróðir minn yrði einna fyrstur manna hjer til þess að benda á nauðsynina til að fá þessa plóga og aðrar jarðræktarvjelar inn í landið, þá myndi hann nú leggja á móti slíkum kaupum, þar sem tveir plógar eru fyrir, sem fullnægt geta þörfunum. (*BH*: Þá er hann nýbúinn að skifta um skoðun). Þótt þessi háttv. þm., sem innskotið gerði, ætli sjer að ganga í lið með háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þá mun honum sóknin því ver ganga, sem fleiri slíkir viðbætast.

Auk þess er það ekki nein smáræðisfúlga, sem þessi mentafrömuður þeirra Austfirðinganna ætlar sjer að veita til barnaskólabyggingar á Nesi í Norðfirði. Á ríkið að lána til þessa eina smáskóla 25000 krónur. Jeg veit ekki, hversu mörg þorp eru til á öllu landinu, en ekki mun ofreiknað, þótt þau sjeu talin 50. Yrði þá fjeð, sem ríkið þyrfti að lána til barnaskólabygginga í þeim 1250000 krónur, ef öll ættu að njóta jafnrjettis við þetta þorp, sem lagt er til, að lánið fái. Þegar við þetta bætist jarðvöðulslánið og ullarflókarnir, nemur það samtals hálfri annari miljón, sem þessi sparnaðarmaður ætlar sjer að krækja í úr landssjóði. Auk þess vill hann láta ríkið veita þessum barnaskóla 6000 króna beinan styrk. Yrði það þá 300000 krónur, sem ríkið ætti að veita beinlínis til barnaskóla í sjávarþorpum. Má segja, að þetta sje spaklega haldið á landssjóðsfje: Allar fjárveitingarnar óþarfar, og flestar beint skaðlegar atvinnuvegunum.

En það er meira blóð í kúnni, því svo spyr háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) háttv. 1. þm. Árn. (EE) að því, hvort hann vilji nú ekki líka fá sjer þessar 180000 kr., sem sá háttv. þm. fer fram á til verksmiðju hjer á Suðurlandi. Ætlar hann sjer að bæta henni við þá litlu fjárhæð, sem hann áður var búinn að sækja um. Óska jeg, að háttv. þm. nýtist vel þessi ræða og áhrif hennar á landsfólkið, og get jeg mjer til, að frægð hans verði eigi lítil, þegar upp er staðið.

Að svo mæltu slæ jeg botn í þetta, en læt þó um mælt, að enda þótt jeg hafi ekki lesið nál., þá er það ætlun mín, að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hafi rangfært það mjög, er hann tilfærði úr því í ræðu sinni, og það þá vísvitandi. Mun hann hafa ætlast til, að við, sem ekki höfðum lesið nál., ætluðum að þetta væri skoðun nefndarinnar. Vona jeg, að einhver úr háttv. fjvn. verði til að lagfæra þetta.

Þorsteinn Jónsson: Jeg hefi ekki komið fram með neinar brtt. til nýrra fjárveitinga við fjárlagafrv. Jeg bjóst við, að háttv. þm. mundu láta sjer hægt með að koma fram með slíkar tillögur, en önnur hefir þó reyndin á orðið, og eru nú þegar margar af slíkum fjárveitingatillögum samþyktar til 3. umr. Jeg sje mjer því ekki annað fært en að koma með brtt. við 3. umr., þar sem jeg fer fram á fjárveitingar, sem eru fult eins rjettmætar og margt af því, sem nú þegar hefir verið samþykt.

Jeg þarf ekki að bæta miklu við þær umræður, sem orðnar eru um fjárlögin og brtt. þær, sem fram hafa komið við þau. Þó ætla jeg mjer að minnast á nokkur atriði.

Það er þá fyrst tillaga um styrk til fyrverandi barnakennara Árna Theódórs Pjet-

urssonar, 500 kr. á ári, uns hann fær einhvern starfa aftur hjá stjórninni. Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, sendi þessi maður til síðasta þings kvörtun yfir því, að hann hefði orðið hart úti af völdum stjórnarinnar, þar sem honum hefði ekki verið veitt kennarastaða, er hann hafði gegnt um 25 ára skeið. Hæstv. stjórn rannsakaði málið, og kom það nú fyrir fjvn., sem sendi það svo mentamálanefnd til umsagnar. Athugaði mentmn. málið og lagði til, að Árna yrðu veittar þessar 500 krónur. Ástæðurnar til þess voru þær, að hann var búinn að vera kennari við lítil laun í hálfan þriðja áratug og hafði slitið kröftum sínum við það starf. Er því ljóst, að hann hefir haft talsverðan áhuga fyrir því starfi. Annað mál er það, að deilt hefir verið um, hversu heppilegur kennari hann hefir verið, og hafa margir sett út á hann. Hefir hann verið óreglumaður, sjerstaklega á síðari árum, og er það af þeim orsökum, að hæstv. fyrverandi stjórn veitti honum ekki þennan starfa aftur, enda góður maður, sem sótti á móti honum. Er það ljóst af skjölum þeim, er fyrir liggja, að hæstv. fyrverandi stjórn hefir ekki beitt hann neinum órjetti, þar sem satt mun vera um óreglu hans. Stjórnin verður að fara varlega í það að veita óreglumönnum störf. Segja má nú ef til vill, að þessi maður sje ekki verri en margir aðrir, sem í embættum sitja, en því er engin bót mælandi fyrir því. Orsakirnar til þess, að nefndin mælir með styrkveitingunni, eru eingöngu vegna þess, hve lengi maður þessi hefir gegnt starfinu, eins og jeg hefi áður tekið fram.

Háttv. fjvn. orðar þannig tillögu sína, að hann haldi styrknum, uns stjórnin veitir honum starfann aftur, eða annan sviparðan. Lítur því svo út, sem hv. fjvn. hafi álitið, að stjórnin hafi ekki gert rjett, er hún veitti Árna ekki stöðuna. Sje svo, að hv. nefnd álíti þetta, er það alls ekki rjett hjá henni. Fyrir því ætla jeg mjer að bera fram tillögu um, að hann fái að njóta þessa 500 kr. styrks alla æfi. Jeg vil ekki, að nokkur stjórn fái ámæli af því, að hún vill ekki setja óreglumann í embætti. Jeg get líka tekið það fram, að Árni Th. Pjetursson mun tæplega geta tekið að sjer kenslu framvegis, sökum sjóndepru. Er mjer kunnugt um, að hann varð nýlega að láta af oddvitastörfum af þeim orsökum, og mun því alls ekki rjett, af þeirri ástæðu, að veita honum kennarastöðuna aftur. Vona jeg því, af þeim ástæðum, sem jeg hefi talið, að brtt. mín verði samþykt.

Þá vil jeg minnast á brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) við 21. gr. fjárlaganna. Er þá fyrst lán til stofnunar klæðaverksmiðju á Reyðarfirði. Er mjer persónulega kunnugt um, að mjög mikill áhugi er fyrir þessu þar eystra. Er líka Fljótsdalshjerað eitt besta fjárræktarhjerað landsins, og ætti öllum að vera ljóst, hve mikill gróði það væri landinu, að öll ull þaðan væri unnin hjer, en væri ekki send út ósunnin, sem verið hefir. Finst mjer líka, að ef þeir þar eystra geta safnað saman 400000 krónum til þessa fyrirtækis, þá lýsi það svo miklum áhuga, að Alþingi standi sig ekki við að neita um lánið. Það hefir verið deilt um staðinn, þar sem verksmiðjan ætti að vera. Fyrir mjer er það ekki neitt aðalatriði, en jeg álít heppilegra, að Alþingi fari ekki að staðbinda það, hvar verksmiðjan eigi að vera. Best að Austfirðingar ráði því sjálfir. Jeg ætla, að ef sundurlyndi mikið yrði út af því, væri ekki úr því bætt með því að ákveða staðinn í lögunum. Það yrði fremur til að blása í eldinn. Við þingmenn N.-M. munum því koma með brtt. við 3. umr., um að

í stað „á Reyðarfirði“ komi „á Austurlandi“, en samþykkjum liðinn eins og hann er til 3. umr.

Þá er næsti liður, um lán til Búnaðarsambands Austurlands, til þess að kaupa jarðvöðul. Er þetta alveg í samræmi við það, sem áður hefir gert verið. Þingið hefir veitt lán til tveggja slíkra vjela áður, og hlaut Norðlendingafjórðungur aðra. Hefir þingið með þessu gengið inn á þá braut að veita lán til kaupa á slíku verkfæri í hvern fjórðung. Er brýn þörf á því, að bændur fái lán til verkfærakaupa.

Þá er seinasta brtt., um 25000 króna lán til byggingar barnaskólahúss á Norðfirði. Mig undrar, að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) skuli koma með till. í þessu formi, því hún fer vissulega alt of hógværlega í sakirnar. Áður, meðan barnakensla var talin nauðsynleg, var það venja þingsins að veita styrk til skólahúsbygginga minst ⅓ hluta. Þar sem gert er ráð fyrir, að þetta hús muni kosta 50—60 þús. kr., þá hefði ríkissjóður átt að veita 17—20 þús. kr. styrk til byggingarinnar. Enda þótt minni upphæðir hafi þurft áður til að byggja hús, þá hafa þau hækkað í verði sem annað, svo að nú verður að veita hærri styrk en áður, ef í samræmi á að vera.

Hv. þingmaður Dala. (BJ) taldi, að ef þetta lán yrði veitt og eins styrkurinn til sama skóla, þá yrði ríkið að gefa 300000 kr. og veita 1¼ miljón kr. lán til annara landshluta til samskonar bygginga. Vildi hann á þennan hátt gera lánið ægilegt í augum háttv. þdm. Ætla jeg, að margar þær fjárveitingar, sem háttv. þm. Dala. (BJ) hefir barist fyrir fyr eða síðar, sjeu óþarfari. Hann gerði ráð fyrir 50 þorpum, er samskonar skóla þyrftu að byggja. En Norðfjörður er stærsta þorp hjer á landi nú, er ekki hefir bæjarrjettindi. Hefir það vaxið meira nú á síðari árum en flest kauptún önnur, og er því mikil þörf á þessu láni. Við þennan útreikning þingmannsins er það og að athuga, að mörg þorp landsins hafa þegar nægilega stór barnaskólahús. Get jeg ekki ímyndað mjer, að þingið fari að fella svo hógværa tillögu.

Magnús Kristjánsson: Það er 18. brtt. á þskj. 292, sem jeg ætlaði að fara nokkrum orðum um. Eins og mönnum er kunnugt, hefir aðstreymi til kaupstaða og kauptúna aukist mjög á síðustu árum, og það svo, að til vandræða horfir. Hefir af því leitt atvinnuskort í kaupstöðunum á veturna, en skort á vinnukrafti í sveitum. Er nú fyrst spurning um, hvort Alþingi álíti, að því beri skylda til að reyna að ráða bót á þessu ástandi, og ef svo er, verður að athuga, hver ráð sjeu líklegust til þess. Jeg geri ráð fyrir, að þýðingarlaust sje að gera sjer von um að beina straumnum í rjettan farveg og að fólkið snúi aftur — það á víst ekki við að segja til jarðarinnar, en þá til sveitanna. En þá virðist mjer mjög mikilsvert, ef unt er að gera ráðstafanir til að hjálpa fólki, sem þegar hefir safnast saman á þessum stöðum, til að bjarga sjer á sómasamlegan hátt. Líklegasta leiðin er, að sem flestir geti átt ráð yfir jarðspildu til ræktunar, þar sem garðrækt og grasrækt gæti þrifist. Svo sem kunnugt er, hefir áður staðið í fjárlögunum lítilsháttar upphæð í þessu skyni, en hún er svo hverfandi lítil, að óhætt er að segja, að hún hefir ekki komið að neinu gagni, svo teljandi sje. Því höfum við hv. 2. þm. Reykv. (JB) borið fram þessa brtt., svo að þessi fjárveiting gæti komið að einhverjum notum, þótt hún sje mikils til of lág.

Það þarf ekki að útlista, hver ávinningur yrði af því, ef slík jarðrækt gæti

aukist og orðið nokkuð almenn. Það hefir komið í ljós, að þau kauptún, sem best standa að vígi í þessu efni, eru sjálfbjarga öðrum fremur. Öllum mönnum er ljóst, að mörg eru þau heimili, sem ekkert hafa að treysta á nema eins manns vinnu, og er það valtur grundvöllur til að tryggja afkomu heillar fjölskyldu. En þar sem menn hafa komið sjer fyrir á þann hátt að eiga ræktaða landspildu, geta þeir betur bjargast, ef veikindi eða önnur óhöpp tefja þá frá vinnu. Þetta er ofurskiljanlegt, þegar þess er gætt, að einmitt kvenfólk og unglingar geta int af höndum mikið starf í þessu skyni. Og enn fremur geta heimilisfeður að jafnaði lagt talsverða vinnu í þetta, sjer að kostnaðarlausu, í frístundum sínum eða þegar önnur vinna fæst ekki. Jeg hefi hugsað mjer, að væri alment litið svo á, að hjer væri leið til að bæta úr þessu ástandi, ættu bæjar- og sveitarfjelög að vera svo víðsýn, að þau tækju að sjer að undirbúa landið, brjóta það og jafna, en leigðu síðan með aðgengilegum kjörum þeim mönnum, sem treystandi væri til að rækta það til fulls.

En þó að þessum skilyrðum sje fullnægt, vantar enn fje til girðinga og áburðarkaupa. Þess er ekki að vænta, að bláfátækir menn geti lagt meira af mörkum en vinnu sína. Mönnum kann nú að þykja, að hjer sje gert æðistórt stökk, þar sem farið er fram á að veita í þessu skyni allmiklu hærri upphæð en áður. En við nánari athugun býst jeg við, að það komi í ljós, að upphæðin sje fremur of lág en of há. Einungis 25 heimili yrðu þessarar hjálpar aðnjótandi á ári hverju, og kæmu þó ekki nema 800 kr. á hvert. Jeg get ekki sjeð, að upphæð sú, sem stendur nú í fjárlögunum, sje til nokkurs gagns. Mætti segja, að eins gott væri að afnema hana með öllu, ef menn geta ekki fallist á að breyta til í þá átt, sem till. okkar fer fram á. Jeg get búist við þeim mótmælum, að þessi litla upphæð, sem hefir verið heimiluð hingað til, hafi ekki verið notuð öll, en jeg get geymt mjer að svara þessu, þangað til sú mótbára kemur fram.

Jeg býst við, að öllum komi saman um, að fjárlagaumræður sjeu nauðaleiðinlegar, og mun það koma til af því, að menn vaða úr einu í annað og grípa niður á óskyldum efnum. Svo fer fyrir mjer, að jeg verð að snúa mjer að öðru atriði, sem er lítilvægt að vísu, en því smáa verður að sinna jafnt sem því stóra.

Það er 87. brtt. fjvn., um 200 kr. styrk til Guðmundar Jónssonar, fyrrum bæjarpósts á Akureyri, sem jeg vildi víkja nokkrum orðum að. Hæstv atvrh. (KlJ) hefir þegar lagt þessari brtt. liðsyrði, en jeg verð að segja, að jeg hafði búist við, að hann myndi ef til vill kveða dálítið fastar að orði en hann gerði. Jeg býst við, að þetta stafi af því, að hann hafi ekki næga kunnugleika á þessum manni, enda setti hann þetta í samband við annað atriði, er jeg vil minnast lítillega á.

Hæstv. atvinnumálaráðherra gerði þá almennu athugasemd, að hann væri því mótfallinn, að póstar fengju eftirlaun eða ellistyrk. Það er sjálfsagt rjett, að ekki mætti gera það að undantekningarlausri reglu. En hins vegar verð jeg að halda því fram, að eigi nokkrir starfsmenn landsins með rjettu heimtingu á, að þeim sje sjeð fyrir nauðsynlegum framfærslustyrk á elliárunum, þá eru það einmitt póstarnir. Það er hvorttveggja, að venjulega eru laun þeirra lítil, og erfiðara starf er varla hægt að hugsa sjer, ef það er vel rækt og samviskusamlega. Það er gagnslaust fyrir póstana að líta til veðurs á morgnana eða gæta að loftvoginni, til þess að sjá, hvernig muni viðra; þeir verða að

fara út og halda ferð sinni áfram, hvernig sem veður er, og leggja oft líf og heilsu í hættu. Þessir menn eru því venjulega útslitnir miðaldra. Jeg verð þess vegna að halda því fram, að þegar menn hafa þjónað þessu starfi í tugi ára, eru hnignir á efri aldur og geta ekki gegnt því lengur, beri ríkinu bein skylda til að sjá þeim fyrir sómasamlegri framfærslu á elliárunum. Inn á þessa braut hefir nokkuð verið gengið að undanförnu, en upphæðirnar eru svo smánarlega litlar, að þær koma að litlu sem engu gagni.

Þá skal jeg víkja að umtalsefninu, en það var till. um 200 kr. styrk til Guðmundar Jónssonar, fyrrum bæjarpósts á Akureyri. Hann hefir gegnt þessu starfi yfir 20 ár og hafði að byrjunarlaunum 200—300 kr., að jeg ætla. Starf þetta óx með ári hverju, en launin hækkuðu lítið. Eftir mörg ár komust þau upp í 600 kr., og þar við sat lengi, og loks hafði hann 1200 kr. laun síðustu árin, sem hann gegndi starfinu. Það er sannanlegt, að starf þetta var svo umfangsmikið, að hann gat enga aðra atvinnu stundað jafnframt. En vegna þess, hve mikil sultarlaun hann hafði framan af, var hann farinn að sætta sig við þau laun, er hann hafði síðar. Þessu starfi hefir hann gegnt mikinn hluta ævi sinnar með stakri trúmensku og árvekni, verið vakinn og sofinn í því, enda nýtur hann almennrar virðingar norður þar. Má kveða svo að orði, að hann hafi gengið sig upp að knjám í starfinu. Honum vildi það óhapp til, að hann misti heilsuna, og leitar hann því nú til þingsins hjálparþurfi. Það er svo um þessa menn, er hafa slitið sjer út í þjónustu hins opinbera, eru hnignir á efri aldur, efnalausir og heilsulausir, að fyrir þeim liggur oft ekki annað en sjálfsmorð eða sveitin, og geri jeg ráð fyrir, að margir sjeu svo skapi farnir, að þeir taki heldur fyrra kostinn. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þennan styrk. Hjer er um svo afarlitla upphæð að ræða, að jeg trúi því ekki, að nokkur sýni þá smámunasemi að leggjast á móti þessu.

Hjer hefir verið rætt um smávægilegar styrkveitingar til nokkurra fjelaga, í því skyni að efla viðkynningu og samstarf milli vor og nágrannaþjóðanna. Jeg á hjer við styrkina til Dansk-islandsk Samfund, Norræna fjelagsins og Dansk Kunstflidsforening. Jeg skal taka það strax fram, að jeg álít alveg sjálfsagt, að þessar upphæðir fái að haldast eins og þær eru í fjárlagafrv. Mig furðar því stórlega á, að hv. fjvn. skuli bera fram till. um að fella niður tvær af þessum styrkveitingum. Jeg get ekki sjeð neinar ástæður fyrir því. Þegar um svo litlar upphæðir er að ræða, sje jeg ekki, að þær geti haft nokkur áhrif á fjárhagsástandið, en hins vegar eru þessar fjárveitingar lítill kurteisisvottur og gagn komið þeim, sem þeirra eiga að njóta, að miklu liði. En í sambandi við þetta vil jeg rifja upp fyrir mjer eitt atriði, sem kom fyrir á síðasta þingi. Jeg veit ekki, hvort á að kalla það mistök — það væri víst kveðið of freklega að orði að kalla það hneyksli — þegar þingið feldi styrkveitingu til fjelagsins Íslendings, er vinnur að því að efla samstarf milli Vestur-Íslendinga og þeirra, sem hjer heima sitja. Þar sem jeg er þeirrar skoðunar, að rjett sje að styrkja þau fjelög, sem jeg nefndi áður, þá tel jeg enn æskilegra og nauðsynlegra að styrkja þetta fjelag. Jeg vil leyfa mjer að beina þeim ummælum til fjvn., að að hún taki þetta til íhugunar. Ef þetta óhappaverk, er unnið var í þinginu í fyrra, hefir ekki orðið til að kyrkja þetta fjelag í fæðingunni, tel jeg sjálfsagt að gera yfirbót og veita því ekki lægri styrk en það

fór þá fram á. Jeg vænti fastlega, að hv. fjvn. verði við þessum tilmælum, og ef hún ber fram brtt. í þessa átt, tel jeg víst, að hv. þm. hafi áttað sig svo á málinu, að þeir sjái, að afdrif þess á síðasta þingi voru harla óheppileg og þinginu til lítils vegsauka.

Stefán Stefánsson: Jeg á 2 brtt. við þennan kafla, og víkur því svo undarlega við, að jeg býst við að taka þær báðar aftur, og geri jeg það því hjer með. Fyrri brtt. er á þskj. 292,XIII, um fjárveitingu til Siglufjarðarbryggju. Jeg hefi minst á það við háttv. form. og frsm. fjvn., hvort nefndin sje ekki fáanleg til að taka þetta mál enn betur til athugunar, í sambandi við þær tvær bryggjur, sem fjvn. hefir nú tekið aftur brtt. sínar um. Jeg tek því þessa till. aftur í þeirri von, að það ráðist svo, að jeg hafi hv. fjvn. með henni en eigi móti við 3. umr.

Önnur brtt. er á sama þskj., tölul. XV, um sjóvarnargarðinn á Siglufirði. Jeg þarf heldur ekki að ræða um þetta atriði, enda hafa háttv. deildarmenn áður heyrt, hvernig því máli horfir við. Þar sem hæstv. stjórn hefir nú tekið þennan lið upp í fjáraukalagafrv. fyrir 1923, er hún leggur fyrir þingið, er það fremur verk hæstv. stjórnar heldur en mitt að berjast fyrir þessu máli.

Jeg vildi þá minnast á 2 brtt. hv. fjvn. Hin fyrri er nr. 82,XI. á þskj. 254, um 500 kr. styrk til Sæmundar Sæmundssonar, til viðurkenningar fyrir mannbjörg úr sjávarháska. Jeg vil leyfa mjer að mælast til, að hv. deild leggi þessari till. liðsinni. Mjer er það í minni, þegar þessi alkunni eyfirski sjógarpur kom langar leiðir norðan úr Íshafi með 12 manna skipshöfn, sem talið var eða búist við, að farist hefði, inn á Eyjafjörð. Jeg man eftir þeirri gleði og þeim fögnuði, er varð um allan Eyjafjörð, þegar það einvalalið kom aftur heilu og höldnu. Þessir menn björguðust einungis fyrir dugnað og framgöngu Sæmundar, og tók hann ekki eyris þóknun fyrir. Þessi maður hefir dvalið allan aldur sinn í Eyjafirði, en er nýfluttur til Ísafjarðar. Skömmu eftir að hann fluttist þangað, vann hann annað þrekvirki, er hann bjargaði 6 mönnum úr sjávarháska. Mig furðar á því, hve lága upphæð hv. fjvn. ætlar þessum gamla garpi. Mjer finst það næsta óviðeigandi, því að þetta getur varla heitið viðurkenning fyrir önnur eins þrekvirki eða happaverk.

Þá er brtt. 89,I d. á þskj. 254, um að heimila stjórninni að ganga í ábyrgð fyrir 50 þús. kr. láni til bræðranna Esphólín, til þess að stofna tunnusmiðju á Siglufirði. Annar þessara bræðra, Hjalti Esphólín, er nýkominn frá Svíþjóð í þessum erindum, og fann hann mig að máli í þingbyrjun. Hafði hann keypt vjelar til verksmiðjunnar í ferðinni og fjekk kjarakaup á þeim. Var talið, að vjelarnar mundu kosta 90 þús. kr., en í kostnaðaráætlun þeirri, sem hann hefir lagt fyrir hv. fjvn., eru þær reiknaðar á 50 þús. kr. En jafnvel þó að vjelarnar fengjust með þessum mikla afslætti, er áætlað, að húsin og allar vjelar kosti alls 180 þús. kr.; er því sýnilega um miklu meiri höfuðstól að ræða en þá litlu lánsupphæð, sem farið er fram á, að ríkið ábyrgist. Þó skildist mjer á þessum manni, að hann teldi sjálfsagt, að ríkið tæki alla eignina að 1. veðrjetti fyrir þessari ábyrgð.

Jeg flutti þetta mál í sjútvn., og veitti meiri hluti hennar því samþykki sitt og sendi það álit sitt ásamt umsókn bræðranna til hv. fjvn. Sú nefnd hefir tekið svo í málið, að hún leggur til, að ríkið ábyrgist 50 þús. kr., en í umsóknarbrjefi

þeirra bræðra var farið fram á, að ríkið tæki ábyrgð á 75 þús. kr. Jeg spurði hr. Esphólín, hve lágri upphæð hann gæti sætt sig við, að tekin væri ábyrgð á. Kvaðst hann verða að sætta sig við, þó ekki væri nema 40—50 þús. kr., en upphæðin mætti þó helst ekki vera lægri en 75 þús. Hjer er því allverulega dregið úr þeirri ábyrgð, sem óskað var eftir.

Til stuðnings því, hve arðvænlegt þetta fyrirtæki er, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr umsókn bræðranna:

„Með því að hafa verksmiðjuna í aðalsíldarstöð landsins þurfa útgerðarmenn ekki að birgja sig upp með tunnur, þar sem verksmiðjan sjálf birgir sig upp með meðalafla fyrir augum, og þar að auki getur hún altaf, ef útlit er fyrir meiri afla, framleitt tunnur svo ört, að veiðin þurfi ekki að stansa.

Það kemur oft fyrir, að þeir, sem eigi hafa af einhverjum ástæðum getað birgt sig upp með nægar tunnur, hafa orðið að selja síldina, oft og einatt útlendingum, sem nægar tunnur höfðu, með óhagkvæmum kjörum. Þetta fyrirbyggist með tunnuverksmiðju á staðnum.

Þegar tunnur eru keyptar frá útlöndum, vita menn vanalega ekkert um gæði tunnanna fyr en kaup eru afgerð og þær komnar til Íslands. En tunnur frá innlendri verksmiðju geta menn hæglega skoðað áður en þeir kaupa. Þetta tryggir gæði tunnanna og þar með síldarinnar.

Það má geta þess, að fyrir utan síldartunnur, sem auðvitað er aðalþáttur starfseminnar, ætlum við einnig að framleiða kjöttunnur eftir þörfum landsmanna.“

Fleiri ástæður nefna þeir, svo sem það, hversu mikill hagur gæti verið fyrir atvinnulítið fólk að njóta þessarar atvinnu að vetrinum til, og sýna fram á í áætlun sinni, að þeir muni greiða 90 þús. kr. í kaup árlega, og helst á þeim tíma, sem annars er um enga atvinnu að gera.

100 þúsund tómar síldartunnur álíta þeir, að þeir geti unnið, og auk þess 30 þús. tómar kjöttunnur á 260 dögum, og það þó með því að vinna aðeins að deginum, eða 10 tíma. Það er með öðrum orðum sýnilegt, að þeir geta með öllu fullnægt tunnuþörf landsmanna. Búast þeir við að geta selt síldartunnuna á 6 kr. En árið sem leið var hún seld á 8—9 krónur. Munar það 2—3 kr. á tunnu. Kjöttunnan kostaði árið sem leið 17—18 krónur, og er búist við, að hana megi nú selja að sama skapi ódýrari. Það er því ekki einasta mikilsvert fyrir sjávarútvegsmenn, að þessi tunnusmiðja sje sett á stofn, heldur og einnig fyrir landbændur. Þótt jeg sje að vísu þakklátur háttv. fjvn. fyrir að hafa lagt til, að ríkið ábyrgðist 50 þús. kr. í þessu augnamiði, þá býst jeg samt við, að hún hefði vel getað forsvarað að mæla með 75 þús. króna ábyrgð, og hefði mátt vænta þess, að háttv. deildarmenn tækju þeirri till. vel. En hvað sem því líður, er jeg þakklátur hv. nefnd fyrir að hafa ljeð þessu þarfa fyrirtæki stuðning sinn.

Sigurður Stefánsson:* Jeg skal ekki lengja mikið umr.; þarf enda ekki að halda neina kjósendaræðu.

Jeg er þakklátur hv. fjvn. fyrir, að hún hefir tjáð sig samþykka brtt. minni

* SSt hefir ekki yfirlesið handrit skrifaranna að þessari ræðu.

um að veita Hólshreppi greiðslufrest þann og vaxtauppgjöf, sem þar er talað um. Það, að farið er fram á þetta, stafar ekki af því, að hreppsbúa vanti viljann til að standa í skilum, heldur af hinu, að þeir geta það ekki vegna ófyrirsjáanlegs áfalls, sem þeir hafa orðið fyrir. Áður en jeg fór á þing, ljetu kjósendur mínir þá ákveðnu ósk í ljós, að jeg fylgdi hjer fast fram, að skuldin yrði að mestu gefin upp. Jeg svaraði því, að mjer væri annað tamara en að fara slíks á leit við ríkissjóðinn, og kvaðst ekki mundu ganga lengra en beiðast greiðslufrests í 4 ár. Býst jeg við, að þeir geri sjer þetta að góðu, sem hjer er farið fram á. Þessi hreppur skuldar nú um 60 þús. kr. Til samanburðar skal jeg geta þess, að það þótti mikið, þegar Gullbringu- og Kjósarsýsla skuldaði 90 þús. kr. En hvað er það fyrir eina sýslu, samanborið við þessa upphæð fyrir einn hrepp? Það bætist hjer svo við, að mestur hlutinn af þessum 60 þús. kr. er kominn í sjóinn, orðinn að eyðslufje, sem liggur nú í þessum brimbrjót. 50 þús. af því eru þannig komnar. Það getur því naumast talist annað en sanngjarnt, að þessi greiðslufrestur verði veittur um þessi 4 ár. Og jeg skal enn taka það fram, að til þessa hefði aldrei komið, ef áfallið hefði ekki orðið. Þá hefði hreppurinn haldið áfram að borga af láninu, eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Jeg sagði um daginn, að mjer líkaði vel flest af því, sem hv. fjvn. hefði gert, þótt jeg væri annarar skoðunar en hún í einstökum atriðum. Eitt af því, sem jeg finn helst að hjá henni, eru þessar miklu lánsheimildir, sem hún hefir veitt stjórninni. Mjer er það satt að segja ekki ljóst, hvar hún ætlar ríkissjóðnum að fá alt það fje, sem hún er hjer að ráðstafa. Jeg álít, — eins og nú stendur á, — að það sje skakt af þinginu að fara langt í þessum efnum. Það er blekking fyrir lánbeiðendur og blekking fyrir þjóðina. Þegar menn úti um land líta á þennan langa lánshala í fjárlögunum, þá hugsa þeir eðlilega svo, að ríkissjóður sje ekki svo haltur sem hann hinkri, úr því að hann hafi alt þetta fje til að lána. Það verður að fara svo hjer sem annarsstaðar, að reyna að sníða sjer stakk eftir vexti. Jeg tek undir með hæstv. forsrh. (SE), er hann gat um í dag, að hann vissi ekki, hvar stjórnin ætti að taka alt þetta fje. Jeg sá þá vantrúarsvip bregða fyrir á andlitum sumra háttv. þm. En svo er því ekki farið um mig. Jeg er samdóma hæstv. stjórn í þessu efni. Það mátti virðast nægilegt, er háttv. fjvn. hafði bætt 200 þús. kr. gjaldamegin á fjárlagafrv. stjórnarinnar. En svo virðist, sem háttv. þm. hafi ekki fundist svo. Þeir hafa bætt enn við um 100 þús. kr. Mjer er nú spurn: Til hvers á eiginlega að samþykkja þetta? Er það ætlun þingsins, að stjórnin fari að taka ný stórlán? Ef það vildi standa við þessar heimildir sínar, þá ætti þetta svo að vera. Jeg hefði þó búist við, að háttvirtum þm. kæmi saman um það, að talsverður nauður yrði að að knýja til þess, að farið væri að bæta við nýjum lánum. Er síst hægt að sjá, að hagur ríkissjóðsins sje mjög glæsilegur nú, er hæstv. fjrh. (MagnJ) hefir ekki sjeð sjer annað fært en láta hann eta upp landhelgissjóðinn í heimildarleysi. Eitthvað þarf til að skila því fje aftur. Og verði till. háttv. þm. Borgf. (PO) oftan á, að kaupa strandvarnar- og björgunarskip, þá býst jeg við, að fækka taki krónunum í ríkissjóðnum, nema tekin verði ný lán. Þá mun varla veita af þessum 600 þús. kr., sem hæstv. fjrh. tók úr landhelgissjóðnum. Og jeg hygg, að þar verði til að

koma aðrar og ef til vill þriðju 600 þús. krónurnar, því ekki dytti ofan yfir mig, þótt þetta landvarnar-, björgunar- og skólaskip kæmi til að kosta á aðra miljón króna. Það er vart að ætla, þegar maður athugar málið nánar, að hjer geti verið um alvöru að ræða hjá hv. þm. Hjer við bætist svo, að tekjuhallinn á fjárlögunum kemur til með að nema ¼ miljón. Það virðist því, að öllu þessu athuguðu, lítil ástæða til að fara mjög geyst í sakirnar með að heimila lán úr ríkissjóðnum. Það er aðeins til að blekkja þingið, blekkja lánbeiðendur og blekkja þjóðina.

Jeg skal svo ekki lengja umr. frekar og láta þetta verða mín síðustu orð við þessa umr. fjárlaganna.

Jón Baldvinsson: Það var útbýtt hjer fyrir stuttu síðan blaði nokkru, sem mun hafa átt að vera brtt. við brtt., og mun ætlast til, að þetta komi hjer til atkv. Nú virðist mjer sú till. ekki vera úr garði gerð samkvæmt þingsköpunum, þar sem hún er ekki prentuð, og vildi jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort till. geti komið til atkv.

Jeg ætla svo aðeins að drepa með örfáum orðum á nokkur atriði.

Jeg skal þá fyrst geta um lán það til Gerðahrepps, sem mælt er með af háttv. fjvn. Jeg mun greiða atkv. með því, en þó ekki af sömu ástæðum og hún, eða minsta kosti ekki að öllu leyti. Það atriði, sem hefir mest að segja í mínum augum, er þetta, sem háttv. frsm. (MP) gat ekki um. Stendur það þó í sama brjefinu, sem hann vitnaði í, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp. Það hljóðar svo:

„Að fjöldinn af bændum hjer seldu þann litla fisk, sem þeir áttu, kaupmönnum, sem ekki hafa getað borgað nema að nokkru leyti og útlit fyrir, að aldrei geti borgað sumt.“

Það er þetta, sem jeg býst við, að sje ekki hvað síst orsök þess, að svo þröngt er nú í búi hjá þessum hreppi. Vildi jeg aðeins taka þetta fram, til að láta það sjást, að það er ekki af þeim ástæðum, er hv. frsm. tók fram, að jeg greiði atkvæði með þessum styrk.

Þá er það styrkurinn til Fiskifjelagsins. Hv. fjvn. hefir komið fram með till. um 60 þús. kr., og hefir hún í því tekið upp till. háttv. sjútvn. Hv. þm. Borgf. (PO) hefir nú gert grein fyrir því af hálfu hv. sjútvn., hvernig hún hugsar sjer, að styrknum sje varið. En í sambandi við þessa fjárveitingu get jeg ekki stilt mig um að láta í ljós óánægju mína yfir störfum formanns Fiskifjelagsins. Vil jeg þar sjerstaklega skírskota til afstöðu hans til steinolíuverslunar ríkisins, og hve sú afstaða hans, sem fulltrúa sjávarútvegsins, sjerstaklega mótorbátaútvegsins, er óviðeigandi, þar sem hann bersýnilega er að tala máli hins illræmda steinolíufjelags, sem mesta bölvun hefir gert íslenskum bátaútveg. Vildi jeg taka það skýrt fram, að það er síst að skilja sem verðlaun fyrir þá framkomu hans, að styrkurinn verður nú hækkaður.

Jeg skal til árjettingar bæta því við, að það er ekki jeg einn, sem geri lítið úr starfsemi þessa manns. Einn af helstu bankastjórunum hjer hefir nýlega tekið í þann strenginn, þar sem hann telur starfsemi Fiskifjelagsins mjög lítils virði, og þá auðvitað fyrst og fremst forseta þess. Hefi jeg ekki gefið mjer tíma til að lesa langloku þá, sem forseti Fiskifjelagsins hefir svarað aðfinslum hans, enda býst jeg varla við, að hún sje þess verð.

Þá hefir háttv. fjvn. ætlast til, að Slátturfjelagi Suðurlands verði veittur 40 þús. kr. styrkur til að koma hjer upp sútunarverksmiðju. Sá styrkur mun vera einn sá hæsti, sem veittur hefir verið til einstaks manns eða fjelags, og verð jeg að segja það, að þótt fyrirtækið sje í sjálfu sjer gott, þá er spursmál, hvort það gæti ekki eins blessast, þótt ekki væri veittur svo hár styrkur til þess. Mjer finst satt að segja, að þingið hefði átt að láta sjer nægja lánsheimildina, og henni sje jeg ekkert á móti. Þess má vænta, að þetta verði mjög arðsamt fyrirtæki, og er því varla ástæða til að styrkja það með svo stórkostlegu fjárframlagi. Það má ekki líkja þessu saman við fyrirtæki, sem varða almenningsheill, en geta samt ekki gefið rekstrarmönnunum viðunandi arð. Það er alt öðru máli að gegna, þótt ríkið styrki þau. Þá leið gæti jeg líka vel gengið inn á, að ríkið keypti nokkurn hlut í þessu fyrirtæki og styrkti það á þann hátt. En þetta finst mjer of langt gengið, að veita svo mikinn styrk. Jeg get annars tekið undir það með háttv. þm. N.-Ísf. (SSt), að mjer finst nokkuð langt gengið í öllum þessum ábyrgðum og lánsheimildum ríkissjóðsins. Slíkar ábyrgðir eru ekki ávalt hættulausar fyrir ríkissjóðinn. Skal jeg t. d. minna á Álafossábyrgðina, sem hljóðaði upp á 200 þús. krónur og samþykt var af þinginu í fyrra. Mörgum mun nú þykja tvísýnt, að ríkissjóður hefði fengið þar fje sitt aftur. Og er það ekki þinginu að þakka, heldur stjórninni, að ábyrgð var ekki tekin á þessu fje. Gæti svo hugsast, að eftir svo sem eitt ár þættu sumar þær ábyrgðir, sem menn fylgja nú sem fastast, ekki áhættuminni.

Þá hefir háttv. fjvn. komið fram með till. um það, að 10 þús. kr. verði varið til markaðsleitar erlendis. Hæstv. atvrh. vill hækka þessa upphæð upp í 20 þús. kr. Jeg er honum sammála um, að það verði ekki of mikið. Það er ekki einasta, að hjer sje um ferðakostnað þess manns að ræða, sem er að leita markaðsins, og er hann þó oft nægilega mikill. Hann þarf að hafa með sjer sýnishorn af vörunum. Kosta þau bæði talsvert mikið og ekki síður flutningurinn. Jeg vildi aðeins minna á þetta, af því að háttv. þm. Dala. (BJ), sem talaði annars ítarlega um þetta, ljet þess ekki getið.

Í eldhúsdagsumræðunum gerði jeg fyrirspurn um það til hv. atvinnumálaráðherra (KlJ), hvort það væri satt, sem heyrst hefði, að stjórnin hefði gefið verslunar- og kaupsýslumönnum stjórnarmeðmælabrjef til útlanda, án þess, að þeir þó á nokkurn hátt væru erindrekar stjórnarinnar eða landsins.

Hv. ráðh. gaf nú að vísu ekki skýrt svar, en upplýsti þó, að hann hefði gefið formanni verslunarráðsins meðmæli stjórnarinnar til markaðsleitar erlendis, og hefði fyrverandi stjórn einnig veitt sama manni slík meðmæli áður.

Með þessu svari hv. atvinnumálaráðherra (KlJ) er þá sannað það, sem jeg spurði um, að stjórnin hefir veitt sín meðmæli manni, sem ekkert tækifæri hefir látið ónotað til þess að hnekkja viðleitni ríkisins til þess að bæta úr verslunarástandinu, og jeg efast ekkert um, að hann hefir, með stjórnarmeðmæli upp á vasann, gert hið sama erlendis, og mundi auðvelt að færa dæmi að því.

Það kostaði landið ekki einn eyri að gefa þessi meðmæli, upplýsti hv. ráðh. En hann skýrði ekki frá því, hvaða gagn landið hefði haft af þessu. En háttvirtur ráðherra bjóst við, að maðurinn hefði haft gagn af þessu sjálfur. Það er nú víst enginn í vafa um það, að slík

meðmæli eru t. d. ágætur læknisdómur til að græða brunasár á gómunum, sem komið hafa við þátttöku í síldarbraskinu mikla hjerna á árunum.

En fyrst þessi maður gat fengið þetta meðmælabrjef, án þess að hafa nokkurt erindi fyrir landið, þá get jeg hugsað mjer, að margir fleiri heiðursmenn muni fram koma, sem telji sig líka eiga rjett á stjórnarmeðmælum til markaðsleitar. Og jeg sje ekki, hvernig stjórnin getur neitað öðrum um þetta sama, sem jeg tel raunar alveg óhafandi, að veitt skuli hafa verið.

Þá er brtt. frá háttvirtum þm. Borgf. (PO), að jeg ætla á þskj. 292, um að gera Eyrarfoss í Laxá í Svínadal laxgengan. Þetta er lítil upphæð, en er ætluð til þarflegra hluta. Það ætti að gera mikið að því að auka laxveiðina, t. d. með klaki, lagfæring fossa, eins og hjer er verið að ræða um, o. m. fl. En jeg vil skjóta því til allra bænda, sem þetta mál snertir — og þá háttv. þm. Borgf. sjerstaklega — að athuga það, að sjeð verði um, að bændur, sem næst búa við smáár, sem lax gengur í, — eins og t. d. þessa á, — hirði ekki með þverlagningu alla veiði, sem upp í ána gengur, því þá gæti svo farið, að þeir geri gagnslausar allar umbætur, sem gerðar hafa verið, og þetta því aðeins orðið kostnaður einn.

Það er rjett, sem hv. þm. (PO) sagði, að þetta verk yrði til hagnaðar fyrir ríkissjóð, en hann gat ekki um hitt, að nærliggjandi sveitir hafa hag af þessu, er þeim er heimilt að lögum að leggja útsvar á þá menn, sem koma þarna til að skemta sjer við veiði.

Að lokum ætla jeg að minnast á einn lið í brtt. fjvn. Það er liður 88, e., lánveitingin til Skeiðaáveitufjelagsins, sem ætlast er til, að veitt verði til 20 ára með 5½% vöxtum, en þó vaxtalaust fyrstu tvö árin.

Mjer er nú sagt, að þetta fyrirtæki hafi algerlega mishepnast; að kostnaðaráætlun vegamálastjóra hafi farið margfaldlega fram úr áætlun, og er það því vart undarlegt, þótt þeir bændur, sem hjer eiga hlut að máli, fái nú alls ekki undir risið. Til dæmis var ekki í kostnaðaráætluninni gert ráð fyrir stórri hraunklöpp, sem gerði verkið margfalt dýrara.

Jeg nota tækifærið til að víta alment þær áætlanir, sem verkfræðingarnir gera fyrir landið og sveitar- og bæjarfjelög. Það er og ástæða til að minnast á það, hve þessir herrar, verkfræðingarnir, eru uppástöndugir, þegar þeir gera áætlanir sínar og einhverjir, sem þeir álíta leikmenn í þeim fræðum, vilja hafa hönd í bagga með þeim. Þá segjast þeir ekki taka á sig neina „ábyrgð“ á verkinu, nema þeir fái öllu að ráða. En hvernig gefst hún nú þessi ábyrgð þeirra verkfræðinganna? Það mun alls ekki vera ætlast til, að vegamálastjóri beri ábyrgðina fyrir þessa áætlun, sem nú var nefnd, og ekki heldur verkfræðingurinn, sem gerði áætlanirnar um brimbrjótinn í Bolungarvík. Nei, þeir bera alls ekki ábyrgðina, — það eru sveitar- og bæjarfjelögin og ríkissjóður, sem borga.

Þá verð jeg að víta það, að vegamálastjóri hefir mjög oft gert sig sekan í því að hrinda mönnum frá atvinnu af pólitískum ástæðum. Þekki jeg ein 2—3 atvik í þessa átt. Þetta bið jeg hæstv. atvinnumálaráðherra, sem er húsbóndi hans, að flytja honum, svo að þetta komi ekki oftar fyrir.

Jeg verð að játa, að jeg líklega verð að samþykkja styrkinn til Skeiðaáveitunnar,

enda þótt jeg álíti þetta geta orðið hefndargjöf þeim mönnum, sem hlut eiga að máli. En allra líklegast er þó, að þetta lendi að síðustu á ríkissjóði.

Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. okkar hv. þm. Ak. (MK); hann mælti svo vel með henni, að jeg þarf þar ekki neinu við að bæta. Þetta miðar að því að auka ræktun landsins og er til að ljetta undir með fátækum mönnum í kaupstöðum, sem vilja taka land til ræktunar.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg er hjegómagjarn, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði í gær, og langar mig því til, að háttv. þingmenn sjeu viðstaddir meðan jeg tala. Mjer er ekki þörf að svara svo mjög aðfinslum til nefndarinnar, því að það er næstum svo, að jeg hefði ástæðu til að standa upp og hneigja mig fyrir því óskapa þakklæti, sem til hennar hefir verið beint, því það hafa mest verið þakkarorð, sem til nefndarinnar hafa verið töluð.

Fyrst og fremst ætla jeg að snúa mjer til hæstv. atvrh. (KlJ), því jeg held jeg hafi ekki neitt, sem nemur, að tala við hæstv. forsrh. (SE).

Um styrkinn til Dansk Kunstflidsforening hefi jeg tekið það áður fram, er jeg gerði grein fyrir ástæðum nefndarinnar um að liðurinn fjelli niður, að jeg álít það ekki geta átt sjer stað að styrkja danskt fjelag til þessara hluta. Þar við bætist það, sem hæstv. atvrh. (KlJ) hefir sagt, að stúlkur gætu fengið þessa kenslu hjer heima.

Þegar jeg athuga fylgiskjöl þessa má's betur, er jeg hissa á því, að stjórnin skuli hafa tekið þennan lið upp í frv. sitt, því hún hlýtur að hafa lesið skýrsluna um þessa starfsemi fjelagsins og skóla þess. Þar er sagt, að dansk-íslenska fjelagið, sem veittur var styrkur í gær af misskilningi eins þm., hafi styrkt þetta fjelag; og til þess að háttv. þm., sem ekki hafa lesið þessa skýrslu, geti fengið dálitla hug mynd um, hvað það er, sem kent er nemendum á þessum skóla, ætla jeg að lesa þar upp nokkur atriði úr skýrslu fjelagsins (Dansk Kunstflidsforening):

> „Það var haldið sumarnámsskeið frá 1. júní til 1. okt. fyrir 8 fátækar stúlkur frá *Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Suður-Jótlandi.*"

Síðar er sagt frá tilgangi þessarar mentunar, sem veitt er á þessu námsskeiði. Jeg les það á dönsku fyrst:

> „Dette aarlige Kursus har foruden at være til Gavn gennem Uddannelsen sin Betydning i national Henseende, da der her i *Moderlandet* ellers er taget saa lidt Sigte paa den kvindelige Befolkning i de til Danmark knyttede Lande i Forhold til, hvad der ydes den mandlige Ungdom. Og dog holdes Nationalfölelsen bedst vedlige gennem Kvinderne og Hjemmene."

Þetta verður á íslensku svo:

> „Auk þess, sem þetta árlega námsskeið er til gagnsemdar með náminu, þá er það og mikils vert hvað þjóðernið snertir, þar sem menn hafa hjer í *móðurlandinu* tekið harla lítið tillit til kvenþjóðarinnar í löndum þeim, sem eru Danmörku áhangandi, í samanburði við unga karlmenn. Og þó lifir þjóðernið best fyrir tilverknað kvenmannanna og heimilanna."

Jeg held þess vegna, að það verði fleiri en jeg og nefndin, sem verði hissa, ef Alþingi á sjerstaklega að fara að veita þessu fjelagi styrk til þessara fræða. Hjer er

ekki um þessa smáupphæð nje neinn sparnað að ræða, heldur miklu meira, sem væntanlega allir háttv. þm. skilja.

Hæstv. atvrh. (KlJ) gat þess, að sjer þætti leiðinlegt, að farið væri að betla af Dönum. Fjvn. datt alls ekki í hug, þó að þessi styrkur væri feldur niður, að nokkur maður mundi grípa til þess úrræðis. Jeg veit einnig, að háttv. þm. vilja heldur veita stúlkunum einhvern námsstyrk en fara að vísa þeim inn á þá braut, sem hjer var bent á.

Jeg kysi því helst, að hæstv. stjórn lýsti því yfir úr sæti sínu, að þetta væri alt sprottið af misskilningi, að þessi liður var settur í fjárlögin, og að svo yrði ekki meira um þetta rætt á Alþingi.

Þá ætla jeg að lýsa afstöðu nefndarinnar til till. háttv. þm. Mýra. (PÞ). Nefndin hefir ekki orðið sammála um þennan lið; nefndarmenn eru ekki nógu kunnugir til þess að geta með vissu um þetta dæmt, en sumir þeirra hjeldu því fram, að þarna væri ekki nægileg umferð til þess, að bóndi þessi ætti rjett til styrks þess, sem veittur er búendum við fjölfarna vegi eða á fjallvegum.

Tillögu háttv. þm. Borgf. (PO) vill nefndin mæla með, enda er hún ekki nýr gestur hjer á þingi og hefir áður verið þar allvel tekið. Sama er að segja um brtt. hv. þm. V.-Sk., — sem hann tók aftur og rjett var að gera, eins og á stóð, — að nefndin mælir með þessari beiðni.

Um brtt. hv. þm. Dala. (BJ), um eftirlaun tveggja presta, vil jeg geta þess, að þar hafa nefndarmenn óbundnar hendur, hvernig þeir greiða atkvæði. Enn er hv. þm. Barð. (HK) með ofurlitla till. um greiðslufrest á láni einnar sveitar í hans kjördæmi, og þykist nefndin hafa gengið langt með því að fallast á 5 ára greiðslufrest. Sje jeg ekki, að það hafi neina þýðingu fyrir þennan háttv. þm. (HK) að keppa að því að fá þennan frest lengdan enn þá meir, enda hafa engir aðrir farið fram á neitt þessu líkt; og er vel hugsanlegt, að á næstu 5 árum batnaði svo hagur þessa sveitarfjelags, sem hjer á í hlut, að óþarfi væri að lengja nú frestinn meira. Þetta ætti því að nægja í svipinn. Jeg efast ekki um það, að hið háa Alþingi muni eftir 4 ár líta jafnsanngirnislega á þetta mál og það hefir gert nú, og getur því háttv. þm. verið óhræddur fyrir þessarar sveitar hönd, ef þörfin verður þá jafnbrýn og hún er nú.

Jeg get þakkað samnefndarmanni mínum, hv. 1. þm. Árn. (EE), góðan stuðning og meðmæli með ýmsum brtt. nefndarinnar, en jeg verð nú, því miður, í nafni nefndarinnar að mótmæla brtt. hans og háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG), um tillagið til þessarar ljósmóður á Eyrarbakka. *(ÞorlG*: Þetta eru ekki eftirlaun). Háttv. 2. þm. Árn. tekur fram, að þetta sjeu ekki eftirlaun, en jeg man ekki betur en að þessi brtt. sje gerð við 18. gr. frv., og þar eru vanalega aðeins standandi upphæðir. (*EE*: Þetta er fremur ellistyrkur; en annars ætti að vera sama, hvað það er látið heita. Nefndin ber hlýjan hug til þessarar stjettar, og amast því ekki við þess háttar smáviðurkenningum). Það er satt, að bæði nefndin og allflestir háttv. þm. bera hlýjan hug til ljósmæðranna, eins og hv. 1. þm. Árn. (EE) komst að orði, en þó vill nefndin alls ekki setja þær á eftirlaun úr ríkissjóði, því þá gæti farið svo, að sami straumurinn yrði af þeim eins og póstunum o. fl. inn í fjárlögin, og vill nefndin því ekki gefa fordæmi í því efni. Það er heldur engin ástæða til þessa, þar sem sýslusjóðunum ber að styrkja ljósmæður

í þessu tilfelli, og efast jeg ekki um, að sýslusjóður Árnessýslu geri skyldu sína þar eins og aðrir og sje ekki ómannúðlegri en í öðrum hjeruðum landsins, og vænti jeg þess fastlega, að sýslan geri skyldu sína við þessa ágætiskonu.

Satt að segja er það alveg eins og háttv. 1. þm. Árn. (EE) sagði sjálfur, að hin stóra tillaga hans, sem kemur þannig á síðustu stundu, kemur okkur samnefndarmönnum hans all-„spanskt“ fyrir sjónir, er við höfðum aldrei heyrt um þetta talað í nefndinni, og er það alveg nýtt, að svona till. um jafnstórar upphæðir komi frá einstökum nefndarmönnum, án þess að því hafi verið hreyft í nefndinni áður. Það hafði verið talað um ullariðnaðarmálið í nefndinni, og hafði þá þessi hv. samnefndarmaður minn tækifæri til þess að hreyfa þessari stóru till. sinni, ef hann hefði viljað gera það. Nefndin ákvað að bíða með að gera nokkuð í þessu máli þangað til hæstv. atvrh. hefði svarað fyrirspurn hv. 1. þm. Árn. (EE) um ullariðnaðarmálið, vegna þess að nefndin hafði engan grundvöll til að byggja á þangað til. En svo kemur þessi sami háttv. þm. með þessa till. sína, og fer svo að svara fyrirspurn sjálfs sín, — svara sjálfum sjer, eins og hann var að gera nýlega.

Sje nú gert ráð fyrir því, að farið verði eftir tillögum ullariðjunefndarinnar, þá er þetta aðeins $^1/_{10}$ hluti stofnkostnaðarins, og veit jeg ekki, hvort hv. þm. (EE) ætlast til, að þessi upphæð verði veitt í 10 ár samfleytt og verksmiðjan komist ekki fyr á stofn.

Nefndin getur heldur alls ekki mælt með till. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Furðar mig mjög á framferði þessara tveggja þm., háttv. 1. þm. Árn. (EE) og háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þegar svo stendur á, að eftir örfáa daga munu koma fram gögn í þessu máli. Er það máske gert til þess að vera á undan þeim, áður en háttv. deildarmenn eru búnir að átta sig á málinu? Ef það er ekki, ættu þessir háttv. þm. báðir að taka till. sínar aftur, til að gefa öðrum þm. kost á að átta sig og mynda sjer ákveðnar skoðanir í þessu máli eftir að nál. ullariðjunefndarinnar verður lagt fram. Þær eru annars allundarlegar skoðanir háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) í ullariðnaðarmálinu og ályktanir hans út af skjölum ullariðjunefndar, en annars mun verða vikið að því síðar.

Mjer finst kynleg sú niðurstaða hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að ullariðjunefndin leggi til, að fleiri ullarverksmiðjur verði reistar, þó hún tilnefni staði, sem sökum aðstöðu sinnar væru ekki illa til þess fallnir, að þar yrðu einhvern tíma reistar verksmiðjur, ef hagkvæmasta fyrirkomulagið fengi ekki byr. Einkennilegt var líka hjá háttv. 1. þm. Árn. (EE), er hann vildi láta afskiftalausa brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), en vildi forðast alla skiftingu og deilingu á þessum hlutum. Þá sagði sami háttvirtur þm., að ef mönnum líkaði ekki till. hans að upphæð eða efni, þá mætti koma með brtt. við hana til 3. umr. Ætlar hv. þm. þá að bæta við þessu núlli, sem á vantar, til þess að verksmiðjan verði fullkomin? Ekki dylst það heldur, að mjög mikill reipdráttur mun vera um það á Austurlandi, hvar verksmiðjan eigi að vera. Annars er ekki þörf að fara frekar út í þetta að sinni, hv. deild mun fá tækifæri til að sjá skjölin, sem því við koma, síðar.

Þá er það 2. brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um kaup á nýjum jarðvöðli eða þúfnabana. Jeg ætla mjer ekki sjerstaklega að fara að mæla á móti þeirri tillögu, en geng þess þó eigi dulinn, að mjög varhugavert sje að kaupa fleiri vjelar af þessu tægi,

áður nokkur veruleg reynsla er fengin um þær, sem þegar hafa verið keyptar. Um hagnaðinn af þessum tækjum er það að segja, að hann er, eftir því sem á sama hv. þm. mátti heyra, mjög vafasamur, og enda alveg óvíst nema ódýrara reynist að nota hestaflið. Því er engin ástæða enn sem komið er að keppa svo mjög eftir að fjölga þeim. En verði reyndin á þeim góð, má að sjálfsögðu gera ráð fyrir, að þess verði ekki langt að bíða, að Austfirðingar fái sinn jarðvöðul.

Þá vill nefndin ekki taka aftur athugasemdina um styrkinn til Árna Th. Pjeturssonar. Fjvn. vill ekki, að fordæmi sje gefið fyrir því að veita barnakennurum eftirlaun í fjárlögum. Það eina, sem gat gefið tilefni til þess að fara að veita þessum manni styrk, var það, að ekki hafi verið farið með hann sem skyldi. Eða ætti kannske að fara að veita þeim mönnum eftirlaun sjerstaklega, sem vísað væri frá starfi sínu sökum óreglu? En eins og nefndarálitið ber með sjer, stóð sjerstaklega á með þennan mann. Því var ekki nema um tvent að velja, annaðhvort að veita enga upphæð, vegna þess að hann hafi eigi átt það skilið, eða veita hana á þennan hátt.

Út af ræðu hv. þm. Ak. (MK) um tillögu hans, skal þess getið, að nefndin er henni ekki mótfallin, en vill spyrja hæstv. stjórn að því, hvort eftirsókn sje mikil eftir þessum lánum, því sje svo, þarf auðvitað talsvert fje að vera fyrir hendi til þeirra. Þá skaut sami háttv. þm. (MK) því að nefndinni, hvort ekki væri rjett að veita fjelaginu Íslendingi nokkurn styrk. Jeg skal sjá um, að nefndin taki það til íhugunar, og skal láta háttv. þm. (MK) vita, ef nefndin sinnir því ekki, svo hann geti komið með brtt. til 3. umr.

Hv. 1. þm. Eyf. (StSt) get jeg svarað því, að nefndin mun að sjálfsögðu taka til yfirvegunar mál það, sem hann ber fyrir brjósti.

Hv. þm. N.-Ísf. (SSt) talaði um það, að lánveitingarnar væru ískyggilega miklar, en hins vegar ekkert fje fyrir hendi. Mjer finst nú, að ekki verði sagt, að fjvn. hafi lagt mikið til um lánveitingar. Ef til vill ætti sumt af þeim ekki að vera lán, heldur styrkveitingar, og margt af því svo sjálfsagt, að Alþingi að rjettu lagi gæti ekki neitað um styrk til þess. Skal tekin til dæmis till. hv. þm. V.-Sk. (LH) um kaup læknisbústaðar á Síðu, líkt og var um Austur-Húnvetninga.

Jeg vona því, að háttvirt deild sjái, er hún athugar það mál, að flestar lánsheimildir nefndarinnar eru svo vaxnar, að ósanngjarnt og ómögulegt var að neita um þær. Hæstv. stjórn mun heldur ekki þurfa að óttast, að hún hafi mikinn átroðning og eril út af þeim; svo margar eru þær ekki. Enda kemur það auðvitað mest niður á þeim, sem lánanna eiga að njóta, ef fje er ekki fyrir hendi. Nei, — þá er skörin fyrst farin að færast upp í bekkinn, þegar till. þm. koma til sögunnar, og þar má háttv. deild vera á varðbergi.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Mjer þótti hv. frsm. (MP) vera óþarflega harðorður út af hinni smáu og meinlausu fjárveitingu, að upphæð 500 kr., til Dansk Kunstflidsforening, og hjelt, að stjórnin hefði ekki lesið skýrslu forstöðukonunnar. En þetta er misskilningur; stjórninni var hún vel kunnug. Hún hefði auðvitað hæglega getað stungið henni undir stól, og þá hefði fjárveitingin flogið í gegn, en henni fanst engin ástæða til þess. En hitt er sýnilegt,

að hv. frsm. (MP) hefir ekki lesið skýrsluna fyr en nú, eftir ræðu mína í dag, annars mundi hann hafa minst á þessa óhæfu skýrslu þá, og þá ekki síður getið hennar í nál. En jeg sje ekki mikla ástæðu til þess að gera mikið veður úr því, þó einhver ummæli í skýrslunni sjeu máske óvarlega orðuð. Það er alkunna, að Dönum hefir gengið illa, mörgum hverjum, að viðurkenna fullveldi vort, og eflaust halda margir þeirra enn, að við sjeum í sama sambandinu við þá eins og áður. Það mun sennilega vera þetta skilningsleysi á högum vorum, sem nefnd ummæli eru sprottin af. En að þau geti sett nokkurn blett á oss eða sjeu þess megnug að vinna fullveldi voru nokkurn skaða, get jeg ekki skilið. Og að nemendur á þessum skóla yrðu yfirleitt dansklundaðri en á öðrum slíkum skólum, fæ jeg heldur ekki sjeð. Jeg geri ráð fyrir, að stúlkur, sem þangað leita, verði þar fyrir eitthvað svipuðum áhrifum eins og aðrar íslenskar stúlkur, sem fara til dvalar í Danmörku.

En þó þessi styrkur verði nú ekki veittur, geri jeg fastlega ráð fyrir, að ýmsar stúlkur muni eftir sem áður leita þangað og sækja um styrk til áframhalds náminu. En það, að leita til Dana um slíka hluti, er í mínum augum miklu leiðinlegra en þessi ummæli í skýrslunni, sem að rjettu lagi geta engan sært. En sje það alvara hv. frsm. og nefndarinnar að styrkja nemendur í þessu skyni, þá ætti það ekki að vera skilyrðisbundið, hvert þeir færu.

Út af styrknum til fiskimarkaðsleitar vil jeg taka það fram, að jeg er þakklátur hv. þm. fyrir, hversu vel þeir hafa tekið í það mál; heyrist mjer sem þeir sjeu yfirleitt samdóma um það, að þeim rannsóknum beri að halda áfram og það sje áætlunarupphæð, sem stjórnin fer fram á í þessu skyni. Kostnaðurinn við þessar markaðsrannsóknir hingað til hefir orðið um 35 þús. kr. Það er miklu dýrara að senda til Suður-Ameríku en til Rússlands eða Eystrasaltslandanna.

Núna síðast á eftirmiðdagsfundinum í dag var mikið minst á ullarmálið, og get jeg tekið undir það, að það sje fullsnemma fram borið. Fyrirspurn er komin fram um það, hvað því máli líði, en þar sem nefndarálitið í því máli kom seint í síðustu viku og fundir hafa síðan verið langir, sumir langt fram á kvöld, hefir mjer ekki unnist tími til að kynna mjer rækilega alt það, sem að því máli lýtur. Verð jeg því að álíta, að málið sje ekki tímabært eins og nú er málum komið í deildinni, og hvorki á stjórn nje þing hægt um vik að átta sig á því strax.

Þá kom fyrirspurn um það til stjórnarinnar, hvort lánin til þurrabúðarmanna sjeu mikið eftirsótt. Jeg get ekki að svo komnu gefið neinar ábyggilegar skýrslur um það, en engin slík lánbeiðni hefir borist til mín síðan jeg varð ráðherra. En jeg man eftir því, að þegar jeg var landritari, þá voru þessi lán alltíð og þóttu koma að góðum notum. Þau voru tiltölulega ódýr og vöxtum og afborgunum vel fyrir komið.

Háttv. frsm. fjvn. (MP) gerir lítið úr lánsheimildum nefndarinnar. En hafi jeg talið rjett saman, þá eru það ca. 200 þús. kr., sem hún vill veita, heimild til að lána. Þetta finst mjer, satt að segja, annað en lítið, og trúi ekki öðru en með því móti geti erillinn orðið nokkuð mikill á fjármálaskrifstofunni.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla aðeins að minnast á eina brtt., eða 1000 kr. styrk til Jóhannesar Guðmundssonar, vegna skaða af Kötlugosinu. Af því að

jeg er þessum manni talsvert kunnur, vildi jeg kynna hann háttv. deild með örfáum orðum. Þegar jeg var sýslumaður þar eystra, bjó þessi maður í tungu í miðju Kúðafljóti og var í miklum uppgangi. Honum græddist fje og bjó með mikilli rausn, enda var hann annálaður gestgjafi. Allir, sem yfir fljótið fóru, nutu aðstoðar hans; jeg hefi sjálfur farið þráfaldlega með honum yfir þetta ægilega vatnsfall, og eitt sinn í niðamyrkri, og fór þá einn maður niður um ísinn, en með snarræði bjargaðist hann. Jeg gat ekki annað en dáðst að ötulleik þessa manns, og mjer datt í hug gamall og reyndur herforingi, þegar hann gaf skipanir sínar.

En Katla þoldi ekki uppgang þessa manns, og eitt sinn er hann var fjarverandi, sá fólk hans, að hvítar jakabreiður flutu niður fljótið og færðust nær með vaxandi hraða, og var þá flúið austur yfir fljótið með miklum hraða, en rjett þegar komið var yfir á bakkann hinummegin, skullu jakabreiðurnar á bænum og drápu fjölda fjár og hesta. Katla skyldi hann eftir eignalausan, og geta menn skilið, hvert áfall slíkt er, en þó held jeg, að Jóhannesi falli það þyngst að þurfa nú að hafast við í þröngum húsakynnum og geta ekki fagnað gestum með þeim höfðingsbrag, sem honum er eiginlegur. Jeg sje ekki betur en að það sje sómi þingsins að veita þessum manni þessa upphæð, og hún getur aldrei orðið nema lítill viðurkenningarvottur fyrir rausn hans og hjálpsemi við þá, sem hann fylgdi yfir Kúðafljót. Ef jeg færi að halda slíka tölu fyrir Jóhannesi sjálfum, þá mundi hann skoða það sem fjarstæðu, en slíka menn eigum við marga uppi um sveitirnar, sem mikill kraftur býr í, þótt þeir viti ekki af því sjálfir. Jeg vona því fastlega, að þessi till. verði samþykt.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á enga brtt. en það er ekki af því, að mitt kjördæmi hafi ekki beðið um ýmislegt og þurfi ekki styrk ríkissjóðs til ýmsra framkvæmda, heldur af því, að þegar jeg sá þann halla, sem áætlaður er á fjárlögunum, vildi jeg ekki verða til þess að auka hann.

Háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) sagði, að ekki þyrfti að vara þdm. við að leggja fje til verklegra framkvæmda, en jeg álít, að þess sje engin vanþörf. Nú hefir verið veitt óvenjumikið af láns- og ábyrgðarheimildum, og þá er ekki illa fallið að benda á Skeiðaáveituna og Flóaáveituna, þótt ekki sjeu þar öll kurl komin til grafar. Jeg ætla því ekki að lofa háttv. fjárveitinganefnd eins og mjög hefir verið gert hjer í háttv. deild, því að hún hefir, að mínu áliti, farið mjög ógætilega í þessu efni. Skal jeg í því sambandi benda á niðursuðuverksmiðju á Akureyri. Þar hefir nefndin þá afsökun, að Búnaðarfjelagið og Fiskifjelagið hafa talið þessa verksmiðju nauðsynlega, en hitt veit nefndin ekkert um, hvort maðurinn, sem á að standa fyrir verkinu, hefir þekkingu, traust eða hæfileika til þess. Þetta verð jeg að telja mjög gáleysislega farið með fje ríkissjóðs.

Sama er um allflestar láns- og ábyrgðarheimildir, sem háttv. þm. hafa borið fram. Jeg tek hjer af handahófi t. d. till. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um klæðaverksmiðju á Austurlandi. Háttv. þm. Dala. (BJ) hefir sýnt og sannað, að það er til niðurdreps fyrir ullariðnaðinn að hafa margar og smáar verksmiðjur. Og háttv. þm. (SvÓ) hefir sjálfur sannað

þetta, þvert á móti ætlun sinni, þar sem hann skýrði frá því, að Austfirðingar keyptu dúka sína eða ljetu vinna þá hjá norskri verksmiðju, því að þeir væru ódýrari en dúkar frá íslenskum verksmiðjum; vinnan langt um ódýrari. Þetta er svo ljóst, að ekki þýðir í móti að mæla. Og ef litið er til Noregs, kemur hið sama fram. Þar hefir mörgum smáum verksmiðjum verið slegið saman í stærri verksmiðjur, þar sem smáiðnaður ber sig ekki í þessari grein, og því hverfur hann.

Þá kem jeg að sljettinum, þúfnabananum, jarðvöðlinum, eða hvað menn vilja nefna hann. Háttv. þm. (SvÓ) vill fá einn vöðul til Austfjarða. Jeg er feginn, að enginn hefir farið fram á að fá þetta verkfæri til Vestfjarða, því að samkvæmt áliti þess manns, sem með verkfærið hefir farið, borgar það sig ekki nema þar, sem jarðrækt er rekin í því stærri stíl, svo sem við kaupstaðina. Annars er hestaflið ódýrara. Þetta fullyrðir sá maður, sem unnið hefir með verkfærinu og hefir best vit á málinu, og jeg held, að Austfirðingum yrði eins heppilegt að verða „aftur úr" í þessu efni, en það óttaðist háttv. þm. (SvÓ). Maðurinn, sem verkfærinu hefir stjórnað, segir, að það megi ekki kosta yfir 40 þús. kr. og verði að endast í 9 ár til þess að verða ekki of dýrt í rekstri, jafnvel þótt bestu jarðræktarskilyrði sjeu fyrir hendi. Nú er ekki slíku til að dreifa; verkfærið kostar 60-70000 kr. hingað komið, og óvíst er, að það endist í 9 ár. Auk þess engin reynsla fengin fyrir ræktunarskilyrðum eftir að búið er að tæta jörðina. Jeg tel því þessa till. óráðlega.

Það má benda á það í þessu sambandi, að Ræktunarsjóðurinn hefir verið notaður til þess að kaupa nýjan sljettil á síðasta ári, og hafa því bændur ekki getað fengið ræktunarlán þar. Jeg held, að heppilegra hefði verið að veita fje þetta til þarfra fyrirtækja, t. d. áveitu í smærri stíl og sandgræðslu.

Þá ætla jeg að minnast á sútunarverksmiðjuna. Jeg vona, að þessi fjárveiting verði ekki til þess að gefa Sláturfjelagi Suðurlands undir fótinn og þar með líta svo á sem Alþingi vilji hvetja fjelagið til stórra framkvæmda í þessari grein. Markaður er ekki viss, og þá er illa farið, ef byrjað er í stórum stíl. En annars verð jeg að taka undir með háttv. þm. N.-Ísf. (SSt), að það sje óviðkunnanlegt að vera að lofa mönnum lánum, þegar vitanlegt er, að engir peningar eru til í Viðlagasjóði, og því ekki hægt að inna loforðin af hendi.

Að síðustu vil jeg minnast á till., sem útbýtt var nú á fundinum. Mjer þykir það undarlegt, að háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) skuli vilja veita þessi eftirlaun, því í fyrra var hann á móti því að veita manninum styrk.

Björn Hallsson: Jeg ætla ekki að fara að vaða elginn um hinar og þessar till., heldur lýsa afstöðu minni til brtt. á þskj. 292, 22. tölul., um lánsheimild til klæðaverksmiðju á Austurlandi. Því ver kom jeg ekki inn í deildina fyr en hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var að enda ræðu sína; var teptur á búnaðarþingi, og heyrði því ekki röksemdir hans. Háttv. þingdm. muna það, að jeg og háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) yptumst út af þessu í fyrra, ekki af því að við værum ósammála um nauðsynina á stofnun verksmiðju, heldur kom okkur ekki saman um hvar hún ætti að standa. En jeg áleit ónauðsynlegt að ákveða stað þá, og sömu er skoðun mín enn. Jeg tók það þá fram, að jeg vildi ekki láta staðbinda verk-

smiðjuna fyr en verkfræðingur væri búinn að rannsaka þetta og gera tillögur um það. Eins og menn vita, hefir ullarnefndin setið á rökstólum til þess að rannsaka ullariðnaðarmálið, og þá einnig þetta atriði. Skýrsla nefndarinnar er komin til stjórnarinnar, en ekki birt ennþá, og jeg veit ekki, hvað þar er lagt til, en eftir samtali, sem jeg átti við verkfræðinginn, mun þessi verksmiðja austur frá kosta yfir 600 þús. kr. Samþykt var áskorun á fjölmennum þingmálafundi á Egilsstöðum að útvega lánsheimild til þessarar verksmiðju. Vil jeg því mæla með þessari tillögu, þótt óvíst sje, að heimildin verði notuð. Jeg er hræddur um, að stór verksmiðja verði erfið fyrir þennan landsfjórðung. Hefi jeg fyrir mitt leyti þá skoðun, að álitlegra sje að stofna til og frá um landið lopa- og kembivjelar, en hafa þær stærri ekki margar. En eftir því sem Guðmundur Hlíðdal sagði mjer, þá telur hann óráðlegt að stofna þessar smávjelar, vegna þess að vinna þar verði altaf dýrari en ef kembi- og lopavjelar sjeu hafðar með stórri verksmiðju. E áreiðanlega gætu smávjelarnar fyr komist á fót, vegna þess að þær kosta þó minna, en gera mikið gagn, t. d. í Þingeyjarsýslu. Jeg er hræddur um, að fjárskortur hamli framkvæmdum, en hins vegar sje jeg ekkert á móti því að samþykkja heimildina, til þess að halda mönnum við efnið. Jeg mun því greiða till. atkv., og það án tillits til, hvar verksmiðjan á að standa. Jeg býst við, að þar verði farið eftir till. verkfræðings síðar. Er líka vís til að koma með brtt. um staðinn síðar.

Þá kem jeg að þúfnabananum. Á sama fundi á Egilsstöðum var einnig skorað á okkur þm. að sjá um, að lánsheimild fengist til þess að kaupa hann, þegar búið væri að búa það mál nægilega undir eystra. Það hefir verið deilt um starfsemi hans, en þótt svo sje, þá sje jeg ekkert á móti því að samþykkja heimildina, því að ekki þarf að óttast að farið verði í nein gönuhlaup austur frá í kaupum vjelar þessarar. En ef það skyldi koma í ljós, að þúfnabaninn reyndist nú vel í sumar, þá er gott að hafa heimildina, ef tiltækilegt þætti þá að ráðast í þetta. En jeg endurtek það, að hv. þm. þurfa ekki að óttast það, að farið verði ógætilega í þessu efni af hálfu Búnaðarfjelags Austurlands.

Háttv. þm. Dala. (BJ) og 1. þm. S.-M. (SvÓ) eru búnir að blanda síra Magnúsi í Vallanesi í þessar umræður, og af því að mjer fanst þm. Dala. myndi ekki fara þar með rjett mál, vil jeg bæta við það fáum orðum. Jeg vil segja hv. þm. Dala. það, að síra Magnús hefir breytt um skoðun, ef hann vill nú ekki kaupa fleiri þúfnabana. Á aðalfundi Búnaðarsambands Austurlands í vor vildi hann láta sambandið kaupa tafarlaust þúfnabana, en sambandsstjórnin og flestir fundarmenn stóðu í móti og feldu þá tillögu hans. Töldu það ofmikla fjárhættu að lítt rannsökuðu máli. Sömu skoðunar var síra Magnús á þingmálafundi á Egilsstöðum í vetur. Jeg segi honum þetta alls ekki til lasts; þetta var eflaust sannfæring hans. En af því að jeg þekki þetta betur en hv. þm. Dala., vildi jeg leiðrjetta þetta, og hugsa að mjer verði trúað alveg eins vel og honum.

Mjer þykir leiðinlegt að þurfa að fara að kenna kennara við háskólann landafræði nú áður en jeg sest niður. Hann virtist ekki vita, að til væri önnur Múlasýsla á Austurlandi en Suður-Múlasýsla, því hann kallaði mig þm. S.-M. Mjer þætti engin minkun að vera þm.

S.-M., en það er leiðinlegt fyrir háskólann, að kennari þar skuli vera svo fáfróður, og það sá þeirra, sem telur sig jafnan flest vita best. Næst þegar hann talar, hugsa jeg hann þekki engan þingm. austur frá nema vin sinn 1. þm. S.-M. (SvÓ), enda metur hann þann háttv. þm. jafnan mikils og hefir eflaust haft hann í huga, þegar hann nefndi mig.

Eiríkur Einarsson: Hv. 1. þm. S.-M. misskildi mig viðvíkjandi skýrslu ullariðnaðarnefndarinnar. Jeg sagði ótvírætt, að lesa mætti út úr þeirri skýrslu, að höfuðtill. hennar væri, að ein klæðaverksmiðja væri stofnuð í nánd við Reykjavík, t. d. á Álafossi, eða jafnvel á Reykjum í Ölfusi, ef járnbraut yrði lögð þangað. En kæmist ekki þessi aðaltillaga í framkvæmd, þ væru stofnaðar fleiri og víðar. Þetta sagði jeg þeim til upplýsingar, sem ekki hafa kynt sjer till. nefndarinnar.

Þá sagði sami hv. þm. (SvÓ), að tillaga mín ákvæði engan vissan stað. En þá getur hann, samkvæmt orðum sínum, fallist á hana, því vitanlega undirskilur hún nágrenni Reykjavíkur. Er blekking að segja, að hún geti átt við hvar sem væri. Jeg flyt hana í samræmi við till. nefndarinnar, og hún ákveður einmitt staðinn.

Það hefir komið fram í umr., að þrír þm. Múlasýslna eru sammála um að veita fje til ullarverksmiðju eystra, en hitt annað greinir þá á um, og sjest á því, hve mál þeirra Austfirðinga er illa undirbúið. Jeg skal taka það fram viðvíkjandi því, er hv. frsm. (MP) sagði um hlutleysi mitt við till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að jeg átti þar aðeins við hlutleysi í orði; jeg ætlaði ekki að ræða um hana. Skoðun mína í málinu hefi jeg sýnt, og hún mun sannast með atkv. mínu.

Afstaða mín til þessa máls er skýr og ákveðin með till. minni. Það má alls ekki tala um það, eins og hv. þm. Ísaf. (JAJ) gerði, að ekki væri fje fyrir hendi til slíkra framkvæmda. Þegar um nauðsynjamál er að ræða, þá verður fjeð að fást til þeirra. Fje er líka til, en það þarf að veita því í rjettan farveg. Máske er Viðlagasjóður þurausinn, en jeg álít engu að síður, að landsstjórnin geti gert mikið, þegar um slíkt nauðsynjamál er að ræða. Þar reynir á dug hennar.

Hvað það snertir, sem háttv. frsm (MP) hjelt fram um styrkinn til Þórdísar Símonardóttur ljósmóður, að þá kæmu allar yfirsetukonur á eftirlaun, þá er það örugt, að svo þarf ekki að verða, því þær munu fæstar ná þeim „jubil"-aldri, sem hjer er um að ræða og meðal annars gerir Þórdísi maklega viðurkenningarinnar. Hún hefir nú starfað af dugnaði og trúmensku yfir 50 ár, og álít jeg, að þingið gerði rjett í því að gleðja hana og hjálpa henni á elliárunum. Það, sem sýslufjelögin með lögmæltri íhlutun ríkisins láta af hendi rakna til slíkra kvenna, er svo lítið einatt, að þær hafa ekki nóg af að lifa á uppgjafaaldri. Vona jeg, að hv. deild taki till. vel.

Háttv. frsm. (MP) kallaði till. mína um ullarverksmiðjustyrkinn „stóra". Hann mun frekar hafa kallað hana svo af því hún fer fram á fjárútlát, nokkuð há, heldur en af því, að hann ætli henni stóran árangur eða langa lífdaga. Þetta kom glögt fram. Hann sagði, að jeg hefði laumað henni inn í deildina, en jeg mun engan kinnroða bera fyrir að hafa komið fram með hana. Hann sagði, að jeg hefði ekki fært þetta neitt í tal við nefndina, þegar þetta mál var til umr. þar, en það hefði jeg átt að gera. En tækifærið til að bera hana fram kom einmitt þegar till. hv. 1.

þm. S.-M. (SvÓ) kom fram. Þá vissi jeg, að málið mundi verða rætt. Og að ræða það opnar einmitt útsýn yfir málið. Og þó að ekki væri búið að svara þeirri fyrirspurn, er jeg gerði til stjórnarinnar, þá gerði till. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) það að verkum, að málið varð að ræðast í deildinni, og till. mín leiðir þar af villisporinu, er stigið yrði, ef farið yrði að veita smástyrki til ullariðnaðar, að lítt rannsökuðu máli.

Það er jafnmikil nauðsyn að ræða málið nú og 1921. Og þáltill., er jeg bar þá fram, hefir orðið til þess, að málið er þó komið á hreyfingu. Á suðurláglendinu er mikill áhugi fyrir þessu máli. Það kom meðal annars í ljós á tveim fundum, sem haldnir voru þar í vetur. Er það eitt næg ástæða fyrir því, að málið sje rætt og því hreyft af mjer einum, úr því að aðrir verða ekki til þess. Að jeg hafi farið bak við fjvn. með þetta, með því að bera það ekki undir hana, ber jeg auðvitað ábyrgð á. En jeg álít, að hv. frsm. (MP) sje ekki hóti betri en jeg, því hann kemur með fullyrðingar fyrir nefndarinnar hönd án þess að hafa borið málið undir hana. Eða er það ekki rjett? Að jeg hafi flutt málið af fordild, þá er því að svara, að jeg skil ekki þessa gömlu hugsun, sem fær svo mikla undiröldu hjer, að ekki sje sama, hver kemur fyrstur með málin. Það er eins og í gamla daga, þegar metingurinn var um kirkjusætin. Þetta hjer ætti ekki að koma manninum við, heldur á að líta á málefnið sjálft. Það er góð lífsregla fyrir þá, er þykir enn betra að eiga sæti við altarið en annarsstaðar í kirkjunni.

Þá spurði hv. frsm. (MP), hvort það væri meining mín, að það ætti að reisa þessa verksmiðju á 10 árum, og hvort jeg hugsaði mjer að koma með brtt. um að bæta við einu núlli. Þessari spurningu, sem er útúrsnúningur og aldrei hefir verið gefið tilefni til, vísa jeg til föðurhúsanna. Nefndin gerir ráð fyrir, að verksmiðja fyrir alt landið kosti 1800000 kr. En jeg get sagt honum, að þessi till. mín er einmitt bygð á þessari till. nefndarinnar; því hefi jeg áður lýst. Upp á einhverri upphæð varð að stinga, og þá var þessi ekki svo fjarlæg, sem er $^1/_{10}$ hluti upphæðarinnar. Hitt ætti að fást með söfnun, og er ekki hægt að ákveða tímann, sem til þess gengur. Og sjálfsagt veitti ekki af 100 árum, ef altaf væri verið að metast um forgönguna og nauðsynjamálið gert að persónulegu metnaðarmáli og togstreitu. Þegar þingið er búið að hleypa málinu af stokkunum með fjárheimild, eins og ullarnefndin vill, ætti að velja nefnd, er hefði stjórn á framhaldsundirbúningi og framkvæmd með landsstjórninni.

Þá vöktu þeir hæstv. atvrh. (KlJ) og háttv. frsm. (MP) máls á því, að till. væri of snemma borin fram. En það má ekki seinna vera, þar sem 2. umr. fjárlaganna er bráðum búin hjer í hv. Nd. Verði þessi till. mín samþykt hjer nú, fær nefndin hana til umsagnar, og má þá gera brtt. við hana til 3. umr. Þá ætti stjórnin að vera búin að svara fyrirspurninni og þingmenn að kynna sjer málið nokkru betur en þeir hafa þegar gert.

Það er leitt, að hæstv. atvinnumálaráðherra er farinn. Hann hefði átt að geta sagt álit sitt á því, sem skýrslan hefir að geyma, svo málið hefði verið eins vel undir 3. umr. fjárlaganna búið sem yfirleitt föng eru á.

Tel jeg svo rjett að láta skeika að sköpuðu um það, hvernig um till. fer, og læt bera hana undir atkvæði. Sjest þá, hverjir verða með og hverjir móti og hverjir meta formið meira en málefnið.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki vera margorður, enda er orðið framorðið og jeg sje fáa hv. þm. í sætum sínum. En jeg vildi þó beina nokkrum orðum til hv. þm. N.-Ísf. (SSt) og hv. 2. þm. Reykv. (JB).

Hv. þm. N.-Ísf. mintist á kaup eða bygging landhelgisgæsluskips. Áleit hann, að það mundi verða afardýrt, jafnvel alt að 2 milj. kr. Þessa upphæð hefir hann fengið út með því að margfalda að minsta kosti með 3 þá upphæð, sem nægja mundi til að kaupa slíkt landhelgisgæsluskip, sem jeg hefi hugsað mjer. Jeg þykist vera þess fullviss, að slíkt skip, vel útbúið, mundi fást bygt nú og útbúið fyrir um 600 þús. kr. Jeg get nú fullvissað háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) um, að þetta er ekki nærri eins ægilegt og hann álítur. Jeg get fullvissað háttv. þm. um, að ef það kemst í framkvæmd, þá ætti landhelgissjóðurinn, sem nú er fullar 600 þúsund kr., að duga til þess.

Ef til vill ruglar hv. þm. saman við okkar till. annari, sem fram hefir komið, þar sem framar er gengið og fleiru blandað saman við, og yrði því dýrara. En jeg get fyllilega tekið undir með hv. þm. N.-Ísf. (SSt), það sem hann sagði um meðferð fjármálaráðherra (MagnJ) á landhelgissjóðnum. Það er beinlínis vítavert, að sjóðnum skuli hafa verið eytt, og því ekki handbær, þegar þarf að nota **hann.**

Þá mintist háttv. 2. þm. Reykv. (JB) á styrkhækkunina til Fiskifjelagsins, en mjer virtist það þó aðeins vera leið til að ná í forseta Fiskifjelagsins, því það, sem jeg sagði hjer í dag um styrkhækkunina fyrir hönd sjávarútvegsnefndar. var sagt í nafni þessa háttv. þm. eins og okkar hinna nefndarmanna, því hann var okkur hinum alveg sammála um hana. Jeg skal ekki fara frekar út í það mál. En mjer skilst, að þingmenn ættu að líta svo á, að það væri ekki samboðið stöðu þeirra og virðingu að nota þinghelgina til þess að ráðast á fjarstadda menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer.

Þá var sami hv. þm. (JB) að andmæla styrknum til Sláturfjelags Suðurlands til sútunarverksmiðju. Jeg skal ekki fara langt út í þau andmæli, því það er öllum ljóst, að nauðsynlegt er að veita þeim stofnunum atbeina, sem miða að því að gera framleiðsluvörurnar verðmeiri og útgengilegri. Og út af þeim orðum hans, að styrkurinn væri of hár, samanborið við aðra styrki, þá skal jeg geta þess, að ekki er minni ástæða til að styrkja þessa stofnun en ýmislegt annað, sem hefir verið styrkt í sama hlutfalli, eða með ¼ stofnkostnaðar.

Sláturfjelagið fór líka fram á þann styrk, en nefndin færði það niður, í samræmi við það, sem hún varð að gera við ýmsar málaleitanir úr öðrum áttum. Þetta er þjóðnytjafyrirtæki og ekki síður þess vert að það sje styrkt en ýmislegt annað, sem til hefir verið stofnað og styrkt á síðustu árum.

Þorsteinn Jónsson: Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) hjelt því fram, að vjelrituð till., er jeg bar hjer fram, gæti ekki komið til atkvæða, vegna þess að hún væri skrifuð, en ekki prentuð.

Jeg verð þá að segja, að ýmislegt fleira hefir verið ólöglegt af þessari ástæðu hjer í vetur, svo sem er með allar dagskrár og sum stjórnarfrv.

Þá skal jeg svara háttv. frsm. fjvn. (MP) viðvíkjandi því, er hann sagði um

brtt. mína. Taldi hann það varhugavert fordæmi, að kennarar væru settir á eftirlaun. Til hvers er þá eftirlaunasjóður fyrir kennara stofnaður? Eftir gildandi lögum nú geta fleiri kennarar notið styrks úr þessum sjóði en áður. En ef á að gera breyting á fyrirkomulaginu, er spursmál, hvort sjóðurinn getur starfað á sama hátt og áður. Það er ekki nema sanngjarnt, að kennarar njóti þess fjár, sem þeir hafa áður sjálfir lagt fram.

Hv. þm. Ísaf. mælti á móti því, að landsfjórðungarnir öfluðu sjer jarðvöðuls. Jeg er honum ekki samdóma í því, því að það er nauðsynlegt áhald fyrir bændur, en vitanlega svo dýrt, að enginn einstakur maður er fær um að afla sjer þess. Jeg vil ekki undanskilja Austurland, þegar um þetta er talað, því að jeg get ekki fallist á, að það sje illa fallið til ræktunar, allra síst ver en aðrir landsfjórðungar. Fljótsdalshjerað mun einmitt vera með gróðursælustu svæðum á landinu. Annars er óþarfi að gefa aðrar upplýsingar en þær, að áskoranir þess efnis að fá jarðvöðul eru einróma frá þingmálafundum eystra, og vona jeg, að hv. þm. taki þær til greina.

Magnús Kristjánsson: Jeg vænti þess, að menn óttist ekki, að það hafi í för með sjer mikla tímaeyðslu, þó að jeg standi upp. Jeg þarf ekki að halda langa ræðu, aðeins lítilfjörleg athugasemd viðvíkjandi fyrirspurn hv. frsm. fjvn. (MP) til hæstv. atvrh. (KlJ), út af lánum til þurrabúðarmanna. Mjer er ekki kunnugt um, að hæstv. atvrh. hafi svarað henni enn. Jeg vænti þess, að hann geri það sem fyrst. svo að það fæli menn ekki frá að greiða brtt. atkvæði.

Gunnar Sigurðsson: Háttv. þm. Ísaf. (JAJ) hafði skakt eftir mjer, þar sem hann hermdi eftir mjer, að ekki þyrfti að vara þm. við að leggja fje til verklegra framkvæmda. Þetta sagði jeg nú aldrei, en hitt sagði jeg, að við værum oft of smátækir, þegar um verklegar framkvæmdir væri að ræða, og lentu þær því einatt í fúski og káki, og nefndi dæmi þessa. Háttv. þm. mintist á Skeiðaáveituna; þó að hún komi nú þessu máli ekki beint við, þá er það að vísu satt, að hún hefir orðið afardýr, en það sannar ekki, að fyrirtækið hafi í sjálfu sjer ekki verið rjettmætt, þótt verkið væri framkvæmt á allra dýrasta tíma og stórkostleg mistök væru á framkvæmd þess. Það mun sannast, að áveitan gerir mikið gagn í framtíðinni. Það má segja um verklegar framkvæmdir vor Íslendinga, sjerstaklega að því er landbúnaðinn snertir, að þær standa engum fyrir sól, og veit jeg þó ekki, hvað væri nauðsynlegra en að gera honum eitthvað til umbóta og fá hann til að fylgjast með kröfum tímans. En þess eru mörg dæmi, að afturhaldsgætnin hefir risið á afturfæturna, hafi eitthvað átt að gera af viti í verklegum framkvæmdum, hafi það verið í stærri stíl.

Lárus Helgason: Örfá orð viðvíkjandi sútunarverksmiðju Sláturfjelagsins. Jeg er sjerstaklega kunnugur fyrirkomulagi Sláturfjelagsins frá byrjun; hefi jeg verið í stjórn þess um mörg ár og þekki þá menn, sem fyrir það starfa, einkum framkvæmdarstjórann. Jeg get verið þakklátur hv. fjvn. fyrir að hafa

tekið vel þessari málaleitun frá Sláturfjelaginu.

Aðeins vildi jeg, að hv. deildarmenn væru ekki svo hræddir um, að málið sje of illa undirbúið. Jeg vil benda mönnum á það, að Sláturfjelagið leggur ekki út í þetta fyrirtæki óforhugsað. Vel færir menn hafa verið fengnir til að undirbúa málið sem best, eins og kunnugt er. Jeg treysti því, að deildarmenn hafi það traust á þeim mönnum, sem að þessu standa, að þeir treysti þeim til að fara gætilega. Þeirri reglu hefir altaf verið fylgt hjá þessu fjelagi, að byrja smátt. Þannig hafa hús þess verið reist smátt og smátt. Sömu reglu verður vafalaust fylgt með verksmiðjuna, og jeg er sannfærður um, að fjelagið heldur uppteknum hætti, að viðhafa alla gætni.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg get verið stuttorður. Þeir hv. deildarmenn, sem jeg hefi hlustað á, hafa allir verið samdóma nefndinni og fylgt tillögum hennar.

Vildi jeg helst óska, að menn fengju sem fyrst að greiða atkvæði. Jeg þarf ekki mörgu að svara hv. 1. þm. Árn. (EE). Mjer hefir skilist, að mikill partur deildarinnar og nefndarinnar væri á móti nýrri ullarverksmiðju. Hins vegar hefir nefndin fyrir hans uppástungu og tilmæli ekki gert neitt í málinu við þessa umr. Það er því ekki afsakanlegt hjá hv. þm. að ætlast til, að deildin samþykki tillöguna að órannsökuðu máli.

ATKVGR. um 16.—23. gr.

Brtt. 254,74 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 254,75 samþ. með 18:1 atkv.
— 254,76 samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 292,X samþ. með 15:10 atkv.
— 254,77 fellur burtu.
— 330 feld með 19:5 atkv.
— 254,78 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 254,79 samþ. með 24:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, JS, LH, MG MK, MP, PO, PÞ, BSv.

nei: JAJ, JÞ, MJ, ÓP.

Brtt. 254,80 samþ. með 17:4 atkv.
— 254,81 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 292,XI samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, JB, LH, MJ, MK, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BSv.

nei: IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ.

Brtt. 292,XII samþ. með 25 shlj. atkv.
— 254,82 I a—e teknar aftur.
— 292,XIII tekin aftur.
— 292,XIV tekin aftur.
— 254,82 II—III teknar aftur.
— 292,XV tekin aftur.
— 254,82 IV tekin aftur.
— 292,XVI tekin aftur.
— 254,82 V tekin aftur.
— 254,82 VI samþ. með 20:1 atkv.
— 254,82 VII tekin aftur.
— 254,82 VIII samþ. með 15:9 atkv.
— 254,82 IX samþ. með 23 shlj. atkv.
— 254,82 X samþ. með 19:3 atkv.
— 254,82 XI samþ. með 24 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 254,83 samþ. með 18 shlj. atkv.

17. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 254,84 samþ. með 19:2 atkv.
— 254,85 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 273,11 a samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 232 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MK, PO, PÞ, SSt, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, JB, LH, BSv.

nei: MG, MP, ÓP, StSt, SvÓ, ÞórJ, BH, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ.

Tveir þm. (ÞorlJ, JakM) fjarstaddir.

Brtt. 273,11 b samþ. með 26 shlj. atkv.

— 339 feld með 21:4 atkv.

— 254,86 samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JS, MK, MP, PO, PÞ, SSt, ÞorlG, ÞorlJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, BSv.

nei: JAJ, JB, JÞ, LH, MG, MJ, ÓP, StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, IngB.

Brtt. 254,87 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 292,XVII feld með 15:7 atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

20. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar öðrum greinum frumvarpsins, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 292,XVIII samþ. með 22 shlj. atkv.

— 254,88 a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 254,88 b feld með 15:7 atkv.

— 254,88 c samþ. með 16:4 atkv.

— 254,88 d samþ. með 19 shlj. atkv.

— 292,XIX samþ. með 22 shlj. atkv.

— 254,88 e tekin aftur.

— 254,88 f samþ. með 16 shlj. atkv.

— 254,88 g samþ. með 20 shlj. atkv.

— 254,88 h feld með 14:12 atkv.

— 254,88 i samþ. með 16:4 atkv.

— 254,88 j feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, IngB, JakM, JB, LH, MP, BSv.

nei: PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MK, ÓP.

Brtt. 254,88 k samþ. með 15:11 atkv.

— 254,88 l samþ. með 20:1 atkv.

— 254,88 m samþ. með 22:1 atkv.

— 292,XX samþ. með 22:1 atkv.

— 292,XXI a samþ. án atkvgr.

— 292,XXI b samþ. með 15:7 atkv.

— 254,88 n samþ. án atkvgr.

— 292,XXII a tekin aftur.

— 292,XXII b feld með 14:7 atkv.

— 292,XXII c feld með 14:10 atkv.

— 273,12 a samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, PO, SSt, StSt, ÞorlG, BJ, EÞ, EE, HK, JakM, JB, JÞ, LH, BSv.

nei: MK, MP, ÓP, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, GunnS, IngB, JAJ, JS.

Brtt. 273,12 b tekin aftur.

— 307 samþ. án atkvgr.

— 273,12 c samþ. með 15:9 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 254,89 I a tekin aftur.

— 254,89 I b samþ. með 15:1 atkv.

— 254,89 I c samþ. með 15:1 atkv.

— 254,89 I d samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, EÞ, EE, HK, IngB, JakM, JS, MK, MP.

nei: PO, SSt, SvÓ, BH, GunnS, JAJ, JB, JÞ, LH, MG, MJ, ÓP, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 254,89 I e samþ. með 17:2 atkv.

— 254,89 I f samþ. með 17:2 atkv.

— 254,89 II samþ. með 17:6 atkv.

— 310 samþ. með 17 shlj. atkv.

Greinin, svo orðuð, (verður 22. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

23. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 347, n. 374, 369. 379, 385).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þakka fyrir síðast fyrir hönd fjvn. og bið afsökunar á því, að jeg verð stuttorður nú. Jeg vil skjóta því til hv. þdm., sem brtt. eiga, að sýna dálitla sjálfsafneitun og vera ekki alt of langorðir við þessa umræðu.

Jeg sný mjer þá að brtt. þeim, er fjvn. á hjer á þskj. 369. Er þá fyrst fyrir 150 þús. króna hækkun, sem áætluð er á ágóða af vínversluninni. Háttv. deild kann nú að undra, að svo stórfeld breyting er gerð af nefndinni á þessum lið. En því er svo varið, að sökum ónógra upplýsinga var fyrri áætlunin sett nokkuð af handahófi, og var nefndinni þá sjerstaklega í hug að fara ekki of hátt. Nú hefir nefndin fengið ábyggilega skýrslu, og veit því, að fyllilega er óhætt að áætla svona hátt.

Þessi hækkun varð til þess, að nefndin sá ekki þörf að koma fram með neinar tillögur til tekjuauka, því þessi hækkun nemur meiru en bæst hefir við útgjaldahliðina eftir till. nefndarinnar.

Næsta breyting er aðeins fyrirkomulagsatriði, að sundurgreina hreppa þá, sem styrk fá til læknisvitjana. Nefndin taldi ekki rjett að fara í þessu efni eftir fjárlögunum 1922, því sumir af þeim hreppum, sem þar er gert ráð fyrir, hafa fallið í burtu og nýir bæst við. Þessi liður hefir lækkað um 50 krónur.

Jeg hefi tekið það fram áður, að fjvn. þætti hreppar verða hart úti með sjúklinga sína á Kleppi, í samanburði við sjúklinga í öðrum sjúkrahúsum. Leggur nefndin til, að meðgjöf með sjúklingum verði lækkuð um 50 aura á dag, úr 2 kr. niður í 1,50 kr.

Þá liggur fyrir Alþingi skýrsla nefndar, sem kosin var til þess að athuga og rannsaka mál A. L. Petersens, fyrverandi stöðvarstjóra í Vestmannaeyjum. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, eftir því sem skjöl og skýrslur liggja fyrir í málinu, að ekki verði hjá því komist að greiða honum skaðabætur. Þó fer nefndin ekki eins hátt og hann fór upphaflega fram á, nefnilega 17000 kr., heldur ætlar hún hæfilegt að greiða 10000 kr. Fjvn. væntir, að þessu máli verði lokið nú á þinginu á þann hátt, að það samþykki þær bætur, er hún leggur til, en henni þykir ekki sanngjarnt að láta minna af hendi rakna en 10 þús. kr. í viðbót við þær 5 þús. kr., sem hann áður hefir fengið. Er það þó enn ekki eins hátt og hans krafa hljóðar um, og er hún þó studd af óhröktum reikningum. Býst jeg við, að hv. þdm. hafi lesið skýrslu nefndarinnar og komist að sömu niðurstöðu.

Nefndin hefir lagt til, að hækkaður verði skrifstofukostnaður biskups, svo að í samræmi verði við annan skrifstofukostnað. Telur nefndin þó, að ekki beri að hafa hann eins háan og hjá landlækni, þar sem störfin munu vera minni frá biskupi.

Þá er veiting til rafveitu á Hólum. Hafa áður verið veittar 5000 kr. til sama fyrirtækis og hefir verið unnið að undirbúningi. Hefir áður verið sýnt fram á hjer á Alþingi og færð rök fyrir, hver búhnykkur þetta væri fyrir ríkið, þar sem mikill sparnaður yrði við rekstur skólans. Hefir þessu máli aðeins verið frestað sökum

dýrtíðar, og sjer nefndin sjer því ekki annað fært en mæla með því, að nú verði hafist handa sem fyrst. Hefir einnig nú verið lagt út í rafmagnslagningu á Hvanneyri, og verður það þó varla eins arðvænlegt fyrir ríkið nje reksturinn eins ódýr og á Hólum.

Þá er brtt. á XVII. lið, að tekið sje fram, að styrkurinn til Páls Ísólfssonar sje veittur til framhaldsnáms; er það aðeins gert til að fyrirbyggja misskilning.

Næst er till. á XIX. lið, að fella burtu alla athugasemdina við styrkveitinguna til búnaðarfjelaganna.

Nokkrum sinnum hefir verið veittur styrkur til hannyrðakenslu í Dalasýslu. Hefir þetta verið vel sótt og vel látið af þessari kenslu af þeim, sem til þekkja. Nefndin hefir því talið rjett að halda þessu uppi, enda um smáupphæð að ræða.

Þá hefir nefndin lagt til, að veitt verði til bryggjugerðar á Siglufirði alt að 18 þús. kr. Upphaflega var ætlast til af fjvn., að talsvert kæmi inn á frv. þetta af bryggjugerðum, en nefndin sá sjer þó ekki fært að leggja til, að veitt yrði fje til *nýrra* bryggja. Síðan voru allar þessar upphæðir fluttar yfir í fjáraukalög, og virðist því nokkuð rýmra um þessi mannvirki nú en áður. Hefir fjvn. oftast mælt með samskonar framkvæmdum sem þessari, er hjer um ræðir. Siglfirðingar hafa gert áætlun um að gera mikil hafnarvirki hjá sjer, sem búist er við að kosti 600 þús. krónur. Þetta getur þó alls ekki orðið í bráðina, og er því ráðgert, að af öllum þessum virkjum verði aðeins bygð þessi bryggja. Er mikil þörf á, að fullkomin bryggja sje sett á Siglufirði, og er nefndin því meðmælt, að þetta fje verði veitt, enda hefir sjútvn. mælt með því.

Þá er brtt. frá fjvn. um 7500 kr. fjárveitingu til lendingarbóta í Bás við Vík í Mýrdal. Jeg skal ekki fjölyrða um þennan lið, því að um hann var rætt við 2. umr. Þessi upphæð er ákveðin með rjettum útreikningi eftir kostnaðaráætlun, og er gert ráð fyrir, að veittur sje alt að helmingur kostnaðar, svo sem tekið er fram í tillögunni.

Þá er brtt. um styrk til Byggingarfjelags Reykjavíkur. Hún er því miður ekki rjett enn þá, en er leiðrjett á þskj. 385, VI. Nefndin leggur til, að fjelaginu verði sem áður veittur byggingarstyrkur, 5% af byggingarkostnaði, gegn helmingi hærra tillagi frá Reykjavíkurbæ, eða 10%. Nefndin þykist þess fullvís, að starfsemi þessa fjelags hafi gert svo mikið gagn, að rjett sje að styrkja það. Fjelagið fór fram á helmingi hærri styrk, 10% af byggingarkostnaði, en nefndin sá sjer ekki fært að samþykkja það, enda síst ástæða til að hækka styrkinn nú, þar sem gera verður ráð fyrir, að byggingarkostnaður verði minni en áður.

Brtt. á þskj. 369,XXXII,1., styrkveiting til Einars Þorkelssonar, er tekin aftur.

Hjer var feld við 2. umr. tillaga frá fjvn. um lánsheimild til bónda eins vestur í Dölum, til þess að endurreisa býlið Svínadalssel. Nefndin gerir ráð fyrir, að það hafi stafað af misskilningi, að háttv. deild feldi þessa heimild, þar sem sá siður hefir verið að styrkja býli, sem eru nálægt fjallvegum, til þess að hýsa ferðamenn. Nefndin hefir því lækkað upphæðina og væntir þess, að hv. deild samþykki þessa litlu lánsupphæð.

Þá er tillaga frá nefndinni um að veita 30000 kr. lán til kembivjela á Húsavík. Háttv. deildarmönnum þykir ef til vill undarlegt, að fjvn. skuli sjálf bera fram till. um lán til tóvinnuvjela, eftir undirtektum hennar við síðustu umræðu. En svo er mál með vexti, að um 40 ára skeið hafa

verið kembingarvjelar í Þingeyjarsýslu; hafa þær borið sig vel og verið hin mesta lyftistöng heimilisiðnaðarins í sýslunni. Klæðaverksmiðjan Gefjun á Akureyri getur hvergi nærri fullnægt þörfum nærliggjandi sýslna, og engar líkur til, að hún geti bætt við sig þeim störfum, er þessar vjelar hafa unnið áður. En vjelarnar, sem voru á Halldórsstöðum, brunnu síðastliðinn vetur, og er nú fyrirhugað að endurreisa þær á Húsavík. Nefndin mælist til, að þessu verði ekki ruglað saman við afstöðu hennar til klæðaverksmiðjanna. Hún telur, að þessar kembingarvjelar sjeu sjerstaklega heppilegar til að styrkja heimilisiðnaðinn og halda honum við. Heimilisiðnaðarfjelag Íslands hefir veitt manni styrk til utanfarar til þess að skoða slíkar vjelar, og ber það vott um, að fjelagið álítur, að hjer sje verið að fara rjetta leið. En um stofnun klæðaverksmiðju er nefndin á sömu skoðun sem fyr.

Framkvæmdastjóri Eimskipafjelagsins kom á fund nefndarinnar og ljet þess getið, að vel gæti svo farið, að mjög mikil og hörð samkepni yrði hafin gegn Eimskipafjelagi Íslands. Yrði fjelagið ef til vill neytt til að lækka fargjöld og farmgjöld meir en svo, að rekstur skipanna gæti borið sig. Það er vitanlegt, að samkepni þessi yrði hafin til þess að koma fjelaginu fyrir kattarnef, og fór framkvæmdastjórinn því fram á, að Alþingi veitti stjórninni heimild til að veita fjelaginu liðsinni, ef til kæmi. Nefndin álítur, að Alþingi ætti að vera við þessu búið. Hún treystir landsmönnum ekki svo vel, að þeir noti skip Eimskipafjelagsins, ef aðrir byðu betri kjör. Það væri óskandi, að ríkissjóður þyrfti ekki að hlaupa undir bagga með fjelaginu, en til tryggingar vill nefndin veita þessa heimild, ef til þyrfti að taka.

Fleiri brtt. ber fjvn. ekki fram. En jeg skal leyfa mjer að víkja strax nokkrum orðum að brtt. frá einstökum þm., svo að þeir viti, hvernig nefndin tekur í þær. Geta þeir þá ef til vill sparað sjer orð, ef nefndin er þeim samþykk, eða hagað orðum sínum eftir móttökum nefndarinnar, þar sem hún er mótfallin tillögunum.

Jeg skal þá fyrst víkja að brtt. frá hv. 2. þm. N.-M. (BH), um 4000 kr. hækkun á fjárveitingunni til Hróarstunguvegar. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þessi vegur hafi orðið mjög hart úti að undanförnu, og þar sem hjer er um litla upphæð að ræða, leggur hún til, að brtt. verði samþykt. Þar sem hv. þm. hefir áður talað rækilega fyrir þessari fjárveitingu, ættu þessar undirtektir nefndarinnar að geta sparað honum mörg orð um þetta mál.

Þá eru ýmsar brtt. um nýjar símalínur. Jeg ætla ekki að tala sjerstaklega um einstakar brtt. um línurnar. Það er síður en svo, að fjvn. vilji deila eða fara í reipdrátt um, hver þeirra lína sje nauðsynlegust og ætti að ganga fyrir öðrum. Nefndin efast ekki um, að þær sjeu allar nauðsynlegar og ætti að leggja þær allar einhvern tíma. En því var lýst yfir við 2. umr., að nefndin treysti sjer ekki að fara lengra í tillögum um símalagningar en hún gerði þá, og jeg býst jafnvel við, að hv. deild þyki hún hafa farið fullangt. Nefndin treystir sjer því ekki að mæla með, að fleiri línur verði teknar upp í fjárlögin.

Þá skal jeg skjóta því til háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), að nefndin getur ekki fallist á brtt. hans á þskj. 369,V, um uppbót á launum starfsmanna við landssímann og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík. Nefndin finnur brtt. mest til foráttu orðalagið í 1. línu tillögunnar „til

uppbótar á launum starfsmanna landssímans''. Það gæti verið umtalsmál, að nefndin fjellist á hugmyndina, ef einungis væri átt við konurnar við bæjarsímann. En eins og till. er orðuð nú, veit nefndin ekki glögglega, við hvað er átt.

Um brtt. hv. þm. Ísaf. (JAJ), um að færa niður fjárveitinguna til alþýðuskólans í Þingeyjarsýslu, skal jeg geta þess, að nú er komin fram áreiðanleg og nákvæm áætlun um kostnaðinn við að stofna þann skóla, og er þar gert ráð fyrir 95 þús. kr. kostnaði. Nefndin telur því rjettara að láta upphæð sína standa, ekki síst þar sem ekkert er í húfi fyrir ríkissjóð.

Um brtt. á þskj. 369,XIII, frá hv. 1. þm. Rang. (GunnS), um lækkun á styrknum til Dansk-islandsk Samfund, þarf jeg ekki að taka fram fyrir hönd nefndarinnar, samkvæmt tillögum hennar við 2. umr., að hún mun að sjálfsögðu fallast á hana.

Þá vill meiri hluti fjvn. eindregið mæla með tillögu meiri hluta sjávarútvegsnefndar um styrk til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna. Loks vil jeg geta þess um brtt. á þskj. 385,I, frá hv. þm. Barð. (HK), að nefndin mælir eindregið með, að hún verði samþykt, í samræmi við það, sem nefndin hefir áður látið í ljós.

Jeg hygg, að jeg sje orðinn nægilega langorður um þessar brtt. Aðrar smærri brtt. skal jeg ekki ræða um, fyr en flm. þeirra hafa látið til sín heyra. Vona jeg, að hv. þm. verði nú snöggir og lengi umræðurnar ekki um of.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Það hefir verið venja, að samgmn. hefir tekið sjerstaklega til athugunar C-lið 13. gr. fjárlaganna, um fjárveitingar til strandferða og flóabáta. Nefndin sá ekki ástæðu til að gera brtt. við frv. um upphæðir þær, sem til þessa eru veittar. Þó þykir henni ekki ósennilegt, að styrkurinn til strandferða muni reynast of lágur. Svo sem kunnugt er, verður nýtt skip í þeim ferðum á næsta ári, og er engin reynsla fengin fyrir því, hve dýrt það er í rekstri eða hve miklar tekjur verða af því.

Jeg skal leyfa mjer að skýra frá því, að nefndin hefir gert tillögur um aðra tilhögun á strandferðunum en áður. Meðan Sterling hafði þessar ferðir, kom skipið inn á því nær allar hafnir. Nú hefir nefndin gert tillögur um, að nýja skipið, Esjan, komi við á 20—25 höfnum í hverri ferð. Hún á jafnan að koma við á nokkrum stærstu höfnunum, en til skiftis á hinum smærri, svo að hafnirnar verði aldrei fleiri en 25, stundum ekki nema 20. Nefndin hefir einnig lagt til, að skipið fari 2 hraðferðir í kringum land fyrri hluta ágústmánaðar, er báðar til samans taki rúman hálfan mánuð. Býst hún við, að hafa megi talsvert upp úr þessum ferðum, en reynslan verður að skera úr, hvort það er rjett. Nefndin hefir valið þann tíma til þessara ferða, sem flest starfsfólk í Reykjavík tekur sjer sumarfrí. Vill hún haga svo til, að fólk geti farið hjeðan á nokkrar aðalhafnirnar og dvalið á þeim stöðvum svo sem vikutíma, og þó ekki verið lengur í ferðalaginu en hálfan mánuð. Má búast við, að Reykvíkingar noti þessar ferðir mikið og ágóði geti orðið af þeim. Aðrar ferðir skipsins gerir nefndin ráð fyrir, að taki 12 daga, með dvöl í Reykjavík, svo að það fari um 2½ ferð á mánuði. Með því móti verða strandferðirnar hagkvæmari en áður. Hingað til hafa ferðalög tekið mjög langan tíma fyrir menn, er eiga heima langt frá Reykjavík, verið afardýrar og langt á milli ferða. Þegar hausta tekur, verður skipið að sjálfsögðu seinna í förum, en nefndin hefir ekki gert neinar tillögur um áætlun

þess lengur en til loka ágústmánaðar. Þar sem eigi er unt að gera nákvæma áætlun um kostnað við rekstur skipsins, sjer nefndin ekki ástæðu til að koma með brtt. við frv. um hækkun tillagsins, svo sem jeg tók fram, þó að búast megi við, að það sje áætlað of lágt. En þar sem ríkissjóður borgar hallann, hvort sem hann verður mikill eða lítill, skiftir þetta litlu máli, hver áætlunarupphæðin er.

Um styrkinn til flóabáta, 100 þús. kr., skal jeg taka það fram, að nefndinni virðist hann hæfilegur með því verðlagi, sem nú er, og sömu bátarnir verða styrktir, sem nú er. Og þar sem nefndin býst við, að verðfall geti enn orðið, hefir hún ekki farið fram á, að styrkurinn sje hækkaður. Ef hún gerði tillögu um hækkun og verðfall yrði, mundi styrkurinn samt verða notaður allur. En verði ekkert verðfall og styrkurinn reyndist of lítill, getur næsta þing sjeð miklu betur, hvaða upphæð þurfi að verja til flóabáta á því ári og hækkað styrkinn í fjáraukalögum, ef með þarf.

Þá vil jeg fyrir hönd mentmn. fara nokkrum orðum um brtt., er hún hefir flutt. Svo sem mönnum mun kunnugt, eru nokkur ár síðan Sigurður prófessor Nordal hreyfði tillögu um, að landssjóður tæki að sjer eða styrkti útgáfu á þýðingum úrvalsfræðirita og skáldrita erlendra. Þessi hugmynd hefir fengið talsverðan byr, og eru margir þess fýsandi, að sem fyrst verði hafist handa. Hugmynd Nordals er, að ríkið styrki útgáfuna svo ríflega, að unt verði að selja bækurnar svo ódýrt, að almenningi verði kleift að kaupa þær með góðu móti. Nú hefir Þjóðvinafjelagið tekið þessa hugmynd að sjer og vill hefjast handa, ef Alþingi vill styrkja þessa viðleitni. Fjelagið fór fram á það við nefndina, að hún mælti með því, að það fengi 12 þús. kr. árlegan styrk til þessa. Gerir það ráð fyrir að geta gefið út um 30 arkir í sama broti sem Andvari fyrir þessa upphæð. Bækur þær, er fjelagið hygst aðallega að velja, eru fræðirit í þeim greinum, þar sem litlar eða engar bækur eru fyrir á íslensku. Sem kunnugt er, eru bókmentir vorar ekki fjölhliða; það eru aðeins fáar tegundir, sem eru fjölskrúðugar á voru máli. Vjer eigum mikið af sagnfræði- og skáldritum, en fátt í öðrum greinum. Nefndin telur því þetta nauðsynjamál fyrir mentun og menningu þjóðarinnar og vill leggja Þjóðvinafjelaginu lið, svo að það geti þegar hafið þetta starf. En þar sem nefndinni er ljóst, að þingið verður að fara mjög gætilega í fjárveitingum, leggur hún til, að veittur verði helmingur þeirrar upphæðar, er farið var fram á, eða 6000 kr. Vitanlega getur fjelagið ekki gefið út nema litla bók fyrir það fje, um 15 arkir, ef það á að geta selt hana eins ódýrt og það hefir ætlast til, á 1,50 til 2 kr. Er það miklum mun ódýrara en nokkur bóksali getur selt bækur sínar. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þessa tillögu og vona, að hv. deild taki henni vel.

Þá kem jeg að brtt. minni viðvíkjandi styrk til barnaskólabyggingar á Eyrum í Seyðisfjarðarhreppi. Till. þessi skýrir sig sjálf, og læt jeg nægja að vísa til fyrri ummæla minna um nauðsynina á því, að ríkið haldi áfram að styrkja barnaskólabyggingar. Er hjer líka aðeins um 2000 kr. að ræða.

Þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að till. minni og hv. samþm. míns (BH) um fjárveitingu til símalínu milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. Fjárveiting þessi er aðeins 16000 þús. kr., samkvæmt áætlun landssímastjóra. Loðmundarfjörður er mjög afskektur og hefir mikla þörf fyrir

að komast í símasamband við Seyðisfjörð. Hafa Loðmfirðingar öll sín viðskifti við Seyðisfjörð; þar situr læknir þeirra og prestur, og þingháin er sú sama, en samgöngur eru mjög erfiðar, bæði á sjó og landi.

Eru flestar sveitir við sjávarsíðuna komnar í símasamband, nema þessi. Um símann milli Egilsstaða og Brekku hefi jeg áður talað. Er ljós nauðsyn hans, því að læknissetur er á Brekku og alt Upphjerað fyrir ofan Egilsstaði er símalaust.

Þá kem jeg að brtt. við 16. gr., á þskj. 379, sem er um 500 kr. styrk til Víglundar Helgasonar á Hauksstöðum. Sá maður er stöðvarstjóri og jafnframt er hann símaeftirlitsmaður á einhverjum erfiðasta fjallvegi á landinu. Hrapaði hann fyrir nokkrum árum, í einni eftirlitsferðinni, ofan úr símastaur og meiddist mjög í baki. Hefir læknir skoðað meiðslið og vottað, að maðurinn muni aldrei verða jafngóður. Maðurinn er fátækur, og þar sem meiðsli hans er svo til komið, þá verður það að teljast mjög sanngjörn beiðni, að hann fái þennan litla styrk.

Þá er enn á sama þskj. brtt. við 18. gr. II. f, 14. lið, um 200 kr. styrk til Guðmundar pósts Kristjánssonar. Hann hefir um langt skeið verið póstur, en er nú orðinn bilaður á heilsu og getur ekki gegnt starfi sínu lengur. Vænti jeg þess, að háttv. deild verði samþykk því, að hann fái þennan litla styrk, enda væri það í samræmi við afstöðu hennar til samkynja mála nú undanfarið.

Björn Hallsson: Háttv. frsm. (MP) mæltist til þess áðan, að deildarmenn yrðu eins stuttorðir og unt væri, til þess að hægt yrði að ljúka umr. í kvöld, og skal jeg verða við því og ekki lengja þær mikið.

Jeg er þakklátur háttv. fjvn. fyrir undirtektir hennar við 2. brtt. mína á þskj. 369. Þarf jeg ekki að fjölyrða um þann lið, en get vísað til þess, sem jeg sagði um hann við 2. umr. Treysti jeg hv. deild til að sýna alla sanngirni í þessu máli.

Við þm. N.-M. höfum ekki að jafnaði flutt stórvægilegar brtt. við fjárlögin nje aukið gjaldahlið þeirra að nokkrum mun fyrir kjördæmi okkar. Jeg býst því við, að háttv. deild þyki nú kveða við nokkuð annan tón hjá okkur, er hún hefir sjeð brtt. okkar á þskj. 379. Þeim fylgir þó talsverður kostnaður fyrir ríkissjóðinn. Jeg býst þó tæplega við, að við hefðum farið af stað með þessa síma, vegna fjárskortsins, ef ekki hefðu jafnmargir símar komist að við 2. umr. og raun er á orðin. Gerir þá minst til, hvort þeir eru hótinu fleiri eða færri, fyrst þeir geta hvort eð er ekki orðið lagðir nema fje sje fyrir hendi.

Landssímastjórinn hefir gert þessa áætlun, sem við ákveðum liðinn með. Sagði hann, að hún væri ríflega áætluð, en auk þessara upphæða er svo flutningurinn frá sjó á línurnar. Búist er við, að hlutaðeigendur muni leggja hann fram. Hafa þeir boðist til að taka mikinn þátt í flutningi efnisins á línurnar.

Hvað snertir þá seinni, þá skal jeg geta þess, að okkur flm. bárust sterkar áskoranir frá sjúkrahússtjórninni á Brekku um það, að við reyndum að fá því framgengt hjer á þinginu, að þessi sími yrði lagður þetta ár. Við sáum okkur þó ekki fært að ganga svo langt að fara fram á það, sökum fjárkreppunnar, en tókum það ráð að reyna að fá fjárveiting til þessa síma inn í fjárlögin 1924. Stjórnin hefir áður lýst því yfir, að engir símar verði lagðir í ár.

Jeg þarf varla að taka það fram, að

sími til Brekku er mjög nauðsynlegur, ekki síst skoðað frá heilbrigðissjónarmiði. Eins og kunnugt er, er læknissetrið Brekka í Fljótsdalslæknishjeraði, og er þar sjúkrahús, sem alt Fljótsdalshjerað hefir til afnota og viðhalds. Er Brekka efst í hjeraðinu, og því langt þaðan niður að sjó (Hjeraðsflóa). Hins vegar er að kalla má læknislaust í Hróarstunguhjeraði, af því að læknirinn, sem á að þjóna því, er búsettur í Borgarfirði. Verða þeir menn, sem búa á þessu svæði, oftast að leita læknis til Brekku, norður til Vopnafjarðar eða þá í Borgarfjörð, þeir, sem næstir eru. Hefði því mikla þýðingu fyrir þessa hjeraðsbúa að hafa aðgang að síma. T. d. hefir það oft komið að góðu haldi að tala við Vopnafjarðarlækni, og hefir hann þá jafnan komið á móti þeim, sem hafa sótt hann. Sama máli væri að gegna, ef sími kæmi frá Egilsstöðum að Brekku. Auk þess lægi þessi sími um fjölment hjerað, sem hefði hin mestu þægindi af honum. Lægi hann meðal annars um Hallormsstað, en þangað er nú allmikill ferðamannastraumur, einkum á sumrin. Er því engin hætta á öðru en síminn yrði mikið notaður. Um Loðmundarfjarðarsímann er það að segja, að hann er auðvitað líka nauðsynlegur. Þessi fjörður er nú alveg einangraður; er hann einn símalaus af nærliggjandi fjörðum. Íbúar hans verða að sækja lækni til Seyðisfjarðar, og prestur þeirra er líka búsettur þar. Og einnig reka þeir þar verslun sína eingöngu. Það væri því nauðsyn fyrir þá að fá þennan síma.

Um styrkinn til Guðmundar pósts Kristjánssonar þarf jeg ekki að fjölyrða. Eins og kunnugt er, hefir Alþingi oft veitt póstum lítilsháttar ellistyrk, og er þessi tillaga um 200 kr. til þessa manns í samræmi við þá venju.

Þessi maður hefir verið póstur milli Vopnafjarðar og Þistilfjarðar í samfleytt 20 ár, en verður nú að leggja niður starfið sökum vanheilsu. Hann hefir þótt mjög duglegur póstur og árvakur í þeirri stöðu. Hefi jeg fengið brjef um það frá ekki ómerkari manni en Einari prófasti Jónssyni á Hofi, og staðfestir það þetta. (*MP*: Jeg gleymdi að geta þess í framsöguræðu minni, að fjvn. er meðmælt þessum styrk). Jeg er háttv. fjvn. þakklátur fyrir það, og þarf jeg þá væntanlega ekki að fjölyrða meira um jafnsanngjarna till. Samt vil jeg geta þess til árjettingar, að maður þessi tapaði heilsunni í póstferð 1914 í aftakaveðri, en náði henni nokkuð aftur eftir 2 ár. Var hann þá í póstferðum aftur 1916—19, en þá misti hann heilsuna að fullu í páskaveðrinu illræmda, sem geysaði þá um alt Austurland í fleiri daga. Hefir hann aldrei borið sitt bar eftir þá hrakninga, sem hann varð þá fyrir. Maðurinn er efnalaus og ástæður hans allar slæmar. Auk þess ber þess að gæta, að póstar eru yfirleitt illa launaðir, en ilt starf og hættulegt að vera póstur hjer á landi, einkum í stórhríðum á vetrum. Hv. samþm. minn (ÞorstJ) hefir talað um styrkinn til Víglundar Helgasonar, og ætla jeg ekki að fjölyrða um hann, en mæli aðeins eindregið með honum.

Fer jeg svo ekki fleiri orðum um þetta, enda mun nú hv. deildarmönnum mál að taka til máls, svo margir sem nú hafa talað jafnframt mjer. Verð jeg annars að kalla þennan margraddaða klið í deildinni slæma þingreglu.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer nokkrar brtt., sem jeg vildi minnast á með nokkrum orðum.

Háttv. frsm. (MP) mintist á brtt. á þingskjali 385, og er jeg háttvirtri nefnd

þakklátur fyrir undirtektir hennar þar. Það hefir annars komist inn prentvilla í þessa till. Þar stendur, að upphæðin sje 250, en átti að vera 350. Jeg álít, að þessi smástyrkur til Reykhólahjeraðs sje mjög eðlilegur, og þar sem svo stendur á, að hjeraðið er læknislaust og íbúar hjeraðsins verða að sækja lækni í aðra sýslu, vona jeg, að háttv. deild verði ekki andvíg þessari till., enda upphæðin, sem veitt yrði í þessu skyni, alveg hverfandi móti því, ef læknir væri í hjeraðinu á fullum launum.

Þá vil jeg drepa á með nokkrum orðum brtt. mína á þskj. 369, við 18. gr. II. Fer hún fram á, að Sigríði Gísladóttur, ekkju Erlendar hreppstjóra Jafetssonar, verði veittar 250 kr. Þessi fátæka kona er mjög heilsulaus og illa stödd, og hefir hún í brjefi til mín óskað þess, að jeg bæri fram þessa styrkbeiðni. Að vísu fór hún fram á hærri upphæð en jeg geri hjer ráð fyrir, en sparnaðarins vegna sá jeg mjer ekki fært að fara fram á meira, enda því líklegra, að till. sje samþykt, sem hún hefir minni útgjaldaauka í för með sjer. Þótt mjer sje annars alt annað en ljúft að fara slíkum erindum, þá sá jeg mjer samt ekki annað fært en að verða við beiðni þessarar konu.

Kona þessi er ekkja eftir hreppstjóra, sem hafði gegnt því starfi í full 40 ár fyrir lítil og engin laun. Tel jeg þessa fátæku ekkju því engu ver að þessum styrk komna en marga, sem þegar eru komnir í 18. gr. Furðar mig á því, að háttv. fjvn. skuli hafa talið hana miður að styrknum komna. Skal jeg ekki ræða þetta frekar, en vil leggja það undir dóm hv. þingdeildarmanna, hvernig þeir líta á beiðni þessa, og munu þeir sýna það með atkv. sínu, hvort sanngirni þingmanna nær ekki nema til embættismanna og ekkna þeirra eða allir njóta sama rjettlætis.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 385, sem jeg hefi flutt ásamt háttv. þm. Dala. (BJ), um að veita Sigurði Magnússyni, lækni á Patreksfirði, 600 kr. í viðbót við eftirlaun hans. Þessi maður hefir látið af embætti sökum þess, að hann treystist ekki til að þjóna lengur jafnerfiðu hjeraði og hann er í nú og hefir verið í síðastliðin 20 ár. Viðleitni hans að fá ljettara embætti — og má í því sambandi nefna bæjarlæknisembættið í Reykjavík, — hafði engan árangur, og var miklu yngri maður tekinn í þá stöðu, eins og kunnugt er, sem jeg og aðrir hafa ekki getað skilið í, hvernig stóð á, þrátt fyrir góða hæfileika þess manns, er stöðuna hlaut. Hann er nú á efra aldri, og eru eftirlaun hans 1100 krónur. Það segir sig sjálft, að efnalaus maður kemst ekki af með slíkan styrk, og er því síst vanþörf við að bæta. Það er því ekki af því, sem við höfum komið fram með þessa brtt., að við lítum svo á, að þessi litli styrkur muni hrökkva til nauðsynja hans, heldur vildum við sýna nokkurn lit á því, að sjeð væri við þennan mann, að hann hefir þjónað erfiðu og vandasömu starfi um fjölda ára með mestu atorku og samviskusemi. Er varla til minna að ætlast af því opinbera en það bæti við eftirlaun hans þessari litlu upphæð. Þessi maður er einn þeirra eldri embættismanna, sem hafa átt við talsvert lægri laun að búa en embættismenn nú. Að vísu verða þeir sjálfir að borga nokkuð í lífeyrissjóð þann, sem þeir hafa svo ellistyrk sinn úr, en þeir eru nú þeim mun betur launaðir, að þeim er það tiltölulega ljett. Myndu þessir eldri embættismenn þakka fyrir, ef þeir hefðu átt við slík kjör að búa. (*MJ*: Þetta er öfugt. Laun

embættismanna eru lægri nú en þau voru áður). Jeg tek það fram, að þótt jeg hafi ekki fyr haft ástæðu til að segja, að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hafi farið með vísvitandi rangt mál, þá hefi jeg það nú. Hann hlýtur best sjálfur að vita þetta, að laun embættismanna eru nú miklu hærri en áður. Hitt er annað mál, þótt yfirstandandi dýrtíð geri það að verkum, að þeim verður minna úr þeim. Mig furðar annars á því, að háttv. þm. skyldi ekki koma fram með þetta sem vörn í máli sínu í gærdag, að laun embættismanna væru nú lægri að krónutölu. *(MJ*: Jeg sagði ekki, að þau væru lægri að krónutölu). Það er í krónum, sem launin eru látin úti, en ekki í kjöti eða smjöri. Sjeu þau því minni nú, þá hlýtur krónutalan að vera minni.

Jeg býst annars við því, að hv. deildarmönnum sje svo ljóst það, sem hjer er farið fram á, að ekki sje þörf á að útlista það betur. Býst jeg við, að þeir verði færri hjer í hv. deild, sem líta sömu augum á laun embættismanna hjer fyr og nú sem háttv. 4. þm. Reykv. (MJ).

Bjarni Jónsson: Jeg býst við, að hv. þm. muni fyrirgefa mjer, þó jeg tali ekki um fjárhaginn að þessu sinni, þótt fjárlög sjeu á dagskrá; það er búið að gera mikið að því undanfarið í háttv. deild og minna gert úr honum en vert var.

Jeg held jeg verði að byrja með því að minnast á atriði, sem ekki er á dagskrá í dag, þar sem búið er að samþykkja þann hlut í háttv. deild við 2. umr. þessa frv. til fjárlaga. Það er lánsheimildin í 21. gr. staflið 14, þar sem stjórninni er heimilað að verja 20 þús. kr. til lána handa ungum og efnilegum mönnum til lokanáms erlendis.

Minnist jeg þessa eigi aðeins fyrir sjálfan mig, heldur og fyrir hönd allrar fjvn. Þar kom til umtals að veita Skúla Guðjónssyni styrk til náms í heilbrigðisfræði, en var horfið frá því vegna þessarar lánsheimildar til stjórnarinnar. Þá var það álit nefndarinnar, að þessi lán mætti eins vel veita til framhaldsnáms eins og lokanáms, og ættu því þeir menn, sem lokið hafa prófi, jafnt að geta komist undir þessi ákvæði, eða þannig skildi jeg nefndina að minsta kosti. Liggur það í hlutarins eðli, að þessi upphæð verður að vera áætlunarupphæð, sem megi fara fram úr þessari tilteknu upphæð, ef þörf gerist. Mun það fara svo sum árin, en önnur ekki. Í þetta sinn hafa um 10 menn sótt um styrk, sem því ætti nú að veita lán. Ef hæstv. stjórn vill hlusta á mig, ætla jeg að nafngreina nokkra þeirra eða alla.

Þar er fyrstur Skúli Guðjónsson, mjög efnilegur maður, og hefir hans þegar áður verið getið. Þá er næst Jón Helgason stud. mag., sem stundar norrænunám í Kaupmannahöfn; hafa þegar verið lögð drög fyrir, að hann hverfi ekki aftur á brott úr Danmörku; munu Danir ætla honum að verða eftirmaður Finns prófessors Jónssonar, og sýnir þetta ljóst, hvert mannsefni þarna er á ferðinni, er hann hefir þegar hlotið slíkt álit og traust fræðimanna þar suður frá. Því finst mjer, að við ættum að hafa ekki minni ástæðu til þess að halda í skaukilinn á móti og styrkja manninn til námsins, er hann þarf þess með, og varna því, að hann verði dreginn úr höndum oss. Enn eru fleiri: Sigurður Guðmundsson húsgerðarnemi, Magnús Konráðsson stud. polyt., Árni Guðnason stud. mag., Þorleifur Eyjólfsson verkfræðinemi og Þórður Runólfsson vjelfræðinemi. Svo eru og nokkrir, sem

sótt hafa um stuðning til lokanáms í sönglist, þar á meðal Þórður Kristleifsson og Einar Einarsson. Alt eru þetta hinir efnilegustu menn.

Síðast ætla jeg að víkja orðum mínum að umsókn Lúðvíks Guðmundssonar; hefi jeg talað um hana í fyrri umræðum mínum um þetta mál, en tók þá aftur tillögu mína um styrk til hans, er jeg treystist ekki til að koma henni fram. Einnig ætti hann, ásamt Skúla Guðjónssyni, að geta komist undir ákvæði fyrnefndrar lánsheimildar.

Jeg hefi aldrei haldið því fram, að jeg væri eitthvert „autoritet" í þessum málum, og það vita hv. þm., að jeg kann ekki þá list að teygja lopann, en segja þó ekki neitt, látast alt vita, en vilja ekkert hafa í hættu. Jeg fylgi fastlega fram mínu máli, eins og jeg hygg rjettast vera og best. En sje svo, að einhverjum háttv. þm. þyki þetta mál nýstárlegt, — um þýðingu skipulagsfræðinnar, — skal jeg leyfa mjer að sýna fram á, að fleiri menn líta eins á þetta mál og jeg. Skal jeg lesa upp fyrir háttv. deildarmönnum meðmælaskjal frá rector magnificus háskóla Íslands, próf. dr. phil. Sigurði Nordal, og annað frá próf. dr. phil. Guðmundi Finnbogasyni, svo ljóst verði, hvernig þeir líta á þetta mál og mann þann, sem jeg áður nefndi:

„Það er alkunnugt, að stúdentalíf við háskóla Íslands hefir eflst mjög að fjöri og athöfnum síðustu árin, og hitt vita allir, sem nokkuð þekkja til, að herra Lúðvík Guðmundsson hefir þar verið lífið og sálin í flestöllu, sem til framkvæmda hefir horft.

Með utanförum, brjefaskriftum og starfsemi hjer heima hefir hann reynt að leysa íslenska stúdenta hjer í Reykjavík úr fyrri einangrun þeirra frá umheiminum og erlendum stúdentum, og má telja stúdentaskiftin og upplýsingaskrifstofuna stórt spor í þessa átt. Þá er og stofnun Mensa academica að mestu hans verk, eins og stúdentar hafa fyllilega viðurkent. En það fyrirtæki virðist hafa verið rekið með dugnaði og hagsýni og hefir haft ómetanlega þýðingu fyrir fjelagslíf stúdenta, auk þess sem það hefir að öðru leyti bætt hag þeirra. Loks má geta þess, að herra Lúðvík Guðmundsson hefir mjög beitt sjer fyrir stúdentagarðsmálinu, sem best af öllu sýnir stórhug og atorku forvígismanna stúdenta nú á dögum.

Í málum þessum hefir hann sýnt mikinn áhuga og framtakssemi, ósjerplægni og *skipulagshæfileika*. Í slíkri starfsemi mundi hann vera á sinni rjettu hillu og geta komið þjóðfjelaginu að miklum notum. Jeg get því af bestu samvisku mælt með því, að honum verði gefinn kostur á að kynna sjer slíka starfsemi erlendis, þar sem hún er lengra á leið komin.

Reykjavík, 16. apríl 1923.
Sigurður Nordal.
(sign.)"

„Jeg hefi kynst herra stud. med. Lúðvík Guðmundssyni bæði hjer á landi og erlendis. Hann hefir með frábærum áhuga, ósjerplægni, hagsýni og dugnaði átt mikinn og góðan þátt í öllum helstu fjelagsframkvæmdum stúdenta hjer síðustu árin: Stofnun stúdentaráðsins, leiðbeiningarstofu stúdenta, er mjög hefir greitt fyrir stúdentum, er erlenda háskóla sækja, stúdentaskiftum, Mensa academica, er bæði hefir verið stúdentum efnalegur styrkur og glætt fjelagslíf þeirra, skipulagsskrá fyrir lánssjóð stúdenta, og síðast en eigi síst stúdentagarðsmálinu, er hann vinnur alt það gagn, er hann má.

Þekki jeg ekki annan ungan mann hjer,

er mjer virðist betur fallinn til að starfa að því að koma skipulagi á frjálsa samvinnu að ýmsum fjelagsmálum, er þarfnast óeigingjarnar forgöngu hugsjónamanns.

Nú hefir herra Lúðvík Guðmundsson sótt til Alþingis um lán nokkurt til utanfarar í þeim tilgangi að kynna sjer skipulag og tæki ýmislegra fjelagsframkvæmda, er til þjóðþrifa horfa, og er það sannfæring mín, að hann á þeirri ferð gæti sjeð og lært margt, er hann síðar gæti hagnýtt og komið á framfæri hjer á landi. Og þar sem vjer eigum vissulega fátt af víðsýnum hugsjónamönnum með löngun og þreki til að starfa að margvíslegum fjelagsmálum, er bíða úrlausnar, þá vil jeg óska þess, að herra Lúðvík Guðmundsson fái lán það, er hann biður um. Jeg efast ekki um, að hann mundi verja því vel, og gef honum mín bestu meðmæli.

Reykjavík, 17. apríl 1923.
Guðmundur Finnbogason.
(sign.)"

Jeg hefi leyft mjer að lesa þessi meðmæli upp hjer, til þess að háttv. þm. sjái, að það er ekki jeg einn, sem tel þennan mann mjög efnilegan eða slíka starfsemi til mikils gagns; auk þess hefi jeg lesið þau hjer til þess að hæstv. stjórn viti, hver meðmæli hann hefir haft. Þau hafa ekki komið fyrir fjvn., en koma nú fram svo allir mega sjá.

Nú hefi jeg og lýst því fyrir nefndarinnar hönd, hvernig við skiljum ákvæðið „til lokanáms", og að þessi upphæð á að vera áætlunarupphæð, sem stundum getur farið fram úr áætlun og stundum ekki.

Þessa aðferð, að veita lán fremur en styrki, tel jeg vera bæði mönnunum sjálfum happasælli og einnig hagfeldari ríkissjóði. Lánin verða greidd til hans síðar, en beinir styrkir ekki. Enda mundi slíkum styrkbeiðnum mjög fækka við þetta. Lán þessi eru auk þess svo trygg, að eigi mun þörf að gera ráð fyrir, að meira tapist en sem svarar 2% af þeim. (*Atvinnumálaráðherra KlJ*: Hvaða tryggingar eru fyrir þeim?) Þegar hæstv. ráðherra er búinn að koma mjer í sitt sæti, skal jeg ákveða tryggingarnar. Þangað til getur hann sjálfur ráðið þeim, þar sem svo er ákveðið í heimildunum fyrir lánunum, að þau skuli veita gegn tryggingum, sem stjórnin taki gildar.

Þá hverf jeg að nokkrum smábrtt., sem jeg hefi flutt. Það eru alt smáar upphæðir, sem þar er um að ræða, og ríkissjóðinn munar alls ekki um, en þá munar um, sem eiga að hljóta.

Sumar þessar upphæðir eru til hjálpar við nytsöm fyrirtæki, en sumar eru til að fyrra landið þeim vanheiðri, að veita ekki þá hjálp, sem skylt er að veita.

Þar er þá fyrst brtt. mín á þskj. 385, V. 1, um fjárveitingu til listaverkakaupa. Jeg hygg, að allflestir háttv. deildarmenn hafi verið mjer sammála um það við 2. umr. fjárlaganna, að þessi upphæð væri og lág, og því legg jeg til, að hún verði færð upp í 6 þúsund. Jeg hefi þegar áður tekið það fram, að það er ekki rjett að styrkja með fjegjöfum fullnuma mann, sem fyrir löngu hefir lokið námi, hefir farið til Ítalíu og náð fullum þroska í listinni. Þá er það auðnumissir fyrir hann að þurfa að leita sjer styrks. En það er gleði fyrir hann, ef keypt eru verk hans, og það er sómi landsins að gera það. Ekki vegna hans sjálfs, heldur vegna þess, að það er viturlegt og landinu hagur að kaupa meðan verkin eru ódýr. Því að það sannast æ, að þau verða margfalt dýrari síðar, þegar þau eru orðin annara manna eign, og eftirsóttari, er frá líður. Kostar þá oft tugi

þúsunda, sem áður mátti fá fyrir eitt þús. krónur. Er þetta því bæði hagur landinu og listamanninum, sem það auk þess fær gleði, að verk hans eru keypt til minja handa landinu.

Þó jeg hafi sagt, að þingið tregðist við styrkveitingar til listamanna, er það þó íslensku þjóðinni til sóma, hvernig hún hefir farið að við listamenn sína. En það hefir kostað mörg og á stundum hörð orð, bæði mig og aðra.

Það er sómi hverrar þjóðar sem er að eiga slíkt safn sem er safn Einars Jónssonar. Enda eru allir útlendir menn, sem hingað koma og skyn bera á slíka hluti, á sama máli um það, að safnið sje hin dýrmætasta eign. Engu minni sómi er og að því, þegar sjest, að sú stjórn, sem auðnaðist að vera til, þegar miklir menn komu fram meðal þjóðarinnar, hefir styrkt þá til frama og haft þá forsjálni að kaupa dýrmæt listasöfn við litlu verði, en þó um leið hjálpað fátækum mönnum, sem voru að brjótast fram með framtíð landsins og sóma þjóðarinnar í fangi sjer.

Mun þetta vissulega síðar verða þjóðinni til engu minni frægðar og sóma en verk Snorra Sturlusonar, og fer hjer saman sómi landsins í nútíð og framtíð og hagur og gleði fátækra listamanna. Veit jeg því, að allir hv. deildarmenn munu nú vilja hækka lið þennan, svo að þó verði keypt eitt listaverk á ári, og eigi síst fyrir það, að nú hefir styrkurinn til listamanna verið færður svo niður, að hann er eigi ⅓ af því, er hann var fyrir styrjöldina miklu.

Svo hefi jeg komið með brtt. um fjárveitingu til Bókmentafjelagsins, á sama þskj., tölul. V, 2, til að gefa út Íslandslýsingu Þorvalds Thoroddsens, sem er hin mesta nauðsyn að haldið verði áfram. Tók jeg að mjer flutning þessarar tillögu, þar sem form. fjvn. mæltist til þess við mig, af því þetta mál var orðið of seint á ferðinni, er nefndin var búin að ljúka störfum sínum að öðru leyti. Sögufjelaginu ætla jeg einnig nokkru hærri styrk, vegna þess, hve dýrt er að fást við útgáfu bóka þeirra, er það gefur út. En það eru ýms merk og mikilsvarðandi heimildarrit, sem fáir kaupa, en eru vísindamönnum hin nauðsynlegustu. Er þessi styrkur ætlaður til þess, að fáein smárit geti komið út á ári. Veit jeg, að hæstv. atvinnumálaráðherra styður báðar þessar tillögur mínar.

Þá er næst styrkur til að gefa út Lög Íslands, 100 kr. á örk. Er það útgáfa sú, er Einar heitinn Gunnarsson byrjaði á; er lagasafnið saman tekið af Einari prófessor Arnórssyni, og því gott rit og merkt, en kom eigi nema lítið af því út. Sakir þess, að Einar Gunnarsson er nú dáinn, er það-an eigi lengur að vænta framhaldsins, en börn hans öll of ung til þess að þau geti látið þetta mál til sín taka. Þó snertir þetta mál þau allmjög, er upplagið af því, sem þegar er út komið, er þeim verðlaust, ef verkinu verður eigi haldið áfram. Fáist samþykki hv. þings fyrir þessari fjárveitingu, hefir hr. Egill Guttormsson lofað að kaupa þetta upplag af búinu fullu verði, til þess að halda útgáfunni áfram. Jeg þykist vita, að menn muni ekki vilja veita munaðarleysingjum styrk, sem þeir ættu að fá annarsstaðar frá, en vart munu þó háttv. þm. letja, þó þeir njóti af, um leið og unnið er að nauðsynlegu verki. Auk þess var Einar Gunnarsson svo alkunnur og merkur maður, að það ætti fremur að greiða fyrir þessu máli. Hverf jeg svo frá þessu, en vænti þess fastlega, að háttv. þm. greiði þessu jákvæði.

Þá er 5. brtt., um Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Alþingi tók þennan öldung

að sjer í því skyni, að hann fengi þá betur notið sín og ætti betri daga, það sem eftir væri æfinnar. En það var ekki tilætlunin að skera svo við nögl sjer fje við hann, að hann geti ekki lifað áhyggjulausu lífi. Það munu allir sjá, að 4000 kr. er fulllítið til að lifa af; 5000 kr. liggur nær því að vera boðlegt, þótt varla hefði mátt vera minna en 6000 kr. Jeg þorði þó eigi að fara svo hátt, af ótta við, að ekki fengist samþykt, og taldi þetta líklegra.

Þá hefi jeg lagt til, að Einar Jónsson fái sömu upphæð. Þó að hann lifi spart og hafi íbúð sjer að kostnaðarlitlu, þá veit jeg eigi, hvort afkoma hans er þó of góð. En hann vinnur og að því að skreyta húsið með verkum, sem eiga síðar að verða eign landsins, og mætti hann því fá eitthvert kaup þar fyrir, sem fyrir hvert annað verk. Auk þess er hann lítill fjesýslumaður, og því þess meiri nauðsyn að veita honum þetta. Sem dæmi þess, hve lítt honum er sýnt um að beiðast eða leita fjárstyrks, get jeg nefnt það, að eitt sinn kom til mín einn kunningi hans og bað mig að leita honum einhversstaðar fjár, þar eð mjög mundi þröngt í búi hjá Einari, þótt hann vildi eigi láta það vitnast. Spurði jeg þá, hvort Einar mundi hafa hafið þær 2 þús. kr., sem honum voru ætlaðar í fjáraukalögum það ár. Þetta vissi maðurinn eigi, en þegar jeg fór að grenslast eftir því, kom það í ljós, að Einar vissi alls ekki, að hann ætti fjárvon úr þeirri átt. Sýnir þetta ljóst, að honum er annað sýnna en að beiðast fjár. En hitt er enn kunnugra, að hann skapar unaðarstundir og hlátraheima, þeim er heimur grætir, með verkum sínum, sem seint munu fyrnast, og vænti jeg því, að háttv. þm. vilji gera mjer það til geðs, en sjálfum sjer til heiðurs, að samþykkja þetta.

Lárus Helgason: Jeg á brtt. undir tölulið 10, viðkomandi styrk til alþýðu- og barnaskóla í Vík. Svo er mál með vexti, að húsið, sem notað hefir verið í þessu skyni undanfarið, er nú allsendis ófullnægjandi, enda eru nú um 12 ár síðan það var bygt og þorpið algerlega vaxið upp úr því, þó það á sínum tíma væri í alla staði myndarleg bygging og nægði þorpinu vel með þeim íbúafjölda, sem þá var. En eins og kunnugt er, er ekki altaf gott að sjá fyrir, hvað þorp eins og þetta taki fljótum vexti. Eins og nú er komið, er húsið helmingi of lítið, og því er það, að ákveðið hefir verið að byggja við það. Í þessu sama húsi hefir undanfarin ár verið haldið uppi unglingaskóla, sem notið hefir styrks úr ríkissjóði, og hefir sú fræðsla, eftir því sem best verður sjeð, komið að góðum notum. Við höfum líka verið svo hepnir að eiga völ á góðum kenslukröftum; eru að minsta kosti 3—4 menn í þorpinu, auk barnakennarans, sem þessu starfi eru prýðilega vaxnir, og því mjög leiðinlegt að geta ekki eftirleiðis notið hæfileika þeirra. Hefir skóli þessi verið mjög aðsóttur og nemendur komið alla leið austan úr Öræfum og vestan undan Eyjafjöllum. Nú er útlit fyrir, að skóli þessi geti ekki haldið áfram, vegna húsleysis, ef ekkert er aðgert. Jeg ætla annars ekki frekar að orðlengja þetta og vænti, að allir hv. þm. muni sjá nauðsyn þessarar litlu fjárveitingar.

Þá á jeg aðra brtt. undir lið XXVII, ásamt hv. þm. Dala. (BJ). Eins og deildinni er kunnugt, var borin fram við 2. umr. brtt. viðvíkjandi viðbót við eftirlaun

sjera Bjarna Einarssonar, þannig, að eftirlaunin yrðu alls 1000 kr., en hún var feld með jöfnum atkvæðum. En þar sem undirtektirnar voru ekki lakari en þetta, hefir okkur komið saman um að fara fram á aðeins 200 kr. hækkun, og nema eftirlaunin þá 780 kr. Áður hefir í þessari hv. deild verið lýst fjárhagsástæðum þessara hjóna, og þarf jeg því ekki að endurtaka það nú, en vænti þess, að hv. deild verði vel við þessari litlu beiðni, eins og sakir standa.

Þá er enn brtt. á lið XXXVI, um það, að stjórninni verði ekki veitt heimild til þess að greiða þeim fyrverandi bankastjórum Birni Sigurðssyni og Birni Kristjánssyni dýrtíðaruppbót á eftirlaun þeirra. Þau virðast vera svo há, að segja mætti, að hið háa Alþingi gætti ekki mikils sparnaðar, ef það ljeti ekki dýrtíðaruppbót á þeim falla niður. Það hefir sýnt sig, að þingið hefir orðið að nema við neglur sjer styrk til bláfátækra manna — og fjarri sje mjer að fara að álasa því fyrir það — en hjer er um menn að ræða, sem alment eru taldir frekar vel efnum búnir. Að minsta kosti er óhætt að fullyrða, að annar þeirra eigi ekki við mikla fátækt að búa, og á jeg þar við Björn Kristjánsson. Hinn þekki jeg miður. Þessu til samanburðar vil jeg benda á það, að í fjárlögunum eru aðeins ætlaðar 600 kr. til Sigvalda Kaldalóns læknis, manns, sem lengi hefir verið í mjög erfiðu læknishjeraði, að maður minnist ekki á það, hve mjög hann hefir auðgað íslenskt sönglíf, og er nú farinn að heilsu. Jeg tala ekki um þetta af því, að jeg sje þessum manni kunnugur; jeg þekki hann ekki einu sinni í sjón, en jeg tek þetta til dæmis um það, hvað eftirlaun þeirra manna, sem jeg nefndi, eru ósæmilega há, í samanburði við þau eftirlaun, sem sumir aðrir verða að gera sjer að góðu. Og það er með slík dæmi fyrir augum, að jeg verð að álykta, að nægilegt sje að greiða þessum mönnum 4000 krónur. Og skal jeg svo ekki þreyta hv. þm. meira á þessu máli, en vænti, að þeir sjái, að hjer er ekki farið með neina ósanngirni.

Jakob Möller: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 369, sem máske þurfa skýringar við. Fyrsta till. er undir tölulið V, og mintist hv. frsm. fjvn. (MP) á hana að nokkru. Tillaga þessi hljóðar um það að veita, samkvæmt tillögum landssímastjóra, 17700 krónur til uppbótar á launum starfsmanna landssímans og talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík. Mjer skildist á hv. frsm. fjvn., að nefndin hefði ekki getað glöggvað sig svo á þeirri till., að hún gæti tekið afstöðu til hennar, og var þetta að vissu leyti eðlilegt. En hjer er átt við launauppbætur samkvæmt ákveðnum tillögum landssímastjóra til stjórnarinnar, sem eru fyrir hendi, og hygg jeg, að þær hafi legið fyrir nefndinni. Saman við þetta má ekki blanda till. landssímastjórans um ný embætti við símann; það, sem hjer er um að ræða, er aðeins uppbót á launum. Símamenn skrifuðu 12. mars til landssímastjórans og fóru fram á það, að stofnlaun lægri launaflokka yrðu hækkuð um 200 krónur, nema laun bæjarsímakvenna, sem skyldu hækka um 500 kr., en auk þess skyldu hækka aldursuppbætur lægri launaflokka um 100 kr., en fjöldi uppbótanna óbreyttur. Eftir þessum till. hefðu uppbæturnar numið 35000 krónum. Landssímastjóri skrifaði síðan til stjórnarinnar og ljet þess getið, að þó hann teldi þetta fyllilega sanngjarnt, þá gæti hann samt ekki, með tilliti til fjárhagsörðug-

leikanna, mælt með því, að svona langt yrði gengið, en lagði hins vegar til, að stofnlaun við bæjarsímastöðina yrðu jafnhá eins og símakvenna við landssímann, eða hækkuðu úr 900 kr. upp í 1200 kr. En auk þess lagði hann til, að aldursuppbót lægstu launaflokkanna þriggja yrði hækkuð um 100 kr., eða úr 200 kr. upp í 300. Þessar uppbætur nema samtals 17700 kr., og eftir því er mín brtt. sniðin. En þess skal getið, að ekki aðeins tillögur landssímastjóra, heldur einnig kröfur símamanna eru gerðar með hliðsjón af því, að frv. um hækkun dýrtíðaruppbótarinnar upp í 80% næði fram að ganga. Er það þá bersýnilegt, að enn brýnni þörf verður á þessari uppbót, eftir að sjeð eru forlög þess frv. Það verður víst heldur ekki um það deilt, að kjör við bæjarsímann í Reykjavík eru alveg óviðunandi. Stofnlaun kvenna eru þar 900 kr. og nema nú með dýrtíðaruppbót um 115 kr. á mánuði, en allir, sem til þekkja í Reykjavík, vita, að af því er ekki hægt að lifa fyrir nokkra manneskju. Raunar vinna þær ekki nema hálfan daginn, en vinnutímanum er þannig skift, að þær geta ekki notað frístundir sínar til að afla sjer tekna, því annan daginn vinna þær fyrri part dagsins, en hinn daginn síðari hlutann, auk þess sem vinnan er líka mjög breytandi. Enn fremur er í ráði að skifta vinnutímanum enn meir, samkvæmt tillögum lækna hjer í bænum, með því að talsvert hefir borið á veikindum meðal stúlkna við símann. Um hina aðra starfsmenn símans er það að segja, að kjörin eru næsta ljeleg. Stofnlaunin eru eftir flokkum 2200 kr., 1800 kr., 1600 kr., 1400 kr. og 1200 kr. Hjer er samt ekki farið fram á neina uppbót nema á lægri flokkunum, sem hafa 1800 kr. laun og þar fyrir neðan, og aðeins þannig, að aldursuppbótin hækki. Símamenn þykjast ekki geta haldist við með þessum launum, enda bjóðast þeim betri kjör við margt annað, t. d. fá þeir sem loftskeytamenn á skipum alt að helmingi meiri laun en við landssímann. Afleiðingin af þessu gæti orðið sú, að síminn misti sína bestu starfsmenn, nefnilega þá, sem helst gætu aflað sjer atvinnu annarsstaðar. Enda hefir sú orðið raunin á um símastúlkurnar, að þær hafa horfið frá starfi sínu við símann, strax er þeim hefir boðist atvinna við annað, og því eru einatt viðvaningar að starfi þar, en það kemur aftur niður á þeim, sem símann nota, og er ekki að undra, þó símaafgreiðslan fari stundum í ólestri, þegar svona er í garðinn búið. Það er því ekki aðeins með hag símafólksins fyrir augum, að jeg ber fram þessa brtt., heldur einnig með tilliti til símans sjálfs og almennings, sem þarf að nota hann. Jeg sá mjer samt ekki fært að fara lengra í tillögum mínum en þetta. Jeg vildi ekki koma með þessar breytingar sem breytingar á launalögunum, því þar sem gera má ráð fyrir, að taka verði fyrir til íhugunar öll launamál landsins á næstunni, þykir mjer eðlilegt, að Alþingi vilji ekki hrófla við lögunum fyr eða gera breytingar á einstökum liðum þeirra. — **Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta, en** óska þess, að ef nefndin getur ekki fallist á tillögur mínar, þá gefi hún skýringar á þeirri afstöðu sinni.

Þá er brtt. undir tölulið IX, um 100000 króna styrk til byggingar barna- og alþýðuskóla í Reykjavík. Nafninu er hagað svo til að halda samræmi við aðra slíka liði í fjárlögunum. Öllum mun kunnugt, hvernig ástatt er um barnaskólann í Reykjavík. Hann er upphaflega bygður yfir 600 börn, en nú eru í bænum um 1400 börn á skólaskyldualdri. Það, að hægt hef-

ir verið að komast af með skólann undanfarið, er vegna þess, að tvísett er og þrísett í bekkjunum á daginn, auk þess sem leigðar eru kenslustofur úti í bæ. En þar sem hjer er um ⅕ hluti landsmanna saman kominn, liggur það í augum uppi, að miklu varðar fyrir þjóðina, að bót sje á þessu ráðin, því verði misbrestur hjer á uppeldinu, getur ekki hjá því farið, að það setji merki sitt á þjóðina. Jeg hefði nú samt ekki dirfst að koma með þessa brtt., hefði ekki áður verið hjer á ferðinni samskonar tillaga, og hún samþykt, með mínu atkvæði og hv. samþm. míns, 2. þm. Reykv. (JB) m. a. Við greiddum víst báðir þeirri till. atkv. með það fyrir augum, að Reykjavík fengi að njóta sama rjettar. Og þó tölurnar sjeu eðlilega næsta misháar, þá eru tillögurnar samt sem áður sambærilegar, þegar menn athuga íbúafjöldann. Skólinn í Reykjavík er áætlað að kosti um 1000000 kr., og er samkvæmt því aðeins farið fram á $^1/_{10}$ hluta af byggingarkostnaðinum. Það hefði auðvitað verið rjett að taka fram í tillögunni, við hvað væri miðað, en jeg gerði ráð fyrir ⅕, því jeg býst ekki við, að ráðist verði í dýrari byggingu í bráðina en sem kosti ½ milj. kr. Það kann máske að þykja illgirnislegt af mjer að fara að bera fram varatillögu þess efnis, að ef þessi styrkur til skólans í Reykjavík verði feldur, þá verði einnig feldur 6000 kr. styrkurinn til hins skólans, sem samþyktur var við 2. umr. En jeg get ekki fallist á það, að einum verði veittur samskonar styrkur, sem öðrum er neitað um. Því vil jeg mælast til þess, að brtt. hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) verði borin upp á undan minni tillögu, því annars býst jeg ekki við að geta greitt atkvæði um þá tillögu.

Þá kem jeg að tillögunni um styrkinn til Bjarna Sæmundssonar yfirkennara, sem jeg á að mæla með fyrir hönd sjútvn. Vil jeg þá fyrst og fremst þakka háttv. fjárveitinganefnd fyrir góðar undirtektir í því máli. Eins og mönnum er kunnugt, fer Bjarni Sæmundsson fram á það, að hann fái lausn frá embætti sínu, en haldi launum sínum áfram, til þess að hann geti eftirleiðis gefið sig óskiftan við fiskirannsóknum. Laun hans eru nú 5000 kr., auk dýrtíðaruppbótar, sem ekki verður sagt um, hvað mikil verði. Meiri hl. sjútvn. lítur svo á, að afarmikilsvarðandi sje, að hann geti haldið áfram og gefið sig framvegis óskiftan við því starfi, er hann hefir lengi unnið að með miklum dugnaði og góðum árangri.

Hann er nú hins vegar kominn það á efri ár, að þess er varla að vænta, að hann geti hjer eftir sem hingað til skift sjer á milli kenslunnar og vísindanna. Hann álítur því, að hann verði að sleppa öðruhvoru, en dregur enga dul á það, að hann kysi heldur að gefa sig við vísindastarfseminni. Það væri líka tæplega verjandi af þjóð, sem lifir mestmegnis á fiskiveiðum, að gera ekkert til þess að rannsaka fiskigöngur eða lífsskilyrði, einkenni og eðli fiska við strendur þess, þar sem aðrar þjóðir verja offjár til þessa, og það þó þær eigi minna undir fiskiveiðum en við, t. d. Danir.

Jeg geri ráð fyrir því, að jeg þurfi ekki að gera nánari grein fyrir því, hve mikið gagn þessi maður hefir unnið, bæði í vísindalegu og praktisku tilliti, t. d. með því að bæta veiðiaðferðir. Auk þess ætti hann framvegis að vera ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum, er að þessum efnum lúta. Vil jeg í því sambandi minna á meðmæli þau, sem hann hefir frá Fiskifjelaginu og Búnaðarfjelaginu.

Þá á jeg brtt. við staflið 16, um það að hækka nokkuð styrkinn til Páls Ísólfssonar. Við 2. umr. var samþykt hjer að veita honum 3 þúsund krónur, en jeg fer nú fram á 5 þús., eða til vara 4 þús. Á síðasta þingi fór nokkuð slysalega með veitinguna til þessa manns, þó þessi hv. deild sýndi það annars, að hún vildi styrkja hann. En hv. Ed. lækkaði þann styrk um helming, úr 4 þús. í 2 þús., en þegar fjárlagafrv. kom aftur til Nd., komst ekki hækkunartillaga, sem jeg bar fram, undir atkv. Væri það því ekki nema sanngjörn uppbót fyrir það, að styrkurinn yrði hækkaður nú. Annars er maðurinn svo alkunnur hjer, að jeg þarf ekki að lýsa honum eða starfsemi hans. En nú er svo ástatt fyrir honum, að sjálfs hans sögn, að ekki er nema um tvent að velja, annaðhvort verður hann nú að hætta alveg námi sínu og láta við það sitja sem komið er, eða þá að taka síðasta sprettinn nú undir eins. Hann hefir nú um alllangan tíma ekki átt kost á því að njóta kenslu eða iðka list sína á hæfileg hljóðfæri, svo að hann kveðst heldur hafa tapað á síðasta ári en hitt. Ef Alþingi vildi stuðla að því nú með ríflegri styrkveiting, að hann næði fullkomnun í list sinni, mundi sjálfsagt ekki þurfa að óttast, að hann leitaði aftur á náðir þingsins. Í fyrra voru lesin upp hjer meðmæli þau, sem hann hefir frá kennurum sínum, og voru þau mjög lofsamleg, og get jeg látið mjer nægja að vísa til þeirra. Efast jeg ekki um, að hv. deild muni telja hann maklegan alls hins besta.

Í sambandi við þetta vil jeg einnig minnast á aðra till. sem jeg á, sem sje um dálitið framlag, 1500 kr., til hljóðfæraskólans í Reykjavík. Við 2. umr. var styrkur til þessa skóla feldur hjer, sennilega af því að hann hefir þótt of hár, en er nú farið fram á minna. En þessi hv. deild hefir við ýms önnur tækifæri sýnt það, að hún hefir áhuga á eflingu söngmenningarinnar, og mun því væntanlega ekki bregðast í þetta skifti. Hljómlistarþroskinn gæti líka mjög stuðlað að því að auka þekkingu á landi okkar og þjóð erlendis og að því að koma okkur í samband við aðrar menningarþjóðir og á bekk með þeim. En þessi skóli er einmitt til þess ætlaður að auka hjer hljómlistarþekkingu og áhuga, og má mikils af honum vænta, ef hann er sæmilega styrktur, svo að hann geti starfað.

Þá á jeg einnig brtt. við staflið 18, um það að hækka styrkinn til templarareglunnar. Það hefir komið til mála að láta alt fje, sem af áfengisversluninni kæmi, renna til eflingar bindindisstarfsemi í landinu, en jeg geri ekki ráð fyrir því, að það nái fram að ganga. Hins vegar hefir starf templarafjelagsins nokkuð fallið í mola á síðustu árum, og því þörf á auknu fje til þess að koma því í fult fjör aftur, en hins vegar viðurkend nauðsyn þess, að svo sje. Ef mönnum þætti aðaltill. of há, hefi jeg haft aðra til vara og vænti þess, að hv. deild samþykki aðrahvora.

Við staflið 28 á jeg líka litla brtt., þar sem um er að ræða smávegis styrk til prestsekkju einnar. Hún er nú komin á grafarbakkann og lifir við þröngan kost, en langar til þess, eins og hún segir, að eiga fyrir útförinni sinni. Mun jeg ekki þurfa að mæla meira fram með þessu, því jeg efast ekki um, að hv. deild samþykki þetta. Jeg get þó aðeins drepið á það, að þessi kona var fyrirmyndar búkona á sinni tíð og var forvígiskona ýmsra nýmæla í sinni sveit, einkanlega garðræktar. Hún hefir nú verið ekkja í

meira en 20 ár og aldrei fengið styrk umfram lögmælt eftirlaun, er munu vera eitthvað á annað hundrað króna.

Loks á jeg brtt. á þskj. 385, við 23. gr. tölulið 8, um að stjórn Landsbankans heimilist að greiða fyrverandi starfsmanni sínum, Árna Jóhannssyni, nokkur eftirlaun. Hann var eins og kunnugt er útibússtjóri bankans á Eskifirði, en gat ekki verið þar til lengdar, aðallega vegna heilsuleysis konu sinnar, og svo sjálfs sín; honum hafði verið veitt það starf einmitt vegna kunnugleika hans á Austfjörðum. Hann hafði áður en hann fór orðið að selja hús sitt hjer í Reykjavík fyrir lítið verð, en skömmu síðar hækkuðu öll hús í verði, og beið hann yfirleitt allmikið fjárhagslegt tjón við þessa hrakninga. Auk þess má geta þess, að ýmsum fanst þessi maður hafa verið órjetti beittur áður, er bókarastaðan við Landsbankann var veitt síðast. En um það skal jeg ekki dæma. Þá tókst svo slysalega til, að þegar hann slepti útibússtjórastöðunni, gat hann ekkert starf fengið hjer við bankann. Áður hafði hann haft þar allvel launaða stöðu og var talinn með færustu starfsmönnum bankans og öllu nákunnugur í bankanum. Nú hefir hann að vísu einhverja stöðu við Íslandsbanka, en við lítil laun, og er honum því bæði þörf þessara litlu launa og á sanngirniskröfu á þeim.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það eru nokkrar brtt., sem jeg verð að víkja að nokkrum orðum, en skal vera stuttorður. Fyrst er brtt. á þskj. 369, um hækkun framlagsins til Hróarstunguvegarins. Jeg er henni samþykkur og finst hún eðlileg, þegar hækkaðir eru aðrir samskonar liðir.

Um till. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) um Geysishúsið, skal jeg fyrst og fremst segja það, að jeg skil ekki alveg, hvers vegna þetta er talið með vegafje. En hvað svo sem líður rjettmæti þessarar byggingar, verð jeg að mótmæla henni, ef til þess er ætlast, að upphæðin eigi að dragast frá vegafjenu.

Þá eru ýmsar till. um það að auka við símana. En jeg er hálfhræddur við allar þessar viðbótartill. Áður voru komnar 7 línur, upp á eitthvað 200 þús. kr., og nú á að bæta 65 þús. við, þó með þeirri athugasemd, að ekki skuli til þessa koma, nema tekjur hrökkvi til. Jeg ætla að sjálfsögðu ekki að fara að mótmæla nýjum símalagningum, en jeg vil aðeins vekja athygli á því, að hætta getur verið á því, að einmitt samþykt svona margra lína, sem litlar horfur eru á, að unt verði að framkvæma, geti orðið til þess að draga úr öllum framkvæmdunum, líka þeim, sem annars hefði verið kostur á. Það er ekki ólíklegt, að athugasemdin verði meira notuð en liðurinn sjálfur.

Um brtt. hv. 1. þm. Reykv. (JakM) við stafl. V, um uppbót til starfsmanna landssímans og símakvenna við bæjarsímann, skal jeg geta þess, að landssímastjórinn vildi fá allríflega viðbót við laun símamanna, en jeg sá mjer ekki fært að flytja brtt. í þá átt, sem landssímastjórinn fór fram á, við fjárlagafrv. Það hefði verið nær að breyta launalögunum, því það rekur hvort sem er að því fljótlega, að gera þarf gagngerða breytingu á þeim, en hún er varla tímabær nú. Álít jeg því rjettast að láta þetta einnig bíða þess. Hins vegar var mjer það fullljóst, að nauðsyn bar til þess að hækka laun hjá vissum flokki þessara starfsmanna, sem harðast hefir orðið úti. Jeg held nú ekki, að símamenn sjeu yfirleitt ver launaðir en alment er um opinbera starfsmenn, en hitt er víst, að stúlkurnar við bæjarsímann eru miklu ver launaðar. Þær hafa að stofn-

launum 900 kr., en sanngjarnt væri, að þær hefðu sama og stúlkurnar við landssímann, því þær hafa að minsta kosti ekki minna að gera en þær. Hefir háttv. fjvn. einmitt átt kost á því að kynna sjer þetta með eigin augum nú nýlega. Og þó símastúlkurnar starfi nú ekki nema hálfan daginn í einu, þá mun vera í ráði að breyta þessu á þá leið, að þá verður enn erfiðara fyrir þær að vinna sjer inn nokkuð aukreitis; og það sjá víst flestir, að á 111 kr. mánaðarkaupi lifir engin stúlka hjer í Reykjavík, að minsta kosti ekki, ef hún á engan að. En þær, sem eru í foreldrahúsum, kunna að geta komist af með þau laun.

Þá kem jeg að 13. gr. D. IX, sem er nýr liður samkvæmt till. fjvn. og hljóðar um uppbót til A. L. Petersens, fyrrum símastjóra í Vestmannaeyjum. Á þinginu í fyrra kom fram þáltill., eins og menn muna, um að stjórnin ljeti rannsaka kærumál þessa manns og gera út um þau. Þessi till. var feld, en í Sþ. var síðan samþykt till. um að alt málið væri rannsakað í heild og álit rannsóknarmanna síðan lagt fyrir þingið.

Samkvæmt þessari þál. skipaði stjórnin síðan þriggja manna rannsóknarnefnd, og áttu sæti í henni tveir lögfræðingar og einn símamaður. Þessi nefnd skilaði nú í þingbyrjun áliti sínu, og hefir háttv. fjvn. haft það til meðferðar.

Jeg ætla mjer ekki að dæma neitt um mál þetta, aðeins benda á það, að þar sem hv. fjvn. leggur til, að Petersen sjeu greiddar 10000 kr., þá er það í raun og veru sama og að hann fái 15000 kr., þar eð honum voru greiddar af fyrverandi fjrh. (MG) 5000 kr. „í eitt skifti fyrir öll“ og afsalaði hann sjer þá frekari kröfum á hið opinbera.

En nú hefir rannsóknarnefndin talið sanngjarnt, að honum sjeu greiddar 5000—10000 krónur, og segir hún um þetta atriði:

„Nefndin býst einnig við því, að krafa Petersens fari ekki *svo* langt fram úr hófi, að 10 þús. kr. sje ekki nær hinu rjetta en 5 þús kr.“ — eða að öllu samanlögðu 10000 kr., og ætti þá fullnaðaruppbótin að vera 5000 kr.

Um leið og jeg hefi rifjað upp mál þetta, hefi jeg gert grein fyrir því, hvað gert hefir verið í málinu samkvæmt þál. síðasta Alþingis.

Þá hefir hv. fjvn. lagt til, að veittar væru 20 þús. kr. til rafmagnsveitu á Hólum. Hvanneyri hefir þegar verið raflýst, og mælir öll sanngirni með því, að Hólar fái samskonar lýsingu, enda hefir þess verið beiðst.

Jeg vildi því ljá þessari till. liðsinni mitt.

Frá háttv. fjvn. er engin brtt. við C-lið 13. gr., um styrk til strandferða og flóabáta. Aftur á móti liggur fyrir nál. frá samgmn. Gerir sú nefnd engar brtt. við fjárlagafrv., en telur víst, að til meiri útborgana komi á þessum lið, sem er einungis *áætlunarliður*, og því má láta hann standa óbreyttan.

Í þessu sambandi vil jeg skýra hv. deild frá því, að nýja strandferðaskipið, Esja, er væntanlegt hingað á morgun.

Í sambandi við XIX. lið á þskj. 369 skal jeg geta þess, að forseti Búnaðarfjelagsins hefir tekið fram, að styrkur sá, er þar um ræðir, verði ekki meiri en 20000 kr. Annars er þessi fjárveiting mjög svo bundin við frv. til jarðræktarlaga, sem nú liggur fyrir þinginu, en óútsjeð er um afdrif þess.

Þá er brtt. á þskj. 379, frá báðum hv.

þm. N.-M. (ÞorstJ og BH), um styrk til Víglundar Helgasonar á Hauksstöðum.

Brtt. þessi kom mjer satt að segja nokkuð ókunnuglega fyrir sjónir, því jeg vissi ekki betur en að þetta væri algerlega útkljáð mál.

Maður þessi hefir aldrei verið fastur starfsmaður ríkisins, en mun hafa verið línueftirlitsmaður um nokkurt skeið. Fyrir nokkrum árum datt hann ofan úr símastaur og meiddist hann talsvert í baki. Síðan hefir hann fengið þrautaköst, sem ágerast, og telst læknum svo til, að ekki sje ósennilegt, að þau stafi af meiðslum þessum, en ekki eru þeir þess samt fullvissir. Þess vegna var það í fyrra, að jeg samþykti, að landssímastjóri mætti greiða manni þessum 1500 kr. í eitt skifti fyrir öll, og eftir brjefi að dæma, sem jeg fjekk frá honum, gat jeg ómögulega skilið öðruvísi en þar með væri þetta útkljáð mál að öllu leyti.

En nú er farið fram á, að hann fái í viðbót 300—500 kr. árlega, og fæ jeg ekki sjeð, að hann eigi neinn rjett á því.

Það er hart, ef menn, sem gert hafa samning við stjórnina um að máli skuli lokið, skuli síðan koma til þingsins með kröfur sínar á ný.

Þessi maður er að vísu fátækur barnamaður, og má því virða honum til vorkunnar, þó að hann reyni með öllu móti að afla sjer tekna, en samt tel jeg ekki rjett að veita styrk þennan, nema þá ef fullar sannanir kæmu frá læknum um, að þrautaköstin stafi beinlínis af áðurnefndum meiðslum.

Þá kem jeg að XXXV. lið á þskj. 369, sem er brtt. frá hv. fjvn., um að heimila stjórninni að greiða Eimskipafjelagi Íslands alt að 60 þús. kr., ef nauðsyn krefur. Jeg verð að þakka hv. fjvn. fyrir það traust, sem stjórninni er sýnt með þessari till. Annars var jeg ekki viðstaddur, þegar hv. frsm. (MP) talaði, og veit því ekki, hvort þessi fjárveiting er nokkru skilyrði bundin eða hvort stjórnin á að meta, hve nær nauðsyn krefur.

Jeg býst við, að verði heimild þessi samþykt, þá komi nauðsynin bráðlega, og væri því gott að vita, hvort stjórnin á eingöngu að fara eftir eigin áliti í þessu efni.

Umræður hafa nú orðið svo langar, að jeg vil ekki tefja meira, enda þótt jeg hefði gjarnan viljað minnast á einstaka fleiri brtt.

Forsætisráðherra (SE): Það var ekki til að spilla fyrir málinu, er jeg, þegar háttv. frsm. (MP) talaði um lán handa efnismönnum til lokanáms, skaut að honum ákvæðinu um tryggingarnar. Ef fylgja á sömu reglu með þessi lán og önnur, og það mundi stjórnin gera, ef henni kæmi ekki heimild til annars, sem sje að heimta veð í fasteign, þá kemur lánsheimildin að litlu gagni. Þeim, sem eiga slíkar eignir, verður sjaldan vant til fjár í öðrum peningastofnunum landsins. Jeg leyfi mjer að benda hv. fjvn. á þetta.

Þá vil jeg minnast á örfáar brtt. og er þá fyrst brtt. nr. VII á þskj. 369, frá hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), um utanfararstyrk til barnakennara. Jeg vil mæla með þessari brtt. Mjer er kunnugt um, að kennarar hafa notað sjer styrk þennan mjög vel undanfarið og haft mikið gagn af, enda er þeim bráðnauðsynlegt að fylgjast með andlegum straumum í hinum mentaða heimi.

Þá kem jeg að XXXVI. brtt. á sama þskj., frá háttv. þm. V.-Sk. (LH), um að dýrtíðaruppbót Björns Sigurðssonar fyrrum bankastjóra falli niður. Eins og kunnugt er, gegndi hann bankastjórastöðunni fram að ófriðarárunum, þá er hann var

tekinn frá því starfi og varð sendimaður stjórnarinnar í London. Vann hann það starf sem önnur með stakri samviskusemi, og munu kunnugir votta, að dugnaður hans hafi verið landinu drjúgur í ýmsum málum, þótt ekki sje það í hámælum haft. Um það leyti, sem hann dvaldi í London, var þar alt annað en skemtilegt. Sífeldar loftárásir og hernaðarráðstafanir hrjáðu fólkið á allar lundir. Enda hrakaði heilsu hans svo á þessum árum, að hann er nú svo að segja gersamlega heilsulaus maður, og þar að auki fjelaus. Hefir hann bygt á því að halda þessum launum óbreyttum og spurði hann mig, áður en hann fór hjeðan, hvort sjer væri það ekki óhætt. Taldi jeg engan efa á því og tel ekki enn, því jeg veit, að hið háa Alþingi skerðir í engu eftirlaun þessa mæta manns, ekki síst þegar þess er gætt, að vegna veru sinnar í London misti hann heilsuna; annars væri hann líklega bankastjóri enn.

Þá eru nokkrar brtt. minni hl. fjvn. Fyrst er að hækka styrkinn til listaverkakaupa úr 4000 kr. upp í 6000. Vil jeg mæla með þessari till., en annars talaði hv. flm. (BJ) svo vel fyrir þessu máli, að jeg get þar engu við bætt. Jeg hefi aldrei sjeð betur en nú, hversu örðugt er að úthluta styrknum til listamanna. Stjórninni barst fjöldi umsókna með ágætustu meðmælum, en — fjeð var svo lítið. Mörgum varð að sleppa, og þó fjekk enginn meira en hann átti skilið. Miklu fremur hið gagnstæða.

Sömuleiðis vil jeg mæla með fjárstyrk til að gefa út Lög Íslands. Kæmi sjer mjög vel að því verki væri haldið áfram.

Gunnar Sigurðsson: Það eru tvær brtt. á þskj. 369, sem jeg ætla að minnast á.

Sú fyrri er að lækka styrkinn til dansk-íslenska fjelagsins úr 1000 kr. niður í 300 kr. Það ættu allir að vera sammála um, að styrkur til fjelags þessa væri lækkaður. Og þeir, sem ekki kæra sig neitt sjerstaklega um, að sambandið milli Danmerkur og Íslands sje eflt um hóf fram, ættu að taka till. sjerlega vel. Það er langt frá því, að jeg sje Danahatari, en þó sje jeg enga ástæðu til að efla samband landanna með fjárstyrk. Það væri miklu nær að styrkja fjelag, sem ynni að eflingu fullkomins sjálfstæðis Íslands og fullum skilnaði við Dani síðar meir.

Auk þess starfa hjer ýms fjelög að því að efla sambandið milli Íslands og annara landa en Danmerkur. Má þar nefna Alliance Francaise, Germania og Anglia. Þessi fjelög eiga ekki síður skilið að fá styrk. Við þekkjum Dani fullvel, en hinar þjóðirnar þekkjum við minna, og hefðum við þó gott af að kynnast þeim betur.

En ef við eigum að leggja þessu fjelagi nokkurn styrk, þá svara 300 kr. til þeirra 10000 kr., sem Danir leggja því nú, eftir fólksfjölda. Og borið saman við þjóðarauð beggja landanna ætti okkar styrkur að vera enn minni.

Hin síðari brtt., sem jeg ætlaði að tala um, er líka frá mjer og fer fram á að greiða Dýraverndunarfjelagi Íslands 1000 kr. styrk úr ríkissjóði. Jeg ætlaði upphaflega að tala ítarlega fyrir þessari brtt., en þar sem háttv. þm. hafa sett sjer þá reglu við þessa umr. að vera stuttorðir, vil jeg ekki brjóta hana.

Fjelagsskapur líkur þessum, sem hjer er farið fram á að styrkja, er starfandi um allan hinn mentaða heim og nýtur alstaðar opinbers styrks, nema hjer. Í raun og veru kemur öllum saman um það, að fara beri vel með skepnur. Ýms trúarbrögð, þar á meðal vor, hafa komið því inn hjá mönnum, að dýrin sjeu sköpuð fyrir þá einvörðungu. Það mundi sönnu

nær að telja dýrin aðeins óþroskaðri greinar á sama stofni, er heiðra sjálfsagðan tilveru- og verndarrjett. En það er ekki aðeins hin siðferðilega hlið þessa máls, sem heimtar, að farið sje vel með dýrin og að þeir sjeu styrktir, sem berjast fyrir því, heldur ber einnig að taka hagsmunahlið þessa máls til greina, því öllum má vera það ljóst, að skepnurnar eru til meiri nytja, ef vel er farið með þær. Jeg skal taka það fram, að jeg flyt tillögu þessa ekki að tilhlutun Dýraverndunarfjelagsins, enda er jeg ekki einu sinni meðlimur í því fjelagi. Kunna og vel að vera einhverjir gallar á því, en það er víst, að formaður þess er mjög áhugasamur um þessi mál, og margt gott liggur eftir fjelagið, t. d. hefir það komið upp skýli fyrir ferðamannahesta, en á erfitt með að halda því uppi, vegna fjárskorts.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg á eina brtt. á þskj. 369, sem jeg vona, að háttv. deild taki vel á móti. Þetta er 15000 kr. fjárveiting til nýrrar símalínu frá Þorlákshöfn að Nesi í Selvogi. Vegalengdin mun vera um 15 km. Brtt. þessi er borin fram af því, að Selvogshreppur er mjög afskektur, og eiga íbúar hans mjög erfitt með að ferðast, þar sem þangað liggja engir akvegir, og ekki er útlit fyrir, að þeir verði lagðir í náinni framtíð. Einnig er mjög örðugt um samgöngur á sjó þangað, því að svo brimasamt er þar, að engum strandferðabátum nje skipum er ætlað að koma þangað, frekar en til annara sjávarplássa austanfjalls. Ganga íbúarnir því svo að segja á mis við flest þægindi nútímans, sem ríkissjóður veitir öðrum, en borga þó í hann fult eins og aðrir, en njóta aftur einskis úr honum. Virðist því eigi aðeins sanngjarnt, heldur sjálfsagt, að unna þessum mönnum þeirra einu þæginda, sem hugsanlegt er, að þeir fái notið, án tilfinnanlegs kostnaðar fyrir ríkissjóð. Einnig vil jeg taka það fram, að ein ástæðan fyrir því, að mikil nauðsyn er að fá símalínu þessa, er sú, hversu erfitt er að ná til læknis úr Selvogi, því að það má nær því heita ógerningur, þar sem yfir mjög vondan veg er að fara og á leiðinni eru bæði sandar og stórt ferjuvatn. Væri það því mikil bót, ef hægt væri að tala við lækninn áður en farið væri af stað og fá hann á móti sjer. Gæti símalínan því í mörgum tilfellum orðið til þess að frelsa líf veikra manna í Selvogi. Þá vil jeg geta þess, að þessi símalína gæti komið til með að hafa mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn þar eystra, því að hjá Selvogi eru fiskimið góð, og þangað róa því mótorbátar til fiskjar bæði frá Eyrarbakka og Stokkseyri. En það kemur oft fyrir, að vjelar bila hjá þeim, og veit þá enginn á Eyrarbakka, hvað af þeim er orðið. Væri því einkar hentugt að geta símað frá Selvogi til Eyrarbakka, til þess að láta vita um bátana og jafnframt fá hjálp handa þeim. Þetta gæti því í mörgum tilfellum orðið til þess að bjarga lífi margra manna.

Vona jeg því, að háttv. deild líti svo á, að vel sje verjandi 15000 krónum til þess að bjarga lífi, þó ekki væri nema 10—12 manna í hvert sinn.

Jeg hefi átt tal um línu þessa við landssímastjóra, og er hann því hlyntur, að hún komi sem fyrst, þrátt fyrir það, þó að mikið sje fyrir af línum, sem þurfi að leggja. En mjer er mikið áhugamál, að lína þessi komist inn í fjárlögin 1924, því að þær línur eru venjulega lagðar fyr, sem komnar eru

inn í fjárlögin, en hinar, sem standa þar ekki. Jeg vil líka reyna eins og jeg get að greiða fyrir þessum fáu og fátæku mönnum, því að jeg veit, að það eru fáir, sem leggja sig í líma til þess að tala máli þeirra „fáu, fátæku og smáu". Og jeg á ekki víst, að þeir eigi sæti næst á hinu háa Alþingi, sem muna eftir íbúunum í Selvoginum, því að þeir eru svo fáir, að þeir ríða lítinn baggamun á kosningarnar í Árnessýslu.

Þá vil jeg geta þess, að Selvogurinn er sjerlega vel lagaður til nýbýla, ef sú hugsjón kemst í framkvæmd, svo vel, að óvíða mun eins vel til fallið að byggja nýbýli eins og einmitt þar. Því að þar eru flest þau skilyrði fyrir höndum, sem þurfa til þess að geta lifað á slíkum smábýlum, því að þar er mikið land, sem hentugt er til túnræktar, og jafnframt heiðalönd mikil, sem eru góð til útbeitar; einnig er þar fjárbeit góð og útræði er þar gott og fiskisæld mikil, svo nýbýlingarnir geta farið rjett út fyrir landssteinana til þess að sækja sjer í soðið, þegar þeir þurfa og hafa tíma frá jarðræktarstörfum sínum.

Einnig eru þar góð skilyrði til garðræktar, því að landið er fyrst og fremst hentugt, og svo er gnægð áburðar við sjóinn. Það er því áreiðanlegt, að ef hlynt er að þessu plássi, þá á það mikla framtíð fyrir höndum og hlýtur að aukast að íbúum, sem allir geta haft skilyrði til þess að geta lifað sæmilega. Mjer finst því, að allir háttv. deildarmenn, sem fylgjandi eru nýbýlahugmyndinni, ættu að styðja þessa fjárveitingu, því að, þótt landið sje gott og öll skilyrði fyrir hendi til nýbýlaræktar, þá er þó víst, að menn snúast ekki að því ráði fyr en komið er þangað símasamband. Því eins og kunnugt er, una menn því illa nú orðið að vera útilokaðir frá öllu sambandi við umheiminn. Það er því hið allra fyrsta skilyrði til þess, hægt sje að nota hið ákjósanlegasta land, sem til er sunnanlands til nýbýlaræktunar, að koma Selvogi sem allra fyrst í símasamband.

Þá á jeg aðra mjög fallega brtt. á þskj. 369, við 16. gr. fjárlagafrv. Gengur hún í þá átt að veita Skeiðaáveitufjelaginu 16000 kr. styrk. Það er ekki að nauðsynjalausu, að jeg flyt þessa styrkbeiðni. Því eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, hefir Skeiðaáveitufyrirtækið mishepnast svo gersamlega, að engin von er til þess, að Skeiðamenn geti risið undir þeim mikla kostnaði, sem af því leiðir, þar sem það varð svo óumræðilega dýrt, að í stað þess, sem áætlað var eftir mælingum verkfræðings ríkisins, 107 þús. kr., mun kostnaðurinn verða um 400 þús. kr. Að vísu leggur ríkissjóður fram ¼ kostnaðar, en þá eru eftir 300 þús., sem skiftast á 33 býli, sem eru á áveitusvæðinu. Þessir menn eiga því fullan rjett á því, að ríkissjóður bæti þeim þann mikla skaða, er þeir hafa orðið fyrir sökum þessarar vitlausu áætlunar; að minsta kosti það, sem kostaði að vinna klöppina, sem verkfræðingi ríkisins sást alveg yfir að finna, og tók því aldrei með í áætlunina. Og þar sem nú bændurnir á áveitusvæðinu bygðu einungis á áætlun ríkisverkfræðingsins, er auðsætt, að þeir eiga hjer enga sök á, hvernig komið er, heldur starfsmaður ríkisins, sem ríkið hlýtur að bera ábyrgð á. Eiga því bændur þessir kröfu á því, að ríkissjóður greiði þeim það, sem kostnaðurinn verður fram yfir það, sem áætlað var. Og geri ríkissjóður það ekki, verður það út úr, að menn þessir rísa ekki undir þessari miklu byrði, og má því búast við, að ann-

aðhvort missi landið þetta hjerað eða verði að taka það upp á sína arma, og gæti það orðið meira tap fyrir landið en þó borga þyrfti þennan styrk nú.

Vona jeg því, að háttv. þm. greiði atkvæði með styrkbeiðninni, svo bændurnir þurfi ekki að hrökklast frá búum sínum og sveitin leggist ekki í eyði þar af leiðandi. Það er hart fyrir bændur landsins að verða svo illa fyrir barði vanþekkingar og vanrækslu verkfræðinga ríkisins.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal takmarka mig með það að halda langa ræðu, fyrst og fremst sökum þess, að tíminn er orðinn naumur, og í öðru lagi vegna þess, að jeg er hálflasinn og illa fær til að sitja hjer lengi, þótt jeg geri það.

Jeg á enga breytingartill. til útgjalda við fjárlögin að þessu sinni. Er það ekki af þeirri ástæðu, að jeg telji mitt hjerað borga svo lítið til ríkissjóðsins, heldur af sparnaðarástæðum, og hefði jeg óskað, að háttv. þingmenn alment gættu þess að sníða kröfurnar dálítið eftir framlagi hjeraða þeirra til sameignarsjóðsins. — Suður-Múlasýsla borgar einna mest af öllum sýslum til almennings þarfa, og gerir þó kröfurnar minstar. (*SSt*: Norður-Ísafjarðarsýsla). Norður-Ísafjarðarsýsla, segir háttv. þm. (SSt); það má vera, að hún borgi eins mikið, en um það get jeg ekki sagt í svip, því að jeg hefi ekki landsreikninginn fyrir mjer.

Sá eina brtt., sem jeg á við fjárlögin nú, er á þskj. 369, XXXIII. liður. Fer hún fram á, að veitt verði klæðaverksmiðju á Reyðarfirði alt að 160000 kr. lán, þó ekki yfir ⅓ stofnkostnaðar.

Samskonar tillögu og þessa tók jeg aftur við 2. umr., sumpart vegna þess, að mjer þótti hún of há, og einnig af því, að þá var nýkomið álit ullariðnaðarnefndarinar. En nú geri jeg ráð fyrir, að háttv. þingmenn sjeu búnir að kynna sjer það og sjái, að jeg hefi farið rjett með álit nefndarinnar, er jeg gat þess við síðustu umræðu fjárlaganna hjer í þessari háttv. deild, en jeg var þá vændur um af einum háttv. þingdeildarmanni að hafa rangfært það.

Eins og háttv. deildarmönnum mun nú eflaust kunnugt, gerir ullariðnaðarnefndin ráð fyrir, að heppilegast muni verða fyrir ullariðnaðinn í landinu, að stofnuð verði ein allsherjar klæðaverksmiðja fyrir alt landið, í Reykjavík eða nágrenni hennar. En nefndin lætur jafnframt í ljósi, þótt ekki sje það með ákveðnum orðum, að þess muni verða langt að bíða, að slík verksmiðjuhugmynd komist í framkvæmd, og er það vitanlega alveg hárrjett, því að nærri er óhugsandi, að bændur um land alt verði svo hrifnir af þessari allsherjarhugmynd, að þeir fari að leggja árlega til hliðar töluvert af ullarframleiðslu sinni, til þess að aura saman í þessa allsherjarverksmiðju á mörgum árum, svo sem nefndin virðist ætla, og koma upp verksmiðjunni með margra ára söfnun. Hugmynd þessi er að vísu á bjartsýni bygð og góð, það sem hún nær, en óhugsandi er annað en hún þurfi langan tíma til þess að komast í framkvæmd, og eftir því seinlæti má ekki bíða, þegar þörfin rekur svo hart á eftir um innlenda dúka og takmörkun á innflutningi útlendrar dúkavöru.

Þá getur og nefndin þess, að ef ekki sjeu tiltök að koma þessari allsherjarverksmiðju upp, þá telji hún þó ýmsa aðra staði álitlega fyrir minni ullarverk-

smiðju, og nefnir meðal þeirra staði á Austurlandi. Og jeg skal geta þess af ur, sem jeg gat um við 2. umr. fjárlaganna hjer í deildinni, að þarna austurfrá er þegar vaknaður mikill áhugi fyrir þessu máli, því að búið er að safna í loforðum allmiklu fje í þessu skyni. Einnig vakir það mjög alment fyrir hugsandi mönnum eystra, að hefta verði, ef unt er, viðskiftin við Noreg um dúkavinslu, en þau hafa þangað dregist mjög hin síðari ár, og fara á þann hátt árlega allmiklar fjárhæðir út úr landinu. Það má vel vera, að fyrirtæki þetta komist ekki í framkvæmd á næsta ári, þótt lán þetta verði veitt í fjárlögunum, en jeg lít svo á, að það mundi nú þegar verða til þess að ýta undir, að fje yrði lagt fram á móti annarsstaðar frá, og í þeirri von ber jeg tillöguna fram. Gæti því svo farið, að upphvatningin, sem lánsfyrirheitið gæfi, hrinti fyrirtækinu af stað áður langt liði, af því að áhugi er mikill og almennur fyrir.

En ef háttv. þingmenn eru sannfærðir um, að allsherjarklæðaverksmiðju-hugmyndin sje svo góð, að þessari tillögu sje þar af leiðandi ekki sinnandi, þá er alveg rjett, að það komi hjer fram ótvírætt, og menn fái þá tækifæri til að greiða atkvæði um tillögu mína. Og verði hún ekki samþykt, þá hopar þingið frá því, sem það gerði í fyrra, er það hjet láni til ullarverksmiðju eystra, þótt lítið væri. Jeg á svo ekki fleiri brtt. við fjárlagafrv. við þessa umr.

En þó jeg vilji takmarka mig sem allra mest, þá get jeg samt ekki með öllu gengið fram hjá einstökum liðum á þskj. 369, því mjer þykja óvenjumargar fjárbeiðnir hafa slæðst þar inn, sem vitanlega skiftir ekki svo miklu máli peningalega hver um sig, en þær gefa sumar það fordæmi, sem sjeð kann að verða eftir síðar.

Vil jeg þá fyrst minnast á XXI. brtt. á áðurnefndu þskj. Þar ræðir um 500 kr. styrk til hannyrðakenslu vestur í Dölum. Hygg jeg þar endurreista þá dönsku „kunstflid", sem fjell hjer útbyrðis við 2. umr. Að vísu fjekk kona þessi styrk fyrir tveimur árum, en þó með mjög litlu fylgi, og hefði því ekki átt að koma aftur.

Á sama þskj. er einnig beðið um styrk fyrir einar þrjár konur aðrar, sem eflaust væri gustuk að hjálpa. En hvað margar ætli sjeu ekki annarsstaðar á landinu, sem líkt stendur á fyrir og tekið gætu móti slíkri hjálp? Ef nú er farið að veita nokkrum konum styrk á þennan veg, þá má búast við nokkrum tugum þurfandi ekkna á næstu fjárlög.

Þá vil jeg snúa mjer að IX. brtt. á þskj. 369, frá háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), sem fer fram á 100 þús. kr. styrk frá ríkissjóði, til þess að byggja alþýðu- og barnaskóla í Reykjavík, og tengir þessa till. við þá 6000 kr. upphæð, sem heitin var til byggingar barna- og alþýðuskólanum á Nesi í Norðfirði við 2. umr. fjárlagafrv. En svo leggur háttv. þm. það til, ef styrkurinn til Reykjavíkurskólans verði feldur, þá falli niður liðurinn um styrkinn til skólans á Nesi í Norðfirði. Háttv. þm. bjóst við, að jeg mundi líta á þessa till. eins og illgirnislega árás á Nesskólann og mig, en svo er ekki. Jeg lít ekki svo á, að þetta sje gert í neinum illum tilgangi, heldur sje þetta kompánlegt tilboð um hrossakaup, sem vitanlega geta oft verið afsakanleg og rjettmæt, þótt talin sjeu þau miður heiðarleg. En það, sem við þessi hrossakaup er að athuga, er það, að hjer er farið

fram á mjög ólík skifti, farið fram á að fá stríðaldan gæðing fyrir útlifaðan jálk, ef svo mætti segja. Annars vegar er hjer að ræða um stóra fjárfúlgu til viðbótarbyggingar þeim barnaskóla, sem stærstur er, vandaðastur og best útbúinn á landinu, en hins vegar litla upphæð til að gera nothæfan lítinn barna- og unglingaskóla í tiltölulega fjölmennu þorpi, sem beðið hefir og setið hjá, meðan fullnægt var þörfum annara kauptúna um skólabyggingar, og á nú að gjalda þess, að kröfur þess hafa verið hógværari en annara.

Það á eigi við að bera skólaþörf Rvíkur saman við þörf afskektra kauptúna úti á landshornum, sem ekkert hefir verið gert fyrir. Í Reykjavík eru allar helstu mentastofnanirnar. Sakar því minna þar en annarsstaðar, þótt barnaskólinn hafi takmarkað rúm, því að ýmsir aðrir skólar bæta það upp, og má þar nefna Landakotsskóla, skólann í Bergstaðastræti, skóla einstakra o. fl., ekki síst það, að sjálfur mentaskólinn er notaður fyrir unglingaskóla af Reykvíkingum.

Till. háttv. þm. Ísaf. (JAJ) um 15000 kr. styrk til byggingar barnaskóla á Ísafirði skoða jeg hliðstæða við tillögu háttv. 1. þm. Reykv. — Hún er af sömu rót runnin og jafnónærgætnisleg og hin.

En styrkur til barnaskólabygginga úr ríkissjóði hefir að þessu ætíð verið miðaður við barnaskóla utan kaupstaða, þar sem erfiðleikarnir á að fullnægja fyrirmælum fræðslulaganna um skólahald hafa verið mestir, en í kaupstöðum hafa þeir aldrei verið styrktir beint, heldur aðeins með lánum. Utan kaupstaða hafa þeir hins vegar verið styrktir að ⅓ byggingarkostnaðar, en hjer er aðeins farið fram á $^1/_{10}$, svo að ekki getur kallast, að djúpt hafi verið tekið í árinni um þessa fjárveitingu. Aftur á móti er hjer að ræða um tvær hliðstæðar tillögur minni tillögu. Á jeg þar við till. frá háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), um 2000 kr. styrk til að koma upp barnaskólahúsi á Eyrum í Seyðisfirði, og till. háttv. þm. V.-Sk. (LH), um styrk til viðbótar barna- og unglingaskólabyggingar í Vík. Báðar þessar till. eru í beinu framhaldi af stefnu undanfarinna ára. Því að Alþingi hefir nú um mörg ár, þangað til í fyrra, veitt nokkra upphæð, um 20000 kr., til styrktar slíkum skólabyggingum.

Það er rjett, að háttv. 1. þm. Reykv. studdi mína brtt. hjer við 2. umr. fjárlagafrv. um þennan styrk, og var því eigi nema mannlegt, að hann byggist við því, að jeg mundi verða til þess að styðja till. hans, „því æ sjer gjöf til gjalda".

En jeg sje mjer það ekki fært, sökum þess, að hjer er bæði um brot á reglu undanfarinna ára að ræða, og fjárhagurinn leyfir það heldur ekki; auk þess verð jeg að neita því, að till. hans og hv. þm. Ísaf. hafi við þá sanngirni að styðjast sem óskir vor hinna um styrk til skólabygginga.

Jeg hefði viljað drepa á margt fleira, en verð að sleppa því sökum þess, að jeg er ekki vel heill á þessari stundu, þótt jeg reyni til að sitja hjer í þeirri von, að 3. umr. um fjárlagafrv. verði lokið í kvöld.

Þó vil jeg geta þess, að háttv. frsm. fjvn. hefir gleymt að geta um brtt. mína við 12. gr. 12, sem jeg tók aftur við 2. umr., því jeg sje, að háttv. nefnd hefir ekki tekið hana upp. Jeg held, að þetta hafi verið óheppilegt, sökum þess, að það getur vilt niðurstöðu fjárlaganna. — Veit jeg, að þurfa muni miklu hærri

upphæð til berklavarna en þær 75000 kr., er stjfrv. áætlar, og þætti mjer ekki ólíklegt, að þurfa mundi alt að 200000 kr. Vil jeg taka þetta fram til þess að minna á, að hjer er óvarlega áætlað og að afleiðingin verður röng niðurstaða fjárlaganna, meiri tekjuhalli á fjárlögunum en tölurnar sýna.

Einar Þorgilsson: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 369. Í till. þessari er farið fram á, að ekkjunni Sigríði Halldórsdóttur Jónsson verði veittur 300 kr. styrkur. Er till. þessi líklega ein af þeim, er háttv. frsm. lýsti yfir í framsöguræðu sinni, að nefndin mundi verða á móti, því að hann sagði, að hún mundi verða á móti öllum breytingartill. á því skjali, sökum þess að ástæðurnar fyrir brtt. væru henni ekki ljósar. Vil jeg nú geta þeirra ástæðna, sem liggja til grundvallar þessari brtt., og vænti, að þeim yfirveguðum, að háttv. fjárveitinganefnd, eins og aðrir háttv. þingdeildarmenn, muni geta fallist á, að þær sjeu nægar og styrkbeiðnin sanngjörn, og þá jafnframt með tilliti til þess, að flestar eldri embættismannaekkjur hafa orðið aðnjótandi samskonar styrks.

Ekkjufrú Sigríður Jónsson er ekkja eftir Janus heitinn prófast Jónsson, er andaðist síðastliðið haust.

Hann ljet af prestsskap 1908 og stundaði eftir það kenslu við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Í laun fyrir kenslustarfið mun hann hafa haft 1100 kr., og auk þess naut hann eftirlauna sinna, 400 kr., með dýrtíðaruppbót. Þessar tekjur munu nokkurn veginn hafa nægt heimilinu til framfærslu fram að heimsstyrjaldarárunum, en eftir það hrukku þær ekki nándar nærri til. Eyddust því efni þeirra hjóna mjög, eftir að þau fluttu til Hafnarfjarðar, og munu nú mjög til þurðar gengin.

Jeg vil taka það fram, að ekkjan á lítið íbúðarhús, sem hún býr í, og þarf því ekki að gjalda öðrum fyrir húsnæði; en hins vegar er það svo lítið, að ekki er hægt að njóta af því annara tekna.

Ekkjan er orðin mjög aldurhnigin, 71 til 72 ára, og verður því að hafa stúlku sjer til aðstoðar, en nýtur nú ekki annara tekna en eigna sinna, sem mjer er ekki kunnugt um, að sjeu miklar, og svo þeirra litlu eftirlauna, er hún lögum samkvæmt fær eftir mann sinn.

Býst jeg við, að háttv. deild líti svo á, þar sem það hefir verið nær ófrávíkjanleg regla, að prófastsekkjur nytu samskonar styrks, sem með breytingartill. er farið fram á, að hjer sje um rjettmæta styrkbeiðni að ræða, og greiði vel fyrir till. Fel jeg háttv. deild hana í því trausti.

Þorleifur Jónsson: Jeg á litla brtt. á þskj. 385, sem jeg vildi fara um nokkrum orðum.

Það hefir verið farið fram á það á þingmálafundum í Austur-Skaftafellssýslu, bæði nú og áður, að símalínan yrði lengd vestur á bóginn. Hún nær nú í Hornafjörð, en í símalögunum er ákveðið, að hún skuli ná til Víkur í Mýrdal.

Nú hefir orðið frestur á þessu sökum fjárhagsvandræða, en nú þykir tími til kominn að fara að hugsa fyrir því að leggja þessa línu, þar sem sveitin er mjög illa stödd með það að vera alveg símalaus.

Jeg átti tal um þetta við landssímastjóra og spurði hann um, hvað símalínan frá Hornafirði til Kálfafellsstaðar mundi kosta. Áætlaði hann kostnaðinn um 20000

kr., auk kostnaðar við flutning á efni, sem hlutaðeigendur munu kosta sjálfir.

Virtist hann meðmæltur því, að byrjað yrði á línunni. Þegar símamálin voru til umræðu í fjvn., þóttist nefndin ekki geta gengið lengra en mæla með nokkrum símalínum, sem stjórnin og landssímastjóri töldu mesta nauðsyn bera til að vinda bráðan bug að. Vildi jeg ekki gera þetta að ágreiningsefni í nefndinni og bjóst við, að hv. þm. mundu láta sjer nægja þessar till. fjvn. En þegar einstakir þingmenn hafa komið fram með brtt. um símalagningar í sínum hjeruðum, þá get jeg ekki lengur setið hjá. Hefi jeg því komið fram með þessa till. um síma frá Hornafirði til Kálfafellsstaðar. Er hjer varlega farið, því spölur þessi er aðeins lítill hluti af allri þeirri leið, sem ákveðið er, að sími liggi, eftir símalögunum. Er og þess að gæta, að hjer er um fyrsta flokks síma að ræða, sem heimild er til eftir þessum sömu lögum að taka lán til að leggja.

Er hjeraðsbúum hin mesta nauðsyn á að fá símalínuna lengda vestur á bóginn. Hafa þeir verslun sína alla í Hornafirði, og þar situr læknirinn. Samgöngur eru þarna líka mjög erfiðar. Mælir því öll sanngirni með þessu.

Jeg játa það, að verði allir þessir símar lagðir, þá hefir það 300000 kr. gjaldaaukningu í för með sjer, en þess er að gæta, að sú aths. fylgir, að símar þessir verði ekki lagðir nema fje sje fyrir hendi, og því virðist þetta hættulaust. En jeg vildi koma fram með þessa till. einkanlega af því, að jeg vildi minna landssímastjóra, þing og stjórn á það, að þessi sími á ekki minni rjett á sjer, heldur meiri en hinir símarnir. Jeg heyrði á hæstv. atvinnumálaráðherra, að honum óaði svo við öllum þessum símabeiðnum, að hann taldi líklegast, að stjórnin mundi hika við að leggja nokkra þeirra. Jeg skal taka það fram, að jeg vil ekki bregða fæti fyrir, að byrjað sje fyrst á þeim símum, er stjórnin og landssímastjóri teldu bráðnauðsynlegasta. Jeg vildi aðeins minna á þann rjett, sem þessar sveitir hafa á því að fá síma.

Lárus Helgason: Jeg vildi víkja nokkrum orðum að hæstv. forsætisráðherra út af mótmælum hans viðvíkjandi till. minni um að dýrtíðaruppbót verði ekki greidd á eftirlaun þeirra bankastjóranna Björns Sigurðssonar og Björns Kristjánssonar. Jeg hefi að vísu heyrt, að þessi dýrtíðaruppbót sje lofuð þeim. En þá skil jeg ekki, hví verið er að koma með hana í fjárlögin, nema svo sje, að aðeins sje um munnlegt loforð frá stjórninni að ræða.

Alþingi verður oft að neita efnalausum mönnum og sárþurfandi um lítilfjörlegan og rjettmætan styrk. Líka má t. d. benda á það, að skamt er síðan felt var hjer í háttv. deild að auka dýrtíðaruppbót embættismanna í Reykjavík, og munu þó margir þeirra hafa verið þurfandi fyrir það.

Þegar litið er til þessa, held jeg, að rjett sje að hugsa sig tvisvar um áður en farið er að veita dýrtíðaruppbót á jafnhá laun sem hjer er um að ræða.

Þótt bankastjóri Björn Sigurðsson væri tekinn úr bankanum á stríðsárunum til þess að gegna öðrum störfum fyrir ríkið, þá tel jeg ekki þörf á því þess vegna að veita honum dýrtíðaruppbót á þessi eftirlaun. Maður þessi er mjög vel að sjer og vel starfhæfur. Eru nú bankastjórastöður við Íslandsbanka lausar, og hygg jeg, að flestir mundu hyggja gott til, að þessi maður fengi þar pláss, og það þótt heilsa hans sje jafnvel ekki mjög sterk.

Hygg jeg líka, að heilsu hans mundi betur borgið, ef hann fengi nægileg laun til að lifa af, því þótt eftirlaun hans sjeu nú há, þá munu þau tæpast nægja til að lifa af erlendis og starfa ekkert.

Hygg jeg, að rjettast væri að vinna að því að útvega þessum manni starf hjer heima, og afnema dýrtíðaruppbótina í því trausti, að það takist. En þó svo yrði ekki, get jeg ekki sjeð, að bankanum færist illa við þennan mann, að veita honum 4000 kr. eftirlaun fyrir ekki lengri tíma en hann vann í bankans þágu. Er víða farið knappara í fjárveitingum, t. d. þegar bláfátæku fólki er neitað um nokkur hundruð. Trúi jeg ekki öðru en háttv. deild verði mjer sammála um að fella niður þessa dýrtíðaruppbót.

Forsætisráðherra (SE): Það er rjett, sem háttv. þm. (LH) sagði, að það eru margir, sem þurfa að halda á fjárstyrk og dýrtíðaruppbót. En nú er búið að lofa þessu, og þá er ekki annað eftir en standa við það. *(Nokkrir þm.*: Þingið hefir aldrei lofað því). Jú, það hefir með samþykki sínu á athugasemdinni í fjárlögunum lofað þessu. Háttv. þm. sagði, að það mætti koma til mála, að þessi maður yrði gerður að bankastjóra við Íslandsbanka. Það tel jeg í sjálfu sjer góða uppástungu, og jeg tryði honum mjög vel fyrir því starfi. En því er nú ver, að heilsa hans er of mjög biluð til þess, að hann geti tekið að sjer slík störf. Svo leist mjer á, er jeg talaði við hann síðast í Kaupmannahöfn: Björn spurði mig að, hvort jeg teldi líklegt, að hann yrði sviftur þessari upphæð, en jeg kvað það alls ekki vera mögulegt. Mig tæki það tvöfalt sárt að svifta þennan mann, sem hefir unnið svo þarft starf ytra í þjónustu landsins og eyðilagt heilsu sína á því, svifta hann þessari litlu upphæð, þegar einu sinni er búið að lofa honum henni. Það er vert að geta þess, að því er við brugðið, hversu sparlega Björn Sigurðsson hefir farið með fje landsins, auk hinna miklu verka sinna sem sendimaður. En það starf hans hefir mest verið í leyni gert, svo að það ber ekki eins mikið á því og skyldi, og gerir það að verkum, að það er miklu síður hægt að rökstyðja, hversu mikið gagn hann hefir unnið landi og þjóð.

Stefán Stefánsson: Þótt nafn mitt standi hjer ekki á neinni brtt., þá langar mig til að lýsa ánægju minni yfir því, að háttv. fjvn. hefir tekið upp till. mína, þótt seint sje, um að ríkið veiti styrk til hafskipabryggjugerðar á Siglufirði. Enda er það svo, að eins og við horfir, þá er með öllu óforsvaranlegt, að á Siglufirði, þar sem eru svo afarmargar skipaviðkomur og ein besta og öruggasta höfnin á Norðurlandi, skuli ekki vera til ein hafskipabryggja, sem gæti verið almenningi til nota. Og þegar litið er til þessa framlags frá ríkinu, má líka minnast þess, hvað Siglufjörður lætur af mörkum til ríkisþarfa, að þessi upphæð er þar alveg hverfandi. Jeg hygg, að þessi upphæð fari ekki yfir 4% af því fje. Annars hefir þetta mál verið til meðferðar hjá Siglfirðingum um mörg ár. 1918 var gerð áætlun af verkfræðingi ríkisins um byggingu hafskipabryggju, og nam sú kostnaðaráætlun alt að 600 þús. kr., og vegna þess, að áætlunarupphæðin var svo gífurlega há, þá sáu Siglfirðingar sjer engan veginn fært að ráðast í svo stórvaxið mannvirki. Síðan eru nú liðin 5 ár, og þar sem bæði efni og vinna haldast enn í háu verði, þá hafa þeir nú ráðið það af að byggja aðeins nokkurn part bryggjunnar, sem hafskip eiga að geta lagst við, og kemur því að

mjög miklum notum. Er áætlað, að sú bryggja kosti 52 þús. kr., og af því er aðeins óskað eftir tæpum ⅓ parti úr ríkissjóði. Jeg vona, að háttv. þm. sjái nauðsyn þessa máls, enda er hin fylsta sönnun fyrir henni það, að Siglfirðingar vilja leggja á sig ⅔ kostnaðarins, sem verður að minsta kosti 36000 kr.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg á hjer eina brtt., 11. brtt. á þskj. 369, og miðar hún til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs. Jeg vil ekki viðurkenna það, sem einn háttv. þm. sagði, að hún væri tilboð um hrossakaup. Það skal jeg fræða hann um strax, að þótt hann verði með minni till., þá get jeg ekki orðið með hans, svo að hann veit þá, hvers hann má vænta af mjer. Það liggja þó rök til, því að mín till. er sanngjörn, en svo er ekki um hans till. Um skólann á Ísafirði er það að segja, að auk þess, sem hann er barnaskóli fyrir kaupstaðinn, þá hefir þar líka verið húsnæði fyrir unglingaskóla. Honum yrði að víkja úr barnaskólahúsinu, ef styrkurinn fengist ekki. Húsið var bygt á árunum 1898—1900, að mig minnir, en þá var fólksfjöldinn í kaupstaðnum aðeins ca. 1300 manns; þá var skólinn ætlaður 80 nemendum. Nú eru nemendur um 160. Jeg skal geta þess til upplýsingar fyrir háttv. þm., þar sem jeg þykist vita, að þessi styrkur hafi lítinn byr í þessari hv. deild, þá hefi jeg komið fram með tvær aðrar brtt., aðra, sem lækkar útgjöldin, en hina, sem hækkar tekjurnar, svo að jeg vona, að það geti jafnað upp útgjaldaaukann af þessari styrkveitingu.

Hv. frsm. fjvn. (MP) sagði, að unglingaskólahúsið í Þingeyjarsýslu mundi kosta, samkvæmt ábyggilegri áætlun, um 95000 kr. Jeg býst við, að meðan vantar teikningar af húsinu, hvað þá heldur annað, þá gæti deildin látið sjer nægja að hafa styrkinn til byggingarinnar 28 þús. kr. Hin till. mín fer í þá átt, að húsameistari ríkisins, eða þeir, sem verk hans vinna, greiði ríkinu helming af tekjum þeim, sem hann eða þeir fá fyrir uppdrætti o. fl. hjá einstökum mönnum. Húsameistarinn er í raun og veru fastur embættismaður ríkisins og ætti strangt tekið ekki að vinna annað starf en það, sem stjórnin felur honum. En þegar þessi maður vinnur fyrir hina og aðra og tekur stórfje fyrir, þá er ekki nema rjett og sanngjarnt, að nokkuð af því, sem hann þannig fær fyrir vinnu, renni í ríkissjóð. Annars ætla jeg ekki að koma með dæmi mínu máli til sönnunar. Ef engar vefengingar koma fram á því, sem jeg hefi sagt, býst jeg ekki við að taka aftur til máls.

Sigurður Stefánsson:* Jeg á hjer eina brtt., á þskj. 365, um að hækka útgjöld ríkisins um 100 kr. Hefði jeg ekki vitað, að þetta var sú allraminsta styrkveiting sem nú er farið fram á, og engan veginn sú óþarflegasta, þá hefði jeg ekki þorað að koma fram með þessa brtt. Mjer lætur illa að koma með svona tillögur. Jeg ætla ekki að byrja meðmæli mín með þeim manni, er hjer á hlut að máli, með því að segja, að hann sje ungur og efnilegur og mikið í húfi fyrir Alþingi, ef það synjaði honum um styrk. Þessi styrkur byggist ekki á björtum framtíðarvonum, heldur á 60 ára erfiðu æfistarfi, sem þessi maður hefir unnið. Hann er nú háaldraður, 83 ára, og hefir varið allri sinni æfi til ritstarfa, til að skrifa upp ættartölur og prestaæfir. Að því hefir hann unnið í

* Ræðan óyfirlesin af þm. (SSt).

hrörlegum kofa, við hin aumlegustu efni, því að alla tíð hefir maðurinn barist við fátæktina, og loks hefir baslið gengið af honum hálfdauðum. Þótt hann sje óðum andlega nokkuð hrumur, þá er hin líkamlega heilsa hans mun verri. Eftir aldri hans að dæma, má segja, að sálarkraftar hans sjeu mjög góðir. Ritliönd hans er enn þá góð, og get jeg sýnt dæmi upp á það í háttv. deild, ef þess verður óskað. Hann byrjaði þetta ritstarf sitt, er hann var um tvítugt. Síðan hefir hann skrifað ósköpin öll, og mestalt af því á knje sjer, á milli sjóróðra í frostköldum verbúðum. Því miður hefi jeg ekki getað kynt mjer ritverk hans, en aðeins sjeð þau í svip, og er jeg því ekki fær um að dæma um gildi þeirra. Það kann að vera, að verk hans sjeu ekki mjög „kritisk", en hitt er víst, að þau innihalda mikinn fróðleik og eiga að verða eign landsins eftir hans dag, eftir því sem jeg hefi sannast heyrt. Undanfarin ár hefir maður þessi notið styrks úr ríkissjóði, en sá styrkur var lækkaður í sparsemduppþotinu í fyrra. Nú er ekki farið fram á annað en að þessi fátæklingur megi fá sama styrkinn aftur. Jeg veit, að það eru tveir aðrir heiðursmenn, sem stendur líkt á með og um þennan mann, en hvorki eru ástæður þeirra eins illar og hans nje verk þeirra svo mikil að vöxtunum sem hans. Hann hefir nú ekkert til að lifa af, nema þennan styrk, sem allir sjá, að er mjög lítill. Hins vegar verður hann varla til að skapa ríkissjóði löng útgjöld, því að hann er nú eðlilega farinn að búast við dauða sínum þá og þegar. Þessi gamli maður hefir upp á síðkastið átt bágast með að ná í ýms hjálparmeðul til iðju sinnar, t. d. ritföng, tímarit og bækur, sem er honum alt nauðsynlegt. Jeg vona fastlega, að deildin setji ekki fyrir sig svona lítil útgjöld, þar sem hjer er viðbúið um svo stuttan tíma að ræða, er maðurinn á eftir ólifað. Jeg skal ekki meira tefja umræður um þetta mál, en hvað snertir aðrar brtt., sem hjer hafa fram komið, þá mun jeg aðeins sýna afstöðu mína til þeirra með atkvæði mínu. Þó skal jeg taka það fram um brtt. háttv. þm. Dala. (BJ) um hækkun á styrk til Sveinbjarnar tónskálds, að jeg mun óhikað greiða atkvæði með henni og teldi það þjóðarminkun, ef við ljetum ekki fara sæmilega vel um þennan nafnkunna gest okkar meðan hann gleður okkur með hjerveru sinni.

Jón Þorláksson: Jeg á eina brtt. við 13. gr. B, þess efnis að veita 20 þús. kr. til að endurreisa gistihús við Geysi. Það var minst á sölu og niðurrif gistihúss þessa við framhald 1. umr. fjárlaganna, en þá var ekki gerð fullnægjandi grein fyrir því, hvaða ástæða hefði verið til þess að rífa húsið niður. Það hefir hins vegar verið bent á, hvílík þörf væri að hafa gistihús á þessum stað. Nú er sá ráðherra, sem mesta ábyrgð ber á þessu tiltæki, búinn að sækja um lausn, og þess vegna er ekki rjett að rekja málið jafnrækilega og ella hefði verið ástæða til að gera. Þó er eitt atriði í þessu máli, sem er þannig vaxið, að það má ekki vera óumtalað vegna síðari tíma. Hjer var seld og eyðilögð fasteign, sem landið átti, án nokkurs leyfis eða lagalegrar heimildar; en stjórnarskráin mælir svo fyrir, að enga slíka fasteign megi láta af hendi án sjerstakrar lagaheimildar. Þetta hús var bygt 1907 á landsins kostnað. Jeg álít, að eftirleiðis verði að ganga ríkt eftir því, að stjórnarskránni sje fylgt í þessum efnum, svo að enginn einstakur ráðherra gerist svo djarfur að ganga í berhögg við það, sem í henni stendur.

Jeg vil þá fyrst gera háttv. deild grein fyrir því, hvers vegna jeg hefi borið þessa brtt. fram sem viðaukatillögu við vegamálastaflið 13. gr. fjárlaganna. Það er af því, að jeg álít, að hvert gistihús, sem bygt er á landsins kostnað, eigi, eins og sæluhús og önnur slík skýli fyrir ferðamenn, að vera undir umsjón vegamálastjóra. Þetta gistihús við Geysi á því einmitt heima undir þessum lið. Landið á ýms slík gistihús, t. d. á Kolviðarhóli og víðar, og lúta þau undir stjórn vegamálastjóra. Þar sem nú er ekkert gistihús eða neitt skýli við Geysi, verða gestir, er þangað koma, að gista víðsvegar og langt á braut þaðan. En búendur í nágrenni við Geysi hafa margir, vegna ánauðar, orðið að auglýsa, að þeir úthýstu ferðamönnum. Hverirnir þarna eru sú þjóðargersemi, sem verður að sýna sóma, og þarna verður því að vera gistihús. Er engum öðrum til að dreifa en landssjóði að byggja það. Jeg get skilið, að ýmsir háttv. þm. leggist á móti þessu og beri fyrir sig í því efni illar fjárhagsástæður landsins, og að þing og stjórn vilji því ef til vill skjóta máli þessu á frest; en jeg skil ekki framkomu háttv. 1. þm. Árn. (EE) í þessu máli, er hann ber fram brtt. um fjárveitingu til einhvers óákveðins staðar í Gnúpverjahreppi, til að reisa þar gistihús. Slíka brtt. er hreinasta fjarstæða að bera fram. Það mætti alveg eins bera fram till. um að byggja gistihús í hverjum einasta hinna 200 hreppa landsins, því landssjóði bæri þá alveg eins skylda til þess. Hann hefir alveg jafnar skyldur við þá alla. Að öðru leyti þarf jeg ekki að eyða frekari orðum að þessari tilraun hans til þess að spilla fyrir gistihúsbyggingu við Geysi, en lýk orðum mínum með því, að bæði af því að jeg sje erfiðar ástæður landssjóðs og finn mótstöðu þm. þessa kjördæmis, sem gistihúsið verður í, þá tek jeg þessa brtt. mína aftur.

En svo ætla jeg að vona, að háttv þm. gjaldi mjer þennan verkaljetti með því að hjálpa mjer og öllum góðum mönnum til þess að fella brtt. háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) um að færa styrkinn til „Dansk-islandsk Samfund“ niður, úr 1000 kr. niður í 300 kr. Jeg færði fram ástæður mínar fyrir þessari styrkveitingu við 2. umr., og mælti þá enginn verulega á móti þeim, nema hann, og nú reynir hann að setja þetta fjelag við hlið ýmsra fjelaga hjer í bænum, svo sem „Alliance francaise“, „Anglia“ og „Germania“ o. s. frv., sem alls ekki eru sambærileg. Eru þetta samkvæmisfjelög þeirra þjóða manna, sem hjer dvelja, og starfa aðallega til þess að halda uppi fjelagslífi meðal þeirra og þeirra manna, sem þeir hafa saman við að sælda eða eru í vinfengi við. Vona jeg, að háttv. þm. hafi, af því, sem jeg þá sagði, sannfærst um, að starfsemi og afköst þessa fjelags eru svo mikil, að enginn samanburður á því og áðurnefndum samkvæmisfjelögum kemst að. Fjelagið hefir auk þess tvær deildir, og starfar önnur í Danmörku, en hin hjer, og er starfsemi deildarinnar í Danmörku af engu minna krafti rekin en þeirrar, er hjer starfar.

Háttv. 1. þm. Rang. vildi miða styrkinn við fólksfjölda landanna; en það á alls ekki við. Fjelagið vinnur meira í þágu Íslands en Danmerkur. Það lætur mörgum Íslendingi, sem til Kaupmannahafnar kemur, nauðsynlegar upplýsingar og ýmiskonar aðstoð í tje, og satt að segja, ef fara skal í metnað um þetta

mál, þá ættu bæði löndin að leggja fram sömu upphæð; en hjer er aðeins beðið um $^1/_{10}$ af því, sem Danir leggja fram.

Þá vil jeg minnast á aðra brtt., sem jeg á, og jeg vona, að allir góðir Íslendingar í háttv. deild hjálpi til að afstýra því, að bögumæli komist inn og nái festu í máli, eins og rafveita, raftæki o. s. frv. Menn ættu ekki að venja sig á að telja eftir sjer að taka miðhluta orðanna með; þetta eru tæki til þess að veita rafmagni, en ekki rafi. Vænti jeg, ef brtt. nær samþykki þingsins, að sama málrjetting verði færð alstaðar inn í fjárlögin, þar sem þetta latmæli kemur fyrir.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi borið þessa brtt. XXII. á þskj. 369 fram samkvæmt áskorun kjósenda minna; hefir þingmálafundur norður þar samþykt að leita þess, að búandanum í Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði væri veittur sami styrkur sem öðrum mönnum, sem búa á eyðistöðum eða við fjallvegu, svo sem ábúanda Kvískerja, Fornahvamms og Bakkasels. Hefi jeg ekki farið fram á hærri fjárveitingu en kjósendur mínir hafa óskað, þótt þessi staður sje fult eins illa settur til þess að vera bygt ból sem hver hinna, er jeg nefndi. Bærinn er uppi á miðri Öxarfjarðarheiði, og er þar vetrarríki mikið, en landkostir litlir, svo að ekki er hægt að rækta þar tún. Hefir oft farið svo, þó að reynt hafi verið að byggja þarna, að þar hefir eyðst aftur bygðin. Er þó ilt, ef niður fellur aftur bygð þar, því að umferð er allmikil um heiðina. Vissi jeg einu sinni til, að læknir var þar á ferð við þriðja mann í hríð mikilli um vetur, og urðu þeir að leita sjer náttstaðar í Hrauntanga, en þá var þar engi bygð, og voru þeir því nauðulega staddir; en það barg þeim, að einn kofi hjekk uppi, og fengu þeir haldið þar lífi um nóttina.

Vona jeg, að háttv. þm. geri ekki undantekningu á um þennan stað, heldur veiti bóndanum sama styrk sem öðrum, er líkt eru settir. Þörfin er þarna engu minni en víða annarsstaðar.

Eiríkur Einarsson: Þó að því sje svo varið, að jeg til samkomulags við fjvn. hafi unnið það til, að Skeiðaáveitufjelagið fengi aðeins lán, í stað styrks, er því ekki að leyna, að það var alt annað og meira, sem fjelagsmenn báðu um. Það var það, að ríkið tæki þátt í þeim ofurefliskostnaði, sem á fjelagið er fallinn, og hjálpaði því til að standa straum af hinum miklu skuldum. En þetta er áður búið að taka fram, svo að jeg fer ekki að endurtaka það. En fyrst háttv. samþm. minn (ÞorlG) fer fram á, að þetta verði ekki veitt sem lán, heldur sem styrkur, get jeg, þrátt fyrir þetta samkomulag í nefndinni, ekki annað en stutt þá tillögu hans, þar sem þetta er rjett mál og sanngjarnt og mjög nauðsynlegt fjelaginu, ef ekki á að eyðileggja áveitusvæðisbúa með kvöðum, er þeir fá ekki rönd við reist. Síðan fjárlögin komu til umræðu og það hafði borist austur, að áveitufjelaginu væri ætluð lánshjálp, en ekki styrkur, hefir mjer borist brjef frá stjórn áveitufjelagsins, þar sem það er auðvitað viðurkent sem mjög vinsamlegt af þinginu að veita þetta lán, en auk þess bent á, að það sje ekki nægileg liðveisla við fjelagið, þar sem þessar 400 þúsundir, sem á fjelaginu hvíla, halda þá áfram að hækka og gera fjelagsmönnum æ erfiðara að rísa undir. Vona jeg því, að háttv. þm. sjái, að þetta er alveg rjett og styrkbeiðnin rjettmæt.

Jafnframt því, sem jeg vil eindregið mæla með því, að þessar 16 þús. kr., ársskilakostnaðurinn, verði veittar sem styrkur, en ekki lán, er ástæða til að geta þess, því máli til styrktar, að altaf er betur og betur að koma í ljós, og það af umræðum þeirra, er best til þekkja hjer í hv. deild, að það eru ekki bændurnir á áveitusvæðinu, heldur stjórnarvöldin og þeirra þjónar, er undirbjuggu verkið með hroðvirkni, sem aðalsökin hvílir á, hvernig komið er. Það er mikilsverð ástæða.

Jeg á brtt. á þskj. 369,XX, um styrk handa Haraldi Guðmundssyni frá Háeyri, til dýralækninganáms. Við Árnesingar eigum að vitja dýralæknis til Reykjavíkur, og er það afarerfitt og oftast gagnslaust að eiga slíkt athvarf, og því hefir þessi maður lagt stund á dýralækningar þar austur í sveitunum. Er hann náttúrugreindur í þessum efnum og hefir honum gefist vel og orðið mörgum til hjálpar. Hann er fátækur barnamaður og býr á Eyrarbakka. Svarar þetta starf lítt kostnaði fyrir hann sjálfan, en miklu betra fyrir þá, sem njóta. Vill hann nú fara og leita sjer frekara náms, annaðhvort suður til Reykjavíkur eða öllu heldur til Stykkishólms, til dýralæknisins þar. En til þess að geta gert það, þarf hann að yfirgefa heimili sitt og fjölskyldu, og er því styrkþörfin tvöföld. Nú hefir komið fram tillaga um að veita sjálfmentuðum dýralækni norður í Þingeyjarsýslu eftirlaun. Jeg víti það alls ekki; en ef það verður gert, þá er enn brýnni þörfin á að veita þetta, er horfir til framtíðarnota fyrir bændur og líknar skepnunum.

Í 16. grein fjárlagafrv. sje jeg, að 12 hundr. kr. eru ætlaðar til dýralækninganáms erlendis; og þó jeg hefði nú viljað koma með brtt. til þess að snúa þessu Haraldi í hag, er það ekki hægt, er jeg hefi fengið þær upplýsingar hjá hæstv. atvrh., að nú þegar nýtur maður, sem dvelur erlendis til náms, þessa styrks. Vona jeg því, að háttv. þm. veiti þessu máli góðan stuðning.

Þá er brtt. um styrkinn til Þórdísar ljósmóður nú í nýrri mynd og nokkuð lægri. Það hefir verið bent á, að þetta mundi skapa fordæmi eða væri ekki regla. Það hafa nú stundum verið brotnar reglurnar, þegar sjerstakar ástæður hafa verið fyrir hendi, t. d. þegar ýmsir aðrir með eftirlaunarjetti úr ríkissjóði hafa átt í hlut, en þótt aukinnar hjálpar maklegir. Þessi yfirsetukona á eins og aðrar sinn rjett til eftirlauna, en hún hefir og einnig sinn sjerstaka sanngirnisrjett, eftir að hafa starfað í öll þessi 50 ár eða meira með heiðri og sóma að ljósmóðurstörfum.

Þá vil jeg bæta við það, sem háttv. þm. Dala. (BJ) sagði um námsstyrk til ýmsra manna, að jeg saknaði þar nafns manns, sem hann ásamt öðrum í fjvn. var búinn að mæla með. Jeg átti íhlutun um styrkbeiðni fyrir hann, en það var felt, vegna þeirrar lánsheimildar, sem var á döfinni og talið var sjálfsagt að tæki til þessa námsmanns, Brynjólfs Bjarnasonar, sem er kostgæfinn og fátækur stúdent. En háttv. þm. Dala. hafði ekki tekið Brynjólf með á nafnalista þann, er hann las upp og mælti með, og því vil jeg nefna hann.

Svo er það og Lúðvík læknir á Eyrarbakka, sem hefir sótt um styrk til utanfarar, til þess að fullnuma sig í skurðlækningum. Er hann væntanlegur læknir í hinn fyrirhugaða spítala á Eyrarbakka, og því eðlileg krafa að hjálpa manninum til að verða þar nothæfur læknir, og

ætti hann því að njóta láns, úr því styrkur fæst ekki, og það því fremur, sem hann er talinn mjög efnilegur skurðlæknir.

Þá er næst, að jeg vil leggja liðsinni mitt tillögu háttv. þm. Dala. (BJ) um hækkun á fjárveitingu til Einars Jónssonar. Hann er svo mikils góðs maklegur af öllum, að ekki getur til annars komið en greiða atkvæði með þessari litlu hækkun, enda er það almennur vilji úti um land, að hlynt sje að honum.

Kem jeg svo að brtt. háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), um fjárveitingu til endurbyggingar Geysishússins. Hann gaf mjer sjerstakt tækifæri til að ræða þetta, með því að telja mína tillögu setta til höfuðs hans till. En það er alls ekki tilgangurinn að reyna að spilla fyrir þessu. Þar sem hann segist taka sína till. aftur, af því jeg sje henni mótfallinn, vil jeg sýna, að svo er ekki, með því að taka þá till. hans upp að nýju. En til skýringar vil jeg geta þess, að hefði hann ekki komið fram með þetta mál, hefði jeg heldur ekki haft kjark til að bera mína till. fram. En eigi að fara að endurbyggja þarna við Geysi, þurfa húsin að vera fleiri. Ferðamannastraumurinn, bæði af innlendum og útlendum ferðamönnum, er mestmegnis um Þingvelli og Geysi, Gullfoss og til Heklu. Þetta er venjulegasta ferðalagið; það veit háttv. 3. þm. Reykv. vel. Auk þess fara margir upp Þjórsárdal, en sumir aðeins að Gullfossi. Hann er óbreyttur og æ hinn sami Gullfossinn, en gamli Geysir er hættur að gjósa, og mun svo fara um hann með tímanum, þó frægur sje, að yfir honum daprast, og er svo um flesta frægð, sem styðst aðeins við það, sem var, en er hætt að vera.

Jeg álít, að þó að máske sje ekki nein höfuðnauðsyn á því að hafa hús við Geysi, þá sje haganlegt að hafa gistihús á þessum stöðvum, og þá fremur við Gullfoss, ef kleift þykir vegna kostnaðar; en þá þarf einnig að byggja gistihús fyrir þessa langferðamenn dagleiðinni austar, og það er einmitt í Gnúpverjahreppi. Það er alveg samskonar nauðsyn. Till. mín er einungis komin fram í samræmisskyni við till. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ).

Hvernig var nú með þetta margumrædda Geysishús? Það var, eins og menn vita, bygt 1907. Á öllum síðustu árunum fyrir 1921 var þar enginn, sem gæti tekið fólk til gistingar nje veitt mönnum beina. Allir gestir, sem til Geysis komu, gistu á bæjunum í grendinni. Húsið var að síðustu orðið gisinn hjallur, sem enginn hafði not af. Árið 1921 var húsið svo skinnað upp, og geri jeg ráð fyrir, að það hafi eftir aðgerðina orðið sæmilegt til íbúðar. En að einu leyti hjelst þó ástandið óbreytt. Enginn stóð sig við að vera þar og veita mönnum gistingu styrklaust. Það var engin atvinna.

Þá ætla jeg að víkja að nauðsyninni á gistihúsi í Gnúpverjahreppi, umfram það, sem áður var tekið fram. Jeg er því máli vel kunnur, þar sem jeg er fæddur og uppalinn í þeim hreppi. Háttv. þm. hugsa nú kannske sem svo, að jeg sje þarna að draga taum míns fæðingarhrepps, og muni svo hver hreppurinn koma að öðrum og heimta gistihús, uns þau eru komin í alla hreppa landsins. En með þessum hreppi er því alt öðruvísi varið í þessu tilliti en með flesta eða alla aðra hreppa. Hvergi mun gestanauð vera eins mikil á sumrum. Þarna er fastur gistingastaður eða stöðvar á umræddri ferðamannaleið, og ferðamenn, sem ferðast til Gullfoss og Heklu

eða upp í Þjórsárdal, sem er mjög fagur staður og margir sækja til, fara um þennan hrepp. Verður af því hin mesta ánauð fyrir bændur um annatímann. Tel jeg ekki nema sanngjarnt, að ríkið styrki opinber gistihús á slíkum stöðum, því að þótt þau beri sig ekki að öllu leyti, þá eru þægindin, sem af þeim leiðir, svo mikil bæði fyrir vegfarendur og bændur, að það ynnist upp óbeinlínis.

Jeg ætla mjer ekki að fara að bera blak af fráfarandi ráðherra (MagnJ), en mjer þykir undarlegt, ef þetta málefni, sala Geysishússins, hefir orðið til þess, að hann ljet af embætti. Hvernig stendur á því, ef þetta er svo mikilsvert málefni, að á þingmálafundi Árnesinga nú í haust hefir ekkert verið á það minst? Og voru þar þó bændur, sem margir ferðamenn, sem koma til Geysisstöðva, leita gistingar hjá. Get jeg t. d. nefnt Guðmund bónda í Skipholti, sem auglýsti eftir að húsið var rifið, að hann hýsti ekki gesti; en ekki var á honum að heyra neina óánægju við fráfarandi ráðherra (MagnJ) út af húsrifinu. En þó veit jeg, að gestanauðin bitnar mjög á því myndarheimili, í Skipholti. Nei, það var ekki þetta, sem bændur eystra voru óánægðir með. En það var annað, sem þeim líkaði ekki, og það var sá mikli kostnaður, sem leiddi af konungskomunni 1921, og þótti þeim svo, sem þar hefði ekki verið hóflega tekið á fje landsins, þótt þeir kynnu fyllilega að meta það, sem vel var gert og að gagni mátti koma síðar. Ætla jeg mjer svo ekki að ræða þetta meira að sinni, en ef háttv. 2. þm. Reykv. (JP) skyldi taka aftur till. sína, þá leyfi jeg mjer að taka hana upp.

Jakob Möller: Það eru aðeins örfáar athugasemdir, sem jeg þarf að gera. Það er fyrst út af því, sem hæstv. atvrh. (KlJ) sagði viðvíkjandi brtt. minni um uppbót á launum starfsmanna landssímans og talsímakvennanna við bæjarsímann. Hann virtist leggja aðaláhersluna á það, að bætt yrðu kjör bæjarsímakvennanna. Það er vitanlega alveg rjett, að á því er brýnust þörfin, en samkvæmt tillögum landssímastjórans á mestur hluti þessarar uppbæðar að renna til þeirra, eða, að mjer telst, um 12000 kr. Það, sem umfram er, er aðeins lítilfjörleg uppbót á aldursbót nokkurra annara starfsmanna símans.

Öðru held jeg, að jeg þurfi ekki að svara, nema þá helst því, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var að geta til, að jeg væri með IX. tölulið á þskj. 369 að falast eftir hrossakaupum. Jeg verð að játa, að jeg bjóst ekki við neinni slíkri tilgátu frá honum, því að yfirleitt hefi jeg lítið fengist við þá kaupsýslu, og hygg jeg, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sje hneigðari til slíkrar verslunar en jeg. Hinu gat jeg búist við, eins og jeg sagði, að hann teldi brtt. illgirnislega. Það geta ekki verið hrossakaup, eða tilboð um hrossakaup, þó að farið sje fram á, að eitt sje látið ganga yfir alla. Nær lagi mun þá að telja það hrossakaup hjá þingmönnum á undanförnum þingum, að veita aðeins fje til skólabygginga utan kaupstaðanna. Jeg hygg, að sú venja sje til orðin einmitt fyrir hrossakaup háttv. sveitaþingmanna. En þó að slíkri reglu hefði verið fylgt, þá er hún alls ekki bindandi fyrir þingið nú. Það yrði þá að sýna fram á einhverjar ástæður, sem lægju til grundvallar fyrir því misrjetti, sem þar kæmi fram. En það gerði háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) ekki. Það er langt frá, að kaupstaðirnir standi betur að vígi en kauptún landsins með slíkt. Mun t. d. hvergi vera dýrara að byggja nú en einmitt hjer í Reykjavík. Fæ jeg heldur eigi sjeð, að hverju leyti

Seyðisfjörður ætti að vera færari að byggja skóla upp á eigin spýtur en t. d. Nesþorp í Norðfirði, sem nú mun álíka stórt orðið, eða stærra. Ekki getur kaupstaðarnafnið eitt valdið þeim mismun.

Þá mintist þessi sami hv. þm. (SvÓ) á það, hve mikið væri flutt út úr Suður-Múlasýslu. Sýnir það ekki annað en að sú sýsla muni vera þeim mun færari að standa straum af þeim byggingum, sem hún þarfnast, og þá ekki síst Nes í Norðfirði, sem mun vera eitt af allra mestu uppgangsplássum á öllu landinu, og þaðan mun einmitt útflutningur vera mestur af öllum Austfjörðum.

Jón Sigurðsson: Jeg á brtt. á þskj 385 ásamt háttv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ), viðvíkjandi greiðslu til A. L. Petersens, fyrrum stöðvarstjóra. Vil jeg gera grein fyrir afstöðu okkar flm. brtt., þar sem við gátum ekki orðið samferða meiri hl. fjvn. í þessu máli.

Jeg þarf ekki að hafa langt mál um þetta; háttv. þingdm. er það kunnugt frá fornu fari. Var á síðasta þingi samþykt, að málið yrði rannsakað, og ljet stjórnin gera það, og lagðar fyrir þingið tillögur rannsóknarnefndar. Eru till. þessar alls óákveðnar og bera með sjer, að reipdráttur hefir verið innan nefndarinnar. Þó hafa ekki verið svo mikil brögð að því, að nefndin klofnaði, heldur hefir hún orðið sammála um að leggja til, að ríkissjóður greiði Petersen í skaðabætur 10000 kr., eða 5000 kr. í viðbót við það, sem honum var áður veitt. Leggur nefndin það á vald stjórnarinnar, hvort hún leggi til við þingið, að þessar 5000 kr. verði veittar. Og þó er hún ekki viss um, hvort þær beri að greiða að fullu, samanber þessi orð hennar, ef hæstv. forseti leyfir, að jeg lesi þau upp:

„Nefndin býst einnig við því, að krafa Petersens fari ekki svo langt fram úr hófi, að 10 þúsund krónur sjeu ekki nær hinu rjetta en 5000 kr.“

Þetta er að vísu nokkuð óákveðið, en sýnir, að ósamræmi hefir verið í skoðunum nefndarmanna.

Með þeim störfum, sem við fjárveitinganefndarmenn höfum haft undanfarið, hefir fjvn. ekki unnist tími til að rannsaka þetta mál svo nákvæmlega sem skyldi; það getur því ekki komið til mála, að fjvn. fari að setja sig í dómarasæti í þessu máli og koma fram með nýjar tillögur eða úrskurð í máli, sem hún hefir ekki getað rannsakað.

Það er af þessum ástæðum, að við hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) höllumst að tillögu rannsóknarnefndarinnar og berum fram brtt. um, að hr. Petersen sjeu nú greiddar 5000 kr. í viðbót. Annars hefði mjer verið næst skapi að greiða atkv. gegn öllum frekari fjárgreiðslum til þessa manns, en heimila honum að fara í mál við landssímastjóra eða það opinbera. Mjer er nær að ætla, að hann muni hvorki láta sjer nægja þær 10000 kr., er við leggjum til að veita honum, nje þær 15000 kr., sem meiri hluti fjvn. vill greiða honum; hann mun varla verða ánægður að heldur. Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta mál. Þar sem sjerstök nefnd hefir verið sett til að rannsaka það, tel jeg enga ástæðu til, að þingnefnd fari að setja sig í dómarasætið. Lægi beinast við að vísa málinu algerlega frá og láta **dómstólana skera úr.**

Úr því að jeg er staðinn upp, skal jeg leyfa mjer að minnast á fáein atriði önnur. Get jeg gert það með því betri samvisku sem jeg var einn af þeim örfáu, er sátu hjá við 2. umr. Fyrst vil jeg beina nokkrum orðum til háttv. frsm. samgmn. (ÞorstJ). Því miður heyrði jeg ekki alla

ræðu hans, en mjer skildist af því, sem jeg heyrði, að samgmn. hefði sent tillögur um starfræksla Esju til framkvæmdastjóra Eimskipafjelagsins. Jeg og fleiri hv. þm. höfðum enga hugmynd um þessa áætlun, en einn nefndarmanna í samgmn. hefir góðfúslega lofað mjer að líta á uppkastið að henni. Þar komst jeg að raun um, að Hofsósi, sem er annar aðalverslunarstaðurinn við Skagafjörð, er ætluð ein viðkoma, og Haganesvík 2. Aftur rak jeg mig á, að af höfnum við Eyjafjörð eru Ólafsfirði, sem er á borð við Hofsós, ætlaðar 5 viðkomur, og Dalvík, sem er svipuð Haganesvík, 3 viðkomur. Nú er þess að gæta, að Skagfirðingar hafa engan flóabát, en um Eyjafjörð gengur sjerstakur bátur því nær alt árið, að minsta kosti alt sumarið. Jeg get því ekki sjeð, á hverju háttv. samgmn. hefir bygt tillögur sínar. Að vísu hefi jeg ekki kynt mjer þær nákvæmlega, en ef víða er svona ástatt, dylst mjer ekki, að hjer er stigið spor aftur á bak frá því, sem var, þegar síðastliðið ár er skilið frá. Almenningur hafði vonast eftir, að nýja skipið mundi greiða úr samgönguerfiðleikunum við smærri hafnirnar. En nú kemur það upp úr dúrnum, eftir því, sem sumir nefndarmenn segja, að skipið hafi orðið of dýrt til þess, að það geti sint þessu, og liggur við, að þetta sje orðið vandræðamál.

Nú vil jeg beina þeirri áskorun til hv. samgöngumálanefndar, að hún taki málið á ný til rækilegrar yfirvegunar. Jeg ætla ekki, að hjer sje um ásetningssynd að ræða hjá hv. nefnd, heldur um breyskleikasynd, ef svo mætti kveða að orði, og er það skiljanlegt, þegar þess er gætt, að enginn Norðlendingur á sæti í nefndinni. Enn fremur verð jeg að skora á nefndina að skrifa framkvæmdastjóra Eimskipafjelagsins um, að þetta verði leiðrjett og að smærri hafnir, þar sem enginn flóabátur er, fái sem flestar viðkomur. Hitt nær auðvitað engri átt, að sleikja upp hverja höfn þar, sem flóabátur, styrktur úr ríkissjóði, gengur langan tíma ársins, svo sem á Austfjörðum, Eyjafirði og víðar.

Jeg get ekki varist því að minnast á annað atriði, brtt. frá meiri hluta sjútvn., þó að jeg búist við, að mín skoðun megi sín lítils, þegar meiri hl. sjútvn. og meiri hluti fjvn. leggjast á eitt.

Með þessari tillögu um að veita Bjarna yfirkennara Sæmundssyni lausn frá embætti með fullum launum, til þess að hann geti eingöngu starfað að fiskirannsóknum, og auk þess sjerstaka upphæð sem ferðakostnað við fiskirannsóknirnar, álít jeg gengið út á aðra braut en margir hefðu óskað. Með þessu er í raun og veru verið að stofna nýtt embætti, er mætti nefna fiskiráðunautsembætti. Það embætti mundi baka ríkissjóði 7—8 þús. kr. útgjöld árlega, eftir því hve ríflegur ferðastyrkur yrði lagður manninum. Jeg hefi verið að leggja hlustirnar við til þess að reyna að finna helstu nauðsynina á stofnun þessa embættis, en hefi ekki getað náð í neitt, er unt væri að festa hendur á. Það er um þetta embætti sem mörg önnur, að þegar verið er að reyna að smeygja einhverju slíku inn, er talað um nauðsyn og gagnsemi þess með almennum orðum, án þess að tekin sjeu fram sjerstök atriði eða rök, er sanni það. Jeg vil mælast til, að háttv. frsm. fjvn. (MP) bendi á einhver atriði, til sönnunar þessari nauðsyn, úr reynslu undanfarinna ára.

Maður sá, sem hjer ræðir um, hefir óneitanlega starfað mikið og vel. Jeg játa, að hann hefir aflað oss ýmislegs fróðleiks, en hitt er annað mál, hve mikla

praktiska þýðingu þetta hefir. Það er fróðlegt að heyra, að állinn fer suður í Atlantshaf til þess að hrygna, eða að þorskurinn hrygnir á ákveðnum stöðum; það er gaman að vita þetta, en að það hafi praktiska þýðingu hefi jeg ekki rekið mig á enn þá. *(JakM*: Hefir það ekki praktiska þýðingu að vita um hrygningarsvæðin?). Jeg býst við, að menn þekki af æfagamalli reynslu, hvar fiskurinn heldur sig helst, en hvort hann kemur þangað til þess að hrygna eða af öðrum ástæðum mun ekki vera neitt höfuðatriði, ef menn vita aðeins, að hann kemur þangað.

Þá hefir það verið borið fram, að Danir verji stórfje árlega í þessu skyni og að við megum ekki vera minni en þeir. Þetta hefir klingt við áður, en jeg treysti okkur ekki til að vinna alt í hlutfalli við Dani. Meðan fjárhagsástæður okkar eru svo erfiðar sem nú, verðum við að neita okkur um ýmislegt, sem æskilegt væri að geta látið eftir sjer.

Mjer virðist enn fremur, að ef mönnum er hugleikið að stofna fiskiráðunautsembætti, mætti alveg eins leggja það undir Fiskifjelagið. Það hefir nú fengið talsvert aukið fje til umráða, og þar sem þessi maður er talinn bráðnauðsynlegur í þetta starf, ætti fjelagið að taka hann í sína þjónustu. Loks vil jeg taka eitt fram, sem ef til vill er aukaatriði í augum sumra manna, að hjer er verið að taka mann frá starfi — að vísu eftir tilmælum hans sjálfs — sem óvíst er, hvort nokkur hæfur maður fæst til að gegna.

Hv. þm. Dala. (BJ) hjelt því fram, að þær 20 þús. kr., sem heimilað var við síðustu umræðu að lána efnilegum mönnum til fullnaðarnáms, væri áætlunarupphæð, og skildist mjer hann telja sig þar mæla fyrir hönd fjvn. Hafi jeg skilið þetta rjett, verð jeg að mótmæla þessu fyrir mína hönd. Jeg álít þetta sem hverja aðra lánsheimild, er í felist ákveðið hámark, er stjórnin megi ekki fara yfir. Annars mun hv. frsm. (MP) væntanlega gera grein fyrir, hvernig hann lítur á þetta.

Þá skal jeg drepa stuttlega á styrkveitinguna til Páls Ísólfssonar. Það er mín skoðun, að hún hefði aldrei átt að koma inn á þennan sjerstaka lið. Nú eru veittar 15 þús. kr. til að styrkja listamenn, og eftir því, sem af þessum manni er látið, efast jeg ekki um, að hann ætti að vera sá fyrsti, er látinn væri njóta styrks á næsta ári, og er þá ástæðulaust að hafa þetta nafnbundinn styrk. Einhver ljet þess getið, að hjer væri að ræða um síðasta styrk til fullnaðarnáms, en því miður býst jeg þó ekki við, að þetta verði síðasti styrkurinn. Reyndin hefir því miður oft orðið sú, að listamenn vorir hafa líka orðið að fá styrk til að lifa.

Annars er ekki unt að verjast þeirri hugsun, þó að það komi þessum manni ekki beinlínis við, að stjórnin hafi við úthlutun listamannastyrksins reynt að hnitmiða niður, hverjir mundu helst geta flúið á náðir þingsins og fengið sjerstakan styrk. Mörgum óþektum mönnum var úthlutaður styrkur, en algerlega gengið fram hjá mörgum þeim, sem hafa notið þessa styrks undanfarin ár. Jeg efast ekki um, að hæstv. forsrh. (SE) mundi mæla með sjerstökum styrk til þeirra, er gengið var fram hjá, en það er í raun og veru sama sem að hækka listamannastyrkinn. Og þessi styrkur til Páls Ísólfssonar er ekki heldur annað en grímuklædd hækkun.

Að endingu skal jeg geta þess um gistihúsið við Geysi, þar sem till. um fjárveitingu til endurbyggingar þess hefir verið tekin upp aftur, að þó að mjer sje áhugamál, að aftur verði komið upp gistihúsi á þessum stað, sje jeg mjer ekki fært að

greiða þessari tillögu atkvæði, eða öðrum í sömu átt, eins og nú er þröngt um fjárhaginn.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal byrja á því að taka undir þau orð, er hv. 2. þm. Skagf. (JS) vjek til samgmn. Áður hefir oftast verið venja, þegar samgöngumálanefnd hefir samið áætlun um skipaferðir, að tillögur hennar hafa gengið á milli þingmanna, áður en þær hafa verið sendar sem fullnaðarályktun frá nefndinni. Það hefði verið viðkunnanlegra, ef háttv. samgmn. hefði sýnt þeim landshlutum, er eiga enga fulltrúa í nefndinni, þá kurteisi að lofa þingmönnum þeirra að sjá tillögur hennar.

Jeg skal geta þess, að um styrkhækkunina til Þjóðvinafjelagsins, er hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) mælti með, hafa nefndarmenn óbundnar hendur.

Hv. 2. þm. N.-M. (BH) talaði um símana, eins og fleiri. Sagði hann, að sjer mundi ekki hafa komið til hugar að bera fram tillögu um símalagningu, ef fleiri tillögur hefðu ekki komið fram. En það er einmitt það leiðinlega, að ef menn sjá tillögur um einhverjar framkvæmdir í hjeruðum annara þingmanna, þurfa þeir endilega að koma með tillögur um samskonar verk í sínu hjeraði. Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, kom fjvn. ekki til hugar að gera upp á milli þessara símalína og áleit, að þær yrðu að bíða betri tíma. Enda hafa allir viðurkent, að þær línur, er nefndin hafði tekið upp í tillögur sínar, ættu þó að ganga fyrir. Það er enginn vafi á því, að ef deildin vildi samþykkja að bæta þessum símalínum við, mundi sami leikurinn halda áfram, þangað til frv. er komið í gegnum þingið; það mundu eflaust koma svipaðar brtt. í hv. Ed., með sömu ummælum og sama formála.

Jeg skal benda hv. þm. Barð. (HK) á það, svo að hann viti hug fjvn., að hún getur ekki mælt með þeim styrk, er hann fer fram á. Það væri ekki sambærilegt við það, sem áður hefir verið gert, og þær yrðu margar hreppstjóraekkjurnar, sem mundu sækja um styrk, ef sá siður yrði tekinn upp að veita sumum þeirra eftirlaun.

Þá töluðu þeir hv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hæstv. atvrh. (KlJ) um tillöguna um launauppbót til starfsmanna landssímans. Hafi háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) skilið orð mín í dag svo, að nefndin hafi ekki tekið ákveðna afstöðu til þessarar tillögu, þá hefi jeg ekki hagað orðum mínum eins og jeg vildi gert hafa. Jeg lýsti yfir því, að nefndin legði á móti tillögunni, og sjerstaklega fyrir þá sök, að hún var ekki eingöngu bundin við uppbót til símameyjanna við bæjarsímann í Reykjavík. Jeg skal geta þess, í tilefni af orðum hæstv. atvrh. (KlJ), að þetta er stefnumál fyrir nefndinni, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) er kunnugt. Hjer er að ræða um breytingu á launum starfsmanna ríkisins, er taka laun eftir launalögunum. Telur nefndin ekki rjett að taka smáhópa út úr heildinni og hækka laun þeirra með sjerstakri veitingu í fjárlögum, heldur eigi þá að breyta launalögunum. Nefndin benti hæstv. stjórn á, hvaða leið hún teldi rjettasta, og hvatti hana að bera fram frv. um breytingar á launalögunum í þessa átt.

Mig furðar á því, að hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) kveðst ætla að bera fram brtt. við fjáraukalögin um líka uppbót, í stað þess að gera það formlega með breytingu á launalögunum.

Um brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), um styrk til prestsekkju einnar, hefir

fjvn. ekki getað borið sig saman. En þó að engin ákvörðun hafi verið tekin í nefndinni, þar sem hana vantaði allar upplýsingar, býst jeg við, að nefndarmenn muni yfirleitt hlyntir þessum styrk, eftir þeirri skýrslu, er háttv. þm. hefir gefið.

Hæstv. atvrh. (KlJ) og sjerstaklega hv. 2. þm. Skagf. (JS), er ber fram brtt. við þennan lið, hafa nokkuð fett fingur út í tillögu meiri hl. fjvn. um uppbótina til A. L. Petersens. Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) komst vel að orði um þessi skjöl, er liggja fyrir frá rannsóknarnefndinni, að það væri rjettast að kalla þau ekki tillögur.

Er líkast því, sem rannsóknarnefndin vilji ekki bera fram neinar ákveðnar tillögur.

Býst jeg við, að mörgum, er lesið hafa þessa rannsóknarskýrslu, finnist, að hjer sje fremur um varnarskjal fyrir landssímastjóra að ræða en hlutlaust álit.

Í raun rjettri er því enn ekkert verulegt við að styðjast í máli þessu, nema skýrsla Petersens sjálfs, sem sýnist rjett útreiknuð. Fara till. fjvn. nær kröfu hans, sem var 17000 kr., heldur en brtt. þeirra hv. 2. þm. Húnv. og háttv. 2. þm. Skagf.

Þess er og að gæta, að Petersen sýnist hafa fengið loforð, bæði hjá landssímastjóra og stjórninni, um það að fá lífvænlega stöðu, bæði fyrir sig og konu sína. (*MG*: Hann hefir stöðu hjá ríkinu). Það er ekki lífvænleg staða, og því síður föst til frambúðar. Fjvn. hefir því tekið þann kostinn að leggja til, að manninum verði veitt ákveðin fjárhæð í eitt skifti fyrir öll, en að slept sje þeirri skyldu, að stjórnin sjái honum fyrir stöðu. Teljum við þetta hreinlegra og báðum aðiljum betra, eins og komið er. Hefir fjvn. þótt rjett að höggva nú loks á þennan knút, sem lengi hefir verið óleystur, og höfum við mikil líkindi og nær því vissu fyrir, að ef manninum verði veitt þetta, þá sje þessu máli þar með lokið, og hefir þá Alþingi skilist vansalaust við það.

Jeg skal ekki tefja tímann með því að svara hæstv. atvinnumálaráðherra viðvíkjandi heimildinni til að veita Eimskipafjelaginu styrk. Hann mun geta lesið það, sem jeg sagði um þetta í dag, í þingtíðindunum, og það mun nægja.

Jeg skal heldur ekki andmæla háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG). Jeg býst við því, að hann hafi hrært hugi einhverra háttv. þm. með hinni hjartnæmu ræðu sinni um styrkinn til Skeiðaáveitunnar, en fjvn. er vissulega svo forhert, að áhrifanna mun ekkert gæta á hana. Hún vill aðeins veita þessa lánsupphæð, en engan beinan styrk að sinni.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) þarf jeg engu að svara fyrir hönd nefndarinnar, en get þess aðeins, að nefndin er enn einhuga um það að vera á móti ullarverksmiðju hans.

Þessi sami háttv. þingmaður talaði um það, að nefndin hefði flutt Dansk Kunstflidsforening vestur í Dalasýslu. — Á hann þar víst við hannyrðakenslustyrkinn til Þórdísar Ólafsdóttur á Fellsenda. En jeg hjelt, að háttv. þm. væri svo vel að sjer í þessum sökum, að hann vissi, að fleiri geta kent hannyrðir en þetta fjelag. Held jeg, að nefndinni sje ekki láandi, eftir því sem henni fórust orð við 2. umr. fjárlagafrv., þótt hún vilji styðja að þessu.

Það var von, að háttv. þm. furðaði á því, að jeg skyldi ekki geta um till. hans, sem hann tók aftur við 2. umr., um aukinn styrk til berklavarna.

Jeg gleymdi að geta um hana. En nefndin hefir alt að einu athugað þetta, en hafði ekki við svo mikil gögn að styðjast, að hún treystist til að koma fram með brtt. En það þykist nefndin vita, að þetta fje, sem áætlað er, muni ekki nægja; en þó er hjer aðgætandi, að margir þeir, er áður nutu styrks samkv. 77. og 78. gr. fátækralaganna, komast nú undir berklavarnalögin, og við það minka mjög þau útgjöld, sem áður fjellu undir þessar greinar.

Háttv. 1. þm. G.-K. (EÞ) get jeg sagt það sama og háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), að jeg býst við því, að nefndin sje sammála brtt. hans.

Ekki vil jeg andmæla háttv. form. fjvn. (ÞorlJ), enda fór hann hóglega í sakirnar. Vil jeg undirstrika síðustu orð hans, um það, að rjettmætt sje að bera fram till., til þess að minna á, að sími þessi er forgangssími samkvæmt símalögunum.

En annars vil jeg skjóta því til háttv. þm., hvort þeir vilji nú ekki allir taka þessar símatill. sínar aftur, úr því að bent hefir verið á, að þeir eigi allir að koma í náinni framtíð.

Háttv. þm. Ísaf. (JAJ) gat þess út af styrknum til alþýðuskólans í Þingeyjarsýslu, að engin teikning eða kostnaðaráætlun um hann lægi fyrir frá sjerfróðum manni. Jeg gat um það í dag, að nú hefði nefndin haft með höndum uppdrætti og áætlun frá byggingarfróðum manni. Þessi ástæða háttv. þm. er því úr sögunni, og ætti hann nú helst að taka brtt. sína aftur, þar sem þetta mun aðallega hafa valdið því, að hún kom fram.

Háttv. 1. þm. Árn. (EE) ljet það á sjer skiljast, að deildin hefði veitt einum manni eftirlaun fyrir dýralækningar. Jeg hjó eftir þessu hjá honum og vil ekki láta þetta standa ómótmælt í þingtíðindunum, því að þetta er ekki rjett. Þessi upphæð er veitt í viðurkenningarskyni, eitt skifti fyrir öll, enda stendur hún á alt öðrum stað í fjárlögunum en eftirlaun standa. Um þá till. háttv. þm. (EE) að veita þessari gömlu ljósmóður eftirlaun, þarf jeg ekki margt að segja umfram það, sem jeg hefi áður sagt. Nefndin vill ekki, að gefið sje fordæmi fyrir því, að allar ljósmæður landsins komist á eftirlaun. Háttv. þm. vildi setja þetta í samband við einhver hreppstjóraeftirlaun, en þau hafa ekki verið veitt, þótt tilraunir hafi verið gerðar til þess að fá þau.

Háttv. 2. þm. Skagf. varð til þess að mótmæla till. meiri hl. sjútvn., er meiri hl. fjvn. styður. Sagði hann, að hjer væri um nýtt embætti að ræða. Það er rjett; en það er persónulegt embætti, bundið við þennan mann.

Hann kallaði þetta vísindalegt fiskiráðunautsembætti, og jeg hefi ekkert á móti því nafni og get ekki sjeð, að það sjeu nein mótmæli gegn því. Er ekki óeðlilegt, að jafnmikil fiskiþjóð sem Íslendingar eru, hafi 1 fiskiráðunaut; að minsta kosti er það ekki mikið, þegar litið er til allra ráðunautanna, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir í sinni þjónustu. Er langt frá því, að við sjeum í samræmi við aðrar þjóðir í þessu efni, þótt við höfum þennan eina mann í þjónustu ríkisins til þess að vinna að þessu.

Þá sagði hann, að hann hefði ekki fundið, að maður þessi hefði gert eða ætti að gera nokkurt praktiskt gagn. Hann varð nú sjálfur til þess að nefna ýmislegt praktiskt, er þessi maður hefði fengist við á þessu sviði. Hygg jeg, að fáum blandist hugur um, að það sje ærið þýðingarmikið og hafi praktiska þýðingu að vita um fiskigöngur og hrygningarsvæði. Þessi maður á líka upptökin að

því, að byrjað var að veiða síld með reknótum. Og margt fleira mætti telja. Það má vel vera, að rjettara væri að leggja þetta undir Fiskifjelagið; má vera að það verði síðar gert, ef starf þetta heldur áfram eftir að þessi maður hefir látið af því.

En þetta þótti rjettara nú, sökum þess, að embættið er bundið við nafn þessa manns.

Annars þarf ekki að fjölyrða um, hve sjálfsagt það er að gera þetta. Þessi maður hefir þegar unnið svo mikið á þessu sviði, að það eitt var nægilegt til að veita honum þetta. En auk þess má mikils af honum vænta í framtíðinni.

Ekki má það heldur vera nein grýla á háttv. þm., að ekki fáist neinn hæfur maður til að gegna kennarastarfi hans við mentaskólann. Er enginn vafi á því, að til eru margir, sem það geta, og mætti nefna nöfn, ef þess væri þörf. Kemur og einhvern tíma að því, að hann verði að láta af þessu embætti.

Þá skaut þessi háttv. þm. (JS) því til mín, að háttv. þm. Dala. (BJ) hefði sagt, að upphæð sú, er heimilað er að veita námsmönnum lán af, væri áætlunarupphæð.

Þetta kemur mjer eða nefndinni ekkert við. Hún hefir ekkert álit látið uppi um þetta eða gefið neinar skýringar á því. Einungis hefir hún sagt, að styrkbeiðnir gætu fallið hjer undir. En hitt hefir hún aldrei rætt, hvort þetta skyldi teljast áætlunarupphæð eða ekki; en jeg veit, að sumir háttv. nefndarmanna munu ekki ætlast til, að þetta sje áætlunarupphæð.

Svo skal jeg láta mínu máli lokið.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Örfáar aths. út af ræðu háttv. frsm. fjvn. (MP). Hann gat þess út af till. frá háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), um uppbót á laun starfsmanna landssímans, að sig furðaði á því, að jeg hefði ekki tekið bendingum fjvn. um að koma fram með frv. um laun þessara manna.

Það er rjett, að jeg fjekk brjef frá háttv. fjárveitinganefnd, þar sem jeg var hvattur til þessa, að því er virtist, og nú veit jeg, að jeg hefi átt vísan stuðning þaðan; en mjer finst ekki tímabært að fara nú að koma með breytingar á launalögunum, því eins og andinn er nú í þinginu, mundi það síst verða til sparnaðar, sem jeg ætlaðist þó til, að þær yrðu.

Jeg er að vísu háttv. frsm. (MP) sammála um, að ekki eigi jafnaðarlega að gera breytingar á launalögunum með fjárlagaákvæðum; en það er nú samt iðulega gert, og hafa einkum mikil brögð verið að því að undanförnu, sem öllum þeim, er nokkuð þekkja til þingsögunnar, er fullkunnugt um.

Annars skal jeg ekki fara að tala um launalögin; þau eru ekki gömul. Ef ætti að breyta þeim, þá þyrfti að gera launajöfnuð, og máske fremur lækka sum launin. Jeg get ímyndað mjer, að þetta komi fram á næsta þingi. Jeg vil ekki, að svo áliðnum þingtíma, hleypa þessu þingi út í umræður um launalögin, og sje því ekki fært að taka til greina bendingar frá fjvn. um það efni. En í hinu er engin mótsögn, að taka til greina umbótatill. um hækkun á launum símastúlkna til bráðabirgða í fjárl. og fjáraukal. þangað til launalögunum verður breytt. Þó að þm. vilji ekki hækka laun símamanna alment, þá vilja þeir máske hækka þennan launaflokk. Og ef jeg sje, að brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) fá góðan byr, kem jeg — og ef til vill hvort sem er — með brtt. við fjáraukalögin.

Þá hefir háttv. 2. þm. Skagf. (JS) og aðrir minst á ferðaáætlanir Esju. Jeg hefi ekki sjeð þær. En háttv. frsm. samgmn. (ÞorstJ) hefir sagt mjer, að þær væru sendar stjórn og framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, sem nú er staddur í Kaupmannahöfn til að taka á móti skipinu, svo að hann gæti gert þær breytingar, sem honum sýndist. Þessar áætlanir eru því aðeins till., ráðgefandi, en ekki bindandi fyrir stjórnina. En jeg hefi sem sagt ekki sjeð þær. Enda held jeg það sje betra og heppilegra, að framkvæmdarstjórinn ráði meira um áætlunina, heldur en að reiptog verði um það meðal þingmanna, þar sem hver otar sínum tota og berst fyrir sinni höfn.

Loks skal jeg minnast á mál Petersens. Jeg skildi háttv. frsm. svo, að hann teldi álit nefndarinnar, sem rannsakaði þetta mál, vera varnarskjal, en ekki óhlutdrægt álit. Ef hann ekki mótmælir, skoða jeg það rjett skilið. En þetta er gersamlega rangt. Jeg skipaði þrjá valinkunna sæmdarmenn í þessa nefnd — svo að jeg noti þá gömlu málvenju, — og skal jeg tilfæra nöfn þeirra: Sigurður Þórðarson fyrverandi sýslumaður, Gísli J. Ólafson símastjóri og Vigfús Einarsson fulltrúi í stjórnarráðinu. Jeg get ekki annað sjeð en að þessi nefnd hafi verið vel skipuð til starfsins; en um skýrsluna verð jeg að segja, að hún er alveg óhlutdræg, en jeg hefði óskað eftir ákveðnari tillögum frá nefndinni um niðurstöðu hennar. Jeg skal geta þess, að háttv. 2. þm. Skagf. hefir rjett fyrir sjer í því, að alls ekki ætti að veita meira en 10 þús. kr. samkv. skýrslunni og að búið er að borga út 5 þús. af þessari upphæð.

Að endingu skal jeg geta þess, að jeg vildi ekki leggja dóm á þetta mál, og gerði það ekki, enda gaf þingsáltill. frá síðasta þingi ekki ástæðu til þess.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Mjer láðist í fyrri ræðu minni að minnast á eina breytingartill. mína, sem sje tillöguna um utanfararstyrk barnakennara. Jeg þarf ekki að fjölyrða um hana. Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, hefir þessi styrkur verið veittur í fjárlögum síðan 1914; en þingið í fyrra feldi hann niður í sambandi við vonsku sína við alt, er að barnafræðslu laut. Jeg get þakkað hæstv. forsætisráðherra (SE) fyrir að hann veitti þessu máli stuðning og meðmæli. Allir háttv. þm. ættu að sjá nauðsyn þessarar fjárveitingar. Það er ekki vanþörf á, að einn maður úr hinni fjölmennu kennarastjett færi utan á hverju ári, til þess að afla sjer fyllri mentunar og kynnast nýungum í kenslumálum. Við erum svo mikið út úr menningarstraumnum og nógu langt á eftir öðrum þjóðum samt. Enda veitir ekki af þessu, eftir þeim anda, sem nú ríkir hjer hjá þingmönnum í þessum efnum, og skilningsleysi sumra þeirra á barnafræðslunni.

Þá þarf jeg sem frsm. samgmn. að svara aðfinslum nokkurra þingmanna í garð samgmn. út af ferðaáætlunaruppkasti, sem hún hefir samið fyrir Esju. Háttv. frsm. fjvn. vítti samgmn. fyrir það, að áætlunin hefði ekki gengið á milli þingmanna; það hefði áður verið föst venja. Þetta er ekki rjett; það hefir ekki verið venja, heldur hafa þeir þingmenn, sem óskað hafa eftir því, fengið að sjá hana hjá nefndinni. Annars fæ jeg ekki sjeð, að ferðaáætlun Esju geti verið hjer til umræðu. Hjer í umræðum um fjárlögin þarf aðeins að tala um styrk til strandferðanna. Og í sambandi við strandferðastyrkinn hefi

jeg tekið það fram, að samgöngumálanefnd ætlast til, að önnur tilhögun verði á strandferðunum en áður hefir tíðkast. Samgöngumálanefndir beggja deilda sendu sitt uppkastið hvor að áætlun fyrir Esju til framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, án samvinnu milli nefndanna, og jeg veit, að tillögur þeirra hafa ekki verið samhljóða að öllu leyti. Jeg býst við, að þeir þm., sem það vildu, hafi getað fengið að sjá áætlunaruppkastið hjá formanni nefndarinnar. (*MG*: En sú náð!) Að það var sent svo fljótt, stafaði af því, að Nielsen framkvæmdarstjóri bað um að fá tillögur nefndarinnar áður en Esja færi frá Kaupmannahöfn.

Svo skal jeg taka það fram, að það ber alls ekki að líta á þetta uppkast sem fullnaðaráætlun; það er samið eftir tilmælum framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins; en það er aftur hans verk og landsstjórnarinnar að semja fullnaðaráætlun. Verk samgöngumálanefndar er aðeins að marka fyrir aðalatriðunum. Annars er rjettast fyrir þingmenn að snúa sjer til framkvæmdarstjórans með sínar athugasemdir og breytingar, ef þeir álíta, að samgöngumálanefnd hafi ekki gengið nógu vel frá tillögunum.

Háttv. 2. þm. Skagf. taldi eðlilegast, að Esja kæmi við á sem flestum smáhöfnum, sem flóabátar koma ekki á. Ef einstakir þingmenn gætu togað ferðaáætlunina á milli sín, þá yrði sennilega raskað þeim grundvelli, sem nefndin hefir hugsað sjer. Eins og jeg tók fram, hefir hún og útgerðarstjóri einmitt ætlast til, að strandferðirnar yrðu öðruvísi en áður, þannig að skipið kæmi fremur sjaldan á smáhafnir, til þess að það geti farið sem hraðastar og flestar ferðir.

Jeg álít ekki rjett, að samgöngumálanefndin eða þingið geri þessa ferðaáætlun, heldur framkvæmdarstjórinn. Það lendir jafnan í reiptog meðal þingmanna utan og innan nefndarinar; en hitt er rjett, að þingið gefi bendingar um aðaltilhögun ferðanna.

Háttv. 2. þm. Skagf. taldi hlut Skagafjarðar borinn fyrir borð, samanborið við Eyjafjörð, eftir uppkasti nefndarinnar, og kendi því um, að enginn Norðlendingur hefði verið í nefndinni. Í Ed.-nefndinni er þó einn Norðlendingur. En nefndin hefði þó ekki fremur fyrir það átt að hafa hvöt til að taka Eyjafjörð fram yfir Skagafjörð.

Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) var að bera saman Ólafsfjörð og Hofsós, og þótti hinn síðarnefndi vera misrjetti beittur um viðkomur strandferðaskipsins. En þessar hafnir eru ekki saman berandi; það er svo miklu fleira fólk í Ólafsfirði en á Hofsósi. Þar að auki er mikil útgerð á Ólafsfirði, en jeg held engin á Hofsósi. Sama er að segja um Haganesvík og Dalvík; hin síðarnefnda er miklu fólksfleiri.

Þá gat háttv. þm. um flóabát á Eyjafirði; en hann er enginn; þar er aðeins póstbátur, með styrk úr ríkissjóði til póstflutninga. Hv. sami þm. talaði um, að það væri komið í ljós, að Esja væri svo dýrt skip, að hún mundi verða ein af vandræðaeignum ríkisins.

Það er leitt að heyra þennan hrakspádóm einu dægri áður en skipið kemur til landsins. Það væri eðlilegra, að öllum landsmönnum væri það gleðiefni, að landið hefir eignast svo gott og vel útbúið strandferðaskip, og jeg veit ekki, á hverju þessi spádómur er bygður. Jeg álít, að það sje betra fyrir menn að fara eina dagleið eða svo landveg af smærri höfnum til þeirra stærri, svo að þeir fái fljótari sjóferð og um leið miklu ódýrari. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um

þetta meira, en vil benda háttv. 2. þm. Skagf. og öðrum, sem eru óánægðir með till. samgöngumálanefndar, að fara til framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, ef þeir vilja fá bót á þeim.

Jón Þorláksson: Háttv. 1. þm. Árn. (EE) gerði deildinni þann greiða að taka upp aftur brtt. mína um byggingu á Geysishúsinu, svo hún er þá enn til umræðu. Jeg vil þá fyrst halda uppi vörn fyrir Geysi gamla. Háttv. þm. (EE) taldi hann ekki hafa annað til gildis en forna frægð og að hún mundi visna undan tímans tönn, eins og gengur um frægðina. En það er nú svo um Geysi og hverina umhverfis hann undir Laugafjalli, að þeir eru ennþá einsdæmi í Norðurálfunni utan Íslands. Og ferðamenn hjer í álfu, sem vilja sjá slík náttúruundur, sækja því auðvitað hingað í þeim erindum. Það má óhætt gera ráð fyrir, að þessir hverir haldi áfram um okkar daga að draga hingað ferðamenn.

Þá talaði háttv. þm. um, að húsið hefði ekki verið notað sem gistihús upp á síðkastið. Jeg hefi sjálfur gist í húsinu og fengið frá öðrum mönnum hjer í bæ staðfestar umsagnir og upplýsingar, síðan þm. hjelt ræðu sína, um, að þeir hafi einnig gist þar. Það er að vísu satt, að eldhús vantaði í húsið, svo að gestir urðu að sjá um sig sjálfir að því er nesti og útbúnað snerti, eða fá aðstoð til þess hjá bóndanum á Laug, þar sem gestir gátu keypt greiða, en engin húsakynni voru til gistingar. Þó vil jeg ekki fullyrða, hvort fólkið þar hafi á hverju sumri treyst sjer til þess að veita gestum beina; en venjulega hefir það verið svo. Um þörf fyrir gistihús á þessum stað má segja, að fyrir stríðið var hún mikil. Þá var mikill ferðamannastraumur, og fóru flestir til Þingvalla, Gullfoss og Geysis og þaðan til Heklu eða niður á undirlendið, og fóru þá fleiri niður á Skeiðin en austur í Hreppa. Tilhögun þessara ferða var venjulega þannig, að ferðamenn gistu tvær nætur við Geysi og var dagurinn á milli notaður til þess að skoða Gullfoss. Enda er vegalengdin þangað ekki meiri en svo, að þægilegt er að fara það á stuttri dagstund.

Eins og menn vita, þá er verið að leggja flutningabraut eða akfæran bílveg frá aðalveginum hjá Ingólfsfjalli upp Grímsnesið til Geysis, og má búast við, að þá aukist mjög ferðamannastraumurinn, þegar hann er kominn á. Hjer við bætist, að vegamálastjóri landsins hefir verið að undirbúa framkvæmdir í þá átt að gera ferðafólki mögulegt að ferðast með litlum kostnaði um óbygðir hjer sunnan- og vestanlands. Hann hefir látið varða leiðina frá Geysi upp að Hvítárvatni og norður til Hveravalla, þaðan fyrir norðan Langjökul til Arnarvatns, en þaðan var áður varðað niður í Hvítársíðu í Borgarfirði. Sæluhús eru svo gerð eða fyrirhuguð við Hvítárvatn, á Hveravöllum og við Arnarvatn. Tilætlunin er sú, að gera gangandi mönnum kleift að fara hringferðina frá Þingvöllum til Geysis og þaðan upp á fjöllin og svo niður í Borgarfjörð. Unga fólkið sækir í það að komast út úr bænum og upp til fjalla, þar sem er stórfengleg náttúrufegurð. Á stríðsárunum stöðvaðist ferðamannastraumurinn hingað til landsins, en full ástæða er til að halda, að hann muni aukast aftur. En ekki verður því neitað, að skilyrðin fyrir því frá okkar hendi eru næsta ljeleg. Gistihúsin eru fá og ferðamönnum er illa við það að troða sjer inn á bændabýli, sök-

um þeirra óþæginda, sem það hlýtur að valda fólkinu, þó gistingin sje að öðru leyti viðunandi. Til þess því að ferðamenn geti haft nokkra viðdvöl í sumarferðum sínum, þarf fyrst og fremst að koma upp boðlegum gistihúsum á Þingvöllum, við Geysi og svo nálægt Ölfusá. Með því væri hægt að fara í hæfilega stóran hring, með viðdvöl í þessum gistihúsum eftir vild. Og þó menn annars hafi löngum gert lítið úr þeim hagnaði, sem ferðamannastraumurinn frá útlöndum hefir í för með sjer, þá verður því samt ekki neitað, að hann veitir afarmikla atvinnu fólki, sem á erfitt með að stunda önnur störf, svo sem námsfólki, sem annaðhvort hefir ekki þrek til eða kann ekki til sveitavinnu, auk þess sem það gefur mikla atvinnu fyrir hesta. Þá er það heldur ekki þýðingarlaust á þessum tímum, að hann flytur talsvert af erlendum gjaldeyri til landsins. Alt þetta var án efa vegamálastjóra ljóst, og þess vegna vildi hann bæta úr því, sem áfátt var með gistihúsið við Geysi. Var það endurbætt svo konungskomusumarið, að það gat komið að tilætluðum notum.

Fyrst svo mikið er búið að tala um þetta hús og aðgerðir stjórnarinnar í því máli, þá er rjett að geta um það, sem gert var til að afstýra því, að húsið yrði selt og rifið niður. Þegar fyrst frjettist, að haft væri í hyggju að selja húsið til niðurrifs, þá leitaði vegamálastjóri til nokkurra manna hjer í bænum, hvort þeir vildu ekki eitthvað á sig leggja til þess að halda gistihúsinu uppi. Þessu var vel tekið, nægilegt fje bauðst og var gert tilboð í húsið, sem var hærra en það verð, sem það var síðar selt fyrir. Þá var sú ástæða fram borin, að selja þyrfti húsið nefnd, sem sjá átti um að koma upp læknisbústað í Laugarási, af því að annar trjáviður fengist ekki til byggingarinnar. Þá upplýstist það, að trjáviður var fáanlegur á Eyrarbakka, en þá var því borið við, að nefndin hefði ekki handbært fje, en gæti hins vegar ekki fengið timbrið að láni, en fengi húsið aftur á móti til láns. Þá var leitað til annars bankans hjer, til að vita, hvort hann væri ekki fáanlegur til að lána það fje, sem þyrfti til trjáviðarkaupa í húsið á Laugarási, til þess að bjarga Geysishúsinu. Bankinn tjáði sig fúsan til þess, en alt kom fyrir ekki.

Svona er þá gangur málsins. Jeg ætla mjer ekki að fara að koma með neinar ásakanir í garð hæstv. fráfarandi ráðherra, sem ekki getur nú svarað til saka, en viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Árn. (EE) sagði, þá skal jeg geta þess, að mjer fundust ummæli hans benda á það, að samviska hans segði honum, að hann væri ekki alveg óviðriðinn þetta mál. En það leiðinlegasta við þetta alt saman er, hvað hagnaðurinn fyrir sýsluna hefir hlotið að vera lítill, í samanburði við tjón það, sem af því leiddi að taka húsið í burtu og rífa það, því þó það gæti komið að gagni þar, sem það stóð, sem gistihús að sumarlagi, þá er það víst, að viðurinn úr því, sem var 16 ára gamall, hefir hlotið að vera ljelegt efni í nýtt hús. Svo hafi hjer verið um styrk að ræða, þá hefir hann verið næsta óheppilegur.

Jeg vona nú, að jeg hafi stilt svo orðum mínum í hóf, að þau þurfi ekki að gefa tilefni til langra ræðuhalda, hvorki hv. 1. þm. Árn. (EE) nje öðrum. Hins vegar vænti jeg þess, að mál þetta hafi nokkuð skýrst við það, sem jeg nú hefi sagt.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi hlustað með undrun á umræður þær, sem orðið hafa út af till. hv. samgmn. Veit jeg eigi til, að sú nefnd hafi nokkurt það erindis-

brjef í höndum, sem heimili henni að fara á bak við okkur með till. um eimskipaferðir og segja fyrir, hvernig skipaferðum skuli háttað. Jeg vil víta þetta og tel ósæmilegt, hvernig nefndin hefir farið með sitt umboð. Jeg vissi ekki fyrri en nú, að nefndin væri búin að gera nokkrar tillögur í þessa átt, en nú eru þær sendar í önnur lönd. Mætti þetta verða áminning til nefndarinnar um að fara ekki oftar á bak við þingið.

Þá kem jeg að fjárlögunum. Skal jeg fyrst minnast á brtt. frá hv. 1. þm. Rang. (GunnS), um að lækka styrkinn til Dansk-islandsk Samfund niður í 300 kr. Jeg tel þessa till. í alla staði rjettmæta, en þó furðar mig á því, að háttv. þm. skuli ekki hafa fundið hagkvæmustu leiðina, þá, að strika út aftasta núllið. Skal jeg geta þess, að jeg veit eigi betur en það fjelag hafi veitt styrk undanfarið til Dansk Kunstflidsforening, þessa fjelags, er haldið hefir uppi sumarskóla fyrir „ubemidlede Piger fra Færöerne, Grönland, Island og Sönderjylland" og í ávarpi sínu sagði, að skömm væri, hvað litið væri niður á stúlkur frá löndum þeim, sem áhangandi væru móðurlandinu. Mjer er óskiljanlegt, að hv. þm. skuli ekki sjá, hvar fiskur liggur undir steini, að hjer er hafinn undirróður þess, sem gerast á árið 1940. Og ekki verður það talið hyggilegt af Íslendingum að veita fjárstyrk til slíkra starfa.

Jeg skal vera fáorður um styrkinn til Bjarna yfirkennara Sæmundssonar, en vil annars geta þess, að það getur ekki orðið neitt lausnarorð, hvort stofnað er nýtt starf eða ekki, ef á starfinu þarf að halda. Og sje starfið nauðsynlegt fyrir þjóðin, þá er það aukaatriði, hvort það er borgað með 7 þús. eða 70 þús. Kemur hjer hvort sem er víst aldrei sú gullöld yfir þjóðina, að menn þurfi ekkert til síns viðurværis. Nú er þess að gæta, sem enginn hefir minst nógsamlega á, að Bjarni hefir um mörg ár unnið að fiskirannsóknum með stökum dugnaði og haft til þess styrk, sem numið hefir aðeins 600—1200 kr. á ári, og er það sýnilega ekki meira en lítil hlutdeild í ferðakostnaði hans. Þá mætti og taka tillit til þess, að af tveim aðalatvinnuvegum landsins er sjávarútvegurinn sá, sem miklu meira greiðir í ríkissjóð, og er því naumast teljandi eftir, þó honum bætist þessi vinnukraftur.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) er fyndinn maður. Sást það á því, er hann var að tala um hannyrðakensluna í Dalasýslu. Hjelt hann, að Dansk Kunstflidsforening hefði flust þangað, og vildi ekki, að Dalasýsla þyrfti að búa við þá óhæfu. En þó það fjelag sje duglegt, þá hefir það þó aldrei átt beykistöð þar. Honum er því alveg óhætt að sýna sig svo góðviljaðan að greiða atkvæði með þessari litlu fjárveitingu, eins og hann gerði á síðasta þingi. Þessi stúlka hefir haft skóla á heimili föður síns, með mjög vægum kjörum fyrir nemendurna, og tel jeg vafalaust, að hv. þm. muni vilja stuðla að þessari viðleitni framvegis.

Þá hefi jeg, ásamt hv. þm. V.-Sk. (L-H), leyft mjer að bera fram brtt. um, að veittar verði 200 kr. til viðbótar við eftirlaun Bjarna prófasts Einarssonar. Við síðustu umræðu munaði minstu, að samþykt væri að veita þessum manni 1000 kr. Ætti hv. deild því að vera ljúft að verða við þessari litlu beiðni.

Þá var feld af einhverjum óskiljanlegum ástæðum tillaga um smálán til Sigurðar Lýðssonar, bónda á Hvoli, til að endurreisa Svínadalssel. Svo hagar þar til, að

dalurinn liggur milli bygða og standa oft um hann strokur miklar á móti mönnum á vetrum. Er þá oft gott, bæði pósti og öðrum, að þurfa ekki að fara alla leið, hvernig sem veður er, og geta haft athvarf í dalnum. Veit jeg, að öllum, sem þekkja til á þessum slóðum, er ljós nauðsynin á að fá þarna skýli fyrir fe.ðamenn. En felt var að veita til þessa 8 þús. kr. lán, samtímis því, að hv. deild samþykti 50000 kr. lánsheimild til tunnuverksmiðju og 120 þús. kr. til sútunarverksmiðju. Er þó ólíkt saman að jafna. Hjer er boðinn 1. veðrjettur í fasteign, svo áhættan fyrir ríkissjóðinn ætti ekki að vaxa mönnum í augum. Kemur nefndin nú með till. aftur, og til samkomulags lækkar hún upphæðina um 1000 kr., í þeirri von, að hún finni þá náð fyrir augum hv. deildar. Bæði er það, að nauðsyn er, að þarna sje bygð, auk þess sem það er í samræmi við hugmyndir sumra þingmanna um nýbýli.

Þá tel jeg víst, að samþykkja megi án atkvæða brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) um að „rafmagnsveita" komi í stað orðsins „rafveita", svo sjálfsögð er hún. *(BH*: Er ekki vissara að hafa nafnakall?). Það má vel vera. Rafið kann að vera rennandi að sumra áliti, en á hitt vildi jeg minna, að lögmál tungunnar lætur ekki að sjer hæða, og aðallögmál hennar er, að rjett hugsun hvíli að baki orðanna. Það var ekki siður forfeðra vorra að láta fossana sigla um sjóinn og fljóta á öldunum, nje heldur að láta Esjuna kljúfa þær. Það getur vel verið, að nú sje þetta sjálfsagt, að fara að dæmi annara óhugsaðra og ógöfugra tungna.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) lagði mikið kapp á klæðaverksmiðju sína og vill fá lánaðar 100 þús. kr. handa því geróþarfa fyrirtæki, sem mundi aðeins verða til að eyðileggja eða skemma fyrir öðrum samskonar fyrirtækjum, sem þegar eru komin á fót hjá okkur. Það mundi drepa þær vonir, sem landsmenn hafa á því að geta unnið ull sína sjálfir, í stað þess að senda hana óunna út úr landinu. Það er líkur sparnaður í þessu hjá hv. þm. eins og er hann talaði um kostnað landssjóðs sem afleiðing af barnaskólabyggingum. Hingað til hefir ekki verið veittur styrkur til annara barnaskólahúsa en þeirra, sem reist eru utan kaupstaða. En nú koma aðrir á eftir og heimta sömu rjettindi, Reykjavík með 100 þús., Ísafjörður með 15 þús. o. s. frv. Það verður um hálf önnur miljón, eins og jeg spáði, á næstu árum, ef enginn bjargar málinu við á þessu þingi.

Þá vil jeg minnast fáum orðum á mínar eigin tillögur, og er mjer þá fyrst skylt að þakka hv. þm. N.-Ísf. (SSt) hin góðu ummæli hans um Sveinbjörn tónskáld Sveinbjörnsson og um hækkunina á styrknum til hans. Meðmæli þessa hv. þm. eru nægileg til að færa hv. þm. heim sanninn um, að till. mín er sanngjörn, þar sem hann er svo sparsamur maður, sem allir vita, en mælti þó svo ríkt með henni. Ef menn eiga að geta fengið 3 sæmileg herbergi hjer í bænum, verður húsaleigan sjálfsagt 2000 kr. á ári. Nú hefir þessi tónsnillingur aðeins tvö herbergi og aðgang að eldhúsi, og fyrir það þarf hann að borga 1800 kr. Svo á hann að lifa af 2200 kr. að öllu öðru leyti, og þetta er gestur, sem þjóðin hefir boðið heim.

Jeg get ekki verið að mæla frekara með þessu; jeg geri ekki ráð fyrir, að nokkur hv. þm. verði á móti till. minni. Yfirleitt vona jeg, að till. mínum sje svo í hóf stilt í þetta sinn, að óþarfi sje fyrir mig að tala mikið með þeim, svo sem þessari litlu viðbót við Einar Jónsson, sem jeg hefi farið fram á. Jeg vil aðeins þakka þeim,

sem taka till. mínum vel. Viðvíkjandi þeim sjerstöku mönnum, sem jeg hefi farið fram á, að veitt yrði viðbót við launin, þá tel jeg það vel til fallið, ef þingmenn halda áfram í kvöld, að þeim verði gefin sú viðbót í sumargjöf.

Gunnar Sigurðsson: Til þess að tefja eigi tímann, er rjett, að jeg haldi mjer eingöngu að mínum eigin tillögum. Jeg þakka hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fyrir málrjettingu hans. Það er ávalt mjög leiðinlegt að sjá orðskrípi og málleysur í lögum, og vonast jeg eftir, að háttv. Alþingi taki sjer fram í þessu efni, því frágangur fyrirfarandi þinga hefir oft verið blöskranlegur hvað þetta snertir. Jeg er hræddur um, að sumir hv. þingmenn hafi misskilið það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni viðvíkjandi því, að styrkbeiðnin til Dýraverndunarfjelagsins væri ekki borin fram að tilhlutun þess. Það er nú að vísu svo, en hins vegar er styrkbeiðnin í fullu samræmi við vilja fjelagsmanna. Jeg hefi talað við formanninn, og hefir hann skýrt mjer frá, að fjelagið væri algerlega fjevana, en hefði hins vegar mikinn hug á að ráðast í meiri framkvæmdir, t. d. að koma upp sjúkraskýli, þar sem dýr væru undir læknishendi.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) mælti á móti tillögu minni um niðurfærslu á styrk til Dansk-islandsk Samfund, en þar sem hann talaði mjög hóflega um málið, skal jeg gera honum sömu skil. Það þýðir ekki að tala um þjóðernisþýðingu þessa máls. Það er öllum kunnugt, að skoðanir okkar á því máli eru fjarskyldar. En styrkur fjelagsins til Dansk Kunstflidsforening sýnir, að það er ekki sjerlega kræsið hvað þjóðerni viðvíkur.

Það kann að mega segja, að fjelagið láti eitthvað gott af sjer leiða, en ef Danir vilja vinna að nánari samvinnu við okkur, þá verða þeir sjálfir að annast um það. Jeg skoða þetta dansk-íslenska fjelag að miklu leyti svipað frá Dana hálfu eins og Anglia og Alliance francaise eru frá hálfu Englendinga og Frakka.

Jeg vænti þess fastlega, að styrkurinn verði ekki látinn vera hlutfallslega hærri frá hendi Íslendinga en Dana.

Björn Hallsson: Aðeins örstutt athugasemd við ræðu hv. frsm. fjvn. (MP). Mjer hefði ekki dottið í hug að koma þessum símalínum á framfæri, ef svo margir hefðu ekki verið komnir á undan með símalínur, er jeg sá ekki, að meira riði á. Ýmsar óþarfari símalínur hafa verið settar í fjárlögin og samþyktar viðstöðulaust. Þess vegna er þetta ekkert kapphlaup hjá mjer, því að aðrir eru komnir á undan; jeg feta aðeins í fótspor þeirra og er viss um, að þessar símalínur, sem jeg fer fram á, eiga eins mikinn rjett á sjer og hinar. Hins vegar get jeg ekki sjeð, að neitt sje í hættu, þótt þær sjeu samþyktar, því að vitanlega verða þær ekki lagðar, nema fje verði fyrir hendi. Nýjar símalínur og loftskeytastöðvar munu eiga að kosta minst 220 þús. kr., svo að jeg sje ekki, að þessar 2 línur muni hleypa miklu fram, í samanburði við þá upphæð alla. Jeg vona, að deildin samþykki þessar brtt. mínar, og sje svo ekki ástæðu til að segja meira fyrst um sinn.

Hákon Kristófersson: Það verður ekki nema lítið, sem jeg segi að þessu sinni. Það hafa í deildinni komið fram ásakanir í garð samgöngumálanefndar, og ekki að ástæðulausu. Það kom mjer á óvart, að þm. höfðu ekki haft ástæðu til að kynna sjer nokkrar till., sem nefndin hafði sent frá sjer, og var það á móti vonum mínum

um hv. frsm. nefndarinnar (ÞorstJ). Jeg lít svo á, að þm. eigi að fá kost á að kynna sjer álit og till. frá nefndum. Að vísu hefir hv. fjvn. sent frá sjer till., sem ekki hafa komið til þingmanna fyr en seint og síðar meir, en það er engin afsökun fyrir hv. samgmn. Jeg skildi svo orð hv. frsm. fjvn. (MP) viðvíkjandi símalínum, að þeir þm., sem fram hefðu komið með till. í þá átt, hefðu gert sitt til, að þessi sími ætti að vera í símalögunum. Jeg hefi máske misskilið hann. Jeg skal taka það fram, að bæði jeg og fleiri hv. þm. vita, að það hefir verið komið símalínum inn í símalögin, sem ekki hafa komið hjer til umræðu.

Hv. frsm. (MP) mintist á þessa fátæku ekkju, sem jeg fór fram á, að veittar yrðu 200 kr., og taldi það vera varhugavert fordæmi. Jeg skal ekki um það segja, en jeg skil ekki, að þingið gæti ekki sett stíflu fyrir þann straum af styrkbeiðnum, er kannske mundi af þessu leiða. Mjer virtist, ef jeg hefi skilið rjett orð hans, að hann vildi fúslega ganga inn á styrkveitingar til annara kvenna hjer, og er í rauninni ekkert við því að segja, en bágt á jeg með að skilja samræmið. Og það sýnir sig sjálft, að það er erfitt að skilja, hvar hv. fjvn. vill draga markalínuna á milli. Þótt svo verði að líta á, að hreppstjóri, sem hefir þjónað í 40 ár, sje minniháttar maður en dyravörður við opinbera stofnun, þá er varla sá stigmunur á þeim.

Eiríkur Einarsson: Jeg verð aftur að leyfa mjer að mæla með styrknum til Þórdísar Símonardóttur ljósmóður á Eyrarbakka, sem jeg og hv. samþm. minn (ÞorlG) flytjum. Þessi heiðurskona á það skilið, og auk þess er það ekki undantekning frá almennri reglu, eins og jeg hefi fyr tekið fram. Þá get jeg ekki heldur leitt hjá mjer að minnast lítið eitt á styrkinn til að stofna ullarverksmiðju. Hv. frsm. fjvn. (MP) bygði mótmæli gegn tillögu minni á því, að málið væri ekki nógu formlega tekið upp og vantaði upplýsingar, þótt hann virtist hlyntur stórri klæðaverksmiðju. En þetta er ekki rjett. Þingmenn hefðu getað kynt sjer mál þetta, ef þeir hefðu viljað. Stjórnskipuð nefnd hefir unnið að þessu máli og hún hefir samið ítarlegt nál. um málið, sem jeg gat um við 2. umr. En samhliða nál. ryðjast hjer inn á þingið tillögur um smáverksmiðjur til og frá um landið, og finst mjer ekki gerlegt að ljá þeim málaleitunum liðsyrði á þessu stigi málsins. Virðist það helsti kákkent. Nefndarálitið þarf að ræðast, þingið mynda sjer heildarskoðun og síðan að takast afstaða til málaleitana frá einstökum hjeruðum. Jeg vil nú skjóta því til hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), hvort hann vilji ekki taka sína tillögu aftur að svo vöxnu máli.

Jeg þarf ekki miklu að svara hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) út af Geysishúsinu. Helsti ágreiningurinn er um það, hvort húsið hafi verið hæft til gistingar eða ekki. Jeg staðhæfi, að menn hafi verið hættir að gista þar 1921 og það hafi verið mesta örtröð á bæjunum í kring, af því að húsið var orðið ónothæft til gistingar. Annars get jeg verið þakklátur háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann hefir með máli sínu staðfest, að það er þörf á gistihúsum á ferðamannastöðvunum eystra, og allir kunnugir vita, að Gnúpverjahreppur er þar öðrum sveitum fremur áfangastaður. Um það þarf ekki að deila.

Að síðustu vil jeg, til þess að fyrirbyggja allan vafa, geta þess, hvern þátt jeg átti í því, að húsið við Geysi var rifið. Jeg átti, í fám orðum sagt, engan þátt

í því á nokkurn hátt, en hitt játa jeg, að úr því húsið var rifið, taldi jeg það að öllu leyti sanngjarnt, að læknissetrið nyti öðrum fremur góðs af röftunum úr því. Þetta endurtek jeg hjer. Jeg mótmæli því, er hv. 3. þm. Reykv. sagði, að jeg væri eigi óviðriðinn mál þetta. Hann leiddi það af því, að jeg var stuðningsmaður fyrverandi fjármálaráðherra (MagnJ). Það er satt, að jeg studdi hann í stjórnina, og er hann nú er farinn, þá vil jeg bera blak af honum, af því að mjer finst of mikið gert úr ávirðingum hans. En hvorki hann nje aðra ráðherra vil jeg styðja lengra en sæmilegur málstaður leyfir.

Forseti (BSv) tók til máls þá er klukkan sló tólf á miðnætti og mælti:

Þá er nú veturinn liðinn og vil jeg leyfa mjer að óska þingmönnum gleðilegs sumars.

Þórarinn Jónsson: Það á þá best við að þakka hæstv. forseta og óska honum hins sama.

Það skal ekki vera langt liðið af þessu sumri, er jeg lýk máli mínu. Jeg vildi aðeins segja nokkur orð við samgöngumálanefndina, því að framkoma hennar hefir verið óvenjuleg og óæskileg á þessu þingi. Það virðist svo, svo hún hafi skoðað sig sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórnina. En þessu á þó ekki að vera þannig varið. Tillögur hennar hafa á undanförnum þingum legið fyrir þingmönnum til samþyktar. En nú hefir hún upp á eigin spýtur samið áætlun fyrir Esju, án þess að þm. hafi gefist kostur á að sjá hana og gera sínar athugasemdir. Þetta hefir þó verið venja, þó þetta hafi ekki getað fallið undir atkvæði deildarinnar. En svo er annað atriði, sem hv. samgmn. hefir algerlega vanrækt, og það eru tillögur um, hvernig styrknum í 13. gr. C 2 sje varið. Það er nú með öllu dulið fyrir þinginu, hvernig bátastyrknum er varið, og má þar jafnt hafa ráðið hlutdrægni sem annað hjá hv. nefnd. Þar verður ekkert undan kvartað og má vel vera, að hún leggi þessa dul á þetta af því að ekki sje hreint inni við beinið. Annars tel jeg rjettast, að samgöngumál á sjó eða fjárhagshlið þeirra væri ekki lengur dregin undan fjárveitinganefnd. Það er eðlilegast, að hún hafi alt fjárlagafrv. Og eins og hún er nú búin að yfirtaka fjárhagshliðina, ætti hún að fá þetta líka. Og fjárhagsnefnd hefir ekkert kvartað undan því. Frá hendi fjvn. mundi þetta atriði eins og önnur liggja greinilega fyrir deildinni. Og eins og nefndin hefir nú hagað sjer, tel jeg þetta alveg sjálfsagt.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefði getað fallið frá orðinu, ef ekki hefði staðið þessi stormur um samgöngumálanefndina. En það er bygt á hinum mesta misskilningi alt þetta skraf um, að nefndin hafi samið og sent framkvæmdarstjóra áætlun Esju. Um þetta er talað hjer eins og einhverja ógnargoðgá. En sannleikurinn er sá, að framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins hefir óskað eftir tillögum hennar, og nefndin hefir orðið við þeim tilmælum hans og sent honum tillögur sínar um fyrstu ferðirnar, en jeg veit ekki, að hve miklu leyti þær hafa verið teknar til greina. Annars ímynda jeg mjer, að framkvæmdarstjórinn birti þinginu áður því slítur þá áætlun, sem hann með samþykki ráðherra telur tiltækilega, eins og venja hefir verið að undanförnu. Þingið hefir aldrei, svo jeg muni, rætt þessar strandferðaáætlanir eða greitt atkvæði um þær. Sama máli er að gegna um styrkinn til flóabátanna. Jeg man ekki til, að þingið hafi gert út um styrk til þeirra; það mun stjórnin venju-

lega hafa gert. Það er því skotið hjá markinu með þessum aðfinslum við samgöngumálanefndina og amstri á hana. Það er einhver hærri pólitík, sem liggur að baki þessum hávaða.

Mjer þótti undarlegt, hversu háttv. þm. Dala. (BJ) var viðkvæmur fyrir barnaskólabyggingunum. Hann hamast nú gegn barnaskólunum eins og einhverri ógnar hættu, og er þá kominn í baksegl við sína fyrri stefnu. Er þetta næsta kynlegt, því að hann hefir á undanförnum þingum verið næsta framsækinn á þessu sviði og jafnan talið fje vel varið til mentamála.

Magnús Guðmundsson: Það var við víkjandi ferðaáætlun Esju, að jeg stóð upp. Eftir því sem mjer hefir skilist, þá hefir samgöngumálanefnd ekki gert áætlun fyrir hana. En hver hefir þá gert hana? (*Ýmsir*: Hún er ekki til!). Hæstv. atvrh. (KlJ) segist heldur ekki hafa gert þessa áætlun. En Esja er nú samt væntanleg á morgun og búið er að gefa út auglýsingu um fyrstu ferðirnar. Þó vill enginn gangast við áætluninni. En það hefir nú komið skeyti frá framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, Nielsen, sem jeg skal lesa upp og hljóðar svo:

„Har ikke arrangeret Esjas fartplan. kun ansat rammernes hovedanlöbe samfærdselsministeriet skulde udfylde anlöbene for hver rejse.

Nielsen Eimskip."

Hann hefir því ekki heldur ákveðið ferðaáætlunina. Samgöngumálaráðherra hefir ekki sjeð hana. Nei, það sem hjer hefir gerst, er, að samgmn. hefir farið á bak við þing og stjórn með þessa áætlun og er búin að búa út áætlun fyrir 7 ferðir, svo kúfurinn verður nú farinn að lækka af árinu, þegar Esja er búin að fara þær ferðir. (*MJ*: 3 mánuðir af 12). Já, en það eru nú heldur ekki nema 8 eftir af árinu. Sem sagt, það vill enginn viðurkenna að hafa búið þessa áætlun til.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Jeg hafði eigi ætlað að taka til máls nú, en verð þó að gera það, vegna þess, hve mjög hefir verið deilt á samgmn. Einkum kom mjer það þó kynlega fyrir, þegar einn úr þessari nefnd (HK) fór að deila á hana. Hann hafði engan ágreining gert í nefndinni, og ræðst því jafnframt á sjálfan sig. (*MG*: Hann er bara partur úr nefndinni. — *MP*: Það hefir bara verið hugsað um Austurland). Nei, hv. þm. Barð. (HK) hefir engan ágreining gert, og var þó á fundi, þegar þessi till. var gerð um fyrstu ferðir Esju.

Aðalkjarni þessa máls er sá, að samgmn. varð við þeirri beiðni hr. Nielsens, sem væntanlegs framkvæmdarstjóra skipsins, að gera till. um nokkrar fyrstu ferðirnar. Samgmn. beggja deilda höfðu verið send þessi tilmæli, og þær ekki orðið sammála um tillögurnar, en hvor sent sínar. Mátti líta svo á, að báðar deildir þingsins væru jafnrjettháar í þessu efni, og þá till. nefndanna líka. Framkvæmdastjóranum var jafnframt skýrt frá því í brjefi, að þetta væru aðeins tillögur.

Nefndin hafði engan tíma til þess að bera þetta undir þingmenn, því hún hafði aðeins 2 daga til að gera þessar till., áður skipið færi, sem þær urðu að fara með. Það er því naumast rjett, að nefndin hafi farið að baki þingsins með þetta. Og um það, að hún hafi farið á bak við stjórnina með till. sínar, er það að segja, að hr. Nielsen er umboðsmaður stjórnarinnar á þessu sviði, þar sem hann vinnur á hennar ábyrgð, og er því ekki hægt að segja, að farið sje á bak við stjórnina.

Háttv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) tók það fram, að till. um samgöngur hefðu jafnan verið lagðar fyrir deildina. Þetta er rjett að því er snertir fjármálahliðina. En það hefir alls ekki verið gert með áætlanirnar. Þingmenn hafa að vísu átt aðgang að því að sjá þær; en þó hefir stundum naumast unnist tími til þess. T. d. fyrir eitthvað tveimur árum var áætlunum ekki lokið fyr en á síðasta degi þingsins og nokkrir hv. þm. fóru sama kvöldið. Hjer er því ekki um neina nýja aðferð að ræða.

Eins og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, þá er þetta ekki nein fullnaðaráætlun eða búið að slá neinu föstu, nema að búið er að auglýsa eina ferð. Og ef bíð. hefði átt eftir því, að alt þingið hefði átt að verða sammála um, hvernig henni skyldi haga, þá hefði Esja áreiðanlega fengið að liggja við hafnargarðinn til þingloka.

Þá deildi hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) á samgmn. út af flóabátastyrknum. Hið eina, sem nefndin hefir lagt til í því efni, er, að till. stjórnarinnar um hann verði samþyktar. En ef hann hefir verið að deila á nefndina fyrir þetta yfirstandandi ár, þá skil jeg ekki (*ÞórJ*: Nei, alls ekki), já, þá skil jeg enn síður, hvers vegna nefndin ætti að fara að gera till. um niðurskipun þess styrks, hvað sem þörfum liði næsta ár. Úr því yrði bara togstreita milli þm. Jeg geri ráð fyrir því, að næsta þing sjái betur þörfina í þessu efni, og getur það þá veitt fje í fjáraukalögum til viðbótar, ef með þarf. Sami háttv. þm. (ÞórJ) sagði, að fjvn. ætti að hafa till. um strandferðirnar í sinni hendi. Sumum fjárveitinganefndarmönnum finst sjálfsagt rjett, að sú háttv. nefnd hafi flest eða öll mál þingsins til meðferðar. Á síðasta þingi taldi hún t. d. fræðslumálunum best borgið í sínum höndum. Rjettast væri þá líklega að kjósa aðeins mátulega marga menn í fjvn. á þing! En þá yrðu það líklega ekki allir þeir sömu menn, sem nú sitja í nefndinni.

Jeg get annars huggað þessa háttv. þm. með því, að þingið hefir enn fult vald og tækifæri til að breyta ferðunum frá þessum till. samgmn. En jeg sje ekki, hvernig þingið alt á að fjalla um þessi mál, nema þá að það væri borið fram í frumvarpsformi.

Jón Sigurðsson: Jeg hafði hugsað mjer að leggja til, að umr. yrði slitið, en af því að það er sýnilega kominn móður í menn, sleppi jeg því. Jeg skal þvi ekki segja nema fáein orð að þessu sinni.

Jeg vil þá fyrst snúa mjer að háttv. frsm. fjvn. (MP) út af því, sem hann lagði út af ummælum mínum og nefndarinnar um Petersensmálið, að 15000 krónur væri ekkert fjær sanni en 5000 kr. Þetta er algerlega röng skýring eftir venjulegri málvenju. Í nefndarálitinu er talað um tvær upphæðir, 5 og 10 þús., hvor þeirra væri nær sanni, og eftir því orðalagi mætti segja, að næst sanni væri t. d. 8 þúsund. Þetta veit hv. þm. vel, þó að hann vildi leggja þessa meiningu í þetta, sínum málstað til bóta. Því er borið fyrir af meiri hluta fjvn., að ef upphæðin væri höfð svo há, sem hún leggur til, þá væri öllum skaðabótakröfum lokið af hans hendi. Jeg veit ekki til, að neitt liggi fyrir, sem sanni það, og vil draga það í efa, að svo yrði. En meiri hluti nefndarinnar vill auðsjáanlega kaupa á sig frið með þessu.

Um styrkinn til Bjarna Sæmundssonar skal jeg vera fáorður. Jeg álít, að starfsemi hans heyri undir Fiskifjelagið. Hvað

gagnið af henni snertir, þá skal jeg vera fáorður. Jeg held, að við háttv. þm. Str. (MP) sjeum báðir jafnsnjallir útgerðarmenn. (*MP*: Nei, jeg er betri). Jeg efa það.

Jeg skal þá snúa mjer að samgmn. Mjer skildist helst á formanni hennar, að ekki mætti ræða um till. hennar. En jeg mótmæli því algerlega. Jeg held einmitt, að rjett sje að ræða till. hennar við þessa umræðu fjárlaganna, ekki síst, þegar um nýtt fyrirkomulag eða verulegar breytingar er að ræða. Þá eiga þingmenn einmitt heimtingu á að fá að láta í ljós álit sitt um það og koma fram með óskir sínar. Hann sagði, að jeg hefði verið að spá hrakspám, en jeg sagði bara það, sem ýmsir þingmenn hafa sagt mjer, að skipið myndi verða of dýrt til að koma inn á smærri hafnir. Ef svo verður, þá tel jeg það sannkallað vandræðamál.

Lárus Helgason: Það eru aðeins fáein orð út af till. minni á þskj. 369. Jeg er ekki viss um, að jeg hafi áður tekið nógu skýrt fram þörfina á þessari fjárveitingu. Hún á sem sje að ganga til viðbótarbygginga við skólahúsið í Vík, svo hægt sje að halda þar uppi unglingakenslu. Börnin eru orðin svo mörg, að unglingakenslan verður að leggjast niður, ef ekki er bætt við húsrúmi. En það er ilt, að þurfa að vísa þeim unglingum, sem vilja afla sjer meiri mentunar en barnaskólarnir veita, burt úr hjeraðinu. Hjeraðið er afskekt og þörf á að halda unglingunum heima.

Þá var það, að háttv. þm. Barð. (HK) áleit, að tillaga mín í XXXVI. lið, um bankastjórana, væri fram borin í hefndarskyni. En þetta er algerlega rangt. Jeg held, að mörgu hafi verið neitað hjer, sem átt hefir meiri rjett á sjer. Þessi eftirlaun eru há, og ætti síst að þurfa að bæta þau upp. Og þar sem feldar voru uppbætur til embættismanna, þá er lítið samræmi í að bæta miklu hærri laun upp. Þessar getsakir háttv. þm. eru því algerlega rangar.

Hákon Kristófersson: Jeg skal vera fáorður og vík mjer þá fyrst að hv. þm. V.-Sk. (LH). Hann sagði, að jeg hefði borið sjer á brýn, að hann hefði flutt till. í hefndarskyni. En jeg sló engu fostu um það, aðeins gat jeg ummæla annara um það, en gat ekki um mitt eigið álit. (*LH*: Jú!). Nei, jeg þarf engan að spyrja um mitt álit á því. Skal jeg svo ekki ráðast meira á þann sæmdarmann.

Frsm. samgmn. sagði, að jeg hefði ráðist á nefndina. (*ÞorstJ*: Jeg sagði, að þm. hefði ráðist á sjálfan sig!) Jeg hvorki rjeðist á sjálfan mig eða nefndina. Jeg aðeins ljet óánægju mína í ljósi yfir því, að háttv. þingmönnum hefðu ekki verið sýndar tillögur samgöngumálanefndar áður en áætlunin var prentuð. Að lofa ekki þingmönnum að sjá tillögur nefndarinnar, gæti litið út fyrir að væri af því, að þær væru á einhvern hátt svo úr garði gerðar, að betra væri að enginn sæi.

Það er rangt að bera þetta ekki undir þingmenn, en undir stjórnina þurfti ekki að bera það, því að hún hefir síst betur vit á þessu en við, sem ættum að vera kunnugri.

Magnús Guðmundsson: Aðeins örfá orð. Hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) sagði, að það væri ekkert nýtt, þó þm. væri ekki gefinn kostur á að gera till. um ferðaáætlunina. En þetta er ekki rjett, eins og hann reyndar viðurkendi sjálfur, því það hefir altaf verið gert, jafnvel þótt tíminn væri

orðinn eins naumur og hann talaði um, að hefði verið í hitteðfyrra.

Þá talaði sami háttv. þm. um, að það yrði þá að flytja till. í frv.formi. En þess þarf ekki með. Það má bara láta þær liggja frammi til sýnis þm., svo þeim gefist kostur á að gera tillögur um þær. Jeg vil svo leyfa mjer að skora á samgmn., að hún taki aftur till. þær, er hún hefir gert til Nielsens, og gefi þm. kost á að athuga þær, með auglýsingu frá forsetastóli, og taki svo við þeim tillögum, er þeir koma fram með. Jeg álít þetta sjálfsagt, ekki síst þar sem samkomulagið, jafnvel innan sjálfrar nefndarinnar, er ekki betra en það er.

Þórarinn Jónsson: Það er komið greinilega í ljós, að samkomulagið hefir ekki verið sem best innan háttv. samgmn. Hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) sagði, að samgmn. beggja deilda hefðu sent tillögur, án þess að vera sammála um þær. Þá hafa till. verið sendar til framkvæmdarstjóra Nielsens, en ekki til stjórnarinnar. En hv. ig hefir átt að koma þessum sundurþykku tillögum saman, veit jeg ekki.

Það er alveg nauðsynlegt, að þm. fái kost á að kynna sjer þessar áætlanir og geti gert tillögur um einstök atriði, því samgmn. getur auðveldlega verið svo hlutdræg í tillögum sínum fyrir einstök hjeruð, að þm. þeirra geti alls ekki unað við það. Því er líka svo fyrir komið nú, að enginn Norðlendingur á sæti í nefndinni, og þessi áætlun, sem jeg nú hefi sjeð, ber þessa ljós merki. En jeg fæ líka hvarvetna frá þau sömu svör, að henni verði ekki hjeðan af breytt. Hvort þessi áætlun er tillaga efri eða neðri deildar, veit j ekki, eða sambræðsla úr báðum, en hún er jafnafleit hvort sem er.

Þá mintist hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) á bátastyrkinn og taldi fráleitt að gera tillögur um það fyrir árið 1924. Hvers vegna er það fráleitara en verið hefir? Og hvað veit þingið líka um þessa úthlutun fyrir yfirstandandi ár? Alls ekkert. Þetta er hvorttveggja falið, en á alls ekki að líðast lengur. Heldur ekki er nein þörf á því að gera þetta að fjáraukalagaatriði, og hefir ekki verið gert.

Þar sem sami hv. þm. talaði um, að fjárvn. vildi fá öll mál í sínar hendur, þá er þetta auðvitað aðeins sagt af gremju, af því hann finnur, hvað lítið traust samgmn. hefir. En það er óhætt að fullyrða það, að betur hefði verið gengið frá þessum málum í höndum fjvn. Og þegar þess enn fremur er gætt, að samgmn. þarf að fá samþykki fjárvn. á tillögur sínar áður en þær koma fyrir deildina, sýnist þessi tvískifting vera alveg óþörf.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf aðeins að gera örlitla athugasemd við það, sem háttv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) sagði um Petersensmálið. Reyndar væri hægt að halda 1—2 tíma ræðu um málið, en jeg vil aðeins geta þess, að með þessari till. nefndarinnar er heillavænlegur e heppilegur enda bundinn á málið. Og viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði um það, hvaða tryggingar væru fyrir því, að málið fjelli þá niður, skal jeg segja það eitt, að jeg hefi mjög miklar líkur fyrir því, að svo verði, og í rauninni meira en líkur, en þess er þó ekki að vænta, ef aðeins verður samþykt tillaga minni hlutans.

Út af því, sem sagt var um fjárveitinganefndina og samgöngumálin á sjó, þarf jeg ekki að segja annað en það, að það

hefir altaf verið siður, að slík mál væru tekin til meðferðar þar á þann hátt, sem nú var gert, þangað til að minsta kosti að með nýju þingsköpunum var sett á stofn samgöngumálanefnd, sem jeg tel annars alveg óþarfa.

Forseti (BSv): Fleiri hafa ekki kvatt sjer hljóðs, og er umr. því lokið.

Jakob Möller: Jú, jeg hefi kvatt mjer hljóðs.

Forseti (BSv): Það mun rjett vera, og tekur 1. þm. Reykv. þá til máls.

Pjetur Þórðarson: Ef aðrir fá að tala, krefst jeg þess að fá að tala líka.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Og jeg þarf sem samgöngumálanefndarmaður að fá að tala líka.

Forseti (BSv): Úr því svona er, og jeg býst ekki við, að menn hafi annað en ánægju af þessum skemtilegu umræðum, þá geta háttv. þm. haldið áfram, sjálfum sjer og öðrum til uppbyggingar.

Jakob Möller: Þó að jeg hafi tekið tvisvar sinnum til máls, þá á jeg rjett á að tala einu sinni enn sem framsögumaður sjávarútvegsnefndar, því að meiri hluti hennar á hjer eina brtt., sem honum er ant um og jeg verð að fara nokkrum orðum um, þótt hv. frsm. fjárveitinganefndar hafi líka mælt skörulega með henni. Það er till. um Bjarna Sæmundsson. Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) talaði um það, að hjer væri aðallega um að ræða mál vísindalegs eðlis, en það hefði hins vegar lítið praktiskt gildi. Jeg vil nú engan veginn bera það af sjávarútvegsnefndinni, að hún sje vísindalega sinnuð, en hins vegar bera skjöl málsins, sem hv. þingmenn hafa átt kost á að sjá, það greinilega með sjer, að hjer er einmitt jafnframt, og þó miklu fremur, um mjög praktiskt starf og praktiskt gildi að ræða. Vil jeg þar benda á ummæli tveggja erlendra vísindamanna, sem sýna þetta vel. Sömuleiðis má minna á meðmælabrjef Fiskifjelagsins og Búnaðarfjelagsins. Þá skal jeg taka það fram, að Bjarni Sæmundsson hefir beinlínis verið frumkvöðull ýmsra praktiskra framkvæmda á þessu sviði, og þar með gert mikið gagn. Hann vakti eða endurvakti áhugann á þorskveiðum í net, átti upptök að síldveiðum með reknetum hjer við Faxaflóa, og má sjálfsagt telja í miljónum gróðann af þessu. Það er því bersýnilegt, að starf hans hefir haft hina mestu praktisku þýðingu. Auk þess er auðsætt, að rannsókn á fiskigöngum og hrygningarsvæðum hefir einmitt fyrst og fremst praktiska þýðingu, því að samkvæmt niðurstöðum slíkra rannsókna leita fiskimennirnir að nýjum miðum. En jeg fór ekki mikið út í þetta síðast, af því að mjer datt ekki í hug, að mótmæli eins og þau, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) hreyfði, mundu yfirleitt koma fram.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál meira, en vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt, enda þykist jeg þess fullviss, að hv. deild muni samþykkja þetta.

En úr því jeg er staðinn upp á annað borð, ætla jeg að gera stuttar athugasemdir út af tveimur öðrum málum. Það fyrra eru launakjör símastúlknanna. Hv. fjárveitinganefnd hefir ekki þóst geta fallist á till. mína, af því að hún komi ekki fram sem breyting á launalögunum, því með því brjóti hún princip sitt í þessu efni. Þó er sagt, að hún hefði getað fall-

ist á það að taka símastúlkurnar einar út úr, en sleppa hinum starfsmönnum símans. Ef svo er, þá er principið alveg eins brotið með þessu. Annars leggur símastjórinn alveg jafna áherslu á hvorttveggja þessi atriði, enda eru launakjör þessarar stjettar, eins og oft hefir verið tekið fram, alveg óviðunandi, og eru símamenn lakast launaðir allra opinberra starfsmanna og því næst póstmenn. En sá munur er þó á þessu, að enga sjerþekkingu er heimtað að póstmenn hafi, en hennar er krafist af símamönnum.

Þá ætla jeg að minnast örlítið á Petersensmálið svonefnda, einkum að því er rannsóknina svonefndu snertir. Hv. frsm. fjvn. (MP) sagði, að sjer hefði fundist álitsskjal nefndarinnar líkast varnarskjali fyrir landssímastjóra. Mjer fanst það blátt áfram vera sóknarskjal á hendur Petersen. Nefndin hefir auk þess algerlega misskilið hlutverk sitt. Henni var ekki ætlað að gera neinar tillögur um skaðabætur. Hún átti aðeins að rannsaka það, hvort maðurinn hefði verið beittur ranglæti eða ekki. En þetta hefir hún alls ekki rannsakað, og skýrsla Petersens sjálfs er það eina í málinu, sem hönd verður fest á og hægt er að byggja á, hvaða skaðabætur beri að greiða. Og þessa skýrslu hefir rannsóknarnefndin, þrátt fyrir góðan vilja, ekki getað hrakið.

Frsm. samgmn. (Þorsteinn Jónsson): Út af því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði um það, að hann hefði ekki verið sammála okkur samnefndarmönnum sínum um áætlun Esju, verð jeg að lýsa því yfir, að þetta er ósatt, og er öllum, sem óska þess, heimilt að sjá fundargerð nefndarinnar frá 20. mars. Sjest þar, að enginn nefndarmaður hefir gert neinn ágreining um áætlunina.

Hákon Kristófersson: Úr því að hv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) fór að leiða þennan asna inn í herbúðirnar, verð jeg að geta þess um fundargerðina frá 20. mars, að hann hefir skrifað hana sjálfur, og ef þetta stendur þar ekki, þá er það aðeins af því, að hann hefir slept því. En athugasemd mín var viðvíkjandi Bíldudal og Patreksfirði.

Magnús Jónsson: Jeg tel rjett, að óvilhalt vitni úr nefndinni lýsi því yfir, út af deilu þeirra hv. þm., sem síðast töluðu, að það er rjett, að enginn ágreiningur varð um þetta í nefndinni. Hitt er alt annað mál, hverju menn kunna að hafa varpað fram einhvern tíma í fundarumræðum, og kemur ekki þessu máli við. Fundargerðin var lesin upp á sínum tíma, á venjulegan hátt, og var ekkert haft við hana að athuga, hvorki af hv. þm. Barð. (HK) nje öðrum.

ATKVGR.

Brtt. 369,I 1 samþ. með 15:5 atkv.
— 385,I samþ. með 22 shlj. atkv.
— 369,I 2 samþ. án atkvgr.
— 369,I 3 a—b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 369,II samþ. með 16:3 atkv.
— 369,III tekin aftur, en tekin upp aftur af 1. þm. Árn. (EE) og feld með 17:5 atkv.
— 385,II feld með 20:1 atkv.
— 369,IV samþ. með 19:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, JB, LH, MK, PO, PÞ, SSt, StSt, BSv.

nei: ÞórJ, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP.

Brtt. 379,1 feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BH, EÞ, JakM, JB, LH, MK, MP, SSt.
nei: StSt, ÞórJ, EE, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, BSv.

Brtt. 385,III feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÞ, JakM, JB, LH, MK, MP, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BH,
nei: EE, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, StSt, ÞórJ, BSv.

Brtt. 369,V samþ. með 15:10 atkv.
— 385,IV samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, JAJ, JB, JS, JÞ, LH, MG, MK, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ, BH.
nei: GunnS, IngB, JakM, MJ, MP, ÞorlJ, BJ, EÞ, EE, BSv.

Brtt. 369,VI 1, svo breytt, samþ. með 18:6 atkv.
— 369,VI 2 feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JakM, JS, JÞ, MG, MJ, MP, SSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ.
nei: HK, JAJ, JB, LH, MK, ÓP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, EE, GunnS, BSv.

Brtt. 369,VI 3 samþ. með 17:7 atkv.
— 369,VII a feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, GunnS, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, StSt, SvÓ, ÞorlG.
nei: ÞórJ, BH, EÞ, EE, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, PÞ, StSt, BSv.

Brtt. 369,VII b feld með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LH, MK, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, JB.
nei: MG, MJ, MP, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, BSv.
JakM greiddi ekki atkv.

Brtt. 369,VIII feld með 18:6 atkv.
— 369,IX a—b feld með 23:4 atkv.
— 369,IX (varatillaga) samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞórJ, BJ, HK, JakM, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, BSv.
nei: ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EÞ, GunnS, IngB, JB, LH, MK, PÞ, SvÓ, ÞorlG, EE greiddi ekki atkv.

Brtt. 369,X feld með 15:5 atkv.
— 369,XI tekin aftur.
— 385,V 1 feld með 15:10 atkv.
— 385,V 2 samþ. með 16:6 atkv.
— 369,XII samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, IngB, JakM, JB, JS, LH, MJ, MP, SSt, BSv.
nei: StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞórJ, HK, JAJ, JÞ, MG, MK, ÓP, PO, PÞ.

Brtt. 385,V 3 feld með 16:6 atkv.
— 385,V 4 samþ. með 17:7 atkv.
— 369,XIII samþ. með 15:9 atkv.
— 385,V 5 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 369,XIV a—b samþ. með 22:6 atkv.
— 369,XV samþ. með 20 shlj. atkv.
— 385,V 6 samþ. með 17:1 atkv.
— 369,XVI a feld með 15:8 atkv.
— 369,XVI (varatill.) feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlG, BJ, EÞ, EE, GunnS, JakM, JB, MJ, MK, MP, ÓP, BSv.
nei: PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, LH, MG.

Brtt. 369,XVI b feld með 15 : 9 atkv.
— 369,XVII samþ. án atkvgr.
— 369,XVIII (aðaltill.) feld með 18:9 atkv.
— 369,XVIII (varatill.) feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÞ, JakM, JB, LH, MJ, MK, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ.
nei: ÞórJ, BJ, BH, EE, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, SSt, ÞorlG, BSv.
Brtt. 369,XIX samþ. með 20:3 atkv.
— 369,XX feld með 17:8 atkv.
— 369,XXI feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: MP, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, JakM, JB, LH, MJ, BSv.
nei: MK, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BH, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG.
Brtt. 369,XXII samþ. með 20 shlj. atkv.
— 369,XXIII samþ. með 16:5 atkv.
— 369,XXVI feld með 19:4 atkv.
— 369,XXIV 1 samþ. með 16:4 atkv.
— 369,XXIV 2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 385,VI samþ. með 18:4 atkv.
— 369,XXIV 3 sjálffallin.
— 369,XXV samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, HK, JakM, JAJ, MJ, MK, MP, ÓP, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, EÞ, EE, BSv.
nei: IngB, JB, JS, JÞ, LH, MG, PO, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH.
Brtt. 379,2 (aðaltill.) feld með 15:4 atkv.
— 379,2 (varatill.) feld með 14:9 atkv.
— 385,VII feld með 14:6 atkv.
— 369,XXVII samþ. með 16:3 atkv.
— 369,XXVIII samþ. með 16:5 atkv.
— 369,XXIX samþ. með 17 shlj. atkv.
— 379,3 samþ. með 15:4 atkv.
— 369,XXX feld með 18:5 atkv.
Brtt. 369,XXXI feld með 18:6 atkv.
— 369,XXXII 1 tekin aftur af flm. (fjvn.), en var tekin upp aftur af 1. þm. Reykv. (JakM) og samþ. með 16:5 atkv.
— 369,XXXII 2 a samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JB, LH, MP, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, BH, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, BSv.
nei: JS, JÞ, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, JAJ.
Tveir þm. (MK, SSt) fjarstaddir.
Brtt. 369,XXXII 2 b samþ. með 15:5 atkv.
— 369,XXXIII feld með 17:4 atkv.
— 369,XXXIV samþ. án atkvgr.
— 369,XXXV samþ. með 15:5 atkv.
— 369,XXXVI feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LH, MK, PO, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BH, EE, GunnS, IngB, JB.
nei: JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, PÞ, SSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, HK, JakM, BSv.
JAJ greiddi ekki atkv.
Brtt. 385,VIII feld með 14:10 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 394).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil aðeins benda á, að í dag er 23. apríl, og því komið fram á sumar, er frv. þetta kemur fyrst hingað til þessarar hv. deildar frá hv. Nd. Er því ekki langur tími, sem fjár-

veitinganefnd þessarar deildar hefir til þess að fjalla um það. En að sjálfsögðu mun hún gera alt, sem í hennar valdi stendur, til þess að fjárlögin þurfi ekki að tefja fyrir þingslitum og að þau verði eins vel úr garði gerð og hægt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 394, n. 474, 458, 482).

Frsm. (Einar Árnason): Það er vika síðan þetta frv. var til 1. umr. hjer í deildinni og var vísað til fjvn. Þegar frv. kom hingað, var það búið að vera um 9 vikur í hv. Nd. Nefndin hefir talið sjer skylt að gera sitt til þess að flýta frv., þar sem svo mjög er áliðið þingtímann og það er orðinn sterkur vilji flestra hv. þm., að þingstörfunum geti orðið lokið sem allra fyrst. Nefndin hefir þess vegna orðið að hraða mjög störfum sínum, og geta vitanlega orðið skiftar skoðanir um það, hvernig henni hefir tekist. En nefndin væntir þess, hvernig sem farið verður með hinar einstöku brtt. hennar, að hv. deild taki vel í sparnaðarviðleitni hennar. Það er skoðun nefndarinnar, að meðan þingið heldur þeirri stefnu að skila fjárlögunum með tekjuhalla, þá komist fjárhagurinn ekki í sæmilegt horf. Það er eina ráðið að ætla gjöldin gætilega og hafa einhvern afgang til þess að mæta fjáraukalögum, sem altaf hljóta að koma. Eins og frv. þetta kom frá háttv. Nd., var tekjuhalli tæpar 139 þús. krónur, en ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar, þá verður tekjuafgangur um 100 þús. krónur. Hjer er um verulegan sparnað að ræða, og þó að háttv. þm. þyki nefndin ef til vill nokkuð harðhent á sumum sviðum, vona jeg, að þeir virði viðleitni hennar og styðji hana að því að reyna að rjetta við fjárhaginn.

Jeg vil ekki fara um frv. fleiri almennum orðum, því að jeg vil ekki tefja tímann meira en nauðsyn krefur, og þá sný jeg mjer að því að skýra brtt. nefndarinnar með örfáum orðum.

Nefndin ber aðeins fram 1 brtt. við 10. gr., og fer hún í þá átt að lækka tillagið til hagstofunnar. Í frv. er áætlað til hennar 42300 kr., en nefndin vill lækka það niður í 40000 kr. Það vakir fyrir nefndinni, að henni þykir hagstofan nokkuð dýr og að þörf væri á að reyna að takmarka það fje, sem til hennar fer. Mjer dettur ekki í hug að halda, að hagstofustjóri fari ósparlega með það fje, sem fram er lagt, en það gæti komið til mála að reyna að draga saman verksvið hagstofunnar. Jeg vil skjóta þessu til stjórnarinnar til íhugunar, hvort ekki sje hægt að minka störf hagstofunnar, án þess að bagi verði að.

Þá er önnur brtt. við 11. gr., um að lækka húsaleigu lögreglustjóra úr 6500 kr. niður í 5000 kr. Í sambandi við þessa brtt. vil jeg geta þess, að nefndin fer víða fram á að lækka skrifstofukostnað hjer í Reykjavík, og er það gert með tilliti til þess, að húsaleiga lækki, sjerstaklega ef opinberar skrifstofur verða fluttar í nýja Landsbankahúsið, eins og mun vera í ráði. Jeg læt þessa skýringu nægja í þessu efni og tala ekki um það sjerstaklega við hinar einstöku brtt. í þessa átt.

Þá vil jeg vísa til þess, sem segir í nál. um brtt. um embættisskeyti.

Næst er brtt. um, að fjárveiting til aðstoðarlæknis á Ísafirði verði feld niður. Þetta embætti var stofnað meðan læknislaust var í Bolungarvík, og þá var líka

settur aðstoðarlæknir á Akureyri. Það embætti er nú lagt niður, því reynslan hefir sýnt, að þess var ekki þörf. Jeg held reyndar, að það sje ekki formlega lagt niður enn; það mun hafa lagst niður af sjálfu sjer, og á ríkissjóðslaunum er enginn læknir á Akureyri nema hjeraðslæknirinn. En hins vegar eru þar 3 „praktiserandi" læknar, og er ekki annað að sjá en að þeir lifi þar góðu lífi. Af þessum sökum virðist engin ástæða til að launa aðstoðarlækni á Ísafirði, sjerstaklega þegar búið er að setja lækni í Bolungarvík.

Þá er brtt. við 12. gr., um að veita 2000 kr. styrk til Skúla læknis Guðjónssonar til þess að nema heilbrigðisfræði. Þessi maður er nýlega útskrifaður frá háskólanum með mjög góðri einkunn. Hann hefir góð og ákveðin meðmæli frá Guðmundi prófessor Hannessyni og ýmsum helstu læknum Reykjavíkur, og auk þess frá 3 læknum utan af landi. Þessi maður hefir í hyggju að nema heilbrigðisfræði, og veit jeg ekki til, að nokkur læknir hjer hafi numið þá fræðigrein til fullnustu fyr, en hún er sögð mjög nauðsynleg. Nefndin hefir viljað styðja þennan unga og efnilega mann og vonar, að þessi liður verði samþyktur.

Þá er nýr liður, 1200 kr. styrkur til Guðrúnar Gísladóttur, til hjúkrunarnáms í Danmörku. Hún hefir góð meðmæli og nú er hún á Kommunehospitalet í Kaupmannahöfn, og sýnir það, að hún er í talsverðu áliti, því aðrar hjúkrunarkonur eru ekki teknar þangað. Nefndin vill því styrkja þessa stúlku; okkur er mikil þörf á lærðum hjúkrunarkonum, en námið er nú orðið langt og dýrt og ókleift efnalausum stúlkum, nema þær sjeu styrktar að einhverju leyti.

Þá er 7. brtt., um að styrkur til Kristjáns gestgjafa Jónassonar í Borgarnesi falli niður. Þessi maður hefir krafist skaðabóta fyrir það, að hann hafi orðið að taka mann með smitandi veiki í hús sitt og beðið við það atvinnutjón. Nefndin hefir fengið umsögn landlæknis um þetta efni, og telur hann manninn ekki eiga neinn lagalegan rjett til þess að fá þessa fjárupphæð, því alt hafi þar farið fram samkvæmt lögum. Annars get jeg vísað til nál. og umsagnar landlæknis um þetta efni.

Þá kem jeg að 8. brtt. Það, sem segja má um þessa brtt., gildir einnig um 9. til 15. brtt. Þessar 8 brtt. fara allar fram á að fella niður símalagningar og byggingu loftskeytastöðva. Nefndin neitar því ekki, að þarft verk væri að koma öllu því í framkvæmd, sem hjer ræðir um, en hins vegar lítur hún svo á, að margt verði að bíða vegna fjárskorts og þessu sje þannig varið, að það geti að skaðlitlu beðið. Jeg ætla ekki fyrirfram að deila um þessar brtt.; aðeins vil jeg taka það fram, að nefndin skoðar, að allir þessir liðir eigi að fylgjast að, og leggur til, að þeir sjeu bornir upp í einu lagi.

Þá er 16. brtt., um uppbót til stúlknanna við bæjarsímann í Reykjavík. Nefndin gat ekki fallist á fjárhæð þá, sem hv. Nd. ákvað í þessu skyni. Ekki svo að skilja, að nefndin telji í rauninni, að með því hefði stúlkunum verið oflaunað. Síður en svo. Heldur sá nefndin, að ef svo langt ætti að ganga í þessu efni, þá kæmu fleiri stjettir, sem líku máli væri að gegna um, og krefðust sömu uppbótar, t. d. póstmenn. Nefndin viðurkennir fúslega, að sumar símameyjarnar hafi svo lág laun, að þær geti ekki framfleytt sjer á þeim, og því leggur hún til, að þeim lægst launuðu sje veitt sú uppbót, að samanlögð

laun og dýrtíðaruppbót nemi ekki minna en 1800 kr. Mun sú fjárhæð, er nefndin ætlar til þessa, vera mjög hæfileg til að bæta úr brýnustu þörfum. Sá nefndin sjer ekki fært að fara lengra, og þar sem hún er ófáanleg til þess að breyta launalögunum, vill hún ekki breyta launakjörum þessarar stjettar sjerstaklega, þar sem svo líkt stendur á um aðrar.

17. brtt. nefndarinnar er aðeins orðabreyting, „fullnaðaruppbót" í stað „uppbót". Meinar nefndin með því, að þessu svokallaða Petersensmáli, sem er svo alþekt hjer í þinginu, sje þar með lokið.

Jeg hefi áður minst á 18. brtt., og get því hlaupið yfir hana.

19. brtt. fer fram á að hækka skrifstofukostnað biskups upp í 2000 kr., svo að hann verði jafn landlækni. Nefndin sjer enga ástæðu til, að biskupi sje ætlað minna til skrifstofuhalds en landlækni.

Þá leggur nefndin til, að feld sjeu úr athugasemdinni við styrktarfje háskólans þau ákvæði, að eigi megi veita meira en 175 kr. á ári í húsaleigustyrk og 560 kr. í námsstyrk. Stafar þetta m. a. af því, að hv. Nd. hefir hækkað um þriðjung húsaleigustyrk stúdenta, og virtist nefndinni því rjett að breyta gamla ákvæðinu. Auk þess taldi hún rjettast að gefa það í vald þeirra, sem með styrkveitingarnar fara, hversu mikið hver fengi. Er og hugsanlegt, að óþægilegt sje fyrir þá að vera bundnir af takmörkunum, sem kynnu að vera gerðar af ágiskunum að meira eða minna leyti.

21. brtt. er aðeins skýring, sem ekki þarf að orðlengja um.

Þá kem jeg að kenslubókastyrk til mentaskólans, sem nefndin leggur til, að hækkaður sje úr 800 upp í 2400 kr., með það fyrir augum, að sögukennararnir Þorleifur H. Bjarnason og Árni Pálsson hafa í hyggju að semja kenslubækur í miðaldasögu og sögu nýja tímans, og hafa þeir sótt um styrk í því skyni. Telur nefndin það gott verk og nauðsynlegt, og er mál til komið, að hætt sje að nota erlendar kenslubækur í þessum greinum.

Nefndin hefir lagt til, að veittar sjeu 5500 kr. til þess að girða blett umhverfis kennaraskólann og yfir höfuð lagfæra lóðina umhverfis hús þetta, svo sem hægt er fyrir þessa upphæð. Telur nefndin varla vansalaust, að þetta sje dregið lengur, því að stöðugt vatnsrensli er að húsinu og skemmir það að mun. Er því mikil nauðsyn að bjarga húsinu í tíma, enda hefir þess oft verið beiðst.

Þá kem jeg að 24. brtt., hækkun launa Einars Jónssonar kennara við stýrimannaskólann í Reykjavík. Eins og menn muna, var flutt frv. um þetta efni í þingbyrjun, en nefndin vildi ekki afgreiða það, vildi ekki breyta launalögunum, en þar sem krafan virðist á allri sanngirni bygð, taldi nefndin rjett að taka hana til greina í fjárlögum.

Í 25. brtt. er lítillega breytt orðalagi aths. um skólagjaldið. Virtist nefndinni mega misskilja orðalag aths. Ber þess að gæta, að ekki má vera sama orðalag nú og í fyrra, þar sem nú er um 2 árganga nemenda að ræða, en í fyrra aðeins um einn. Breyting þessi er því nauðsynleg og þarf ekki að fara um hana fleiri orðum.

Þá leggur nefndin til, að rafmagnsveitan á Hólum sje látin bíða, — og er það einungis af sparnaðarástæðum, að nefndin treysti sjer ekki til að mæla með þessari fjárveitingu í ár.

Jeg get verið fáorður um forstöðumannslaun yfirsetukvennaskólans. Hann hefir farið fram á, að hann fengi að halda þeirri upphæð, er hann hefir haft áður, og getur nefndin mælt með því.

Nefndin leggur til, að styrkur til nemenda yfirsetukvennaskólans lækki um 1000 kr., og auk þess, að takmörkuð sje tala þeirra við tólf, og sje styrkurinn 500 kr. til hverrar. Hækkunin á húsaleigustyrk til sömu nemenda er aðeins leiðrjetting, áttu að vera 1200 kr. í stað 600 kr., sem nú standa í frv.

Þá leggur nefndin og til, að námsstyrkur kvennaskólans í Reykjavík sje hækkaður úr 800 kr. upp í 1000 kr., og enn fremur skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra úr 900 upp í 1200 kr.

Því næst koma tveir nýir liðir. Hinn fyrri er utanfararstyrkur barnakennara, 2000 kr. Þessi liður hefir um mörg ár staðið í fjárlögum, en mun hafa fallið niður í fyrra. Áleit nefndin það ekki rjettmætt, þar sem styrks þessa hafa notið ýmsir mjög efnilegir kennarar með ágætum árangri, og má því fullyrða, að hann hafi komið að miklu liði. Hinn síðari liðurinn er 15000 kr. til styrktar barnaskólabyggingum. Þessi liður hafði einnig verið feldur niður í fyrra, en staðið áður um hríð. Nú lá fyrir fjöldi beiðna um slíkan styrk, sem nefndin sá sjer engan veginn fært að sinna hverri um sig, enda hefði það orðið mikið hærri upphæð en hjer er farið fram á.

Vildi nefndin því takmarka sig og ákveða eina upphæð í þessu skyni og taldi hæfilegt, að hún væri jafnhá þeirri, sem ákveðin er til húsabóta á prestssetrum. Nefndin telur að sjálfsögðu, að styrkur þessi komi jafnt til greina, þó að húsin sjeu notuð og áður bygð í öðru skyni, en síðan keypt til skólahalds, ef fræðslumálastjóri tekur húsið gilt sem skólahús.

33. brtt. er aðeins önnur röðun, og þarf ekki að ræða hana.

Þá hefir nefndin sett þá athugasemd við styrkinn til Flensborgarskólans, að hann verði bundinn því skilyrði, að Hafnfirðingar greiði skólagjald eftir sömu reglum og aðrir skólar, sem njóta samskonar styrks. Þó hefir nefndin ekki lagt til, að styrkurinn sje lækkaður, en gerir ráð fyrir, að skólanum sje nauðsynlegur sá tekjuauki, sem skólagjald gæfi.

Loks hefir nefndin lagt til, að styrkurinn til Stefáns Eiríkssonar trjeskera hækki um 900 kr., upp í 2400 kr. Nægir í þessu efni að vísa til nál. Þessi merki maður er nú þungt haldinn af veikindum og á við þröngan efnahag að búa, og væntir nefndin því, að hv. deild sjái sjer fært að rjetta honum hjálparhönd.

Jeg sje ekki ástæðu til að svo komnu að fara út í brtt. einstakra þingmanna, enda fæ jeg efalaust tækifæri til þess síðar.

Forsætisráðherra (SE): Það eru aðeins nokkrar brtt., sem jeg vildi minnast á. Fyrst er lækkun á húsaleigu lögreglustjórans í Reykjavík. Jeg vil taka það fram, að hún var ákveðin eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.

Það má vel vera, að hægt verði að fá ódýrari skrifstofu í nýja Landsbankahúsinu t. d., en þess ber að gæta, að þessi embættismaður þarf mjög margar og miklar skrifstofur, þar eð starf hans er svo umfangsmikið og mannfrekt.

Ef ekki verður hægt að fá húsnæði, sem una má við, fyrir þetta verð, þá skoðar stjórnin sig hafa rjett til að ráðstafa máli þessu sem best hún má, þó að till. þessi nái fram að ganga.

Þá er 4. brtt. nefndarinnar, við 12. gr., að fella niður styrkinn til aðstoðarlæknisins á Ísafirði. Þó að þetta megi gera, þá er samt dálítið hart að fara svo að,

Maður sá, er gegnir þessu starfi, er ekki lengur ungur maður. Hefir hann og haft ástæðu til að ætla, að hann fengi að halda styrk þessum, og því ekki sótt um neitt hjerað, sem hann þó eflaust hefði getað fengið. Jeg mun því greiða atkvæði á móti þessari brtt.

Í sambandi við styrkveitingu til Skúla V. Guðjónssonar læknis, til að nema heilbrigðisfræði erlendis, vil jeg geta þess, að margir hafa talið þess þörf, að sendur yrði að minsta kosti einn maður til augnlæknisnáms. Að vísu er hjer einn augnlæknir, en það er hætt einu auga, ef illa fer. Þessi eini læknir verður að vera á ferðalögum langan tíma á hverju sumri, og er þá Reykjavík augnlæknislaus hvernig sem fer. Mun jeg minnast á þetta við háttv. fjvn.

Um 20. brtt. nefndarinnar, athugasemdina um styrktarfje háskólans, skal jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að hún sje rjett.

Með 23. brtt. get jeg mælt eindregið. Skólastjórinn, sem er mjög gætinn maður og hinn ágætasti embættismaður, hefir oft komið að máli við mig um styrk til þessara framkvæmda, en jeg ekki sjeð mjer fært að veita hann án heimildar. Er jeg því þakklátur háttv. fjvn. fyrir að hafa tekið þennan lið upp.

27. brtt. nefndarinnar, um laun forstöðumanns yfirsetukvennaskólans, er að vísu ekkert stórmál. Þó fæ jeg ekki sjeð neina ástæðu til að hækka laun hans. Hann á að vísu heimtingu á launum, samkvæmt samningi frá því hann tók við landlæknisembættinu, en ef starf þetta væri falið nýjum manni, sem verður þegar til kemur sennilega prófessor við háskólann, þá mun hann vafalaust engin laun fá. Annars skiftir þetta ekki svo mjög máli.

Þá er 28. brtt., um styrk til kvenna til að læra yfirsetukvennafræði. Samkvæmt gildandi lögum frá 20. okt. 1912, 4. gr., á hver slík námskona að fá 45 kr. á mánuði. En í dýrtíðinni sýndi það sig brátt, að ómögulegt var að halda sjer við þá upphæð. Þess vegna hækkaði fyrv. stjórn styrkinn upp í það, sem talið var, að komast mætti af með minst, og það með ítrustu sparsemi. Síðasta ár voru greiddar 120 kr. á mánuði. Landlæknir hefir skýrt mjer frá, að 500 kr. væri fulllítil upphæð, mætti varla minni vera en 600 kr., sem mætti svo lækka, ef tímarnir breyttust til batnaðar. Ennfremur skýrir hann svo frá, að órjett sje að takmarka tölu nemenda skólans við 12. Segir hann svo frá, að meðan dýrtíðin stóð sem hæst hafi fáar sótt skólann, vegna erfiðleika. Væri því hörgull á yfirsetukonum, og hafi þær allar átt vísar stöður, sem útskrifast hefðu síðustu árin. Þess vegna telur hann ekki rjett að takmarka tölu nemenda fyrst um sinn, og fæ jeg ekki betur sjeð en þetta sje rjett röksemdaleiðsla. Má öllum vera ljóst, hversu óheppilegt það væri, ef eigi væru nægilega margar yfirsetukonur.

31. brtt. er um hækkun á skrifstofukostnaði fræðslumálastjóra. Get jeg vel fallist á þessa brtt. Þessi embættismaður hefir gert litlar kröfur og yfirleitt kostað landið lítið, og þó hefir hann haft mjög mikið að gera.

Þá vil jeg mæla mjög ákveðið með 32. brtt. Jeg hefi fengið upplýsingar um, að kennarar hafa haft óvenjulega mikil not af þessum utanfararstyrk, enda má öllum vera það ljóst, hversu mikla þýðingu það hefir, að þeir, sem kenna eiga uppvaxandi börnum þjóðarinnar, eigi að einhverju leyti kost á að fylgjast með nýjum straumum og verða fyrir nýjum

áhrifum í uppeldis- og menningarmálum.

Sömuleiðis vil jeg mæla með b-lið sömu brtt. Kæmi hið nýja kennaraskipulag að litlu liði, ef ekkert væri aðhafst í því efni að koma upp viðunandi skólahúsum sem víðast á landinu.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Fyrsta brtt. hv. fjvn. á þskj. 458 er um það að hækka fjárveitingu til hagstofunnar um 2300 kr.

Forstöðumaður hagstofunnar var hjá mjer í morgun og átti tal um það við mig, af hverjum ástæðum nefndin mundi hafa lagt þetta til, enda eru engar ástæður færðar fyrir því í greinargerð nefndarinnar. Jeg bjóst helst við, að nefndin hefði hugsað sjer að færa launin niður um sem svaraði 30%, en hefði eigi aðgætt það, að búið var áður að færa þau niður um þessa upphæð. Líka var sú ástæða hugsanleg, að nefndinni þætti þessi stofnun dýr og vildi færa upphæðina niður í 40 þúsund krónur, sem er óneitanleg falleg tala.

Jeg skal nú ekkert fullyrða um rjettmæti þessarar till. Jeg er einn af þeim, sem þótt hefir þessi stofnun æðidýr. En jeg sje þó ekki glögt, hvar á að spara á þessum lið. Laun forstöðumanns og aðstoðarmanns eru lögákveðin, svo ekki er hægt að spara á þeim. Það ætti þá að vera á launum skrifstofufólksins, en það munu vera fjórir menn. En forstöðumaðurinn hefir miðað kaup þeirra við það, sem gerist í stjórnarráðinu, enda heyrir skrifstofan undir það og má nánast skoðast sem ein deild þess. En þó er sá munur á, að í stjórnarráðinu eru aðstoðarmennirnir aðeins þeir, sem tekið hafa fult embættispróf, en aðstoðarmaður hagstofustjóra hefir aðeins tekið fyrri hluta hagfræðisprófs í Kaupmannahöfn.

Að það megi minka störf hagstofunnar skil jeg varla að sje meining nefndarinnar. Mjer finst miklu fremur þörf á að auka þau. Að vísu mun nú bráðum vera búið að vinna úr síðustu manntalsskýrslunum, og þá ættu önnur störf hennar að fara að ganga fljótar, því enn þá eru margar skýrslur fyrirliggjandi, sem eru óunnið úr.

Ef þessi brtt. fjvn. nær samþykki þingsins, þá mun stjórnin reyna að láta þessa fjárhæð duga, en telur sjer þó leyfilegt að fara fram úr þessari upphæð, ef nauðsyn krefur.

Þá er 3. brtt. fjvn., til embættisskeyta. Þetta er nú að vísu engin breyting, önnur en sú, að af þessum 50 þús. kr., sem verja á til embættisskeyta, eiga 5000 kr. að ganga til þess að útvega skeyti um markaðshorfur og vöruverð erlendis. Það er nú að vísu gott að fá þessa heimild og að geta haft þessar skýrslur á reiðum höndum. En á þessa fjárveitingu verður þó að líta sem áætlunarupphæð. Er óvíst að hún hrökkvi til, því þessi skeytakostnaður hefir aukist ár frá ári undanfarið. Það hefir þó verið lagt fast að e bættismönnum að nota þessa skeytasendingu sem allra minst að fært er. Senda í brjefum það, sem ekki krefst meiri hraða en póstflutningur veitir. En þetta hefir verið mikið misnotað, því þrátt fyrir þessar áminningar hafa þó embættaskeytin aukist mjög og mörg þeirra verið alveg óþörf.

Hv. fjvn. hefir auðsjáanlega viljað feta sömu braut og stjórnin vill fara, að skila fjárlögunum sem tekjuhallaminstum. En ráðið til þess hefir verið hjá nefndinni að skera niður nærri all-

ar fjárveitingar til verklegra framkvæmda, og sparar við það nærri 200 þús. kr. Hún leggur til, að feldar verði niður símafjárveitingar, að undantekinni einni, og stór upphæð til sútunarhúss til Sláturfjelags Suðurlands. Með þessu næst takmarkið!

Jeg skal nú játa það, að Nd. hefir máske verið fulllin á þessu sviði, því hún bætti við upphæðum til símalagninga. En mjer þykir þó of langt gengið hjer í Ed., ef það á að skera allar símalínur niður, að undantekinni einni. Jeg hefði viljað láta 4 standa, nr. 1, nr. 2, nr. 3 og nr. 6. Þessum línum öllum er eiginlega margbúið að lofa.

Ennfremur hefði jeg haft von um, að 7. liðurinn fengi að standa, liðurinn um loftskeytastöð í Grímsey og Flatey. Það er öllum ljóst, sem þekkja til í Grímsey, að þessi stöð væri þeim til ómetanlegs gagns. En Grímseyingar hafa hingað til einskis styrks notið. Grímsey er mjög afskekt, póstur kemur þar sjaldan og skipagöngur eru fáar þangað. En þessi loftskeytastöð setti þá í samband við landið, þeim til ómetanlegs hagnaðar. Ef fjárhagurinn reynist mjög örðugur, þá má að vísu, eða verður að láta þetta bíða eitt ár.

Nefndin hefir sem sagt lagt til, að aðeins ein lína yrði lögð. Er það vegna þess, að til þeirrar línu var búið að kaupa staura; og stjórnin hefir jafnvel fengið ámæli fyrir að hafa ekki látið leggja þá línu, þar sem staurarnir til hennar liggja og grotna niður. En þessi lína verður nú væntanlega lögð á þessu ári.

Nefndin fer mjög varlega í orðavali sínu, þar sem hún neitar því ekki, að *nokkur* þægindi muni vera að símunum. En jeg hygg, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar mundu komast nokkuð öðruvísi en nefndin að orði um nauðsyn þeirra. Þeir mundu telja þá *mikil* þægindi eða jafnvel bráðnauðsynlega.

Jeg býst ekki við, að jeg geti talið nefndina á að láta þær línur standa, sem jeg áður nefndi, en vona þó, að hún taki það til nánari athugunar til 3. umr.

Frsm. sagðist óska eftir því, að allir liðirnir væru bornir upp í einu lagi. Jeg skal nú ekki hafa á móti því, jafnvel þótt líkurnar minki fyrir því, að þessar línur, sem jeg nefndi, fái þá að standa. Máske er líka einhver huggun í því, að eitt gangi yfir alla.

Um 16. till. nefndarinnar er það að segja, að mjer þótti Nd. ganga fulllangt í því að veita öllu starfsfólki landssímans launauppbót. Það voru aðeins stúlkurnar á bæjarstöðinni, sem jeg taldi rjett að fengju launahækkun. En till. nefndarinnar um persónulega launauppbót handa einni stúlku mundi eflaust draga dilk á eftir sjer. Mjer er til dæmis persónulega kunnugt um, að þrír menn aðrir eru mjög illa staddir þar. Einn af þeim telur landssímastjóri sig alls ekki mega missa, en er þó líklegt, að hann fari, fái hann annað betur launað starf. En verði einum veitt slík uppbót, þá verður erfitt að neita hinum.

Jeg er mjög þakklátur nefndinni fyrir brtt. sína um, að greiðslan til Petersens, 5000 krónur, sje kölluð *endanleg* greiðsla til hans. Það væri mikill ljettir, að þessu máli verði einhvern tíma lokið. Áður hafði hann gert kröfu um 5000 kr., en nú hefir hann hækkað hana. Jeg skal ekki leggja á móti því, að hann fái þessar 5000 kr., en þá sem *fullnaðar* borgun og í þeirri von, að næsta þing sinni ekki

frekari kröfum frá hans hendi. Jeg tel líklegt, eftir fyrri framkomu hans að dæma, að hann geri enn kröfur til skaðabóta.

Þá er lækkun á skrifstofukostnaði vitamálastjóra. Þetta getur máske tekist, einkum ef ódýrara húsnæði fæst. En að hækka þá skrifstofukostnað biskups jafnframt er hreinasta „anomali". Þegar kol, ljósmeti o. fl. lækkar, þá er þessi liður hækkaður. Þegar skrifstofukostnaður t. d. landlæknis er ákveðinn „alt að" 2000 kr., þá hefði þó átt að hafa sömu ákvæði um skrifstofukostnað biskups. Bendi jeg háttv. fjvn. á þetta, ef hún vildi laga það til 3. umr.

Þá þykir mjer mjög leitt, að nefndin vill fella niður fjárveitinguna til rafmagnsveitunnar á Hólum. Jeg álít, að þann skóla þyrfti að setja í stand, eins og aðra skóla. Undir 32. lið leggur nefndin til að veita 15000 kr. til byggingar barnaskóla. En jeg álít, að þá skóla, sem fyrir eru, ætti að gera sem fullkomnasta áður en farið væri að bæta nýjum við. Jeg hefi ekki á móti tillögu nefndarinnar um barnaskólana, en þá ætti nefndin ekki að kippa að sjer hendinni um þennan eina búfræðiskóla á Norðurlandi. Hvanneyri hefir þegar fengið rafmagnsveitu. Sanngjarnt er, að Hólar fái hana líka. Vil jeg því mælast til þess við háttv. fjvn., að hún leyfi þessari fjárveitingu að standa.

Brtt. einstakra þingmanna koma mjer ekki við, og skal jeg þá heldur ekki tala um þær.

Halldór Steinsson: Það þykir hlýða, að minst sje á brtt. þær, sem hafa í för með sjer útgjöld fyrir ríkissjóð, hversu smáar sem þær eru.

Jeg hefi komið fram með eina brtt., á þskj. 482, um að Staðarsveit sjeu veittar 200 kr. til læknisvitjunar.

Eins og hv. deild er kunnugt, þá hefi jeg oft flutt áður fyr frumvarp til laga um að gera Hnappadalssýslu að sjálfstæðu læknishjeraði, þó ekki fengi fram að ganga. Þetta var nú ekki flutt á síðasta þingi, þó ekki væri það látið ógert af því, að þörfin væri minni nje kröfur um það. Það var þröngur fjárhagur ríkissjóðs, sem olli því.

En til að bæta nokkuð úr erfiðleikum hjeraðsins, þá voru veittar 200 krónur til læknisvitjunar þremur hreppur sýslunnar. En Staðarsveit var skilin eftir.

Allir þessir 4 hreppar eiga jafnerfiða aðstöðu til læknisvitjana. Fróðárheiði liggur milli Staðarsveitar og Ólafsvíkur. Er hún oft illfær á vetrum. Það hefir jafnvel komið oftar fyrir en einu sinni í minni læknistíð, að ekki hefir náðst í lækni vegna þess, að heiðin hefir verið ófær, og þá til óbætanlegs tjóns fyrir hlutaðeigendur.

Þetta er sanngirniskrafa og í samræmi við ýmsa aðra hreppa, sem hafa fengið samskonar styrk. Vona jeg því, að hún nái fram að ganga.

En fyrst jeg stóð upp, verð jeg að minnast á 4. brtt. fjvn., á þskj. 458, um að fella niður fjárveitingu til aðstoðarlæknis á Ísafirði. Jeg varð satt að segja forviða, þegar jeg sá, að nefndin hafði lagst á þennan mann. Þessi fjárveiting er samkvæmt lögum frá 1907, sem enn eru í gildi. Og þótt fjárveitingin hafi fallið niður á Akureyri, þá er því ekki saman að jafna, því það er af því, að aðstoðarlæknirinn, sem þar var, vildi hana ekki. Hún hefir heldur ekki verið afnumin með lögum þar.

Jeg hygg nú helst, að hv. fjvn. hafi ekki munað eftir þessum lögum, svo að

það sje af vanþekkingu, en ekki hlutdrægni, að þessi till. hefir komið fram. Það væri hart fyrir starfsmenn landsins, ef þeir þyrftu að höfða mál gegn því opinbera til þess að fá lögmæltum kröfum sínum fullnægt.

Þá hefir hv. fjvn. lagt til að fella niður alla síma, að einum á Austurlandi undanskildum. Þetta er nú ærið hart, því ekki er margt, sem er nauðsynlegra á þessu landi en símarnir.

Nefndin hefir gengið fram hjá áliti og tillögum landssímastjóra í þessu efni og einnig landsstjórnar. Landssímastjóri hafði lagt til, að 4 línur væru látnar ganga fyrir, og er Grundarfjarðarlínan ein af þeim. Hinar tvær línurnar, sem hv. Nd. bætti við, Hraungerði—Húsatóftir, sem komst inn fyrir dugnað eins manns í fjvn. Nd., og Þorlákshöfn—Selvogur, sem engin meðmæli hafði frá landssímastjóra og á óskiljanlegan hátt var smeygt inn í fjárlögin í Nd. En þótt jeg vilji eigi beint leggja á móti þessum línum, þá stendur hjer þó misjafnlega á, því hinir voru áður viðurkendir.

Annars sýndist ekki svo mikil hætta á því að láta þessa síma standa í fjárlögunum, vegna þess, að sú aths. fylgdi, að þeir væru því aðeins lagðir, að fje væri fyrir hendi. Og ef nefndin álítur, að ekki verði fje til þess, verður það enginn fjáraustur. Þetta er því aðeins sparnaður á pappírnum.

Hv. frsm. (EÁ) sagði, að þessir símar þyldu vel eins árs bið. Mjer fanst þessi hv. þm. tala fremur kæruleysislega um þetta mál. Jeg get trúað því, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar líti öðruvísi á málið. Og ef hjer hefði verið að ræða um símalínu í kjördæmi hv. frsm. (EÁ), þá get jeg hugsað, að kveðið hefði við annan tón hjá honum. Annars vil jeg þakka hæstv. atvrh. (KlJ) fyrir það, að hann lítur alveg sömu augum á þetta og jeg geri.

Þá er það ljósmæðranámsstyrkurinn. Jeg held, að hv. fjvn. hafi ekki verið nógu kunnug málinu og að hún hafi ekki leitað álits landlæknis, sem þó var sjálfsagt, þar sem hann var sá maðurinn, sem hafði best vit á þessu. Þetta var rannsakað nákvæmlega 1911, og landlæknir skrifaði þá bók um rannsóknirnar. Niðurstaðan varð, að 12 stúlkur þyrftu að læra á ári að meðaltali. 1912 voru svo samin lög um yfirsetukvennaskólann. Var þeim þar ætlaður 45 kr. námsstyrkur hverri á mánuði. En sú upphæð var fyrir stríðið tiltölulega hærri en sá námsstyrkur, sem þær hafa nú. Þegar dýrtíðin óx á stríðsárunum, gátu yfirsetukonur ekki fremur en aðrir starfsmenn lifað á sínum lágu launum, og afleiðingin var sú, að þær sögðu af sjer hópum saman, og er nú ekla á þeim alstaðar á landinu. Þess vegna er það, að nú nægir ekki að útskrifa 12 námsmeyjar á ári. Nú eru 17 í skólanum og allar pantaðar fyrirfram. Dvalarkostnaður námsmeyjanna hjer í Reykjavík hefir komist hæst upp í 150 kr. á mánuði, en fer nú lækkandi og mun nú vera 110—120 krónur mánaðarlega.

Jeg held þess vegna, að ekki komi til mála annað en að láta styrk þann, sem Nd. samþykti, halda sjer. 7 þús. kr. er síst of mikið, og það þýðir ekki að áætla þessa upphæð lægri, því við getum ekki verið án yfirsetukvenna. Það nær engri átt að hnitmiða upphæðina við einhvern ákveðinn nemendafjölda.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vildi leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir út af ummælum háttv. þm. Snæf. (HSt) um yfirsetukvennanemendur. Þegar þetta mál var til meðferðar í fjárveitinganefnd, átti

jeg tal við eina yfirsetukonu hjer í bæ, sem hefir verið kennari við yfirsetukvennaskólann og haft flesta nemendur með sjer í „praksis". Hún gaf mjer ýmsar upplýsingar, og ætla jeg hjer að rekja þær lauslega. Hún sagði, að í ár hefðu verið 17 nemendur á skólanum, og námstíminn er 6 mánuðir, talið frá 1. október. Nú er í ráði að auka 1 mánuði við skólaárið, og hefir það vitanlega aukin útgjöld í för með sjer. Jeg spurði hana, hvað hver stúlka fengi háan styrk mánaðarlega, og svaraði hún á þá leið, að þegar hæsti styrkur hefði verið veittur, hefði hann numið 150 kr. á mánuði, en nú í ár hefði hann ekki verið nema 120 kr. Þá spurði jeg hana, hvort hún áliti, að 16—18 nemendur þyrftu árlega að sækja skólann, til þess að fullnægja eftirspurninni. Hún kvað 10—12 nemendur kappnóg, því að af öllum þeim fjölda, sem útskrifaðist frá skólanum, væru tiltölulega margar, sem aldrei tækju hjerað. Annars áleit þessi yfirsetukona, að besta fyrirkomulagið væri það, að nemendurnir væru styrktir að einhverju leyti af hjeruðunum og væru um leið skyldaðir til að fara í hjeruðin síðar, að afloknu námi. En þetta skilyrði og fleiri, sem hún benti mjer á, eru í raun og veru ekki til umræðu nú, en þó eru þau fullkomlega þess verð, að þeim sje gaumur gefinn.

Það sæti illa á mjer að amast við því, að veittur sje styrkur til mentunar kvenna, því vissulega er ekki of mikið til þess lagt af almannafje, en hjer stendur svo sjerstaklega á, að aðsókn að þessum skóla hefir verið of mikil, samanborið við eftirspurnina, og þær stúlkur, sem þaðan hafa komið, hafa ekki horfið að þeim starfa, sem þær hafa verið styrktar til. Ljósmóðir sú, sem jeg talaði um áðan, og sem jeg get nafngreint, ef þess er krafist, sagði mjer, að hún vissi um 10—20 nemendur, sem hefðu útskrifast, en *aldrei* tekið hjerað. Þegar alt þetta er athugað, virðist óþarfi að eyða fje landsins um of í þessa fræðslu, þegar nóg er til af konum, sem mentaðar eru í þessari grein. Þetta vil jeg taka fram vegna þess, að dregið var í efa, að till. nefndarinnar væru rjettmætar í þessu efni.

Áður en jeg sest niður vil jeg geta þess, þó að það komi ekki fjárhagsatriðinu við, að þessi sama kona áleit, að aldurstakmarkið yrði að vera hærra, því að þetta nám hafa stundað 18—19 ára gamlar stúlkur, en það eru of ungir nemendur. Hún gat þess líka, að ekki virtist vera ekla á yfirsetukonum eins og nú stæðu sakir.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg á nokkrar brtt. með öðrum og þykir því tilhlýðilegt, að jeg segi örfá orð. Á þskj. 482 á jeg till. um að færa fjárveitingu til embættiseftirlitsferða úr 5 þús. kr. niður í 3 þús. kr. Þetta er áætlunarupphæð, en reynslan er sú, að slíkar upphæðir eru oftast notaðar allar. Það er því heppilegra að hafa upphæðirnar heldur lægri, til þess að hvetja menn ekki til skemtiferða, en hins vegar getur stjórnin altaf veitt fje til eftirlitsferða, ef þess er þörf. Jeg býst því við, að till. verði tekið vel.

Þá á jeg brtt. um styrk til 2 hreppa til læknisvitjana. Jeg hefi athugað aðstöðu þessara hreppa með tilliti til annara hreppa, sem njóta slíks styrks, og eru þeir ekki betur staðir, því að þarna hamla stór vötn, sem geta oft valdið miklum töfum, sjerstaklega að vetrarlagi. Jeg býst við, að þessi styrkur nægði aðeins til

tveggja vetrarferða, og er það ekki til mikils mælst.

Þá á jeg till. með háttv. 2. þm. G.-K. (BK) um styrk til Sigvalda læknis Kaldalóns. Hann hefir verið viðurkendur af þinginu í aukafjárlögum, og þar sem það er fyrirsjáanlegt, að hann verður óvinnufær líka þetta ár, er ekki nema sanngjarnt, að hann haldi þeim styrk. Annars býst jeg við, að háttv. 2. þm. G.-K. (BK) tali ef til vill nánara um þetta atriði.

En fyrst jeg stóð upp á annað borð, ætla jeg að víkja nokkrum orðum að brtt. nefndarinnar. Jeg get verið stuttorður, því aðrir hafa tekið margt það fram, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg get ekki fallist á till. um aðstoðarlækninn á Ísafirði. Það embætti er enn þá í lögum um skipun læknishjeraða, og væri það alveg nýtt hjer á landi að leggja á menn embættisskyldur, án þess að nokkur rjettindi kæmu í móti. Maðurinn hefir ekki sagt lausu embættinu, og því engin ástæða til að hrekja hann frá því. Það er engin sanngirni í því, og jeg mun því greiða atkvæði á móti till.

Þá hefir nefndin viljað bæta launakjör símameyja, og jeg er því alveg sammála, en hins vegar hefir hún slept öðrum lágt launuðum starfsmönnum símans, sem virðast þó hafa fult eins mikla þörf fyrir launahækkun. Út af þessu hefir borist brjef frá einum slíkum starfsmanni, sem er nauðulega staddur og virðist eiga við mjög ófullnægjandi launakjör að búa. Svo mun ástatt um fleiri starfsmenn símans, og væri full ástæða til að gera þeim einhverja úrlausn.

Jeg vil ekki tala mikið um yfirsetukvennaskólann, því að mikið hefir verið um hann rætt. Háttv. 6. landsk. þm. (HB) hafði þar margt eftir einni yfirsetukonu hjer í bæ, og bar það yfirleitt saman við þær upplýsingar, sem jeg hefi fengið, en þó ber henni ekki saman við álit landlæknis um þörfina, og verð jeg að taka hann trúanlegri. Landlæknir taldi 1912, að þá hefðu þurft að læra milli 10 og 12 á ári, til þess að fullnægja eftirspurninni, en á stríðsárunum hafa margar yfirgefið embætti sitt, vegna ljelegra launakjara, og enn er ekki fylt í þær skörð. Það er því ógerningur að takmarka nemendatöluna við 12 á ári. Annars líst mjer vel á það, að hjeruðin legðu eitthvað fram í þessu efni, ef það yrði til þess, að nemendurnir færu þangað heldur að afloknu námi; en um slíkt verður ekki að ræða nú, en það má taka það til athugunar síðar.

Mjer þykir undarlegt, að skrifstofukostnaður er sumstaðar lækkaður, en hækkaður á öðrum stöðum. Jeg skil ekki það samræmi.

Jeg kann ekki við að skamma nefndina lengur, því ýmislegt hefir hún vel gert, og skal jeg þar nefna styrk til barnaskólabygginga utan kaupstaða. Þessi styrkur stóð í fjárlögum 1922, en stjórnin neitaði að greiða hann og bar fyrir sig glundroða þann, sem væri í öllum skólamálum landsins. Þetta er orðið svo gamalt, að ekki þýðir að skamma stjórnina fyrir það, en nú er vel, að styrkurinn er kominn í fjárlögin aftur. Og svo jeg vitni í sjálfan mig, þá gat jeg þess í fyrra, þegar jeg var að berjast fyrir þessum styrk, að það hefði verið farið öfugt að í kenslumálunum, að stofna fyrst kennaraembætti án þess að hafa nokkurt húsnæði til þess að not yrði að kenslukröftum þeirra. Það verður að sjá um, að heilsa og líf barn-

anna sje ekki í veði vegna ljelegra húsakynna, og góður kennari getur ekki notið sín í ljelegum og köldum húsakynnum.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg ætla ekki að þreyta deildina með langri ræðu. Jeg vil fyrst minnast á till. um, að stjórnin útvegi markaðsskýrslur, og líst mjer vel á það. En til þess að þetta geti komið að sæmilegum notum, verður að sjá um, að skýrslurnar komist út um landið.

Þá er aðstoðarlæknirinn á Ísafirði. Jeg held, að kent hafi misskilnings í umr. um þetta mál. Það hefir verið borið saman við aðstoðarlækninn á Akureyri, en það er ekki fullkomlega sambærilegt. Sá maður, sem hafði það embætti á hendi, sagði því af sjer áður en launalögin voru sett 1919, og hefir ekki verið skipað í það síðan. En aðstoðarlæknirinn á Ísafirði hefir ekki sagt embættinu af sjer, og jeg efast um, að hægt sje að hrekja hann frá því nauðugan.

Jeg er nefndinni þakklátur fyrir till. um barnaskóla utan kaupstaða og vona, að hún verði samþykt, en jeg sje ekki ástæðu til að ræða hana frekar, enda býst jeg ekki við, að menn sjeu henni mótfallnir hjer í deildinni.

Það hefir verið rætt hjer mikið um yfirsetukvennaskólann og sá misskilningur hefir komið fram, að ekki þurfi nema 10—12 nemendur að útskrifast á ári. En þess ber að gæta, að yfirsetukonur eru svo illa launaðar, að þær haldast mjög illa í embættum sínum og sækja í burtu, þegar er þeim býðst eitthvað betra. Það er því ótiltækilegt að takmarka töluna, því ekla er talsverð og auk þess væri gott að geta losnað við margar af eldri yfirsetukonunum, sem ekki eru starfi sínu vaxnar.

Þá vil jeg mæla með till. minni um styrk til Lárusar Bjarnasonar kennara á Akureyri, 2500 kr., til þess að semja kenslubók fyrir gagnfræðaskóla í eðlis- og efnafræði. Þessi maður hefir próf frá kennaraháskóla í Kaupmannahöfn og fjekk vottorð fyrir „overordentlig Flid og Fremskridt“ og er hann talinn ágætlega að sjer af öllum þeim, sem til þekkja. En hann er mjög samviskusamur og telur sig ekki geta samið þessa bók eins vel eins og hann vill, nema hann geti farið utan og aflað sjer frekari fræðslu. Við eigum nú enga nothæfa bók í þessum efnum, og má það undarlegt heita, því frekar öðrum þurfum vjer Íslendingar að berjast við náttúruna, og þekking í t. d. raffræði og aflfræði er okkur ómissandi. Jeg vona, að háttv. deild fallist á till. Jeg hefi heyrt það, að nefndin vilji sinna þessu að nokkru leyti, en telji sjer ekki fært að fara eins langt og jeg vil. Jeg er náttúrlega nefndinni þakklátur fyrir það, þó að heldur hefði jeg kosið, að hún hefði getað fallist á till. mína.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg þarf ekki að deila mikið á háttv. 2. þm. Rang. (G-Guðf), því okkur bar ekki svo mikið á milli. Jeg gladdist af því, að hann var mjer sammála um, að einhver takmörk eða skilyrði þyrfti að setja til þess, að styrkurinn kæmi að tilætluðum notum.

Þá sný jeg mjer að háttv. 2. þm. S.-M. (SHK). Hann vildi ekki takmarka töluna vegna þess, hve yfirsetukonur væru lausar í sessi, og þyrfti því altaf að fylla í þau skörð. Það mun vera rjett, að þær haldast heldur illa í embættum sínum, vegna þess hve þeim er illa launað, eins og háttv. þm. (SHK) benti á. En við því

er aðeins eitt ráð: Að launa þeim betur. Fyr verður ekki ráðin bót á þessu, því það er ekki ráðið að útskrifa óþarflegan fjölda frá skólanum, sem svo aldrei fer í nein embætti. En þá yrði þessu máli ráðið til góðra lykta, ef launakjörin yrðu bætt; ef hjeruðin styrktu nemendurna sjálf að einhverju leyti og sjeð væri um, að þær færu í þau hjeruð, sem þær væru ákveðnar í, þegar þær kæmu í skólann.

Halldór Steinsson: Jeg ætla að gera örfáar athugasemdir út af fyrri ræðu hv. 6. landsk. þm. (IHB). Hún hefir vitnað í álit einnar ljósmóður hjer í bænum, og þó að það sje merk kona, þá kemur ekki til mála að meta meira skoðanir hennar í þessum efnum en skoðanir landlæknis, sem hefir verið vörður heilbrigðismálanna í þessu landi um langt skeið. Hann heldur því fram, að nú þurfi meira en 12 nemendur á ári, og jeg hefi sýnt fram á það og það er vitanlegt öllum, sem þessu máli eru kunnugir, að 12 nemendur eru ekki nægilegir. Nú er ekla á yfirsetukonum, og þessi nemendafjöldi getur ekki fylt þau skörð. Það má benda á, að síðustu ár hafa verið fleiri í skólanum, en það hefir ekki heldur reynst nægilegt.

Þá var háttv. þm. (IHB) að tala um, að nemendur ættu að hafa styrk úr hjeruðunum, en það er vitanlegt, að það hafa þær. Þær verða að leggja fram talsvert fje auk námsstyrksins; hvernig ættu þær annars að geta lifað hjer í Reykjavík?

Í þriðja lagi hjelt sami hv. þm. (IHB) því fram, að setja yrði þeim það skilyrði, er nytu styrks þessa, að þær tækju að sjer yfirsetukvennastarf að afloknu námi. Þetta kann að vera mjög æskilegt, og þætti mjer vænt um, ef hent væri á leið, sem fær væri til að tryggja þetta skilyrði.

Það er alkunnugt, að fjöldi fólks, sem notið hefir svipaðs námsstyrks, hefir hlaupið með hann til útlanda og jafnvel aldrei gefið sig að því námi, sem styrkurinn var veittur til, — hvað þá heldur orðið starfsfólk þjóðarinnar í þeirri grein. Jeg get t. d. nefnt hjúkrunarkonur. Það mun standa næst því, er hjer um ræðir.

Eins er óhugsandi að setja þeim, er nema vilja yfirsetukvennafræði, svo harða kosti. Gæti það og leitt til þess, að enginn fengist til þess að nema þessa grein, því engin glæsileg embætti bíða yfirsetukvenna að afloknu námi.

Aðalatriðið er, að við þurfum að styrkja nógu margar stúlkur til náms í þessari grein, til þess að bætt verði úr þörf þeirri, sem nú er á yfirsetukonum.

Forsætisráðherra (SE): Jeg gleymdi áðan að minnast á 7. brtt. hv. fjvn., um að fella niður styrkinn til Kristjáns Jónassonar í Borgarnesi. Það er alveg rjett hjá hv. frsm. (EÁ), að maður þessi á enga lagalega kröfu á hendur ríkissjóði. En það vakti fyrir háttv. Nd., að hann varð fyrir miklu tjóni vegna þessa taugaveika sjúklings, sem lá á heimili hans. Mun atvinna hans sem gestgjafa hafa eyðilagst að miklu leyti um mjög langan tíma.

Til viðbótar því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni um 4. brtt. hv. fjvn., skal jeg taka það fram, að samkvæmt lögum um skipun læknishjeraða, frá 16. nóv. 1907, 2. gr., er beinlínis kveðið svo á, að þessi aðstoðarlæknir skuli skipaður, og verður það ákvæði ekki upphafið með því að fella niður styrk þennan í fjárlögum. Kæmi þá til greina 3. gr. nefndra laga og yrði samkvæmt henni að greiða þessum aðstoðarlækni 800 kr. á ári, en samkvæmt þeirri grein voru laun hjeraðslækna 1500

kr. árlega. Hefir jafnan verið álitið, að þessu samá hlutfalli bæri að halda, aðstoðarlæknirinn hefði sem næst helmingi minni laun en hjeraðslæknirinn, og var sú upphæð tekin í fjárlagafrv.

Það hefir mikið verið rætt um yfirsetukvennaskólann. Jeg þykist vita, að háttv. 6. landsk. þm. (IHB) hefir það rjett eftir hinni mætu ljósmóður, er hann nefndi í ræðu sinni, að yfirsetukonur væru nógu margar í landinu. En jeg vil geta hins, að í gær átti jeg einmitt tal um þetta efni við landlækni, og hann taldi eklu á yfirsetukonum, og þess vegna óskaði hann, að tala námsmeyja við skólann væri ekki takmörkuð fyrst um sinn. Þessar umsagnir standa hvor á móti annari, en fara verður eftir því, sem landlæknir segir í þessum efnum.

Jónas Jónsson: Jeg ætla fyrst að fara nokkrum orðum um störf fjvn. Ed., þar eð orkað hefir tvímælis um till. hennar, t. d. að fella niður síma- og loftskeytastöðvaliðina, samanber brtt. fjvn. 8.—15. Þessar brtt. eru að nokkru leyti hæstv. stjórn að kenna. Ummæli hennar við nefndina voru í þá átt, að lítið mundi hægt af þessu að gera á næsta ári, vegna fjárskorts. Ef því símarnir eru látnir standa, þá hefir það fyrst og fremst þann ókost, að það vekur tálvonir þeirra, sem eiga að njóta þeirra. Í öðru lagi vekja fjárlög með tekjuhalla altaf megna óánægju. Og margir álíta, að tekjuhalli sje, enda þótt sum útgjöldin sjeu bundin því skilyrði, að fje sje fyrir hendi, eins og hjer er gert. En vitanlega er þetta ekki allskostar rjett.

Þegar til orða kom að fullgera Kleppsspítala, var stjórnin mjög hikandi, vegna fjárskorts. Ýtti nefndin mjög undir hana að ljúka við spítalann öðru fremur.

Tilraunir nefndarinnar fóru því í þá átt, að reyna að fá fjárlögin til að líta sæmilega út, og þó jafnframt að herða á stjórninni að láta ljúka því verki, sem þjóðin bíður svo mjög eftir; síður að ráðast í nýjar framkvæmdir áður en því verki er lokið. Það er því langt frá sönnu, að við nefndarmenn viljum vanrækja allar verklegar framkvæmdir.

Það er t. d. ekki með glöðu geði, að við viljum ekki veita fje til Sláturfjelags Suðurlands, til að koma upp sútunarverksmiðju, í þetta sinn.

Ef jeg lifi næsta ár, þá verður mjer ómögulegt að vera á móti slíkri veitingu, og er ekki óhugsandi, að taka megi hana upp í fjáraukalög næsta árs, ef fjárhagur leyfir.

Samt álít jeg gott, að Sláturfjelagið rannsaki og undirbúi mál þetta eitt ár enn. Undirbúningurinn virðist enn þá ekki tæmandi, og væri gott, ef það fengi sjerfræðing til aðstoðar.

Ef þessi háttv. deild vill setja inn í fjárlögin þær verklegar framkvæmdir, sem nefndin hefir lagt til, að frestað yrði, þá er að sjálfsögðu rjettast að láta þær fylgjast allar að og ekki draga sumar þeirra út úr, því í raun og veru eru þær allar sjálfsagðar, þó að nefndin sæi sjer ekki fært annað en gera þessar brtt., sakir fátæktar ríkissjóðs.

Þá kem jeg að einstökum brtt.

Hæstv. forsrh. (SE) var ekki ánægður með að lækka útgjöldin til hagstofunnar. Fjvn. óskaði að fá nákvæma skýrslu um þessa stofnun, en fjekk ekki. En víst er það, að þrettán þúsund krónur til launa starfsmanna þessarar stofnunar, annara en þeirra tveggja, sem fá laun sín eftir launalögunum, er býsna há upphæð. Að vísu eru störfin umfangsmikil, en hins ber og

að gæta, að ýmsar aðrar opinberar skrifstofur verða að halda fleiri menn en ella, einmitt vegna skýrslugerða til hagstofunnar. T. d. eykur það ekki lítið störf bæjarfógeta, að senda verður hagstofunni nákvæmar skýrslur um öll dómsmál, án þess þó að þær sjeu gefnar út. Væri því vert að athuga, hvort hagstofan gengi ekki fullríkt eftir að fá heimildir, sem hún hefir ekki starfskrafta til að vinna úr, en sem altaf er hægt að ganga að hjá ýmsum öðrum skrifstofum.

Annars er þessi liður, eins og hæstv. atvrh. (KlJ) tók fram, aðeins áætlunarliður, en er þó bending til stjórnarinnar um, hvort ekki muni vera hægt að takmarka að einhverju leyti mannahald við þessa stofnun. Þá má og geta þess, að töluverð óánægja ríkir um störf hagstofunnar, einkum að því er snertir hversu skýrslur koma seint frá henni, og því gagnið að þeim hverfandi. Mun ástandið í þessum efnum lítið betra en þegar Indriði Einarsson annaðist einn um útgáfu hagskýrslnanna, auk annara starfa. Það liggur í augum uppi, að eigi verulegt gagn að verða að hagskýrslum, verða þær að koma út jafnóðum, og þyrfti hagstofan því að vera strangari í innheimtu gagna í þær skýrslur, sem hún á annað borð gefur út. Verði þessu ekki breytt til batnaðar, missir hún tilverurjett sinn.

Þá má og beina því til hæstv. stjórnar, að kunnugt er, að sá maður, er gegnir fulltrúastörfum í hagstofunni, er kunnur að því að vinna tímum saman við önnur störf, t. d. veitir hann kosningaskrifstofu forstöðu við flestar kosningar o. s. frv. Verður manni því á að halda, að citthvað af aukamannahaldinu stafi af því, að ekki sjeu notaðir þeir kraftar, sem hagstofunni eru beinlínis fengnir.

Hagstofustjórinn sjálfur mun vera mjög eljusamur og sparsamur maður. En ósannað er, nema hann hefði getað sparað enn meira starfsmannahaldið. Og það er óviðkunnanlegt, þó það á engan hátt þurfi að vera ranglega ráðstafað, að margt aðstoðarfólkið eru nákomnir vandamenn hans, t. d. kona hans og aðrir nánir venslamenn.

Þá vil jeg taka undir með hæstv. atvrh. (KlJ), að kostnaður við embættisskeyti er óneitanlega mjög mikill, en úr því verður aðeins bætt með því, að stjórnin skapi þar aðhald, og vænti jeg þess, að hún geri sitt ítrasta í því efni.

Það má að vísu segja, að innanlands geri þetta ekki svo mikið til. Gjaldið sje tekið úr öðrum vasanum og látið í hinn. Þó er aðgætandi, að embættisskeyti geta hægt frá öðrum skeytum, og þannig rýrt tekjur ríkissjóðs.

Þá vil jeg minnast á símana aftur.

Brtt. nefndarinnar stafa af því, eins og jeg hefi tekið fram, að henni var ant um að afgreiða fjárlögin tekjuhallalaus, og mun hæstv. stjórn vera þar á sama máli.

Nú hafa komið fjölda margar óskir um nýjar símalínur, og munu fleiri á eftir fara.

Jeg hygg, að ef þessar brtt. okkar verða feldar, þá sje ekki rjett að gera upp á milli þeirra. Annaðhvort allar eða enga. Jeg skal til dæmis lýsa yfir fyrir mitt leyti, og get jeg þar mælt af nokkrum kunnugleika, að sími að Grundarfirði mun síst nauðsynlegri en sími að Húsatóftum. Suðurlandsláglendið er tiltölulega mjög símasnautt, en aftur á móti mun Snæfellsnessýsla betur sett í þeim efnum en flestar aðrar sýslur, og er það máske dugnaði þingmanns þeirra Snæfellinga að þakka. Auk þess eru tiltölulega fá býli í Grundarfirði. Yfirleitt hlýtur að leiða til vandræða, ef gera á upp á milli brtt. nefndarinnar í þessu máli.

Í þessu sambandi skal jeg og benda á það, að ef þeir símar, sem nú eru í fjárlagafrv., verða samþyktir, verður óhjákvæmilegt að sinna bráðlega kröfum um síma inn Eyjafjörð, og svo upp Fljótsdalshjerað. Það er rangt af þingi og stjórn að leggja síma í hvert smáþorp, en láta stór hjeruð vera án hans. Kröfur frá þeim hjeruðum, sem þannig verða úti, hljóta að koma, og þingið getur ekki til lengdar þverskallast við þeim.

Jeg verð að mótmæla þeirri skoðun hæstv. atvrh. (KlJ), að raflýsing megi til að koma á Hólum, úr því að Hvanneyri sje búin að fá hana. Að vísu veit jeg vel, að það þarf að raflýsa Hóla, en jeg hefði líka verið á móti því að raflýsa Hvanneyri, ef það hefði staðið til nú. Enn fremur ber að athuga það, að þessi 20 þús. til rafveitu á Hólum eru ekki nema ⅓ af öllum kostnaðinum.

Þá eru 15000 kr. til barnaskólabygginga. Fyrir hv. fjvn. Nd. lágu margar kröfur um styrk í þessu skyni, víðs vegar af landinu. Eru þessi útgjöld óhjákvæmileg að mínu viti, enda í samræmi við það, sem varið er til viðhalds prestssetrum. Þessi upphæð getur hjálpað á mörgum stöðum — segjum að veittar verði 1000—2000 kr. í hvern stað — og ver þingið fyrir frekari styrkbeiðnum. Jeg held því, að rjett sje að fresta raflýsingunni á Hólum um eitt ár, en bjarga við nokkrum barnaskólabyggingum, sem ekki er hægt að lúka við, nema landið hlaupi undir bagga.

Þá eru örfá orð um aðstoðarlækninn á Ísafirði. Nefndinni var kunnugt, að til mála gæti komið, að hann ætti kröfu á hendur ríkissjóði um 700—800 kr. árslaun, en ekki meira. Þess ber nú að gæta, að á Ísafirði er ágætur hjeraðslæknir, og auk þess er kona hans læknir og mun vinna með honum án þóknunar úr ríkissjóði. Þá eru og margir fleiri læknar við Djúpið. Ástæðan fyrir því, að aðstoðarlæknir var skipaður á Ísafirði, er því horfin. Hans er ekki þörf lengur.

Annars má sem best flytja þennan lækni til Barðastrandarsýslu, úr því hann hefir ekki nóg að gera á Ísafirði. Virðist lítil sanngirni í því að ofhlaða sum hjeruð læknum, en láta önnur vera læknislaus. Í sjálfu sjer er þessi læknir „praktiserandi", eins og læknar eru 3 á Akureyri og eitthvað 20 í Reykjavík, og ekki ástæða til að launa hann fremur en þá. Það væri eiginlega mest ástæða til að launa aðstoðarlækni á Akureyri, því eins og kunnugt er, þá er Steingrímur Matthíasson hjeraðslæknir þar ágætur skurðlæknir, og hefir því svo mikið að starfa við sjúkrahúsið, að hann má illa vera að því að sinna ferðalögum út um hjeraðið. Enda er það annar læknir, sem mest er sóttur út um hjeraðið, án þess að hann fái til þess styrk úr landssjóði. Þessi aðstoðarlæknir á Ísafirði mætir því vandræðum við samanburð, og virðist alls ekki eiga meiri rjett til launa en læknarnir á Akureyri og í Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson: Jeg á enga brtt. við fjárlagafrv. í þetta sinn, en fyrst menn eru farnir að deila um breytingar við það, þá vildi jeg þó leggja fáein orð í belg.

Það hefir mikið verið talað um símana. Og þó jeg ætli nú ekki beint að fara að lasta verk fjvn., þá skil jeg þó ekki í því, hve mikið kapp hún hefir lagt á að fella niður fjárveitingarnar til símanna. Það sýndist þó vera fremur áhættulítið að láta þá standa með því skilyrði, er fylgdi, að til þeirra væri því aðeins veitt, að fje væri fyrir hendi.

Mjer þótti hörð orð háttv. 5. landsk. þm. (JJ) um þetta mál. En fjvn. hefir þó ekki sparað á öllum sviðum. Það þykist sjáanlega hver mestur, sem mest tekur út úr fjárlagafrv. verklegar framkvæmdir. En sömu menn hafa þó ráð á að veita nokkrar þúsundir til hvers af ýmsum einstaklingum, sem styrks leita. Háttv. fjvn. Nd. þótti víst sæmilega brjóstgóð við þessa styrkleitendur, en fjvn. Ed. hefir þó reynst enn brjóstbetri, því hún hefir bætt nokkrum við. Mjer finst háttv fjvn. þurfa að taka betur fram, hvað fyrir henni vakir. Mjer finst of mikið gert að því að stöðva ár eftir ár allar verklegar framkvæmdir, og að með því móti miði í raun og veru aftur á bak. Þá finst mjer of langt gengið að bera till. fjvn. um að fella niður símana, eins og háttv. frsm. (EÁ) óskaði, alla undir atkvæði í einu. Hvers vegna vildi ekki fjvn. láta bera till. sínar, um 70 að tölu, upp allar í einu? Jeg mótmæli því, að borin sje nema ein breytingartillaga undir atkvæði í einu, eins og þingsköp mæla fyrir. — En hún heldur sennilega, að þær verði fremur samþyktar allar í einu heldur en ef borin er upp ein og ein.

Hv. frsm. (EÁ) sagði, að ýmsum myndi finnast nefndin vera harðhent á verklegum framkvæmdum. En mjer finst hún fremur vera mjúkhent á þeim, því hún vill ekkert láta gera. Nefndin hefir þó máske ekki staðið ver í stöðu sinni en vænta mátti á svo stuttum tíma. En mjer fanst vera ærið hörð orð háttv. 5. landsk. þm. um að þeir, sem ekki væru sammála gerðum nefndarinnar, tækju þá á sig ábyrgðina á því. Já, jeg held jeg þori nú vel að taka á mig ábyrgðina á því, þó tveir til þrír símar yrðu samþyktir með áðurgreindu skilyrði. Jeg hefi sjálfsagt einhvern tíma verið með í því, sem lakara er. Mjer finst samt ekki þarfara, sem nefndin vill veita fje til. T. d. girðing kringum kennaraskólalóðina. Um hana hefir nú verið talað, en það hefir ekki sannfært mig. Ef girðingin á að vera til þess að verja vatni að renna inn í skólann, þá þyrfti hún sennilega að vera vatnsheld. (*EÁ*: Það á að vera steingirðing). Hún þyrfti þá líklega að ná yfir húsið, svo að hún verji að gagni. Mjer finst mundi mega veita vatninu frá. En þessi skólalóð sýnist mjer ekki svo fallegur staður, að miklu fje sje kostandi til að verja hana.

Mjer finst rjett að veita utanfararstyrk til kennara. Þetta er fjölmenn stjett og þarf að vera sem best ment. Það er ein sparnaðarráðstöfun, sem ekki er góð, að ekkert fje hefir verið veitt til barnaskólabygginga. Úr þessu vill hv. fjvn. bæta og leggur til, að til þessa sjeu veittar 15000 kr. á ári, og er jeg henni þakklátur fyrir það. Þetta komst inn í fyrra, en er ófært að svo standi lengur. Húsrúm til kenslu er víða slæmt, og það hefir slæm áhrif fyrir hjeruðin, ef enginn styrkur er veittur. Þennan styrk má ekki miða við það, sem veitt er til bygginga á prestssetrum. Þau eru eldri og færri en barnakensluhjeruðin, sem eru nýlega stofnuð og þar af leiðandi orðið að byggja frá grunni.

Mjer þótti meira gaman en gagn að hlusta á ræður hv. þm. um yfirsetukonurnar. Jeg sje ekki vel, hvernig á að tryggja það, að þær verði fastar í sessi. Það er rjett, að það þarf að styrkja þær til námsins, en þó þeim væru settir skilmálar, þá mundi það verða svo, að þær samviskusamari mundu byrja, en svo máske vera farnar eftir 2—3 ár. Reynslan hefir sýnt, að slík skilyrði reynast ekki haldgóð. Margir hafa t. d. fengið styrk til utanfarar í ákveðnum tilgangi, með

settum skilyrðum, en á efndunum held jeg að hafi orðið hálfgerðar Hálfdanarheimtur. Það er ekki álitleg braut að tala um sparnað og láta hann lenda mest á þeim liðum, sem síst má án vera. Og jeg held nú, að líkur sjeu til, að því meira sem veitt væri til síma nú, því minna yrði af ýmsu ónauðsynlegu í fjáraukalögum næst. Því altaf er lögð áhersla á, að ekki verði afgangur af tekjunum.

Frsm. (Einar Árnason): Umr. getur að mestu verið lokið frá minni hálfu. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) tók margt fram af því, sem svara þurfti. Jeg vil þó minnast á fáein atriði. Það er þá fyrst aðstoðarlæknirinn á Ísafirði. Hæstv. forsrh. (SE) og allir læknar deildarinnar hafa tekið til máls um það og telja till. nefndarinnar varla frambærilegar. En það einkennilega er þó, að enginn hefir haldið því fram, að nokkur þörf sje á þessu aðstoðarlæknisembætti. Það virðist því bara eiga að halda starfinu til að geta launað manninn. En það er rangt að halda starfi á þennan hátt. Ætti því brtt. að ná samþykki. Jeg skal ekki dæma um það, hvort þessi læknir gæti fengið sjer dæmda þessa upphæð með lögsókn. Tel það þó vafasamt. Auðvitað ber honum engin skylda til að halda þessu starfi áfram launalaust. Enda skildist mjer á hæstv. forsrh., að hann mundi geta fengið annað embætti, þar sem hann væri orðinn reyndur og gamall læknir.

Þá eru símarnir. Hv. þm. Snæf. (HSt) tók harðast á nefndinni fyrir það, að hún hefði gengið fram hjá landssímastjóra og landsstjórn með till. sínar. En þetta eru engin undur. Það er þingið, sem ræður fjárveitingum til síma, en ekki landssímastjóri. Hitt er vitanlega sjálfsagt, að ef eitthvað á að framkvæma, þá á að leita ráða hjá þeim, er hafa eiga framkvæmdirnar á hendi; lengra nær þeirra valdsvið ekki. Fjvn. var því í sínum fulla rjetti, þó hún leitaði ekki ráða hjá landssímastjóra.

Þá talaði hv. þm. Snæf. (HSt) um, að engin hætta hefði verið að láta símana standa vegna þeirrar athugasemdar, sem fylgdi, að þeir yrðu ekki lagðir, ef ekki væri fje fyrir hendi. Nefndin vildi því bara sýnast með þessu. En jeg álít hitt ekki síður að sýnast, að hafa það í fjárlögum, sem engin von er um, að verði hægt að framkvæma. Fjvn. álítur, að ekkert sje unnið við það, þó þingmenn komi heim með þær fjaðrir í hatti sínum, sem eru einskis virði.

Sami hv. þm. (HSt) sagði, að ef kjördæmi frsm. hefði átt von á símalínu, þá hefði kveðið við annan tón. Mjer þótti vænt um, að hv. þm. sagði þetta, því það gefur mjer tækifæri til að minna á það, að fyrirhugaðar símalagningar í Eyjafirði eru komnar inn í símalögin. Þetta hjerað hefir sama rjett og aðrir til síma, og er síst símaríkara en sumar aðrar bygðir, sem nú standa í frv. Innfjörðurinn hefir engan síma og ekki heldur Öxnadalur og Hörgárdalur í Eyjafjarðarsýslu. Enda tók jeg það fram í fjvn., að ef þessar línur stæðu, þá ætti líka að taka þessar línur í Eyjafirði upp. Jeg get svo að öðru leyti skírskotað til þess, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði um þetta atriði, og um það, sem hæstv. atvrh. (KlJ) sagði um rjettmæti þeirrar símalínu, sem nefndin leggur til að gangi fram.

Þá er 3. atriðið, sem er yfirsetukvennamálið. Hv. 6. landsk. þm. (IHB) hefir nú skýrt það mál svo vel, að jeg þarf lítið að fara út í það. Hvort 12 lærlingar á ári

er hæfileg tala eða ekki, skal jeg ekki dæma um. Má vera, að 12 sje of lág tala. En því, sem nefndin leggur til, að hámarksstyrkur sje 500 kr. til hverrar, vill hún slá föstu, og eins að þessi upphæð sje ekki áætlunarupphæð. Í landsreikningunum sjest, að sum árin hefir þessi upphæð komist upp í 10-20 þús. kr. Nefndin vill slá föstu, að kenslan standi í 6 mánuði, eins og gert er ráð fyrir í lögunum, þó það hafi í framkvæmdinni orðið 7 mánuðir. En 500 kr. í 6 mánuði er sem næst því að vera helmingi meiri styrkur en ráð er fyrir gert í lögunum, sem var 45 kr. á mánuði, eins og hæstv. forsrh. (SE) hefir skýrt frá.

Þá skal jeg í fám orðum minnast á brtt. einstakra þm., á þskj. 482, og skýra afstöðu nefndarinnar til þeirra.

Nefndin getur ekki fallist á 1. brtt. Hún vill ekki láta það koma fram, að dregið sje úr eftirliti með embættismönnum, nje að þeir geti komið við vanrækslu vegna eftirlitsleysis. Þetta er líka áætlunarupphæð, svo það skiftir ekki verulega máli, hvort henni er breytt eða ekki.

Þá er 2. og 3. till. á sama þskj. Nefndin hefir á hvoruga þeirra getað fallist. Þessar sveitir hafa fengið síma, og álítur nefndin, að þær eigi ekkert erfiðari aðstöðu til læknisvitjana en ýmsar aðrar sveitir landsins. Nefndin lítur jafnvel svo á, að þegar hafi verið of langt gengið í þessu efni. Vill nefndin taka það atriði til nánari athugunar til 3. umr. Ef þessir hreppar ættu að fá þennan styrk, þá gætu flestir hreppar landsins krafist hans með sama rjetti. (*HSt*: En þeir sem eru fyrir?). Nefndin vill gjarnan fækka þeim.

Þá er 4. brtt., frá hv. 2. þm. Rang. (G-Guðf) og hv. 2. þm. G.-K. (BK). Nefndin er meðmælt því, að hún verði samþykt.

Þá er 5. brtt., frá hv. 2. þm. S.-M. (S-HK). Nefndin hefir ekki treyst sjer til að mæla með svo háum styrk. En jeg get lofað fyrir hönd fjvn., að hún muni fylgja svo sem 1500 kr. styrk í þessu skyni, ef hv. þm. vill taka brtt. sína aftur við þessa umræðu.

ATKVGR. um 1.—14. gr.

1. gr. samþ. með 14 atkv.

2.—5. gr. samþ. í e. hlj.

6.—9. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 458,1 samþ. með 8:3 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Brtt. 458,2 samþ. með 9:2 atkv.

— 458,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 482,I feld með 8:2 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 482,II tekin aftur.

— 482,III tekin aftur.

— 458,4 feld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EÁ, GÓ, JJ.

nei: KE, SE, SHK, BK, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, JM, HSt.

Brtt. 458,5 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JJ, SHK, SJ, EÁ, G-Guðf.

nei: JóhJóh, JM, KE, SE, BK, GÓ HSt.

Brtt. 458,6 samþ. með 9:1 atkv.

— 458,7 samþ. með 9:4 atkv.

— 482,IV samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 458,8 feld með 8:4 atkv.

— 458,9 feld með 8:5 atkv.

— 458,10 samþ. með 8:3 atkv.

— 458,11 samþ. með 8:3 atkv.

— 458,12 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, EÁ, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, JJ.

nei: SHK, SJ, BK, GÓ, JM, KE, HSt.

Brtt. 458,13 feld með 7 : 6 atkv.
— 458,14 samþ. með 8 : 4 atkv.
— 458,15 tekin aftur.
— 458,16 feld með 7 : 7 atkv.
— 458,17 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 458,18 samþ. með 10 : 1 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 13 : 1 atkv.

Brtt. 458,19 samþ. með 9 : 1 atkv.
— 458,20 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 458,21 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 458,22 samþ. með 10 : 2 atkv.
— 458,23 samþ. með 9 : 3 atkv.
— 458,24 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 458,25 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 458,26 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 458,27 samþ. með 8 : 3 atkv.
— 458,28 feld með 8 : 6 atkv.
— 458,29 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 458,30 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 458,31 samþ. með 10 : 2 atkv.
— 458,32a samþ. í e. hlj.
— 458,32b samþ. í e. hlj.
— 458,33 samþ. án atkvgr.
— 458,34 samþ. í e. hlj.
— 482,V tekin aftur.
— 458,35 samþ. með 12 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Einar Árnason): Fjárveitinganefnd hefir gert nokkrar breytingar við þennan kafla fjárlaganna. Það er þá fyrst um handritaskrá Landsbókasafnsins. Nefndin leggur til, að styrkurinn sje hækkaður um 500 kr. Sá, sem hefir haft þetta verk á hendi, það er próf. Páll E. Ólason, hefir sýnt lofsverðan áhuga og dugnað við það starf. Nefndin vill því ekki, að hann leggi starfið frá sjer, þar sem ekki er völ á hæfari eða jafnhæfum manni í hans stað. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að laun aðstoðarkvenna við Þjóðmenjasafnið sjeu færð upp úr 1800 kr. í 2400 kr; þær eru nú 4, og myndu því fá 600 kr. hver. Það hefir komið til þingsins sjerstök málaleitun frá Bókasafni Austurlands, um að hækkaður yrði styrkurinn til kaupstaðabókasafna. Nefndin hefir viljað verða við þeirri beiðni, þar sem komið hefir í ljós, að Seyðisfjarðarkaupstaður og Múlasýslur ætla að leggja fram allríflega fjárupphæð í því skyni að koma þessu safni í betra horf. Það hefir ekki enn verið hægt að prenta skrá yfir safnið, en það mun kosta allmikið fje. Nefndin vill því mæla með, að styrkurinn til kaupstaðabókasafna verði hækkaður um 1000 kr., með sjerstöku tilliti til þess, að Bókasafn Austurlands hljóti hærri styrk en ella.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til Bókmentafjelagsins verði hækkaður um 1000 kr., til þess að það geti gefið út Íslenskt fornbrjefasafn; þó með því skilyrði, að það gefi út jafnóðum samskonar registur og fylgdi fyrsta bindi safnsins, því að án þess væri naumast hægt að notfæra sjer safnið.

40. brtt. ætlar nefndin að taka aftur, því að hún hefir fengið nýjar upplýsingar í málinu. Það er um Lög Íslands, og sjer nefndin ekki lengur ástæðu til að fella þann lið niður.

45. brtt. er um hækkun á styrk til Dansk-islandsk Samfund, úr 300 kr. upp í 1000 kr. Nefndinni virðist varla vansalaust fyrir þingið að hafa styrkinn svo lítinn sem í frv. stendur. Hins vegar hefir fjelagið sýnt, að það á skilið aðstoð og hjálp hjeðan, eftir því sem unt er, með því að gefa út ýmsar þarflegar bækur. Nefndinni hefir borist skrá yfir þær — þær eru 20 talsins — og vill hún, að reynt sje að hlynna að fjelagi þessu.

Styrkur til skálda og listamanna hefir lækkað töluvert. En það stafar af því, að nefndinni þótti rjett að taka Einar skáld Kvaran út af þeim lið og setja laun hans í 18. grein. Nefndinni virtist, að þessi viðurkendi rithöfundur, sem þegar er hníginn á efri ár, eigi skilið, að honum sje meiri sómi sýndur en verið hefir, með því að tryggja laun hans samkvæmt 18. gr.

Þá er brtt. um ferðastyrk til Bjarna Sæmundssonar, sem nefndin fann ekki ástæðu til að hafa minni en samskonar styrk til dr. Helga Jónssonar. Þá hefir nefndin lækkað styrkinn til Guðmundar Bárðarsonar um 500 kr., þar eð starfi hans er svo háttað, að hann verður að leggja á sig mikil ferðalög, og það kostar æríð fje, en hins vegar er vísindastarfsemi þessa manns svo merkileg í alla staði, að nefndin vill ekki setja fót fyrir það, að hennar geti notið sem best.

Þá vill nefndin mæla með því, að Jón Þorsteinsson frá Hofsstöðum fái styrk til að halda áfram íþróttanámi erlendis. Hann er maður áhugasamur og hefir hin bestu meðmæli um dugnað og atgervi. Hann dvelur nú í Danmörk, en býst við að fara víðar til að fullkomna sig í sinni grein, til Noregs, Svíþjóðar og jafnvel Finnlands. Sótti hann um 2500 kr. styrk, en nefndin sá sjer ekki fært að hafa hann hærri en 1500 kr. Þá er annar nýr liður, um 1500 kr. styrk til Markúsar Kristjánssonar píanóleikara, til framhaldsnáms. Hann hefir þegar unnið sjer mikið álit, en er kornungur, tæplega tvítugur. Hefir hann og notið tilsagnar hjá Páli Ísólfssyni og Árna Thorsteinsson, er ljúka upp einum munni um það, að hann sje snillingsefni.

Þá leggur nefndin til að skifta fjárhæð þeirri, sem verja skal til að kaupa grasasafn Stefáns heitins skólameistara þannig, að helmingurinn verði greiddur 1924, en svo komi síðari helmingurinn að sjálfsögðu í fjárlögin fyrir 1925. Nefndin þykist mega fullyrða, að þeir, sem hlut eiga hjer að máli, hafi ekkert á móti þessari skiftingu.

Nefndin hefir breytt einu orði í liðnum um að leitast fyrir um markað erlendis; í staðinn fyrir „fiskiafurðir“ komi: íslenskar afurðir. Nefndinni hefir fundist þörfin svo brýn að greiða fyrir sölu allra íslenskra afurða, að best væri, að upphæðin, sem veitt er í því skyni, kæmi öllum til góða. Það má vera, að upphæðin sje heldur lág, en nefndin sá þó ekki ástæðu til að hækka hana að svo komnu. Þá hefir nefndin numið burtu athugasemdina við styrkinn til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Hún vill sýna því fjelagi allan sóma og telur 10 þúsundir síst of mikið handa því til að vinna að þessu þarfa verki. Þó ætlast hún til, að 600 kr. af þeirri upphæð fari til handavinnuskólans á Akureyri. Nefndin vill líka viðurkenna starfsemi frk. Halldóru Bjarnadóttur, sem hefir mikið starfað að efling og útbreiðslu heimilisiðnaðar hjer á landi. Hún er ekki sjerstaklega ráðin hjá neinu heimilisiðnaðarfjelagi áfram, en er fús til að starfa að málinu, og því veitir nefndin henni 1000 kr. styrk til þess.

Þá hefir nefndin lagt til að hækka styrkinn til ábúandans í Fornahvammi um 300 kr. Henni hefir sem sje borist til eyrna, að það gæti legið við borð, að býlið legðist í eyði, þar sem það er svo afskekt og erfjóstrugt, en nauðsyn er, að bygð haldist þar vegna ferðamanna, og er frekari von á því, ef nokkur ríflegur styrkur yrði veittur. Hins vegar hefir meiri hl. nefndarinnar viljað fella niður styrkinn til ábúandans í Grísartungu, sem fór fram á

500 kr. styrk til húsabyggingar, svo að hann gæti hýst ferðamenn. Nefndin er ekki öll kunnug um þær slóðir, en jeg býst við, að meiri hlutinn byggi þessa skoðun sína á því, að þessi bær sje ekki svo langt frá öðrum bæjum, að sjerstök þörf sje fyrir þetta.

Eins og skýrt er frá í nál., hefir nefndin í samráði við stjórnina felt athugasemdina við laun húsagerðarmeistara niður. Annars býst jeg við, að hæstv. stjórn geri frekari grein fyrir þeirri breytingu.

Nefndin leggur til, að upphæðin, sem verja á til að gera Eyrarfoss laxgengan, falli niður. Hún vill engan dóm á það leggja, hvort það sje nauðsynlegt eða ekki, en henni finst hlutaðeigandi hjeraði ekki ofvaxið að hrinda þessu í framkvæmd, ef það er álitið mikilsvert.

Þá kem jeg að þeirri brtt. nefndarinnar, að fella niður styrkinn til sútunarhúss Sláturfjelagsins. Nefndin vill ekki leggja dóm á, hvort fyrirtækið er vert þess, að það sje styrkt, en henni finst mörg drög liggja til þess, að það sje felt niður. Í fyrsta lagi leyfir fjárhagur ríkisins það naumast, að styrkurinn sje veittur svona hár; í öðru lagi er spursmál, hvort hjer sje ekki í of mikið ráðist og hvort málið sje svo vel undirbúið, sem æskilegt væri. Því er ekki að neita, að gærur eða skinn þyrfti nauðsynlega að vera verðmeiri vara en nú er, og því er heldur ekki að neita, að reynslan hefir sýnt, að það er hægt að gera góða vöru úr gærunum; en það er ekki nægilegt. Fyrst er að tryggja markaðinn, og nefndinni finst hæpið, að ábyggilegur markaður sje enn fyrir hendi. Af þessum tilgreindu ástæðum þótti nefndinni rjett að fella liðinn niður.

Þá leggur nefndin til, að styrkurinn til viðurkenningar við Sæmund Sæmundsson sje hækkaður. Nefndin hefir fengið ábyggilegar upplýsingar um, hvílíkt sjerstaklegt snarræði og dugnað þessi maður hafi sýnt við að bjarga tveim skipshöfnum, 18 manns, frá druknun. Álit nefndarinnar er það, að þar sem hann eigi skilið, að viðurkenning sje honum sýnd, þá sami þingsinu varla að bjóða minna en það, sem hún stingur upp á, eða 1000 kr.

Um 57. brtt., um að sá liður falli niður, er það að segja, að nefndin hefir ákveðið að taka hana aftur til 3. umr. Brtt. um lendingarbót í Bás styðst við það, sem venjulegt er í þeim sökum.

Meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til, að Sigurði Magnússyni lækni væru veittar 500 kr. Það er talið, að hann hafi við mjög þröngan efnahag að búa, en ekki er mjer mikið um það kunnugt.

61. brtt. er aðeins orðabreyting, sem nefndin gerði til þess, að betur færi.

62. brtt., um áveitufjelag Þingbúa, er tekin aftur.

Þá get jeg tekið í einu lagi liðina 63.—67., því að um þá er hið sama að segja. Jeg tek það strax fram viðvíkjandi þessum liðum, að nefndin leggur ekkert kapp á, að þeir sjeu samþyktir, en þótti rjett, eins og komið var, að lánsheimildir þessar fjellu niður. Nefndin átti tal við stjórnina um, að hve miklu leyti mundi vera hægt að sinna lánveitingunum í 21. gr. Stjórnin sagði, að það mundi verða að litlu eða engu leyti hægt. Telur nefndin því óviðkunnanlegt að láta standa í fjárlögunum langa runu af lánsheimildum, sem aldrei koma til framkvæmda. Um 68. brtt. er það sama að segja, nema hvað það er ábyrgðarheimild, en nefndin lítur svo á, að slík heimild sje alt eins varhugaverð og lánsheimild. Þess vegna leggur hún til, að sá liður falli einnig niður, og

jafnframt er meiri hlutinn því fylgjandi, að lánsheimildin til Sláturfjelagsins til að koma upp sútunarhúsi falli niður.

Til þess að spara tímann, er rjett, að jeg minnist nokkrum orðum fyrir hönd nefndarinnar á þær aðrar brtt., sem komið hafa fram við þennan síðari hluta fjárlagafrv. Fyrst er 6. brtt., frá háttv. 2. þm. G.-K. (BK), um að hækka styrkinn til dr. Helga Pjeturss úr 4 þús. upp í 5 þús. kr. Jeg skal ekki segja annað um hana en að nefndin lætur þetta fara óbundið frá sinni hendi. Þá er 7. brtt., frá sama háttv. þm., um að hækka styrkinn til Goodtemplara úr 3 þús. upp í 10 þús. kr. Nefndin getur ekki fallist á þessa brtt., af sömu ástæðum og annars hafa ávalt vakað fyrir henni, sem sje, að fjárhagur ríkisins sje of örðugur til þess að standast slíkt.

Þá er brtt. frá háttv. 2. þm. S.-M. (SHK), sem nefndin hefir ekki tekið afstöðu til, og hefir því óbundin atkvæði.

Síðan er ein brtt. frá háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf), tillaga um ellistyrk. (*GGuðf*: Hún er tekin aftur). Það er gott.

Þá er aðeins ein eftir frá háttv. 2. þm. G-K. (BK) um, að Árna Jóhannssyni sjeu veittar 600 kr. fyrir langa og ötula starfsemi í þjónustu Landsbankans. Þessi maður hefir nú stöðu í Íslandsbanka, og er nefndinni ekki kunnugt um, að nauðsyn sje á þessum styrk, en óbundin er hún í atkvæðagreiðslu um þessa tillögu.

Þá eru allar brtt. upp taldar, sem liggja fyrir við þetta frv., og hefi jeg því ekki meiru við að bæta.

Forsætisráðherra (SE): Jeg skal aðeins minnast á 53. brtt. fjvn., og jafnframt þakka henni fyrir, að hún hefir lagt til, að athugasemdin um aukavinnu húsagerðarmeistara falli niður. Nd. gekk svo frá þessu, að ríkið skyldi eiga helming þess fjár, er hann fengi fyrir verk sín í þágu einstakra manna. Mjer finst sjálfsagt, að landssjóður fái borgun fyrir það, sem húsagerðarmeistari vinnur fyrir stofnanir og einstaka menn í vinnutíma sínum og eftir fyrirlagi stjórnarráðsins. En jeg skal geta þess í sambandi við það, að ekki er heimild til að launa aðstoðarmanni húsagerðarmeistara. Stjórnin hefir nú gengið inn á, að honum skyldi launað á þessu ári af fje því, sem ætlast er til, að verði tekið fyrir vinnu húsagerðarmeistara við Landsbankann. Vegna annríkis varð ekki án aðstoðarmannsins verið.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg get verið stuttorður. Háttv. fjvn. leggur til, að sú breyting sje gerð á meðferð þeirrar upphæðar, sem ætluð er í frv. til að grenslast eftir markaði á fiskiafurðum, að hún sje bundin við íslenskar afurðir yfirleitt. Jeg get fallist á það, að fjárveitingin sje bundin við afurðir alment, en þá álít jeg líka, að hækka þurfi liðinn, og vildi jeg skjóta því undir álit háttv. fjvn.

Þá er 55. brtt. fjvn., um að fella niður styrkinn til sútunarverksmiðju Sláturfjelags Suðurlands. Jeg átti kost á að ræða þetta við fjvn. á fundi hennar, og er jeg henni sammála um, að þetta geti þolað bið. Jeg geng út frá því, að þetta sje mjög merkilegt mál, en vegna þess, hvað kostnaðurinn er mikill, þá verður að láta það bíða, enda hægt að nota tímann til frekari undirbúnings.

Sama er að segja um ábyrgð fyrir sama fjelag, (brtt. 69).

Þá er jeg líka þakklátur háttv. nefnd fyrir þá röggsemi sína að skera niður lánsheimildir. Nd. gekk svo frá, að þar stóðu 16 slíkar lánsheimildir. En eins og útlitið er nú, þá er ekki nein von um, að

hægt verði að fullnægja slíkum lánsheimildum. Þetta var þm. líka ljóst. En það er alls ekki rjett að leika sjer með slíkt, því hlutaðeigandi menn eða fjelög sækja mjög fast að fá lánin. Og þó að það hafi verið tekið fram á þingi af hlutaðeigandi ráðherra, að ekki væri hægt að veita þessi lán, þá trúa þeir því ekki og álíta illgirni af stjórninni að veita þau ekki.

Nefndin hefir látið 4 fyrstu liði 21. gr. frv. standa, og er það rjett. Þá mun og 10. liður sömu gr. nauðsynlegur, eins og á stendur. Hinir liðirnir, sem nefndin hefir látið standa, eru máske nauðsynlegir. Jeg segi ekkert um það. En það er mikill vafi á því, að hægt verði að veita þau lán.

Um ábyrgðarheimildirnar get jeg sagt hið sama og háttv. frsm. (EÁ) sagði, að þær geta oft verið jafnvarhugaverðar og lánsheimildirnar. Þær valda líka stjórninni erfiðleikum, því ef hún álítur ekki þær baktryggingar nægar, sem menn koma með, þá er afsvar frá stjórnarinnar hálfu skoðað sem illgirni. Enn fremur getur verið vafi á því, hvort stjórnin á að taka gild veð einstakra manna. Jeg er því alveg sammála fjvn. um breytingar hennar við 21. og 22. gr.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 482, þess efnis, að dr. Helga Pjeturss verði veittur 5000 kr. styrkur, í staðinn fyrir 4000 kr., eins og verið hefir. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um fjárhag þessa mæta manns, og mun hann vera afarþröngur, sem ekki er að furða, þar sem hann hefir öll styrjaldarárin orðið að lifa á þessari upphæð með allþunga fjölskyldu, 3 börn og ráðskonu, án þess að fá nokkra dýrtíðaruppbót á þann styrk. Heima eru tvö af börnunum, elsta barnið, drengur, ekki vel hraustur, og stúlka, en aðra dóttur sína kostar hann við nám í Höfn. Það er kunnugt, að dr. Helgi Pjeturss er einn af lærðustu mönnum þessa lands sem jarðfræðingur og málamaður. Íslensku skrifar hann afburða vel, eftir því sem málfróðir menn segja, og hann leitast við í skrifum sínum að hafa sem best áhrif á hugarfar þjóðar sinnar, sem best má sjá af riti hans Nýal. Svo hefir þetta rit verið viðurkent, að minsta kosti að þessu leyti, að áskoranir liggja nú fyrir frá þjóðinni í þingmálafundargerðum að gera vel við þennan mann. Allir þekkja, hversu mikla vinnu þessi maður leggur á sig, og það þrátt fyrir það, að hann hefir stórlíðið af svefnleysi. Það má því nærri geta, hversu mikið á þann mann er lagt, sem hefir löngun til að starfa að örðugum viðfangsefnum, að njóta ekki nægilegs svefns, og hafa þar á ofan miklar áhyggjur út af því að komast ekki af fjárhagslega.

Jeg hygg, að ef þingið sjer nú ekki fært að láta þennan mann lifa neyðarlausu lífi, fjárhagslega sjeð, þá verði hann einn af þeim mönnum, sem þjóðin síðar iðrast eftir að hafa ekki hjálpað á meðan hjálpin var möguleg.

Jeg vonast því til, að háttv. deild samþykki brtt., enda hefir háttv. Nd. í fjáraukalögunum viðurkent þörfina.

Jeg kem þá að brtt. minni undir tölul. VII á þskj. 482, um að veita Goodtemplarafjelaginu 10 þús. kr. næsta ár. Var till. þessi feld í Nd. með litlum atkvæðamun. Jeg sje, að fleiri brtt. fara í sömu átt, en jeg held mjer þó við þessa.

Á síðasta þingi flutti jeg till. sama efnis, og var sú till. tekin til greina að nokkru leyti. Þá voru veittar 3000 kr., og við það stendur. Jeg lýsti því þá, hversu miklu góðu það fjelag hefði komið til leiðar frá því það var stofnað og fram að því að bannlögin voru samþykt. Að

það hefði haft svo mikil áhrif á hugi manna í landinu, að menn alment væru farnir að skammast sín fyrir að láta sjá sig ölvaða. Og drykkjuskapur var þá, að heita mátti, alveg úr sögunni.

Nú er hugsunarháttur manna breyttur, ekki síst ungra manna, og verður því að hefja nýja baráttu á mórölskum grundvelli gegn vínnautninni, en til þess þarf allmikið fje. Jeg gat þess þá, að þetta fjelag væri eitt af þeim sárfáu fjelögum, sem hefði unnið og starfað án tillits til eigin hagsmuna, aðeins með það fyrir augum að útrýma áfengisbölinu.

En flestir meðlimir reglunnar munu vera fremur fátækir. Reglan þarf því verulegs stuðnings við. Eins og jeg tók fram þá, þarf enginn að óttast, að reglan beiti sjer nú fyrir áhrifum á löggjöf landsins, eins og komið er. Reglan hefir sýnt svo mikla stillingu í svo viðkvæmu máli eins og Spánarmálið var, enda eru aðalleiðendur hennar nú viðurkendir ágætismenn.

Jeg vænti því þess, að háttv. deild fallist á tillöguna.

Þá er það ein brtt. nefndarinnar, sem jeg þarf að minnast á. Hún er við 21. gr. 11, um að fella niður lánsheimildina til Jóns G. Ólafssonar. Þeirri till. er jeg mjög mótfallinn. Þessi maður er stýrimaður á Borg og hefir gert ýmsar merkar uppgötvanir, og fyrir 2 þeirra hefir hann sótt um einkaleyfi í Þýskalandi. Getur hann fengið einkaleyfi þetta eftir dálítinn undirbúning í þrennu lagi. Önnur aðaluppgötvunin er gangráður í gufuvjel. Hin er aflvjel, sem stækka má og minka eftir þörfum og nota má sem eimvjel og í stað vatnstúrbínu og dælu. Nú þarf hann að fá einkaleyfi í helstu löndunum, svo sem Englandi og Bandaríkjunum, svo að hann geti haft full not af uppgötvun sinni, og kostar það 10 þús. kr. Auk þess verður hann að láta smíða sýnishorn af þessum áhöldum. Einkaleyfisstofan hefir farið lofsamlegum orðum um uppgötvanir þessar.

„Praktisku" notin af þessum uppgötvunum geta orðið mikil. Fyrst er það nú heiðurinn fyrir Ísland, að eiga slíkan uppgötvara, og svo fje, sem kemur inn í landið. Slík einkaleyfi eru oft seld háu verði, stundum svo miljónum skiftir. Er því ekki lítið varið í að tryggja uppgötvaranum, og þá um leið landinu, þetta fje. Að öðrum kosti mundi þessi maður verða að snúa sjer til erlendra fjárgróðamanna og missa megnið af arðinum.

Jeg vil því mælast til, að hin hv. fjvn. vildi fresta atkvgr. um þessa till. og taka þetta mál til nýrrar yfirvegunar til 3. umr. Jeg er þakklátur hv. fjvn. fyrir, að hún hefir tekið vel till. um styrkinn til Sigvalda Kaldalóns læknis.

Loks á jeg brtt. á þskj. 482, þar sem farið er fram á að veita Árna Jóhannssyni bankaritara dálítil eftirlaun fyrir þjónustu hans í Landsbankanum um 10 ára skeið, þar af eitthvað 2 ár sem bankastjóri við útibúið á Eskifirði. Farið er fram á 600 kr. á ári, en dýrtíðaruppbót slept, af því hann hefir fengið stöðu annarsstaðar.

Hann sótti um þessa þóknun til bankastjórnarinnar, en hún vísaði til þingsins, eins og vonlegt var.

Hr. Árni segist hafa sagt upp útibússtöðunni vegna vanheilsu. Jeg get gefið þessum manni þann vitnisburð, að hann var annar hæfasti maðurinn á meðal starfsmanna bankans, sem þar voru í minni tíð; með afbrigðum iðinn og skyldurækinn maður, sjerstaklega verkhagur á alla bókfærslu og fyrirkomulag hennar. Jeg tel því bankanum mikinn skaða að hafa mist þennan mann. Hann hefir bestu

endurskoðunarhæfileika, og ætti því að vera sjálfkjörinn endurskoðandi þar, sem opinberrar enduskoðunar þarf við, t. d. í sparisjóðum og bönkum.

Þá vildi jeg aðeins minnast á Eyrarfoss, sem hv. fjvn. vill láta fella út úr frv. En jeg held, að það sje ekki rjett og að hv. fjvn. ætti að athuga þetta betur. Eyrarfoss er í á, sem rennur fram með Vatnaskógi, sem er eign landsins. Ef lax gæti gengið svo langt upp eftir ánni, fengi landssjóður það máske endurborgað aftur, fyrir veiðileyfi, sem hann legði til þessarar framkvæmdar.

Karl Einarsson: Jeg á hjer brtt. um að hækka tillagið til björgunar- og eftirlitsskipsins Þórs, úr 20 þús. kr. í 30 þús. kr. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa tillögu. Háttv. deildarmönnum er málið kunnugt frá fyrri þingum. Aðeins má geta þess, að ekkert útlit er til þess, að útgerð skipsins verði ódýrari en í fyrra, og þá var hún svo dýr, að fjárveitingarnar hrukku varla til. Í fyrra voru veittar 30 þús. kr. úr landssjóði og 40 þús. kr. úr bæjarsjóði Vestmannaeyja. Stjórnin tók skipið á leigu um 2 mánuði til eftirlits með síldveiðaskipum, og var að því óbeinn hagur fyrir útgerð skipsins, því yfirmenn þess eru fastráðnir yfir alt árið, og er því tap að því að láta þá vera aðgerðalausa. Vestmannaeyingar hafa lagt talsvert á sig til þess að geta keypt þetta skip og rekið það, og höfðu þeir alls lagt fram um 516 þús. kr. í árslok í hitt eð fyrra í þessu skyni. Nú eru veittar 40 þús. kr. úr bæjarsjóði, eins og í fyrra, og jeg vona, að landssjóðstillagið verði eins og þá, 30 þús. kr. Þessi háttv. deild hefir altaf skilið nauðsyn þessa máls, eins og þingið í heild sinni, og tekið því vel, og eins vona jeg, að verði í þetta skifti.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg ætla að lýsa því yfir, að jeg tek till. mína á þskj. 482 aftur að sinni, en það getur verið, að hún komi fram seinna. Þá vil jeg geta þess, að jeg felli mig ekki við brtt. nefndarinnar um að fella burt ábyrgðarheimildina til Sláturfjelags Suðurlands. Jeg veit, að fje er ekki fyrir hendi, en jeg sje ekki betur en að munur sje á ábyrgð og láni, og gæti því heimildin komið að fullum notum. Jeg mun því greiða atkvæði á móti till.

Guðmundur Ólafsson: Mjer skildist það á háttv. frsm. (EÁ), að hann tæki aftur till. við 16. lið 15. gr., en jeg leyfi mjer að taka hana upp. Það er sparnaður að henni og það gerir ekkert til, þó að þetta verk dragist eitthvað. Jafnvel betra, að nýjustu lögin sjeu ekki tekin upp í þetta verk þegar, því að þau verða fyrir mestum breytingum. Jeg vil ekki kosta fleiri orðum upp á þetta. Það hefir lítið að þýða, því að sparnaður virðist ekki eiga upp á háborðið hjer í þessari háttv. deild.

Sigurður Jónsson: Jeg ætla aðeins að tala um eina brtt. nefndarinnar, styrkinn til Halldóru Bjarnadóttur. Nd. ákvað hann 2. þús. kr., en nefndin hjer aðeins 1 þús. kr. Þetta tel jeg misráðið. Það skiftir ekki máli, þó að konan veiti engum skóla forstöðu sem stendur, því hún vinnur heimilisiðnaðarmálinu eins mikið gagn með hvatningum sínum og námsskeiðum.

Þá vil jeg styðja brtt. um hækkun á styrk til dr. Helga Pjeturss. Jeg tel það ekki sæmilegt að veita honum ekki svo mikinn styrk, að hann geti lifað sómasamlegu lífi fyrir hann. Íslenskri tungu verður um aldur sómi og styrkur að stíl hans og ritgerðum að minsta kosti.

ATKVGR. um 15.—24. gr.

Brtt. 458,36 samþ. með 8:3 atkv.

— 458,37 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JJ, KE, SJ, BK, EÁ, GGuðf, HSn, IHB.

nei: JM, SE, SHK, GÓ, HSt.

Brtt. 458,38 samþ. með 11:1 atkv.

— 458,39 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JJ, KE, SJ, EÁ, HSn, IHB.

nei: JM, SE, SHK, BK, GGuðf, GÓ, HSt.

Brtt. 458,40 tekin aftur, en tekin upp af 1. þm. Húnv. (GÓ) og feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, SHK, SJ, BK, EÁ, GGuðf.

nei: HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, KE, SE, HSt.

Brtt. 458,41 samþ. með 8:2 atkv.

— 458,42 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 458,43 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 458,44 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 482,VI samþ. með 8:4 atkv.

— 458,45 samþ. með 8:4 atkv.

— 458,46 samþ. með 8:4 atkv.

— 482,VII feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, KE, SE, SHK, BK.

nei: GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JJ, SJ, EÁ, GGuðf, HSt.

Brtt. 482,VIII samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, KE, SE, SHK, SJ, BK.

nei: EÁ, GGuðf, HSt.

Brtt. 458,47 samþ. með 12 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 458,48 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 458,49 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, JJ.

nei: GÓ, JM, KE, SE, SHK, SJ, BK, HSt.

Brtt. 458,50 tekin aftur.

— 458,51 samþ. með 10 shlj. atkv.

458,52 samþ. með 8:2 atkv.

— 458,53 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 458,54 samþ. með 8:3 atkv.

— 482,IX samþ. með 9:4 atkv.

— 458,55 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SHK, SJ, BK, EÁ, IHB, JóhJóh, JM, JJ.

nei: KE, GGuðf, GÓ, HSn, HSt.

Brtt. 458,56 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 458,57 tekin aftur.

— 458,58 samþ. með 10:3 atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 458,59 samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, SE, SHK, SJ, BK, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ.

nei: EÁ, GÓ.

Brtt. 458,60 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 458,61 samþ. án atkvgr.

— 482,X tekin aftur.

18. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

19. gr. samþ. með 14 atkv.

20. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar öðrum greinum frv., samþ í e. hlj.

Brtt. 458,62 tekin aftur.
— 458,63 samþ. með 8:2 atkv.
— 458,64 samþ. með 8:6 atkv.
— 458,65 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 458,66 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 458,67 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IHB, JóhJóh, JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, HSn.
nei: JM, KE, SHK, BK, GGuðf, HSt.
21. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 458,68 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 458,69 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SHK, SJ, BK, EÁ, IHB, JóhJóh, JM.
nei: KE, GGuðf, GÓ, HSn, JJ, HSt.
Brtt. 458,70 samþ. í e. hlj.
22. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 482,XI feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KE, SHK, SJ, BK, HSt.
nei: JóhJóh, JM, JJ, SE, EÁ, GGuðf, GÓ, HSn, IHB.
23. gr., óbreytt, samþ. með 13 shlj atkv.
24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 499, 519, 535).

Frsm. Einar Árnason): Jeg þarf ekki fyrir hönd nefndarinnar að tala lengi um þetta mál að svo komnu. Brtt. þær, sem nefndin flytur, eru hvorki margar nje stórvægilegar. Fyrsta brtt. nefndarinnar er um aðstoðarlækninn á Ísafirði, sem, eins og hv. deild rekur sjálfsagt minni til, hefir verið hjer áður til umræðu. Þá var borin fram brtt. um að afnema þetta embætti, en aðrir andmæltu því og sögðu, að þetta væri lögfest starf, sem ekki yrði lagt niður án þess að maðurinn, er því gegndi, fengi eftir sem áður sína þóknun. Nefndin gat þó ekki fallist á þessar skoðanir og ber því fram þessa brtt., sem fer fram á, að þessum aðstoðarlækni sjeu greidd laun eftir hinum upphaflegu lögum, eða 800 kr., er með dýrtíðaruppbót verður 1280 kr. á ári. Nefndin byggir þessa till. sína aðallega á því, að embætti þetta sje óþarft, og eftir þeirri reglu, að láta ríkissjóð aldrei greiða fje til ónauðsynlegra starfa.

2. brtt. er aðeins örlítil athugasemd, sem skýrir sig sjálf, enda er hún í samræmi við þá athugasemd, er stendur við liðinn um símalagningar.

Þá er brtt. um lendingarbót í Bás, sem byggist á því, að við nánari upplýsingar hefir nefndin fengið vitneskju um, að hjer sje aðallega um vegabót að ræða; það þarf sem sje að ryðja veg yfir stórgrýtisurð til þess að komast að og frá lendingunni. Af þessum ástæðum vill nefndin færa þennan lið undir þá grein fjárlaganna, sem fjallar um vegalagningar, og telur það nánast heyra til sýsluvegum. Hún leggur því til, að helmingur kostnaðar sje greiddur úr ríkissjóði.

Nefndin hefir ekki getað fallist á að greiða Árna Th. Pjeturssyni 500 kr. á ári hverju, þangað til stjórnin getur útvegað honum hið gamla starf hans eða annað álíka; hún kýs heldur að hafa upphæðina í eitt skifti fyrir öll 1200 kr. Þá leyfir nefndin sjer að bera fram brtt. um styrk til hljóðfæraskólans, sem stofnaður var hjer í Reykjavík á síðastliðnu hausti. Hann sótti um 5000 kr. styrk, en nefndin

treysti sjer ekki til að fara svo langt. Hún hefir sett 1200 kr. Það er að vísu alllítið, en mun þó nægja upp í húsaleigu að minsta kosti. Í þessu sambandi finst mjer rjett að geta gjafasjóðs Guðjóns heitins Sigurðssonar, sem ætlaður var til styrktar hljóðfærasveitinni í bænum. Nú hefir það komið í ljós, að það er ómögulegt fyrir skólann að fá styrk úr þessum sjóði, vegna þess, að skipulagsskrá hans leyfir það ekki. Mjer finst því ekki úr vegi, að skipulagsskráin sje athuguð og breytt í það horf, að skólinn geti notið styrks úr sjóðnum.

Nefndin hefir borið fram litla brtt. við liðinn um fjárveitinguna, sem ætluð er Þórarni fiðluleikara Guðmundssyni til að veita utanbæjarpiltum ókeypis tilsögn í fiðluspili. Sú brtt. fer fram á, að kennaraefni gangi fyrir öðrum umsækjendum um tilsögn í fiðluleik. Það er nú svo, að söngur er kendur við ýmsa barnaskóla úti um land, og væri því kennaraefnum hagkvæmt að geta fengið þarna ofurlitla undirstöðumentun. Í sambandi við þetta vil jeg minnast á brtt. frá hv. 2. þm. G.-K. (BK), þar sem hann vill orða brtt. nefndarinnar lítið eitt öðruvísi, sem sje, að kennaraefni skuli sitja fyrir, er hann tekur nýja nemendur. Þetta liggur í raun og veru í brtt. nefndarinnar, enda ætlast hún ekki til þess, að þeir, sem þegar eru byrjaðir á náminu og ætla að halda áfram, væru látnir víkja. Annars getur vel verið, að þessi brtt. sje skýrari en brtt. nefndarinnar. Báðar segja í raun og veru það sama, og nefndin amast ekkert við þessari brtt. hv. þm.

Þá er brtt. um launaupphæð ullarmatsmanna og kjötmatsmanna. Það er aðeins leiðrjetting: hafði verið reiknað skakt út, og þarf jeg ekkert um það frekara að segja.

Viðvíkjandi byggingu Siglufjarðarbryggju vill nefndin, að landsstjórnin hafi verkfræðilegt eftirlit með því, að verkið sje vel af hendi leyst. Það er gert til varúðar, þar sem svo mörg hafnarvirki hjer hafa reynst ótraust.

Þá er ein brtt. eftir, á þskj. 535,IV, um sjúkrastyrk til Elínar Sigurðardóttur, 1000 kr. Þessi kona er í fjáraukalögunum með styrk í þessu skyni, og lítur nefndin svo á, að ef Alþingi vill hjálpa þessari konu í veikindum hennar, þá megi það ekki kippa að sjer hendinni of fljótt. Það er engin von á því, að hún geti náð verulega góðum bata úr þessu, en þó er von um nokkurn bata, ef hún getur átt þolanlega daga. Um 20 ár hefir hún verið berklaveik, en starfað þó af og til að póstafgreiðslu og barnakenslu af mesta dugnaði. Nú er hún sem stendur á Franska spítalanum, og þar er árskostnaðurinn alveg geysilegur. Er það nú ósk hennar að geta komist af spítalanum, enda segja læknar, að hún megi það, ef hún getur fengið samastað, þar sem hún geti átt þolanlega daga og þurfi lítið á sig að reyna fyrst um sinn. Nefndin mælir eindregið með, að styrkurinn verði veittur henni, svo að hún geti fengið sæmilegt húsnæði úti í bænum.

Nú held jeg, að jeg hafi minst á þær brtt., sem mestu máli skifta, en jeg sje ekki ástæðu til að fara út í brtt. einstakra þingmanna, fyr en þeir hafa fært rök fyrir þeim og gefið mjer ástæðu til að minnast á þær.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ætla fyrst að leyfa mjer að minnast á II. brtt. á þskj. 519, frá fjvn. Jeg hygg, að þó að sú brtt. yrði ekki samþykt, þá ætti aðstoðarlæknirinn samt heimtingu á 800 kr. Ann-

ars er sama um þetta mál að segja nú og jeg tók fram við 2. umr., að jeg tel illa farið með þennan mann, sem hefir notið styrks þessa í fjárlögum um mörg ár og hefir enga ástæðu haft til að ætla, að hann yrði sviftur honum.

Jeg get fallist á viðbótina frá hv. fjvn. um spítalann á Ísafirði.

Þá er brtt. frá mjer á sama þskj., III. liður, til að styrkja lækni til augnlækninganáms erlendis, 2000 kr., eftir tillögum landlæknis. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að ótrygt þykir að hafa aðeins einn augnlækni í landinu. Bæði er það, að augnlæknir sá, sem nú er, þarf að fara í ferðalög um land alt á ári hverju, og er þá enginn hjer, sem gegnt gæti störfum hans, hvað sem fyrir kæmi, og svo getur altaf komið fyrir, að þessi eini maður veikist, og er þá vont að vera læknislaus. Þetta ástand er óverjandi, og það því fremur, sem fleiri en einn og fleiri en tveir ágætis læknar munu fúsir að nema þessa sjerfræðigrein, ef þeir fá til þess nokkurn styrk. En vitanlega mun stjórnin gæta þess, að einungis sjerlega vel hæfur maður kæmi til greina.

V. liður 1 á sama þskj. heyrir að vísu ekki sjerstaklega undir mitt embætti. En af því, að jeg er kunnugur í Vík, þá vil jeg lýsa ánægju minni á því, að till. þessi er fram komin. „Bás" er þrautalending þeirra Víkverja, en eins og hv. frsm. (JÁ) tók rjettilega fram, þá er illmögulegt að komast að lendingunni sakir grjóts og urðar, og því nálega ógerningur að koma varningi þaðan. Er því sjálfsagt að samþykkja þessa till.

Björn Kristjánsson: Það eru nokkrar brtt. á þskj. 535, sem jeg vildi segja fáein orð um. Fyrst er till. um að veita Þorgrími lækni Þórðarsyni í Keflavík styrk til að halda aðstoðarlækni yfir vertíðina, 400 krónur. Þessi maður hefir nú starfað sem læknir í 39 ár, og er því orðinn lúinn, enda þótt hann sje heill heilsu. Íbúar í læknishjeraði hans eru að jafnaði um 2600, en á vertíðinni streymir þangað fjöldi fólks, og mun sanni nær, að þá sjeu þar eigi færri en 4000. Auk þess koma þar oft skip, einkum fiskiskip, sem læknir þarf að líta eftir.

Þessi læknir hefir sagt mjer, að síðasliðin 7 ár hafi hann haft aðstoðarlækni yfir vertíðina fyrst, en nú mun hann hafa aðstoðarlækni að staðaldri. Þykir mjer því sanngjarnt, að hann fái hjeðan af svo sem 400 kr. árlegan styrk. Að vísu gæti hann sagt af sjer, en ekki yrði ríkissjóði það kostnaðarminna.

Háttv. fjvn. Nd. lagði til, að hann fengi þennan styrk, en það var felt í þeirri hv. deild, en ekki man jeg með hve miklum atkvæðamun. Vænti jeg þess, að þessi hv. deild sýni þessum embættismanni þá kurteisi, því það er ekki nema kurteisi að styrkja hann að þessu leyti þennan tíma, sem hann kann að sitja í embætti enn þá.

Þá er till. mín og háttv. 6. landsk. (IHB) um að veita Sesselju Ólafsdóttur ljósmóður 2000 kr. í viðurkenningarskyni í eitt skifti fyrir öll.

Hún hefir sótt um eftirlaun, en vegna þess að ekki virðist kleift að innleiða þá venju, að ljósmæður fái eftirlaun, þá fórum við þessa leið. Þessi kona hefir gegnt ljósmóðurstarfi í 37 ár og jafnan með ötulleik og samviskusemi. Um 17 ár var hún á Vatnsleysuströndinni, og mun sennilega hafa verið skipuð þar, en síðan í Reykjavík. Votta þeir læknarnir Þórður Thoroddsen, landlæknir og Jón Hj. Sigurðsson hjeraðslæknir hjer í bænum um starfsemi hennar og bera henni allir hið besta orð. Þess má og geta, að auk ljós-

móðurstarfsins hefir hún af mikilli alúð lagt stund á hjúkrun, og segir Jón Hj. Sigurðsson, að sjer sje sjerstaklega minnisstætt, hversu mikla ósjerhlífni hún hafi sýnt haustið 1918, þegar „spánska pestin" geisaði hjer og hún stóð ein uppi af öllum ljósmæðrum bæjarins. Og þar sem þessi kona hefir eigi síður unnið hjá efnalitlu fólki en efnuðu, þá má nærri geta, að hún hefir oft ekki borið mikil laun úr býtum. Nú er hún hálfsjötug að aldri og útslitin.

Vænti jeg því þess, að háttv. deild taki vel þessari málaleitun, og það því fremur, sem fyrir nokkrum árum var veitt svipuð upphæð í sama skyni.

Um aths. við styrkinn til Þórarins Guðmundssonar þarf jeg ekki að fjölyrða, enda hefir háttv. frsm. (EÁ) fallist á hana. Það er vitanlega ekki tilætlunin, að hann hætti að kenna þeim, sem hann nú kennir.

Annars get jeg gefið þær upplýsingar um núverandi nemendur hans, að einn þeirra er af kennaraskólanum, annar af samvinnuskólanum og hinir hafa flestir komið hingað til bæjarins í því skyni einu að læra hjá honum Segir Þórarinn, að sumir þeirra hafi ágæta hæfileika og sjeu miklu næmari en alment gerist.

Þá vil jeg minnast á eina brtt. háttv. fjvn., þá að veita Árna Theódór Pjeturssyni 1200 kr. í eitt skifti fyrir öll, í stað 500 kr. árlega, nema honum sje veitt svipað embætti, eins og nú stendur í frv. Eins og menn muna, var mál þetta til meðferðar á síðasta þingi og hefir stjórnin látið rannsaka það. Hefir ekkert það sannast í málinu, sem gæfi ástæðu til að svifta mann þennan kennaraembætti því, sem hann hefir gegnt í um 30 ár. Er og auðsætt, að háttv. Nd. hefir litið svo á mál þetta, að hann hefði ekki það til saka unnið, að ástæða væri til að svifta hann lífsstöðu sinni.

Annars hefir það komið í ljós, að sumum mönnum er yfirleitt ljett um að svifta menn lífsstöðu þeirra, án þess að þeim væri nokkuð rjettmætt til saka fundið. Hefir slíkt ágerst í þjóðfjelagi voru í seinni tíð.

Jeg mæli eindregið á móti þessari till., enda býst jeg við því, að liður þessi verði tekinn upp í Nd. aftur eins og sú hv. deild skildi við hann, ef hann verður feldur burtu hjer.

Jeg veit, að langar ræður gagna lítið, en vænti þess, að þessi háttv. deild sýni sanngirni í máli þessu.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg á eina brtt. á þskj. 519,I, sem jeg vildi segja nokkur orð um.

Jeg þykist vita, að öllum háttv. deildarmönnum sje kunnugt um það, að eitt af mörgu, er þeim fjelögum Árna Magnússyni prófessor og Páli lögmanni Vídalín var falið að inna af hendi, þá er þeir ferðuðust um landið til að semja jarðabókina miklu, var að taka manntal um land alt.

Þeir famkvæmdu manntal þetta árið 1703. Var það síðan sent út til Kaupmannahafnar og lá þar um langan tíma í Leyndarskjalasafninu og Ríkisskjalasafninu. Eldri fræðimönnum á 18. öld var kunnugt um manntal þetta og þeir hafa notað það, en síðan gleymdist það um hríð og er stutt síðan menn fóru að gefa því gaum aftur. En á síðustu árum hafa ættfræðingar og ýmsir áhugamenn í þeim efnum aðrir skrifað upp kafla úr því, sem þeim hafa mjög að haldi komið við rannsóknir sínar.

Í fyrra haust var manntal þetta ljeð hingað heim og er nú geymt í hagstofunni.

Þetta manntal er alveg einsdæmi, og á engin þjóð í heimi þess líka. Það er alveg fullkomin skrá yfir hvert mannsbarn á landinu með nafni, föðurnafni, aldri, stöðu á heimilinu, hvort viðkomandi er húsbóndi, húsmóðir, barn þeirra, hjú eða niðursetningur o. s. frv. Enn fremur er víða tilgreint framtal hjá hverjum bónda. Það er því auðsætt, hverja þýðingu manntal þetta hefir, eigi aðeins fyrir ættfræðina, heldur og fyrir sögu landsins í heild, og sjerstaklega fyrir hagfræðina.

Fyrst nú safn þetta er komið heim, þá er okkur ekki vansalaust að reyna ekki að koma því út, láta prenta það.

Auðvitað þyrftu, ef vel væri, að fylgja leiðbeiningar og athugasemdir sjerfróðra manna, en bæði yrði það mjög dýrt, og svo er það ekki beinlínis nauðsynlegt fyrst um sinn. Þegar manntalið er komið út, geta sagnfræðingar komið með allar sínar athugasemdir. Eftir manntali þessu má tengja ótal ættliði saman á marga vegu, þá, er menn áður voru í vafa um eða vissu ekkert um, því að manntalið er hreinasta gullnáma fyrir ættfræðina. En eins og áður var sagt, þá er ekki síður mikils vert fyrir hagfræðina, og yfirleitt sögu landsins, að fá manntalið gefið út.

Má þar meðal annars sjá, hversu mikið fje hver sveit lagði til ómagaframfæris í þá daga, og það var oft meira en lítið. Sem sagt, safn þetta er hið dýrmætasta, hvernig sem á það er litið.

Hjer er farið fram á litla fjárupphæð til að byrja með, en auðvitað verður að halda áfram fjárveitingum til útgáfunnar, ef byrjað verður á því. Mun ríkissjóði ljettara að styrkja þessa útgáfu smátt og smátt heldur en með stórum fjárframlögum í einu.

Jeg gæti lýst nauðsyn þessa máls og hversu mikla þýðingu það hefir enn betur en hjer er gert. Jeg læt þetta samt nægja og væri þess, að háttv. deildarmenn skilji, hvert gildi manntalið getur komið til að hafa, ef því verður komið út, og ljái styrk þessum hið besta fylgi.

Þá er önnur brtt., sem jeg ætlaði að minnast stuttlega á. Undir lið VIII á þskj. 519 er brtt. frá háttv. 2. þm. Rang. (G-Guðf). Mjer er að vísu ekki ljúft að mæla með auknum lánsheimildum, en þetta lán, sem hjer ræðir um, er óhjákvæmilegt að veita, verði nokkur tök á því. Holtavegurinn má heita ófær með öllu og hefir verið það í 2—3 ár, svo að það er blátt áfram brýn nauðsyn að endurbyggja hann hið allra fyrsta. Nú stendur svo á, að sýslumaður þeirra Rangæinga hefir leitað fyrir sjer um lán handa sýslunni í þessu skyni, en báðir bankarnir hjer hafa neitað, hvort sem um getuleysi þeirra eða vantraust þeirra á sýslunni er að ræða. Liggja fyrir skrifleg skilríki um neitunina frá báðum bönkunum.

Því er eigi annað sýnna en að landssjóður hljóti að hlaupa undir bagga með þessari sýslu, eins og hann hefir oft gert með Árnessýslu.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hefi litlu við það að bæta, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) hefir tekið fram um þá brtt. okkar að veita Sesselju Ólafsdóttur ljósmóður 2000 kr. í viðurkenningarskyni fyrir mikið og vel unnið starf. Mjer er ekki kunnugt um það, hvort hún hefir verið skipuð ljósmóðir hjer, en hitt veit jeg, að alt, sem hún hefir unnið að þessu starfi, hefir hún unnið með ósjerplægni og samviskusemi. Jeg ímynda mjer, að henni hefði veist auðvelt að fá yfirsetukvennaumdæmi, ef henni hefði verið það hugleikið; en hún kaus að vera hjer í bænum, til þess að geta betur komið börnum sínum til

menta. Hún bjó við mikla ómegð og hefir verið ekkja í fjöldamörg ár; og enn fremur hefir hún átt við sjúkdóma að stríða. Yngsta dóttir hennar hefir verið brjóstveik um 5—6 ára skeið, og hefir frú Sesselja, ásamt þeim börnum sínum, sem þess voru umkomin, kostað dvöl þessarar veiku stúlku bæði í Danmörku og í Sviss, í þeirri von, að henni mætti auðnast bati. Er mjer kunnugt um, að frú Sesselja hefir hleypt sjer í skuldir af þessum ástæðum.

Þá vænti jeg þess, að háttv. deild minnist ummæla læknanna um þessa mætu konu. Hjeraðslæknirinn í Reykjavík, Jón Hj. Sigurðsson, segir t. d., að hún hafi að mjög miklu leyti starfað meðal efnalítils fólks. Má því nærri geta, hvort hún muni ekki oft hafa starfað án endurgjalds. Ekki mun hún heldur hafa gengið ríkt eftir kaupi. Og þó að ánægjulegt sje að meðtaka góð orð og þakklæti fyrir vel unnið starf, þá verður slíkt altaf ljett í vasa.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú tekið fram, varð jeg vel við þeirri beiðni að gerast meðflm. þessarar till. og vil ljá henni mín bestu meðmæli, og vænti þess, að fleiri háttv. deildarmenn taki í sama streng.

Þessi kona hefir unnið til viðurkenningar, bæði af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur og Alþingis. En jeg býst við, að bæjarstjórnin verði sein til að launa það, sem vel er gert af frjálsum vilja, og vænti því, að hið háa Alþingi taki henni fram og sýni þessari merkiskonu verðskuldaða viðurkenningu í eitt skifti fyrir öll.

Jón Magnússon: Á þessari öld hefir verið rætt og ritað mikið hjer á landi um fræðslumál og unnið að því að koma þeim í það lag, er menn hugðu best. Hafa framkvæmdir í þessu efni verið miklar. Rjett eftir aldamótin, eða árið 1901, sótti Guðmundur Finnbogason, er þá hafði nýlega lokið embættisprófi í heimspeki, um styrk úr landssjóði til þess að kynna sjer uppeldis- og mentamál erlendis, í því skyni að afla sjer „svo víðtækrar þekkingar og svo margra upplýsinga, að á þeim mætti byggja skynsamlegar tillögur um nauðsynlegar endurbætur á uppeldi og mentun hinnar uppvaxandi kynslóðar“. Alþingi tók þessu erindi fegins hendi og veitti Guðmundi Finnbogasyni í þessu skyni 2000 kr. hvort árið 1902 og 1903, eftir tillögu fjárlaganefndar neðri deildar, „að því tilskildu, að hann á eftir leggi fram árangurinn af rannsóknum sínum og komi fram með ákveðnar tillögur um það fyrirkomulag á uppeldis- og mentamálum vorum, sem hann telur heppilegast“. Í fjárlögunum fyrir árin 1904—1905 voru hinum sama manni svo veittar 2200 kr. hvort árið, „til að kynna sjer alþýðufræðslu og mentunarástand hjer á landi“.

Árangurinn af þessum rannsóknum utanlands og innan — að því er barnafræðsluna snertir — kom svo fram með ástæðum og athugasemdum, sem Guðmundur Finnbogason sendi þáverandi ráðherra, Hannesi Hafstein, veturinn 1904—1905. Frumvarp þetta, breytt að vísu, en þó ekki verulega í aðalatriðum, lagði ráðherra fyrir þingið 1905, eftir að hafa borið það undir ýmsa menn í nánd við Reykjavík, sem fengist höfðu við alþýðufræðslu, þar á meðal kennarana við Flensborgarskólann í Hafnarfirði.

Á því þingi sætti frumvarpið mikilli rannsókn og athugun í efri deild, og samdi nefndin þar mjög ítarlegt nefndarálit.

Eins og tekið er fram í áliti hennar, voru helstu nýmæli frumvarpsins þessi:

Að heimta að börn 10 ára að aldri sjeu læs og skrifandi, og um leið að hækka nokkuð kröfur þær, er gerðar voru til fræðslu barna á fermingaraldri í þágildandi lögum,

að veita fræðslunni aðhald og eftirlit með því að lögbjóða árleg próf fyrir börn á 10—14 ára aldri,

að setja skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu, þar sem meðal annars væri ákveðið lágmark launa barnakennara,

að fela sjerstökum skólanefndum að sjá um og hafa eftirlit með barnafræðslu í hverjum hreppi og kaupstað um alt land,

að leggja yfirumsjónina með barnafræðslunni í hendur stjórnarráðsins, er hefði sjer til aðstoðar umsjónarmann, og

að koma á almennri skólaskyldu um alt land, bæði til sveita og í kaupstöðum, fyrir börn á 10—14 ára aldri.

Nefndin í Ed. og deildin sjálf fjelst á öll þessi nýmæli, nema hið síðasta. Var það talið skilyrði fyrir því að lögbjóða skólaskyldu, að unt sje um leið alstaðar að vísa á góða skóla, sæmilega úr garði gerða að kenslukröftum, húsrými og öllum útbúnaði, er geti tekið á móti öllum börnum á skólaaldri og veitt þeim fræðslu nógu langan tíma á hverju ári. — Þetta var þá talið eiga langt í land. Nefnd Ed. kvað því ekki kominn tíma til að lögbjóða almenna skólaskyldu, síst til sveita, þar sem heimafræðslan væri þá enn, og yrði óefað um langan aldur, helsti grundvöllur alþýðumentunarinnar. Því var ákvæðið um skólaskylduna felt burtu, en í þess stað sett ákvæði um fræðslusamþyktir í hjeruðum.

Neðri deild fjelst á þessa breytingu á frumvarpinu, ekki af því, að því er virðist, að skólaskylduákvæðið í frumvarpinu væri ekki í sjálfu sjer talið rjett, heldur af hinu, að ekki væri sem stæði hægt að fá nóg af góðum kennurum, með því að ekki væri til neinn almennilegur kennaraskóli. Frumvarpið var svo felt í Nd. með rökstuddri dagskrá, og þess jafnframt óskað, að stjórnin legði málið fyrir næsta þing. En þingið veitti þá 2500 kr. á ári til umsjónar með fræðslumálum landsins. Var núverandi fræðslumálastjóri, þá skólastjóri við Flensborgarskólann, Jón Þórarinsson, fenginn til aðstoðar stjórninni við umsjónarstarf þetta.

Ráðherra, sem þá var enn Hannes Hafstein, lagði málið aftur fyrir Alþingi 1907, svo að segja óbreytt frá því, er það hafði verið lagt fyrir þingið 1905. Hafði milli þinga verið leitað álits hjeraðsfunda og sýslunefnda um málið. Þetta álit reyndist mjög á reiki og lítið á því að byggja, eins og ljóslega var sýnt fram á á þinginu. En nefndin í Nd. og deildin sjálf felst nú í einu hljóði á frumvarp stjórnarinnar, felst alveg á grundvöll þann, er frumvarpið er bygt á. Um það farast nefndinni þannig orð:

„Frumv. stjórnarinnar er bygt á þeirri grundvallarsetningu, að þjóðfjelaginu sje skylt að sjá um, að hvert einasta barn þjóðarinnar eigi kost á að njóta þeirrar mentunar, sem nauðsynleg er talin hverjum manni.

Í frumv. eru ákveðnar kröfur um kunnáttu barna, sem eru fullra 14 ára. En jafnframt því að gera þessar kröfur til einstaklinganna skyldar frv. þjóðfjelagið — sveitarsjóðina og landssjóð með vissum skilyrðum — til þess að styðja að því með fjárframlögum, að foreldrar og framfærendur barnanna geti fullnægt fræðslukröfunum".

„*Ekkert getur, að vorn áliti*", segir

nefndin enn fremur, *„verið sjálfsagðara nje sanngjarnara“*.

Ed. *segist* að vísu, eða nefndin þar, ekki hafa breytt áliti sínu frá 1905, en gengur þó *í rauninni* mjög langt til þess að mæta stjórninni og Nd. í aðaldeilumálinu, skóla skylda eða fræðslusamþyktir. Hún viðurkennir, að heimafræðslunni hafi hnignað, hefir ótrú auðsjáanlega á farkenslu og telur *„hið mesta óráð að lögbjóða skólaskyldu annarsstaðar en þar, sem vísa má börnunum á sæmilegan fastan skóla, er veiti þeim að minsta kosti 6 mánaða fræðslu á ári.“*

Nefndin þessi lagði það til, til samkomulags, að lögleiða skólaskyldu í kaupstöðum og þeim kauptúnum, er væru sjerstök hreppsfjelög, og enn fremur, með ákveðnum skilyrðum, í þorpum og hverfum, sem ekki sjeu sjerstök hreppsfjelög. Á þessum grundvelli, sem í rauninni var viðurkenning og að miklu framkvæmd á grundvelli stjórnarfrv., urðu svo sættir og frv. samþykt.

Á hinu sama þingi (1907) var stofnaður sjerstakur kennaraskóli í Reykjavík. Stjórnin bar fram málið um stofnun sjerstaks kennaraskóla, jafnframt barnafræðslufrumvarpinu 1905 og 1907, með því, að Hannes Hafstein var þeirrar skoðunar, og reyndar flestir, er um þessi mál fjölluðu, að ekki væri von um verulegar bætur á barnafræðslunni, nema aldir væru upp sæmilega mentaðir barnakennarar, sem flestir og sem fyrst, og að þessi tvö frumvörp yrðu því að fylgjast að og verða að lögum jafnhliða.

Fyrir Alþingi 1911 var af þáverandi ráðherra lagt fram frv. um breyting á barnafræðslunni, í þá átt að draga úr henni, en leggja meiri áherslu á ungmennafræðslu, með ungmennaskóla að minsta kosti í hverri sýslu. Frumvarp, er kom fram í Ed. um þetta, var felt þar með rökstuddri dagskrá. Síðan var í nokkur ár kyrt um barnafræðslulögin á þingi, eða þangað til 1917.

Neðri deild Alþingis 1917 skoraði á stjórnina að rannsaka uppeldismál og fræðslumál landsins, og fal stjórnin fræðslumálastjóra að rannsaka og athuga þetta mál í samráði við kennendur kennaraskólans. Það, sem Nd. meðal annars óskar spurt um, er það, „hvort eigi muni rjettara að láta skólaskyldu koma á menn 16—20 ára, en láta svo forelda og hjeruð sjá fyrir því, að börn hafi tilskilda þekkingu undir staðfestinguna, en landið kosti ekki annað við þá kenslu en eftirlit með prófum.“

Fræðslumálastjóri sendi fyrirspurnir um málið til allra skólanefnda, fræðslunefnda, presta, prófasta, kennara, margra prófdómenda og einstakra manna. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra manna er svöruðu (ca. 350), þeirra manna er helst höfðu fengist við fræðslumálin, fóru í þá átt, að ekki beri að breyta þeirri skipun, sem nú er um skólaskyldu á barnsaldri.

En það kom í ljós við þessa eftirgrenslan, að mjög mikið skorti á, að barnafræðslan væri í því lagi, sem vera þurfti; sjerstaklega er þetta víða kent bágbornum hag barnakennara, og þá jafnframt eða þar af leiðandi óhæfum kennurum.

Jeg var þá kenslumálaráðherra, og var mjer ljóst, að hjer var bent á galla, er bráðnauðsynlegt var úr að bæta. Launakjör kennara voru svo bágborin, víðast hvar, að engi von var til þess, að hæfir menn veldust í barnakennarastöðu, og þótt einhver nýtur maður kynni að leggja þetta fyrir sig um stund, þá mundi hann hverfa frá, ef hann ætti annars kost. Jeg tók því upp frumvarp um laun kennara, er kennarafjelag landsins hafði samið og

sent Alþingi 1917, og lagði fyrir Alþingi 1918. Voru kröfur kennarafjelagsins fyrir kennaranna hönd mjög hóflegar. Frumvarp þetta náði þó ekki fram að ganga á því þingi, en jeg lagði það aftur fyrir þingið 1919, og var það þá samþykt án verulegra breytinga. Alþingi viðurkendi þá, að hæfir barnakennarar væri aðalskilyrðið fyrir sæmilegri barnakenslu hjer sem annarsstaðar og að óhugsandi væri að fá hæfa menn til þess að gera barnakenslu að lífsstarfi sínu, nema þeir hefðu viðunanleg launakjör.

Alþingi hið sama ár, eða sjerstaklega Nd., krafðist enn frekari rannsóknar og athugunar á fræðslumálum landsins, og kvaddi ríkisstjórnin sjer til aðstoðar í þessum efnum þá prófessorana Guðmund Finnbogason og Sigurð Sivertsen. Þeir luku þessari rannsókn og komu fram með tillögur sínar, hinar síðustu um áramót 1921—1922, og hafa þær verið lagðar fyrir þingið flestar. Af skýrslu þessara manna sjest það, að það er svo langt frá því, að þeir, sem mest ætti að mega treysta á í þessu efni, vilji láta opinbera skyldukenslu á barnsaldri falla niður, þá sem nú er, að mikill hluti þeirra telur rjett, að hún byrjaði á enn yngra aldri. Þegar fræðslulögin, sem nú eru í gildi, voru á ferðinni í þinginu, þá var það, eins og áður er sagt, heimafræðslan, sem einstökum mönnum var svo hughaldið um. Þegar um aldamótin var það játað af þeim mönnum sjálfum, sem mest vildu á henni byggja, að heimafræðslunni væri víða orðið mjög ábótavant. Síðan hefir orðið sú breyting á högum þjóðarinnar, að það er hið mesta óvit að byggja barnafræðsluna á heimakenslu aðallega. Og þegar það er sagt, að barnakenslan sje svo ljeleg í skólunum, börnin læri ekkert, þá er það yfirleitt rangt. Hin íslenska þjóð stendur eflaust ekki að baki annara mentaðra þjóða í bóklegum fræðum. Öðru máli gegnir máske um verklega kunnáttu.

Á þinginu í fyrra var til meðferðar frumvarp um barnafræðsluna, bygt á rannsóknum þeirra prófessoranna Guðmundar Finnbogasonar og Sigurðar Sivertsens, og hafði jeg lagt það frv. fram. Það gerði mjög litlar breytingar á barnafræðslunni, gerði hana aðeins lítið eitt fyllri. Þessu frv. var ekki sint, en í stað þess samþykt frv., er dró heldur úr barnafræðslunni. Jeg var þá farinn af þinginu. Breytingin var að vísu ekki mikil í sjálfri sjer, en hún var að minni skoðun skaðleg. Hún markaði afturför, í stað þess að þangað til hafði barnafræðslunni þokað fram á veg. Þrátt fyrir það, þótt þetta óhapp vildi til í fyrra, þá hygg jeg nú, að óhætt sje að byggja á því, að skólafræðsla barna til fermingaraldurs sje komin á svo fastan fót, að henni verði ekki haggað, þrátt fyrir mjög vanhugsaðar árásir á hana. Og þetta verður enn fremur að hafa fyrir augum, er vjer erum að íhuga það, hvað ríkissjóður getur lagt af mörkum til mentamála, að ríkið getur ekki varpað af sjer þeirri byrði, er það hefir tekið á sig vegna barnafræðslunnar, heldur mun sú byrði fremur þyngjast. Það þýðir eflaust ekki hjeðan af að fara fram á það, að sveitarfjelögin skuli bera þessa byrði aðallega, eins og tíðkast í öðrum löndum.

Þá koma sjerskólarnir, sem eru og hafa verið ríkisskólar. Þeir verða það eflaust áfram allir eða sama sem allir: Háskólinn, hinn almenni mentaskóli, gagnfræðaskólinn á Akureyri, kennaraskólinn, stýrimannaskólinn, vjelstjóraskólinn, búnaðarskólarnir, daufdumbraskólinn og Eiðaskól-

inn. Enn má nefna yfirsetukvennaskólann. Þessum skólum verður ríkið eflaust að halda uppi, bæta og gera fullkomnari, eftir því sem efni leyfa. Þó held jeg, að vel mætti komast af með einn búnaðarskóla, en gera hann því betur úr garði. Búnaðarhættir eru ekki svo ólíkir hjer á landi, að ekki megi þess vegna hafa einn skóla, og samgöngur eru svo, að Norðlendingar og Austfirðingar gætu vel sótt skólann á Hvanneyri. Aftur á móti býst jeg við, að ekki verði komist hjá því að gera kvennaskólann í Reykjavík að ríkisskóla. Hann er hvort sem er kostaður svo að segja eingöngu af ríkinu. Hvernig fara ætti með Blönduósskólann, það skal jeg ekki um tala. Jeg ætla heldur ekki að tala verulega um húsmæðrafræðsluna. Jeg hefi ekki vel vit á því máli. Yfirleitt hygg jeg, að mentun karla og kvenna eigi að vera sú sama og fengin að mestu í samskólum; auðvitað þarf að vera einhver skóli eða einhverjir skólar fyrir konur sjerstaklega, en ekki nema fáir, mjög fáir. Meðan konur búa aðallega til mat og vinna fleira sjerstaklega að heimastörfum, þurfa þær að hafa tækifæri til að kynna sjer það, en það er mjög mikið efamál, hvort ríkið á að sjá fyrir því, nema að litlu leyti. Þá hygg jeg rjettast væri, að ríkið sæi um fræðslu í verslun, í einu bæði fyrir kaupmenn og samvinnumenn eða kaupfjelög, líklega helst í sambandi við háskólann. Þá geri jeg ráð fyrir því, að ríkið þurfi að sinna meir en gert hefir verið verklegri kenslu, annari en hinni sjerstöku kvennafræðslu.

Eins og á er vikið, hygg jeg, að ríkissjóður komist ekki undan því að sjá um þá fræðslu, er að framan er um getið, og þá kem jeg loks að efninu, því að þetta, er jeg hefi sagt, er í rauninni ekki annað en formáli, og skal jeg þá reyna að hafa því færri orð um aðalefni máls míns sem formálinn var lengri. En af því, er á eftir fer, mun það sjást, hvers vegna mjer varð svo skrafdrjúgt um barnafræðsluna. Það kom nefnilega til af því, að unglingafræðslan, eða hin almenna framhaldsfræðsla eftir barnafræðsluna, hefir svo sem kept við barnafræðsluna. Fyrir mínum augum er þá þetta aðalatriðið, eins og nú víkur við: Að hve miklu leyti getur ríkið tekið að sjer unglingafræðsluna?

Það var minst á það, að 1911 bar þáverandi ráðherra, Björn Jónsson, fram frumvarp um það að skifta á unglingafræðslu og barnafræðslu, þannig, að ríkið sæi sjerstaklega um unglingafræðsluna, en heimilin um barnafræðsluna. Þessi sama stefna hefir hvað eftir annað gægst upp með höfuðið á síðari árum, en jeg ætla samt ekki að orðlengja um þessa baráttu, ef svo mætti kalla, milli barnafræðslu og unglingafræðslu, því að jeg tel barnafræðsluna, þrátt fyrir víxlsporið í fyrra, komna á fastan fót.

Það, sem þá er um að ræða, er það, hvort og hvernig eigi að hafa unglingafræðslu eða ungmenna í viðbót við barnafræðsluna, með öðrum orðum framhaldsfræðslu. Að gera unglingafræðsluna að skyldunámi fyrir þá, sem ekki fara í sjerskóla, t. a. m. í 2—4 ár eftir 14 ára aldur, sem virðist hafa vakað fyrir sumum, það held jeg að varla sje fært, að minsta kosti ekki fyrst um sinn. Eflaust á að vera kostur á almennri framhaldsmentun fyrir þá, sem ekki ganga í sjerskóla. En það er eins og um svo margt annað hjá oss, það verður ekki gert alt í einu.

Mentamálanefndin, þeir prófessorarnir Guðmundur Finnbogason og Sigurður Sívertsen gerðu ráð fyrir framhaldsfræðslu, að lokinni barnafræðslu, í kvöldskólum, framhaldsbekkjum barnaskóla, í

tveggja ára unglingaskóla og í gagnfræðaskólunum tveim, í Reykjavík og á Akureyri. Nefndin ætlast til, að ríkið borgi að miklu leyti framhaldskensluna í kvöldskólum og framhaldsbekkjum barnaskóla, þ. e. í sama hlutfalli og barnafræðsluna. Gagnfræðaskólarnir eru algerlega ríkisskólar, en hina eiginlegu ungmennaskóla vill nefndin hafa 4 fyrir utan Eiðaskóla, einn fyrir Norðurland, annan fyrir Vestfirði og Strandasýslu, hinn þriðja fyrir Dalasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hinn fjórða fyrir hinn hluta Suðurlands. Gert var ráð fyrir, að skólinn væri stofnaður þegar helmingur stofnkostnaðar væri fenginn með samskotum í hverju ungmennaskólahjeraði. Síðan greiddi ríkið ¾ rekstrarkostnaðar. — Jeg lagði ekki fram á þinginu í fyrra frv. það, er nefndin hafði samið um ungmennaskólana, af því mjer virtist gerðar hjer of miklar kröfur til ríkissjóðs. En nú virðist mjer sem hyggilegra hefði verið að gera einhverja svipaða áætlun um þetta, sem nefndin lagði til. Hjer eru á ferðinni kröfur, sem ekki er auðvelt yfir að sjá, hverjar afleiðingar hafa.

Þegar jeg var að koma af stað Eiðaskólanum, hugsaði jeg mjer eitthvað svipaða skipun á unglingafræðslunni, þannig að komið væri upp álíka skóla og Eiðaskóla í hverjum fjórðungi, eða þá máske 5, eins og nefndin, og að ríkið greiddi allan kostnaðinn við þessa skóla, en aðra framhaldsfræðslu önnuðust kaupstaðir og sveitir á eigin kostnað eða einstakir menn. Eins og áður er sagt, hjelt jeg, að búnaðarskóli á Hólum mætti falla niður, og í staðinn mætti þá koma ungmennaskóli. Ef skóli yrði settur á Suðurlandsundirlendinu, þá finst mjer, að Flensborgarskólanum þyrfti að breyta að minsta kosti.

Hvernig sem annars kann að verða litið á ungmennafræðsluna, þá finst mjer, að þingið verði að gera sjer einhverja grein fyrir, hvað það ræðst í, ef það tekur hana sjer á herðar.

Hjer virðist mjer vera að opnast vegur til þess, að ríkið taki að sjer unglingaskóla í hverri sýslu, því að það þarf enginn að segja mjer, að ekki komi síðar kröfur um fje úr ríkissjóði til starfrækslu. Þetta ríður alveg í bága við fyrirætlanir um hjeraðsskóla, þ. e. skóla fyrir stærri hjeruð en eina sýslu. Jeg væri ekki að amast við þessum styrk út af fyrir sig, ef jeg ekki teldi, að hjer fylgdu á eftir kröfur í sömu átt, sem ómögulegt verður að neita. Auk þess virðist það dálítið undarlegt að veita mikið fje til þessa sýsluskóla, en verða að neita sjer um nauðsynleg hús handa Eiðaskóla, skóla sjálfs ríkisins, að jeg ekki tali um ýms önnur bráðnauðsynleg ríkisfyrirtæki. Dixi et liberavi animam meam.

En af því jeg veit, að það þýðir ekkert að halda brtt. áfram, þá tek jeg hana aftur.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg skal leyfa mjer að minnast lítilsháttar á fáeinar brtt. Það er þá fyrst á þskj. 519, II.1, frá fjvn., um aðstoðarlækninn á Ísafirði. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um það, að laun hans hafa upphaflega verið miðuð við ½ laun hjeraðslækna. Nú munu þau ekki nema svo miklu, þar sem laun hjeraðslæknisins eru nú 2500 kr., auk dýrtíðaruppbótar. Jeg verð því ekki með brtt. fjvn., tel það ekki sæmilegt. En í frv. mun vera miðað við hjer um bil ½ laun, og er það rjettara.

Þá er það brtt., sem jeg á á sama þskj., 519,VI., 2500 kr. til að byggja unglingaskóla í Vík. Þessi unglingaskóli er bú-

inn að starfa í mörg ár með ágætum (kenslukröftum og hefir haft húsnæði í barnaskóla kauptúnsins; en nú hefir orðið að tvískifta börnunum í barnaskólanum, svo að unglingaskólinn fær þar ekki lengur inni, og nú verður unglingaskólinn að leggjast niður. Er hugmyndin að byggja við barnaskólahúsið. — Háttv. þm. V.-Sk. (LH) hefir gert ráð fyrir því við mig, að þessi upphæð yrði 1/3 kostnaðar, og hefi jeg flutt þessa brtt. fyrir beiðni hans, jafnframt þeirri ástæðu, að jeg tel þetta mjög nauðsynlegt.

Þá er það brtt. VIII.1, á þskj. 519, 7000 kr. lán til Holtavegarins. Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir mælt svo vel með þessu láni, að jeg hefi þar engu við að bæta.

Þá er það 2. liður sömu brtt., 3000 kr. lán til ábúandans að Hlíðarenda, til að byggja. Jeg bar samskonar brtt. fram í fyrra, og get vísað til umsagnar minnar um hana þá. Þetta býli, sem er frægur staður, er endastöð fyrir marga ferðamenn, þá er fara inn á Þórsmörk. Umferð er mjög mikil, svo erfitt er um gistingu. Húsakynni eru lítil á Hlíðarenda; verður oft að búa um menn í lítilli stofu á flatsæng. Bóndinn á sjálfur jörðina, og myndi hann væntanlega geta veitt þá tryggingu fyrir láninu, er stjórnin tekur gilda. Jeg fór fram á styrk í fyrra, en nú lán, og vona jeg, að ríkissjóður sje eigi svo tæpt staddur, að honum sje um megn að verða við svona lítilli beiðni.

Þá hefi jeg á þskj. 335,II. farið fram á það, að Austur-Eyjafjallahreppi væru veittar 200 kr. til læknisvitjunar. Háttv. þm. Snæf. (HSt) hefir borið fram samskonar brtt., og vorum við einnig með þær við 2. umr. fjárlaganna, en þá tókum við þær aftur. Ástæðan til þess var sú, að háttv. fjvn. hafði góð orð um að athuga þær til 3. umr. ásamt fleirum styrkveitingum af sama tægi, sem þegar eru komnar inn í fjárlagafrv. Nú hefir nefndin ekki gert það, og verðum við því að líta svo á, að hún sje samþykk þessum till. okkar.

Við 2. umr. lagði háttv. fjvn. til, að fje til Sláturfjelags Suðurlands væri felt niður, vegna þess, að henni þótti málið ekki nægilega undirbúið. Nú hefi jeg ásamt 2 öðrum háttv. þm. flutt brtt. um, að þessir liðir yrðu teknir upp aftur, og er gert ráð fyrir, að það sje trygt, að nægur undirbúningur verði framkvæmdur, þar sem það er því skilyrði bundið, að „landsstjórnin hafi eftirlit með því, að fengin verði nægileg sjerfróð aðstoð við undirbúning og framkvæmd fyrirtækisins.“ Jeg vona, að allir sjái, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, og samþykki því þessa brtt.

Jónas Jónsson: Jeg á hjer nokkrar smávægilegar brtt., ýmist einn eða með fleirum. Steindór Björnsson, efnisvörður landssímans, hefir sótt um styrk til þingsins, til að bæta erfið kjör sín. En háttv. fjvn. hefir ekki sjeð það fært að taka upp þessa styrkbeiðni á þann hátt að breyta launalögunum, en mundi frekar vera tilleiðanleg að bæta úr, þar sem sjerstaklega stendur á. Till. fjvn. um símafólkið voru nú feldar í Ed., en þær till. voru ekki feldar af því, að laun fólksins yfirleitt væru svo há, heldur vegna þess fordæmis, sem gefið væri með þessu.

En deildin hefir nú samþykt að bæta öllu starfsfólkinu upp; þess vegna hefi jeg komið með þessa till., að jeg býst við, að háttv. deildarmönnum þyki eigi

minni ástæða til að bæta úr þörfinni þar, sem hún er brýnust. Steindór Björnsson hefir um allmörg ár verið í þjónustu landsins sem kennari og efnisvörður landssímans. Hann hefir 8 börn í ómegð og eina gamla vandamanneskju, eða 12 manna heimili, að nauðsynlegri þjónustustúlku meðtalinni. Tekjur hans eru 350 kr. á mánuði og afkoman svo, að ekkert liggur fyrir nema sveitin. Það mætti segja, að styrkur til þessa manns væri fordæmi, en jeg þekki þó engan annan mann í þjónustu landsins nærri svo báglega staddan. Styrkur þessi mundi bjarga manninum frá því að gefast upp. Jeg hefði ekki komið með þessa brtt., hefði ekki verið gengið svo langt með að bæta upp laun símafólksins.

Vera má, að einhverjum þyki hjer ekki vera farin rjett leið, að miða styrkhæðina við fjölskylduna, en jeg álít það að mörgu leyti vera það heppilegasta.

Þá á mentamálanefnd hjer brtt. um að hækka styrkinn til Þjóðvinafjelagsins úr 6000 kr. upp í 10000 kr. Þjóðvinafjelagið hafði skrifað Alþingi snemma í vetur og beðið um aukinn styrk til útgáfu alþýðlegra fræðibóka. Ráðgert er að gefa út flokk bóka af sömu stærð, líkt og enska útgáfan „The Home Universal Library“. Oddur Björnsson byrjaði að gefa út Bókasafn alþýðu fyrir mörgum árum. Hann varð að hætta vegna fjeleysis, en gaf þó út nokkrar ágætar bækur.

Þetta er hugmynd Sigurðar Nordals, en bæði hann og Páll Eggert Ólason hafa komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri, að Þjóðvinafjelagið hefði þessa útgáfu með höndum. Þessi útgáfa ætti að vera ódýr og komast inn á hvert heimili. Álíta þeir, að rjettast væri að hækka tillagið úr 5 kr. upp í 10 kr. og áskrifendur fái það, sem út er gefið árlega, fyrir það verð. Nú eru um 1600 fjelagar Þjóðvinafjelagsins, en mætti telja víst, að þeir yrðu bráðlega 2000 eða yfir. Nöfn nefndarmanna, Páll Eggert Ólason forseti, Guðmundur landlæknir Björnson, Magnús skólastjóri Helgason, Sigurður Nordal prófessor, eru næg sönnun þess, að ekki yrðu gefnar út ljelegar bækur. Þeir eru allir alkunnir smekkmenn.

Nd. hækkaði styrkinn um 5000 kr. En forstöðunefndin álítur, að mest fje muni þurfa 2—3 fyrstu árin, meðan bókaútgáfan er að komast af stað og bækurnar að komast í veltuna.

Fjvn. Ed. treystist ekki að hækka þetta, en mentamálanefnd vill hækka það í 10 þús. kr., þannig, að til þessarar bókaútgáfu megi verja 9000 kr. En 1000 kr. styrk hefir fjelagið haft.

Það er að vísu þakkarvert að fá 5000 kr. til þessa, en þar sem þetta nær svo að segja til hvers einasta heimilis, þá hygg jeg, að enginn þm. þurfi að bera kinnroða fyrir kjósendum sínum, þótt hann samþykki þessa hækkun.

Þá get jeg tekið undir með háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf) um fjárframlag til Sláturfjelagsins, til sútunarverksmiðju. Að nefndin lagði til við 2. umr., að þessir liðir fjellu niður, var af því, að bæði var hún að reyna að koma jöfnuði á tekjur og gjöld fjárlaganna, og eins hitt, að henni þótti þetta mál naumast nógu vel undirbúið. En í fjvn. átti það engan beinan andstæðing.

Nú eru báðir liðirnir, styrkurinn og ábyrgðin, lækkaðir, og það aðalatriði sett inn, að landsstjórnin hafi eftirlit með undirbúningi og framkvæmd verksins.

Annað fyrirtæki þessu líkt hefir verið

stofnað og landið veitt því lán og ábyrgð, en ábyrgðin mun ekki hafa verið notuð. Það er Álafoss. Hann var stækkaður, en þó mun undirbúningur hafa verið ónógur, svo vinnan varð ekki eins vönduð og þurft hefði að vera. Einnig var fleiru áfátt. T. d. skoðaði erlendur verkfræðingur vjelarnar í vetur, og áleit hann sumar þeirra farnar að skemmast, vegna þess að þær stóðu á trjególfi, en það var ekki nógu stöðugt.

Till. þessar miðast því við það, að undirbúningurinn geti orðið sem bestur. Ef brtt. þessar ná fram að ganga, þá munum við koma með brtt. við fjáraukalögin, um að veita dálitla upphæð til þess, að þetta verði rannsakað á þessu ári af hæfum manni. Enda höfum við lækkað aðalfjárveitinguna um 10 þúsund kr. Jeg hefi tekið fram áður, að jeg álít, að annað stórmál ætti þó að ganga á undan þessu, en það er ullariðnaðurinn, að stofnaðar verði verksmiðjur til að vinna fataefni á landsmenn. Jeg álít, að ríkið og þjóðin í fjelagi ætti að stofna ullarverksmiðju eða endurreisa Álafoss. Verður máske tækifæri til að minnast nánar á það síðar.

Í sjálfu sjer hefir þessi sútunarverksmiðjustofnun engri andstöðu mætt, enda nauðsynjamál. Er líka mikill munur að veita svona sterku fjelagi styrk til fyrirtækja heldur en einstökum mönnum, sem máske brestur fje til að halda slíkri stofnun uppi.

Um upphæðina til Árna Theodórs er það að segja, að frá mínu sjónarmiði skiftir ekki miklu máli, hvort upphæðin er 500 kr. á ári eða 1200 kr. í eitt skifti fyrir öll. En það er annað, sem hjer skiftir máli. Þetta atriði kom fyrir mentamálanefnd, og var nefndin skift um það. Annar hlutinn hjelt því fram, að eftir þeim skýrslum, sem lágu fyrir um þetta mál, væri hjer um hættulegt fordæmi að ræða, ef veita ætti þeim mönnum viðurkenningu úr ríkissjóði, sem reynst hefðu ófærir að gegna stöðu sinni.

Af því að jeg býst við mótmælum gegn þessari tillögu, þá vil jeg geta þess strax, að sá breyskleiki, sem Árni Theodór Pjetursson er sakaður fyrir, er vinnautn. Er sá ljóður mjög slæmur á þjónum hins opinbera, ekki síst þeim, sem eiga að vera leiðtogar æskulýðsins.

Jeg get því ekki greitt atkvæði mitt með því, að sá maður, sem missir starf sitt fyrir vanrækslu, sje settur á eftirlaun. En þar sem maður þessi er gamall og hefir unnið lengi, þá get jeg þó greitt atkvæði með því, að hann fái dálitla upphæð einu sinni.

Þá er það aðstoðarlæknirinn á Ísafirði. Því máli er svo varið, að fyrir 16 árum voru samþykt lög hjer á Alþingi, að stofna skyldi 2 aðstoðarlæknisembætti, annað á Akureyri, hitt á Ísafirði. Þetta embætti hefir lagst niður á Akureyri, enda þótt mikið sje að gera þar, bæði sjúkrahús og ferðalög. Aukalæknarnir þar hafa engin laun úr landssjóði. Á Ísafirði er nú breytt frá því, sem áður var. Læknir er kominn í Bolungarvík og á Ísafirði er nú mjög góður læknir, auk þess sem kona hans er líka læknir. Frumástæðan er því fallin niður. En þar við bætist, að læknir þessi þykir ekki hafa staðið svo vel í stöðu sinni sem vera ætti. Enda er heldur engin þörf fyrir hann. En auk þess hefir hann fengið dóm fyrir vínsölu, sem vera mun einsdæmi. Það var reiknað út eftir dóms-

skjölunum, sem fyrir lágu, að hann hefði á einu ári látið úti vínseðla fyrir sem svarar 20 tunnum áfengis.

Nú er spurning, hvort nokkur læknir þurfi svona mikið áfengi til lækninga. Jeg held það varla. Að minsta kosti þurfa sumir þeirra lækna hjer, sem lækna einna mest, ekki nema fáa potta á ári. Þegar nú þetta embætti er óþarft og læknirinn hefir brotið landslög og skapað sjer með því tekjur, þá get jeg ekki verið með því að greiða atkvæði með launum til þvílíks manns. Í sambandi við þetta vil jeg geta um eitt atriði, sem jeg reyndar hefði átt að taka fram við 2. umr. En það skýrir betur afstöðu mína til þessa máls. Það var að Einar Kvaran rithöfundur var tekinn úr 15. gr. og settur í 18. gr., og mun jeg ekki síst bera ábyrgð á þeirri hækkun. Eru laun hans hækkuð með því, sem vitanlega var sjálfsagt. Jeg lít nefnilega svo á, að þeir fáu menn af hverri kynslóð, sem gnæfa hátt upp úr fjöldanum, eins og Einar Kvaran gerir, eigi að vera launaðir svo, að þeir geti átt sæmilega daga. Þessir menn, sem eru tiltölulega fáir, eiga oftast við verri aðstöðu að búa en vera ætti, til þess að þeir geti sint sinni köllun.

Það er lítil hagsýni í því að láta 5—10 afburða gáfumenn búa við sult og seyru, en eyða fje í óhófi í hversdagsmenn, suma alóþarfa þjóðfjelaginu. Læknirinn á Ísafirði mun vera meðalgreindur maður, ekki þar fram yfir, og þjóðfjelaginu ber engin skylda til að kosta hann og á ekkert sjerstaklega við hann að virða. Við þá menn á þjóðin að spara, en veita ríflega til hinna, sem unnið hafa þjóðinni sæmd og gagn. Brtt. með Einar H. Kvaran gengur of stutt, það er hennar galli. Jeg hefði farið nokkrum orðum um brtt. háttv. 4. landsk. þm., ef hann hefði ekki tekið hana aftur. Það stendur svo á um þetta mál, að mikill áhugi er fyrir skólabyggingu í Þingeyjarsýslu; samskot hafin í því skyni og dugandi maður vinnur að stofnun skólans. Og úr því að landið leggur fje til vita og brimbrjóts í Bolungarvík o. fl., þá hygg jeg, að ekki verði hjá því komist, að landið styrki líka andlega vita og brimbrjóta.

Karl Einarsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 519, sem jeg vona að hv. deild álíti meinlausa. Hún er um að veita stjórninni heimild til að ábyrgjast alt að 80 þús. kr. lán til Vestmannaeyjakaupstaðar, til aukningar rafveitunni þar. Þetta er endurveiting; hefir staðið í fjárlögunum tvívegis áður. Það gefur að skilja, að rafstöð á erfiðara uppdráttar í Vestmannaeyjum en víða annarsstaðar, því að Vestmannaeyingar hafa ekki vatn handa sjer að drekka, hvað þá til að reka með rafstöð.

Þá á jeg aðra brtt. á þskj. 535. Eins og kunnugt er, sóttu starfsmenn ríkisins í Reykjavík um 25% launauppbót vegna dýrtíðar, og þá sjerstaklega vegna hinnar háu húsaleigu. En Nd. fanst ekki hægt að veita þessa uppbót, ekki vegna þess, að hún væri ekki sanngjörn, heldur vegna hins, að raddir komu utan af landi um, að líkt væri ástatt, og ef hefði átt að veita öllum þá uppbót, hefði þetta orðið svo mikil fúlga, að ríkissjóður hefði ekki mátt við því, eins og fjárhagur hans er nú. Þá myndaðist hjer í Reykjavík fjelagsskapur, sem nefnist Byggingarfjelag starfsmanna ríkisins. Þetta fjelag hefir nú sótt um 25 þús. króna styrk til þess að koma upp hentugum íbúðum fyrir sig, þó þannig,

að hann fari ekki fram úr 15% af öllum byggingarkostnaðinum. Líka fór fjelag þetta fram á, að ríkisstjórninni væri heimilt að ábyrgjast lán fyrir því, sem á vantaði byggingarkostnað, gegn 2. veðrjetti í húsunum. Fjelagsmenn segja í skjali, sem þeir sendu, að þeir sjeu svo illa staddir, að þeir geti ekki lagt neitt af mörkum, enda er það skiljanlegt, þegar litið er á, hvernig farið hefir verið með embættismenn þessa lands síðan 1916. Laun þeirra hafa verið svo lág, að ómögulegt hefir verið fyrir þá, sem ekki höfðu annað en launin að lifa af, aðnað en eta upp eignir sínar, ef nokkrar væru, eða þá safna skuldum. Hjer er um tilraun að ræða til sjálfshjálpar þeirra til að koma upp húsum, sem áætlað er, að kosti 167 þús. kr. nú. Þegar styrkurinn er dreginn frá, eru eftir 140 þús.; af því ætti að mega fá 70 þús. gegn 1. veðrjetti, en þá er ætlast til, að stjórninni sje heimilt að veita 70 þús. krónur gegn 2. veðrjetti, þó svo, að það, sem hvílir á 1. og 2. veðrjetti, auk styrksins, fari ekki fram úr virðingarverði samkvæmt fasteignamati. Jeg vona nú, að hv. þm. sjeu svo víðsýnir, að þeir samþykki brtt. þessar. Þetta er fyrst og fremst góður styrkur fyrir hlutaðeigandi menn og í öðru lagi tilraun, hvort ekki sje hægt að koma upp ódýrari húsum. Þetta er auk þess ekki svo stórvægileg upphæð fyrir ríkissjóðinn, að ekki sje vert að reyna.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg stend hjer ásamt tveim háttv. þm. sem meðflytjandi brtt. á þskj. 519, um að veita Skúla V. Guðjónssyni lækni 1800 kr. styrk til þess að nema heilbrigðisfræði erlendis. Eins og kunnugt er, sótti þessi ungi læknir í byrjun þingsins um 5000 kr. styrk til þess að halda áfram sjernámi í heilbrigðisfræði í tvö ár, annaðhvort við háskólann í Edinborg eða við háskóla í Ameríku. Í skjali því, er hann sendi með umsókn sinni, færir hann ýms rök fyrir nauðsyn þessarar fræðigreinar, sem telja má góð og gild, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp lítið eitt úr skjali þessu. Í upphafi máls síns segir hann svo:

„Heilbrigðisfræði (Hygiæne) er tiltölulega ung sjerfræðigrein læknisfræðinnar. Talin er hún mjög mikilsverð og ágrip af henni heyrir til venjulegrar læknamentunar. Hún verður æ merkilegri fyrir þá sök, að læknisfræðin hneigist nú mjög í þá átt að bæta heilbrigðishagi manna og fyrirbyggja sjúkdóma, en ekki einungis að því að lækna veika menn, því að „at ósi skal á stemma“. Aðalþættir þessa sjerfags eru: Skólaheilbrigðisfræði, sóttvarna- og farsóttafræði (Epidemiologia), verkfræðileg heilbrigðisfræði, matvælaheilbrigðisfræði og loks alt, sem lýtur að almennum heilbrigðisráðstöfunum.“

Enn segir hann í niðurlagi röksemdafærslu sinnar:

„Jeg hefi ákveðið, ef þess er nokkur kostur og svo fljótt, sem auðið er, að nema þetta sjerfag sem allrabest og vandlegast. Og til þess að fá tryggingu fyrir því, að mjer takist það, vil jeg helst ná prófi í því. Þar sem þetta nám tekur tvö ár að minsta kosti, verður það dýrt og illkleift fjelausum manni eins og jeg er. Fyrir því sæki jeg um þennan styrk. Þegar jeg ákveð að leggja út í þetta nám, hugsa jeg á þessa leið: Sem allra fullkomnasta mentun og lærdóm í þessari sjergrein vil jeg fá. Þegar því er lokið, koma dagar og koma ráð. Og hina almennu læknismentun mína hefi jeg þó og ætti altaf að vera borgið. Þetta er enginn

gróðavegur, sem jeg held út á, og því fremur þarfnast jeg fjárins. En jeg treysti því fastlega, að geti jeg gert þetta, geti jeg orðið þjóð minni þarfari en ella.“

Enn fremur má geta þess, að læknadeild háskólans mælir eindregið með þessari styrkbeiðni og manninum sjálfum. Hún hefir með brjefi, dagsettu 14. mars þ. á., undirskrifuðu af Guðmundi Hannessyni prófessor, látið þessa getið:

„1. að það væri mjög æskilegt að völ væri á sjermentuðum lækni í þessari grein, og að staðgóð þekking á henni myndi koma að góðum notum, hvort heldur sem umsækjandinn verður síðar hjeraðslæknir eða starfar á annan hátt í landsins þarfir.

2. að Skúli V. Guðjónsson sje efnilegur læknir og líkindi til, að styrkur, sem honum yrði veittur, komi að tilætluðum notum.

Deildin er því á einu máli um að gefa umsókn hans bestu meðmæli.“

Enn fremur hefir landlæknir mælt hið besta með honum. Segir hann meðal annars:

„— vil jeg vekja athygli á því, að þeir læknar, sem vilja verða hjeraðslæknar (eða landlæknar), þurfa í raun og veru allir meiri mentun í heilsufræðum en heimtuð er undir alment læknapróf.“

Þá má einnig geta þess, að Læknafjelag Reykjavíkur telur sig samdóma tillögu læknadeildarinnar. Þá hafa og nokkrir læknar utan af landi látið í ljós álit sitt á manninum og málefninu. Ingólfur Gíslason hjeraðslæknir segir í símskeyti 14. mars þ. á.:

„Hefi kynst yður sem duglegum námsmanni og mjög álitlegu læknisefni. Mæli eindregið með því, að þjer fáið styrk til Hygiæne-náms.“

Jónas Kristjánsson hjeraðslæknir á Sauðárkróki símar, að hann sje samþykkur meðmælum læknadeildarinnar um styrk úr ríkissjóði til framhaldsnáms Skúla V. Guðjónssonar. Og loks mælir Þórhallur Jóhannesson læknir á Þórshöfn mjög eindregið með styrkbeiðni hans og telur vöntun heilsufræðings í landinu mjög bagalega.

Að jeg stend með þessari brtt. sprettur af því, að jeg álít tilfinnanlegan skort á sjerfræðingi í heilsufræði hjer í þessum bæ og um land alt. Að vísu hefir núverandi landlæknir unnið heilbrigðismálunum hjer í bæ og úti um land mikið gagn; en jeg leyfi mjer þó að benda háttv. deild á, að síst væri vanþörf á að tryggja sjer það, að þessi ungi læknir fái tækifæri til þess að búa sig með sjerfræðinámi undir það að verða fær um að vinna að umbótum heilbrigðismálanna hjer á landi. Fátt ætti að vera landsmönnum kærara en heilsuvörn og heilsubót einstaklinganna og heildarinnar.

Persónulega þekki jeg Skúla V. Guðjónsson lítið. Jeg veit, að hann er ættaður norðan úr Skagafirði. Þar á hann fátæka foreldra, sem ekki geta styrkt hann til þessarar utanfarar, en styrkbeiðandi mun vera — eins og fleiri námsmenn, þegar þeir hafa lokið embættisprófi — nokkuð skuldugur, og því erfitt fyrir hann að fá meira lán til framhaldsnáms. Styrkbeiðandi sýndi þegar á stúdentsárum sínum ákveðna löngun til að vinna að almennum heilbrigðismálum.

Eins og jeg þegar hefi tekið fram, hefir þessi ungi læknir eindregin meðmæli læknadeildar háskólans, Læknafjelags

Reykjavíkur, landlæknis og nokkurra hjeraðslækna utan af landi, sem hann hefir unnið hjá. Nú vill hann vinna að þessu þjóðþarfa starfi og velur sjer það sem sjernám, í stað þess að leggja stund á einhverja aðra sjerfræðigrein, t. d. augnlækningar, sem óefað er miklu arðvænlegra sjernám. Þetta sannfærir mig og væntanlega fleiri um það, að Skúli Guðjónsson sje ákveðinn og ötull maður, sem gæti orðið rjettur maður á rjettum stað í þarfir heilbrigðisfræðinnar, bæði í ræðu, riti og framkvæmd. Þess vegna leyfi jeg mjer að vænta þess, að styrkur sá honum til handa, sem fram á er farið á þskj. 519, 1800 kr. hvort árið í 2 ár, verði samþyktur með yfirgnæfandi meiri hluta hjer í þessari háttv. deild. Styrkur þessi er nú 1400 kr. lægri en styrkbeiðandi fór fram á í upphafi. Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar; jeg hygg það hafi stafað af misskilningi, að styrkur þessi var feldur með jöfnum atkvæðum hjer í þessari háttv. deild við 2. umræðu, og því hefi jeg leyft mjer að koma fram með þessar upplýsingar

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Það þykir hlýða að mæla nokkur orð með brtt. sínum. Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 535, þess efnis, að Lárusi Bjarnasyni, kennara við gagnfræðaskólann á Akureyri, verði veittur 1500 kr. styrkur til þess að semja kenslubók í eðlisfræði og efnafræði handa gagnfræðaskólum.

Jeg talaði nokkuð fyrir þessari brtt. við 2. umr. fjárlaganna, en jeg mun þá hafa gleymt að taka það fram, að umsókn þessari fylgdu meðmæli frá dr. Ólafi Dan Daníelssyni, sem er mjög vel hæfur til að dæma um þessi efni. Einnig hafa þeir Þorkell Þorkelsson, forstöðumaður löggildingaskrifstofunnar, og Sigurður Guðmundsson, skólameistari á Akureyri, mikinn áhuga á þessu máli og hafa heitið honum stuðningi.

Jeg bar brtt. þessa fram við 2. umr. fjárlaganna í öðru formi en nú, en af því að hv. fjvn. vildi ekki sinna henni þannig, þótti mjer rjett að breyta henni, og ber hana því fram nú 1000 kr. lægri en áður. Vænti jeg því, að háttv. nefnd vilji nú sinna henni, þótt jeg treysti mjer ekki til að tala eins hjartnæmlega fyrir henni eins og sumir háttv. þm. hafa gert fyrir till. sínum.

Þá vil jeg minnast á nokkrar aðrar brtt., er hjer liggja fyrir, en mjer þykir illa farið, að hæstv. stjórn skuli ekki vera hjer viðstödd.

Skal jeg þá fyrst nefna till. frá hæstv. fjrh. (KlJ), á þskj. 519, um 1000 kr. til að gefa út manntalið frá 1703. Um brtt. þessa hefi jeg aðeins gott að segja. Mjer er sönn ánægja að greiða henni atkvæði.

Þá vil jeg aðeins minnast á viðaukatillöguna, sem nefndin flytur og ætlast er til, að bætt sje aftan við fjárveitinguna til Ísafjarðarspítalans. Jeg mun greiða henni atkvæði mitt, því jeg tel hana til bóta, þótt jeg annars telji það varhugavert, að fjárveitingar sjeu gefnar mjög á vald stjórnarinnar. Annars verð jeg að játa, að jeg á bágt með að greiða atkvæði með miklum fjárveitingum til byggingar spítala á þessu þingi, þegar búið er að ákveða, að Kleppur verði bygður og til þess varið eflaust 300 þús. kr. Þetta þykir nú kanske ekki vera „kollegielt", en jeg tala hjer sem þingmaður, en ekki sem læknir.

Það mun líka vera full ástæða til að vera varkár í fjárveitingum nú, því að ekki mun von mikils hvalreka fyrir ríkissjóð þann tíma, sem eftir er þessa þings, þar sem kunnugt er orðið, að fjvn. Nd. mun ætla að sitja á vörutollslögunum, sem

þó voru afgreidd hjeðan með miklum atkvæðamun. Var þar þó um mikinn tekjuauka að ræða, sem ekki mundi hafa orðið minni en 300—400 þús. kr. Enn fremur hefir háttv. Nd. ekki þótt ástæða til að senda þessari deild frv. um framlengingu útflutningsgjaldsins, og jeg hefi jafnvel heyrt pata af því, að sumum hjer í deildinni þyki maklegt, að það fari sömu leiðina og vörutollsfrumvarpið. Hafa líka engu síður komið mótmæli utan af landi gegn þeim lögum en öðrum sköttum til ríkissjóðs.

Þá get jeg verið með till. hæstv. dómsmálaráðherra (SE) um styrkinn handa lækni til augnlækninganáms erlendis, því að það gæti vel borgað sig fyrir þjóðfjelagið að stuðla að því, að augnlæknar yrðu fleiri en einn, því að þá myndi koma samkepni þeirra á milli, og auk þess síður hætta á, að landið yrði augnlæknislaust.

Um styrkveitinguna til Skúla V. Guðjónssonar þarf jeg ekkert að tala. Jeg greiddi henni atkvæði við 2. umr. fjárlaganna, án þess þó að jeg ætli að fara að veita honum landlæknisembættið. Enda er það nú ekki á mínu valdi, og svo er heldur ekki víst, að þetta embætti sje svo laust, sem margir hyggja, þó mikið hafi verið um það talað nú í seinni tíð, því vel má vera, að það sannist hjer hið fornkveðna, að þeir lifa lengst, sem með orðum eru vegnir.

Þá vil jeg minnast á ræðu hv. 5. landsk. þm. (JJ), þar sem hann talaði fyrir hönd nefndarinnar um 10 þús. kr. fjárveitingu til Þjóðvinafjelagsins. Háttv. þm. vildi láta heita svo, sem hjer væri verið að koma í framkvæmd hugmynd Sigurðar prófessors Nordals, sem hann hefir oft minst á hjer í deildinni. En þó jeg hafi ekki nýlega lesið ritgerð prófessorsins, veit jeg að þetta er alveg rangt. Jeg skal láta þess getið, að jeg ber mikla virðingu fyrir Sigurði Nordal fyrir glæsilegar gáfur hans og listfengi. En jeg hefi þó ekki haft miklar mætur á tillögum hans um útgáfu í stórum stíl á þýddum bókum. Hugmynd prófessorsins var sú, að slík bókaútgáfa ætti að miklu leyti að bæta úr alþýðuskólaþörfinni. Á þetta atriði var lögð mest áherslan hjá honum. Staðhæfingin um, að svo gæti orðið, vakti vitanlega töluverð mótmæli, og meðal þeirra, sem mótmæltu, var hinn ágæti skólamaður sjera Magnús Helgason, forstöðumaður kennaraskólans.

Þýðingar þessar, í eins stórum stíl og gert var ráð fyrir, gætu tæplega orðið heilladrjúgar fyrir frumlegar bókmentir í landinu, og ætti þannig að hella heimsbókmentunum í þýðingum yfir þjóðina, þá sjá allir, hverjar afleiðingar það myndi hafa. Jeg get þessa hjer, af því að í þessari háttv. deild hefir verið talað um þessa tillögu prófessorsins sem svo einkar viturlega og sjálfsagða. Svo viturleg hefir hún þótt, að talað hefir verið um að verja allmiklu af því fje, sem ríkissjóði áskotnaðist fyrir leyfilega og óleyfilega áfengissölu í landinu, til þess að koma þessari hugmynd í framkvæmd. Annars var sú tillaga vitanlega mjög loftkend, eins og tillaga prófessorsins. En nú sje jeg, að tillögur þessar eru komnar niður á jörðina, þar sem ekki er farið fram á meira en 9 þús. kr. til slíkrar bókaútgáfu. Jeg er því fús á að greiða brtt. þessari atkv. mitt, því jeg sje ekkert eftir, þó bætt sje við þessum 3 þús. kr. eftir till. nefndarinnar.

Þá eru tvær brtt. frá hv. þm. Vestm. (KE); hin fyrri um að veita Byggingarfjelagi starfsmanna ríkisins 15% byggingarkostnaðar, en hin síðari um ábyrgð fyrir 70 þús. kr. láni til sama fjelags.

Mjer heyrðist hæstv. atvrh. (KlJ) mæla með síðari till., en ekki hinni fyrri.

Því er nú svo varið fyrir mjer, að jeg hefi ekki heyrt þetta Byggingarfjelag starfsmanna ríkisins nefnt fyr en jeg sá það á þessu blaði. Það má vera, að fjelag þetta sje búið að afkasta miklu, og sitji því ekki á mjer að vera að mæla á móti því, og skal jeg heldur ekki gera það að því er snertir síðari tillöguna. En hinni fyrri verð jeg aftur að mæla á móti, því jeg sje enga ástæðu til að fara að gefa fjelagi þessu 15% af öllum byggingarkostnaði þess, því að jeg tel minni ástæðu til að byrja hjer í Reykjavík en annarsstaðar á landinu. Við höfum vitanlega heyrt, að það væri mjög mikil dýrtíð hjer í Reykjavík. En það er nú svo, að hver einn veit það best, er skeður í hans eigin heimkynni. Reykvíkingar vita vel, að skórinn kreppir að hjá þeim, en lítið um aðra: og jeg veit ekki betur en að t. d. í kauptúni því, sem jeg á heima í, sje fult eins dýrt að lifa og hjer í Reykjavík. Jeg get því alls ekki verið með þessari tillögu, meðan ekkert er farið að hugsa um embættismannabústaði úti um land. En sjái ríkissjóður sjer aftur á móti fært að leggja fje fram til þeirra, þá væri öðru máli að gegna, því að þær kröfur, um byggingu embættisbústaða úti um land, eru ekki komnar fram fyrst í gær.

Skal jeg ekki tala um fleiri tillögur, sem hjer liggja fyrir, en mun sýna með atkvæði mínu afstöðu mína til þeirra.

Ingibjörg H. Bjarnason: Mjer þykir leitt, hafi jeg komist svo óljóst að orði í ummælum mínum um styrkbeiðni Skúla V. Guðjónssonar læknis, að draga hefði mátt af þeim þá ályktun, að jeg ætlaði mjer jafnvel að tilnefna hann í landlæknisembættið, annaðhvort nú þegar eða þegar það losnaði.

Jeg tilfærði aðeins ummæli landlæknis sjálfs, 14. mars þ. á., þar sem hann segist fallast á tillögur læknadeildar háskólans og meðmæli hennar með þessari styrkbeiðni. Þau ummæli landlæknis eru á þessa leið:

> „Jeg get í alla staði fallist á tillögur og meðmæli læknadeildar háskólans. Og í því sambandi vil jeg vekja athygli á því, að þeir læknar, sem vilja verða hjeraðslæknar (eða landlæknar), þurfa í raun og veru allir meiri mentun í heilsufræðum en heimtuð er undir almennt læknapróf.“

Það er í tilefni af ummælum hv. 2. þm. S.-M. (SHK), að jeg geri þessa aths., þar eð jeg hefi ekki með einu orði, hvorki nú nje fyr, vegið að núverandi landlækni.

Karl Einarsson: Jeg hygg, að það sje misskilningur hjá hv. 2. þm. S.-M. (SHK), að hæstv. fjrh. (KlJ) hafi aðeins mælt með síðari lið brtt. minnar um styrk til Byggingarfjelags starfsmanna ríkisins. Hann mun hafa mælt einmitt með fyrri liðnum, en lítið minst á hinn. Enda er sjerstaklega þörf á að samþykkja fyrri liðinn, og hefir alt of lítið verið gert að því að sjá embættismönnum fyrir viðunandi húsnæði. En vegna dýrtíðarinnar hafa embættismenn í Reykjavík, og enda öðrum kaupstöðum, orðið sjerstaklega illa úti í þessum efnum.

Björn Kristjánsson: Í ræðu háttv. 5. landsk. þm. (JJ) kom fram, að Árni Th. Pjetursson mundi hafa verið sjerlega hneigður til víns. Jeg verð að skírskota til vottorða frá foreldrum flestra barna, sem hann hefir kent, og er menn lesa þau, getur engum blandast hugur um, að hjer hefir alls ekki um verulegan drykkjumann

verið að ræða, enda er augljóst, að hann hefði ekki verið kennari í ca. 30 ár, þar sem hreppsbúar rjeðu sjálfir, hver var í því embætti, ef svo hefði verið. Það eitt er nóg sönnun. Og enda þótt hann kunni að hafa skvett í sig í ferðalögum, þá var hann aldrei drukkinn heima fyrir og ekki kom fyrir, að kensla fjelli niður af þeim sökum. Vottorð bílstjórans, sem hann hefir útvegað, sannar því lítið í máli þessu, nema þá helst það, að maður þessi hefir verið lagður í einelti öðrum fremur. Jeg tel rjettast að láta sitja við það, sem hv. Nd. hefir gert í þessu atriði, enda hefir hæstv. stjórn mælt með því.

Frsm. (Einar Árnason): Samgöngumálanefnd þessarar hv. deildar hefir beðið mig að skýra í örfáum orðum frá störfum sínum og till. viðvíkjandi samgöngum á sjó á þessu ári. Í gildandi fjárlögum er ætlast til, að 200 þús. kr. gangi til strandferða, en 100 þús. kr. til bátaferða. Fyrri liðurinn er áætlunarliður, enda gerir nefndin engar till. um hann, nema hvað hún hefir gefið útgerðarstjóra Esju nokkrar bendingar um, hvernig hún óskaði, að fyrstu ferðum skipsins væri hagað. Aftur á móti leggur hún áherslu á það, að bátastyrkinn fái einkum helstu flóabátarnir, svo sem báturinn á Ísafjarðardjúpi, Breiðafjarðarbáturinn, Borgarnesbáturinn og svo Skaftfellingur. Ætlast nefndin til, að 100 þús. kr. nægi til þessara báta, ásamt nokkrum smáupphæðum til minni báta. Smærri styrkir til báta telur hún rjett, að settir sjeu í fjárlög framvegis. Nefndin hefir haft til álita tillögur samgmn. Nd., og ganga till. Ed.-nefndarinnar í svipaða átt, aðeins hefir hún breytt örlítið sunnan- og austanlands.

En þar sem þessar till. liggja ekki undir úrskurð þingsins, þá hefir nefndin afgreitt þær til stjórnarinnar.

Þá sný jeg mjer að brtt. við frv. Aðeins tvær brtt. fjvn. hafa mætt andmælum. Önnur er um aðstoðarlækninn á Ísafirði, og get jeg slept að tala um hann, þar sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir svarað þeim aths., sem komið hafa við brtt. nefndarinnar í því efni. Þá er hin, sem er um styrkinn til Árna Th. Pjeturssonar. Mjer er óljúft að fara langt út í það efni. Skal jeg aðeins taka það fram um svona mál yfirleitt, að jeg tel illa farið, ef einstakir menn, sem telja sig beitta misrjetti af veitingarvaldinu, þurfa ekki annað en hlaupa til Alþingis. Komist þessi venja á, er ekki gott að vita hvar staðar verður numið, og strangt tekið heyrir það ekki undir þingið að úrskurða um slík mál. Fjvn. álítur því rjettast, að þingið skifti sjer sem allra minst af svona málum, og er því mótfallin, að maður þessi sje tekinn á eftirlaun, sem máske haldast alla æfi hans. Hafi þessi maður verið rangindum beittur, þá liggur beinast við, að dómstólarnir rjetti hlut hans.

Þá eru nokkrar brtt. einstakra þm. Fyrst eru brtt. á þskj. 519. Nefndin hefir óbundnar hendur, bæði um brtt. hæstv. fjrh. (KlJ) og eins brtt. hæstv. forsrh. (SE) um styrk til augnlækninganáms.

Þá er brtt. frá 3 hv. þm. um utanfararstyrk, 1800 kr., til Skúla læknis Guðjónssonar. Við 2. umr. lagði meiri hl. nefndarinnar til, að honum væru veittar 2000 kr., og er hann því þessari styrkveitingu að sjálfsögðu hlyntur enn, og væntir þess, að þessi brtt. verði samþ., enda mun það hafa stafað af ókunnugleika eða tilviljun, að till. nefndarinnar var feld við 2. umr.

Nefndin treystir sjer ekki til að mæla með brtt. hv. 2. þm. Rang. (GGuðf), um

styrk til unglingaskólans í Vík. Tók hún upp 15000 kr. fjárveitingu til að styrkja barnaskólabyggingar utan kaupstaða, og treystir nefndin sjer ekki til að fara lengra með skólabyggingarstyrk.

Frá sama hv. þm. (GGuðf) er brtt. um að veita stjórninni heimild til að lána 7000 kr. til þess að endurbyggja Holtaveginn. Nefndin er þessu meðmælt, enda ekki sjáanlegt, að hægt sje að komast hjá því, ef nokkurt fje er fyrir hendi. Aftur á móti getur nefndin ekki mælt með því að veita ábúandanum á Hlíðarenda í Fljótshlíð lán til húsabygginga, jafnvel þó að þessi fornhelgi staður ætti það skilið, að honum væri sýndur sómi. Þessi lánsheimild væri gagnslaus, þar sem ekkert fje verður fyrir hendi til útlána.

Meiri hluti nefndarinnar er meðmæltur 80 þús. kr. lánsábyrgð til rafmagnsveitunnar í Vestmannaeyjum. Telur það sjálfsagt, þar sem hjer er aðeins um endurveitingu að ræða, sem hefir staðið áður í fjárlögum.

Þá koma brtt. á þskj. 535. Hin fyrsta er um læknisvitjanastyrk, sem talað var hjer um við 2. umr. frv. Eins og þá stóð á, gat nefndin ekki fallist á þennan styrk og tók til athugunar, hvort ekki mætti fella niður eitthvað af samskonar styrkveitingum, sem komið var inn í frv. En sökum naumleika tímans sá nefndin sjer ekki fært að gera upp á milli styrkveitinganna, enda brast hana kunnugleika á ýmsum stöðum. Lætur hún brtt. þessar því afskiftalausar, enda þótt telja megi ver farið, að þær væru samþyktar, því við það hækkar upphæðin, sem veitt verður í þessu skyni, frá því sem nú er.

Þá er brtt. hv. 2. þm. G.-K. (BK) um styrk handa Þorgrími lækni Þórðarsyni í Keflavík, til að halda aðstoðarlækni, 400 kr. Nefndin getur ekki mælt með þessari brtt., enda þótt hlutaðeigandi læknir sje orðinn þungfær til að gegna störfum sínum. Henni finst varhugavert að ganga þessa braut, og ef þetta verður veitt, þá verður erfitt að neita öðrum um samskonar styrk, sem líkt stendur á um. Hv. flm. (BK) sagði, að það væri ekki nema kurteisi að veita þennan styrk. Vitanlega ræðir hjer ekki um háa upphæð, en það er fordæmið, sem nefndin vill ekki skapa.

Jeg get ekki varist að bera þetta saman við það, að prestar taka sjer oft aðstoðarpresta og launa þeim þá altaf sjálfir. Það ætti því að vera sama regla með læknana. Sje hjer um svo mikil læknisstörf að ræða, að einn maður komist ekki yfir þau, þá ætti að vera lífvænlegt þar suður frá fyrir 2 lækna.

Nefndin hefir óbundin atkvæði um brtt. háttv. 5. landsk þm. (JJ) við liðinn um uppbót til símamanna.

Þá er brtt. frá hv. 2. þm. S.-M. (SHK) um að hækka styrk til útgáfu alþýðukenslubóka, og getur nefndin fallist á þá tillögu.

Þá er brtt. frá háttv. mentmn. um að hækka styrk til Þjóðvinafjelagsins upp í 10 þús. kr. Um þessa brtt. hefir nefndin óbundin atkvæði og sömuleiðis um aðra brtt. frá þrem háttv. þm., um að veita Sláturfjelagi Suðurlands lán til sútunarverksmiðju.

Kem jeg þá að brtt. þeirra háttv. 2. þm. G.-K. (BK) og háttv. 6. landsk. þm. (IHB), um að veita Sesselju Ólafsdóttur 2000 kr. viðurkenningarstyrk. Meiri hluti nefndarinnar getur ekki aðhylst þessa brtt. Ekki svo að skilja, að hann neiti því, að kona þessi sje alls góðs makleg. En meiri hl. veit, að það eru svo margir, sem leyst hafa af hendi mikilvægt æfistarf, en ríkissjóður verður aldrei megnugur að veita makleg laun öllum.

Fjvn. veit heldur ekki til þess, að hún sje á flæðiskeri stödd efnalega; henni er kunnugt um, að þessi kona er í tengdum við efnað fólk, og er þess vegna ástæða til að ætla, að henni sjeu nokkurn veginn trygðir góðir dagar í elli.

Þá er næst að athuga 2 brtt. háttv. þm. Vestm. (KE), og get jeg rætt um þær báðar í einu lagi.

Fjvn. setur sig ekki beint á móti brtt., en ástæða er til að geta þess, að um það leyti, er nefndin var að ljúka till. sínum til 3. umr. við fjárlögin, fjekk hún heimsókn frá fulltrúum Byggingarfjelags starfsmanna ríkisins, sem fóru fram á, að nefndin tæki upp í frv. styrk og lánsheimild til fjelagsins. Nefndin sá sjer ekki fært að verða við þessum tilmælum á síðustu stundu, þar sem henni virtist málið ekki vel undirbúið, og því tæpast tímabært að flytja það nú í þinginu. Hins vegar viðurkennir nefndin fúslega, að húsaleigan hjer í Reykjavík er þungur skattur, og að full þörf er á því, að gera eitthvað til þess að ljetta þá byrði, en hvort þetta er heppilegasta leiðin, er annað mál. Það er fyrst og fremst hætt við því, að þessar byggingar verði dýrar, ef á að fara að ráðast í þetta meðan byggingarefni og vinna er í eins háu verði og nú er. Í öðru lagi geta það ekki orðið nema sárfáir menn af öllum starfsmannafjöldanum, sem þessa geta notið fyrst um sinn. Áhrifanna af þessu færi ekki að gæta fyr en eftir 10—20 ár. Enn fremur er hugsanlegt, að húsaleiga á næstu árum muni alment lækka, svo að íbúðir þessar yrðu of dýrar til þess, að mennirnir gætu borið leiguna, og væri þá ver farið en heima setið. Í stuttu máli: Fyrirtækið er nýtt, lítið undirbúið og flestum ókunnugt. Það er því fullkomin ástæða til að rasa ekki fyrir ráð fram.

Þá kem jeg að síðustu brtt., þ. e. heimild fyrir landsstjórnina að ábyrgjast alt að 80000 kr. fyrir Vestmannaeyjakaupstað til aukningar rafmagnsveitunnar þar, og hefir nefndin óbundnar hendur um atkvæðagreiðsluna. Þessi heimild hefir staðið í fjárlögunum áður, og er því endurveiting. Meiri hluti nefndarinnar telur rjett að samþykkja þessa tillögu.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að segja meira fyrir hönd fjvn. um brtt. þessar, en vil að lokum taka undir ummæli háttv. 2. þm. S.-M. (SIIK), að jeg tel það illa farið, ef háttv. Nd. ætlar að setja fótinn fyrir vörutollsfrumvarpið, sem þessi deild afgreiddi, því að ríkissjóði mun ekki veita af þeim auknu tekjum, sem það frv. hefði veitt honum. Sama er að segja um útflutningsgjaldsfrumvarpið, sem legið hefir í Nd. frá því í þingbyrjun og enn er ekki komið fram. En ef til vill má vænta þess bráðlega.

ATKVGR.

Brtt. 519,I samþ. með 12 shlj. atkv.
— 535,I samþ. með 10 shlj. atkv.
— 535,II samþ. með 12 shlj. atkv.
— 519,II 1 samþ. með 8 : 6 atkv.
— 535,III feld með 8 : 2 atkv.
— 519,II 2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 519,III samþ. með 13 shlj. atkv.
— 519,IV samþ. með 11 shlj. atkv.
— 535,IV samþ. með 9 shlj. atkv.
— 519,V 1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 535,V samþ. með 10 shlj. atkv.
— 519,V 2 samþ. án atkvgr.
— 519,V 3 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JM, JJ, EÁ, GÓ, HSn, IHB.

nei: KE, SE, SHK, SJ, BK, GGuðf. HSt.
Brtt. 535,VI tekin aftur.
— 519,VI feld með 7 : 4 atkv.
— 535,VII samþ. með 10 shlj. atkv.
— 535,VIII samþ. með 8 : 5 atkv.
— 519,VII 1 samþ. með 8 : 3 atkv.
— 535,IX samþ. með 11 shlj. atkv.
— 519,VII 2 sjálffallin.
— 519,VII 3 samþ. án atkvgr.
— 535,X samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SJ, GGuðf, GÓ, HSn, JM, JJ, KE, SE, HSt.
nei: BK, EÁ, IHB, JóhJóh, SHK.
Brtt. 535,XI feld með 8 : 4 atkv.
— 519,VII 4 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 519,VII 5 samþ. án atkvgr.
— 535,XII feld með 7 : 4 atkv.
— 519,VII 6 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 519,VII 7 samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SHK, EÁ, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ.
nei: SJ, BK, GGuðf, KE, SE, HSt.
Brtt. 519,VIII 1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 519,VIII 2 feld með 9 : 4 atkv.
— 519,IX samþ. með 11 shlj. atkv.
— 535,XIII samþ. með 8 : 6 atkv.
— 535,XIV samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SJ, GGuðf, GÓ, HSn, JM, JJ, KE, SE, HSt.
nei: SHK, BK, EÁ, IHB, JóhJóh.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 547).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 547, 557, 578, 582).

Afbrigði um brtt. 578 og 582, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg tek undir með hæstv. forseta, að það er hægt að vera stuttorður um brtt. þær, er hjer liggja fyrir, eigi hvað síst um till. fjvn. þessarar háttv. deildar, sem áður hafa verið ræddar. Jeg þykist vita, að háttv. deildarmenn hafi tekið eftir brtt. háttv. Ed., og ætla jeg því ekki að tefja tímann með nákvæmri útlistun á þeim.

Eins og háttv. deildarmenn munu sjá, þá hefir aðalupphæð útgjaldaliðsins lækkað um 16680 kr. við meðferð háttv. Ed. Og þegar athugað er, hvar lækkunin kemur helst niður, þá sjest, að það er aðallega á verklegum framkvæmdum. Mismunurinn á hverri grein er sem hjer segir:

10. gr.	Nd. kr. 264580		
	Ed. — 263280	=lækkun kr.	1300
11. gr.	Nd. — 558920		
	Ed. — 557420	=lækkun kr.	1500
12. gr.	Ed. — 711720		
	Nd. — 705840	=hækkun kr.	5880
13. gr.	Nd. — 2101760		
	Ed. — 2065760	=lækkun kr.	36000
14. gr.	Ed. — 1239706		
	Nd. — 1229626	=hækkun kr.	10080
15. gr.	Ed. — 245170		
	Nd. — 236370	=hækkun kr.	8800
16. gr.	Nd. — 629220		
	Ed. — 625700	=lækkun kr.	3520
18. gr.	Ed. — 183452		
	Nd. — 182572	=hækkun kr.	880

Á 10. gr. hefir lækkunin orðið 1300 kr., sem meðal annars eru teknar af aðstoðar- og skrifstofukostnaði hagstofunnar, sem áætlað var af stjórninni 13000 kr. Fjvn. Nd. gerir sjer engar vonir um það, að sú upphæð, sem hún áætlaði, komi eigi til útborgunar, en vill hins vegar ekki fara út í neitt þref um það atriði við háttv. Ed., þar sem þetta er hvort sem er áætlunarupphæð.

Á 11. gr. hefir lækkunin orðið 1500 kr. Er hið sama um það að segja og lækkunina á 10. gr. Hjer er um áætlunarupphæð að ræða. Húsaleigukostnaður lögreglustjórans er reiknaður út eftir því, sem hann er nú, en það er eftir mati. Fjvn. gerir sjer ekki von um, að sá liður lækki jafnmikið og háttv. Ed. hefir gert ráð fyrir, og vill því færa liðinn í svipað horf og áður, þó nokkru lægra.

Háttv. Ed. hækkar 12. gr. um 5880 kr., en lækkar 13. gr. um 36000 kr. 14. og 15. gr. hækkar háttv. deild um nærfelt 20 þús. kr. til samans, en lækkar 16. gr. um 3520 kr. Er það ljóst, að lækkun háttv. deildar kemur aðallega niður á verklegum framkvæmdum, en hækkunin á öðrum liðum. Er óhætt að segja, að töluverður stefnumunur með deildunum komi fram í þessu efni. Fjvn. Nd. hefir reynt að forðast hækkun á 14. og 15. gr., en heldur viljað hlynna að þeim greinum, er til framkvæmda miða. Nú hefir nefndin leyft sjer að koma fram með nokkrar brtt. á þskj. 557, sem flestar eru áður kunnar. Ein till. nefndarinnar er bæði til hækkunar og lækkunar, um 50—60 þús. kr. til hækkunar, en 35 þús. kr. til lækkunar. Verði till. nefndarinnar samþykt, þá hækkar útgjaldaliðurinn um 28 þús. kr. Tekjuhallinn verður þá um 150 þús. kr. En þegar þess er gætt, að gert er ráð fyrir rúmum 200000 kr. gjaldamegin, sem eru skilyrðisbundnar, þá má með rjettu segja, að þingið skilji við fjárlögin með 50 þús. kr. tekjuafgangi, og má það teljast viðunanlegt eftir atvikum.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á aðra brtt. nefndarinnar, sem sje þá, að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði njóti sömu launa og gert var ráð fyrir áður hjer í háttv. deild. Nefndin sá eigi ástæðu til þess að grípa sjerstaklega niður til sparnaðar á þessum eina manni. Þessi laun hans eru búin að standa í fjárlögum síðan 1919 og hafa verið skoðuð sem samningsatriði við hann. Þessi upphæð er þannig tilkomin, að læknirinn hafði 800 kr. samkvæmt lögum, en þegar launalögin komu til sögunnar og hjeraðslæknalaunin voru hækkuð um helming, eða að meðaltali sem því svaraði, þá þótti og rjett að hækka laun þessa læknis hlutfallslega. Stofnþóknun hans var þá ætluð kr. 1500, og af þeirri upphæð átti síðan að reikna dýrtíðarbætur. En þá var gert ráð fyrir, að hækkunin væri bundin við þennan mann og embætti þetta legðist niður með honum.

Þá kem jeg að 3. brtt., um að fella niður styrkinn til Guðrúnar Gísladóttur Björns, hjúkrunarkonu. Hefir nefndin viljað fara að vilja háttv. Ed. um það að fella niður styrk til hjúkrunarkvenna, en eigi sjeð ástæðu til að taka þennan styrkbeiðanda einan út úr. Því leggur nefndin til, að liðurinn falli niður.

Um 4. brtt., um viðbótarstyrk til Breiðafjarðarbátsins, skal jeg eigi fjölyrða Hefi jeg skýrt frá því áður, að nefndin hefir gert ráð fyrir 16 þús. kr. í alt til hans, þar af 10 þús. kr. í fjáraukalögum. En þrátt fyrir þetta, hefir hún ekki sjeð ástæðu til að hækka aðalupphæðina til flóabátanna.

Um 5. og 6. brtt. skal jeg ekki fjölyrða. Um þær hefir verið rætt áður. Nefndin hefir eigi sjeð ástæðu til annars en að láta þær framkvæmdir, sem þar ræðir um, fylgjast með öðrum af sama tægi. Nefndin vill lækka uppbótarupphæð til starfsmanna landssímans, og gerir þá ráð fyrir að uppbótina fái aðeins talsímakonurnar við bæjarsímann í Reykjavík, 200 kr. hver, auk dýrtíðaruppbótar, og Steindór Björnsson efnisvörður, vegna sjerstakra ástæðna, 200 kr. með hverju barna sinna.

Skrifstofukostnað vitamálastjóra hefir nefndin viljað færa til þess, er áður var, enda hefir hann skýrt nefndinni frá því, að hann megi ekki minni vera.

Nefndin leggur til, að niður falli fjárveiting til girðingar um kennaraskólann. Getur hún vel fallist á það, að æskilegt væri að girða umhverfis skólann, en álítur hins vegar, að ýmislegt fleira sje eins nauðsynlegt að komist í framkvæmd. Hefir þetta mál verið áður til meðferðar í háttv. deild, og var nefndin á móti því þá engu síður en nú.

10. brtt. er áður þekt; hefir af vangá aftur verið prentað „rafveita“ í stað „rafmagnsveita“, en það má vitanlega laga á skrifstofunni.

Þá er það 11. brtt. nefndarinnar, þar sem hún hefir lækkað byggingarstyrkinn til barnaskóla utan kaupstaða um 5 þús. kr. Þó að nefndin hafi eigi breytt skoðun sinni á máli þessu og telji eigi rjett að veita fje í þessu skyni, þá hefir hún eigi sjeð sjer fært að fara í kapp við háttv. Ed. út af þessu. Álítur nefndin eigi rjett að ganga lengra en að veita fje til þess að gera við þau skólahús, sem nú eru til, og auk þess hefir nefndin sett þá athugasemd aftan við greinina, að fjeð verði því aðeins greitt, að útlit sje fyrir, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldum. Háttv. Ed. setti þessa athugasemd um byggingu sjúkrahúss á Ísafirði. Þótti nefndinni þessi atriði nokkuð hliðstæð, og vildi því láta jafnt yfir þau bæði ganga. Nú hefir háttv. þm. Ísaf. (JAJ) komið fram með till. um, að þessi athugasemd falli niður að því er snertir sjúkrahúsið á Ísafirði, og verði sú till. samþykt, þá verður athugasemd nefndarinnar um barnaskólahúsin tekin aftur.

Nefndin treystir sjer eigi til að mæla með því, að hækkuð sje fjárupphæðin til að semja og gefa út alþýðukenslubækur, og skal jeg í því efni láta mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um það mál.

Háttv. fjvn. Ed. hefir hækkað tillagið til Þjóðvinafjelagsins um 5000 kr. En fjvn. þessarar háttv. deildar lítur svo á, að fjelaginu sje mjög mikil bót að því að hafa 5000 kr. til þess að spila úr, og sjer eigi ástæðu til þess að hækka upphæðina upp í 10 þús. kr. Hún leggur því til, að upphæðin sje færð í sama horf og áður.

15. brtt. er gamall kunningi, og þarf eigi að tala um hana.

16. brtt., um að lækka Guðm. Bárðarson um 500 kr., miðaði nefndin við það, að hann hefir hæst haft 1800 kr. hjá Alþingi, og áleit nefndin því eigi ósanngjarnt, að hann hefði 300 krónum lægri styrk nú en áður. Fanst henni eigi ástæða til að veita þessum manni hærri ferðastyrk en t. d. dr. Helga Jónssyni.

Meiri hluti nefndarinnar sá sjer ekki fært að hækka styrkinn til dr. Helga Pjeturss.

Þá koma 2 nýir liðir, sem háttv. Ed. hefir sett inn, en það er styrkur til þeirra Jóns Þorsteinssonar og Markúsar Kristjánssonar. Fjvn. hefir lagt til, að liðir þessir væru feldir niður, og býst jeg við,

að það hafi eigi komið hv. deildarmönnum á óvart. Því hefir verið lýst yfir, að stefna nefndarinnar er sú, að veita eigi námsstyrki, heldur lánsheimildir til náms, og því sá nefndin sjer eigi fært að taka einstaka menn út úr og brjóta með því regluna. Er það eigi af því, að nefndin sje á móti mönnum þessum, að hún leggur til, að liðirnir sjeu feldir niður; hún hefir þvert á móti ástæðu til að ætla, að þeir sjeu mjög efnilegir menn í sinni grein. En nefndin hefir einu sinni tekið þessa stefnu og getur eigi breytt henni, nema með því að taka þá alla slíka styrkbeiðendur til greina.

Um 20. brtt. þarf jeg eigi að tala.

Um 21. brtt., um Búnaðarfjelagsstyrkinn, skal jeg taka það fram, að nefndin sá, að það var tilgangslaust og jafnvel rangt að hafa athugasemdina aftan við liðinn eftir samþykt jarðræktarlaganna.

Háttv. Ed. hækkaði tillagið til bóndans í Fornahvammi um 300 kr. En fjvn. þessarar háttv. deildar sá eigi ástæðu til, að hann fengi hærri styrk en þeir fá hæstan, er líkt stendur á fyrir.

23. brtt. er áður þekt. Það er endurveiting, og nefndin væntir þess, að hv. deildarmenn sjeu á sömu skoðun nú og áður í því efni.

Hvað 24. brtt. snertir, um styrkinn til Sláturfjelags Suðurlands til sútunarhúss, er þess að geta, að nefndin heldur fast við það, sem áður var gert í því máli, enda getur það eigi komið í bága við hv. Ed. Eins og háttv. deildarmönnum mun kunnugt, þá var borin fram í þeirri háttv. deild till. um að fella niður styrkinn, og var hún samþykt, en svo tekin upp aftur till. nokkru lægri, af því að eigi var hægt að taka upp sömu till. aftur. Var sú till. samþykt, og bendir það á, að háttv. Ed. hafi snúist hugur í málinu.

Meiri hl. fjvn. leggur það til, að feldur verði niður liðurinn um styrk til Sigurðar Magnússonar, af sömu ástæðu og nefndin tók fram hjer áður um hækkun eftirlauna Sigvalda S. Kaldalóns. Treystir hún sjer ekki til að mæla með hærri eftirlaunum.

26. brtt. hefir verið rædd áður.

Um það, sem eftir er af brtt., get jeg verið mjög stuttorður. Háttv. Ed. hafði byrjað á því að fella niður allar lánveitingar, er gert var ráð fyrir. En fjvn. þessarar deildar áleit enga hættu, þó að heimildir til lánveitinga væru gefnar, ekki síst úr því farið var inn á þá braut, og skal jeg þá geta þess, að háttv. Ed. hefir horfið frá stefnu sinni og komist inn á lánsheimildarbrautina aftur.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á brtt. á þskj. 578. Nefndinni er kunnur læknir sá, er í vetur ætlaði að leggja þetta fyrir sig, og taldi því rjett að binda styrkinn við hann. Telur hún óhætt að veita honum þetta fje, því að hún er sannfærð um, að það muni að gagni koma.

Þá kem jeg að brtt. um 1000 kr. hækkun á upphæðinni til afritunar skjala. Svo er málinu varið, að fengið hefir verið að láni frá Kaupmannahöfn mikið af skjölum fyrir Pál Eggert Ólason prófessor, til notkunar við sögurannsóknir hans. Hann hefir nú notað þessi skjöl, og ætti því að rjettu lagi að skila þeim strax. En þar sem skjöl þessi eru mjög merkileg, er álitið nauðsynlegt að afrita þau, því að það má búast við því, að þau verði ekki lánuð hingað aftur, því að hlutaðeigendur vilja vitanlega eigi leggja þau í meiri hættu en nauðsynlegt er. Nú er búið að panta skjöl til afritunar, fullkomlega fyrir þessum styrk, og því verður að bæta við hann, ef skjöl þessi eiga að afritast.

Þá er brtt. nefndarinnar undir lið XII

á þskj. 578. Stendur þar 600 kr. „uppbót“ til Einars Sæmundsens skógarvarðar, en á að vera „húsaleiguuppbót“. Skógarverðirnir á Völlum og Hallormsstað hafa ókeypis bústað auk launa sinna, en þessi skógarvörður, sem hefir mjög stórt umdæmi, hefir aðeins hina lögákveðnu þóknun fyrir starfa sinn, og verður því sjálfur að kosta dýrt húsnæði. Nefndinni fanst þetta ósamræmi, sem bæta yrði úr að einhverju leyti, og hefir því lagt til, að þessum skógarverði væru greiddar 50 kr. á mánuði í húsaleiguuppbót. Vitanlega verður hann ekki eins vel settur og hinir skógarverðirnir, þó að brtt. þessi verði samþykt, en hún veitir honum nokkra úrlausn.

Þá eru ekki fleiri brtt. frá fjvn., en um leið vil jeg minnast á nokkrar brtt. frá einstökum þm.

Jeg gat um, að nefndin væri meðmælt III. brtt. á þskj. 578, en næstu brtt. á sama þskj. getur nefndin ekki fallist á. Treystir hún sjer ekki til að mæla með hærri styrk til sjúkrahúsbygginga að þessu sinni en gert var til sjúkrahússins á Ísafirði, sem var ekki nærri því eins hár og þurfti, en nefndin fór þar svo langt, sem hún sá sjer fært.

Nefndin hefir enn ekki heyrt ástæður hv. þm. Mýra. (PÞ) fyrir brtt. hans um hækkun á styrk til bátaferða, og getur því ekki að svo stöddu lýst afstöðu sinni til hennar.

Af því, sem jeg hefi áður sagt, leiðir afstaða nefndarinnar til brtt. hv. 1. þm. Reykv. (JakM) á þessu sama þskj.

Meiri hl. nefndarinnar er meðmæltur brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ) til handritakaupa (handrit Jóns Aðils), en heldur uppteknum hætti, að vera á móti styrk til ábúandans í Grísartungu. Sömuleiðis er nefndin á móti brtt. þeirra háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) og háttv. þm. N.-Ísf. (S-St) til verðlauna fyrir ritgerð um útrýming refa. Telur hún ekki tryggilega um búið, þar sem gert er ráð fyrir, að verðlaunin sjeu greidd þegar er ritgerðin sje afhent stjórn Búnaðarfjelagsins, án þess að víst sje, að ritgerðin sje nokkurra verðlauna verð.

Sama gildir um brtt. hv. þm. Dala (B-J) í þessu máli.

Um brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir nefndin óbundnar hendur, en aftur á móti er hún mótfallin brtt. hæstv. atvrh. (KlJ) um að halda áfram styrkveitingu til Þorvalds Árnasonar. Finst nefndinni, að þingið sje búið vel að gera í garð þessa manns, að veita honum 3000 kr. námsstyrk, og þrátt fyrir það, hversu nauðsynlegt það kann að vera, að hann haldi áfram þessu námi, telur hún ekki ósanngjarnt, að hann bjargi sjer með lánum hjer eftir, eins og aðrir námsmenn verða að gera.

Um brtt. á þskj. 582 get jeg ekki sagt neitt fyrir hönd nefndarinnar, þar eð þær hafa ekki komið fram fyr en hjer á fundinum. Hefir nefndin því óbundin atkv. um þær.

Forsætisráðherra (SE): Að því er snertir 1. brtt. hv. fjvn. á þskj. 557, skal jeg taka það fram, sem jeg hefi reyndar áður tekið fram í hv. Ed., að jeg verð að líta svo á, að þó að 5000 kr. upphæðin verði samþykt, mun stjórnin ekki telja það bindandi fyrir sig, nema því aðeins, að hæfilegt húsnæði fengist fyrir þá leigu.

Mjer þykir leitt, að nefndin hefir lagt á móti fjárveitingu til að girða fyrir lóð kennaraskólans. Er hin mesta nauðsyn á þessu verki og hefir skólastjórinn margoft farið fram á fjárveitingu í þessu skyni, en

stjórnina hefir brostið fjárlagaheimild til að veita hana.

Mjer þykir leitt, að nefndin hefir með 11. brtt. sinni á þskj. 557 lækkað styrkinn til barnaskólahúsa utan kaupstaða og breytt þar orðalaginu. En það þýðir víst ekki að deila við dómarann. Till. nefndarinnar í þessu efni eru byggðar á skoðunum, gerólíkum mínum. Verst er þó, að nefndin hefir hnýtt aftan við þennan lið, að styrkurinn skuli því aðeins greiddur, að tekjur hrökkvi fyrir gjöldum. Hefði jeg kosið, að þessi fjárveiting væri ekki bundin neinu skilyrði.

Þá hefir nefndin nafnbundið styrkinn til augnlækninganámsins. Jeg flutti í háttv. Ed. brtt. um þennan styrk, og var ástæðan sú, að svo má ekki lengur standa, að aðeins sje hjer á landi einn augnlæknir. Liggja þau vandræði í augum uppi, sem af því geta hlotist, að enginn augnlæknir sje hjer í Reykjavík meðan þessi eini maður er í hinni árlegu hringferð umhverfis landið og eins ef hann yrði veikur. Þessar voru ástæðurnar fyrir till. minni og var mjer kunnugt um fleiri en einn lækni, sem höfðu hug á þessu framhaldsnámi. Jeg er þó alls ekki mótfallinn því, að styrkurinn sje bundinn við nafn, ekki síst það nafn, sem háttv. fjvn. leggur til. Sá læknir hefir áður sýnt sjerstakan áhuga og dugnað, og er því vel farið, að hann njóti styrksins.

Jakob Möller: Jeg á tvær brtt. við þetta frv. eins og það nú liggur fyrir.

Sú fyrri er á þskj. 578, um hækkun á uppbót símameyjanna. Háttv. Ed. hefir breytt þessari fjárveitingu þannig, að af þeim 17700 kr., sem hjer voru samþyktar, skuli 1600 kr. veittar ákveðnum manni. Þetta raskar grundvelli þeim, sem upphæðin, 17700 kr., var bygð á, eftir till. landssímastjóra, og verður því ekki hægt að skifta upphæðinni á þeim grundvelli. Jeg geri ráð fyrir, að þessi háttv. deild sje samþykk þessari 1600 kr. fjárveitingu, en vilji hins vegar ekki lækka upphæð þá, sem hún hefir einu sinni sett inn í fjárlögin til almennrar uppbótar á launum símamanna.

Viðvíkjandi till. háttv. fjvn. skal jeg taka það fram, að það er vitanlegt, að nefndin var altaf á móti þeirri upphæð, sem samþykt var, og því ekki nema eðlilegt, að hún beri fram þessa brtt. um lækkun. Háttv. frsm. (MP) gerir grein fyrir þessari brtt. nefndarinnar á þann hátt, að hún ætlist til, að hver stúlknanna fái 200 kr., og þar að auki dýrtíðaruppbót. En till. landssímastjóra, sem þessi háttv. deild hefir áður samþykt, miðaðist við það, að kjör stúlknanna á miðstöð Reykjavíkur yrðu eftir henni ekki lakari en hinna, sem starfa við landssímann. Jeg þarf því vonandi ekki að mæla frekar með þessari brtt., þar sem þessi háttv. deild hefir í raun og veru tekið afstöðu til hennar áður, sem jeg býst við, að hún kviki ekki frá.

Hin brtt. mín er á þskj. 582, um 800 kr. til útgáfu Skólablaðsins. Slík styrkveiting hefir um mörg ár verið í fjárlögunum, en fjell niður úr stjórnarfrv. fyrir árið 1922, væntanlega af því, að stjórninni var kunnugt, að útgefendur blaðsins voru þá orðnir þrír, og þá talið ljettara fyrir þá að standast kostnaðinn. Reynsla þessara útgefenda er sú, að þeir hafa ekki staðist kostnaðinn, og uppgáfust tveir þeirra, en sá þriðji, sem nú er orðinn einn, telur sig neyddan til að hætta við útgáfu blaðsins, ef hann fær ekki styrk. Hygg jeg, að Alþingi teldi það illa farið og muni fúst til að veita þennan styrk, enda hefir það aldrei felt hann.

Það mun enn fremur hafa vakað fyrir stjórninni, að margar beiðnir um styrk til útgáfu sjerfræðiblaða og tímarita hafa borist henni. Nú er það kunnugt, að þau hafa flest eða öll leitað annarsstaðar styrks og fengið úrlausn, og því lítil hætta á, að margar styrkbeiðnir sigli í kjölfar þessarar, þó að hún yrði samþykt.

Þá má og benda á það, að 2 tímarit, „Freyr" og „Ægir", eru í raun og veru gefin út fyrir fje ríkissjóðs, þar sem þau eru kostuð af því fje, sem hann leggur til Búnaðarfjelaginu og Fiskifjelaginu.

Vonast jeg eftir að þurfa ekki að mæla með þessu lítilræði frekar, enda gott verk og þarft að styðja kennara til útgáfu blaðs þessa.

Gunnar Sigurðsson: Jeg hefi litlu látið mig skifta þessi fjárlög yfirleitt og síst hefi jeg valdið hækkunum útgjaldanna.

Það er ein brtt. hv. fjvn., sem jeg ætlaði að minnast á örfáum orðum, sú, að fella niður námsstyrk til Markúsar Kristjánssonar slaghörpuleikara (eða pianóleikara). Jeg man reyndar ekki betur en að jeg hafi áður greitt atkvæði á móti þessari styrkveitingu, en þá þekti jeg ekki þennan mann, og jeg legg yfirleitt ekki mikið upp úr vottorðum, sem fylgja styrkbeiðnum.

En fyrir skömmu hittist svo á, að je fjekk tækifæri til að heyra mann þennan leika á hljóðfæri.

Að vísu skal það viðurkent, að jeg e enginn sjerstakur listdómari á þessu sviði, en þó þori jeg að fullyrða, að hann hef alveg óvenjulega hæfileika til að bera, eftir þeirri leikni að dæma, sem hann spilar með hin vandasömustu hlutverk, ekki meiri kenslu en hann hefir hlotið. Þá hefir hann og sjálfur samið mjög snotur lög og má gera sjer hinar bestu vonir um framtíð hans á því sviði. Legg jeg eindregið til, að honum sje veittur þessi styrkur, því svo segir mjer hugur um, að það geti margborgað sig fyrir þjóðina.

Þorsteinn Jónsson: Jeg hefi borið hjer fram brtt. á þskj. 578, ásamt háttv. þm. N.-Ísf. (SSt), um verðlaun til Sveinbjörns Sveinssonar fyrir að semja og birta í Búnaðarritinu ritgerð um örugg ráð til að vinna á stuttum tíma refi í grenjum. Þessi sama till. kom fram á þinginu 1919, og var þá borin fram af hv. 1. þm. N.-M., sem þá var. Er orðalag tillögunnar sama og var þá, og skal jeg játa, að það er ekki sem heppilegast. Þó till. þessi verði samþykt, er ekki ætlast til, að styrkur þessi verði veittur, nema stjórn Búnaðarfjelagsins telji það rjett, eftir því sem í tillögunni felst.

Jeg þekki mann þennan og veit, að hann er óvenjuheppinn í grenjavinslum. Hann telur, ef rjett sje að farið, þá megi vinna hvert gren á 12 tímum. En til þess ganga oft fleiri dagar. Ef þetta er rjett, þá fengi landið margborgaðan þennan litla styrk aftur, með því að almenningur lærði hinar fljótlegu og hagfeldu aðferðir við grenjavinslu.

Þá á jeg brtt. á þskj. 582, ásamt háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), um styrk til Skólablaðsins. Annars hefir meðflutningsmaður minn talað svo vel fyrir till. þessari, að það er óþarfi af mjer að bæta þar miklu við. Vil jeg þó undirstrika það, sem hann sagði, að það er algengt, að blöð og tímarit fái styrk; er þetta því engin undantekning. Og fái blaðið ekki styrk þennan, verður það að hætta að koma út.

Um styrkinn til Þjóðvinafjelagsins skal jeg taka það fram, að jeg tel rjett að láta

hann halda sjer eins og efri deild gekk frá honum, því að jeg tel, að hann geti orðið til mikils gagns fyrir þjóðina.

Pjetur Þórðarson: Það virðist helst sem hv. fjvn. þyki það að ófyrirsynju, að jeg hefi borið fram brtt. á þskj. 578, um hækkun styrks til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum. Jeg mintist á það endur fyrir löngu í samgöngumálanefndinni, þegar hún var að semja tillögur um skifting styrksins fyrir yfirstandandi ár, að mikil nauðsyn væri að hækka styrkinn til þessara ferða, og tóku flestir nefndarmenn því þá mjög fjarri. Var hann þó ¼ hærri en nú í fjárlagafrv., eða 100 þúsund krónur. Hann var samt langt frá því að vera fullnægjandi til þeirra bátaferða, sem mest nauðsyn var á að styrkja. Þannig voru t. d. sumar umsóknirnar lækkaðar um ⅔ hluta. Alstaðar var sama sagan, styrkurinn reyndist alveg ónógur til þess að halda allra nauðsynlegustu ferðunum uppi. Má þar til nefna Djúpbátinn, Breiðaflóabátinn, Faxaflóabátinn og bát þann, er gengur upp að ströndum Vestur-Skaftafellssýslu, eða yfir höfuð að tala fyrir allri strandlengjunni austan frá Hornafirði og norður fyrir Ísafjarðardjúp. Austfirðir og Norðurland munu líka hafa þótt bera skarðan hlut frá borði, þrátt fyrir Esjuferðirnar væntanlegu.

Sumir telja, að ekki sje rjett að ætla meira til bátaferðanna en stjórnin áætlaði, af því að með strandferðaskipinu nýja minki þörfin fyrir þá. En þessu er ekki þann veg farið, því að það hlýtur að vera öllum hv. þm. auðsætt, að ekki er hægt að komast af með minni ferðir t. d. á Ísafjarðardjúpi en nú eru. Sama er að segja um ferðir á innanverðum Breiðafirði, Hvammsfirði og Gilsfirði. Hið eina, sem hugsanlegt er að fella mætti niður af ferðum þessum, eru nokkrar ferðir milli Breiðafjarðar og Reykjavíkur. En aftur er knýjandi nauðsyn á því að fjölga ferðum á innanverðum Faxaflóa, alveg óumflýjanleg. Þá er líka lítil von um, að strandferðaskip bæti úr ferðaþörfinni til Suðurlandsundirlendisins. Það bendir því ekkert í þá átt, að ferðaþörfin verði minni eða ferðirnar ódýrari eftirleiðis. Heldur lítur út fyrir hið gagnstæða. Á þessum ástæðum hefi jeg bygt tillögu mína, og jeg skal geta þess, að jeg samdi hana ekki fyr en jeg var búinn að sjá tillögur hv. fjvn. Sá jeg þar, að hún hefir ætlað 6 þús. af þeim 75 þús. kr., sem til bátaferðanna eiga að ganga, sem viðbótarstyrk til Breiðafjarðarbátsins Svans. Hefi jeg því miðað mína tillögu við till. nefndarinnar og ætlað styrkinn 96 þús. kr., til þess, að eftir yrðu 90 þús. til bátaferðanna yfir höfuð, og farið þannig sem næst meðalveg milli áætlunar þessa árs og þeirrar, er nú liggur fyrir.

Jeg hefi enga hugmynd gert mjer um það, hvernig þessu verði tekið. En það eitt veit jeg, að óhjákvæmilegt verður að veita þetta eða síst minni fjárhæð til þessara ferða áður langt um líður. Það má vel vera, að sumir líti svo á, að „frestur sje á illu bestur," og því sje rjett að veita þessa fjárhæð sem minsta nú, til þess að mismunurinn á tekjum og gjöldum fjárlaganna verði sem minstur. En mjer finst það koma alveg í sama stað niður.

Þá á jeg enn fremur XIII. brtt. á þskj. 578, um lítinn styrk til ábúandans í Grísartungu. Háttv. deild sýndi till. þessari velvild um daginn. Læt jeg því skeika að sköpuðu, hvernig um hana fer nú.

Þá skal jeg geta þess, háttv. fjvn. til

hugarhægðar, að jeg býst við að geta greitt atkv. með einhverjum af till. hennar, sem jeg greiddi atkvæði á móti um daginn. Jeg skal svo að endingu geta þess, að jeg mun greiða atkv. um hverja fjárveitingu eftir því, hvort jeg tel þær sanngjarnar eða rjettar, og læt mig engu skifta, hvaðan þær koma eða hverjir mæla með þeim eða á móti.

Bjarni Jónsson: Jeg skal vera stuttorður og aðeins drepa á nokkra liði, sem liggja fyrir hjer til umræðu. Er þá fyrst 11. liður á þskj. 557. Harma jeg, að hann skyldi komast inn, því að barnaskóla utan kaupstaða ætti aldrei að byggja á þessu landi.

Þá er 16. liður. Jeg er alveg á móti að lækka styrkinn til þessa nafnkunna vísindamanns. Þá sje jeg ekki ástæðu til að fara í kapphlaup við hv. Ed. með að fella niður styrkinn til Helga Pjeturssonar, Jóns Þorsteinssonar og Markúsar Kristjánssonar. Jeg er því alveg á móti því, að þessir liðir sjeu feldir niður. Sama er að segja um 25. lið. Jeg bar hann fram hjer í þessari hv. deild og er því mótfallinn, að vilji Ed. verði virtur að vettugi í þessu efni.

Þá verð jeg að mæla með 26. lið, því að hann er til þess að láta mann ná rjetti sínum, því að það verður svo að vera, að menn viti, að þeir eigi hjer athvarf, ef rjettur þeirra er fyrir borð borinn. Þó jeg telji ekki rjett að vera að fella niður smáliði, sem Ed. hefir tekið upp, þá er þar með ekki sagt, að jeg sje á móti því að taka aftur upp þá liði, sem hún hefir felt niður, sem talist geta stefnumál, eins og t. d. símana. Vænti jeg nú, að þeir verði með þeim, er áður voru á móti, til þess að sýna sjálfstæði þessarar hv. deildar. Og líkaði mjer vel það, er háttv. þm. Mýra. (PÞ) sagði, að hann myndi nú geta verið með mörgu því, er hann áður hefði verið á móti.

Þá skal jeg snúa mjer að III. brtt. á þskj. 578, frá háttv. þm. Skutilsfjarðareyrar. Þeirri brtt. er jeg meðmæltur, því að það yrði of seint, sem Ísafjarðardjúpið fengi sjúkrahús sitt, ef athugasemdin væri látin standa.

Þá vil jeg leggja VII. brtt. á áðurnefndu þskj. mitt liðsyrði, því að hún hefir verið samþykt hjer áður, og er því auðsætt, að hana ber að samþykkja aftur.

Þá flyt jeg X. brtt. á þskj. 578, um styrkinn til Bjarna Sæmundssonar. Hann hefir óskað eftir þessu orðalagi, og vænti jeg því, að brtt. verði samþ. án atkvgr.

Þá kem jeg að þessari refatillögu þeirra samherjanna, háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorsteinnJ) og háttv. þm. N.-Ísf. (SSt). Þetta er vitanlega mjög merkileg tillaga, því að áríðandi er að geta eytt sem flestum refum í landinu, og efast enginn um, að ritgerðir í Búnaðarritinu sjeu best til þess fallnar. Fyrir því hefi jeg leyft mjer að koma með brtt. við till. þeirra, til þess að hægt væri líka að fá upplýsingar hjá manni nokkrum vestur í Dölum, Jóni Guðmundssyni að nafni, sem hefir alla tíð verið mikill refaóvinur og eytt fjölda þeirra. Ef jeg væri eins mikill refasnillingur og þessir menn, þá mundi jeg semja ritgerð og leggja til, að þeir færu til hv. þm. N.-M. (ÞorsteinnJ), sem vildi tala og skrifa refina dauða, en hinir til hv. þm. N.-Ísf. (SSt), er vildi skrifa líf í þá. En fari svo, að mín brtt. um styrkinn til Jóns Guðmundssonar verði feld, þá verð jeg einnig á móti hinum styrknum.

Jeg vil mæla með till. hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) um styrk til Byggingarfjelags starfsmanna ríkisins. Vona jeg, að háttv. deild verði ekki á móti slíkri sanngirniskröfu,

Þá kemur styrkurinn til Reinholds Anderssons skraddara til þess að sauma landsforða af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum. Yrði ekki svo lítill gjaldeyrissparnaður fyrir ríkið, ef þetta kæmist í framkvæmd, auk þess hve það er miklu eðlilegra, að unnið sje hjer úr ullinni, og mundi það veita tryggari markað fyrir hana. En til þess að slíkt geti orðið, verður að framleiða vöru úr íslenskum dúkum, sem ekki standi að baki þeirri útlendu og sje jafnútgengileg. Nú kaupa menn inn útlendan fatnað fyrir ¾ milj. króna. Margt af þeirri vöru er hræódýrt en líka hræónýtt. Ef nú kæmi í staðinn góður íslenskur fatnaður, mundi hann fljótt bola hinn út af markaðinum og jafnframt bæta fyrir ullarmarkaðinum hjer heima. En nú er það erfitt fyrir fátækan mann að kaupa mikið af efnum og vinnu og leggja mikið fje í það fyrst í stað. Bankalán fæst ekki til þess nema með afargóðum tryggingum og háum vöxtum. Háttv. deild hafði svo góðan skilning á þessu síðast og sá, að hjer var um það að ræða að hjálpa öðru nytsemdarfyrirtæki hjer, nefnilega ullariðnaðinum, og þess vegna er þetta tekið upp aftur, þó að það væri af misskilningi felt í háttv. Ed. Þetta er öðrum þræði verslunarfyrirtæki, og mun Andersson fá í lið með sjer færan verslunarmann. Og enginn vafi er á því, að þetta fyrirtæki muni blómgast, þar sem Andersson er mjög góður og duglegur skraddari og verslunin í höndum góðs manns. Þetta fer alveg í sömu átt og þingið hefir oft og lengi barist fyrir, nefnilega að bæta fyrir íslenskum markaði og bæta úr gjaldeyrisvandræðunum.

Ef þetta verður nú samþykt hjer, vona jeg, að það verði látið í friði í hv. Ed. Hefir það máske verið felt þar sökum þess, að hv. deild hafi þótt líkur fyrir því, að fje mundi ekki verða fyrir hendi, en það er ekki hægt að segja um fyrirfram, og gott að hafa lánsheimildina af öðrum ástæðum. Það gæti bætt fyrir á öðrum sviðum, ef það kæmi í ljós, að ríkið hefði tekið svona vel í þetta.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg stend upp til þess að láta óánægju mína í ljós á meðferð hv. Ed. á fjárlögunum yfirleitt, þar sem hún hefir leyft sjer að fella niður fjárveitingar til nauðsynlegra fyrirtækja, sem gefið gætu þjóðinni beinlínis eða óbeinlínis arð, en tekið upp í þeirra stað ýmsa bitlinga og aðrar fjárveitingar, er síður virðast nauðsynlegar. Ein af þeim fjárveitingum, sem háttv. Ed. hefir látið sjer sæma að fella í burtu, var styrkur og lánveiting til sútunarverksmiðju, er Sláturfjelag Suðurlands hefir ráðgert að koma á fót, sem hlýtur að skoðast bráðnauðsynlegt fyrirtæki, sem miðar til eflingar framleiðslu þjóðarinnar. En þó þótti mjer taka út yfir með símana, þar sem fjvn. þeirrar hv. deildar lagði til, að þeir væru allir feldir niður, að undanskildum einum, sem búið var að flytja efnið til á staðinn. En þó var það verra, að hæstv. atvrh. (KlJ) skyldi trufla svo háttv. deild, að hann gat komið henni til, eftir áeggjan landssímastjóra, að setja inn aftur alla þá síma, er honum einum hafði þóknast að yrðu lagðir öðrum fremur, og var því valdur að því að koma hv. deild gersamlega út af þeirri samræmisbraut, sem hún virtist vera komin á, enda þótt jeg sje ekki að hrósa því samræmi, er hún virtist vilja halda, en var þó öllu skárra en endalokin. Mjer finst, að þessi háttv. deild geti ekki gert sig ánægða með það, að háttv. Ed. sýni henni þá lítilsvirðingu

að fella niður fjárveitingar eins og t. d. til Selvogssímans, sem samþyktur var hjer með 19 atkvæðum. Að minsta kosti get jeg ekki þolað þá kúgun af þeirri háttv. deild fyrir hönd háttv. Nd. Jeg get ekki skilið í því, að það geti verið rjett, sem mjer hafði borist til eyrna, að sumir af þeim háttv. þm., sem höfðu samþykt þessa fjárveitingu, væru nú að hugsa um að beygja sig undir ofurvald háttv. Ed., þar sem jeg hafði lýst svo greinilega þeirri þörf og því gagni, sem þessi símalína mundi gera, þar sem hún gæti beinlínis orðið til að bjarga lífi íbúa sveitarinnar, ef um veikindi er að ræða og leita þarf læknis til Eyrarbakka, og þar sem hún gæti orðið til þess að efla sjávarútveginn austan fjalls og bjarga lífi sjómanna þeirra, er stunda þangað sjó frá Stokkseyri og Eyrarbakka, og þá einnig til að reisa við sjávarútveginn þar í sveit, svo sem í Herdísarvík og Nesi. Og sem loks gæti orðið til þess að efla landbúnaðinn þar drjúglega og auka íbúatölu sveitarinnar að miklum mun, ef um nýbýlarækt væri að ræða. En sárast tók mig þó, að hæstv. atvrh. (KlJ), sem á að hafa vakandi auga á því með hverju best megi hjálpa við atvinnuvegum þjóðarinnar, að hann skyldi láta svo að vilja landssímastjórans, að hann skyldi drýja þá ósanngirni að ráða hv. deild til þess að fella niður þessa fjárveitingu, þrátt fyrir það þótt hann hlýti að hafa sannfærst með ræðu minni, er jeg hjelt um þetta efni við 3. umr. fjárlaganna hjer í háttv. deild, eingöngu til þess að þóknast þeim aflmeiri og kröfuharðari, án þess að líta á það, sem er rjettmætt og sjálfsagt. Og vil jeg láta háttv. deildarmenn skilja það, að þjóðin, hún mun ekki verða þeim þakklát að fella niður fjárveitingu sem þessa, þar sem hún er bygð á fullkominni sanngirni og rjettmætum kröfum afskektrar sveitar, sem aldrei hefir notið neins styrks til nokkurs hlutar, en ávalt greitt það, sem henni bar.

Og hæstv. stjórn vil jeg segja það, að sú stjórn, sem á slíkan ráðherra, sem gengur á móti rjettmætum kröfum lítilmagnans, eingöngu til þess að þóknast þeim, sem eru meiri máttar, að hún er ekki á framtíðarvegi.

Björn Hallsson: Jeg stend ekki upp vegna þess, að jeg hafi neinn breytingatillögudrösul að draga. Jeg á enga brtt. nú. En háttv. fjvn. hefir lagst á móti einni fjárveitingu, sem snertir Austurland, og vil jeg fara um þann lið nokkrum orðum. Á jeg þar við styrkinn til kaupstaðabókasafna. Eins og háttv. þdm. er kunnugt, var sá styrkur hækkaður í háttv. Ed. um 1000 krónur, eða úr 3000 upp í 4000 krónur. En háttv. fjvn. Nd. leggur til, að hann verði lækkaður aftur. Var þetta gert í háttv. Ed. til þess, að hægt væri að hækka styrk til Bókasafns Austurlands, sem þessari upphæð næmi. Samkvæmt undanfarandi fjárlögum er heimilt að veita til bókasafna og lestrarsala í þorpum og bæjum alt að helmingi móti því, sem lagt er til úr sýslu-, sveitar- eða bæjarsjóðum. En í áætlun Bókasafns Austurlands fyrir 1924 er gert ráð fyrir, að úr bæjarsjóði Seyðisfjarðar og sýslusjóðum Múlasýslna sje lagt til 1850 krónur, svo að það verður talsvert fyrir ofan þá upphæð, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði, en sem er 1500 krónur.

Þetta er því engin ósanngirni, þótt farið sje fram á aukinn styrk til safnsins. Þarf ekki annað en benda háttv. deild á það, hvílíka þýðingu svona söfn hafi sem menningarmeðal. Það er því fjarri því, að þetta sje bitlingur, heldur nauðsynleg fjárveiting, til þess að efla mentun og

menning á Austurlandi. Eftir áætluninni er veitt 500 krónum meira annarsstaðar frá en úr ríkissjóði, og vex hröðum skrefum seinustu ár, sem veitt er til safnsins. Svo er enn ein ástæða, sem stjórn bókasafnsins bendir á að sje sjerstaklega knýjandi, og vil jeg með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr skýrslu bókasafnsstjórnarinnar:

„Sökum fjeleysis hefir ekki verið hægt að prenta bókaskrá fyrir safnið síðan 1913. Síðan hefir þó bæst mjög mikið við það, og þá fyrst og fremst hið ágæta safn Ásgeirs heitins Torfasonar. Óhugsandi er, að safnið geti starfað eins og fyrirhugað er, nema skráin verði samin og prentuð, enda er þegar byrjað að semja hana. En hún verður ekki samin og prentuð, nema til þess fáist *sjerstakt* fje, eða starfi safnsins verði að miklu skotið á frest og til skrárinnar notað það, sem annars gengur til reksturskostnaðar".

Vona jeg, að háttv. deild lofi þessu að standa, sem Ed. hefir samþykt, og felli till. háttv. fjvn. Þykir mjer þó leitt að þurfa að ganga á móti tillögu nefndarinnar, því að jeg hefi yfirleitt staðið nærri henni og fylgt till. hennar að miklu leyti, í það minsta þeim öllum, sem til sparnaðar stefna.

Þá ætla jeg aðeins að minnast á 2 eða 3 liði. Fyrst till. frá háttv. fjvn., að styrkur til Dansk-islandsk Samfund verði lækkaður niður í 300 krónur. Jeg er í raun og veru á móti þessum styrk, vildi helst fella hann alveg niður, og greiddi þannig atkvæði hjer í deildinni. En ef hann á nokkur að vera, þá er næstum hlægilegt að hafa hann ekki meira en 300 krónur, þar sem líka nýtt fjelag, sem starfar á líku sviði, hefir 1000 krónur. Það hefði þá verið betra að veita ekki neitt, eða þá eitthvað dálítið meira, t. d. 500 krónur. Auðvitað legg jeg alls ekkert kapp á þetta, en finst þetta aðeins hálfhlægilegt.

Þá er brtt. á þskj. 578,2. Er það afturganga hjer í deildinni. Er jeg hissa á því, að þetta skuli vera borið fram aftur, eftir að búið er að fella það einu sinni og sýna fram á, að til þessa læknisbústaðar er búið að veita meira en annarsstaðar er gert, þar sem Geysishúsið gekk til þessarar byggingar og var selt gjafverði, sem kunnugt er af ámælum þeim, er stjórnin hefir hlotið út af þeirri sölu. Ætla jeg að þessi kjarakaup vegi á móti nokkrum styrk, og þykir mjer nokkuð langt gengið að fara jafnframt fram á beinan styrk. Mun jeg greiða atkvæði á móti þessari till. Vitanlega eru fleiri liðir, sem jeg er á móti, því ekki er alt hægt að veita, jafnvel þótt þarft sje, t. d. til sjúkrahússbyggingar á Siglufirði 20000 krónur; enn fremur ýmsir bitlingar, sem sjálfsagt er að reyna að fella, sem eru bæði á þskj. 557 og 578. En það er ekki til neins að fjölyrða um það, heldur láta atkvæðagreiðsluna skera úr.

Eiríkur Einarsson: Jeg skal láta þess getið viðvíkjandi þessari brtt. minni um styrk til sjúkrahússins, að fjárbeiðnin kemur nú fram við fjárlögin, í stað þess, að hún var áður komin fram í sambandi við fjáraukalögin og var feld þar með litlum atkvæðamun. En síðan hefir þessari beiðni aukist fylgi, því formaður heilbrigðismálanna, landlæknir, leggur eindregið til, að þessi styrkur verði veittur, samkvæmt álitsskjali hans, er liggur nú fyrir háttv. deild, og segir landlæknir þar einnig í óspurðum frjettum, að það hafi verið hann, sem lagði til, að Geysishúsið yrði rifið og selt, eins og gert var. Ætla jeg ekki að fara að endurtaka það, sem

um þetta hefir verið rætt, en þykir jafngott, að þessar snarrótarþúfur hjer í þinginu, er standa í hvirfingu og ekki láta sig, þótt góð og gild rök komi á móti staðhæfingum þeirra, heyri enn með auknum upplýsingum, hvað rjett er og satt um þetta Geysismál.

Jeg verð að segja það, að það er einkennilegt innræti hjá háttv. 2. þm. N.-M. (BH), sem er bóndi af Austurlandi, að hann skyldi finna ástæðu til þess að minnast á þessa brtt. mína við hliðina á brtt. um styrk til Dansk-islandsk Samfund; allur í auðmýktaráttina gagnvart hinu danska, en þjösnaleg andæfi gegn hjálp handa fátæku og ógreiðfæru læknishjeraði til að reisa læknisbústað. Þetta sýnir vel, hve fylgispektin við hjegómadýrðina getur leitt bóndaeðlið langt frá föðurhúsunum

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg á hjer eina brtt., en þar sem jeg hefi rætt um þá fjárveitingu áður, finn jeg ekki ástæðu til að endurtaka það nú. En það var háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG), sem knúði mig til þess að standa upp. Hann gat þess, að jeg hefði gleymt fjárveitingunni til símans frá Þorlákshöfn að Nesi í Selvogi, þegar fjárlögin voru til umr. í hv. Ed., og hefði jeg með því vakið þann glundroða, að þess vegna hafi hann verið feldur burt. En jeg hefi ekki talað um þann síma þar eitt orð, hvorki með nje móti, og hafði alls enga ástæðu til að minnast á hann, svo jeg skil ekki orð og ummæli háttv. þm. um mig í þessu sambandi. Jeg hefi álitið 4 símalínur, sem margnefndar eru í þinginu, forgangslínur, sem ættu að sitja fyrir öllum öðrum. Jeg hefi haldið því fram, að þótt aðrar línur yrðu settar inn, mundi verða ómögulegt að leggja þær vegna fjárskorts, að svo stöddu, svo að þær mundu aðeins vera til á pappírnum. Kanske það eitt hafi vakað fyrir hv. þm. að fá hana bara á pappírnum. En sje svo, þá hefi jeg ekki verið meinsmaður þess, því sem sagt, jeg talaði ekki eitt orð um hana, hvorki með nje móti.

Með þessu athæfi mínu sagði háttv. þm., að jeg hefði lagst á lítilmagnann, það er að segja sjálfan hann. Jeg hygg þó, að háttv. þm. finnist hann vera alt annað en lítilmagni, þegar hann er að mæla fyrir tillögum sínum. Í þessu sambandi skal jeg leyfa mjer að skýra frá því, að í dag var til umræðu í háttv. Ed. brtt. um fjárveitingu til tveggja nýrra símalína, er fluttar voru af þingmanni, sem háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG) mundi alls ekki nefna lítilmagna. Jeg mælti þá í gegn báðum þessum símum, og það má háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG) vita, að jeg hefi fulla einurð til að mæla með eða móti, þegar jeg sje ástæðu til þess. Þennan síma, sem háttv. þm. ber svo mjög fyrir brjósti, hefi jeg látið afskiftalausan til þessa, og mun gera það framvegis, hvorki mæla með honum nje verða meinsmaður þess, að hann komist aftur inn í fjárlögin. Jeg tók það fram í dag í háttv. Ed., að mjer væri óljúft að vera á móti nokkurri símalínu, alveg eins og jeg gat ekki fengið af mjer að vera andvígur fjárveitingum til brúa og vegagerða, þegar jeg átti atkvæðisrjett hjer á þingi áður fyr.

Úr því að jeg er staðinn upp, skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtt. mína á þskj. 578,XVI, um 3000 kr. styrk til Þorvalds stúdents Árnasonar, til fullnaðarnáms við ullarverksmiðju í Englandi. Jeg heyrði mjer til mikillar mæðu, að jeg hafði hrapallega misskilið háttv. frsm. (MP). Hann tók það fram, að hann áliti, að þessi maður ætti að fara að eins og aðrir námsmenn, sem væru komnir að því að ljúka námi, sem sje

brjótast í gegn með lántöku. Jeg skildi háttv. fjvn. svo, sem hún kysi heldur, að styrk til þessa manns væri skift niður á 2 ár, 1923 og 1924. Jeg flutti því brtt. við fjáraukalagafrv. fyrir 1923 um 3000 kr. styrk handa honum, og flaug sú tillaga í gegn með um 20 atkv. Jeg hugði því, að þessi brtt. þyrfti engra meðmæla. En þar sem jeg hefi misskilið hv. fjvn. í þessu efni, vil jeg leyfa mjer að mæla fastlega með því, að brtt. verði samþykt, og vænti jeg þess, að þeir háttv. þm., sem áður greiddu atkvæði með styrk til þessa manns, geri það einnig nú. Það er að vísu auðvelt að vísa mönnum á lántöku, en ekki altaf jafnauðvelt fyrir fátæka menn að fá lán. Jeg efast um, að þessi námsmaður eigi þá menn að, sem geti veitt honum meiri styrk. Hann hefir þegar verið styrktur af nokkrum mönnum til náms í 3 ár, og væri því sorglegt, ef hann yrði nú að hætta námi án þess að taka fullnaðarpróf. Jeg vona því, að þessi brtt. fái góðan byr, ekki síst með tilliti til ullariðnaðarmálsins, sem rætt var hjer á laugardaginn, eins og öllum mun minnugt.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) ber fram brtt. að færa fjárveitinguna til útgáfu manntalsins 1703 yfir á rjettan stað. Það mun að líkindum óþarft, því að þetta stafar af misgáningi í prentun. Jeg flutti þessa fjárbón í háttv. Ed., og var greinilega tekið fram, að liðurinn ætti að vera undir 10. gr. B., og var hann samþyktur þannig. En þyki nauðsynlegt að leiðrjetta þetta með formlegri brtt., er auðvitað sjálfsagt að gera það.

Stefán Stefánsson: Jeg á eina brtt. á þskj. 578,IV, um að veittar verði alt að 20000 kr. til sjúkrahússbyggingar á Siglufirði, gegn að minsta kosti ⅔ hlutum annarsstaðar að. Snemma á þinginu sendi jeg umsókn um styrk þennan til háttv. fjvn., ásamt glöggri greinargerð frá hjeraðslækni og eindregnum meðmælum landlæknis. Jeg skal ekki tala langt mál um þetta, en vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr erindi hjeraðslæknis. Hann segir meðal annars í þessari löngu og nákvæmu frásögn um málið, sem hefir verið í undirbúningi frá því 1911, þegar fyrst var tekið að safna fje til sjúkrahússins, sem nú er orðið fullar 20000 kr.:

„Eins og áður var drepið á, eru nú búsettir hjer á Siglufirði rúm 1200 manns, en á sumrum þyrpast hingað fleiri þúsundir manna, innlendir og útlendir. Það lætur nærri, að þetta fólk dvelji hjer að jafnaði 3 eða 4 mánuði, lifir oftast í ljelegu húsnæði, verður að vinna hvort sem er um daga eða nætur og oft bæði dag og nótt. Sýkist þetta fólk, en að því stuðlar bæði hart erfiði og ill aðbúð, er þeim búinn bæði fjárhagslegur og heilbrigðislegur voði. Sje um næma sjúkdóma að ræða, er voðinn auðvitað einnig búinn öllum hjeraðsbúum, því í ekkert hús er að venda til sóttvarna. Slys munu vera hjer tíðari um þennan tíma en annarsstaðar á Íslandi, og valda þar um þær atvinnugreinir, er hjer eru reknar, svo sem verksmiðjuiðnaður og mótorbátaútgerð".

Annars væri öll frásaga hjeraðslæknis mjög fróðleg fyrir háttv. þm., en hún er of löng til þess, að jeg geti lesið hana upp alla. En í stað þess vil jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr meðmælabrjefi landlæknis. Hann segir í svari við brjefi, er jeg sendi honum:

„Mjer er vel kunnugt um staðhætti og almenningsþarfir í Siglufjarðarhjeraði, eins og í öðrum hjeruðum landsins.

Það er efalaust mál, að þar, eins og víðar, er brýn þörf á litlu sjúkrahúsi. Verð jeg yfirleitt að fallast á alt það, sem hjeraðslæknir segir, leggur til og fer fram á í fyrnefndu brjefi.

Jeg verð hjer, sem um sjúkrahúsmál Ísfirðinga, að taka fram, að jeg tel nauðsynlegt, að væntanlegar styrkveitingar til sjúkrahúsa komi ekki framvegis til útborgunar fyr en viðkomandi hjeruð hafa fært heilbrigðisstjórninni ljósar sönnur á því, að þau sjeu fær um fyrirtækin, ef styrksins nýtur við".

Af þessu er auðsætt, hvernig þessir menn líta á, sem best þera skyn á málið.

Nú þegar eru komnar inn á fjárlögin styrkveitingar til nokkurra hjeraða í sama skyni. Jeg vil leyfa mjer að halda því fram, að ekkert af þessum hjeruðum hefir meiri þörf fyrir sjúkrahús en Siglufjörður. T. d. hefir verið samþykt 25000 kr. fjárveiting til sjúkrahúss á Ísafirði, fyrsta veitingin af 3. Ríkið hefir með öðrum orðum skuldbundið sig til að leggja fram 75000 kr. til þessa sjúkrahúss. Nú munu vera um 2100 manns á Ísafirði, en 1200 á Siglufirði, og þar sem hjer er einungis farið fram á 20000 kr. í eitt skifti fyrir öll, en Ísafirði eru veittar 25000 kr. sem fyrsta greiðsla af 75000 kr. alls, en ekki meiri munur á fólksfjölda, sje jeg ekki, að nokkur sanngirni geti verið í því að neita Siglfirðingum um þessa upphæð. Segi jeg þetta ekki af þeirri ástæðu, að jeg sjái ofsjónum yfir styrknum til Ísafjarðar, enda greiddi jeg atkvæði með honum og tel hann sjálfsagðan. En þegar eitt hjerað fær svo háan styrk og loforð um þrefalt meira, tel jeg að Siglfirðingar eigi fulla sanngirniskröfu til þess, að beiðni þeirra verði sint. Enn fremur hafa verið veittar 17000 kr. til sjúkrahússbyggingar og læknisbústaðar á Blönduósi, 10000 kr. í sama skyni til Síðuhjeraðs og 4200 kr. til sjúkrahúss á Sauðárkróki. Jeg hefi greitt atkvæði með öllum þessum fjárveitingum, tel þær allar jafnsjálfsagðar, en jeg get búist við, að menn muni almennt álíta, að fult svo mikil þörf sje fyrir sjúkrahús á Siglufirði sem á hverjum hinna nefndu staða.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Vona, að háttv. þm. hafi sannfærst af umsögn hjeraðslæknis og meðmælum landlæknis um það, hve mikið nauðsynjamál er hjer á ferðinni, og greiði till. minni atkvæði.

Sveinn Ólafsson: Það er með hálfum hug að jeg stend upp. Veit jeg ekki, nema jeg kunni að koma við kaun einhverra hv. þm., og yrði það til að lengja umræður, en því vildi jeg síst af öllu verða valdur að. Sjálfur á jeg enga brtt. við fjárlögin í þetta sinn, svo að jeg þarf ekki að mælast til skófna. En sumum brtt., sem nú eru til umræðu, er svo varið, að þær snerta mig nokkuð, þótt óbeint sje.

Jeg hefi verið að velta því fyrir mjer nú um hríð, hver væri aðalstefna fjvn. í tillögum hennar, og er mjer það ekki vel ljóst. Háttv. frsm. (MP) hefir að vísu lýst henni svo, að nefndin legði einkanlega kapp á að koma fram verklegum fyrirtækjum og veita fje til þeirra. Þó finst mjer ýmislegt í tillögum nefndarinnar benda í aðra átt og sumar þessara verklegu framkvæmda vera alt annað en líklegar til að gefa góðan árangur.

Þá þykir mjer það sjerstaklega einkennilegt, að háttv. fjvn. virðist líta hornauga allar þær fjárveitingar, sem miða að því að auka alþýðlega mentun og menningu. Þannig eru 3 tillögur, hver á eftir annari, á þskj. 557, er sýna þessa stefnu nefndarinnar. Hún leggur sem sje

á móti styrk til byggingar barnaskóla utan kaupstaða, og einn nefndarmaður, hv. þm. Dala. (BJ), tók jafnvel svo djúpt í árinni, að hann sagði, að hvergi á landinu ætti eða mætti veita fje til byggingar slíkra skóla nema í kaupstöðum Mjer er spurn, hver ástæða sje þá til að leggja fje til skóla í kaupstöðum, þar sem þeir t. d. eru ekkert mannfleiri en kauptúnin. Líkt mun þó ástatt um þörfina, hvort kaupstaður heitir eða kauptún. Mjer er ekki ljóst, hvers vegna veitt hefir verið á sínum tíma til skólahúsa þar, ef stærri kauptún geta aldrei vænst styrks í líkri mynd. Þetta er áreiðanlega ekki sú stefna í mentamálum, sem almenningur telur nefndinni til meðmæla eða þakkarverða. Þar sem nú stendur svo á, að enn er skólalaust í tiltölulega fjölmennum kaupstöðum, vona jeg, að 11. brtt. fjvn., um að lækka styrk til skólahúsa utan kaupstaða, verði feld, og þá einkum athugasemdin.

Annað, sem bendir í sömu átt hjá hv. nefnd, er 13. brtt. á þskj. 557, þar sem hún leggur til að lækka fjárveitinguna til kaupstaðabókasafna. Þetta hefir verið tekið svo ljóslega fram af háttv. 2. þm. N.-M. (BH), að jeg þarf ekki að fjölyrða um það.

Þriðja tillagan, er bendir í sömu átt, er 14. brtt. á sama þskj., sem fer fram á að rýra að miklum mun styrk þann, er háttv. Ed. ætlaði til útgáfu alþýðlegra fræðirita af hendi Þjóðvinafjelagsins. Því fer svo fjarri, að jeg geti verið þakklátur nefndinni fyrir afskifti hennar af þessu máli, að jeg tel hana miklu fremur mjög ámælisverða.

Jeg skal ekki grípa víðar niður, þó að jeg sje óánægður með ýmsar fleiri tillögur nefndarinnar. En það vil jeg taka fram alment um þær verklegu framkvæmdir, sem háttv. frsm. (MP) lætur svo mikið af, að jeg tel þær ekki allar heppilegar. T. d. er í 24. brtt. á þskj. 557 há styrkveiting til sútunarhúss Sláturfjelagsins. Jeg tel það mjög hæpið fyrirtæki; liggur nærri mjer að líta á það eins og glæfrafyrirtæki, eftir þeim kynnum, sem jeg hefi af skinnasútun. En háttv. nefnd vílar eigi fyrir sjer að mæla þar með háum styrk og enn hærra láni. Hjer er um allsendis óþekt fyrirtæki að ræða og miklu hæpnara en ullariðjufyrirtæki það, sem hjer í deildinni var farið fram á að styrkja með láni, en meiri hl. nefndarinnar lagði fastlega á móti, og þó var þetta fyrirtæki, og er, svo vel á veg komið, að bestu vonir gaf um framkvæmd. Jeg mun því óhikað greiða atkvæði móti þessari stóru fjárveitingu til skinnasútunar.

Þá vil jeg drepa á 23. brtt., um 800 kr. styrk til að gera Eyrarfoss í Laxá í Svínadal laxgengan. Jeg tel það fyrirtæki, sem hjeraðsbúar eigi að annast sjálfir. Jeg veit, að í mínu hjeraði mundi það vera talinn hálfgerður beiningamannshugsunarháttur að biðja um ríkisstyrk til þess að koma upp silunga- eða laxastiga í læk eða veiðiá.

26. brtt. nefndarinnar, um styrk til Árna Theódórs Pjeturssonar, er mjer líka þyrnir í augum með þeirri athugasemd, sem henni fylgir.

Þá er 29. brtt. Þar er að vísu um lán að ræða, en jeg tel það einberan hjegóma að veita 7000 kr. lán til að endurreisa eyðibýli í Dölum vestur. Jeg þekki fjölda eyðibýla, sem hafa verið í rækt og bygð fram á síðustu ár, en nú fást eigi bygð. Hjer er um beinan bitling að ræða, og það nær engri átt að styrkja menn af ríkisfje til að taka upp afskekt heiðarbýli,

sem fólkið hefir yfirgefið vegna einangurs. Þar helst ekki bygð við til lengdar, og því fje mun oftast sem í sjóinn kastað, sem til þeirra fer. Væri nær hæfi að styrkja menn til að taka upp nýbýli í nánd við margbýli eða fiskiver, þar sem landkostir eru góðir.

Jeg get þá ekki stilt mig um að minnast á brtt. á þskj. 578,XVI, er fer fram á að veita austfirskum manni 2000 kr. fyrir að semja og birta í Búnaðarritinu ritgerð um örugg ráð til að vinna á stuttum tíma refi í grenjum. Í fjárlögunum 1920 voru þessum sama manni veittar 2000 kr. í sama skyni. Þá var fjárveitingin ekki bundin neinu skilyrði, en við umræðurnar hjer í þessari háttv. deild var það látið í veðri vaka, ef því var ekki beint lofað, að hann mundi gefa almenningi upplýsingar um þessar nýju aðferðir. En þær eru ókomnar enn þá. Mjer er ókunnugt um, hvort maðurinn hefir hrept þetta fje, en fjárveitingin stendur í fjárlögunum. Jeg sje mjer ekki fært að fylgja þessari brtt., finst það nokkuð þokukent, sem fjárveitinguna á að byggja á.

Loks kem jeg að síðasta atriðinu, sem jeg vildi víkja að. Það er brtt. á þskj. 578,XVII, þar sem farið er fram á lánveitingu til ákveðins manns, klæðskera hjer í bænum, til þess að sauma karlmannafatnað úr Álafossdúkum. Jeg sje í þessu ekkert annað en tilraun til að koma í peninga lítt útgengilegri vöru, sem eru þessir grófu og garmslegu Álafossdúkar, sem hvarvetna eru hjer á boðstólum hafðir með ránverði og ganga ekki út. Má vera, að þetta sje góðverk við verksmiðjuna, en ekki veit jeg, hvort það tekur svo mjög til almennings, að vert sje að fórna fje til þess, og fráleitt getur þetta skraddaralán afstýrt innflutningi á tilbúnum ásjálegri fötum.

Þetta var hið helsta, er jeg þóttist þurfa að taka fram, og mun jeg láta mjer það nægja.

Björn Hallsson: Jeg kom svo illa við kaun háttv. 1. þm. Árn. (EE) með því að minnast á tvær brtt., að hann fór að leitast við að gera mig hlægilegan. Hann kvað það undarlegt, að bóndi austan úr fjörðum skyldi mæla með styrk til Dansk-islandsk Samfund, en vera mótfallinn lítilsháttar styrk til fátæks læknishjeraðs. Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta þetta. Jeg var ekki að mæla með styrknum til Dansk-islandsk Samfund, enda hefði jeg staðið illa að vígi til þess, þar sem jeg greiddi atkvæði með því að fella þann styrk alveg niður. En mjer þykir hv. fjvn. hafa farið of langt í till. sinni, lækkað styrkinn svo, að hann er blátt áfram hlægilegur, þar sem þingið er á annað borð að styrkja fjelagið. Því var það, að jeg mælti á móti brtt. nefndarinnar, en ekki af því, að jeg væri meðmæltur styrknum. Hins vegar hefði það ekkert hneyksli verið, þótt bóndi hefði talað fyrir styrk til þessa fjelags, því að ýmsir bitlingar eru veittir, sem að minna haldi koma, því að fjelagið starfar mikið. En þessu var nú samt ekki til að dreifa.

Í tilefni af því, að jeg hafði andmælt styrkveitingu til læknisbústaðar í Grímsneshjeraði, sem margupplýst er um, að er þegar orðin allveruleg, var háttv. 1. þm. Árn. (EE) að tala um snarrótarþúfur, sem væru hjer í deildinni, og virtist hann vera hræddur um, að hann myndi hnjóta um þær. Þetta er skiljanlegt. Háttv. þm. kemst aldrei út úr þeim þokumekki, sem umvefur hann sí og æ hjer í hv. deild, og er því von til þess, að honum verði byltuhætt, þegar eitthvað verður fyrir fótunum á honum eða fæti brugðið fyrir hann.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta ofurlítinn misskilning hjá hæstv. atvrh. (KlJ). Hann sagði fyrst og fremst, að jeg mundi verða ánægður, og hefði aldrei ætlast til annars en að fá að vita af Selvogssímanum á pappírnum. Jeg vil láta hæstv. atvrh. (KlJ) vita, að jeg sje engin ráð til að fá þennan síma, nema hann komist fyrst á pappírinn. Og þó að hæstv. atvrh. noti þá athugasemd um, að símarnir verði ekki lagðir nema fje sje fyrir hendi, eins og hann er að hóta mönnum, er meiri von til þess, að þingið endurveiti síðar fje til þeirra síma, sem einu sinni eru komnir inn í fjárlögin.

Þá mintist hæstv. atvrh. (KlJ) á, að jeg hefði brugðið honum um, að hann legðist á lítilmagnann, svo sem jeg hefði þar átt við sjálfan mig. En auðvitað átti jeg þar ekki við mig, heldur við þá, sem símans eiga að njóta. Því ekki kom mjer það til hugar, að hæstv. atvrh. færi í manngreinarálit í deildunum. Jeg lýsti því einmitt hjer um daginn, af því að jeg vildi ekki dylja háttv. deild neins, að þá sagði jeg í sambandi við þennan síma, svo að þeir gætu sjeð, að ekki væri mikilla tekna að vænta af símanum fyrst um sinn, að þessir menn, sem Selvoginn byggju, væru fáir, fátækir og smáir, og að það væru þeirra þarfir, sem hæstv. atvrh. (KlJ) lagðist á móti, en ekki jeg. En jeg veit vel, að það er vandi að vera ráðherra, en jeg veit líka, að á ráðherra hvílir sú skylda að gæta hagsmuna allra þegna ríkisins, og þá ekki síst þeirra smærri, því það, sem hann gerir fyrir þá, gerir hann fyrir þjóðina, af því að þeir eru þjóðarinnar börn.

Hákon Kristófersson:* Jeg á enga till. nú við fjárlögin og þarf því ekki að vera langorður. Voru það aðeins ummæli háttv. 1. þm. Árn. (EE), sem gáfu mjer tilefni til að rísa upp. Hann kvartaði undan því, að þm. hefðu viljað gera söluna á Geysishúsinu að hneykslismáli. Þar sem jeg er einn þeirra manna, sem fann að þeirri sölu, vil jeg mótmæla þessu bæði fyrir mína hönd og hinna. Hv. þm. færði það fram sem vörn í málinu, að fyrir lægi umsögn landlæknis um þetta, og mætti af henni sjá, að þetta sje gert með hans ráði. Þeir eru þá einum manni fleiri, sem hafa verið riðnir við þetta hneyksli. Því að hneyksli kalla jeg þetta, ekki af því, að við höfum gert það að því, heldur var það þegar orðið það áður en þing kom saman. Þessi sala var algerlega ófyrirsynju gerð, enda mun ekki á allra færi að mæla henni bót. Að því er viðvíkur snarrótarþúfunni, þá þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um hana, því háttv. 2. þm. N.-M. (BH) hefir svarað því.

Jeg vil þá aðeins benda þessum háttv. þm. (EE), sem sannarlega getur talist til hinna ungu, upprennandi fífla í landinu, jeg vil benda honum á það, að til munu vera snarrótarþúfur hjer í háttv. þingi, þótt ekki sje neinn af þessum fjórmenningum. Vænti jeg þess, að hann hafi komist að raun um þetta um það bil, er hann verður orðinn að bifukollu.

Magnús Jónsson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 578, og get jeg verið fáorður um þær. Í hinni fyrri er aðeins um lítilsháttar leiðrjettingu að ræða, og þarf hún engra skýringa við.

Hin brtt. er um að setja inn í fjárlögin 2500 króna upphæð, til að greiða með 2. afborgun af andvirði handrita dr. Jóns Aðils. Vona jeg, að háttvirt deild

* Ræðan óyfirlesin af þm. (HK).

fallist á þessa fjárveitingu. Er jeg þakklátur háttv. fjvn. fyrir að hafa tekið svo vel í þessar till. mínar. Ef til vill er það nú ekki fallegt af mjer að þakka háttv. fjvn. með því að vefengja 2 brtt. hennar, en jeg get þó ekki stilt mig um það. Önnur er tölul. V. á þskj. 578. Er hún um það að nafnbinda styrk til augnlækninganáms. Það er ekki svo, að jeg sje mótfallinn því, að þessi styrkur sje veittur, en jeg vil ekki nafnbinda hann. Jeg hefi sem sje heyrt, að fyrir nokkru síðan sjeu 2 íslenskir læknar byrjaðir að nema augnlækningar erlendis. Er ekki að vænta þess, að þeir hætti við það nám sitt, og finst mjer því, er farið er að veita styrk til þessa náms, að skakt sje að binda hann við nafn þriðja mannsins, sem enn þá hefir ekki bundið sig náminu. Jeg skal játa, að of lítið mun vera, að hjer sje aðeins einn augnlæknir, en óvíst er aftur á móti, að 4 verði ekki of mikið. Fellur mjer, af þessum ástæðum, betur við gr. eins og háttv. Ed. hefir gengið frá henni, að stjórnarráðið veiti þennan styrk einhverjum manni eftir tillögum landlæknis. Standa þessir menn með því móti jafnt að vígi.

Hin brtt. er 3. tölul. á þskj. 557. Er hún um það að fella niður styrk Guðrúnar Gísladóttur hjúkrunarkonu. Býst jeg við, að hún stafi af því, að 2 hjúkrunarkonur hafa sótt um slíkan styrk, báðar feldar í Nd., en svo önnur tekin upp aftur í háttv. Ed. og samþykt. Hefir háttv. fjvn. sjálfsagt borið fram hina brtt. af því, að hún hefir ekki viljað gera upp á milli þessara tveggja kvenna. En nú hefir önnur þeirra komist að í fjáraukalögum, og væri því misrjetti að samþykkja þessa tillögu og fella niður styrkinn til þessarar. Býst jeg við, að þetta hafi orðið af misgáningi, og þætti mjer fróðlegt að heyra frá háttv. frsm. (MP), hvort svo er ekki.

Skal jeg svo ekki þreyta háttv. deild á lengri ræðu, þótt jeg annars hefði gjarnan viljað minnast á fleiri atriði.

Lárus Helgason: Það eru aðeins nokkur orð, út af ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann veittist mjög að styrkveitingunni til Sláturfjelags Suðurlands. Hann taldi þetta fyrirhugaða fyrirtæki vera jafnvel glæfralegt, svo ekki væri vogandi að leggja fje í það, en hann gleymdi alveg að rökstyðja þetta og sýna fram á, í hverju þeir glæfrar muni liggja. Sú röksemdafærsla mundi líka sjálfsagt hafa gengið heldur þunglega, því eins og flestum háttv. deildarmönnum mun kunnugt, er braut þessa fjelags alt annað en glæfraleg. Það hefir fetað sig áfram smátt og smátt og stuðlað að því á ýmsan hátt að auka og bæta efnahag bænda á fjelagssvæðinu. Það hefir komið sjer upp miklum og vönduðum húsum, þar á meðal vandaðasta frystihúsi í landinu. Alt þetta hefir fjelagið gert án nokkurs styrks af opinberu fje. Fjelagið hefir verið gætinn brautryðjandi hingað til. Nú stendur það best allra að því að leita eftir sölu á erlendum markaði á frystu kjöti. Bendir þetta og ýmislegt fleira á það, að hjer er ekki farið neitt glæfralega að. Jeg hefi ekki sagt þetta af því, að jeg hafi í raun og veru álitið það nokkra nauðsyn að mótmæla hinum órökstuddu ummælum háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), því jeg býst ekki við, að háttv. deildarmönnum hafi snúist hugur við þau. En jeg kunni ekki við að láta svo ómakleg orð um þetta fjelag standa ómótmælt hjer í þinginu.

Þá lagðist háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) á móti brtt. háttv. þm. Dala. (BJ) um

lánveitingu til að styðja fatagerð úr íslenskum dúkum. Kvað hann það mál einskisvert. En jeg tel einmitt rjett að styðja að þessu, að okkar eigin ullardúkar sjeu notaðir til fata hjer. Eru þeir sem kunnugt er miklu haldbetri en flestir erlendir dúkar, og væri mikill munur fyrir landsmenn að kaupa fatnað úr þeim heldur en hinum dýru og ónýtu erlendu dúkum. Er þetta og spor í áttina til að styðja íslenskan iðnað, og samir oss tæplega að standa gegn því. Vona jeg líka, að háttv. deildarmönnum hafi ekki heldur snúist hugur í þessu máli.

Jón Þorláksson: Jeg á brtt. á þskj. 578, um fjárveitingu til Byggingarfjelags starfsmanna ríkisins, sem nemi alt að 20000 krónum. Eins og háttv. deildarmenn muna, þá hefir verið á þessu þingi borið fram frv. til laga um sjerstaka uppbót til embættismanna hjer í Reykjavík, vegna meiri dýrtíðar hjer en annarsstaðar. Voru þá leidd rök að því, að sú dýrtíðaruppbót, sem embættismenn hjer eiga við að búa, er hvergi nærri fullnægjandi, enda hlutfallslega minni en annarsstaðar á landinu, þar sem ódýrara er að lifa. Eitt, sem veldur mestu um þetta, er hin háa húsaleiga hjer í bænum. Kemur hún einkum hart niður á þeim embættismönnum hjer, sem eru svo ungir að árum, að þeir voru ekki búnir að byggja sjer hús til íbúðar áður en ófriðurinn mikli skall á. Við umr., sem urðu út af frv. þessu, sem jeg gat um áður, var það upplýst, að til eru hjer embættismenn, sem gjalda helming launa sinna aðeins til húsaleigu. Má geta nærri, hvernig afkoma þeirra manna muni vera. Þetta frv. um dýrtíðaruppbót náði ekki fram að ganga, en í umr. var það þó viðurkent af þeim, sem mæltu á móti því, að nauðsynlegt væri að gera eitthvað til að bæta úr kjörum þeirra manna, sem verst væru settir. Var þar einkum bent á tvær leiðir. Önnur var sú, að veita nokkra fjárhæð í því skyni að veita þeim embættismönnum hjer, sem verst yrðu úti, nokkurs konar húsaleigustyrk. Skyldi þá sá styrkur veittur eftir till. stjórnar fjelags starfsmanna ríkisins. — Hin leiðin er að styðja þessa menn til að koma sjer upp bústöðum. Jeg geri ráð fyrir, að fyrri leiðin myndi, er fram í sækir, verða óvinsæl, einkum vegna þess, að það fje, sem hjer yrði greitt úr ríkissjóði, rynni fremur í vasa þeirra manna, sem leigja hús sín þessu háa verði, en til leigjenda þeirra, sem það var ætlað. Hallast jeg því fremur að þeirri síðari, að styrkja þessa menn til þess að koma sjer upp bústöðum, ekki dýrari en svo, að þeir samsvari launakjörum þeirra. Eins og menn vita, var fyrir 2 árum gerð tilraun til þess að stofna byggingarfjelag meðal þessara starfsmanna ríkisins. En sú tilraun strandaði á því, að byggingarkostnaður var of hár það ár. Nú má sjá það af skýrslu húsameistara í Hagtíðindunum, að sá kostnaður hefir lækkað talsvert síðasta ár. Árið 1920 er byggingarkostnaður fimmfaldur við það, sem var 1914, en 1922 er hann aðeins orðinn þrefaldur. Má eftir því gera ráð fyrir, að hann sje nú eitthvað minni en þrefaldur við það, sem hann var fyrir stríðið. Nú hafa þessir starfsmenn ríkisins endurtekið tilraunina og stofnað byggingarfjelag. Eru einkum í þeim fjelagsskap þeir embættismenn, sem húsaleiguvandræðin steðja frekast að. Til þess að geta komið fram þessu fyrirtæki sínu, hafa þeir nú snúið sjer til háttv. Alþingis með beiðnir um

það, að það veiti stjórninni heimild til að ábyrgjast lán fyrir fjelagið í þessu skyni. Jafnframt hefir og styrkbeiðni verið lögð fyrir þingið í sama augnamiði. Hafa till. í samræmi við þessar umleitanir verið bornar fram í háttv. Ed. Var styrkbeiðnin feld, en samþykt aftur á móti að veita ríkisstjórninni lánsheimild í þessu skyni. Nú hefi jeg tekið styrkveitinguna upp á ný, þó með þeirri breytingu, að hún er 5 þúsund kr. lægri, en komið fram með brtt. við þann lið fjárlaganna, sem fjallar um lánsheimildina. Vona jeg, að báðar þessar till. nái fram að ganga. Í fjárlögunum stendur nú þegar önnur fjárveiting, sem líkt stendur á um. Hún er til Byggingarfjelags Reykjavíkur. Eru þar veittir 5% af byggingarkostnaði, gegn því, að bæjarfjelag Reykjav. leggi fram 10%. Nú mun þykja sanngjarnt, að ríkið, sem er vinnuveitandi þessara manna, leggi fram það, sem svarar báðum þessum framlögum, en það yrði þá 15% af byggingarkostnaði fjelagsins. Það eina, sem hægt er að hafa á móti þessu, er útgjöldin úr ríkissjóði, sem er fátækur fyrir. En jeg vil biðja háttv. þingdeildarmenn að athuga það, að ef þetta fyrirtæki kemst á fót, þá yrði hjer með tímanum um allmikinn sparnað að ræða fyrir ríkissjóðinn. Því þótt hægt sje að vísa á bug uppbótarbeiðni þessara manna í ár og ef til vill næsta ár, þá kemur að því, ef kjör þeirra að öðru leyti batna ekki, að ómögulegt verður lengur að vísa henni á bug. Þykir mjer líklegt, ef alt stendur eins og nú er, að þingið verði til neytt eftir eitt eða tvö ár að hækka laun þessara manna, og það að talsverðum mun. Ef nú hins vegar væri hlaupið undir bagga með þeim á þennan hátt, þá tel jeg líklegt, að til launahækkunar þyrfti ekki að koma. Er því auðsætt, að þetta getur haft í för með sjer mikinn sparnað, er til lengdar lætur. Eitt, sem vel ber að athuga í þessu máli, er það, að þessir starfsmenn ríkisins, er hafa orðið að búa í þessum dýru húsum, hafa orðið að gjalda hærri leigu en sem svarar verði húsanna, og væri það þá ærið nóg, þar sem húsin eru nú mörg fimmfalt dýrari en þau, er bygð voru fyrir stríð. Nei, þeir verða að borga talsvert meira, og liggur það í því, að þeir, sem húsin eiga, óttast verðfall á þeim eftir nokkurn tíma, er dýrtíðin minkar, og vilja þeir því nota dýrtíðarárin til að færa niður verð húsanna. Er þetta í rauninni mjög eðlilegt, en engu að síður kemur það of hart niður á leigjendunum, því þeir verða með þessu lagi að borga ekki einasta vextina af peningum þeim, sem liggja í þessum dýru húsum, heldur talsverða fúlgu fram yfir, á ári hverju, til að lækka verð þeirra. Það er þetta, sem gerir húsaleiguna víða hjer í bænum alveg óbærilega. Nú hefir það orðið ofan á í flestum öðrum löndum, að byggingar í bæjum hafa verið styrktar af opinberu fje, því ekki hefir verið hægt að fá menn til að byggja með öðru móti. Hjer hefir þetta aftur á móti ekki verið gert nema að mjög litlu leyti. Aðeins eitt fjelag hefir verið styrkt. Er þetta þó mjög eðlilegt, að það opinbera hlaupi hjer undir bagga. Tel jeg þessa aðferð, sem hjer hefir verið rætt um, bæði fjárhagslega forsvaranlega og sjálfsagða, og vonast jeg til, að háttv. deild fallist á að veita þessu fyrirtæki þennan stuðning og samþykki þessa brtt. mína.

Um hina brtt. mína skal jeg geta þess, að jeg get vel felt mig við, ef svo vill verkast, að fella það orðalag niður, sem

þar er, og hafa greinina orðaða samkvæmt till. háttv. fjvn.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hefi ekki ástæðu til þess að vera langorður, því að fáir hv. deildarmanna hafa ráðist verulega á gerðir fjvn. Háttv. 2. þm. N.-M. (BH) þótti nefndinni mislagðar hendur, þar eð hún hefði fært niður bókakaupastyrk til Þjóðvinafjelagsins. Skil jeg ekki þessa árás hv. þm., því að hún fer í beinan bága við það, sem hann hefir áður sagt og gert, enda síst hægt að lá nefndinni, þótt hún vilji færa styrkinn til sama vegar og hv. deild hefir áður sýnt, að hún vildi hafa hann. Hæstv. atvrh. (KlJ) sagðist hafa misskilið mig út af styrknum til Þorvalds Árnasonar, en jeg sagði ekki eitt orð um framhaldsveitingu á þessum styrk, enda minnist jeg þess ekki, að fjvn. hafi gert neitt í því skyni.

Háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) lýsti átakanlega þörfinni á því, að sjúkrahús yrði bygt á Siglufirði, og fer fjarri því, að fjvn. vilji vefengja, að mikil og brýn nauðsyn sje þar til slíkrar byggingar, en hún fær ekki sjeð, að nokkur leið sje til þess að veita meira fje á þessu ári til sjúkrahúsbygginga, og treystir sjer því ekki til þess að mæla með því. Áður hefir verið til meðferðar hjer í þinginu fjárveiting til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði, og var þá það loforð gefið, að sjúkrahúsið þar skyldi verða það næsta, sem bygt yrði, og nú ætla jeg ekki, að hv. þm. segi, að hann verði að fá sjúkrahús fyrir Siglufjörð, af því sjerstaklega, að Ísafjörður á nú að fá það.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) byrjaði á að lýsa því yfir, að sjer væri ekki ljós stefna fjvn., en mjer finst þó enginn hafa lýst henni betur en hann, þar sem hann rakti, hvað nefndin hefði lagt til verklegra fyrirtækja og framkvæmda, þó honum þættu sumar varhugaverðar. Hitt virtist mjer aftur á móti koma berlega í ljós, að hv. þm. hafi breytt stefnu sinni í fjármálum frá þeirri, sem hann hefir áður haft. Fyr álasaði hann nefndinni fyrir eyðslu, en nú fær hún ákúrur fyrir sparnað. Er það mjög nýstárlegt úr þeirri átt, og varla hægt að taka það alvarlega. Líklegast er, að hv. þm. hafi verið orðinn of syfjaður. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) taldi, að fjvn. mundi lítið þykja til alls þess koma, sem lýtur að alþýðufræðslu, en þó hefir nefndin lagt til, að samþykt yrði stór upphæð til þess að reist yrði alþýðuskólahús í Þingeyjarsýslu, en hitt er satt, að nefndin hefir verið á móti því, að veitt væri fje til þess að bygð yrðu barnaskólahús utan kaupstaða, en þá stefnu getum við hjer látið liggja milli hluta. Hv. þm. hallmælti nefndinni fyrir að hafa lækkað styrkinn til Þjóðvinafjelagsins, og er það einkennilegt, þar eð nefndin vildi einmitt færa hann í sama horf og áður hefir verið, og þó einkanlega vegna þess, að það er samkvæmt einróma áliti mentamálanefndar, að fjvn. ber fram þessa upphæð. Það er auk þess meira en lítið að bæta við 5000 kr. til þess að gefa út þessi rit, eins og fjvn. hefir gert.

Hv. þm. V.-Sk. (LH) svaraði stóryrðum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) út af skinnasútunarfyrirtæki Sláturfjelags Suðurlands. Tel jeg hann taka sjer of stór orð í munn, að kalla það glæfrafyrirtæki, en ef það er glæfrafyrirtæki að bæta atvinnuvegi landsins og færa þá í betra horf, þá veit jeg ekki, hvað eru góð fyrirtæki.

Tel jeg þetta stafa af því, að þetta fyrsta sútunarhús verður ekki reist á Austfjörðum, heldur á Suðurlandi.

Þá talaði hann um laxastigann, sem

hlutaðeigendur leggja til, að gerður verði. Álít jeg því fremur vera ástæðu til að styrkja þá, þar eð landssjóður á jörðina, sem mestan hag mundi hafa af því, að Eyrarfoss yrði gerður laxgengur.

Þá var auðheyrt, að hv. þm. skildi ekki till. um að heimila landsstjórninni að veita lán til þess að endurreisa eyðibýlið Svínadalssel í Saurbæjarhreppi. Styrkur til þess að byggja eyðibýli er ávalt veittur í því skyni að gera bændum, sem við fjölfarna og hættulega fjallvegi búa, mögulegt að halda þar uppi griðastöðum fyrir ferðamenn, og þær ástæður eru einmitt hjer fyrir hendi. Móti slíku nauðsynjamáli skyldi enginn **maður mæla.**

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) fann að því, að nefndin hefði nafnbundið styrkinn til auknlækninganáms, en taldi rjettara, að slíkur styrkur væri ónafnbundinn þangað til einhver hefði bundið sig. En þessi læknir (Guðmundur Guðfinnsson) varð einmitt fyrstur til þess að binda sig við þetta framhaldsnám, og hefir þegar ráðið annan mann til hjeraðsins, en eins og hv. þm. er kunnugt, er þannig lagaður styrkur venjulega nafnbundinn, þegar hann er veittur í eitt skifti.

Þarf jeg svo ekki að tefja tímann frekar, en vænti þess, fyrir hönd fjvn., að brtt. gangi vel fram.

ATKVGR

Brtt. 578,I samþ. án atkvgr.
— 557,1 samþ. með 15:7 atkv.
— 557,2 samþ. með 19:4 atkv.
— 578,II feld með 14:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JB, LH, MK, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, IngB.
nei: JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SSt, ÞórJ, BH, HK, JakM, BSv.

Brtt. 578,III samþ. með 19 shlj. atkv.
— 578,IV feld með 14:10 atkv.
— 578,V samþ. með 18:3 atkv.
— 557,3 tekin aftur af fjvn., en tekin upp aftur af 2. þm. Skagf. (JS) og feld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HK, JAJ, JS, JÞ, MG, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞórJ, BH, GunnS.
nei: IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, PÞ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, BSv.

Brtt. 578,VI feld með 14:4 atkv.
— 557,4 samþ. með 15:6 atkv.
— 557,5 samþ. með 15:4 atkv.
— 578,VII samþ. með 16:9 atkv.
— 557,6 samþ. með 21:1 atkv.
— 578,VIII samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JB, JÞ, LH, MJ, MK, ÓP, PÞ, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, JakM, BSv.
nei: JAJ, JS, MG, MP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BH, HK, IngB.

Brtt. 557,7 fellur burt.
— 557,8 samþ. með 15:12 atkv.
— 557,9 samþ. með 18:4 atkv.
— 557,10 samþ. með 16:11 atkv.
— 582,I samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JB, LH, MJ, MK, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, IngB.
nei: JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, HK, BSv.

Brtt. 557,11 samþ. með 15:7 atkv.
— 557,11 (aths.) tekin aftur af fjvn., en tekin upp aftur af 1. þm. Reykv. (JakM) og feld með 15:12 atkv.
— 557,12 samþ. með 15:3 atkv.
— 578,IX samþ. með 15:11 atkv.
— 557,13 samþ. með 20:8 atkv.
— 557,14 samþ. með 15:10 atkv.

Brtt. 557,15 samþ. með 16 : 7 atkv.
— 578,X samþ. án atkvgr.
— 557,16 samþ. með 15 : 7 atkv.
— 557,17 samþ. með 15 : 11 atkv.
— 557,18 samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JS, JÞ, MG, MP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BH, EÞ HK, IngB.

nei: JakM, JB, LH, MJ, MK, ÓP, PÞ, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, EE, GunnS, BSv.

Brtt. 557,19 feld með 14 : 11 atkv.
— 557,20 samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, SSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, BH, EE, BSv.

nei: HK, JakM, JB, LH, MJ, MK, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, EÞ.

Brtt. 578,XI samþ. með 16 : 8 atkv.
— 557,21 samþ. án atkvgr.
— 578,XII samþ. með 23 shlj. atkv.
— 557,22 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 578,XIII samþ. með 15 : 12 atkv.
— 557,23 samþ. með 21 : 2 atkv.
— 557,24 samþ. með 18 : 4 atkv.
— 582,II feld með 21 : 4 atkv.
— 578,XIV feld með 17 : 3 atkv.
— 578,XV samþ. með 16 : 3 atkv.
— 578,XVI feld með 16 : 10 atkv.
— 557,25 samþ. með 16 : 10 atkv.
— 557,26 samþ. með 16 : 7 atkv.
— 557,27 samþ. með 16 : 4 atkv.
— 557,28 samþ. með 17 : 6 atkv.
— 557,29 a samþ. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, MG, MP, PÞ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, BSv.

nei: JAJ, JS, JÞ, LH, MJ, MK, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorstJ, BH.

Brtt. 557,29 b samþ. með 15 : 5 atkv.
— 578,XVII samþ. með 15 : 11 atkv.
— 557,30 samþ. með 17 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JAJ, JS, MG, MK, MP, PÞ.

nei: SSt, SvÓ, BH, JB, JÞ, LH, MJ, ÓP, PO, BSv.

BJ greiddi ekki atkv.

Brtt. 578,XVIII samþ. með 23 shlj. atkv.
— 557,31 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 601).

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 601, 605).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 605. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg þarf lítið að segja um þetta mál eins og stendur. Frv. er nú komið hingað í annað sinn, eftir að hafa tekið allmiklum breytingum í háttv. Nd., frá því það fór hjeðan.

Fjárveitinganefndin var fyrst í nokkrum vafa um, hvort hún ætti að leggja það til, að frv. yrði samþykt óbreytt í þessari deild, en eftir nánari íhugun hinna einstöku liða, þá ákvað nefndin þó að leggja fram nokkrar brtt., sem leiða auðvitað til þess, ef háttv. deild samþykkir þær, að fjárlögin verða að koma fyrir sameinað þing. Nefndinni fanst hún ekki geta unað

við það, hve lítið tillit háttv. Nd. hafði tekið til breytinga Ed. á fjárlögunum. Því leggur hún þessar tillögur fyrir hv. deild og samþykki þeirra á hennar vald. En þar sem allar þessar brtt. eru gamlir kunningjar deildarinnar, sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil láta það álit mitt uppi, að jeg tel þessar brtt. ekki svo mikils virði, að tilvinnandi sje þeirra vegna að láta málið fara fyrir Sþ. Það lengir þingið, en ekki ólíklegt, að niðurstaðan verði hin sama.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg get ekki verið sammála hæstv. forsrh. (SE), því ef litið er á 1. brtt. fjvn., þá er hún hvorttveggja í senn, nokkurt fjárhagsspursmál, en þó einkum „princip"-spursmál. Ef á að bæta einum flokki starfsmanna ríkisins, þá verður óhjákvæmilegt að bæta fleirum upp, sem alveg eins stendur á um.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil taka það fram, að jeg álít þetta heldur ekki næga ástæðu, enda vafasamt, hvort það nær samþykki Sþ.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil aðeins vekja athygli á því, að þessi hv. deild verður að fara eftir sinni skoðun á málinu, og hefir rjett til þess. Hinu ber hún ekki ábyrgð á, hvað verða kann ofan á í Sþ., því þar er hún auðvitað í minni hluta.

Forsætisráðherra (SE): Það eru venjulega stórar upphæðir, sem verða þess valdandi, að fjárlögin fara fyrir sameinað þing. Nú er því ekki til að dreifa. Og þótt þessir starfsmenn fengju þessa litlu uppbót, þá álít jeg, að ekki sje um stórt atriði að ræða og enginn skaði skeður.

ATKVGR.

Brtt. 605,1 samþ. með 10:3 atkv.
— 605,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 605,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 605,4 samþ. með 12:1 atkv.
— 605,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 605,6 samþ. með 11:3 atkv.
— 605,7 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 605,8 samþ. með 10:2 atkv.
— 605,9 a samþ. með 10:1 atkv.
— 605.9 b samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JM, JJ, SE, EÁ, GÓ, HSn, HSt.

nei: KE, SHK, SJ, BK, GGuðf.

Brtt. 605,9 c samþ. með 12 shlj. atkv.
— 605,9 d samþ. með 12:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðf, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, SE, SHK, BK, EÁ, HSt.

nei: KE, SJ.

Brtt. 605,9 e samþ. með 12 shlj. atkv.
— 605,10 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Sþ.

Á 5. fundi í Sþ., föstudaginn 11. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 609).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 609, 612).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 612. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. fjvn. Nd. (Magnús Pjetursson): Jeg geri ráð fyrir því, að allir hv. þm.

óski þess, að eigi verði langar umræður um þetta mál, og mun jeg gera mitt til þess að stuðla að því. Það mun þykja tíðindum sæta, að fjárlögin eru hjer til umræðu í sameinuðu þingi. Mun það eigi hafa komið fyrir síðan árið 1915. Kom það því fjvn. Nd. mjög á óvart, því að henni virtist eigi eins mikill ágreiningur á milli fjvn. deildanna nú sem oft áður, og þurfti þá jafnan meira tilefni til þess, að fjárlögin kæmu fyrir sameinað þing. Fjvn. Nd. sýndi þá sjálfsafneitun í fyrra að taka á móti fjárlögunum eins og þau komu þá frá hv. Ed. eftir 3. umr. þar, og þó var ágreiningurinn milli nefndanna um 70—80 þús. kr. Nú er ágreiningurinn eigi nema 17 þús. kr., og því fanst fjvn. háttv. neðri deildar fullkomlega hægt fyrir hv. Ed. að ganga að frv. eins og það kom frá hv. Nd. eftir eina umræðu þar. Jeg skal eigi fara mörgum orðum um till. þær, sem hjer liggja fyrir; aðeins leyfa mjer að minnast nokkuð á þær allra stærstu.

Það er þá fyrst till. um það að setja aftur inn till. um fjárveitinguna til rafmagnsveitunnar á Hólum. Fjvn. Nd. vill halda fast við till. Finst henni eigi rjett að varna því, að rafmagnsveitan komist í framkvæmd, þar sem bændaskólinn á Hvanneyri hefir nú fengið rafmagnsveitu og Alþingi hefir veitt honum fje til þess.

Er ekki minni ástæða til þess að styrkja þessa rafmagnsveitu en rafmagnsveituna á Hvanneyri, sjerstaklega þegar á það er litið, að það er enginn vafi á því, að rafmagnsveitan á Hólum mun verða til þess að lækka mjög allan rekstrarkostnað skólans í framtíðinni. En um Hvanneyrarrafmagnsveituna verður eigi hið sama sagt, því að rafmagnið þar er nærfelt aðeins til ljósa, en á Hólum er ætlast til þess, að það verði þæði til hitunar og suðu, auk ljósa, og til þess að reka með smávjelar. Er það eigi nema 20 þús. kr., sem farið er fram á til Hóla, en Hvanneyrarskóli fjekk 18 þús. kr.

Þá kem jeg að brtt. um það að færa aftur niður byggingarstyrkinn til barnaskóla utan kaupstaða. Jeg hefi áður tekið það fram, að fjvn. Nd. treysti sjer ekki til að mæla með því, að reist yrðu ný skólahús eins og nú standa sakir. En úr því að Alþingi vildi styrkja skólana á einhvern hátt, þá lagði nefndin það til, að aðeins þeir skólar, sem þegar eru reistir, yrðu styrktir til viðbótar eða aðgerðar, eftir því sem þyrfti. Jeg skal svo eigi minnast á fleiri einstakar till., en aðeins geta þess, að þeim láns- og ábyrgðarheimildum, sem í frv. voru áður, hefir nefndin viljað lofa að vera þar kyrrum. Nefndin lítur svo á, að úr því að sú stefna var eigi tekin upp, að útiloka algerlega allar láns- og ábyrgðarheimildir úr frv., þá væri enginn skaði skeður, þó að í því væru einhverjar smálánsheimildir, sjerstaklega þegar þess er gætt, að lánin verða alls eigi veitt, nema peningar til þess sjeu fyrir hendi. Fjvn. Nd. væntir þess, að hv. Nd. sýni henni fylgi sitt nú sem áður, og ætti það eigi að koma hv. Ed. á óvart, þó að brtt. Nd. verði samþyktar, því að Nd. hefir vitanlega $^2/_3$ atkv. sameinaðs þings og á samkvæmt stjórnarskránni að hafa meiri áhrif á fjárlögin. Enn fremur geng jeg þess eigi dulinn, að fjvn. Nd. mun fá nokkurt fylgi úr hv. Ed. Læt jeg mjer þetta nægja og þykist eigi hafa gefið tilefni til mikilla umr. um málið, og býst jeg því við, að jeg þurfi eigi að standa upp aftur.

Frsm. fjvn. Ed. (Einar Árnason): Jeg var í nokkrum vafa um það, hvort jeg ætti að kveðja mjer hljóðs, fyrst og fremst af því, að svo mikið verkefni er fyrir höndum á þessum degi við ýms önn mál, að ekki er fært að eyða tímanum að óþörfu. Í öðru lagi af því, að fyrir eitt mun koma, hvort þetta mál verður rætt lengur eða skemur. Háttv. þm. munu vera nokkurn veginn fyrirfram ráðnir í því, hvernig þeir greiða atkvæði um þær brtt., sem að þessu sinni eru bornar fram við fjárlögin. Ekki tel jeg heldur neina nauðsyn bera til þess að ræða mikið um hverja einstaka till., þar sem þær eru allar kunningjar frá fyrri umr. um þetta mál.

Hv. frsm. fjvn. Nd. (MP) mintist á þrjár aðaltill., og ætla jeg mjer því eigi að minnast á aðrar. Það er þá fyrst fjárveitingin til rafmagnsveitunnar á Hólum. Fjvn. Ed. getur eigi fallist á, að nauðsynlegt sje að veita þetta fje nú, sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, hversu þröngur fjárhagur landsins er. En auk þess hefir nefndinni borist til eyrna, að þetta sje eigi lokaveiting til fyrirtækisins, því að til þess að koma því að fullu upp muni þurfa tvær aðrar veitingar jafnháar og þessi. Hjer er því um alldýrt fyrirtæki að ræða.

Þá er það till. um styrk til byggingar skólahúsa utan kaupstaða. Ágreiningurinn á milli nefndanna er sá, að fjvn. Ed. vill, að þetta sje veitt með sömu skilyrðum og áður, sem sje aðallega til nýbygginga. En Nd.-nefndin vill aðeins veita til aðgerða og hafa upphæðina minni. Er það alkunna, að víða úti um land eru hin mestu vandræði með barnaskólahús. Nefndin lítur svo á, að eigi sje rjett af ríkinu að kippa að sjer hendinni í þessu efni, en vill hjálpa hlutaðeigendum til þess að koma upp skólahúsunum. Álítur nefndin, að styrkurinn megi eigi minni vera en 15 þús. kr., og getur því ekki fallist á þær 10 þús. krónur, sem Nd.-nefndin leggur til.

Hvað lánsheimildirnar snertir, þá er það í sjálfu sjer eigi stórt atriði, en fjvn. Ed. virðist óviðeigandi að setja inn í fjárlögin mikið af slíkum lánsheimildum, sem aldrei koma að neinu liði, vegna þess að ekkert fje er fyrir hendi til að lána, og þó að nefndin hafi ekki gengið lengra en að fella niður sumar af þessum lánsheimildum, þá er það eigi af því, að hún sjái eigi, að slíkar heimildir eru í raun og veru hjegómi eins og nú stendur á. Áleit nefndin þó rjettast að gera sitt til þess, að lánsheimildirnar færu eigi svo vaxandi sem raun er á. Allar þessar lánsbeiðnir stafa af fjárkreppunni, af því að bankarnir geta eigi sint þörfum manna sem skyldi. En nefndin telur það óhugsandi, að ríkissjóður geti tekið hluta af þeirri bankastarfsemi að sjer. Jeg skal svo eigi lengja umr., en læt þetta nægja.

Jakob Möller: Jeg á hjer eina brtt. Er jeg sá eini þingmanna, utan nefndanna, sem hefi orðið sekur um slíkt. Er sú till. kunnug háttv. þm., því hún hefir einnig farið í milli deilda. Er svo ástatt um þessa till., að það er hægt svo að segja með tölum að sýna, að hún hefir fylgi meiri hl. háttv. þm., því hún hefir verið samþykt í háttv. Nd. tvisvar sinnum, en till. í háttv. Ed. um að lækka upphæðina hefir verið feld, þó að nú sje svo komið, að háttv. fjvn. Ed. hafi með harðfylgi tekist að fá hana lækkaða. Er það af ástæðum, sem mjer eru eigi kunnar. Heyrt hefi jeg því fleygt til andmæla gegn till. þessari, að hún taki símamenn eina út úr flokki starfsmanna landsins um bætt kjör. En það þarf ekki að saka okkur þm.

Reykjavíkur um það, því við höfum gert okkar til að bætt yrðu líka kjör annara starfsmanna landsins. En við lítum svo á, að þó að ekki yrðu bætt kjör allra starfsmanna landsins, þá bæri þó að bæta kjör þeirra, er lægst væru launaðir. Og fjárveitinganefndirnar, eða meiri hluti þeirra, hafa einnig verið því fylgjandi. Býst jeg við, að meiri hl. háttv. nefnda haldi fast við þá skoðun. Og það hefir eigi komið fram nein rödd um það að neita þessum starfsmannaflokki algerlega um bætt kjör, en það hefir verið klipið af upphæð brtt. og gengið skemra en jeg hefi getað sætt mig við. Það er vitað, að starf kvenna við bæjarsímann í Reykjavík er engu umsvifaminna en við landssímann, og ættu því launakjörin að vera jöfn. Af upphæðinni telst mjer, að um 12—14 þús. kr. gangi til þess að jafna kjörin, þar við bætast 1600 kr., er háttv. Ed. setti inn til að bæta kjör eins starfsmanns símans, og það, sem eftir er, fer til þess að bæta kjör annara starfsmanna símans, er verst verða úti í þessu efni. Jeg skal víkja aftur að því, að ef háttv. þm. bera saman launaflokkana samkvæmt launalögunum, þá munu þeir sjá, að þessi flokkur hefir langlægst laun. Hefir það komið til mála og haft töluvert fylgi í þinginu að bæta öðrum starfsmönnum landsins upp laun þeirra á annan hátt, og er þetta alveg í sama anda. Jeg sje því eigi, að háttv. þm. geti verið till. þessari andvígir.

Jóhannes Jóhannesson: Það eru aðeins örfá orð út af orðum hv. frsm. fjvn. Nd. (MP) um það, að fjárlagafrv. er komið í sameinað þing.

Jeg vildi aðeins geta þess, að síðan þingsköpum Alþingis var breytt er engin hætta á því að láta fjárlagafrv. koma fyrir sameinað þing, því samkvæmt 32. gr. 3. málsgr. þingskapanna má eigi í sameinuðu þingi gera breytingartillögur við lagafrumvörp um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu.

Fyrirbyggir þetta ákvæði bæði, að miklar breytingar geti orðið á fjárlögunum og eins hitt, að mikil töf hljótist af því, þó að fjárlagafrv. komi fyrir sameinað þing, og í þetta sinn ætti eigi að þurfa lengri tíma en stundarfjórðung til að afgreiða frv. Um 1. brtt. á þskj. 612 eru báðar fjárveitinganefndirnar sammála. Að öðru leyti skal jeg eigi lengja umræðurnar með því að fara út í einstaka liði.

Jakob Möller: Jeg skal taka það fram, út af athugasemd háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að mjer er eigi kunnugt um afstöðu háttv. fjvn. Ed., en mjer er kunnugt um, að í fjárveitinganefnd Nd. eru skiftar skoðanir um till., svo að þetta, að báðar fjárveitinganefndirnar sjeu sammála um till., á væntanlega að skiljast þannig, að nokkrir menn í báðum nefndum sjeu sammála.

Frsm. fjvn. Nd. (Magnús Pjetursson): Jeg vildi aðeins taka það fram um rafmagnsveituna á Hólum, að það mun eigi rjett, að hún þyrfti um 3 samskonar veitingar síðar meir til að koma að fullum notum. Það var áætlað þegar hæst var verð á öllu, að fyrirtækið þyrfti 60 þúsund kr., en líkt og verðlag er nú, þá lætur nærri, að 45 þúsund væri nóg. Jeg get bætt því við, að gert er ráð fyrir því, að verkið verði svo stórt, að unt verði að selja út rafmagn. Segi jeg þetta til þess að benda háttv. þm. á það, að hættulaust er að greiða þessari fjárveitingu atkvæði.

Háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) mintist á það, að hættulaust væri að hleypa fjár-

lagafrv. í sameinað þing eftir að þingsköpunum var breytt. Það má vel vera, en þó hygg jeg, að töluverð töf geti að því orðið, ef háttv. þm. sýna eigi þá sjálfsafneitun að tala sem fæst um till.

ATKVGR.

Brtt. 612,I feld með 22 : 19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JAJ, JB, JÞ, KE, LH, MJ, MP, ÓP, SE, SJ, ÞorlG, ÞorstJ, BSv, BJ, EÞ, EE, GGuðf, MK.

nei: IngB, JóhJóh, JM, JS, JJ, MG, PO, PÞ, SHK, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BH, BK, EÁ, GÓ, HSt, HK, HSn, IHB.

Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.

Brtt. 612,II 1 feld með 27 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JB, JS, LH, MG, MP, PO, StSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, MK.

nei: HSt, HK, HSn, IHB, JakM, JóhJóh, JAJ, JM, JÞ, JJ, KE, MJ, ÓP, PÞ, SE, SHK, SJ, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BSv, BH, BK, EÁ, GGuðf, GÓ.

Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.

Brtt. 612,II 2 feld með 21 : 20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, HSt, HK, IngB, JakM, JAJ, JB, JS, MG, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞorlJ, ÞórJ, BSv, BJ, BH, MK.

nei: EÞ, GGuðf, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JÞ, JJ, KE, LH, MJ, PÞ, SE, SHK, SJ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BK, EÁ.

Einn þm. (GunnS) fjarstaddur.

Brtt. 612,II 3 feld með 29 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, EE, GÓ, GunnS, HK, IngB, JS, MG, MP, PÞ, SSt, ÞorlJ, MK.

nei: BK, EÁ, EÞ, GGuðf, HSt, HSn, IHB, JakM, JóhJóh, JAJ, JB, JM, JÞ, JJ, KE, LH, MJ, ÓP, PO, SE, SHK, SJ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ, BSv, BJ.

Brtt. 612,II 4 feld með 22 : 20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MP, PO, PÞ, SSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BSv, BJ, BH, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, JS, MK.

nei: KE, LH, MJ, ÓP, SE, SHK, SJ, StSt, ÞorlG, BK, EÁ, EÞ, GGuðf, GÓ, HSt, HSn, IHB, JóhJóh, JAJ, JM, JÞ, JJ.

Brtt. 612,II 5 feld með 22 : 20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, BH, EÞ, EE, GÓ, HSt, HK, IngB, JAJ, JS, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SE, SJ, SSt, StSt, ÞorlJ.

nei: BSv, BJ, BK, EÁ, GGuðf, GunnS, HSn, IHB, JakM, JóhJóh, JB, JM, JÞ, JJ, KE, LH, PÞ, SHK, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, MK.

Brtt. 612,II 6 feld með 21 : 18 atkv.

— 612,II 7 samþ. með 22 : 14 atkv.

— 612,II 8 samþ. með 23 : 16 atkv.

— 612,II 9 samþ. með 24 : 18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KE, LH, MJ, MP, PO, PÞ, SHK, SJ, StSt, ÞorlJ, ÞórJ, BSv, BJ, BH, BK, EÞ, EE, GGuðf, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, JS.

nei: MG, ÓP, SE, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, EÁ, GÓ, HSt, HSn, IHB, JóhJóh, JAJ, JM, JÞ, JJ, MK.

Brtt. 612,II 10 a feld með 23 : 12 atkv.

— 612,II 10 b feld með 22 : 20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, IngB, JakM, JB, JS, JÞ, KE, LH, MP, SJ, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BSv, BJ, BH, EÞ, MK.

nei: GÓ, HSt, HK, HSn, IHB, JóhJóh, JAJ, JM, JJ, MG, MJ, ÓP, PO, PÞ, SE, SHK, SSt, SvÓ, BK, EÁ, EE, GGuðf.

Brtt. 612,II 10 c feld með 22 : 20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, EÞ, EE, HK, JakM, JAJ, JB, JÞ, LH, MG, MJ, MP, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, BSv, MK.

nei: BH, BK, EÁ, GGuðf, GÓ, GunnS, HSt, HSn, IHB, IngB, JóhJóh, JM, JS, JJ, KE, ÓP, SE, SHK, SJ, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ.

Brtt. 612,II 11 feld með 26 : 13 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi..
(Sjá A. 644).

---

18. Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Á 15. fundi í Nd., fimtudaginn 8. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um að leggja jarðirnar Árbæ og Ártún í Mosfellshrepp og Breiðholt, Bústaði og Eiði í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur (þmfrv., A. 76).

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Hv. deild mun eflaust kannast fljótlega við þetta frv., því það er í sama búningi og það var í í fyrra, er það þá var borið fram hjer í deildinni og komst þá ekki lengra en til nefndar. Bæjarstjórn Reykjavíkur telur nauðsynlegt, að jarðir þessar verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en samkomulag um þetta hefir enn eigi náðst við viðkomandi sveitarstjórnir.

Um nauðsyn þá, sem hjer er um að ræða, getur auðvitað verið álitamál, og ef í það færi, gæti Alþingi samþykt lög um þetta án þess að leitað yrði samkomulags við hreppana, en það er alls ekki tilgangur vor, flutningsmanna þessa frv., að fara fram á það; málið er ekki nógu undirbúið til þess enn. Væntanleg nefnd, sem fengi frv. til meðferðar, yrði þá eflaust að bæta inn í frv. ákvæðum um, með hvaða skilyrðum þessar jarðir yrðu lagðar undir Reykjavíkurbæ, og leggja til um, að viðkomandi hreppum yrði úrskurðaðar bætur fyrir, eða eitthvað því um líkt.

Fjölyrði jeg svo ekki um þetta meir á þessu stigi málsins, en vænti, að háttv. deild taki frv. vel og samþykki, að það gangi til 2. umr., og jeg geri það að tillögu minni, að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Einar Þorgilsson: Eins og tekið er fram í greinargerð frv. og háttv. flm. (JakM) hefir einnig tekið hjer fram, lá frv. þetta hjer fyrir deildinni í fyrra og lognaðist þá út af í nefnd, eins og ófullkominn eða ótímabær burður. Jeg hefi kynt mjer þetta mál á ný allrækilega og hjá hreppsnefndaroddvita Mosfellshrepps hefi jeg fengið að vita, að í Mosfellshreppi hafa verið samþykt eindregin mótmæli gegn sameiningu nefndra jarða í þeim hreppi við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að svo stöddu máli. Enn fremur hefi jeg fengið upplýst, að ekki hefir heldur verið leitað álits viðkomandi sýslufjelags um þetta mál, og mótmæli jeg því frv. þessu, að það nái fram að ganga, enda þótt jeg ekki vilji meina því að fara til 2. umræðu. Eru alls

ekki veigameiri ástæður bornar fram frv. þessu til stuðnings en þær, sem á móti eru. Þó að því sje haldið mjög fram, að Reykjavíkurbær eigi þessar jarðir nú og hafi þeirra þörf, vegna þess, að þar hafa verið reist ýms mannvirki, t. d. bygðar rafstöðvar, lögð vatnsveita um lönd þessara jarða, eða að Reykjavíkurbær hafi orðið fyrir einhverjum kvöðum, t. d. útsvari eða einhverju þess háttar, eru það alls eigi nægar ástæður til, að frv. þetta verði samþykt og gert að lögum, jafnilla undirbúið sem það er enn, og mótmæli jeg því í fullu umboði frá viðkomandi hreppum og sýslufjelagi.

Flm. (Jakob Möller): Háttv. 1. þm. G.-K. (EÞ) hefir sjeð ástæðu til að andmæla þessu máli, en vildi þó hins vegar ekki leggjast á móti því, að það kæmist í nefnd. Er jeg honum þakklátur fyrir það, þar sem hann var mjög fjandsamlegur þessu máli á síðasta þingi. Hann sagði, að mótmæli hefðu verið samþykt í hlutaðeigandi hreppum gegn því, sem hjer er um að ræða, en það mun ekki vera rjett, heldur mun samkomulag hafa strandað á fjárhagsatriði málsins. Og því er þetta mál komið fyrir þingið, að vjer höfum, flutningsmenn frv., hugsað oss, að það væri á valdi þess að koma málinu í það horf, að hrepparnir og bæjarfjelagið mættu vel við una. Býst jeg við, að háttv. andmælandi fari því fullfangt, er hann mótmælir frv. fyrir hönd hreppanna. Annars þykir mjer ekki ástæða til að deila um þetta lengur, meðan málið er enn ekki komið til athugunar í nefnd.

Einar Þorgilsson: Jeg vil aðeins gera stutta athugasemd við ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (JakM). Hann sagði, að ekki stæði á öðru til samkomulags en fjárhagsatriði málsins. En jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta þetta. Jeg hefi hjer fyrir mjer eindregin mótmæli hreppsnefndaroddvita Mosfellshrepps, í umboði hreppsins. Oddviti Seltjarnarneshrepps hefir sömuleiðis komið fram með mótmæli, en setti til vara vissa fjárupphæð til grundvallar, ef til framkvæmda kæmi. Að jeg geri ekki að kappsmáli, að málið sje þegar felt eða tekið af dagskrá, kemur til af því, að jeg býst við, að það sofni í nefnd, eins og það hefir sofnað áður, nema betur verði undirbúið en það er nú og hefir verið til þessa.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Öllum, sem hlutdrægnislaust líta á þetta mál, hlýtur að vera það fullljóst, að það sje bænum hin mesta nauðsyn, að mál þetta nái fram að ganga. En oft hefir sú orðið raunin á, að þingið sje ófúst á að leggja jarðir undir kaupstaði án samþyktar viðeigandi hrepps- og sýslunefnda. Jeg geri því ráð fyrir, að þingið muni kveinka sjer við að leggja þessar jarðir undir bæinn, þrátt fyrir nauðsynina, ofan í skýlaus mótmæli hreppsnefndanna, sem fram hafa komið. Um þetta er mjer kunnugt, því það stendur svo á, að jeg hafði fyrir eitthvað 30 árum svipað mál til meðferðar hjer í þinginu. Þá hafði Akureyrarbær keypt jörð í Hrafnagilshreppi, sem bænum var nauðsynlegt að ná undir sitt lögsagnarumdæmi, en hreppsnefnd Hrafnagilshrepps var því mjög öndverð. Mjer var það því fullljóst, að til þess, að frv. kæmist í gegn, yrði bærinn talsvert á sig að leggja og ganga mjög langt til samkomulags, því án þess samkomulags vissi jeg, að ekki þýddi að bera fram frv., og því samkomulagi náði jeg með sjerstökum hlunnindum, er hreppurinn fjekk í staðinn. Jeg býst því við, að Reykjavíkurbær þurfi að leggja eitthvað meira í sölurnar

fyrir þetta mál en það, sem frv. getur um. Vil jeg skjóta því inn í, hvort bæjarstjórnin sjái sjer nú ekki fært að leita hófanna hjá hreppsnefndum þessara hreppa og gera þeim svo góð boð, að þeir megi við una. Málið mun hvort sem er vera svo þýðingarmikið fyrir bæinn, að hann sje þess vel umkominn að leggja talsvert í sölurnar fyrir það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., fimtudaginn 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 76, n. 283).

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg veit ekki, hvort það er til of mikils mælst, að frv. þetta með brtt. nefndarinnar gangi umræðulaust til 3. umr. Allsherjarnefnd hefir gert grein fyrir undirbúningi málsins, og sýnist mögulegt að láta þær umræður, sem frv. þarfnast, fara fram við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 283,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

— 283,2 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

— 283,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv. með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 546, 550).

Frsm. (Jón Þorláksson): Háttv. deild sýndi þessu máli þá velvild að lofa því að ganga umræðulaust til 3. umr., en nú vil jeg, áður en það fer út úr deildinni, gera grein fyrir helstu atriðum málsins. Frv. var flutt af þingmönnum Reykjavíkur, en allshn. hafði það til meðferðar. Nefndin átti þátt í því að leita samninga og samkomulags milli bæjarstjórnar Reykjavíkur annars vegar og hreppsnefndanna í Seltjarnarnes- og Mosfellshreppum hins vegar. Samkomulag hefir náðst við Seltjarnarneshrepp á þeim grundvelli, sem lagður er í frv. Hreppsnefnd Mosfellshrepps veitti afsvar, en gerði þó kost á samningi, með því skilyrði, að jarðirnar Árbær og Ártún yrðu ekki teknar undan Mosfellshreppi, heldur aðeins Elliðaárnar og land, sem þeim þyrfti að fylgja. Bæjarstjórn Reykjavíkur vildi ekki ganga að þessu. En af því að mismunurinn var svo lítill á þeirri upphæð, sem Mosfellshreppur krafðist, og þeirri er bæjarstjórnin vildi greiða — aðeins 2 þús. kr. — og Mosfellshreppur bauð einnig góða borgunarskilmála, þá vildi nefndin ekki láta málið stranda á þessu, en samþykti þá upphæð, sem Mosfellshreppur krafðist að fá, og hefir borgarstjóri tjáð, að bæjarstjórn Reykjavíkur mundi fallast á þetta, ef ekki fengjust betri kostir.

Síðan nefndin skilaði málinu hafa komið tvö erindi til þingins því viðvíkjandi, annað frá Seltjarnarneshreppi, um að

sveitin verði aðnjótandi þeirra náttúrugæða, vatns og raforku, sem Elliðaárnar láta Reykjavíkurbæ í tje. Nefndinni fanst þetta sanngjarnt, þar sem árnar eru teknar úr sveitarfjelagi þeirra og lagðar undir Reykjavík aðallega vegna þessara náttúrugæða, að þeir yrðu ekki útilokaðir frá hlutdeild í þeim, einkum þar sem þeir hafa verið sanngjarnir í fjárkröfum. Enda fóru þeir ekki fram á annað en það, sem vatnalögin heimila þeim, sem nú eru nýsamþykt hjer í deildinni. Þess vegna ber nefndin fram brtt. um þetta.

Hitt erindið er frá sýslunefnd Kjósarsýslu, sem mótmælir samningunum við hreppana. Ekkert samkomulag hefir náðst við sýslunefndina, og allshn. hefir ekki leitað eftir því á þessu þingi, þar eð málið hefir áður verið borið undir sýslunefndina árangurslaust. Tekjur sýslusjóðs af jörðunum renna fyrst í sveitarsjóðina. Við burtnám þessara jarða úr hreppunum er tekið fult tillit til allra tekna af þeim, og skaðabótaupphæðin ákveðin samkvæmt því, einnig sá hluti, sem hreppurinn á að greiða af jörðunum í sýslusjóð Kjósarsýslu. Allar tekjur, sem þeir geta vænst af jörðunum, eru borgaðar hreppnum, og af því á hann að greiða sýslusjóði sinn hluta.

Þegar svona er greitt úr málinu, getur allshn. ekki sjeð, að Kjósarsýsla eigi neina sanngirniskröfu til Reykjavíkurbæjar um þetta gjald, sem hreppurinn hefir fengið greitt. En það ætti aftur á móti að vera samningsmál milli hreppsins og sýslufjelagsins, hvort eitthvað af bótunum væri látið renna í sýslusjóðinn. Allshn. lítur svo á, að ef tekin væri til greina krafa Kjósarsýslu og henni greidd sjerstök uppbót, þá yrði þar um tvíborgun að ræða.

Jón Baldvinsson: Frv. þetta er nú orðið alt annað en það var upphaflega.

Jeg verð að segja, að mjer þykir það vera mikið, sem Reykjavíkurbær á að greiða Mosfellshreppi, þó að því megi svara, að afborgunarskilmálar sjeu góðir og að reiknaðir sjeu lægri vextir af upphæðinni en algengt er. En þess ber að gæta, að upphaflega var til þess ætlast, að jarðirnar báðar, Árbær og Ártún, yrðu lagðar undir lögsagnarumdæmi bæjarins. Þó að jeg sje mjög óánægður með þetta, mun jeg samt greiða atkvæði með frv., af því að Reykjavíkurbær þarf þetta landsvæði og það stendur í vegi fyrir framkvæmdum á landareign bæjarins, sem bráðlega verður byrjað á, ef þetta fengist. En ef landið liggur undir annað lögsagnarumdæmi, verður ekkert gert. Þar má nefna t. d. laxaklak í Elliðaánum og ræktun bæjarlandanna. Sem sagt, jeg er óánægður yfir því, hvað upphæðin til Mosfellshrepps er há, af því að slept er undan jörðunum Árbæ og Ártúni, sem upprunalega voru í frv. því, er borið var hjer fram.

Einar Þorgilsson: Þegar þetta mál var hjer til 1. umr., mælti jeg á móti því, af því að jeg áleit það svo óundirbúið, þar sem vantaði samþykki bæði Seltjarnarneshrepps og Mosfellshrepps. Nú hefir háttv. allshn. leitað samkomulags á milli hlutaðeigenda; og samkvæmt nefndaráliti á þskj. 283 sýnist það hafa náðst við Seltjarnarneshrepp, en ekki við Mosfellshrepp að því leyti, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir enn ekki samþykt tilboð hreppsnefndar Mosfellshrepps. Ef til vill hefði verið óhætt að samþykkja frv., þó það vantaði; en mjer hefði þótt betur við eiga, að samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur væri

komið, þar sem málið er búið að liggja svo lengi fyrir þinginu. En sjerstaklega vantar samþykki sýslunefndar Kjósarsýslu, sem áskilið er í gildandi lögum, en þvert á móti liggur fyrir þinginu nú erindi frá henni, þar sem hún á nýafstöðnum sýslufundi neitar að ljá samþykki sitt til, að sú breyting verði gerð, sem hjer um ræðir. Að sjálfsögðu saknar sýslan tekna, ef sú breyting kemst á, því ekki er gert ráð fyrir því, að hún njóti neins beinlínis af því fje, sem Reykjavíkurbær greiðir viðkomandi hreppum samkvæmt því, sem tilboðin eru orðuð, og má ætla, að ágreiningur geti síðar orðið um það, hvort og hve mikið henni beri af því. Þess vegna er jeg á móti málinu, enda er það nóg ástæða fyrir mig, að sýslunefnd Kjósarsýslu mótmælir því. Jeg mun því greiða atkvæði á móti frv.

ATKVGR.
Brtt. 550 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 564).
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, n. 602).
Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg hefi engu við að bæta það, sem nál. segir. Háttv. allshn. Nd. hefir gengið frá máli þessu og hjálpað til við samningagerð milli Reykjavíkur og hlutaðeigandi sveitarfjelaga. Hygg jeg rjett vera, að mál þetta gangi fram.

Björn Kristjánsson: Jeg vil aðeins geta þess fyrir hönd hreppsnefnda þeirra, er hjer eiga hlut að máli, að þær eru mjög ánægðar með samningana, eins og þeir eru, og hafa ekkert við þá að athuga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 564).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 631).

---

19. Einkaleyfi.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um einkaleyfi (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þetta frv. er enginn nýr gestur hjer í deildinni. Það er nú í fjórða skifti, sem það er á ferðinni. Seinast í fyrra var það lagt fyrir háttv. Ed. og afgreitt þaðan með ýmsum breytingum, sem horfðu til bóta. En svo sofnaði það í Nd., enda gerði jeg mjer ekkert far um að koma því fram.

Samt sem áður hefi jeg fundið ástæðu til að koma fram með frv. enn einu sinni, aðallega vegna þess að engin lagaheimild er til hjer á landi, sem veiti mönnum einkaleyfi á uppgötvunum sínum, eða vernd. Er það mjög bagalegt og má helst ekki svo vera lengur. Erlendis eru sjerstakar skrifstofur, sem annast umsóknir um leyfi viðvíkjandi uppgötvununum; hafa það sem atvinnu. Þær hvetja því alla uppfundningamenn til að sækja um einkaleyfi, en þær hafa margsinnis tekið það fram, að menn hafi hætt við að sækja, er þeir höfðu heyrt, að engin lög væru hjer til, sem veittu þá vernd, sem með þurfti. Setning þessara laga yrði því ekki aðeins til hagræðis fyrir uppfundningamenn, og ef til vill þá um leið fyrir atvinnuvegi landsins, heldur yrði það og til að auka tekjur ríkissjóðs. Slík leyfi eru æðidýr; gjaldið er nú 34 kr. + 50 kr. í stimpilgjald. Gjaldið má ekki vera hátt fyrst, því raunar er það ekki í fjárgróðaskyni, þótt sótt sje um leyfi, heldur til að geta sagt, að einkaleyfi fyrir hlutinn sje veitt alstaðar, en þegar leyfi er endurnýjað 5. eða 10. hvert ár, er ástæða til að hafa gjaldið hærra, sbr. 7. gr. frv.

Um grundvöllinn undir þessu frv. vísast til athugasemdanna við frv. í fyrra, en erlendis fylgja menn aðallega tveim reglum í þessu efni. Önnur er sú, að einkaleyfið er ekki veitt fyr en búið er að rannsaka, hvort um nýja uppgötvun sje að ræða, og alt annað þar að lútandi. Er sjerstök nefnd manna þar til kjörin, og fær leyfisbeiðandi engan úrskurð fyr en hún hefir látið uppi álit sitt. Þannig er þetta á Norðurlöndum, Englandi, Þýskalandi og Ameríku. Á Frakklandi aftur á móti fer engin slík rannsókn fram á undan, heldur er leyfið veitt, og hver einstaklingur verður sjálfur að reka þar rjettar síns, ef hann á þann hátt er borinn fyrir borð.

Í þessu frv. er hvorug leiðin farin. Hjerlendri rannsókn er slept og það talið nóg, ef sannað er, að slíkt einkaleyfi, er um ræðir, hefir áður verið veitt í landi, þar sem rannsókn fór fram. Í þeim fáu tilfellum, sem þetta væri ekki nægilegt, þá væru það innlendir menn, sem hlut ættu að máli, og verður að telja það nægilegt að auglýsa og gefa á þann hátt til kynna, hvernig uppgötvuninni er varið. Kæmu svo samt sem áður einhver vafaatriði til greina, þá hefir danska rannsóknarnefndin í Kaupmannahöfn tjáð sig fúsa til að taka þær rannsóknir að sjer fyrir sáralítið verð, eins og hún hefir gert að undanförnu. Er það óneitanlega mikið hagræði, því það er engu síður nauðsynlegt fyrir Íslendinga en aðrar þjóðir að vita með vissu, hve nær þeir hafa gert uppgötvanir og hve nær ekki. Það er ekki nægilegt að gera bara uppgötvun. Menn verða að sanna hana og fá þá sönnun viðurkenda.

Af því að heyrst hafa raddir um það,

að nauðsynlegt sje að setja hjer á stofn sjerstaka rannsóknarstofu, þá skal jeg geta þess, að slík skrifstofa hlyti að verða afardýr. Eins og liggur í augum uppi, þá er það óhemjumikið starf, í hvert sinn sem leyfisbeiðni kemur fram, að rannsaka, hvort ekki sje eins eða svipuð uppgötvun og leyfi komið fram einhversstaðar úti í heimi. Þarf auk þess sjerfróða fagmenn til þess starfa, og myndi sá kostnaður allur verða oss Íslendingum langtum of hár. En hún er óþörf, og nægileg trygging fyrir alla hlutaðeigendur, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Því fyrir utan þá vernd, sem það veitir, þá losnar stjórnin við í hvert sinn sem menn vilja fá leyfisframlengingu, að skrifa til konungs, með miklum og löngum skrifum og tillögum. Og ýmsum óþægindum af svipuðu tægi er með þeim kipt í burt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira, en læt mjer nægja að vísa til aths. við þetta frv. á þinginu í fyrra og ræðu atvinnumálaráðherra þá.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja til, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 263).

Frsm. (Jón Þorláksson): Þetta frv. til laga um einkaleyfi hefir líka legið fyrir undanförnum þingum. Það kom fyrst fram á þinginu 1919, og hefir síðan legið öðruhvoru fyrir þinginu. Að málið hefir ekki enn þá hlotið afgreiðslu, virðist stafa af því, að ágreiningur hefir verið um þetta meginatriði, hvort vjer erum þess umkomnir að setja hjer upp sjerstaka rannsóknarnefnd á einkaleyfum. Árið 1921 kom málið aftur inn á Alþingi og var þá ákvæðum um slíka rannsóknarnefnd bætt inn í frv. í Ed. En stjórnin gat ekki fallist á þá viðbót og lagði frv. fyrir þingið 1922 í fyrri mynd sinni. Þá komst það í gegnum efri deild, en varð aldrei útrætt í þeirri neðri. Og nú er það komið hjer enn á ný. Í nál. er gerð grein fyrir því, að allshn. geti ekki hugsað sjer, að farið verði að leggja í þann kostnað að setja hjer upp slíka rannsóknarnefnd. Hún vill leggja áherslu á það, að sneitt verði hjá slíkri nefndarskipun og þeim kostnaði, sem af henni myndi leiða. Hún lítur enn fremur svo á, að þetta mál sje ekki sjerlega þýðingarmikið, en þó telur hún rjettara að lög verði sett um það, en þá á þann hátt, að ekki hafi það í för með sjer neinn teljandi kostnað. Í frv. er að vísu ekki beinlínis farið fram á, að skipuð verði sjerstök rannsóknarnefnd í þessu skyni, en gert ráð fyrir, að ráðuneytið láti framkvæma rannsóknirnar. Nú þykir nefndinni ekki trygt, að rannsóknirnar verði í framtíðinni framkvæmdar á þann hátt, sem núverandi og fyrverandi stjórn hafa hugsað sjer þær, nema þessu sje ráðstafað með lögum. Hún vill því láta það koma fram í sjálfum lögunum, sem vakað hefir fyrir þessum stjórnum. Nefndin hugsar sjer, að venjulega verði þessu hagað þannig, að þegar sótt verður hjer um einkaleyfi, þá skuli beðið með afgreiðslu þeirrar beiðni þar til umsækjandi getur sýnt, að slíkt leyfi hafi verið veitt í einhverju ríki, þar sem einkaleyfisrannsókn fer fram. Þá fyrst getur hann fengið einkaleyfi hjer. En þegar sótt væri um einkaleyfi hjer á landi eingöngu, þá er

það tilætlunin, að leitað verði til rannsóknarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, og hefir hún lofað því að taka að sjer rannsóknir fyrir oss gegn borgun. Það þótti okkur nefndarmönnum og rjett, til þess að gera ríkissjóði ekki kostnað með þessu, að umsækjandi greiði þann kostnað sjálfur, sem rannsóknin hefir í för með sjer. Hins vegar vill nefndin heimila ríkisstjórninni að hlaupa þar undir bagga, þegar um efnalitla menn er að ræða og ástæða þykir til að öðru leyti. Ætlast hún sjerstaklega til, að sú heimild sje notuð, er ríkisstjórninni þykir útlit fyrir, að um uppgötvun sje að ræða, sem kunni að hafa þýðingu fyrir framleiðslu landsins eða atvinnuvegi landsmanna. Öðru máli er að gegna um uppgötvanir, sem eru þess eðlis, að þær koma aðallega til framkvæmda erlendis.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að fjölyrða neitt um brtt. á þskj. 263. Þar er að mestu leyti bara um rjetting á máli og prentun að ræða.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg get verið stuttorður að þessu sinni. Þessi eina efnisbreyting á frv., sem háttv. allshn. stakk upp á, er þess eðlis að koma í veg fyrir, að til sjerstaks kostnaðar sje stofnað í sambandi við þessi mál, og það er nákvæmlega það sama, sem haldið er fram í frv., og því hefi jeg ekkert á móti því, að það sje enn skýrara tekið fram þar. Aðrar brtt. háttv. nefndar eru, eins og háttv. frsm. (JÞ) tók fram, ýmist til skýringa eða leiðrjettinga á smávægilegum atriðum. 5. brtt., við 24. gr. frv., er ítarlegri en frv., og því til bóta.

Þarf jeg svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, og þakka hjer með háttv. allshn. fyrir góða meðferð þessa máls, sem jeg vænti, að gangi nú greiðlega gegnum báðar deildir þingsins. Þó er jeg ekki viss um, að Ed. muni fallast á skilning allshn. Nd. á orðinu „ráðuneyti" — að það sje átt við þann ráðherra og þá deild stjórnarráðsins, sem málið heyrir undir, en ekki alla ráðherrana í einu. En ef háttv. Ed. mótmælir eigi þessum skilningi orðsins eða breytir þessu, þá lít jeg svo á, að þannig eigi þetta að vera.

Frsm. (Jón Þorláksson): Það er aðeins örstutt athugasemd vegna þess að jeg gleymdi því, að orðið „ráðuneyti" í frv. á samkvæmt skilningi nefndarinnar aðeins að þýða þann ráðherra og þá deild eða stjórnarskrifstofu, er málið heyrir undir. Þessa vill nefndin geta af því að í umræðum um þetta mál í Ed. 1922 kom fram efi á því, hvort rjettara væri að láta sjerstaka nefnd rannsaka einkaleyfin eða fela þá rannsókn öllu ráðuneytinu. En eins og stjórnarfyrirkomulagið er nú, hlýtur þetta aðeins að merkja þann sjerstaka ráðherra og deild hans, er málið snertir. Það, sem Ed. virðist hafa meint með orðinu „ráðuneyti", mun heita á rjettu máli ráðherrafundur eða ráðherrasamkoma. Nefndin tekur þetta fram af því hún vill ekki láta taka þetta mál frá rjettum viðkomandi ráðherra og leggja það undir alt ráðuneytið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 263,1 samþ. án atkvgr.

— 263,2 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

6.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 263,3 samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Þrtt. 263,4 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

15.—23. gr. (verða 16.—24. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 263,5 (ný 24. gr., verður 25. gr.) samþ. með 18 : 1 atkv.

25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 297).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 297).

Á 37. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að fara mörgum orðum um frv. þetta. Það er gamall gestur; hefir verið hjer oft áður og síðast á þinginu 1922. Þá var það afgreitt frá þessari háttv. deild, en sofnaði í Nd. Nú hefir þetta frv. verið lagt enn á ný fyrir Alþingi, meðfram eftir ítrekaðri beiðni þeirra manna, sem mest umsvif hafa vegna einkaleyfanna, en það eru embættismenn vorir í Kaupmannahöfn. Það var lagt óbreytt fyrir Nd. eins og það var afgreitt hjeðan í fyrra, og hefir hún nú afgreitt það með tveim breytingum. Nefndin í Nd. lagði áherslu á það, að engan aukinn kostnað leiddi af frv. þessu og engin ný embætti yrðu stofnuð vegna þess, og eru ákvæði hjer að lútandi sett inn í frv. Þá hefir og það ákvæði verið sett inn, að ef einhver hefir beiðst einkaleyfis í öðru ríki, þá þurfi rannsókn ekki að fara fram hjer, heldur megi þá veita honum leyfið án frekari rannsóknar, ef hann sýni skilríki fyrir því. Slík rannsókn er oft mjög ítarleg og kostnaðarsöm og þarf til sjerþekkingu. Hingað til hefir „Patent-Kommissionen“ í Kaupmannahöfn annast það fyrir ekkert gjald, en eftir að landið varð fullvalda, taldi hún sjer ekki skylt að gera það fyrir ekki neitt, en stjórnin hefir nú samið um það, að hún haldi áfram rannsóknum fyrir litla borgun. Nd. hefir fallist á, að beiðandi greiði sjálfur kostnað þann, er ríkissjóður ber af þessu, en í reglugerð, sem ráðuneytið setur, má ákveða, að veita megi efnalitlum beiðendum uppgjöf á kostnaði þeim, sem af rannsókninni leiðir, og er það til bóta. Yfirleitt er frv. aðgengilegt frá Nd., og vænti jeg þess, að þessi deild lofi því fram að ganga. Legg jeg til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 370).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg ætla aðeins að taka það fram, að efnisbreytingar eru hjer engar gerðar, aðeins orðabreyt-

ingar og leiðrjettingar á tilvitnunum. Jeg skal viðurkenna, að breytingin á 1. gr. er ekki viðkunnanleg að orðalagi, en örðugt er mjög að orða hana. Ákvæði greinarinnar eru samt fullgreinileg eins og breytingartillagan orðar hana.

ATKVGR.

Brtt. 370,1 a—b samþ. án atkvgr.

— 370,1 c samþ. með 11 shlj. atkv.

— 370,1 d samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 370,2 samþ. án atkvgr.

14. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

15.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 370,3 samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

21.—23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 370,4 samþ. án atkvgr.

24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

25.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 401, 422).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg verð að biðja afsökunar á því, hversu óhöndulega nefndinni hefir tekist að koma þessari brtt. á, sem hjer liggur fyrir á þskj. 422, því eins og jeg tók fram við 2. umr., þótti nefndinni 1. gr. frv. ekki allskostar vel orðuð, og fyrir því bárum við fram þessa brtt. Hin fyrri brtt. líkaði nefndinni ekki fyllilega, enda dálítið örðugt að koma henni vel fyrir. Jeg hefi nú fengið aðstoð skrifstofustjóra Alþingis, sem er mjög vel stílfær maður og orðheppinn, og vona jeg, að við megi hlíta. Hygg jeg því, að greinin sje nú forsvaranlega orðuð og geti ekki valdið misskilningi, og sje því óhætt að samþykkja hana eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 422,a samþ. með 9 shlj. atkv.

— 422,b samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 439).

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Þorláksson): Hv. Ed. hefir einungis gert smávægilegar orðabreytingar til skýringar á þessu frv. Hefir það ekki verið borið formlega undir allshn. hjer í deildinni nú, en jeg hefi athugað frv. og þori að segja fyrir hönd nefndarinnar, að hún muni vera samþykk því, að það verði samþykt óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 480).

20. Læknisskoðun aðkomuskipa.

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um læknisskoðun aðkomuskipa (þmfrv., A. 311).

Á 38. fundi í Ed., fimtudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Þetta frv. flytur allsherjarnefnd eftir tilmælum bæjarlæknisins eða sóttvarnarlæknisins í Reykjavík, og er það breyting á 1. og 24. gr. sóttvarnarlaga frá 1902. Í þeim lögum er ekki gert að skyldu að skoða skip, sem koma frá útlöndum, en nú er það komið í hefð, síðan inflúensan geisaði hjer. Það hefir haldist síðan. En margar slíkar pestir geta borið að höndum þá og þegar, þótt inflúensan sje hjá liðin. Þess vegna er ekki fjarri sanni, að rjett sje að lögfesta þetta, án þess þó að gera samgöngum og siglingum erfiðara fyrir. Frv. ber heldur ekki slíkt með sjer, en aðeins tryggingu fyrir því, að læknar skoði öll þau skip, er kynnu að geta haft með sjer smitandi sjúkdóm, og að heilbrigðisstjórn geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að slíkar pestir nái landfestu. Síðan er það annað atriði, og það er taxtinn, sem er í sóttvarnarlögunum fastákveðinn 4, 8 og upp í 10 kr., eftir stærð skipanna. Það var að vísu sæmilegt í þá daga, en nú er alt hækkað, og þykir því nefndinni þetta ljeleg borgun fyrir eftirlitið. Nefndinni fanst alveg sjálfsagt að hækka taxtann og kom sjer saman um að hækka gjaldið um helming, sem sje upp í 8, 16 og 20 kr. Yfirleitt eru sóttvarnarlögin orðin svo gömul og úrelt í ýmsum greinum, að þau þörfnuðust nákvæmrar endurskoðunar. — Nefndin hafði hvorki tíma nje tæki til að athuga málið sem skyldi, en hún beinir þeirri ósk til stjórnarinnar, að hún athugi það til næsta þings. Vona jeg, að hv. þm. samþykki svo frv. til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., laugardaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 311, 350).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 350 feld með 7:4 atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., mánudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 311).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 311).

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Pjetursson: Jeg sje, að hæstv. forsrh. (SE) er ekki viðstaddur, annars hefði hann að líkindum látið nokkur orð fylgja þessu frv., sem borið var fram í hv. Ed. að nokkru leyti eftir tilmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Aðaltilgangur frv. er að lögbjóða fyrirkomulag, sem um nokkur ár hefir tíðkast um læknisskoðun aðkomuskipa. Þetta fyrirkomulag hefir ekki átt neina stoð í lögum, og ef skip hefðu einhvern tíma kvartað undan því eða neitað að greiða þann kostnað, sem af því leiðir, hefði það opinbera orðið að láta í minni pokann. En til þess hefir aldrei komið, svo sjálfsagt hefir þetta þótt, og nú þykir rjett að ákveða þetta með lögum. Annars fylgdi ræki leg greinargerð þessu frv. í hv. Ed., og býst jeg við, að hv. deildarmenn hafi kynt sjer hana.

Jeg vildi mælast til, að frv. yrði ekki vísað til nefndar, því að með hverjum degi verður meiri þörf á lögum um þetta efni. Hygg jeg, að frv. mætti fara nefndarlaust, að minsta kosti til 2. umr., en þá mætti vísa því í nefnd, ef þess þætti þurfa.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 311).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 311).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 451).

---

21. Herpinótaveiði.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913 [*Herpinótaveiði*] (þmfrv., A. 160).

Á 25. og 27. fundi í Nd., dagana 21. og 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Þetta litla frv., sem hjer liggur fyrir, er borið fram samkvæmt ósk almenns hjeraðsfundar í Skagafirði. Vona jeg, að eigi þyki þörf að hafa um það langar umræður og

að það fái hljóðalaust að ganga til 2. umr. og verði síðan vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 160, n. 231).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og nál. á þskj. 231 ber með sjer, hefir það orðið samkomulag í sjávarútvegsnefnd að leggja til, að frv. verði samþ. Í lögunum frá 1913, um samþyktir um herpinótaveiði í Eyjafirði og Skagafirði, er lína sú, sem hjer um ræðir og takmarkar samþyktarsvæðið í Skagafirði, dregin frá Þórðarhöfða, syðri enda hans, og á Ingveldarstaði á Reykjaströnd, sem er yst undir Tindastóli. En samkvæmt frv. þessu er línan færð út, einkum að vestanverðu, þannig, að nú liggur hún frá Þórðarhöfða um Drangey og þaðan sömu stefnu á Skaga. Það er því aðallega vestanmegin fjarðarins, sem línan færist út. En ástæðan til þess, að fram á þetta er farið, er sú, að einmitt þarna eða á þessu svæði eru góð fiskimið, sem þeir vilja friða, og telja brýna nauðsyn til þess, fyrir herpinótaveiðum. Slíkar veiðar valda truflunum við venjulegar fiskveiðar og valda auk þess oft skemdum á veiðarfærum. En svo er og enn eitt ótalið, sem mælir mjög með því, að þessi breyting sje gerð, en það er sú staðreynd, sem ekki einasta er fengin á þessum stað, heldur einnig á öðrum flóum og fjörðum, að herpinótaveiði inni á fjörðum tálmar því, að síldin gangi áfram inn eftir fjörðunum og inn í fjarðarbotn, eins og venja hefir verið til, að hún geri. Nú, síðan farið var að stunda herpinótaveiði þarna inni á Skagafirði, er síldin hætt að ganga nokkuð til muna lengra inn í fjörðinn, en afleiðingin af því er aftur sú, að fiskurinn, sem fylgir síldartorfunum og síldargöngunni, hefir af þessum orsökum lagst frá fiskimiðum innar með firðinum. Þetta er því hagalegra og skaðlegra á þessum stað, þar sem afli á aðalfiskimiðum þeirra Sauðkrækinga, en þar er aðalútgerðin við Skagafjörð, en þau eru innarlega í firðinum, hefir brugðist nú undanfarið, og er það einróma álit sjómanna norður þar, að orsakir að þessu sje að rekja til þess, er jeg nú hefi greint. En fiskimið þau lengra úti með firðinum, sem afli helst enn á, geta Sauðárkróksbúar ekki sótt á á opnum bátum, sökum vegalengdar, og verða því að liggja við þar út frá til að geta notfært sjer þau.

Á Eyjafirði er alt svæðið innan við Hrísey friðað fyrir herpinótaveiði; er þó miklu meiri vegalengd frá Hrísey inn í fjarðarbotn en frá Drangey og að botni Skagafjarðar.

En svona mikil friðun á Eyjafirði fyrir herpinótaveiði þótti nauðsynleg til verndar þorskveiðunum og til þess að trufla ekki fiskigöngurnar á grunnmiðin, og á það sama auðvitað við um Skagafjörð. Nefndin leggur því eindregið til, að mjög rjettmætar óskir Skagfirðinga um þetta sjeu teknar til greina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
3 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 160).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 160).

Á 36. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 160, n. 362).

Frsm. (Karl Einarsson): Það hefir verið farið fram á það af Skagfirðingum, að færa mætti út svæði það, sem banna mætti á herpinótaveiði í Skagafirði, út fyrir Drangey. Að austan er punkturinn hinn sami, sem ganga á út frá, en að vestan færist hann utar á Skagann, svo línan milli þeirra liggur fast utan við Drangey; nú liggur hún nokkuð innan við eyna.

Hefi jeg svo ekki fleira að segja um þetta, en vænti, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 160).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vil aðeins mæla með því, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir, því að engin brtt. er við það og það hefir gengið óbreytt gegnum þingið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 428).

22. Vjelgæsla á mótorskipum.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 1. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum (þmfrv., A. 46).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Mál þetta kom fyrir þingið 1920 og fjekk þá góðar undirtektir, og var af öllum viðurkent, að nauðsyn bæri til að afgreiða það sem fyrst, vegna þess, að það stendur í svo nánu sambandi við mótorvjelstjóraskólann, sem þá var nýstofnaður með lögum. En þrátt fyrir það, þótt undirtektir væru þær, sem að framan greinir, vildi þó svo undarlega til, að vegna einhvers misskilnings var málið felt í Ed. á síðustu stundu. En með því, að nú má telja víst, að þessi misskilningur eigi sjer ekki lengur stað, þótti mjer rjett að bera málið fram af nýju. Jeg tel því fullar líkur til, að málið eigi betri viðtökum að fagna í hv. Ed. nú. Jeg geri ráð fyrir, að slík ábyrgðarstörf sjeu varla í nokkru siðuðu landi undanþegin lögskipuðu eftirliti, eins og hjer. Það þýðir ekki að halda langa ræðu um þetta mál, þó að hjer sje um brýna nauðsyn að ræða. Aðalákvæði frv. eru mikilsverður þáttur í þeirri starfsemi að tryggja líf sjómanna, sem stunda áhættumesta atvinnuveg þessa lands.

Frumvarp þetta hefir verið borið undir álit sjerfræðinga í þessari grein, og álíta þeir ekkert við það að athuga. Jeg tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 20 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, n. 82).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu; þetta frv. er gamall kunningi frá þinginu 1921 og kemur nú fram óbreytt frá því, sem þá var. Það, sem þá var deilt um, var í rauninni ekki neitt meginatriði málsins, þótt það yrði til þess að hefta framgang þess í háttv. Ed. Nú er sú ástæða burtu fallin, svo að það ætti ekki að verða málinu að fótakefli framar. Aðalatriðin, sem hjer er farið fram á til þess að tryggja vjelgæsluna, er í fyrsta lagi að heimta af hverjum vjelamanni, að hann hafi þekkingu á starfi sínu, og í öðru lagi með því að kveða svo á, að jafnan sjeu tveir vjelfróðir menn á skipi, sem hefir 10 hestafla vjel eða stærri, og er það nauðsynlegt, ef annar fatlast eða veikist, sem altaf getur viljað til.

Það verður varla tölum talið, hvað miklu fje og fjörvi hefir verið fórnað á altari vanþekkingar manna í meðferð olíuvjela.

Allmikil bót hefir óneitanlega verið ráðin á þessu sleifarlagi nú síðustu árin með fræðslu þeirri, sem menn hafa aflað sjer á námsskeiðum Fiskifjelags Íslands.

Þó að í frv. sjeu rjettindi manna bundin því skilyrði, að þeir hafi staðist próf við mótorskólann, sem enn hefir ekki tekið til starfa, þá veita vottorð um það, að maðurinn hafi verið á mótornámsskeiðum

Fiskifjelags Íslands sömu rjettindi að svo stöddu, þar sem ekki er krafist enn meiri og fjölbreyttari þekkingar, t. d. prófskírteinis frá vjelstjóraskóla Íslands, þegar um er að ræða að njóta rjettinda til þess að stunda vjelgæslu á skipi með 150 hestafla vjel eða stærri, sbr. 5. gr.

Auk þess eru bráðabirgðaákvæði í 7. gr., svo yfirleitt er gengið svo skamt í kröfum nú, sem fært þykir. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og mun koma með nokkrar brtt. við 3. umr., og skal jafnframt geyma mjer að tala um málið þangað til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 46, 117, 119).

Jón Baldvinsson: Brtt. þær, sem jeg hefi borið hjer fram, er að finna á þskj. 117. Ef frv. þetta yrði samþykt óbreytt eins og það liggur fyrir deildinni, þá gerði það mörgum þeim mönnum, sem stunda atvinnu á vjelbátum, óþægindi, þannig að það varnar þeim að hækka stig af stigi og taka skip með stærri vjelum, þegar frv. væri orðið að lögum. Það er auðvitað nauðsynlegt, að trygging sje fyrir, að þeir, sem með vjelarnar fara, hafi næga þekkingu og reynslu í þeim efnum. Fyrst eftir að mótorskipin komu til, var þess ekki gætt, hversu vandfarið er með vjelarnar, og þekkingarleysi vjelamanna hefir oft orsakað slys og mikið fjártjón. Nú er ljóst orðið, að fara þarf vel með vjelarnar til þess að forðast slíkt. Og jeg hygg því, að skipaeigendur muni sjá sinn hag í því að velja þá menn til vjelgæslu, sem næg reynsla er fengin fyrir, að kunnáttu hafi í þessum efnum.

Brtt. mínar eru gerðar í samráði við fjelag vjelamanna í Reykjavík og miða að því, að þeir, sem starfa að vjelgæslu, geti hækkað stig af stigi, þó þeir eigi hafi vjelstjórapróf. Er þetta að nokkru hliðstætt því, sem gert var á síðasta þingi, þegar rýmkun var gerð á lögunum um atvinnu við siglingar. En sú rýmkun var í því fólgin að gera gömlum formönnum auðveldara að taka að sjer skipstjórn á stærri bátum en áður var leyft.

Vildi jeg nú, að takmörkin í þessu frv. væru sett rúm í byrjun, vegna þess að jeg tel það nauðsynlegt á meðan vjelgæsluskólinn er ekki stofnaður; og er því ankannalegt, ef ætti að binda menn við próf frá skóla, sem ekki er til enn þá, og því heldur, sem námsskeið Fiskifjelagsins hafa ekki starfað um skeið. Að minsta kosti er það útilokað samkvæmt 4. gr. þessa frv., að menn geti tekið að sjer vjelgæslu í skipum, sem hafa stærri vjelar en 150 hestafla, nema próf sje fyrir hendi. Menn hafa haft það á móti brtt. minni við 5. gr., að mönnum án vjelstjóraprófs væri leyft að fara með svo stórar vjelar, að skip með þeim fari landa á milli, og á þeim skipum verði menn að hafa vjelstjórapróf. En jeg fer fram á í till. minni, að 30 mánaða vinna við slíkar vjelar sje jafngild prófi, því vart munu menn settir til vjelgæslu á skipum með 150 hestafla vjelum eða stærri, nema trygging sje álit-

in fyrir því, að þeir hafi hæfilega kunnáttu til starfans, þótt þeir sjeu próflausir. Þetta kæmi því ekki að sök.

Sem sagt, þeir menn, sem nú stunda vjelgæslu, ættu að fá að halda áfram að hækka stig af stigi; þeir munu starfa hvort sem er, og verða því að njóta þessara rjettinda. Vænti jeg svo, að hv. deild taki þessum till. mínum vel.

Frms. (Pjetur Ottesen): Það var rjett, hjá flm. þessara brtt., hv. 2. þm. Reykv. (JB), að hann gat þess í nefndinni, að hann mundi koma fram með brtt. við frv. um þau atriði, er hann nú hefir minst á. En áður en jeg sný mjer að þeim eða ræðu háttv. þm., vil jeg minnast á litla brtt. við 1. gr. Það er, eins og menn sjá, ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins orðabreytingu, og þannig orðuð samþýðist greinin betur þeirri hugsun, sem í frv. felst um skyldur og rjettindi í þessu efni.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) gat þess rjettilega, að það bæri að tryggja það með lögum, að vjelgæslumenn hefðu sem mesta þekkingu til brunns að bera í starfi sínu. Vjelbátaútgerðin er orðin svo stór og hraðvaxandi síðari árin, að þetta er nauðsynlegt, því að alt of mörg mannslíf eru í hættu, ef út af ber. Höfuðskilyrðið fyrir, að útgerðin beri sig, er það, að vjelarnar sjeu gangvissar, og verður því að gera þær kröfur til manna, að þeir sjeu færir um að stjórna þeim. Það má svo segja með miklum rjetti, að hjer hafi mjög skort á nauðsynlega fræðslu um þessi efni, og þannig verði það enn um nokkurt skeið, uns mótorskólanum verður komið á fót. Þó hafa námsskeið Fiskifjelagsins bætt mikið úr þessari vöntun, enda framför sýnileg á þessu sviði. Það verður því auðvitað að hafa fulla hliðsjón af þessu ástandi, þegar kveðið er á um rjettindi manna til vjelgæslu, — enda fullkomið tillit tekið til þessa í frv. — en hins vegar jafnframt að gæta þess, að gengið sje eins langt í kröfunum og unt er, og taka þar meira tillit til sameiginlegra hagsmuna þjóðarinnar en þó einhverjum manni, sem eitthvað hefir fengist við vjelgæslu, kunni að þykja sjálfsáliti sínu gert fulllágt undir höfði.

Nú er það svo, að allar þessar brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JB) standa í nánu sambandi hver við aðra, og er því hægt að tala um þær allar í heild. Það er sameiginlegt með þeim öllum, að þær miða að því að draga úr þeim þekkingarskilyrðum, sem í frv. er krafist, og þar með minka þá tryggingu, sem frv. er ætlað að veita, ef það verður að lögum, óbrjálað frá því, sem nú er.

Það er með öðrum orðum nokkurskonar frestun á framkvæmd laganna, frestun á framkvæmd bráðnauðsynlegra tryggingarákvæða. Hvað sá frestur er langur, fer auðvitað nokkuð eftir því, hvað lengi dregst, að mótorskólinn taki til starfa. Samkvæmt 7. gr. falla þessi bráðabirgðaskilyrði niður. Eins og frv. er nú, eru þekkingarskilyrðin bundin við stærð vjelanna og smáhert á kröfunum, eftir því sem skipin og vjelarnar stækka og meira er í húfi. Þessari reglu vill háttv. 2. þm. Reykv. (JB) gerbreyta með því, að þeir, sem gætt hafi vjela í minni bátum, geti öðlast rjett til að stjórna vjelum í stærri skipum, með því að hafa verið við vjelgæslu á smærri skipum þann tíma, sem brtt. gerir ráð fyrir. Hann vill með öðrum orðum, að sú tímalengd verði nægilegt þekkingarskilyrði eða veiti þeim rjettinn án þess að þess verði krafist, að þeir uppfylli önnur nauðsynleg þekkingarskilyrði.

Það er ekki úr vegi, þegar hjer er komið, að bera brtt. saman við frv. — 4. gr. frv. hljóðar svo:

„Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50—150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Sbr. þó 7. gr. þessara laga."

Aftan við þessa grein vill hann bæta:

„eða stundað vjelgæslu að minsta kosti 24 mánuði á skipi með 10—50 hestafla vjel."

Eru þeir samkvæmt þessu ekki bundnir skilyrðinu í 3. gr. frv., heldur öðlast rjettinn þegar eftir að þeir hafa stundað vjelgæslu þennan tíma, hvernig svo sem þeir hafa reynst. Þetta gat nefndin ekki fallist á; leit hún svo á, að þar með væri fótum kipt undan þeirri tryggingu, sem hún vildi veita með frv.

Þá er það breytingin á 5. gr. frv. Er hjer miðað við skip, sem hafi 150 hestafla vjel eða stærri, og er hjer því eiginlega um að ræða skip, sem fara á milli landa. Eins og gert er ráð fyrir í frv., þarf til vjelgæslu á þeim skipum próf frá vjelstjóraskóla Íslands og smíðakunnáttu, sem flm. brtt. mintist á. Vjer skulum gera oss grein fyrir, hverju bilun í vjel, þegar um millilandaferðir er að ræða, getur komið til leiðar, sje vjelgæslumaðurinn ekki fær um að bæta úr henni. En sje bilunin þannig, að eitthvað brotni í vjelinni, þá getur sá, sem smíðakunnáttu hefir, auðvitað í mörgum tilfellum sjeð við því og komið öllu í lag aftur, sem sá, er ekkert kann til þeirra hluta, er ráðþrota við. Stundum mætti búast við, að þetta gæti valdið því, að farmur og skip týndist algerlega. Eða hugsum okkur, að betur tækist til, en farmur og skip yrði fyrir þessar sakir fyrir skemdum, og við rannsókn erlendis kæmi það í ljós, að vjelamaðurinn hefði alveg ónóga þekkingu til að bera til að hafa svo ábyrgðarmikið starf á hendi. Mundi þá ekki geta farið svo, að vátryggingarfjelagið neitaði algerlega að bæta skaðann? Og það er því eðlilegra að álykta, að þetta færi svo, þar sem strangar kröfur eru gerðar til vjelgæslumanna hvað þekkingu snertir hvarvetna erlendis. Yfirleitt tel jeg þetta stórvarhugavert atriði, og það var að yfirlögðu ráði, að nefndin sá sjer ekki annað fært en að hafa skilyrðin í þessu falli svona ströng.

Við 7. gr. 2. málsgr. gerir háttv. 2. þm. Reykv. enn þá brtt. Vill hann að rjettindin, sem þar er talað um, sjeu ekki bundin því ákvæði, sem rjetturinn er bundinn við í frv. Þetta ákvæði frv. er samhljóða ákvæðinu í lögunum frá 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og hafa þau gefist vel.

Háttv 2. þm. Reykv. sagði, að mótornámskeið Fiskifjelagsins væru nú lögð niður. Þetta er ekki rjett. Bæði í fyrra og í ár hafa þau verið haldin á Akureyri. Að þau hafa ekki verið haldin hjer í Reykjavík nú undanfarin 2 ár, stafar af því, að þess hefir verið vænst, að mótorskólinn tæki þá og þá til starfa. En verði dráttur á því, mun mótornámskeið hafið hjer á ný. Annars virðist mjer ekki farið fram á meira í frv. en svo, að alt sje sæmilega trygt og engra rjettur sje þar fyrir borð borinn.

Jeg hefi nú gert nokkra grein fyrir ástæðum nefndarinnar á móti brtt. Vil aðeins að lokum benda á þá sorglegu reynslu undanfarinna tíma, hvað þekkingarleysi og vankunnátta í þessum efnum hefir valdið miklu tjóni. Og ætti sú reynsla, sú dýrkeypta reynsla, að vera næg ábend-

ing um að reisa nú öflugar skorður við því, að vanþekking, tómlæti og eftirlitsleysi leiði ekki yfir þjóðina í framtíðinni aðra eins óhamingju og tjón eins og það hefir gert á undanförnu tímabili í aflatjóni, eignatjóni og manntjóni.

Jón Baldvinsson: Við hv. þm. Borgf. (PO) höfum ekki getað komið okkur saman um breytingartillögurnar. Aftur á móti erum við báðir sammála um það, að æskilegt sje, að vjelgæslunni verði komið í sem best horf og góð, raunveruleg þekking á þeim sviðum sje nauðsynleg til þess, en sje á hinn bóginn ekki, að mínar brtt. dragi úr tryggingunni fyrir því eða breyti þessu. Jeg tel nauðsynlegt, að menn hafi sem mesta æfingu og reynslu í meðferð vjela, og erum við einnig sammála um það atriði. Hitt leggur hann meiri áherslu á en jeg, að sú æfing sje fengin á námsskeiðum Fiskifjelags Íslands, sem raunar flestir vjelstjórar hafa sótt. Jeg geri ráð fyrir, að útgerðarmenn sækist mest eftir þeim mönnum, sem fram úr skara, og er þá hart að mega ekki njóta krafa þeirra fyrir þær sakir einar, að þá vantar prófstimpilinn frá námskeiði eða mótorskóla.

Við erum báðir ásáttir um, að fyrst og fremst beri að gæta hagsmuna heildarinnar, þó einhverjir einstaklingar kunni með því að verða fyrir skakkaföllum. En nú getur svo staðið á, að menn komist í gegnum bóklegt nám, þó þeir annars hafi engin skilyrði til að verða góðir vjelstjórar, þegar til framkvæmda kemur. Var um þetta kvartað við samningu laganna um atvinnu við siglingar í fyrra og tekið t. d., að hart væri að svifta gamla og þrautreynda mótorbátaformenn rjettinum til að halda því starfi áfram, þó þeir fyrir aldurs sakir eða aðrar kringumstæður ættu erfitt með að setjast að námi. Enda munu útgerðarmenn sjá sinn hag í því að taka þá menn eina til þessa starfs, sem raunverulega (praktiska) þekkingu hafa.

Háttv. þm. Borgf. (PO) mintist sömuleiðis á 5. gr. Tók hann til dæmis skip með 150 hestafla vjel og fór mörgum orðum um háska þann, sem af því gæti leitt, að vjelin bilaði og mótormennirnir kynnu ekki neitt til smíða. Jeg geri nú ráð fyrir, að til þessa starfa sjeu ekki valdir aðrir menn en þeir, sem til þess kunna nægilega mikið. Og hvað viðvíkur þeirri hættu, að vátryggingafjelög gætu í vissum tilfellum neitað að greiða orðinn skaða við slíka bilun, þá er það eitt að segja, að frv. útilokar hana ekki. Hefir og stundum orðið sú raunin á, að reyndir menn og vanir starfinu væru því eins vel vaxnir og þeir, sem prófskírteini hefðu.

Eftir því, sem nú lítur út fyrir, er þess langt að bíða, að mótorskóli komist á fót, og því óeðlilegt að binda rjettindin, enn sem komið er, við próf þaðan. Frv. gerir þeim mönnum órjett, sem lagt hafa stund á þessi störf og sýnt þar gætni og dugnað, þó þeir sjeu t. d. of gamlir til þess að ganga undir próf. Býst jeg því fastlega við, að brtt. mínar nái fram að ganga.

Magnús Kristjánsson: Með því að jeg er flm. frv. þess, sem hjer ræðir um, þykir mjer hlýða að láta í ljósi álit mitt á þeim brtt., sem fram hafa komið við það. Jeg þykist hafa gert mjer far um það við samningu frv. að svifta engan mann neinum þeim rjetti, sem með sanngirni er hægt að gera kröfur til, og á hinn bóginn reynt að gæta þess, að sem tryggilegast yrði um hnútana búið. Upphaflega reyndi jeg að ganga eins langt í því, sem mjer

fanst unt, að engum væri gert óþarflega örðugt að stunda þessa atvinnu. En jeg áleit, að þar sem jeg hefði tæplega nægа þekkingu á þessum sviðum, þá bæri mjer að leita ráða til þeirra manna, sem jeg vissi besta sjerþekkingu hafa í þeim efnum. Leitaði jeg því álits forstöðumanns vjelstjóraskólans og aðalumsjónarmanns vjelgæslunnar hjer á landi, hr. Ólafs Sveinssonar, og það er því eigi nema sjálfsagt að fara að þeim ráðum í aðalatriðunum, þótt jeg á hinn bóginn hefði kosið, að sum ákvæðin hefðu verið nokkru rýmri. Og hversu gjarnan sem jeg og fleiri þingmenn vildu aðhyllast brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (JB), þá verður samt álit þessara manna, sem sjerþekkingu hafa, svo þungt á metunum, að varla mun gerlegt að fara á snið við þá. Þess vegna tel jeg ráðlegast, að frv. verði samþykt óbreytt.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal ekki deila lengi um málið við háttv. 2. þm. Reykv. (JB), en legg það á vald deildarinnar að meta rökin með og móti. Jeg skal aðeins drepa á 3 atriði, sem háttv. 2. þm. Reykv. (JB) leggur svo mikið upp úr. Hann sagði, að útgerðarmenn mundu ekki taka aðra vjelamenn en þá, sem sköruðu fram úr. En það getur verið erfitt og oft ókleift fyrir útgerðarmenn að þekkja þetta, því þeir verða í mjög mörgum tilfellum að taka menn, sem þeir þekkja ekkert, og eru því alls ófróðir um þekkingu þeirra og leikni, og þar af leiðandi geta ekki valið neitt úr.

Háttv. þm. talaði einnig um raunhæfa þekkingu, sem byggðist á æfingunni. Já, — jeg ber ekkert á móti því, að æfingin sje mikils virði, enda er gert ráð fyrir praktiskri þekkingu í frv., og mikið lagt upp úr henni, en hún er ekki ávalt nægileg; og yfirleitt verður að krefjast þess, að vjelamenn hafi þá undirstöðumentun eða þekkingu í þessu efni, er veiti nokkurnveginn þá tryggingu, er gera verður kröfu til, að samsvari mikilvægi og ábyrgð þess starfa — vjelgæslustarfans — er þeim er falið að hafa á hendi.

Þar sem hann mintist að lokum á meðferð hliðstæðra mála á síðasta þingi, um aukin rjettindi bátaformanna, vil jeg benda háttv. þingmanni á, að þar var einungis um að ræða að rýmka nokkuð um rjettindi þeirra manna, er gengið höfðu undir próf, stýrimannspróf, og höfðu rjettindi samkvæmt því, en alls ekki gengið í þá átt, að þeir, sem engin prófskírteini höfðu, fengju nein rjettindi.

Það er því enginn stuðningur fyrir hv. þm. að vera að vitna í þessa breytingu, heldur hið gagnstæða.

ATKVGR.

Brtt. 117 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

— 119,1 feld með 16 : 7 atkv.

— 119,2 feld með 14 : 6 atkv.

— 119,3—4 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., föstudaginn 16. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 135).

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4 apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 251).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Karl Einarsson): Þetta frv. er samhljóða frv., sem kom fram hjer í deildinni á þinginu 1921. Þá var ágreiningur um það, hvort ekki skyldi haldið námsskeið á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur. Síðan hefir þetta breyst; nú er hörgull á vjelgæslumönnum og ekki líklegt, að viðkoma vjelbáta hjer eftir verði eins og verið hefir að undanförnu. En málið er nauðsynjamál hjer er mikið í húfi, mannslíf, vjelar, bátar. En það hefir sýnt sig, að sá skóli, sem stofnaður var með lögum frá 1920, hefir ekki getað tekið til starfa sökum húsnæðisleysis. Þessi skóli verður mjög húsfrekur, því að hann þarf mikið pláss fyrir vjelar, ef hann á að koma að fullum notum. Í fyrra var skipuð nefnd að tilhlutun Iðnaðarmannafjelagsins; jeg veit ekki, hvort stjórnin hefir átt nokkurn þátt í því. Þessi nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að best væri, að skólinn stæði í sambandi við iðnskólann. Þar yrði að vera járnsmiðja og trjesmiðja og fleiri iðnaðartæki í sama húsi og skólinn, til þess að hægt sje að sýna nemendunum hið verklega um leið og það bóklega er kent. Sjávarútvegsnefnd hafði skólastjóri vjelstjóraskólans á fundi með sjer, og hann fræddi hana um það, að Iðnaðarmannafjelagið ætti talsverðan sjóð, svo það vildi leggja í bygginguna, ef það fengi pláss fyrir skóla sinn, iðnskólann. Þetta frv. mundi, ef það verður að lögum, flýta fyrir stofnun þessa skóla. Sjávarútvegsnefnd telur það nauðsynlegt, að þeir menn, sem hirða eiga mótorvjelar, sjeu færir um það, hvað snertir þekkingu, verklægni og hirðusemi.

Nefndin hefir eftir tillögu skólastjórans komið með brtt. við 2. gr., að setja 12 hestöfl í stað 10. Hann sagði, að þar væru takmörkin á flestum stærri og minni vjelum. Hann sagði, að flestar vjelategundir, er hjer tíðkast, væru 4, 6 8, 12 hestöfl og svo yfir 20 hestöfl, en ekki nema ein með 10. Þetta er praktiskt atriði, sem ekki ætti að hindra framgang málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 251,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 251,2 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 251,3 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 267).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 267).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. apríl, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg ætla aðeins að lýsa því yfir fyrir hönd sjávarútvegsnefndar, að hún felst algerlega á breytingar þær, sem háttv. Ed. hefir gert á þessu frv., þar sem það er upplýst, að langflestir vjelbátar eru 12 smálestir og þar yfir að stærð, og því mun rjett að miða heldur við þá stærð. Hefi jeg borið mig saman við flm. þessa frv. (MK) um þetta, og er hann okkur sammála um þetta. Leggjum við því til, að háttv. deild samþykki frv. eins og það kemur frá Ed.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.

(Sjá A. 314).

23. Skiftimynt.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til laga um skiftimynt úr eirnikkel (stjfrv., A. 26).

Á 5. fundi í Ed., laugardaginn 24. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Þetta frv. er lagt fyrir samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Á þinginu í fyrra var samþykt þingsályktun um skiftimynt, og þegar sú till. var framkvæmd, voru gefin út bráðabirgðalög til þess að löggilda þennan gjaldeyri. Þetta frv. er samhljóða þeim lögum og samhljóða samskonar lögum, sem sett hafa verið á Norðurlöndum, þar sem slík mynt hefir verið tekin upp.

Jeg legg það til, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JJ, KE, SHK, GGuðf, GÓ, HSn, HSt.

nei: IHB, JóhJóh, JM, SJ, BK, EÁ.

Einn þm. (SE) fjarstaddur.

Á 12. fundi í Ed., fimtudaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 26, n. 60).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Karl Einarsson): Í nál. er tekin fram afstaða nefndarinnar og frv. fylgdi ítarleg greinargerð, og er því óþarfi að ræða það. Jeg vona, að frv. fái að ganga gegnum deildina.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg þakka nefndinni meðferð frv. og held, að gott hafi verið, að það var athugað þar, þó ekki hafi verið ástæða til að breyta því. Jeg vil sjerstaklega taka undir með nefndinni um, að svo beri að líta á, sem stjórnin hafi heimild til að gefa út meira af slíkum peningum, ef þess gerist þörf, sem þó varla þarf að búast við fyrst um sinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., laugardaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 26).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vil mæla með því við deildina, að hún samþykki frv., og vísa í nál. og ástæður fyrir frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 26).

Á 19. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og hefir verið samþykt þar óbreytt. Vona jeg, að það fái greiðan framgang hjer í deildinni. Það var í fjhn. í Ed., og tel jeg rjett, að það fari í sömu nefnd hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 18 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 183).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg geri ráð fyrir því, að frv. þetta þurfi ekki að valda miklum umræðum. Bráðabirgðalögin um þetta efni komu fram eftir ráðstöfun síðasta Alþingis og af þeirri brýnu nauðsyn, sem fyrir hendi var. Jeg geri þess vegna ráð fyrir því, að málið gangi nú óhindrað í gegnum deildina, og er þarflaust að eyða fleiri orðum að því. En jeg vil þó nota tækifærið til að geta þess, að mjer og mörgum öðrum þótti framkvæmd þessara laga óþarflega seinfær, því það tók um 6 mánuði að koma þessu í kring, og var það bagalegt mjög, því sannkallað vandræðaástand ríkti þá í landinu í þessum efnum. Er því vonandi, að hæstv. stjórn hafi vakandi auga á því, að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg skal viðurkenna, að dráttur nokkur varð á framkvæmd máls þessa, en hann stafaði einungis af því, að smiðjan, sem myntina sló, var ekki fyr tilbúin, og mun verða sjeð um þetta framvegis svo tímanlega, að ekki verði bagi að.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 26).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 211).

24. Veiting ríkisborgararjettar.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um veiting ríkisborgararjettar (þmfrv., A. 261).

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Stefán Stefánsson): Fyrir nokkrum dögum síðan barst mjer brjef frá hr. Jóhanni Emil Landmark á Siglufirði, ásamt ýmsum skjölum, snertandi umsókn hans um íslenskan ríkisborgararjett, og tilmælum til mín um, að jeg flytti þetta frv.

Þó að jeg þekki nú ekki þennan mann sjálfur persónulega, hefi jeg aflað mjer ýmsra upplýsinga um hann, og eru þær allar í raun og veru eindregin meðmæli með því, að honum sje veittur hinn umbeðni rjettur íslenskra ríkisborgara, og öll vottorð, sem hann hefir sent mjer, bera honum hinn besta vitnisburð.

Maður þessi fluttist hingað frá Noregi til Siglufjarðar árið 1915. Kvæntist hann þar íslenskri konu og eiga þau eitt barn; auk þess hafa þau hjón tekið þar barn til fósturs. Íslenska er töluð á heimili þeirra og börnin eru að öllu leyti alin upp sem íslensk börn. Skilríki þau, er hann hefir sent mjer, sýna að fullu og öllu skil á þessu. Enn fremur hefir hann dvalið og átt heimili þarna í samfleytt 8 ár. Hann er lærður timbursmiður og hefir yfirleitt á sjer mjög gott orð, bæði sem duglegur og vandaður maður.

Að endingu vil jeg taka það fram, að Jóhann Landmark hefir sent mjer símskeyti, þar sem hann kveðst ekki hafa æskt eftir að halda ríkisborgararjettinum í Noregi. En eigi að síður fór jeg þó til norska ræðismannsins hjer, að leita enn frekari upplýsinga um þetta, og sagði hann mjer, að til sín hefði heldur engin slík ósk komið. Fæ jeg því ekki sjeð, að neitt sje því til fyrirstöðu að veita þessum manni íslenskan ríkisborgararjett. Vil jeg því óska, að háttv. deild taki þessu máli vel, og að málinu verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni. Vænti jeg svo, að háttv. allshn. athugi skjöl þau og skilríki, er jeg hefi vitnað til í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 261, n. 388).

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg ætla aðeins að láta þess getið, að nefndin hefir með viðbótartill. lagt til, að öðrum manni til sje veittur íslenskur ríkisborgararjettur, nefnilega símaverkstjóra Chr. E. Björnæs. Mæla alveg sömu ástæður með þessum manni og þeim fyrri. Nefndin hefir aflað sjer fullnægjandi upplýsinga um báða þessa menn, meðal annars frá aðalræðismanni Norðmanna hjer, og finnur ekkert athugavert við að veita þeim íslenskan ríkisborgararjett. Leggur nefndin því til, að frv., svo breytt, verði samþykt.

ATKVGR.
Vatill. 388 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A 435).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 435).

Á 50. fundi í Ed., laugardaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A 435, n. 495).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg hefi ekki neinu að bæta við það, sem stendur í nál., en vil aðeins leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forsrh. (SE), hvort það sje ekki vilji hans að gera þær ráðstafanir, sem talað er um í nál. Eins og þar stendur, er talið heppilegt, að búin sjeu til eyðublöð, til þess að umsækjendur sæju, hvaða upplýsingar þeir þyrftu að gefa til þess, að beiðni þeirra yrði tekin til greina. Við eigum að meta svo mikils ríkisborgararjettinn, að ekki sje hlaupið í að veita hann fleirum en heppilegt þykir, að fái hann. Það væri ákjósanlegt, að ríkisstjórnin rannsakaði hag hvers manns áður en gengið væri með það til löggjafarþingsins. Annars er þetta mál ekki stórvægilegt, en það væri æskilegt, að auglýsingarnar kæmu út sem fyrst.

Forsætisráðherra (SE): Jeg álít rjett, að málið gangi fyrst í gegnum hendurnar á stjórninni, til þess að hún geti undirbúið það og fengið nægilegar upplýsingar í hverju einstöku falli. Mun jeg verða fúslega við þessum tilmælum.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 435).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 565).

---

25. Landsbankastjóralaun.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 55, 28. nóv. 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka (þmfrv., A. 140).

Á 23. og 25. fundi í Nd., dagana 19. og 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 23. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg og líklega flestir hv. þingdeildarmenn hefðum búist við, að hæstv. stjórn mundi flytja frv. um breytingu á launakjörum Landsbankastjóranna, þegar það varð kunnugt, að hún hafði ákveðið laun hinna stjórnskipuðu bankastjóra við Íslandsbanka. Það hefir þó ekki orðið, en mjer er kunnugt um, af viðtali við hæstv. stjórn, að hún mun samþykk því, sem nú er til umræðu.

Enginn vafi leikur á því, að nauðsynlegt og sjálfsagt er að launa svo vel bankastjórana við Landsbankann, eins og bankastjóra Íslandsbanka, að þeir þurfi ekki að bera áhyggjur fyrir efnalegu sjálfstæði. Það er kunnugt, hve hættulegt slíkt hefir reynst erlendis, og hið sama getur altaf komið fyrir hjer á landi. Bankastjórar mega ekki vera svo ljelega launaðir, að þeir þurfi að verja miklu af starfstíma sínum til að afla sjer aukatekna. Það er ljóst, að starf þeirra er svo umfangsmikið, að þeir geta ekki sint öðrum störfum, enda væri það óheppilegt allra hluta vegna, sjerstaklega ef þeir tækju þátt í atvinnufyrirtækjum eða því um líku.

Vel kann að vera, að sumum finnist launin fullhá eftir frv. En það tel jeg ekki sæmilegt, að bankastjórar Landsbankans sjeu ver launaðir en hinir stjórnskipuðu bankastjórar í Íslandsbanka, nema síður sje. Síðan frv. kom fram, hefi jeg heyrt ýmsa borgara hjer í bæ halda því fram, að launin, sem frv. gerir ráð fyrir, nái ekki nokkurri átt. Kveða þeir þau svo miklu hærri en laun annara starfsmanna ríkisins, að ekki sje sambærilegt. En menn verða þá að gæta þess, að störf annara starfsmanna ríkisins þola engan samanburð við störf bankastjóranna. Það mun venjulega vera svo, að embættismaðurinn getur hvílt sig og verið laus við allar áhyggjur, þegar hann fer af skrifstofu sinni. Öðru máli gegnir um störf bankastjóra. Þeir geta aldrei verið áhyggjulausir, síst á eins erfiðum tímum og nú ganga yfir þjóðina, og raunar aldrei. Jeg er öldungis sammála því, sem nýsettur bankastjóri ljet um mælt, að þetta væri versta verk, sem hann hefði unnið á æfi sinni. Þetta mun einmitt vera það erfiðasta starf af andlegum störfum, er menn geta hugsað sjer. Menn mega hvorki vera áhyggjulausir nótt nje dag. Það er ekki nóg að vera við starfið meðan menn sitja í bankanum; þeir verða að hafa allan hugann við það, jafnt utan bankans sem innan.

Önnur ástæða til þess, að farið er fram á hærri laun, er sú, að það er almenn ósk, að til þessa starfa veljist þeir mennirnir, sem hæfastir eru.

Hefir þess oft verið minst, og stundum ekki að ástæðulausu, að það hefir þótt á vanta, að við hefðum jafnfæra menn og mentaða í starfi þessu sem erlendis er haft. En eftir því sem viðskiftin aukast, eykst og þörfin á faglærðum mönnum í

þessari grein. Er jeg ekki svo kunnugur starfinu, að jeg viti með vissu, hvort eitthvað hefir á brostið í þessum hlutum hjá bankamönnum vorum, en hitt veit jeg, að hin mesta nauðsyn er þessara manna. Auðvitað er það, að sjálfsagt er, að bankastjórarnir, einhverjir eða allir, hafi sem nánasta þekkingu á viðskiftum þjóðarinnar inn á við og atvinnuvegum hennar, og ráði þar mestu um, en hitt er jafnvíst, að það er engu síður nauðsynlegt, að menn með fullkominni fagþekkingu stjórni peningamálum vorum og viðskiftum út á við. Þar er fagþekkingin óhjákvæmileg. En þess er engin von, að efnilegir menn kosti miklu fje og löngum tíma til að ná þessari fagþekkingu, nema þeir eigi kost sæmilegra launa að náminu loknu eða eftir að þeir hafa tekið við starfanum, því að eins og jeg hefi áður tekið fram, geta þessir menn og mega ekki fást við önnur störf. Við flm. viljum afnema óbeinu launin, ágóðahlutann. Er ekki venja í þjóðbönkum, að bankastjórar njóti hans. Eru menn og að verða ásáttir um, að hið sama eigi að gilda í einkabönkum (privatbönkum). Er slíkt og best, því að það er aldrei rjett eða heppilegt, að menn taki hluta af ágóða, en hafi þó enga persónulega áhættu. Hitt þykir rjettara að hafa beinu launin há, en sleppa ágóðahlutanum. Föst laun bankastjóranna samkvæmt núgildandi lögum eru mjög lág og lítið eitt hærri en laun óbreyttra starfsmanna bankans. Þau eru 8700 kr. Er langt frá, að þessi laun nægi, einkum er þess er gætt, að starf þetta er mjög slitsamt og bankastjórar endast yfirleitt mjög illa. Verða þeir að hafa eitthvað, er þeir fara frá slitnir að kröftum og heilsu.

Hins vegar vil jeg, að horfið sje frá eftirlaunafyrirkomulaginu. Tel jeg heppilegra, að vel sje borgað meðan mennirnir eru við starfann.

Till. frv. um launakjör bókara og fjehirða bankans eru sniðnar eftir till. Landsbankastjóranna sjálfra, og eru flm. samþykkir þeim. En við viljum taka fram, að við teljum sjálfsagt, að aðstoðarfjehirðir njóti fullra aldursbóta nú þegar. Er hann einn af elstu starfsmönnum bankans og hefir auk þess oft tekið að sjer störf aðalfjehirðis og þess utan haft þetta starf með höndum í fleiri ár, áður en það var lögfest.

Vænti jeg svo, að frv. þessu verði vísað til fjhn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 14 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 434, 447).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 447. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í þessu máli. Bæði greinargerðin, sem frv. fylgir, og ræða flm. (JAJ) lýstu svo vel nauðsyninni, sem ber til þess að breyta launakjörum starfsmanna bankans svo sem frv. fer fram á. Það er nefnilega óhjákvæmilegt, að laun þessara manna, sem hjer ræðir um, fylgi enn betur með tímanum en launakjör flestra annara starfsmanna. Svo ábyrgðarmikið er starf þeirra og svo nátengt viðskiftalífinu í landinu, að samræmi verður að vera á milli launa þeirra

og þeirra, sem öðrum viðskiftafyrirtækjum stjórna. Svo líkir eru þeir eiginleikar, sem krafist er til þess hvorstveggja, að líkindi eru til, að bestu starfskraftar bankanna geti átt kost á stöðum við önnur fyrirtæki með betri kjörum. En það er bersýnilegt, að vjer verðum að gera alt til þess að fá færustu mennina til þess að stjórna aðalpeningastofnunum landsins, en þá verða launakjörin líka að vera sambærileg við þau kjör, sem slíkir menn gætu annarsstaðar átt kost á. Eigum vjer dæmi nálægt til samanburðar, þar sem er Íslandsbanki, sem hefir yfirleitt launað menn sína betur en Landsbankinn, og hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að kjörin í þeim síðarnefnda sjeu hvorki sæmileg nje viðunanleg. Á þetta bæði við um bankastjórana og aðra helstu starfsmenn bankans. Nefndin hefir líka fallist á frv. óbreytt, og er það einróma álit hennar, að launin sjeu þar hæfilega metin. Launakjör starfsmanna í Íslandsbanka voru ákveðin síðastliðinn vetur, og töldum við ekki fært annað en hafa þá laun Landsbankastarfsmannanna í samræmi við þau. Um bókara og gjaldkera er þess að geta, að í Íslandsbanka eru ef til vill stofnlaunin eitthvað lægri, en uppbótin þá líka hærri. Þá er lagt til, að hækkuð sjeu byrjunarlaun aðstoðarfjehirðis frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, þannig að ekki muni nema 500 kr. á honum og aðalfjehirði.

Þessi aðgreining á störfum fjehirðis og aðstoðarfjehirðis er að vísu aðeins nafnagreining, því báðir eru hliðstæðir, hafa jafna ábyrgð og jafnt starf, eða það er að minsta kosti í ráði að koma því svo fyrir. En munurinn er helst sá, að annar verður oftast nær yngri maður. Þá hefir nefndin lagt til, að mistalningarfjeð yrði hækkað úr 4 þús. kr. upp í 5 þús. kr., vegna þess að umsetningin hefir vaxið og þar með áhættan, og þegar upphæðin á þar að auki að skiftast á milli tveggja, virðist þetta engan veginn of mikið, úr því þetta skipulag er haft á annað borð og bankinn ber ekki sjálfur ábyrgðina, eins og víðast mun nú siður. En nefndin fjell frá því að leggja til það skipulag, í samráði við bankastjórnina.

Um brtt. háttv. þm. Barð. (HK) get jeg ekkert sagt fyrir nefndarinnar hönd, því að hún hefir ekki átt kost á að bera ráð sín saman um þær, en hins vegar mun jeg síðar fá tækifæri til að minnast á þær, er háttv. flm. hefir gert grein fyrir þeim.

Magnús Guðmundsson: Ástæðan til þess, að jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, var sú, að jeg leit svo á og lít svo á, að það sje miklu öruggari staða að vera bankastjóri við þjóðbanka, eins og Landsbankann, heldur en við einkabanka, eins og Íslandsbanka, og þess vegna eru venjulega lægri laun við þjóðbanka en aðra banka. Stöðurnar eru því ekki fyllilega sambærilegar. Hins vegar sá jeg ekki ástæðu til að kljúfa nefndina í þessu atriði, en komi brtt. fram um þetta, hefi jeg atkvæði mitt frjálst.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv. þetta á þskj. 447.

Ástæðan til þess er sú, að jeg varð að nokkru leyti fyrir vonbrigðum, þegar jeg sá brtt. nefndarinnar. Jeg bjóst við, að hún mundi koma með brtt. við frv., er færu í líka átt og mínar, en að svo varð ekki, kemur líklega til af því, að henni hefir ekki unnist tími til þess, því mjer er kunnugt um, að sumir nefndarmenn, og

þar á meðal báðir háttv. flm., eru þeim ekki ósammála.

Fyrri breytingin í till. minum er sú, að fastákveða það, að gjaldkerar við bankann skuli vera tveir.

Í 4. gr. laga frá 28. nóv. 1919 er svo fyrirmælt, að aðstoðarfjehirðir skuli skipaður, ef „þörf krefur", og það lagt á vald bankastjórnarinnar, hve nær hún álíti þetta nauðsynlegt. Þegar þessi lög voru samþykt á þingi 1919, var *búið* að skifta gjaldkerastarfinu í tvent, því það mun hafa verið gert 1. júlí 1919, enda taldi bankastjórnin þá þetta starf orðið ofvaxið einum manni. Og með þetta fyrir augum var þessi heimild sett í lögin 1919. Nú eru bráðum liðin 3½ ár síðan þau lög gengu í gildi, en enn hefir bankastjórnin ekki notað þessa heimild, og þó hefir þetta starf verið starfrækt þennan tíma, og maðurinn, sem hefir gegnt því, tekið laun og mistalningarfje samkvæmt launaákvæði laganna. Það sýnist því eigi vera ástæða til annars en fastákveða það, að fjehirðarnir skuli vera tveir, eins og þeir nú eru, og báðir sjeu stjórnskipaðir. Það segir sig líka sjálft, að það er mjög óviðfeldið fyrir manninn, sem hefir gegnt þessu starfi alla tíð síðan það var stofnað — og mjer er óhætt að fullyrða, að hefir áunnið sjer vinsældir og traust viðskiftamanna bankans fyrir kurteisi og lipra framkomu — að starfið sje svo árum skiftir hvorki fugl nje fiskur, ef svo mætti að orði kveða, og hann vilji því fá veitingu fyrir því, sem vitanlega er sjálfsagt, að hann fái. Og í þessu sambandi þykir mjer rjett að minnast á það, að jeg tel einnig sjálfsagt, að hann fái hæstu laun strax, eins og hinn gjaldkerinn og bókarinn fær, því á starfsaldri þessara þriggja manna í bankanum mun mjög litlu muna — þó eru búnir að vinna þar í 13—14 ár — og þó hann hafi eigi verið sem sjálfstæður gjaldkeri nema í tæplega 3½ ár, þá ber þess að gæta, að hann var búinn að vera aðstoðarmaður gjaldkerans áður í 4 ár, og hefir mjög góðan vitnisburð frá honum fyrir trúa og dygga þjónustu. Og á þeim árum gegndi hann gjaldkerastarfinu oft aleinn, í fjarveru og forföllum gjaldkerans. Þetta hygg jeg líka vera tilætlun háttv. fjárhagsnefndar, og komi engin athugasemd frá henni eða öðrum um, að þetta sje ekki rjett, lít jeg svo á, að bæði háttv. nefnd og háttv. deild sjeu þessu áliti mínu samþykkar, að þessi maður fái strax hæstu laun eins og aðrir.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú fram tekið, vænti jeg, að háttv. deild geti fallist á þessa fyrri brtt. mína.

Síðari brtt. mín tekur upp þá breytingu á launum og mistalningarfje, sem felst í brtt. hv. fjhn., og er að því leyti þeim alveg samhljóða. En í henni felst samt sem áður mikilsverð breyting, sem sje sú, að hún fer fram á, að *stjórnin, að fengnum tillögum* bankastjórnar, ákveði, hvernig mistalningarfjenu skuli skift á milli gjaldkeranna, í stað þess, að bankastjórnin ákveði þetta ein. Þessi breyting finst mjer í alla staði eðlileg og sjálfsögð, úr því sú tilhögun er feld niður, sem verið hefir í bankalögunum alla tíð síðan bankinn var stofnaður, að ákvæði þetta væri í lögunum sjálfum. Báðir þessir menn eiga að vera skipaðir af stjórninni, og hún á að ákveða verkaskiftingu á milli þeirra, að fengnum till. bankastjórnar, og stjórnin ákveður sömuleiðis dýrtíðaruppbót þeirra; þá ætti hún einnig að sjálfsögðu að hafa aðsta úrskurðarvald um það, hvernig mistalningarfjenu milli þeirra er skift, vitanlega að fengnum tillögum bankastjórn-

ar. Það liggur í augum uppi, að það er afarmikilsvert fyrir gjaldkerana, að þessi skifting sje sem allra sanngjörnust, því báðir bera þeir vitanlega ábyrgð á mörgum tugum miljóna króna, er árlega fara í gegnum þeirra hendur, og því virðist mjer það miður heppilegt fyrirkomulag, að aðeins eitt úrskurðarvald, innan bankans, hafi fullnaðarvald til að skifta mistalningarfjenu. Jeg er engan veginn með þessu að vantreysta bankastjórninni, og geri ráð fyrir, að hún í tillögum sínum um skiftinguna verði svo sanngjörn og rjettlát, að stjórnin fallist algerlega á hennar tillögur, en ef óánægja ætti sjer stað viðkomandi ráðstöfunum hennar í þessu falli — og það getur vitanlega ætíð komið fyrir, þó jeg vilji helst ekki gera ráð fyrir því, — þá finst mjer sjálfsagt, að veitingarvaldið, sem hefir skipað gjaldkerana, eigi æðsta úrskurðarvald um þann ágreining, og mjer skilst ekki betur en gjaldkerarnir eigi líka kröfu á því. Það fyrirkomulag, að láta bankastjórnina skifta þessu fje upp á eindæmi, getur að mínu áliti haft ýmsa mjög verulega annmarka í för með sjer; og sá fyrsti er, að með því yrðu þeir fjárhagslega háðir bankastjórninni, þegar þeir eiga að sækja ábyrgðarfje sitt alleina í hennar hendur, ef svo mætti segja. Slíkt gæti leitt til ýmislegs, sem miður heppilegt væri, og hygg jeg, að jeg þurfi ekki að útskýra það frekar; það hlýtur að liggja öllum í augum uppi.

Annar annmarkinn er sá, að þetta gæti leitt til sundurþykkju og úlfúðar í bankanum sjálfum innbyrðis, og er vissulega ástæða til að forðast alt slíkt, því til þess eru vond dæmi að varast þau. Þá má og minnast á þriðja annmarkann, þann, sem oft hefir orðið okkur Íslendingum að fótakefli á ýmsan hátt — því miður — í okkar fámenna þjóðfjelagi, sem er skiftar skoðanir á viðkvæmum málum, t. d. pólitík. Við höfum mörg dæmi — því er nú ver — fyrir því, að hún hefir gert vini að óvinum og breytt rjettu í rangt. Alla slíka ásteytingarsteina tel jeg rjett að forðast eins og heitan eld, og eigi hvað síst í stofnun eins og Landsbankanum, þar sem mjög mikið ríður á, að allir starfi saman í friði og eindrægni. Annars tel jeg rjettast og sjálfsagðast að skifta jafnt störfum milli þessara manna, og láta þá svo hafa jafnt mistalningarfje, en áhætta þeirra fer vitanlega mjög eftir því, hvað mikið þeir hafa að gera, hvað marga afgreiðslur þeir hafa á dag, hver um sig, en ekki eftir umsetningu. Því þótt t. d. 500 þúsund króna víxill sje framlengdur, fylgir því engin áhætta, nema taka á móti rjettum vöxtum af honum, en hann eykur þó umsetninguna um 1 miljón kr.

Með alt þetta fyrir augum, sem jeg hefi nú tekið fram, vænti jeg þess, að hv. deild geti einnig samþykt síðari till. mína.

Viðvíkjandi breytingu á heiti gjaldkeranna, aðalfjehirðir og fjehirðir, í stað fjehirðir og aðstoðarfjehirðir, er það að segja, að heitið aðstoðarfjehirðir er að mínu áliti ekki rjett, því báðir starfa sjálfstætt, á eigin ábyrgð, og er því hvorugur aðstoðarmaður hins.

Aðalfjehirðir og fjehirðir er því að jeg held rjettara, og í fullu samræmi við t. d. aðalpóstmeistara og póstmeistara.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um frv. að öðru leyti. Jeg er að ýmsu leyti sammála hv. 1. þm. Skagf. (MG) um það, að bankastjórastöðurnar við Landsbankann og Íslandsbanka sjeu ekki sambærilegar að því er launakjör snertir, án þess að jeg vilji þó á nokkurn hátt segja, að Landsbankastjórarnir eigi ekki að vera vel launaðir. Jeg hefi með þessum fáu orðum

aðeins viljað gera stutta grein fyrir brtt. mínum og vona, að hv. deildarmenn hafi af því sannfærst um, að hjer sje um rjett og sanngjarnt mál að ræða.

Frsm. (Jakob Möller): Hv. þm. Barð. (HK) hefir nú gert grein fyrir brtt. sínum, og má vera, eins og hann sagði, að hann hafi borið sig saman við einstaka nefndarmenn sjerstaklega, en nefndin í heild hefir ekki um brtt. fjallað. Frá mínu sjónarmiði get jeg sagt það, að mjer virðast þær þýðingarlitlar. Aðallega ætti að felast á þeim það, að tryggja það, að skipa skuli annan fjehirðinn nú þegar. En þetta starf er reyndar ákveðið þegar 1919, og það er á valdi bankastjórnarinnar að gera þetta, hve nær sem nauðsyn er talin á því, og efast jeg raunar ekkert um, að það verði gert mjög bráðlega. — Hinar aðrar brtt. hv. þm. Barð. (HK) verð jeg að telja fremur til óbóta að því leyti, að þær stuðla að því, að pólitísk áhrif geti komið til greina í afskiftum stjórnarinnar af þessum málum, en raunverulega breytingu á frv. er hjer varla um að ræða, þar sem ávalt verður að gera ráð fyrir því, að stjórnin fari eftir till. bankastjórnar.

Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um launamismun þann, sem venjulega sje milli bankastjóra þjóðbanka og einkabanka, vil jeg benda á það, að Íslandsbanki er einmitt nú sem stendur nokkurskonar þjóðbanki; bankastjórar þar skipaðir af stjórninni og laun þeirra ákveðin af henni. Get jeg fyrir mitt leyti ekki fallist á það, að rjett sje að launa Landsbankastjórana lægra en hina, því launakjörin eiga að vera svo, að trygt sje, að góðir menn fáist, en þeir dragi sig ekki í hlje, af því að kostur sje á betur launuðum svipuðum störfum annarsstaðar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vildi bæta hjer við örlitlu atriði, sem háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir líklega gleymt. — Nefndin hafði sem sje fengið tilmæli um það, að einn bankastjóranna, hr. Kaaber, mætti halda áfram að hafa á hendi lítilfjörlegan aukastarfa, er hann hefir gegnt, þar sem hann er einn af stjórnendum Sjóvátryggingarfjelags Íslands. Það er ekki launanna vegna, sem hann óskar þessa, því þau eru lítil, heldur hins, að hann hefir mikinn áhuga á starfi þessa fjelags, sem er alíslenskt fyrirtæki, og hefir gegnt starfanum frá stofnun fjelagsins, og það er mitt álit, að það sje gagnlegt bankanum, að hann hafi þann starfa áfram. Jeg vil því spyrja hæstv. forsrh. (SE), hvort hann álítur ekki, að þetta muni geta orðið, þótt frv. geri ekki ráð fyrir, að slíkt sje leyfilegt eftirleiðis.

Hákon Kristófersson: Aðeins örfá orð viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. (JakM) sagði, að tillögur mínar væru lítils virði. Jeg felst á það, að í þeim felist engin grundvallarbreyting á frv., og þó þær sjeu ef til vill ekki þýðingarmiklar, þá sjeu þær þó óskaðlegar fyrir málefnið. En jeg get þó ekki fallist á, að í þeim felist ekki smáatriði, sem komið gætu til með að hafa töluverð áhrif á ýms atriði, sem felast í frumvarpinu.

Þá komst háttv. frsm. inn á það, að aðstoðarfjehirðisstaðan hefði ekki verið veitt í nokkur undanfarin ár, en gerði hins vegar ráð fyrir, að sá dráttur yrði ekki miklu lengri, og virtist yfirleitt hallast að því, að ekki væri neinn raunverulegur munur á setningu í stöðu og veitingu. En jeg skil ekki, hvers vegna veiting á stöðunni hefir dregist svo lengi, því að altaf verður það að teljast tryggara, að skipað sje í stöður heldur en sett,

Því tel jeg það vitanlega sjálfsagt, að maður sá, er gegnt hefir aðstoðarfjehirðisstarfinu, sem kallað hefir verið, sje skipaður í það nú á næstunni, því nú hefir hann sýnt það fyrir löngu, að hann er starfinu fullkomlega vaxinn. Enda var svo að skilja á ummælum háttv. frsm. (JakM), að hann teldi víst, að það yrði gert mjög bráðlega.

Þá mintist háttv. frsm. á, að óþarft væri, að stjórnarráðið legði sinn síðasta úrskurð á um skipun bókara og fjehirða bankans, eftir tillögum bankastjórnarinnar, því að vitanlega ætlast jeg til þess, að menn þessir sjeu skipaðir eftir tillögum bankastjórnarinnar. Þannig er því líka háttað með ýmsa starfsmenn ríkisins, að stjórnarráðið skipar þá eftir tillögum þeirra manna, sem stöðurnar heyra undir. Og hafi verið brugðið út af því, hefir það verið fyrir þá sök, að tillögurnar hafa ekki fundið náð fyrir augum stjórnarinnar. Það, sem jeg legg áherslu á með till. mínum, er, að þessir menn í bankanum sjeu meðal annara embættismanna ríkisins, þó að starfssvið þeirra sje á öðru sviði en flestra annara embættismanna, og þar af leiðandi heyrir skipun þeirra að sjálfsögðu undir stjórnarráðið.

Annars þakka jeg háttv. frsm. (JakM) fyrir það, að hann taldi tillögur mínar þess verðar, að sjálfsagt væri að samþykkja þær, þó að hann í upphafi ræðu sinnar teldi þær ekki mikils virði. Vænti jeg því, að háttv. deild geri það og sýni með því, að hún vilji styðja að rjettu máli.

ATKVGR.

Brtt. 447,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JS, MG, MK, ÓP, PO, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, EÞ, HK, JakM, BSv.

nei: JB, JÞ, LH, MJ, MP, StSt, ÞórJ, BH, GunnS, IngB.

Þrír þm. (PÞ, BJ, EE) fjarstaddir.

Brtt. 447,2 feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÞ, HK, JAJ, JS, MG, MK, ÓP, PO, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BSv.

nei: BH, GunnS, IngB, JakM, JB, JÞ, LH, MJ, MP, SSt, StSt, ÞorlG, ÞórJ.

Þrír þm. (EE, PÞ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 434,1 samþ. með 14:2 atkv.

— 434,2 samþ. með 14:2 atkv.

— 434,3 samþ. með 16:2 atkv.

1. gr., svo breytt (verður 2. gr.), samþ. með 15:3 atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 454, 475).

Afbrigði um brtt. 475, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Stefán Stefánsson: Háttv. deild hefir sjálfsagt veitt því eftirtekt, að jeg greiddi atkv. móti þessu frv., er það lá hjer fyrir síðast. Sá jeg enga nauðsyn þess, að laun bankastjóranna hækkuðu svo mikið, sem frv. fór fram á. Hafa þeir nú 6000 kr. og dýrtíðaruppbót samkvæmt núgildandi launalögum.

Í frv. þessu eru launin ekki aðeins tvöfölduð, heldur eru þau ákveðin 15000 kr. auk verðstuðulsuppbótar.

Með hæstu dýrtíðaruppbót urðu launin áður ca. 14000 kr., en verða eftir frv. um 24000 kr. Finst mjer þetta algerlega óþörf eyðsla, og ættu hv. þm. að bera þetta saman við það, sem fram fór hjer í hv. deild fyrir nokkrum dögum, þar sem verst stöddu embættismönnum ríkisins var neitað um 15% verðstuðulsuppbót með miklu atkvæðamagni. Gat jeg alls ekki fengið mig til að samþykkja svona mikla hækkun, og því bar jeg fram brtt. mínar, og hefi jeg farið þar svo langt sem mjer var unt til samkomulags við þá, er fylgja frv. Vildi jeg láta þessa afstöðu mína koma skýrt fram, svo að háttv. þm. gæfist kostur á að greiða atkvæði um þetta. Jeg játa það, að starf bankastjóranna er vandasamt og veldur miklum áhyggjum, en svo er um mörg fleiri störf, og eiginlega má segja, að það sje fremur komið undir samviskusemi hvers eins og sómatilfinningu, hve mikla áhyggju hann hefir af starfi sínu, heldur en það, hvert starfið er. Býr í flestum mönnum sú ábyrgðar- og sómatilfinning að vilja vanda störfin sem best.

Er það hyggja mín, að t. d. ráðherrar, dómarar og læknar hafi litlu minni áhyggjur af störfum sínum heldur en bankastjórarnir, og svo mun um marga fleiri. Get jeg því ekki sjeð, að þetta sje næg ástæða fyrir þeirri geysimiklu hækkun, sem frv. ræður til á launum bankastjóranna.

Viðvíkjandi launum annara starfsmanna bankans, sem nefndir eru í frv., vil jeg geta þess, að mjer sýnist ekki full samkvæmni í launum þeirra, en þetta er stjórninni í lófa lagið að lagfæra, þar sem ráðuneytinu er falið eftir frv. að ákveða dýrtíðaruppbótina, að fengnum till. bankastjórnarinnar. Er stjórnin því einráð um þetta.

Jeg get hugsað mjer, að við samning þessa frv. hafi hv. flm. haft laun bankastjóra Íslandsbanka til hliðsjónar. En upp úr þeim samanburði geri jeg ekki mikið. Munu menn fyrst og fremst lítt ánægðir með þau háu laun, en auk þess er aðgætandi, að staða þessara manna er mun valtari en bankastjóra Landsbankans, sem er okkar eigin ríkisstofnun. Sýnist mjer heldur ekki, að Alþingi þurfi að taka sjer það til fyrirmyndar, þótt erlendir hluthafar Íslandsbanka vilji greiða bankastjórum sínum hærri laun en alment tíðkast hjer á landi; en þegar farið er að apa eftir þessu, er nokkurn veginn sjáanlegt, hver afleiðingin verður.

Mun jeg svo ekki tala frekar fyrir brtt. mínum, nema á þær verði ráðist. En mjer þykir hins vegar fróðlegt að sjá, hverjir verða til að greiða þeim mótatkv., og þar með samþykkja 24000 kr. launin.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg vil vekja athygli á því, að eins og frv. þetta liggur nú fyrir, kennir nokkurs ósamræmis í því, þar sem ýmist er talað um fjehirði og aðstoðarfjehirði eða fjehirði og aðalfjehirði. Stafar þetta ósamræmi í orðalagi frá brtt. hv. þm. Barð. (HK), sem samþyktar voru við 2. umr. Hafði jeg tekið eftir þessu við þá umræðu, en láðist að geta þess; en þetta gerir þó ekki mjög mikið til, og má auðveldlega laga það við prentunina, og er þá rjett að hafa það orðalag, sem var á breytingartillögunni, aðalfjehirðir og fjehirðir.

Viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. Eyf. (St-St) verð jeg að segja það, að mjer skilst, að þær sjeu byggðar á margföldum misskilningi. Þessi háttv. þm. segir föst laun bankastjóranna vera aðeins 6 þús. kr., og telur því, að hjer sje farið fram á meira en tvöfalda hækkun. Jeg vil því taka það

fram, að föst laun við þessar stöður nema miklu meira, þar sem þeim hefir og fylgt ágóðaþóknun, sem aldrei hefir numið minna en 5 þús. krónum. Föst laun má því telja að hafi verið 11 þús. kr. Í þessu frv. er farið fram á það að fella niður þessa ágóðaþóknun, og tel jeg það vera rjetta stefnu; en auðvitað er þá sjálfsagt að ákveða hin föstu laun þeim mun hærri.

En háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) vill ekki hækka laun þeirra meir en sem nemur 1000 kr. Jeg verð að halda því enn fram, eins og jeg hefi áður gert, að það sje mjög óheppilegt, að laun bankastjóranna við Landsbankann sjeu lægri en við aðrar stofnanir af líku tægi, t. d. Íslandsbanka. Enn fremur er það og bygt á misskilningi, er þessi sami háttv. þm. (StSt) sagði um það, að bankastjórastöður við Íslandsbanka væru miklu ótryggari stöður heldur en við Landsbankann. Háttv. þm. ætti að vita, að nú eru bankastjórar þar einnig skipaðir í stöðurnar af ríkisstjórninni. Hvað launum þeirra viðvíkur við þann banka, þá hafa þeir, auk sinna föstu 15 þús. kr. launa, ágóðaþóknun, svo að munurinn er þá nokkur á launanum. Það er og enn misskilningur, að hluthafar ráði launaupphæð bankastjóranna við Íslandsbanka. Það gerir bankaráðið í samráði við ríkisstjórnina, og meiri hluti bankaráðsins er og skipaður þingkjörnum mönnum, og venjulega ræður stjórnin yfir meiri hluta atkvæða. (*StSt*: Hvað er víst um það, hversu lengi sá banki stendur föstum fótum?). Já, slíks má ávalt spyrja um alla banka, en eins og nú standa sakir, verður Íslandsbanki ekki fremur látinn fara um koll en Landsbankinn. Aðalatriðið er því þetta: Það er misskilin sparsemi í því að spara laun við forstjóra Landsbankans, því ella munu þeir sjá sjer hag í því að fara í burtu úr þjónustu bankans, ef þeir geta fengið betri kjör, og verður þá vansjeð, hvort tekst að halda þeim mönnum kyrrum í þjónustu bankans, sem best eru til þess kjörnir, en það er öllum ljóst, að á því ríður mjög mikið.

Jón Baldvinsson: Jeg get ekki neitað því, að mjer þykir fullhátt farið í tillögum nefndarinnar, að ákveða launin 24 þús. kr., en sjerstaklega finst mjer því vera ábótavant, að ekkert er minst á það, að til þess sje ætlast, að gerður sje munur á eldri mönnum í þessum stöðum og t. d. alveg nýjum mönnum, sem í þær kunna að koma. Á þetta er heldur ekki minst í brtt. háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), sem fara fram á að lækka launin; hafa þær því sama gallann sem frv. sjálft, að hvergi kemur fram, að gerður sje nokkur munur á starfsaldri. Jeg mun því fremur kjósa frv. en brtt. háttv. 1. þm. Eyf.

En það er í raun og veru sök hæstv. forsrh. (SE), að þessi laun eru ákveðin svona há, því þau eru miðuð við þau laun, sem bankaráð Íslandsbanka hefir ákveðið handa bankastjórunum nýju við þann banka; en mjer er nær að ætla, að Landsbankinn sje í engu ófærari til þess að greiða þessi laun en Íslandsbanki, og mun jeg því fylgja þessu frv., þrátt fyrir óánægju mína yfir þeim ágöllum, sem á því eru.

Bjarni Jónsson: Jeg veit ekki, hvort það er sök eða ekki sök að vilja launa bankastjórum hátt, og eigi mun jeg bera þá sök af mjer, þó einhverjir telji þetta saknæmt. Meðan bæði voru útlendir og íslenskir bankastjórar við Íslandsbanka, vildi jeg aldrei láta þá innlendu menn, sem þar störfuðu, vera ver setta hvað laun snerti en þá erlendu, enda væri það næsta óviðurkvæmilegt, ef það gengist við,

Jeg mun því fylgja þeim mönnum að málum, sem bera fram þetta launahækkunarfrv., um hækkun á launum bankastjóranna og annara starfsmanna við Landsbankann. Brtt. háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) er jeg eindregið mótfallinn.

Það er nú nýbúið að setja tvo menn í bankastjórastöður með 15 þús. kr. árslaunum, og hví ætti þá að láta þessa menn, sem um ræðir í frv., vera skör lægra setta? En það er ekki nema gott, að allur sannleikurinn komi fram á ný, enda þótt hann sje áður kunnur. Það er alkunna, að enginn bankastjóri getur lifað af minna en 15 þús. kr. á ári, hvað sem líður þeim sulti, sem aðrir opinberir embættismenn ríkisins að öðru leyti verða að búa við. Verði bankastjórum þessum eigi goldin þau laun, sem þeim nægi til að lifa á, munu þeir neyðast til að leita fyrir sjer um betur launaðar stöður annarsstaðar, eins og háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) drap á. Það eru nógar þær stofnanir til, sem mundu vilja taka við slíkum mönnum og greiða þeim eins há eða enn hærri laun en þetta. Gæti því vel svo farið, að enginn nýtur eða nógu vel fær maður fengist í bankastjórastöður ríkisins.

Þess vegna á það alls ekki við að launa menn í þessum stöðum eftir aldri, þegar um það eitt er að ræða að fá í þær þá allra færustu og bestu menn, sem völ er á í það og það skiftið. Þegar slíkar stöður losna, ríður mest á að fá til þeirra hina þektustu fjármálamenn og reyndustu, sem föng eru á. Þýðir því eigi að bjóða þeim lægstu launin, því þá fást þeir alls ekki, sem eigi er heldur von.

Tökum til dæmis, að nú losna tvær stöður, er menn fara úr fyrir aldurs sakir, og til byðust menn eins alþektir og t. d. Stinnes. Ættum við þá að segja við hann: Þjer þýðir alls ekki að sækja, góðurinn minn, nema þú sættir þig við lægstu launin, því hjer ert þú aðeins talinn meðal nýliða í þessum störfum, er þú hefir eigi verið hjerlendur bankastjóri áður?

Jeg er samþykkur stefnu frv. í því, að jeg tel rjettara að fella niður ágóðaþóknunina til bankastjóranna, en launa þá heldur þeim mun betur.

Þó menn geri sjaldan órjett af fjegræðgi eða vegna fátæktar, og eigi sje rjett að ætla bankastjórum slíkt, fremur en öðrum, að óreyndu, er hitt þó svo miklu rjettara, að launa mennina svo vel, að þeir fái þarfir sínar uppfyltar. Það er eigi rjett, að kjör þessara manna sjeu þann veg, að þeir geti leiðst til þess að nota aðstöðu sína sjer í hag.

Magnús Jónsson: Það er að mínu áliti dálítið einkennilegt, að öll þau andmæli, er komið hafa fram gegn þessu frv., snúast um laun bankastjóranna eingöngu. En í því eru ákvæði um laun nokkurra annara starfsmanna bankans, og gæti það, finst mjer, miklu fremur orkað tvímælis, hvernig í þessu frv. er ákveðið um laun þeirra heldur en bankastjóranna. Á forstöðumönnunum, bankastjórunum, hvílir mikil og víðtæk ábyrgð, en á hinum ekki, þótt störf þeirra að öðru leyti geti verið að ýmsu leyti vandasöm.

Þegar við lítum á þessi launaákvæði frumvarpsins, þá hlýtur það í fljótu bragði að koma dálítið kynlega fyrir, að fjehirðir hafi hærri laun en skrifstofustjórar í stjórnarráðinu, og enn fremur þó hitt, að aðstoðarfjehirðir hafi hærri föst laun en prófessorar við háskólann. Samkvæmt reglum launalaganna ætti sambandið milli launa þessara starfsmanna að vera það, að hámarkslaun aðstoðarfje-

hirðis væru jöfn lágmarkslaunum aðalfjehirðis. Er það hliðstætt því, er dósentar hafa í hlutfalli við prófessora að launum við háskólann hjer. Í báðum tilfellum er um fullkomlega sjálfstæð og hliðstæð störf að ræða. Þeir launalægri vinna nákvæmlega sambærilegt verk við þá, sem launahærri eru. En launamunurinn miðaður við það eitt, að í annari stöðunni sje að jafnaði yngri maður.

Í þessu finst mjer aðalósamræmi þessa frv. liggja, þegar það er miðað við reglur launalaganna. Þessi störf við bankann eru auðvitað vandasöm og þurfa að vera rækt með alúð, en þau eru engan veginn sambærileg við þau embætti, sem jeg nefndi áður til samanburðar, hvorki að vanda, ábyrgð nje undirbúningsmentun. Og slík ákvæði hljóta því að vekja rjettmæta óánægju. Jeg get samt greitt atkvæði með þessu eftir atvikum, því að jeg tel, að heldur ætti að hækka laun embættismanna en lækka laun þessara starfsmanna.

Jeg er á móti því, sem háttv. 2. þm. Reykv. (JB) talaði um aldursbætur. Þær ættu ekki að eiga sjer stað, síst í hinum hærri embættum, t. d. biskups eða landlæknisembættunum o. fl. Í þessar stöður komast eigi aðrir en þeir, sem áður eru búnir að vera lengi í embættum og eru auk þess þektir orðnir að sjerstökum dugnaði og öðru góðu, umfram aðra embættismenn, og eru að jafnaði rosknir orðnir, svo að óviðeigandi er að láta þá fá byrjunarlaun lægri en síðar. Þetta frv. er því góð umbót að þessu leyti frá núgildandi launalögum.

Forseti (BSv): Sakir þess, að mörg mál eru enn á dagskrá, þá mun jeg neyta heimildar þingskapa að bera það undir deildina, að umræður hætti þegar þeir háttv. þm. hafa lokið máli sínu, er nú hafa kvatt sjer hljóðs.

Eiríkur Einarsson: Það skal eigi verða langt mál að þessu sinni hjá mjer; en jeg vildi neyta tækifærisins til að láta þá skoðun mína í ljós, að jeg álít brtt. háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) hafa mjög lítinn rjett á sjer eða engan. Þetta er hreint og beint sanngirnismál, að bankastjórar Landsbankans hafi laun, er sjeu í samræmi við laun samskonar starfsmanna við Íslandsbanka. Það situr og illa á bændum að vilja lækka laun Landsbankastjóranna, ef þeir þá annars nokkuð hugsa um sinnar eigin stjettar hag eða vilja efla þann langelsta og blessunarríkasta atvinnuveg vorr, landbúnaðinn, því það er í hans þágu, að sem bestir menn starfi ávalt við þá einu stofnun, sem getur talist athvarf bænda og búnaðarmálanna, og á æfinlega að vera það, þjóðbankann. En hvað sem því líður, þá er Landsbankinn miklu minni „spekulations"-stofnun en Íslandsbanki, og því eiga fulltrúar atvinnuveganna sem best að tryggja hann og hlynna að honum, þar á meðal að tryggja honum bjargálna bankastjórn. (*HK*: Eru það bændur, sem hafa ákveðið laun Íslandsbankastjóranna?) Það eru fleiri, sem það hafa gert; jeg veit eigi betur en sá maður, sem æðstur er á þessu þingi, sem og hjá allri þjóðinni, forsætisráðherra, hafi þar ráðið miklu um. Og hefir háttv. þm. Barð. (HK) ásamt fleirum stutt þann mann til sætis, og ber því nokkra ábyrgð á embættisákvörðunum hans sem stjórnarstuðningsmaður.

Bjarni Jónsson: Þessum síðustu orðum háttv. 1. þm. Árn. (EE) mótmæli jeg. Það er alls eigi forsætisráðherra, sem er æðsti maður þingsins, og það ætti þing-

maðurinn að vita, því það vita allir, að það er forseti. (*EE*: Forsætisráðherra er æðsti maður þings og þjóðar).

Stefán Stefánsson: Hv. 1. þm Reykv. (JakM) þótti kenna misskilnings hjá mjer, en svo er alls ekki, og þó jeg sje eigi bankafróður, þá sje jeg, að hjer er aðeins um ofureinfalt mál að ræða, sem sje upphæð launanna, er jeg vildi lækka. Um annað hefi jeg eigi rætt. Þar sem frsm. (JakM) taldi ágóðaþóknunina svo mikla, að eigi væri nema um 1 þús. kr. launahækkun að ræða samkvæmt frv., þá er þetta mjög svo villandi og í eðli sínu algerlega rangt. Þessi ágóðaþóknun fer eingöngu eftir því, hvernig rekstri bankans er farið árlega; ágóðaupphæðin hlýtur því að breytast samkvæmt því, hvort fjárhagur bankans blómgast, stendur í stað eða hnignar, og þótt ágóðahluti til hvers bankastjóra hafi máske einhverntíma orðið nær 5 þús. kr., þá vantar eigi að síður fyrst og fremst 4 þús. kr. upp á þá ákveðnu launahæð eftir frv. og þess utan alla dýrtíðaruppbót, sem gert er ráð fyrir, að geti numið 9 þús. kr. En gagnvart ágóðahluta þeim, sem nú er, má benda á ástæður Íslandsbanka nú undanfarið. Jeg held því enn fram, að það sje enginn misskilningur hjá mjer, að stöður við Íslandsbanka sjeu óvissari en við Landsbankann. Styð jeg þessa skoðun mína aðallega við lögin um Íslandsbanka, þar sem heimild hans nær aðeins til ársins 1933. Það er því enginn nú fær um að segja, hvernig um þann banka muni fara eftir þann tíma, þar sem leyfistíminn er þá á enda. Því endurtek jeg það, að það er alt öðru máli að gegna um stöður við Íslandsbanka en Landsbankann.

Þá hneykslaðist sami háttv. þm. á því, að jeg teldi launin ákveðin af hluthöfum bankans, og sagði það vera misskilning hjá mjer. Nú er það öllum vitanlegt, að fram til skamms tíma hafa hluthafar Íslandsbanka sent hingað sína eigin fulltrúa þess að mæta á bankaráðsfundum, og hvað er þá eðlilegra og sjálfsagðara en það, að þeir hafi mestu ráðið um það, hver laun þeirra eigin starfsmenn fengju, þar sem af þeirra fje var að mestu að taka? Mundi því ekki mega ætla, að eitthvert áframhald af sömu stefnu gæti enn átt sjer stað, sem þá komst inn fyrir tilverknað erlendra hluthafa? Það kann vel að vera, að fylsta rjettlæti sje í því, að laun manna við Landsbankann sjeu eigi lægri en við Íslandsbanka, eins og háttv. þm. Dala. (BJ) heldur fram, en sje gengið inn á þá braut hvað þessi embætti snertir, þá verður erfitt að forsvara gerðir þingsins gagnvart öðrum starfsmönnum ríkisins. En um þá hlið málsins hefi jeg ekki rætt og ætla ekki að gera það eða fara út í neinar einstakar samlíkingar; jeg held mjer aðeins við það, sem jeg tel vera fullsómasamleg laun, og því getur enginn neitað, að samkvæmt minni till. eru þau það í mesta máta. Að ákveða launin hærri er algert misrjetti gagnvart öðrum okkar starfsmönnum og langt um efni fram, ætti jafnt yfir alla að ganga.

Frsm. (Jakob Möller): Það, sem jeg mundi sagt hafa viðvíkjandi ræðu háttv. samþm. míns, 2. þm. Reykv. (JB), hefir þegar verið tekið fram í ræðu háttv. þm. Dala. (BJ), sem hefir svarað flestu af því, og þarf jeg því ekki að sinna því frekar. En jeg vil taka það enn fram, að um laun bankastjóranna getur enginn ágreiningur verið; þau eru of lág. En háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) vil jeg svara því, að það gildir alveg það sama um bókara og

fjehirða eins og bankastjóra. Það verður að velja til þeirra starfa þá bestu menn, sem kostur er á, alveg eins og bankastjórana, og launa vel, og þó að laun þeirra fari upp á móts við laun best launuðu embættismanna, þá sýnir það ekkert annað en það, hve laun opinberra starfsmanna ríkisins eru afskaplega lág. Ef þessa væri ekki gætt, mundi ekki geta haldist á hinum færustu mönnum í þessum stöðum. Laun þau, sem í frv. er farið fram á handa þessum starfsmönnum bankans, eru alveg samsvarandi launum starfsbræðra þeirra í Íslandsbanka. Að öðru leyti get jeg alveg fallist á hugleiðingar hv. samþm. míns (JB). En munurinn á aðstöðu starfsmanna bankans og embættismanna ríkisins er sá, að embættismennirnir hafa svo þröngt starfssvið; sjerþekking þeirra er bundin við störf, sem eingöngu ríkið þarf að láta vinna, og þess gjalda þeir.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) er ekki margt að segja, enda kom þar fátt nýtt fram. Þar sem hann segir, að hluthafar hafi ákveðið laun bankastjóranna, er það eitt hæft í því, að þeir hafa kosið 3 menn í bankaráðið, sem svo ræður fram úr þessum málum. En venjulega láta þessir þrír fulltrúar hluthafanna formann bankaráðsins fara með sín atkv.

Háttv. þm. (StSt) vildi gera lítið úr ágóðaþóknun bankastjóranna og hjelt því fram, að hún gæti ekki talist hluti af launum þeirra. En þóknunin er alls ekki svo lítil, eins og hún er nú ákveðin. Ef árságóði bankans nemur 300000 krónum, fær hver bankastjóranna 5000 kr., og hjá jafnstórum banka sem Landsbankanum er 300000 kr. ekki mikill ágóði. Þess er og að gæta, að þegar nokkur hluti launa bankastjóranna er ákveðinn hluti ársgróðans, getur það haft áhrif á það, hvernig reikningar bankans eru gerðir upp, og sjá allir, hve óheppilegt það er Þess vegna held jeg því fram, að sjálfsagt sje að hækka heldur launin og fella niður ágóðaþóknunina; þar er beinlínis um mikilsvert „princip"-atriði að ræða.

ATKVGR.

Till. um að slíta umr. samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 475,a feld með 15:10 atkv.

— 475,b feld með 14:10 atkv.

Frv. samþ. með 15:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 454).

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 511).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg ætla ekki að vera langorður um þetta mál að sinni. Á þskj. 140, upphaflega frv., sem þetta frv. er árangurinn af, er gerð ítarleg grein fyrir málinu.

Sú breyting hefir verið gerð frá upphaflega frv., að eftir þessu frv. á aðstoð-

arfjehirðir að fá 500 kr. hærri laun. Mistalningarfjeð er og hækkað um 1000 kr. Þessi brtt. var samþ. í hv. Nd. og álitin rjettmæt.

Þetta frv. er fram komið til að bæta úr því ósamræmi, sem er á launum bankastjóranna við þessa tvo aðalbanka hjer. Það er naumast sæmilegt, að ríkið borgi aðalmönnunum við sinn banka miklu ver en hlutafjelagsbankinn gerir til sinna manna. Þó verður enn sá munur eftir, að sá bankastjórinn, sem kosinn er af hluthöfum Íslandsbanka, fær hærri laun, auk þess, sem þeir allir fá ágóðahluta.

Jeg fer svo ekki frekar út í þetta að sinni, en vil aðeins taka fram, að jeg álít, að ekki sje neitt meiri erill í Íslandsbanka en orðinn er í Landsbankanum. Enda þótt meira fje væri til meðferðar í Íslandsbanka, þá er það nú líka að jafnast í seinni tíð.

Jeg vil því fyrir hönd nefndarinnar mælast til þess, að hv. deild samþykki þetta frv.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að benda á það, að ef þetta frv. verður samþykt, þá slær Alþingi þar með því föstu, að laun embættismanna, eins og þau voru ákveðin 1919, sjeu alt of lág. Vænti jeg því, að ekki verði langt að bíða, að þetta verði lagfært.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get ekki verið sammála háttv. síðasta ræðumanni (JóhJóh). Laun bankastjóra get jeg alls ekki miðað við laun embættismanna alment nje sjeð, að þau eigi að vera í samræmi við þau. Svo hefir ekki heldur verið, og því til sönnunar vil jeg benda á þau eftirlaun, sem fráfarnir bankastjórar hafa nú, samanborið við eftirlaun annara embættismanna.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil benda á það, að ríkisstjórnin skipar bankastjóra Landsbankans, eins og hún t. d. skipar háskólakennara. Staða þeirra er því trygg. Þeir halda henni, nema þá, að þeim sje vikið frá af sjerstökum ástæðum. Um Íslandsbanka gildir annað, því að staða bankastjóranna þar hefir verið samningsbundin til ákveðins tíma. Þeim má því ávalt vísa burtu, þegar sá tími er liðinn. Landsbankastjórastöðurnar eru því í samræmi við önnur embætti, og álít jeg því, að þingið slái föstu við samþykt þessa frv., að laun annara embættismanna sjeu alt of lág. Jeg er ekki á móti þessari hækkun á launum bankastjóranna; aðeins finst mjer, að þingið ætti þá líka að gera betur við aðra embættismenn ríkisins og skuldbindi sig til þess með samþykt þessa frv.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg stend ekki upp til að vekja deilur.

Það er rjett, að bankastjórarnir eru embættismenn ríkisins. En það er samt ekki hægt að bera þá saman við allan þorra embættismanna. Embættismönnum þessa lands, að undanteknum hæstarjettardómurunum, er alls ekki bannað að vinna að ýmsu öðru, enda gera þeir það margir. Bankastjórarnir hafa eflaust nóg um að hugsa og nógar áhyggjur, þó þeir þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir efnalegri afkomu sinni.

Jeg hefi áður sagt, að laun embættismanna væru alt of lág. Sjerstaklega voru þau það þó á árabilinu 1916—1919, því þá voru launin miðuð við hið lága verð sem áður var á öllum nauðsynjum. Og sú litla dýrtíðaruppbót, sem þá var veitt, náði skamt til að bæta upp þá dýrtíð, sem þá var orðin. Er það ekki saman berandi.

Á þeim árum mistu margir embættismenn enn fremur tekjur, sem þeir höfðu

áður haft; t. d. var svo háttað skipagöngum þá, að embættismenn mistu nær því allar aukatekjur af þeim. Hjer er sjerstaklega átt við bæjarfógeta og sýslumenn, sem urðu mjög hart úti í þessu efni. Jeg sje þó ekki, að hægt sje að bera laun bankastjóranna saman við laun annara starfsmanna ríkisins, nema þá væri hæstarjettardómaranna, og má vera, að laun þeirra sjeu líka of lág. Þeim er þó aðeins bannað að sitja á þingi, en bankastjórum er bönnuð öll önnur vinna. Enda er þetta mikil ábyrgðarstaða, og þarf því að vera vel launuð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 : 3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 : 1 atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 454).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um frv. þetta áður en það verður afgreitt frá þinginu.

Það eina í því, sem skiftir nokkru máli, eru laun bankastjóranna, og það kom fram hjá einum háttv. þm. hjer í gær, að honum þætti hækkun launanna nokkuð mikil. Jeg get vel játað það, og jeg myndi ekki greiða atkvæði með þessari hækkun, ef ekki væru sjerstakar ástæður fyrir hendi. Eins og kunnugt er, hefir Íslandsbanki borgað bankastjórum sínum miklu hærri laun en bankastjórum Landsbankans hafa verið borguð. Hafa laun Íslandsbankastjóranna stundum orðið alt að 80 þús. krónur á ári. Á þessu hefir nú orðið breyting, er hinir tveir þjóðskipuðu bankastjórar komu inn í bankann. En eigi að síður hafa þeim verið ákveðin töluvert hærri laun en bankastjórum Landsbankans. Jeg get ekki sjeð, að hægt sje eða nein sanngirni sje í því að greiða bankastjórum Landsbankans lægri laun en hinum þjóðskipuðu bankastjórum Íslandsbanka, og greiði jeg því atkvæði með þessari launahækkun. En jeg tek það fram, að atkvæði mitt fellur með frv. af því, að búið er að ákveða bankastjórum Íslandsbanka svona há laun.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg sagði í gær, að ef frv. þetta næði fram að ganga, þá fælist í því viðurkenning um, að laun embættismanna samkvæmt launalögunum frá 1919 væru of lág. Því að bankastjórar Landsbankans eru starfsmenn þjóðarinnar, engu síður en t. d. hæstarjettardómarar, ráðherrar og prófessorar háskólans. Nú eru samkvæmt frv. þessu bankastjórunum ætluð 15 þús. króna föst laun, en ráðherrarnir og dómstjóri hæstarjettar hafa ekki nema 10 þús. og meðdómendur í hæstarjetti ekki nema 8 þús. En jeg verð nú að líta svo á, að störf þessara manna, t. d. hæstarjettardómaranna og ráðherranna, sjeu engu þýðingarminni en störf bankastjóranna. Liggur því í augum uppi, að þetta þarf að samrýma, því að launakjör Landsbankastjóranna þarf að miða við laun annara embættismanna ríkisins, en ekki við laun bankastjóra Íslandsbanka, því að þeir eru aðeins ráðnir til ákveðins stutts tíma, og nú t. d. eru tveir settir og einn ráðinn til 5 ára; er hann búinn að vera tvö ár af þeim tíma, og á því aðeins eftir þrjú. Eru þessar stöður því alls ekki sambærilegar við hinar föstu stöður Landsbankastjóranna.

En eins og jeg hefi tekið fram áður, tel jeg þessi 15 þús. króna laun Landsbankastjóranna alls ekkert of há, eins og gildi peninga er nú og út lítur fyrir, að það verði í framtíðinni; síður en svo, heldur einungis hitt, að laun annara embættismanna ríkisins sjeu of lág, og þeir, sem greiða atkv. með þessu frv., skylda sjálfa sig til þess að vera með samsvarandi hækkun á launum annara starfsmanna ríkisins.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil einungis lýsa því yfir, að jeg er með þessu frv. En hins vegar lít jeg svo á, að með samþykt frv. þessa sje fengin viðurkenning þingsins fyrir því, að laun þau, er bankaráðið ákvað bankastjórum Íslandsbanka, hafi ekki verið of há. Því að vitanlega var þingið ekkert bundið við það, sem bankaráð Íslandsbanka gerði, og ef því hefði þótt launin þar of há, þá hefði það ekki átt að fara inn á sömu brautina. Jeg þakka því fyrir þessa viðurkenningu.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vil aðeins mótmæla því, að rjett sje að bera laun bankastjóra Landsbankans saman við laun allra annara embættismanna ríkisins, því að engum nema þeim og hæstarjettardómurunum er bannað að hafa önnur störf á hendi, og þó, að því er hæstarjettardómarana snertir, ekki að öllu leyti, en hins vegar finst mjer illa viðeigandi, að þeir þurfi eða ætlast sje til að þeir þurfi að sinna öðrum störfum, og eru þeir því helst sambærilegir við bankastjórana í þessu tilliti. Sömuleiðis er ekki rjett að bera laun þeirra saman við laun Íslandsbankastjóranna, því að þeir hafa haft ágóðahluta af tekjum bankans, svo að laun þeirra hafa stundum orðið alt að 80 þús. kr. (*SE*: Sú tíð er liðin). Já, en hún getur komið aftur. En það hefir ekki þótt rjett að láta bankastjóra Landsbankans hafa þennan ágóðahluta, enda reynst illa annarsstaðar um ríkisbanka. Að öðru leyti viðurkenni jeg fúslega, að laun embættis- og starfsmanna ríkisins sjeu og hafi um mörg ár verið of lág.

Jónas Jónsson: Jeg hefi nú skýrt afstöðu mína til þessa máls, að jeg tel það síst af öllu traustsyfirlýsingu til bankaráðsins nje annara manna, sem að Íslandsbanka standa. Jeg vildi aðeins taka það fram, að eftir að hæstv. landsstjórn hefir samið við suma af bankastjórum landsins um hærri laun en við aðra, þá hefir hún skapað það fordæmi, að ekki er hægt að gjalda öðrum hliðstæðum starfsmönnum minna. En hvernig landsstjórnin verður dæmd fyrir afskifti sín af Íslandsbanka, fer vitanlega nokkuð eftir því, hvernig bankastjórnirnar reynast. Teldi jeg það mjög óheppilegt, ef bankastjórar Landsbankans freistuðust til þess að sækja eftir bankastjórastöðu í einhverjum prívatbanka, sakir hærri launa, sem þeim yrðu þar boðin.

Forsætisráðherra (SE): Það er skrítið, að háttv. 5. landsk. þm. (JJ) skuli segja, að jeg blandi málunum saman. Það var einmitt hann sjálfur, sem gerði það. Það nær auðvitað engri átt, að Alþingi sje bundið við, hvernig laun í prívatbanka eru ákveðin, sem jafnan eru hærri en í þjóðbönkum. Laun sumra bankastjóranna við Íslandsbanka voru áður 20 þús. kr. og með dýrtíðaruppbót 40 þús. kr., og auk þess „tantieme“. En nú hafa þau verið ákveðin 15 þúsund krónur, með dýrtíðaruppbót af öllum launum eftir verðstuðli þeim, sem dýrtíðaruppbót embættismanna

er reiknað eftir. Hæstu launin hafa þá lækkað um 16 þús. kr. Ágóðahlutann mætti auðvitað leggja niður, ef það væri samrýmanlegt við reglugerð bankans, sem jeg er í nokkrum vafa um, en þetta má enn taka til fullrar athugunar, því enn er ekki búið að skipa bankastjórana.

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg vil skýrt taka það fram, af því að nokkurs misskilnings hefir gætt á því atriði hjá sumum háttv. þm., að bankastjórar Íslandsbanka hafa hærri laun en bankastjórar Landsbankans, þó að frv. verði samþykt.

Forsætisráðherra (SE): Þetta er ekki alveg rjett hjá hv. þm. Vestm. (KE), því að ef ágóðahlutinn væri feldur burt, yrðu launin jöfn. En ástæðan til, að ágóðahlutanum var haldið, var reglugerðin, en ef það væri talið samrýmanlegt við reglugerðina, þá mætti enn ráða bót á þessu, en eitt er að minsta kosti víst, að það mætti og ætti að breyta reglugerðinni og reyna að minsta kosti að takmarka ágóðahlutann.

Jeg segi þetta hreint ekki til að mæla á móti frv., þvert á móti er jeg því fylgjandi og mun greiða atkv. með því.

Jón Magnússon: Þessi samanburður á launum bankastjóranna er ekki rjettur, ekki einu sinni hjá hæstv. forsrh. (SE), sem ætti að vera manna kunnugastur þessum málum. Eins og áður hefir verið sagt hjer frá, voru föst laun Eggerts Claessens ákveðin 20 þús. kr. Það var það hæsta. En dýrtíðaruppbótin hefir algerlega verið og er á valdi bankaráðsins fyrir hvert ár fyrir sig. Því getur vel farið svo, að dýrtíðaruppbótin verði feld niður. En af því leiðir aftur, að komið getur til mála, að laun bankastjóra Landsbankans verði hærri en hinna. Hvað snertir ágóðahlutann, þá kom till. frá nefnd um að fella hann niður, en hafa launin aftur hærri. Í nefnd þessari var hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason og jeg ásamt þriðja manni. Við, Lárus H. Bjarnason og jeg, vorum sammála um þetta, en hinn þriðji maður vildi ekki fallast á það, og aðalfundur bankans ekki heldur, er þangað kom.

Annars skal jeg ekkert annað um málið tala, en verð þó að taka undir það með hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að samanburður á ríkisbanka og einkabanka er ekki rjettur, því að yfirleitt hafa þjóðbankastjórar lægri laun en bankastjórar við einkabanka, sem eru í miklu óvissari stöðum. Til dæmis hafa bankastjórar við þjóðbankann í Kaupmannahöfn haft miklu lægri laun en þeir, sem eru við hina stærri einkabanka. Það er mikill munur, hvort bankastjórarnir eru sem fastir embættismenn og eiga ekki á hættu að missa stöðuna þá og þegar, og ætti það fyllilega að vega upp á móti launamismuninum.

Forsætisráðherra (SE): Það er alveg rjett hjá hv. 4. landsk. þm. (JM), að dýrtíðaruppbótin var áður ákveðin af bankaráðinu jafnóðum, svo að launaviðbótin var nokkuð óviss frá ári til árs. En jeg miðaði við dýrtíðaruppbótina eins og hún var ákveðin áður en breytingin varð í bankanum á hæstu launum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 566).

26. Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar.

Á 17. fundi í Nd., laugardaginn 10. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 47, 30. nóv. 1914 [Atkvæðagreiðsla fjarstaddra manna við alþingiskosningar] (þmfrv., A. 88).

Á 18. fundi í Nd., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til. 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Háttv. þingmenn munu sjá, að eigi þarf önnur meðmæli með þessu frv. en þau, er jeg gat um áður í sambandi við frv. á þskj. 87. Þetta er aðeins önnur hlið á sama hlut. Vjer viljum alls eigi hlíta því, að örvasa mönnum af aldri eða sjúkum gefist eigi kostur á að kjósa menn til þingfarar, og láta þá missa þannig af rjettindum, er löggjafinn hefir veitt þeim. Komið hefir fyrir hjer í Reykjavík, að mönnum hefir eigi veist kostur á að kjósa af þessum orsökum, þrátt fyrir hjálp bifreiðanna, og má þá nærri geta, hvernig vera muni í sveitum, þar sem víða er margra klukkustunda ferð til kjörstaðar, og er gamalmennum þá oft torfært eða ókleift með öllu að neyta þessa rjettar síns, þótt fegnir vildu. Get jeg nefnt sem dæmi, að síðast er jeg var kosinn, var á næsta bæ við kjörstað kona ein áttræð að aldri, sú er jafnan hafði mjer fylgi veitt við kosningar, og vildi hún nú enn svo gera, en mátti eigi fyrir elli sakir komast þessa bæjarleið. Varð hún þar af rjettinum, en jeg af atkvæðinu, og kom þó eigi að sök í það sinn. Er þetta aðeins eitt dæmi, en hver af háttv. þm. mun þekkja mörg slík. Auk þess, sem jeg gat um í hinni fyrri ræðu minni um skyldu þings og stjórnar til þess að gera öllum kjósendum jafnt undir höfði, má og hjer minna á það, að margir hinna hrumu, gömlu manna hafa áður verið sveitarfrömuðir, og ef til vill þingskörungar, en fá nú eigi kosið, sökum skorts á þessu ákvæði. Hygg jeg, að mörgum háttv. þingmanninum, er nú situr hjer, þætti ilt til þess að vita, ef síðar færi svo, að hann kæmist eigi á kjörstað sökum elli eða sjúkleika, og svo stæði á, að riðið gæti á atkvæði hans, hvort vitur maður og góður yrði kjörinn eða óvitur og háskasamlegur. Þarf jeg eigi lengur að brýna þetta fyrir hv. þm. Munu þeir vilja, eigi síður en jeg, veita kjósendum sínum færi á að neyta rjettar þess, er löggjafinn hefir veitt þeim. Æski jeg þess, að frv. gangi til 2. umr. og til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 21 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 189).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg skal fyrst í stuttu máli snúa mjer að formi frv. og tek það fram, að brtt. nefndarinnar hafa umsteypt frv. að formi til. Samkvæmt tillögum nefndarinnar verða greinar frv. 5, en voru í frv. 2. Getur hv. deild treyst því, að breytingarnar eru rjett feldar inn í lögin og vel athugaðar af nefndinni. Jeg hefi og borið þær und-

ir hv. flm. (BJ), og hefir hann ekki nema gott eitt um þær að segja.

Sný jeg mjer þá að efnishlið málsins. Nefndin var öll sammála um það, að ranglátt væri að meina mönnum að greiða atkvæði sökum atvika, sem þeim væru ósjálfráð, eins og t. d. á sjer stað um elli og vanheilsu. Um sönnunina fyrir slíkum forföllum reyndist nefndinni erfiðara að koma sjer saman. Varð þó úr, að krafist skyldi læknisvottorðs í kaupstöðum og vottorðs læknis eða hreppstjóra annarsstaðar. Jeg fyrir mitt leyti hefði sætt mig við „vitni tveggja valinkunnra manna", því það er vitanlegt, að oft getur verið erfitt að ná til læknis eða hreppstjóra. En hins vegar þótti mjer ekki ástæða til þess að kljúfa nefndina fyrir þessar sakir; er meira vert um það, að frv. verður að teljast allmikil rjettarbót frá því, sem nú er.

Oss þótti rjettara, að lögin öðluðust gildi þegar í stað. Er með því trygt, að þau komi til greina við næstu kosningar, eins og jeg býst við, að hafi verið tilætlun hv. flm. Meira finn jeg ekki ástæðu til að taka fram að sinni.

Bjarni Jónsson: Það var rjett hermt, að jeg er þakklátur nefndinni fyrir að laga frv. Jeg hafði, eins og jeg gat um áður, ekki nægan tíma til athugunar og undirbúnings frv., og tel jeg breytingarnar rjett feldar inn í lögin. Munurinn á frv. mínu og brtt. nefndarinnar er raunar ekki mikill, og tel jeg mig góðu bættan, ef frv. gengur fram eins og það er nú. Þó hefði jeg óskað, að mönnum hefði verið gert ljettara fyrir með að sanna forföll sín. Ætti það ekki að koma að sök, eins og hjer er háttað í sveitum, þó húsfreyjur eða húsbændur mættu gefa gömlum mönnum eða lasburða á heimili sínu vottorð, slík sem þessi. Vil jeg þó ekki gera þetta að kappsmáli og tel sæmilega rjettarbót að frv. eins og það er nú. En jeg á bágt með að þola, að nokkur bönd sjeu á rjettinum, og hefði því heldur kosið, að minkaðar væru hömlurnar á því, að menn fái notið hans, heldur en auknar.

Þá vil jeg minnast á það, að mjer finst enn þá vanta ákvæði í frv. um bæi, sem svo er í sveit komið, að mönnum þar er ekki kleift að sækja kjörfund. En svo er um ýmsa staði, t. d. ýmsar eyjar í Breiðafirði, sem mjer er vel kunnugt um. Er oft erfitt að manna bát til að sækja kjörfund og hafa þó nóg fólk heima fyrir til allrar búsgæslu. Þar sem svo er háttað, vil jeg, að fólk fái að kjósa heima. Má búa svo um þetta, að hættulaust verði. Mun jeg bera þetta undir nefndina og vona, að hún taki það til íhugunar.

Sveinn Ólafsson: Jeg tek undir það með hv. flm. frv. (BJ), að mjer finst nefndin hafi gengið fulllangt í því að þrengja skilyrðin fyrir því, að menn fái notið kosningarrjettar síns. Flm. gerir ráð fyrir vottorði tveggja skilríkra manna, en nefndin krefst vottorðs hreppstjóra. Jeg fæ ekki sjeð, að með því væri fengin meiri trygging fyrir áreiðanleik forfallanna. Þar á ofan er mönnum gert erfiðara fyrir, því oft getur verið langt til hreppstjóra og ekki altaf hlaupið að því að ná til hans. Auk þess má gera ráð fyrir, að flest þessara vottorða verði gefin á kjörfundardegi, en þá mundi hreppstjórinn í flestum tilfellum vera staddur á kjörstað og störfum háður. Gæti hann þá ekki gefið vottorð eftir sjón og raun, og er hjer því tekið annari hendi það, sem veitt er með hinni. Því finst mjer rjettast, fyrst verið er að reyna að gefa öllum kjósendum tækifæri til að neyta kosningar-

rjettar síns, að binda þetta ekki þrengri skilyrðum, en halda sjer við ákvæðið í frv. flm. Mun jeg koma með brtt. í þá átt til 3. umr.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg tel sjálfsagt, að nefndinni finnist ljúft að taka til athugunar það, sem háttv. flm. tók fram síðast í ræðu sinni. Hvað viðvíkur ummælum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þá á jeg illa aðstöðu til að svara honum, því í rauninni er jeg honum að miklu leyti sammála. En fyrir nefndinni vakti það, að „agitationin" gæti gengið of langt, ef aðhylst væri ákvæðið í frv., og vildi hún hamla því, að heimildin yrði vopn í höndum vottorðsgjafa til ósæmilegrar atkvæðasmölunar. Mætti þá svo fara, að hinir svokölluðu valinkunnu menn yrðu miður valinkunnir.

Jón Baldvinsson: Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi kosningu þeirra manna, sem ekki eru á heimilum sínum, þegar kosning fer fram. Lögin hafa verið skilin svo hjer í Reykjavík, að þeir mættu, t. d. áður en þeir legðu út á sjó, fara til bæjarfógeta og kjósa þar, en því aðeins, að þeir sjálfir gætu skrifað. En t. d. veikir menn og blindir geta þetta ekki. Mjer finst því vert að athuga, á hvern hátt því verði best fyrir komið, að fólk, sem svo er ástatt um, geti notið kosningarrjettar síns, og hvort ekki væri rjett að setja ákvæði í lögin um það, að þeim væri heimilt að láta annan kjósa fyrir sig. Má vel vera, að án slíks ákvæðis komi sú rjettarbót, sem ætlast er til, að fáist með þessum breytingum á kosningalögunum. Vil jeg leyfa mjer að skjóta þessu til nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 189,I (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 189,II (3 nýjar gr., verða 2.—4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 189,III (ný 2. gr., verður 5. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj atkv.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 224, 237, 239, 276).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg sje ekki ástæðu til að lengja umræður um þetta mál. Brtt. allshn. við þetta frv. er á þskj. 239, og felur hún í sjer það, sem nefndinni þótti rjett að bæta við frv.

Hvað snertir brtt. á þskj. 237, þá lýsti nefndin því yfir við 2. umr., að hún væri henni mótfallin og vildi ekki frekari breytingar á frv. Þó að jeg gæti fyrir mitt leyti felt mig við brtt., vildi jeg ekki kljúfa nefndina, en tel ekkert í hættu, þó að hún verði samþykt.

Sveinn Ólafsson: Mjer kom það á óvart, að háttv. allsherjarnefnd skyldi hafa svo mikið á móti till. minni á þskj. 237, úr því að hún vill gefa þeim, sem ekki geta sótt kjörfund, rjett til að kjósa. Mig furðar á því, að hún skuli ekki vilja veita þeim rjett til að sanna forföll eða sjúkleika með vottorði tveggja skilríkra manna,

þótt eða þegar þeir ná ekki í vottorð frá hreppstjóra eða lækni; og sjálfsagt er, að þeir fái að neyta atkvæðis síns, að fengnum vottorðum þeirra.

Mjer er vel kunnugt um, að það er víða í sveitum svo erfitt að ná til þessara manna, að oft má heita frágangssök, og trúi jeg því ekki fyrri en jeg tek á því, að hv. deildarmenn vilji meina kjósendum að neyta atkvæðisrjettar með þeim skilyrðum, sem till. mín setur, heldur láti hana fljóta með 1. gr. frv. Tel jeg þetta fyrirkomulag, sem brtt. greinir, allsendis nauðsynlegt og um leið fult eins tryggilegt um sönnun forfallanna sem vottorð hreppstjóra eða læknis, sem oft mundu verða að gefa vottorð eftir sögusögn annara, eða synja um þau.

Þá er í öðrum lið brtt. minnar farið fram á breytingu á 5. gr., í þá átt að fyrir „1.—5. gr.“ komi: 1.—3. gr. Er það vegna þess, að 5. gr. getur aldrei orðið feld inn í aðallögin og á þar eigi heima. Hefir nefndin líklega ekki athugað þetta.

Magnús Guðmundsson: Jeg hjelt, að háttv. frsm. (GunnS) mundi leiðrjetta það, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði síðast. Það er misskilningur hjá honum, að 5. gr. verði ekki feld inn í aðallögin, því að í þessari gr. er fyrirsögn frv. Síðustu brtt. nefndarinnar verður því að samþykkja. Má því eigi taka til greina till. hv. 1. þm. S.-M. í þessu efni. Annars ætla jeg ekki að blanda mjer inn í framsöguna. Jeg geri ráð fyrir, að þessir valinkunnu og skilríku menn, sem brtt. á þskj. 237 nefnir, geti verið kosningasmalar, og verði hún samþykt, geti þeir t. d. hjer í Reykjavík farið hús úr húsi og gefið kjósendum vottorð. Þetta get jeg ekki talið rjett, og er því mótfallinn þessari brtt.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg var einmitt að biðja um orðið, til þess að leiðrjetta aths. háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þegar háttv. samnefndarmaður minn (MG) stóð á fætur. Jeg er samþykkur honum í því, að það getur ekki komið til mála að ganga inn á till. háttv. 1. þm. S.-M.

Jón Baldvinsson: Jeg gat um það við 2. umr. þessa máls, — sem gengur út á að leyfa mönnum, sem ekki komast á kjörstað til kosninga, að neyta atkvæðisrjettar síns, — að ástæða væri til að koma fram með brtt. við frv. Ef setja á nú lög um þetta efni, finst mjer vanta í þau eitt þýðingarmikið ákvæði. Jeg hefi því samið brtt., sem er á leiðinni inn í þingsalinn. Hún gengur út á að leyfa mönnum að fá sjer aðstoð til að kjósa, sem ekki eru sjálfir færir til þess sökum sjóndepru, veikinda o. s. frv. Það er oft svo, að slíkir menn geta ekki neytt atkvæðis síns og merkt kjörseðil án aðstoðar, og verður því að koma í veg fyrir rjettindatap af þessum ástæðum.

Í kosningalögunum frá 1915 er gert ráð fyrir, að kjósendur, sem ekki geta greitt atkvæði vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, fái aðstoð til að merkja kjörseðilinn hjá einhverjum úr kjörstjórninni, sem hann tilnefnir. En með frv. þessu er þessum mönnum meinað að neyta kosningarrjettar síns, nema þeir komist á kjörstað. Og er þó mikil ástæða til að ætla, að þetta frv. sje meint sem rjettarbót fyrir slíka menn, sjerstaklega til sveita, þar sem erfitt er um ferðalög; kemur þetta því ekki að gagni, nema úr sje bætt. Og brtt. mín fer einmitt fram á það, að þeim mönnum, sem er svo ástatt fyrir, verði gefinn kostur á að láta aðra kjósa

fyrir sig. Verði þessi heimild ekki veitt, koma rjettindin, sem lögin veita, ekki að hálfu gagni. En á því er minni brtt. ætlað að ráða bót.

Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) talaði um það, að ef ákvæði eins og það, sem brtt. hv. þm. S.-M. (SvÓ) fer fram á, verði samþykt, mundu „agitatorar" nota sjer það. Tók hann Reykjavík sjerstaklega til. Jeg býst nú við, að flokkarnir muni nokkuð „kontrollera" hvern annan, svo jeg verð að telja þá mótbáru ekki sjerlega veigamikla.

Jeg er að vona, að mín brtt. sje nú á leiðinni inn í deildina, og er hún svo einföld og óbrotin, að háttv. þm. ætti ekki að verða skotaskuld úr því að átta sig á komi, þó tími sje stuttur til stefnu, og vona jeg, að þeir sjái, að hún er nauðsynleg rjettarbót, til að frv. komi að fullu gagni. Jeg hefi sett það ákvæði, að kjósendur tilnefni sjálfir menn til að kjósa fyrir sig, og sjeu þeir bundnir þagnarheiti. Ákvæðin eru samhljóða þeim, sem eru í núgildandi kosningalögum um það, þegar menn þurfa aðstoðar á kjörstaðnum.

Forseti (BSv): Útbýtt hefir verið brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (JB), á þskj. 276, og þarf að leita afbrigða frá þingsköpum til þess að hún geti komið til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 276 leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg get auðvitað ekki sagt neitt um þessa brtt. fyrir hönd nefndarinnar. En við lauslega yfirferð sje jeg ekki betur en hún sje í samræmi við kosningalögin, þar sem þau gera ráð fyrir aðstoð við kosningu á kjörstað, og sje jeg ekki ástæðu til að vera móti henni. Sjeu einhverjir formgallar á henni, þá býst jeg við, að Ed.-nefndin bæti úr þeim.

Lárus Helgason: Jeg verð að segja, að mjer kemur það á óvart, ef fyrri liður brtt. á þskj. 237 nær ekki fram að ganga, þar sem það er sýnilegt, að án þess nær frv. sjálft ekki tilgangi sínum. Það er öllum kunnugt, að í strjálbygðum sveitum er oft mjög erfitt, ef ekki ógerningur, að ná til læknis eða hreppstjóra, og mönnum er að minsta kosti gert svo erfitt fyrir með þessu, að óhæfilegt virðist að halda því til streitu. Og í fljótu bragði sje jeg ekki, ef brtt. á þskj. 276 nær fram að ganga, að rjett sje þá að fella niður brtt. á þskj. 237. Annars geri jeg ráð fyrir, að jeg haldi mjer eindregið við frv., að viðbættum brtt. á þskj. 237, og vænti þess, að hv. deild geri hið sama.

Jón Þorláksson: Jeg held það sje misskilningur hjá hv. þm. V.-Sk. (LH), að svo erfitt sje að ná í vottorð hreppstjóra eða læknis, sem hann heldur. Það er nefnilega ekki ætlunin, að hreppstjórar geri skoðun á sjúklingum og gefi þeim síðan vottorð, bygt á skoðuninni, á líkan hátt og læknar, heldur fari þeir eftir upplýsingum, sem þeim sýnist næg ástæða til að taka gildar. Þeim, sem forfallaðir væru og heima sætu, ætti þá að nægja að koma boðum og fullnægjandi skilríkjum til hreppstjóra, en hann mundi í flestum tilfellum vera þá á kjörstað, en þangað eiga menn af flestum bæjum erindi á kjörfundardaginn. Er mönnum þannig gert tiltölulega ljett fyrir. En væru brtt. samþyktar, gæti svo farið, að menn misbeittu aðstöðu sinni í kosningunum. Verð jeg því að álíta óheppilegt að fara lengra í

þessu efni en frv., og vona, að hv. deild leggist á móti brtt.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að það er ekki rjett hjá háttv. þm. V.-Sk. (LH), ef hann heldur, að mín brtt. fari í bága við brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) eða skaði hana á nokkurn hátt. Það ætti að vera nokkurn veginn augljóst, að þær geta báðar farið saman. En út af ummælum háttv. samþm. míns (J-Þ) vildi jeg geta þess, hvort mönnum hafi skilist svo, að kosningar mættu aðeins fara fram á kjördegi. Þetta er misskilningur, því í lögum þeim, sem hjer er farið fram á að breyta, er mönnum heimilað að byrja strax að kjósa, þegar framboðsfrestur er útrunninn.

Út af því, sem hv. samþm. minn (JÞ) sagði, að kjósendur ættu kost á því að kjósa heima, vil jeg geta þess, að hjer hefir bæjarfógeti ekki leyft þeim mönnum að kjósa, sem ekki hafa sjálfir getað það. Og því er ákvæðið í brtt. minni nauðsynleg umbót frá því, sem nú er.

Sveinn Ólafsson: Jeg er ekki frá því, að hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hafi skilið það, sem hjer er um að ræða, öðruvísi en alment er gert, hafi á því „reikningslegan" skilning; og mig furðar á því, að hann, sem kunnur er staðháttum til sveita, skuli ekki sjá, að eins og frv. er nú, er mönnum, sem forfallaðir eru, meinað að neyta kosningarrjettar síns, nema þeir nái til læknis eða hreppstjóra. Hann taldi auðvelt að koma boðum til hreppstjóra kjörfundardaginn, en þar er því að svara, að þann dag er hreppstjórinn einmitt mest hlaðinn störfum og teptastur, en hins vegar þýðingarlaust fyrir kjósendur að senda atkvæði sín, nema vottorð sje áður komið frá hreppstjóra eða trygging sje fengin fyrir því. Það er engan veginn auðhlaupið altaf að vottorðum þessum, síst þar, sem lítt fær vötn, sjór eða líkar torfærur liggja á milli kjósanda og kjörstaðar, eða þá óveður aftrar, eins og oft getur komið fyrir. Brtt. á þskj. 276 er jeg samþykkur. Hún er hliðstæð ákvæðum kosningalaganna almennu, um aðstoð við blinda eða sjóndapra menn. Finst mjer undarlegt, að þeir menn, sem vilja gera sjúkum mönnum ljettara fyrir að greiða atkvæði, skuli setja sig á móti þeirri brtt.

Til svars gegn því, sem háttv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði um atkvæðasmölun í sambandi við mína brtt., vildi jeg minna á það, að ekki er loku fyrir það skotið, að hreppstjórar geti líka verið „agitatorar", og þarf eigi langt um það að leita. Jafnvel sömu söguna má segja um læknana, og dettur mjer ekki í hug að áfellast þá fyrir það. En auðvitað verða vottorðsgefendur að vera ábyggilegir og samviskusamir menn, og ætti kjörstjórn hver að geta metið áreiðanleik þeirra.

Jón Þorláksson: Það er misskilningur hjá háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að nokkuð standi um það í frv. eða brtt. nefndarinnar, að ekkert þýði fyrir kjósendur að senda atkvæði sín af stað, nema vottorð fylgi. Það eru engin ákvæði um það, að hvorttveggja skuli vera í sama umslagi. Það ætti því að vera nægilegt, að skilríki væru látin fylgja og hreppstjóri gæfi svo vottorðin á kjördegi. Það þarf ekki að tala um kunnugleika eða ókunnugleika í sveitum í þessu sambandi. Það er vitanlegt, að á kjördegi eru svo margar ferðir til kjörstaðarins, að það ætti ekki að vera neinn ógerningur eða tilfinnanleg óþægindi við að koma þangað boðum eða brjefum.

Lárus Helgason: Jeg get ekki skilið, að það sje rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að það sje tryggara, að hreppstjóri gefi vottorðin eftir orðsendingu heldur en að farið sje eftir vottorði tveggja skilríkra manna, sem eru á staðnum. Mjer finst það líka liggja beinast fyrir og sje ekki, að neitt meira öryggi sje gefið með þeirri krókaleið, sem frv. gerir ráð fyrir, að farin verði. Og vil jeg enn nota tækifærið til að mæla með því, að hv. deild taki brtt. á þskj. 237 til greina.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil aðeins árjetta það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði, og held því fram, að vottorðið verði í flestum tilfellum eins gott og gilt, þó það sje gefið fyrirfram. Þetta er svo ljóst, að allir ættu að geta sjeð það; getum vjer tekið til dæmis mann, sem að staðaldri er fatlaður, eða farlama gamalmenni. Jeg vil því leggja aðaláhersluna á það, að vottorðin sjeu gefin aðeins af hreppstjóra eða lækni, hvort sem þau eru fengin á lengri eða skemri fresti á undan kosningardeginum eða kosningarathöfninni.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal viðurkenna, að mjer eru farnar að leiðast umræður í þessu máli og tel andstöðuna gegn brtt. minni harla ljettvæga. Háttv. þm. V.-Sk. (LH) hefir bent á það, sem er aðalatriðið, að tryggingin verður ómótmælanlega í flestum tilfellum miklu meiri með vottorði tveggja skilríkra manna, sem viðstaddir eru, en með vottorði fjarstadds hreppstjóra. Þá má og minna á það, að venja hefir verið að senda kosningarkassann strax áleiðis til sýslumanns að kjörfundi loknum, og því ekki hægt að koma atkvæðum að síðar. Annars er tilgangslaust að þrátta lengur um þetta. Aðalatriðið er það, að ekki verði fölsuð vottorð um forföll og mönnum sje ekki gert of erfitt fyrir að greiða atkvæði. En eins og jeg áður nefndi, hefir hv. þm. V.-Sk. tekið ljóslega fram rökin fyrir brtt. minni og sýnt, að fyllri trygging fæst að öllum jafnaði fyrir falslausri skýrslu um forföllin með vottorði tveggja sjónarvotta en vottorði, sem hreppstjóri kann að gefa eftir skilaboðum eða orðsendingu.

Lárus Helgason: Mjer er óskiljanlegt, hvernig hv. þm. Mýra. (PÞ) fer að því að gera sig ánægðan með það, sem í frv. sjálfu stendur. Hann virðist ekki gera sjer það ljóst, að víða í sveitum geta jafnvel margir mánuðir liðið milli þess, að læknir komi á sum heimilin. Ef hann athugar þetta, mætti svo verða, að honum færi að finnast minna til um tryggingunа, sem ætlast er til, að fáist með vottorðum þeirra.

Magnús Jónsson: Ef allir ættu að geta kosið, sem kosningarrjett hafa að lögum, yrði að búa svo um, að kosning gæti farið fram á hverju heimili. Út á þá braut var þó varla gerlegt að fara, en nefndin hefir hins vegar viljað gera nokkra bót á þeirri skerðingu kosningarrjettarins, sem nú á sjer stað, með því að veita farlama mönnum rjett til að greiða atkvæði, ef þeir komast ekki á kjörstað. Á hinn bóginn var svo þess að gæta, að þessi undanþága yrði ekki misbrúkuð taumlaust, og það máske svo, að menn sæju eftir að hafa veitt hana og færu á stúfana til þess að fá hana afnumda. Í þessu skyni setti nefndin þennan hemil í frv., að vottorð um forföll skyldi gefið af lækni eða hreppstjóra. Ef það er látið nægja, að tveir skilríkir menn gefi vottorðið, þá er í raun rjettri hlerinn tekinn með öllu úr flóð-

gáttinni, því að það hljóta allir háttv. þm. að þekkja, að „skilríkur“ er nálega hver sótraftur til þessa brúks, svo að eins mætti þá láta tvo menn votta án frekari ákvæða. Nú er það vitað, að læknar og hreppstjórar geta brugðist eins og aðrir, en bæði má jafnaðarlega vænta þess, að ekki sjeu aðrir í hreppstjórastöðu en úrvalsmenn, og auk þess er meiri ábyrgð á slíkum mönnum við vottorðagjafir í embættisnafni. Yfirleitt vildi jeg leggja áherslu á það, að frv. yrði samþykt eins og nefndin gekk frá því.

ATKVGR.

Brtt. 237,1 feld með 14:10 atkv.

— 276 samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MK, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, IngB, JakM. JB, BSv.

nei: JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, HK, JAJ.

Brtt. 239 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 237,2 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 281).

Á 35. fundi í Ed., mánudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JM, JJ, KE, SE, SJ, BK, EÁ, GGuðf, HSt.

nei: SHK, JóhJóh.

Einn þm. (GÓ) fjarstaddur.

Frv. vísað til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., föstudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 281, n. 324).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Frv. lýtur að því að gera þeim ljettara að neyta kosningarrjettar síns, sem ekki eru ferðafærir til kjörstaðar vegna elli eða vanheilsu. Nefndin hefir aðhylst stefnu frv. og telur rjett að gera mönnum mögulegt að neyta þess rjettar, sem þeim er heimilaður á annað borð. Það er enginn vafi á því, að sjúkir menn og hrumir hafa oft orðið af þessum rjetti í raun og veru, og úr því vill frv. bæta. Hins vegar þykir nefndinni eðlilegt, að slík forföll sjeu sönnuð með læknisvottorði, þar sem því verður við komið, annars með hreppstjóravottorði; og hefir nefndin því borið fram brtt. í þá átt.

Annað þótti nefndinni athugavert, og það var hve nær þessir menn fengju að kjósa. Eftir frv. leit helst út fyrir, að það mætti fara að smala þessum atkv. þegar er framboðsfrestur væri útrunninn, en það væri óheppilegt, og sumir, sem þá væru veikir, gætu verið orðnir heilbrigðir á kjördegi. Nefndin hefir því borið fram brtt. í þá átt, að þessi atkvæði skuli greidd daginn fyrir kjördag, ef kjósandi á heima á kjörstaðnum, en ella 2 dögum fyrir kjördag.

Þá hefir nefndin viljað breyta ákvæðinu um aðstoð þá, sem þessum mönnum

verður látin í tje, og sú breyting er aðallega gerð til þess að samræma ákvæði frv. við ákvæði kosningalaganna. Þau eru á þann hátt, að einhver úr kjörstjórninni á að veita aðstoð á kjörstaðnum, ef hennar er þörf, og má kjósandi velja á milli mannanna. Það má deila um það, hvort þetta sje heppilegt eða ekki. Það má segja, að eðlilegast væri, að kjósandi veldi sjálfur og væri ekki bundinn við kjörstjórnina. Jeg hefi vitað merkan mann ganga frá kjörborði án þess að greiða atkvæði, vegna þess að hann gat engum treyst af þeim, sem í kjörstjórn voru. Þetta getur komið oft fyrir, og er hart aðgöngu fyrir kjósendur að verða af því að neyta kosningarrjettar af þessum ástæðum. En hvað sem því líður, þá er ákvæðið á þessa leið, og meðan því er ekki breytt fer best á því, að ákvæði, sem lúta að svipuðu efni, sjeu í samræmi við það. Þess vegna leggur nefndin til, að sá, sem vottorðið gefur, sje látinn tilnefna aðstoðarmanninn, en í praksis mundi það oftast verða sá, sem kjósandi kysi helst.

Nefndin hefir ekki viljað fara lengra í breytingarnar, og leggur því til, að 3. og 4. gr. sjeu feldar niður. Það verður að fara varlega í það að flytja kosningar um of frá kjörstaðnum, því svo er tilætlast og heppilegast, að þar fari þær aðallega fram.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekkert um það segja, hvort nefndin hefir breytt frv. til betri vegar, en jeg verð að líta svo á, að 3. brtt., við 2. gr., geri hana lakari. Jeg sje enga ástæðu til þess að hanga í þessum formum, því að það er eðlilegast, að kjósandi tilnefni manninn sjálfur. Það má benda á það, að hann verður ver settur en þeir, sem þurfa aðstoðar á kjörstaðnum, því þeir mega velja úr 3, eða allri kjörstjórninni, en hann á ekkert val. Þetta vildi jeg aðeins taka fram, því jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að kjósandi fái sjálfur að útnefna aðstoðarmanninn.

Jón Magnússon: Jeg þarf ekki nema minna á það, sem háttv. frsm. (SHK) sagði um þetta efni. Breytingin er gerð til þess að samræma frv. við kosninga lögin. Þeir, sem þurfa aðstoðar á kjörstaðnum, verða að halda sjer við kjörstjórnina, og þá er það hliðstætt, að sýslumaður eða hreppstjóri tilnefni mann til þess að aðstoða kjósanda. Sýslumaður, umboðsmaður eða hreppstjóri þurfa að vera við hvort sem er, til þess að gefa vottorð, og þess vegna verður þetta engum að baga. Og eðlilega fengi kjósandi að ráða þessu í raun og veru, því aðstoðarmaður yrði nær altaf sá, sem hann kysi helst. En sem sagt, breytingin er aðallega gerð samræmisins vegna.

Guðmundur Ólafsson: Það er auðvitað, að fjarstaddur kjósandi er betur settur en sá, sem þarf aðstoðar á kjörstaðnum, ef hann fær að velja sjálfur. En hvers vegna má hann ekki vera betur settur, þegar hinn er ekki eins vel settur og hann ætti að vera? Það er sá, sem ekki þarfnast aðstoðar. Það er eðlilegast, að þegar einhver þarf að láta vinna fyrir sig jafnþýðingarmikið verk og að kjósa, þá er honum nauðsynlegt að geta borið fult traust til mannsins, og þá sjálfsagt, að hann fái að velja hann sjálfur.

Forsætisráðherra (SE): Það má vera, að rjett sje hjá hv. 4. landsk. þm. (JM), að breyting nefndarinnar sje í samræmi við

frumregluna, sem lögin eru bygð á, en þó verð jeg að líta á málið líkt og háttv. 1. þm. Húnv. (GÓ), að óeðlilegt sje, að kjósandi ráði ekki neinu um það, hver kýs fyrir hann, og held jeg, að engin skaði skeði, þó svo væri ákveðið.

Jón Magnússon: Ef hæstv. forsrh. (SE) þykir svo mikið undir því komið, að kjósandi fái sjálfur að tilnefna aðstoðarmann, þá hefði hann átt að vera sjálfum sjer samkvæmur og bera fram frv. um breytingu á kosningalögunum í þessa átt. Jeg hefi bent á, að þetta þrengir í raun og veru ekki kosti kjósanda, því hann fengi oftast að ráða þessu, og þá er betra að hafa samræmi heldur en að hafa það ekki. Þannig liggur málið fyrir. Það er ekki stórt atriði, en þó er betra að gera það, sem rjettara er.

Forsætisráðherra (SE): Það getur verið, að stjórnin hefði átt að endurskoða kosningalögin, en það hefir hún ekki gert; enda er þessi breyting ekki frá henni. En eins og jeg hefi sagt áður, sje jeg ekkert athugavert við það að láta kjósendur hafa þennan rjett, þó hitt væri principielt í meira samræmi við lögin.

ATKVGR.

Brtt. 324,1 samþ. með 13 shlj. atkv

— 324,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 324,3 samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SHK, SJ, BK, GGuðf, HSn, JóhJóh, JM, HSt.

nei: EÁ, GÓ, IHB, JJ, KE, SE.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 1 atkv.

Brtt. 324,4—5 (3. og 4. gr. falli niður) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 324,6 (5. gr. verði 3. gr.) samþ. án atkvgr.

— 324,7 samþ. án atkvgr.

6. gr. (verður 4. gr.) svo breytt. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., mánudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 345, 357).

Guðmundur Ólafsson: Jeg ætla mjer eigi að tala langt mál um till. mína á þskj. 357. Í frv. er gert ráð fyrir því, að sá, sem vottorðið gefur, ráði því, hver veiti hinum sjúka aðstoð við kosninguna. Álít jeg eigi heppilegt að láta það komið undir einum óviðkomandi manni, hver aðstoðar, án þess að hinn sjúki hafi rjett til að hlutast til um það. Þykir mjer því betra, að hinn sjúki sjálfur tilnefni aðstoðarmann sinn, og þá einna helst einhvern úr kjörstjórninni. Mundi sá kostnaður, sem af því leiddi, auðvitað greiddur af kjósanda.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Eins og háttv. deild mun kunnugt, þá hefir brtt. þessi komið fram fyrst nú í dag, og hefi jeg því eigi getað borið mig saman við samnefndarmenn mína. En jeg álít, að oft standi svo á, að ef brtt. yrði samþykt, þá þyrfti að flytja einhvern úr kjörstjórninni, til að aðstoða hinn sjúka, og getur það valdið miklum óþægindum, enda eigi víst, að hentugra væri fyrir þann mann að veita aðstoðina en t. d. sýslumann eða hreppstjóra. Annars skal jeg taka það fram, að jeg legg hvorki með nje móti brtt.

Jón Magnússon: Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til háttv. flm., hvort hann álíti eigi betra að orða breytinguna t. d. þannig: og skal hann þá fá aðstoð manns, er kjörstjórn tilnefnir, nema hann óski að fá aðstoð einhvers úr kjörstjórn. Nú er oft örðugt að ná í aðstoð kjörstjórnar og stundum ómögulegt, t. d. á skipum. Ef málið væri tekið nú af dagskrá, þá mætti máske breyta frv. svo, að háttv. 1. þm. Húnv. (GÓ) væri ánægður með það.

Karl Einarsson: Það var aðeins örstutt athugasemd. Held jeg, að ef kjósandi er staddur á skipi, þá hafi þetta eigi svo mikla þýðingu eins og háttv. 4. landsk. þm. (JM) heldur fram. Þar sem gert er ráð fyrir, að ef skipið er statt í kjördæminu, þá kjósi kjósandinn þar, en ef það er utan kjördæmisins, þá má kjósa um borð eftir kosningalögunum. Ætti að vera hægt fyrir hreppstjóra að komast um borð í skip innan kjördæmisins. Jeg tel þó tillögu háttv. 4. landsk. þm. rjetta eftir atvikum.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get fallist á, að það sje betra eins og háttv. 4. landsk. þm. (JM) vildi orða till., þó að jeg hins vegar geti eigi fallist á, að hún geri neitt til, að því er snertir kosningu á skipum. Annars hefi jeg ekkert á móti því, að málið verði tekið af dagskrá nú.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 345, 357, 366).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Það er í beinu áframhaldi af síðustu um ræðum um þetta mál hjer, að brtt. á þskj. 366 er fram komin. Hún sýnir sig sjálf, og vænti jeg, að allir háttv. deildarmenn geti fallist á hana.

Guðmundur Ólafsson: Jeg stend aðeins upp til þess að lýsa yfir því, að eftir að þessi brtt. allshn. er fram komin, tek jeg mína brtt. á þskj. 357 aftur.

ATKVGR.
Brtt. 357 tekin aftur.
— 366 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 375).

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Enda þótt allshn. Nd. teldi þær breytingar lítið til bóta, sem Ed. hefir gert á frv., þá vill hún samt ekki verða til þess að fella frv. með því að leggjast á móti þeim, og óskar, að hv. deild samþykki frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 502).

---

27. Fjáraukalög 1923.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1923 (stjfrv., A. 329).

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg get verið stuttorður að þessu sinni. Jeg hefi skýrt frá því áður, að þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923 myndi lagt fram og af hvaða ástæðum. Það er ekki nein stórkostleg upphæð, sem frv. fer með, 52 þúsund krónur, en raunar býst jeg við, að háttv. fjvn. muni bæta þar nokkru við, og svo máske einstakir þm. Það hefir verið slept ýmsu af fjárlögunum fyrir árið 1924, sem jeg býst við, að menn vilji koma að hjer. Legg jeg svo til, að málinu verði vísað til háttv. fjvn.

Stefán Stefánsson: Jeg kann því vel af hæstv. stjórn, að hafa komið fram með þetta frv. Tel jeg, að hún hafi með því að nokkru bætt fyrir þá ókurteisi, sem hún sýndi mjer, er hún svaraði ekki fyrirspurn minni, sem jeg hreyfði nýlega, um það, hvort hún hefði í hyggju að koma fram með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923, eða sem sjerstaka till., þar sem úr ríkissjóði væri ætlað að greiða hæfilega upphæð til viðgerðar varnargarðs á Siglufjarðareyri. Jeg fjekk þá ekkert svar við þeirri spurningu hjá hæstv. fjrh. (MagnJ), og tók þó fram, að Siglfirðingar mundu ekki ófúsir til að leggja eitthvað af mörkum til byggingarinnar, svo að því fremur taldi jeg víst, að hæstv. stjórn mundi vilja skýra frá sinni afstöðu. En nú hefir hæstv. stjórn komið fram með frv., og get jeg því vel við unað. Það er þó ekki svo, að jeg sje allskostar ánægður með frv. þetta. Jeg er óánægður með 3. lið 2. gr., þar sem það er gert að skilyrði, að kaupstaðurinn haldi að öllu leyti við varnargarðinum. Það álít jeg með öllu ósanngjarnt og ofviða þessum litla kaupstað, og verð jeg því að leggja áherslu á, að þessu verði breytt á þann veg, að kaupstaðurinn leggi fram til viðhaldskostnaðar í sömu hlutföllum og hann leggur til byggingarinnar; lengra sýnist mjer ógerlegt að fara að þessu leyti.

Mun jeg koma fram með brtt. í þessa átt við næstu umræðu.

Þá tel jeg æskilegt og óhjákvæmilegt, að hæstv. stjórn annist um, að vel hæfum manni verði falin öll stjórn á endurbyggingu garðsins, svo að ekki endurtaki sig í 3. sinn sama sagan, að garðurinn hrynji svo að segja að vörmu spori. Slík verk eru dýrari en svo og þýðingarmeiri, að með nokkru móti sje við það unandi, að höndunum sje kastað til þeirra. — Jeg segi þetta aðeins í því skyni, að hæstv. stjórn taki til athugunar, að hún vandi vel til valsins.

Sigurður Stefánsson: Jeg get ekki tekið undir það með þeim háttv. þm., sem síðast talaði, að jeg sje þakklátur hæstv. stjórn fyrir frv. þetta. Hún hefir þar að vísu látið af hendi rakna 12000 kr. til viðgerðar brimbrjótsins í Bolungarvík. Eftir orðum hennar áður að dæma, hefði jeg frekar getað búist við 24 þúsundum, enda myndi ekki veita af því. Fyrstu skemdirnar, sem brimbrjóturinn fjekk, áætlaði hreppsnefndin að myndi kosta um 12 þús. kr. En síðan hafa meiri skemdir orðið á garðinum hvað eftir annað. Hreppsnefndin kveðst hafa tilkynt verkfræðingnum þetta, og mun hann varla hafa þagað

um það við hæstv. stjórn. *(Atvrh. KlJ:* Hann hefir ekkert tilkynt stjórninni um þetta). Það er þá hans sök. Það hefði þó ekki verið ofverkið hans, þess heiðursmanns, að tilkynna stjórninni þetta. Nú er svo komið, að miklu meira fje þarf til viðgerðarinnar en þessar 12 þúsundir. Jeg býst því við, að jeg verði tilneyddur að koma fram með brtt. þess efnis, og vona jeg, að hæstv. stjórn verði henni ekki mótfallin.

Þórarinn Jónsson: Jeg vildi bara gera þá fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort hún ætli að gera brtt. við frv. þetta. Jeg býst við, að frv. hafi verið svo úr garði gert sem það er nú af sparnaðarástæðum. Hins vegar líst mjer það eðlilegt, að hæstv. stjórn komi fram með brtt., ef hún er hlynt því, að settir verði fleiri liðir. En það hefir mjer skilist á hæstv. forsrh. (SE), að svo myndi vera.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg get ekki tekið til mín ákúrurnar frá háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), að jeg hefði ekki svarað neinu fyrirspurn hans. Jeg gerði það einmitt, og það mjög ljóslega, að vísu ekki út af fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf., en í svari mínu til hv. frsm. fjvn. (MP). Að því er annars snertir þessi mannvirki á Siglufirði, þá heyrir það undir kirkjumálaráðherrann, og skal jeg ekki fara neitt út í það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar með 16 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 329, 353, 405, 424, 426, 430, 440).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Þá er það nú loksins komið til umræðu í hv. deild, fjáraukalagafrumvarpið fyrir 1923, og vænti jeg, að öllum háttv. þingdeildarmönnum muni skiljast, er þeir hafa sjeð till. stjórnarinnar og fjvn., að það var eigi að ófyrirsynju, að þess var krafist, að þetta frv. kæmi fyrir þingið.

Jeg þarf vart að segja mikið við þessa umræðu um þetta frv. Flestar till. fjvn. hafa verið áður ræddar í sambandi við fjárlögin fyrir árið 1924 og um þær ritað í nál. fjvn. við það frv. Vænti jeg þess, að hv. þm. verði því mjög fegnir, vegna þess hve nú er orðið áliðið dags, að umræður um þetta frv. þurfi eigi að verða mjög langar, þar eð flestallar brtt. við það eru áður kunnar hjer í deildinni.

Það mætti þykja undarlegt, að fjvn. hefir eigi látið neitt nál. frá sjer fara, en það er vegna þess, að þetta eru flestalt brtt. við fjárlagafrv., og því kunnar þeðan; enda hefði þetta orðið málinu til tafar og auk þess óþarfa kostnaður.

Vil jeg þá víkja að 1. brtt. á þskj. 353, um 5000 kr. til þess að breyta Röntgentækjum sjúkrahússins á Akureyri. Þar höfðu þessi tæki verið sett upp og fengu raforku frá mótor, en nú hefir bærinn fengið rafmagnsveitu, og er því þessi breyting orðin nauðsynleg. Tækin voru áður miðuð við 110 volta spennu, en nú er hún miklu meiri, um 220 volt, og eru því flestöll tækin óhæf til notkunar, nema mikið fje komi til, til þess að setja þar upp straumbreytara eða með öllu ný áhöld. Nú hafði verið farið fram á, að Alþingi veitti til þessa 10 þúsund krónur, en fjvn. mælir ekki með þeirri beiðni. Sjúkrahúsið á Akureyri er eign bæjarfjelagsins, og sennilega sýslufjelagsins líka, og rekið af þeim, og sá síður hefir við haldist, að þessi fyrirtæki væru styrkt að

⅓ til byggingarkostnaðar og til áhaldakaupa. Nú er það vitanlegt, að þessa sjúkrahúss njóta fleiri en Akureyrarbúar einir, og því vill fjvn. mæla með því, að styrkurinn verði alt að ½ kostnaðar. Jeg get getið þess, að þessar till. fjvn. eru gerðar í samráði við hæstv. stjórn og fluttar samkvæmt því.

Þá er næst styrkurinn til Benedikts Björnssonar á Húsavík; má vísa til þess, sem stendur um þetta í nál. fjvn. um fjárlagafrv. En jeg vil óska þess, ef nokkrir eru þeir háttv. þm., sem síðan hafa gleymt þessu máli, að þeir mótmæli þá þessari fjárveitingu; skal jeg þá rifja þetta upp fyrir þeim.

Þá gæti jeg og hugsað, að sumum kynni að þykja nýstárleg fjárveitingin til bifreiðaferða austur um sveitir, þar sem þetta hefir ekki verið siður áður, að styrkja slíkar ferðir. En eins og allir vita, eru allir flutningar þar austur nær eingöngu á landi, sjerstaklega allir mannflutningar. Fjvn. finst þetta ekki ólíkt og samgöngur á sjó, og er þá eðlilegt, að þessar sýslur verði teknar til greina í þessu efni, er þær njóta lítils af þeim styrk, sem veittur er til samgangna á sjó. Nefndin álítur, að óbeinan hagnað muni leiða af þessu. Ferðirnar verða reglulegri en áður, áætlunarferðir, sem koma miklu betur að notum en ella. Er til þess ætlast, að stjórnarráðið semji áætlun um þessar ferðir, um viðkomustaði, á sama hátt og gert er um strandferðir.

Þá er línuspottinn frá Reykjarfirði til Kaldrananess; er þetta því aðeins tekið upp hjer, að til er ætlast, að þetta verði gert um leið og lögð verður önnur lína þar í nánd, sem gerir þetta að miklum mun ódýrara, er það verður hvorttveggja samtímis. Þátttaka sveitarfjelagsins verður þar og meiri en venjulegt er, t. d. um flutning á öllum staurum til þessa línuspotta, og er það álíka langt frá Hólmavík, þaðan sem staurarnir verða fluttir, og hjeðan efst upp í Hvalfjörð.

Jeg vænti þess, að háttv. þm. hafi tekið eftir fjárveitingunni til eirsteypu af líkneski Hallgríms Pjeturssonar eftir Einar Jónsson. Þeir munu og vita, hvernig þessi mynd lítur út. Skáldið liggur í rúmi sínu og heldur á bók, er það les úr, en mannfjöldinn stendur að baki og hlustar hugfanginn. Mannfjöldinn, það er öll þjóðin.

Hefir þessi fjárveiting komið fyr til tals, en varð þó ekki úr, að veitt yrði. Var það ekki af mótspyrnu; en það er eins og menn þekkja, bæði með þingið sjálft og fjvn., að þessi mál falla niður, ef ekki er rekið eftir þeim af einhverjum áhugamönnum. Allir vita, að Einar Jónsson er ekki gefinn fyrir að reka á eftir þinginu í þessum efnum, og jeg þykist vita, að allir háttv. þingmenn vilji koma þessu listaverki sem fyrst upp. (*StSt*: Hvar á það að standa?). Það mál ætlar fjvn. ekki að láta til sín taka.

Þá er enn brtt. um sjóvarnargarðinn á Siglufirði, á þskj. 405,VIII. Hún kom frá fjvn. við fjárlögin og er um að veita helming kostnaðar við þetta verk.

Nefndin sjer ekki ástæðu til að gera þessum kaupstað hærra undir höfði en öðrum kaupstöðum, þar sem líkt stendur á. Ríkið á landið, en einstakir menn mannvirki, sem á því standa. Svo var og gert við Sauðárkrók. Fjárveitinganefnd sjer ekki fært að fara eins langt eða lengra en gert er við bryggjugerðir. Þ[illegible] það sje sagt, að ríkissjóði beri að verja sitt land, eiga þá og þeir, sem á því eiga mannvirki, líka að verja þau. Þá hefir og verið sagt, að öðruvísi hagi til með Siglufjörð en Sauðárkrók; þar sjeu lóð-

ir dýrari og leigðar aðeins til skamms tíma. Þó munu á Siglufirði vera lóðir, sem leigðar hafa verið til 99 ára, og svo er þess að gæta, að ríkissjóður hefir þegar lagt mikið fje til Siglufjarðar, og vænti jeg því, að háttv. deild fallist á þetta, er nefndin ætlar að ganga inn á till. stjórnarinnar, sem þó er hærri en nefndin hafði í fyrstu viljað veita. Nefndin er fús að veita Siglfirðingum lán, til þess að þeir geti lagt fram sinn hluta af kostnaði við þetta verk.

Um allar þær fimm bryggjur, sem hjer er farið fram á fjárveitingar til, hefir verið áður skrifað í nál. um fjárlögin. Jeg vil aðeins geta þess, að þegar búið er að byrja á slíkum mannvirkjum og þau máske langt komin, vill nefndin hjálpa til að fullgera þau, svo þau komi að fullum notum. Því það er leiðinlegt þegar slík verk stranda nær fullgerð, af því að aðeins vantar smáupphæðir, eins og stundum hefir átt sjer stað.

Næsti liðurinn er til Andakílsfossanna. Nefndin sjer ekki betur en að Alþingi verði að standa við að veita fje að sínum hluta til þessa, þó það hafi farið fram úr áætlun. Var því í fyrstu lofað, að ríkið tæki helming kostnaðar.

Þetta til Stokkseyrar er endurveiting, sem ekki ætti því að mæta mótspyrnu, þó þessarar fjárveitingar hafi eigi verið neytt enn þá.

Um Skeiðaáveituna hefir þegar verið svo mikið rætt, að vart mun þörf að gera það frekar að þessu sinni.

Þá eru víst eigi fleiri brtt. frá fjvn. En jeg hefi sjálfur borið fram tvær brtt., sem eru hinar fyrstu, sem jeg hefi í þetta sinn borið fram við frv. til fjáraukalaga eða fjárlaga í eigin nafni. Um hina fyrri er það að segja, að hún gæti í raun og veru talist frá fjvn. Hefir aðeins gleymst þar. Er það brtt. á þskj. 424, um 375 kr. eftirlaun til Sigríðar Fjeldsted læknisekkju.

Þá er fjárlögin fyrir 1924 voru til umr., var samþykt, að hún skyldi framvegis fá sömu eftirlaun og ekkjur hjeraðslækna. Virðist því öll sanngirni mæla með því, að hún fái þessi laun frá þeim tíma, er hún varð ekkja. Er þessi upphæð rjett reiknuð fyrir $^{10}/_{12}$ parta yfirstandandi árs.

Hin brtt. er líka á þskj. 405, sjúkrastyrkur til Sigvalda Kaldalóns, 1500 kr. Við 2. umr. fjárlaganna fór jeg nokkrum orðum um þennan mann. Gat jeg þess þá, að nefndin treysti sjer ekki til að fara fram á hærri eftirlaun handa honum en 1200 kr. Vildi hún ekki innleiða þá venju að veita læknum hærri eftirlaun. En vjer hljótum að vona, að þessi maður fái aftur heilsuna og verði vinnufær. Hitt dylst væntanlega engum, að honum mun engan veginn fært að draga fram lífið í sjer og fjölskyldu sinni með 1200 kr., þó að dýrtíðaruppbót fylgi. Þess vegna hefi jeg borið fram þessa brtt., að honum verði í ár veittur 1500 kr. styrkur, til að hjálpa honum yfir örðugasta hjallann að ná aftur heilsu sinni. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að fara mörgum orðum um þessa brtt. Hið háa Alþingi hefir svo oft áður reynst slíkum mönnum vel undir erfiðum kringumstæðum þeirra, að jeg hefi enga ástæðu til að ætla, að því farnist síður við þennan mann.

Brtt. hæstv. stjórnar eða einstakra þingmanna skal jeg ekki minnast á að svo stöddu. Jeg býst við að tala aftur við þessa umr. og vil forðast allar endurtekningar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 405. Hin fyrsta er undir lið II a, til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi 17000 kr. Þessa umræddu byggingu er búið að reisa og varð kostnaður 52 þús. kr. Sá styrkur, sem venjulega hefir verið veittur til slíkra bygginga, er þriðjungur kostnaðar, eins og hjer er farið fram á. Geri jeg ekki ráð fyrir, að hægt verði að komast hjá því að veita umræddu upphæð.

Næsta brtt. mín fer fram á að veita 4800 kr. til geislalækningastofu ríkisins, til nýrra tækja. Þessi nýju tæki eru til þess að skýra myndir, sem teknar eru í stofunni. Það er ánægulegt að geta upplýst, að þessi stofnun mun standa fyllilega á sporði samskonar stofnunum með frændþjóðum vorum. Þessar upplýsingar hefi jeg ekki eftir lækninum, sem veitir stofnuninni forstöðu, heldur eftir tveim prófessorum við læknadeild háskóla vors. Jeg átti tal við þá um þessa stofnun í sambandi við þennan styrk, og álíta þeir mjög heppilegt, að þessi tæki fengjust. Í brjefi til stjórnarinnar hefir forstöðumaður stofnunarinnar látið í ljós þakklæti sitt við Alþingi fyrir, hversu vel það hefir skilið þarfir þessarar stofnunar með fjárveitingum til hennar.

Samkvæmt síðustu skýrslu stofnunarinnar höfðu um 750 sjúklingar leitað hennar síðastl. ár. Jeg vænti þess, að þessi háttv. þingdeild telji óhjákvæmilegt að hlynna sem best að svo merkri lækningastofnun.

Þá er undir sama lið, staflið c, till. um 3000 kr. til geitnalækninga, eða 3/5 kostnaðar. Læknafjelag Íslands hefir sýnt lofsverðan áhuga á útrýmingu þessa illkynjaða sjúkdóms og hyggur, að það megi takast til fulls á tiltölulega fáum árum. Samskonar fjárframlag hefir verið samþykt í fjárlögunum fyrir árið 1924, og get jeg vænst þess, að hv. deild samþykki þessa fjárveitingu, því að því fyr, sem hafin verður herför gegn þessum sjúkdómi, því betra.

Þá er brtt. á sama þskj. (405) undir lið IX, um að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum að heiman, alt að 5000 kr.

Þegar jeg var síðast í Kaupmannahöfn, kom nefnd íslenskra stúdenta til mín, til þess að skýra mjer frá fjárhagsörðugleikum þeim, er íslenskir námsmenn þar ættu við að búa, og það ekki síst vegna gengismunarins. Þá fjekk jeg og vottorð um, að íslenskir stúdentar í Höfn væru mjög ástundunarsamir; gengi þar beinlínis lestraralda. Að þessu hvorutveggja athuguðu, og svo vegna þess, að jeg lofaði umgetinni nefnd mínum besta stuðningi, vildi jeg mæla fastlega með því, að þessi till. nái fram að ganga. Svo mun ástatt um aðstandendur flestra þessara námsmanna, að aðstandendur þeirra munu eiga erfitt með að hækka styrk til þeirra, og því ekki nema sanngjarnt, að ríkið ljetti undir með þeim og taki á sig eitthvað af gengismuninum. Að vísu er farið fram á takmarkaða upphæð. Jeg vona, að hv. deild verði vel við þessari áskorun, ekki síst, þegar hjer ræðir um sjerlega ástundunarsama námsmenn.

Þá er brtt. á sama þskj., undir lið X a, um styrk til að senda fulltrúa á fundi erlendis, 7500 kr. Jeg hefi fengið ákaflega mörg erindi um slíkar styrkveitingar. T. d. sækja þeir dr. Páll E. Ólason og dr. Jón Þorkelsson um ferðastyrk til að sækja sagnfræðingafund, er Norðurlandasagnfræðingar halda næsta sumar og þeim hefir verið boðið á. Þá sækir Náttúru-

fræðifjelagið um, að dr. Helga Jónssyni verði veittur styrkur til að sækja fund náttúrufræðinga, sem halda á í Gautaborg. Forstjóri veðurathugunarstöðvarinnar sækir um ferðastyrk, sömuleiðis vjelskólastjórinn. Þá er Sigurður læknir Magnússon á Vífilsstöðum, sem ætlar að sækja fund berklalækna, svo og biskupinn til að sækja kirkjufund. Þá sækir Cortes prentari um ferðastyrk til að sækja prentlistarsýningu. Þá er sótt um styrk til að senda mann á bindindisfund í Kaupmannahöfn. Atvinnumálaráðuneytið hefir og sent fjvn. erindi um 1500 kr. utanfararstyrk til póstmanna.

Það er vitanlega ómögulegt, að ríkissjóður styrki alla þá, sem fá boð á fundi, og hefir stjórnin því stungið upp á ákveðinni upphæð handa þeim, sem helst þurfa styrks með. Jeg veit reyndar vel, að það verður óþakklátt verk að úthluta þessum styrk, þegar svo margir sækja, en samt taldi stjórnin heppilegra að fara fram á eina upphæð heldur en láta fjvn. hafa með hverja einstaka beiðni að sýsla. Eru þetta og ekki meiri óþægindi en hver önnur, sem leiða af stjórnarstörfunum.

Þá er sami liður, stafl. b, lokastyrkur til útgáfu orðabókar Sigfúsar Blöndals.

Þegar kom að útgáfu þessa stórmerka rits og leitað var til hennar styrks, hafði höfundur hugsað sjer, að alt það, er inn kæmi fyrir sölu bókarinnar, rynni í sjerstakan sjóð, sem verja ætti til að endurbæta bókina og kosta síðari útgáfur hennar. Þessi uppástunga fjekk ágætan byr, bæði hjer og í Danmörku, og fjekst fje það, sem þurfti til útgáfunnar.

Kostnaður hefir orðið svipaður því, sem ráð var gert fyrir, nema prófarkalestur. Hann hefir farið langt fram úr áætlun. Hefir hann reynst sjerstaklega erfiður, enda lagt kapp á að endurbæta og auka við alt fram á síðustu stundu. Auk þess verður ritið lengra en áætlað var, 130 í stað 100 arkir, og eru nú fullsettar 23 arkir auk þeirra 60, sem út eru komnar. Eftir síðustu frjettum að dæma, hefir danska þingið þegar veitt styrk til útgáfunnar, enda fylgdu umsókninni þar meðmæli fjölda merkra fræðimanna. En fyrir þessari fjárveitingu Dana er sett það skilyrði, að Íslendingar veiti líka styrk til útgáfunnar í sama hlutfalli og áður, eða 15000 kr. móti 25000 kr. úr ríkissjóði Danmerkur. Veiti Alþingi því ekki styrk þennan nú, má búast við því, að danska fjárveitingin falli niður. Verður þá afleiðingin sú, að taka verður úr áðurnefndum sjóði það, sem á vantar, eða selja bókina þeim mun dýrari, og er hvorttveggja óhæft.

Bók þessi hefir hlotið hin lofsamlegustu ummæli. Hafa margir stórmerkir vísindamenn ritað um hana, og er dómur þeirra á einn veg.

Jeg hefi sýnt fram á þörfina á styrk þessum og um leið hina lofsamlegu viðurkenningu, sem þessi stórmerka bók hefir hlotið. Hjer er alls ekki um fjárveitingu til höfundarins að ræða, heldur á að tryggja, að hægt sje að halda áfram útgáfunni og að hægt verði að auka við og endurnýja bókina, með því að skerða ekki fyrnefndan sjóð nú þegar. Þetta verður væntanlega síðasta fjárveiting til þessa rits, og mæli jeg fastlega með, að hennar verði ekki synjað.

Þá er undir staflið c. till. um 1500 kr. styrk til Sigurðar Guðmundssonar byggingarfræðisnema, til lokanáms. Þessi maður hefir áður fengið styrk úr ríkissjóði. Hann er óvenjuefnilegur maður, en ef hann fær eigi styrk þennan, má búast við því, að hann fái eigi klofið að lúka námi.

Væri því vel gert og í samræmi við það, sem Alþingi hefir svo oft áður gert, að styrkja þennan efnilega mann.

Þá er enn styrkur til sjóvarnargarðs á Siglufirði, 30000 kr. Eyri sú, sem garðurinn átti að verja, er landssjóðseign. En nú hefir garðurinn skemst mjög mikið, svo mikið, að Eyrin er mjög í hættu, og er lífi manna jafnvel hætta búin, ef eigi er gert við garð þennan. Krabbe vitamálastjóri hefir áætlað, að viðgerðin muni kosta 45000 kr., og hefir stjórnin lagt til, að ⅔ sjeu lagðir fram úr ríkissjóði, en ⅓ komi frá Siglufjarðarkaupstað, sem síðan haldi garðinum við. Fjvn. hefir lagt til, að helmingur komi frá Siglufirði. Það er fjarskalega gott að spara úr ríkissjóði, þegar því verður við komið, en eftir því sem bæjarfógeti þeirra Siglfirðinga hefir tilkynt mjer, mun reynast fullerfitt að fá þennan þriðjung, hvað þá helming úr bæjarsjóði Siglufjarðar. Annars geri jeg ráð fyrir, að háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), sem hefir látið sjer svo ant um mál þetta, taki til máls við þessa umr. og skýri mál þetta betur.

Þá er ein brtt., sem jeg vil minnast á. Er hún frá háttv. þm. Str. (MP), á þskj. 405, undir tölulið IV, um 1500 kr. sjúkrastyrk til Sigvalda læknis Kaldalóns. Það er óþarfi að bæta við það, sem háttv. þm. (MP) sagði, því að hann talaði um þetta af miklum kunnugleik og sanngirni. Vil jeg því aðeins mæla með því, að þessi listamaður, sem hefir orðið fyrir því mótlæti að missa heilsuna, fái þennan litla styrk.

Þá á jeg sjálfur brtt. á þskj. 440, um 3000 króna styrk til Gísla sýslumanns Sveinssonar. Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, varð Gísli sýslumaður veikur og varð að fara utan sjer til heilsubótar, einmitt um sama leyti og tveimur öðrum embættismönnum var veittur allríflegur styrkur til þess að fara utan sjer til heilsubótar. Var annar þessara manna bæjarfógeti, en hinn læknir. Var Gísli lengi ytra sjer til heilsubótar, og hefir hann farið fram á við stjórnina, að sjer yrði veittur styrkur, og hefir fjárveitinganefnd mælt með því, en stjórnin taldi sjálfsagt að fá heimild frá þinginu í þessu skyni.

Þar sem sýslumaður þessi veiktist um sama leyti og hinir áðurgreindu embættismenn, sem fengu hinn ríflega styrk til að leita sjer heilsubótar, virðist mjer ekki annað fært en veita honum hinn umbeðna styrk, sem er aðeins lítill hluti af þeim kostnaði, sem hann varð fyrir.

Þó að þessum sýslumanni verði veittur þessi styrkur, þá er þar með alls ekki slegið föstu, að ganga skuli út á þessa braut eftirleiðis — síður en svo. Þessi styrkur verður að skoðast í sambandi við styrk til hinna annara embættismanna, sem samtímis var hjálpað. Og það er fult rjettlæti, að sami mælikvarði verði lagður á þennan styrk og hina aðra, en þó er nú hjer farið fram á hlutfallslega langtum minna.

Jeg hefi þá gert grein fyrir þeim brtt., sem undir mig heyra.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. fjvn. og hv. Nd. hafa nú fengið ósk sína uppfylta, að fá frv. til fjáraukalaga lagt fyrir deildina. Það hefir þegar sýnt sig, hvert það muni stefna, því að svo má segja, að hjer hafi orðið líkt sem stífla væri tekin úr á, því að heill fjöldi af brtt. hefir þegar hlaðist á þau; fyrst hljóp stjórnin sjálf á vaðið, og svo hefir háttv. fjvn. og einstakir þingmenn fylgt dyggilega í kjölfarið. Er það í fylsta máta eðlilegt, að stjórnin vilji ná í eitt-

hvað af fjenu, sem fyrirsjáanlegt er, að muni verða ausið út, til nytsamra fyrirtækja, úr því á annað borð farið var að leggja frumvarp þetta fyrir þingið, og stofna þar með til aukaútgjalda, sjálfsagt margra óþarfra. En jeg skal taka það fram, að svo framarlega, sem háttv. deildarmenn vilja sýna þá sjálfsafneitun að taka eitthvað af brtt. sínum aftur, þá mun síst standa á mjer að draga mig til baka með eitthvað af mínum.

Annars finst mjer ekki vera úr vegi nú við 2. umr. fjáraukalaganna að gefa dálítið yfirlit yfir, hvernig peningasjóður ríkisins stendur nú. Er þá fyrst, að í sjóði hjá ríkisfjehirði eru nú um 310 þús. króna. Þar sem svo langt er áliðið, má því telja, að allar tekjur frá fyrra ári sjeu nú inn komnar, og sennilega langmest af tekjum fyrsta ársfjórðungs; en á þessum ársfjórðungi, sem yfir stendur, er lítilla tekna að vænta, ef að vanda lætur. En hins vegar kemur til útborgunar bráðlega allmikið fje, svo sem til vegagerða, Flóaáveitunnar o. fl. Og í júní koma afborganir og vextir af öllum lánum ríkisins. Til þessa alls eru því nú í sjóði 310 þús. kr. En auk þess má vænta áskilinna gjalda frá Landsversluninni, um 400 þús. kr. á öllu árinu, eða 100000 kr. á þessum ársfjórðungi. Má því varla gera ráð fyrir, að á þessum ársfjórðungi verði meiru úr að miðla til allra útborgana en ½ milj. kr., þar á meðal upp í öll útgjöld og skuldir, en þær eru þessar: Lausar skuldir til bankanna eru nú 591 þús. kr. og að auki í dönskum krónum 748 þúsund, bæði til Landsbankans og Handelsbankans. Er útlitið því alt annað en glæsilegt, og vona jeg, að háttv. þingdeildarmenn sjái, að vafalaust mun ekki vera hægt fyrir stjórnina að standa í skilum með þau gjöld, sem eru í fjárlögum, nema með því að taka ný lán. Og eigi svo að fara að setja stórar upphæðir inn í fjáraukalög til útborgunar nú þegar, fer skörin að færast upp í bekkinn. Þetta vona jeg, að háttv. þm. athugi við atkvæðagreiðsluna. Af framanskráðu yfirliti verður það og ljóst, að ekki getur komið til mála að veita nein lán, hvort sem þau standa í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þessu lýsi jeg yfir í heyranda hljóði, svo engir geri sjer vonir um þau.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. Um brtt. við 2. gr. frv. þarf jeg ekkert að segja, því að þær eru í samræmi við till. fjvn.

Þá á jeg brtt. á þskj. 405, IV. liður, um 10000 kr. aukastyrk til Breiðaflóabátsins Svans. Er till. þessi borin fram í samráði við fjvn., á þann veg, að báturinn fái 10 þús. kr. í ár, auk hins reglulega styrks, og 6000 kr. á næsta ári. Vænti jeg því, að brtt. þessi verði samþykt.

Þá á jeg einnig VIII. brtt. á sama þskj., sem jeg tók aftur við 2. umr. fjárlaganna, og skýrði jeg þá frá, að tilætlunin með a-lið hennar væri að kaupa skúrhús, ásamt lóðarrjettindum, túni og girðingum, handa vitaverðinum á Garðskaga. Hús þetta, sem virt er á 4900 kr., fæst nú keypt fyrir 4000 kr. Þeirri spurningu var þá skotið fram, hvort ekki væri meiningin að láta vitavörðinn borga leigu eftir hús þetta og lóð. Hefi jeg því leitað álits vitamálastjóra um það. En hann telur það ósanngjarnt, því að margir vitaverðir hefðu slík hlunnindi, og væru laun þeirra miðuð við það. Þannig hefði t. d. vitavörðurinn á Gróttu ókeypis húsnæði í góðu húsi, sem einnig fylgdi kálgarður, og hið sama væri að segja um vitaverðina á Reykjanesi, Vestmannaeyjum, Dala-

tanga og Siglunesi. Yfirleitt væru laun þeirra svo lág, að ekki gæti ósanngjarnt talist, þó að þeir hefðu þessi litlu hlunnindi aukreitis. Og um Garðskagavitavörðinn væri það að segja, að laun hans væru sjerstaklega lág, og mælti hann því eindregið með því, að honum væru veitt þessi hlunnindi, því að ríkissjóð munaði það mjög litlu, en vitavörðinn aftur miklu.

Þá er b-liður þessarar brtt., til vitabygginga 1921 og 1922 75 þús. kr. Það ár var heimilað að byggja 4 vita fyrir alls 150 þús. kr. Fram úr þessari upphæð hefir í rauninni ekki verið farið, en þessi upphæð er nær því öll gengismunur, því að á þessum árum var keypt mikið efni til vitabygginga frá Svíþjóð, eins og að undanförnu. En sökum peningavandræða og sumpart sökum yfirfærsluvandræða er upphæð þessi ekki borguð enn þá. En nú er ekki hægt að komast hjá að greiða hana.

Þá er c-liður VIII. brtt. á sama þskj., styrkur til byggingar innsiglingarvitanna við Berufjörð, 4000 kr. Ástæðan fyrir fjárveitingu þessari er sú, að í fyrra voru bygðir nokkrir vitar þar á sýslu og var áætlað, að þeir myndu kosta 16—18 þús. kr. En þeir kostuðu 5000 kr. meira, og stafaði það sjerstaklega af því, að Hrómundareyjarviti var bygður sem gasviti í stað olíuvita. Varð kostnaðurinn við hann því 1—2 þús. kr. meiri en áætlað var. Einnig komst sement til vitanna ekki með þeirri ferð, sem það átti að koma. Varð það einnig til þess að hleypa fram kostnaðinum.

Nú stendur einmitt svo á, að landið hefir borgað *allan* kostnað við vitana, t. d. í Sandgerði, Hvanneyri og víðar. Mælir því sanngirni með því að ljetta þessu af hreppunum, að minsta kosti að því leyti, sem kostnaðurinn fór fram úr áætlun.

Þá kemur undir d-lið tillaga um fjárveitingu til endurbyggingar sjómannaskýlis á Kálfafellsmelum og endurreisnar stauraraða og til sjómerkja, 29000 kr. Eins og háttv. þdm. er kunnugt, var skýli þetta reist um síðustu aldamót af Thomsen konsúl austur á söndunum og stauraröð sett þaðan til bygða. Hefir þetta orðið mörgum strandmönnum til björgunar, og er því óþarfi að fjölyrða um, hve nauðsynlegt sje að halda því við.

Þessi liður sundurliðast þannig:

Staurarnir kosta	5500 kr.
Sjómerki	6000 —
Húsið sjálft	18000 —
	29500 kr.

Húsið er nú að vísu ekki alveg farið, og vera kann, að það geti hangið uppi eitt ár enn þá, en sjómerkin tvö, annað á Meðalfellstanga og hitt á Kálfafellsmelum, er brýn nauðsyn á að endurreisa nú þegar. Mannúðarinnar vegna má ekki fresta því, og ekki heldur því að veita nægilegt fje til viðhalds þessum mannvirkjum, sem svo mörgum hafa til lífs orðið á þessum eyðistöðum. Það var upphaflega farið fram á það við stjórnina, að hún ljeti gera þetta upp á væntanlega fjárveitingu, en hún hefir frestað því, til þess að geta fengið úrskurð þingsins um það, og er nú eftir að sjá, hvað það gerir.

Næst á jeg undir tölulið XX tillögu, sem ýmsum kann nú máske að koma undarlega fyrir, þ. e. styrkur til Þorvalds Árnasonar stúdents, til lokanáms við ullarverksmiðju í Englandi, 8000 kr. Kaupmaður einn hjer í bænum skýrði mjer frá því í vetur, að þessi stúdent væri við nám í Englandi og ætlaði sjer að verða ullariðnaðarfræðingur. Hefir hann brotist áfram við námið með tilstyrk vina sinna, en er nú þrotinn að

fje og þarf á styrk að halda til þess að geta lokið náminu. Í brjefi frá honum, sem jeg hefi fengið, skýrir hann frá, að hann hafi nú þegar verið 3 ár við nám í þessari grein í verksmiðjubænum Huddersfield í Englandi, og hefir hann verið við verksmiðju, þar sem hann hefir fengið að kynna sjer allar deildir, undir umsjón forstöðumannsins. Hefir hann þegar lokið fyrrihlutaprófi og fengið mjög háar einkunnir, að því er virðist. Er einkunnastiginn að vísu öðruvísi en við eigum að venjast, eða reiknað í hundraðshlutum, en þar sem lægst einkunn hjá honum er 63%, er auðsjeð, að þar er um gott próf að ræða.

Til lokanáms býst hann við að þurfa að verja enn 16 mánuðum, en er vonlaus um að fá stuðning annarsstaðar frá. Gerir hann ráð fyrir að þurfa sem næst þessari upphæð, sem hjer er farið fram á, þennan tíma, sem hann á eftir, eða £ 250—300. Jeg get lýst því yfir, að persónulega þekki jeg ekki þennan mann neitt, svo að það er ekki af þeim orsökum, sem jeg kem með þessa till. En nú er, eins og háttv. þdm. er best kunnugt um, mikill áhugi í landinu á því að koma upp ullarverksmiðju, einni eða fleirum; hjer í þinginu hefir jafnvel verið minst á 2 eða 3. En hvað sem um það er, þá er hjer von á manni, sem gengið hefir mentaveginn, hefir þegar tekið ágætt próf í þessari grein — „first class" stendur í skírteininu — og verður fullkomlega fær um að taka að sjer stjórn á fullkominni ullarverksmiðju, þegar þörf verður á. Er mikið í það varið að hafa færan innlendan mann til þess að geta tekið að sjer stjórn á slíkri verksmiðju, ef stofnuð yrði.

Jeg býst við að hafa tækifæri til þess að ræða um ullarverksmiðjumálið, þegar jeg svara fyrirspurn háttv. 1. þm. Árn. (EE), en jeg get ekki stilt mig um, í þessu sambandi, að geta þess, að mjer hefir verið tjáð af skilríkum manni, að enskt firma í bænum Huddersfield muni ef til vill gera tilboð um að byggja hjer 1. flokks ullarverksmiðju og bjóðast til að útvega lán í Englandi, alt að ⅓ af byggingarkostnaði verksmiðjunnar, gegn 4% vöxtum og 1. veðrjetti í verksmiðjunni. Býst fjelagið við, að svoleiðis verksmiðja kosti ekki mikið yfir eina miljón króna, og er hugmyndin, að ríkið leggi til ⅓, einstakir menn ⅓ og ⅓ útvegi fjelagið samkvæmt framansögðu. Fjelagið mun ætla að senda hingað út mann í sumar, upp á sinn kostnað, til þess að athuga staðháttu alla. Ef þetta væri nú í vændum, að slík verksmiðja kæmist upp, þá væri gott að hafa mann til taks. Mundi fjelagið, sem jeg hefi áður nefnt, veita verksmiðjunni forstöðu fyrstu 2—3 árin, meðan alt væri að komast í gang, en að þeim tíma liðnum yrði Þorvaldur útlærður og gæti tekið við. Býst jeg við, að ef háttv. þdm. er á annað borð alvara með þetta ullariðnaðarmál, þá greiði þeir atkvæði með þessari styrkveitingu.

Þá á jeg ekki sjálfur fleiri brtt., en ætla að minnast lítið eitt á brtt. XIX á sama þskj., frá meiri hluta sjútvn., þar sem hún fer fram á, að tveim fiskimatsmönnum verði veitt launahækkun, en ekki öðrum. Fiskimatsmennirnir eru yfirleitt óánægðir með laun sín, þó svo virðist reyndar, sem þau sjeu sæmileg, borin saman við laun margra annara. Þegar þessi starfi losnaði síðast í Vestmannaeyjum, var afarerfitt að fá mann í sætið, og voru sett upp alt að 3 sinnum hærri laun en ákveðið er. Það má því búast við, að ef þessum mönnum verður veitt uppbót, þá komi allir á eft-

ir, enda sanngjarnt að veita annaðhvort öllum eða engum.

Háttv. þm. Str. (MP) á till. á þskj. 424, og mæli jeg með því, að hún verði samþykt, því hún er mjög sanngjörn og bygð á því, að Andrjes heitinn augnlæknir, maður þessarar konu, sem hjer ræðir um, hafði verið embættismaður ríkisins. En í sambandi við þetta vil jeg benda háttv. þdm. á þá anomali, sem komin er inn í þingið út af eftirlaunum ekkna. Það er nú svo komið, að ef einhver ekkja á einhvern þingmann sjerstaklega að, þá fær hún orðalaust aukin eftirlaun sín, en hinar, sem engan eiga að, eða ekki hafa rænu í sjer til að fara á fjörurnar, sitja við sín gömlu sultarlaun, og það þótt menn þeirra hafi ef til vill verið miklu merkari menn en menn hinna og unnið þjóðinni meira gagn. Er því rangt að láta ekki allar fá jafnt. Kemur þessi munur fram með ekkjur presta sjerstaklega, en líka með ekkjur annara embættismanna. Vil jeg beina athygli háttv. fjárveitinganefndar að því, án þess að nefna nöfn, að engin meining er í því að gera þennan mismun.

Sigurður Stefánsson:* Jeg á brtt. á þskj. 405,XVI um hækkun á styrknum til viðgerðar brimbrjótnum í Bolungarvík úr 12000 kr. upp í 24000, eða til vara 20000. Þetta verður nú líklega sú eina brtt., sem jeg flyt á þessu þingi um að hækka útgjöld ríkissjóðs, enda sæmir mjer ekki annað, svo oft sem jeg neyðist til að greiða atkvæði móti gjaldahækkunum, enda þótt jeg álíti þær oft og tíðum miða til góðs. En það er sá ljóður á ráði mínu, að mjer verður kannske stundum að líta um of á hag ríkissjóðs. Vona jeg, að ræða hæstv. fjrh. og atvrh. (KlJ) taki af efa um það, hversu nú er komið hag ríkissjóðs, og tek jeg því nærri mjer að þurfa að flytja þetta, en tel mig til neyddan.

Á þinginu 1921 voru Hólshreppi veittar 10000 krónur til endurbyggingar og viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík, og átti það að vera ⅓ kostnaðar. Treysti hreppurinn sjer ekki til þess að leggja meira til en 20 þúsund. Var tilskilið í fjárlögunum, að ríkissjóðsstyrkurinn yrði því aðeins veittur, að verkið væri framkvæmt undir umsjón verkfróðs manns. Kostnaðurinn við viðgerðina fór 8000 krónur fram úr áætlun, en hefði það verið vitað fyrirfram, mundi aldrei hafa verið lagt út í þetta. Það var aðeins gengið að verkinu í þeirri von, að fjeð mundi nægja. Jeg ætla ekki að áfella menn þá, sem fyrir verkinu stóðu. Það er leitt að þurfa að tala um fráverandi menn, enda þótt satt eitt sje sagt. En hjá því verður ekki komist að skýra frá því, að Th. Krabbe sendi mann vestur, til að standa fyrir verkinu, og kemur öllum saman um — Krabbe líka — að þessi maður hafi ekki staðið vel í stöðu sinni. Á verkinu voru stöðug mistök, sem ollu mörg þúsund króna kostnaði, og í fyrsta verulega óveðrinu, sem gerði eftir að viðgerðinni var lokið, stórskemdist garðurinn. Var illa um hann búið fremst; kassi, sem settur var á hallan sjávarbotn og steypt í, var hafður sljettur að neðan, í stað þess að láta hann laga sig eftir botninum. Var í staðinn sett undir hann möl og sandur til þess að taka af hallann. En brimið gróf það strax undan, svo að kassinn sökk niður að framan, og við það sprakk

*) Þm. (SSt) hefir ekki yfirlesið þessa ræðu.

garðurinn og kom í hann stórt skarð, sem altaf er að stækka, svo nú gengur kolblár sjórinn í gegn. Hreppsnefndin hafði bent á upphaflega, að svona mundi fara, en verkfræðingurinn vildi ekki fara eftir því.

Eftir fyrsta veðrið taldi hreppsnefndin, að skaðinn væri minst 12000 kr., en í febrúar var garðurinn svo skemdur, að álitið var, að ekki væri tiltök að gera við hann fyrir minna en 20000 krónur, og nú hefi jeg fengið sundurliðaða áætlun hjá stórskipasmið, búsettum á Ísafirði, sem lengi hefir dvalið í Englandi við hafnarvirkjagerðir, og áætlar hann, að ekki verði bætt úr skemdunum fyrir minna en alt að 30000 kr. Í þeirri tölu eru þó að vísu 2—3 þús., sem ekki koma beinlínis skemdunum við. En ef verkið fer yfir 20000 krónur, þá býst jeg við, að hreppurinn muni pína sig til að leggja til það, sem ávantar. Jeg skal taka það fram, að fyrir skemdina var brimbrjóturinn orðinn stórkostleg lendingarbót. Hafa engin slys orðið við lendingu í Bolungarvík síðan hann kom, en voru mjög tíð áður. Af því geta háttv. þdm. sjeð, að hann hefir komið að stórkostlegum notum. Spellin hafa ekki einungis gert verkið ónýtt, heldur einnig stórspilt lendingunni, svo að nú er ekki hættulaust að lenda nema í háflæði og ládeyðu. Mundi það kosta minst 2000 krónur að koma brotunum burt úr lendingunni.

Til þess að sýna, hvað lagt hefir verið til þessa verks frá upphafi, þá skal jeg lesa upp nokkrar tölur:

Úr ríkissjóði hefir verið veitt:

1909	.....	1000 krónur
1911	.....	1000 —
1914	.....	10000 —
1915	.....	10000 —
1916	.....	10000 krónur
1917	.....	10000 —
1918	.....	10000 —
1919	.....	10000 —
1922	.....	18000 —

Hafa þannig verið veittar úr ríkissjóði rjettar 80000 krónur.

Jeg hygg, að fáum upphæðum hafi verið varið þarflegar, þegar þess er gætt, hve mörg mannslíf hafa týnst og hve mikið eignatjón hefir orðið af hinni afarslæmu lendingu í Bolungarvík. Úr sveitarsjóði hafa verið greiddar til þessa verks: 20000 kr. árið 1914, sama upphæð hvort árið 1916 og 1917 og loks 40300 kr. árið 1922, auk lendingarsjóðsins, sem var orðinn um 20000 kr. Hreppurinn hefir því lagt til 120 þús. kr., gegn 80 þús. kr. úr ríkissjóði. Til þess að standast þennan kostnað hefir hreppurinn orðið að taka lán á lán ofan, og skuldar hann nú um 60 þús. kr. Af þeim eru 50 þús. kr. beinlínis brimbrjótslán, en 10 þús. kr. voru teknar að láni vegna hallærisráðstafana á styrjaldarárunum. Jeg hygg, að ekki verði bent á mörg sveitarfjelög, sem hafi tekið aðrar eins skuldbindingar á sig, og ber það vitni um, að mönnum þykir mikið liggja við að vernda eignir og líf sjómannanna.

Um það er oft rætt, að þingið þurfi að veita ríflegan styrk til vegabóta og brúargerða. En jeg tel engar vegabætur eins bráðnauðsynlegar og lendingarbætur í stærstu veiðistöðvum landsins. Umferðin um stærstu og fjölförnustu brýr á landinu kemst í engan samjöfnuð við umferðina í helstu verstöðvunum. Jeg hefi gert lauslega áætlun yfir umferðina um vörina í Bolungarvík og reynt að áætla þar sem varlegast. Það má gera ráð fyrir, að 20 vjelbátar sæki þar sjó að staðaldri og 6 menn sjeu á hverjum til jafn-

aðar. Þeir fara tvisvar á dag um lendinguna, svo að gera má ráð fyrir, að 240 menn fari um hana á vjelbátum í hvert skifti, sem á sjó kemur. Nú má gera ráð fyrir, að vjelbátarnir fari á sjó þriðjung ársins, eða 120 daga, og verður umferðin um lendinguna á vjelbátum einum þá 33600 manns árlega. Þá hefi jeg áætlað 20 róðrarbáta með 4 mönnum á; þeir fara einnig um vörina tvisvar á dag, og eru það þá 80 menn. Jeg geri ráð fyrir 100 sjósóknardögum hjá þeim, því að þó að sjaldan sje róið að vetrinum til, fara þeir þó því nær daglega á sjó á sumrum, þegar gæftir eru bestar. Þetta verður 8000 manns á ári. Eftir þessari áætlun eru það þá um 41600 manns, sem fara árlega um lendinguna í Bolungarvík. Ef menn bera þetta saman við umferðina um nauðsynlegustu brýr í fjölmennustu hjeruðum, hygg jeg, að menn fái ekki neitt svipaðar tölur. Síðasta brúin, sem gerð hefir verið, auk brúarinnar á Eyjafjarðará, sem nú er í smíðum, er brúin á Jökulsá á Sólheimasandi. Sú brú kostaði 250 þús. kr., og skal jeg ekki fárast yfir þeim kostnaði. En meðan brúin var í smíðum, í 4 mánuði, fóru um hana að meðaltali 125 menn á mánuði. Af þessu sjest, hve mikið þessar vegabætur eru notaðar í samanburði við það, sem kalla má vegabætur í fjölmennum verstöðvum, að aðalbrýrnar komast þar ekki í neinn samjöfnuð.

Þá vil jeg gera áætlun um verðmæti það, sem flutt er um þennan veg, sem lendingin í Bolungarvík er. Vjelbátana 20 má áætla til jafnaðar 9000 kr. virði með veiðarfærum, og er það þá 180 þús. kr. verðmæti í bátum og veiðarfærum, sem fer um lendinguna tvisvar á dag. 20 róðrarbátar á 1400 kr. að meðaltali með veiðarfærum gera 28 þús. kr. Það er þá samtals 208 þús. kr. verðmæti, sem fer um lendinguna á hverjum degi, sem á sjó gefur, auk alls aflans, er menn týndu oft áður í lendingu.

Eftir þeirri skýrslu, sem jeg gaf áðan, er búið að leggja 200 þús. kr. í þessa lendingarbót, 80 þús. úr ríkissjóði og 120 þús. úr sveitarsjóði. En brúin, sem jeg tók til samanburðar, kostaði 50 þús. kr. meira. Jeg hygg, að jeg megi fullyrða, að ekki einn einasti hreppur á landinu hafi lagt jafnmikið fje fram til móts við ríkissjóðsstyrk. Jeg er ekki að þakka hreppsbúum þetta, en það sýnir, hve duglegir og framkvæmdasamir menn eiga hjer hlut að máli.

Sú lendingarbót, sem gerð var síðastliðið sumar, var áætlað, að mundi kosta 38 þús. kr., og ætluðu menn þá ekki að leita frekari stuðnings hjá ríkissjóði. Hreppsbúar fengu þarna ekki einungis góða lendingu, heldur einnig fremsta hluta brimbrjótsins sem góða bryggju, sem alt að 100 smálesta skip geta lagst að, en það er mikill hagur fyrir kauptúnið, því að allmiklu af fiski er skipað þar út árlega. En þessar góðu vonir verða að engu, ef svo búið verður látið standa.

Skuld hreppsins er alls 60 þús. kr., eins og jeg tók fram. Síðustu 20 þús. kr., sem teknar voru að láni, var eingöngu innanhreppslán. Fátækir hreppsbúar lánuðu fje sitt gegn því, að það yrði endurgreitt á 20 árum. Þeir leituðu ekki á náðir ríkissjóðs eða bankanna. Nú er þetta alt komið í sjóinn. Það er sárgrætilegt að þurfa að bera svo þungar byrðar fyrir það, sem farið hefir til ónýtis. Á þessum rökum bygðu hreppsbúar beiðni sína um viðbótarfjárveitingu. Jeg lái hæstv. stjórn ekki, að hún tók ekki upp hærri upphæð; hún fór þar eftir því, sem hún var beðin í fyrstu. En svo sem jeg tók fram, hafa skemdirnar aukist allmikið í vetur, og

verður viðgerðin því þeim mun dýrari. Hreppsnefndaroddvitinn sendi vitamálastjóra jafnóðum lýsingar á skemdunum og áætlanir um viðgerðarkostnað.

Sumir menn hafa álitið, að enginn garður gæti staðið þarna. En garðurinn, sem bætt var við í fyrra, hafði staðið í 5—6 ár. Auðvitað er alt komið undir því, að vel sje frá öllu gengið, en það var þessum danska manni, sem sendur var vestur í fyrra sumar, mjög ósýnt um. Sementsblöndunin var t. d. svo, að þegar garðurinn sprakk, stóðu þorskhausar og dálkar út úr sárinu, sem höfðu verið í sandinum. Svona var vandvirknin. Þó að hreppsnefndin reyndi að líta eftir verkinu, var það svo um þennan verkfræðing sem aðra, að hann þóttist einn hafa vit á verkinu og ábyrgð á því, en þetta kostaði hreppinn um 40 þús kr., en verkfræðinginn ekki einn eyri.

Mjer þykir leitt að þurfa að bera fram slíka fjárbón, en jeg vona, að háttv. deild lái mjer það ekki, eftir þær skýringar, sem jeg hefi gefið, og jeg fullyrði, að þær sjeu rjettar, enda geta menn sannfært sig um það af brjefum hreppsnefndarinnar. Verkið kostaði 58300 kr., þegar þessi maður gekk frá því, í stað 38 þús., er vitamálastjóri hafði áætlað. Þessi hækkun kom mest öll á bak hreppsins, en hæstv. stjórn hljóp undir bagga með því að veita 8000 kr. til viðbótar, sem jeg leyfi mjer að þakka henni mjög vel fyrir. Jeg hefi oft greitt atkv. gegn fjárveitingum til verka, er jeg taldi mega bíða án stórspjalla. En hjer er engin leið að bíða, nema með því að eiga það á yfirvofandi hættu, að stórtjón verði í fjármunum og mannslífum.

Jeg hefi hækkað upphæðina, sem jeg hafði talað um við hv. fjvn. og hún hafði góð orð að fallast á, um 4000 kr., upp í 24 þús. Jeg legg það á vald hv. deildar, hvort hún vilji samþykkja þá upphæð, en jeg treysti því fastlega, að hún sjái sjer fært að veita að minsta kosti 20000 krónur. Jeg veit, að hreppsfjelagið vill leggja enn mikið á sig í þessu máli, þrátt fyrir bágar ástæður, og jeg vona, að hv. deildarmenn meti það.

Það hefir verið hepni mín sem sparnaðarmanns á landsfje, að kjördæmi mitt hefir ekki verið kröfuhart. Eina fjárbónin, sem hefir komið úr Norður-Ísafjarðarsýslu meðan jeg hefi verið þingmaður þess kjördæmis, er til þessa brimbrjóts. Að vísu er veitt nokkurt fje til póstflutninga þar í sýslu, en það er eins mikið vegna ríkissjóðs sjálfs, þó að styrkurinn sje nokkuð hærri en tekjur af póstflutningum þar. Aðeins ein brú hefir verið smíðuð þar fyrir 20—30 árum, og kostaði hún 8—9 þús. kr.; það eru allar vegabæturnar, sem ríkissjóður hefir kostað í þessari sýslu, sem jafnan hefir verið ein besta mjólkurkýr ríkissjóðs. Sýslan hefir að vísu fengið lán úr viðlagasjóði; fór hún fram á greiðslufrest á láninu, og hefir það nýlega verið samþykt í þessari hv. deild. Jeg veit, að sýslan muni greiða afborganir sínar á tilsettum tíma, nema hagur hennar versni því meir, enda hefir það verið að fara í geitarhús að leita ullar, meðan jeg hefi verið þingmaður þessa kjördæmis, að biðja mig um að bera fram tilmæli um eftirgjöf lána. Það hefir mjer jafnan verið ógeðfelt.

Jeg fel svo hv. deild þetta mál; þykist jeg vita, að svo margir sanngjarnir menn sjeu í þessari hv. deild, að þeir muni líta vingjarnlega til þessarar veiðistöðvar, sem gefur ríkissjóði árlega tugi þúsunda í tekjur.

Pjetur Ottesen: Jeg á eina brtt. á þskj. 405, þar sem ríkisstjórinni er falið að innheimta hjá fyrverandi fjármálaráðherra þá upphæð, sem hann hefir ávísað sjer fyrir húsaleigu á Hótel Ísland. Þegar jeg afhenti þessa tillögu á skrifstofunni hafði mjer ekki borist fregnin um, að þessi ráðherra væri burtvikinn úr ráðherrasæti. En það skiftir nú ekki máli í þessu sambandi, hvort hann er áfram í ráðherrastöðu eða ekki, því að jafnrjettmætt og sjálfsagt er að innheimta þetta hvort sem er. Svo sem kunnugt er, var það upplýst og viðurkent af ráðherranum sjálfum við framhald 1. umr. fjárlaganna, að hann hefði gripið til þessarar upphæðar til að greiða húsaleigu í sínar þarfir á Hótel Ísland. Það er jafnkunnugt og vitanlegt, að það var í algerðu heimildarleysi gert að taka þetta fje og verja til þeirra þarfa, og á því að sjálfsögðu að endurgreiðast ríkissjóði.

Því verður ekki neitað, að slíkar aðfarir sem þessar eru þess eðlis, að með endurgreiðslu fjárins er í raun og veru ekki að fullu kvittað fyrir að fremja slíkan verknað, en það er vitanlega jafnsjálfsagt fyrir því að krefjast endurgreiðslu á fjenu, hvað sem því líður, hvort frekari aðgerða verður krafist í málinu. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vil fá atkvæði deildarmanna um þetta, og þykist jeg vita, að þau muni ekki falla nema á einn veg.

Jeg vil þá minnast lítillega á nokkur fleiri atriði. Háttv. fjvn. ber fram brtt. um að greiða 3000 kr. úr ríkissjóði af kostnaði við rannsókn Andakílsfossanna. Háttv. frsm. (MP) hefir gert grein fyrir þessum lið. Í fjáraukalögum fyrir 1921 var veitt fje til að greiða alt að helmingi kostnaðar við rannsókn þessara fossa, sem þá var fallinn á, og nam sú upphæð þá 5000 kr. Hv. frsm. (MP) gat um, að þessi rannsóknarkostnaður hefði farið töluvert fram úr áætlun. Það stafar aðallega af því, að verkfræðingar þeir, er stóðu fyrir framkvæmd á þessari rannsókn, Steingrímur Jónsson og Guðmundur Hlíðdal, hvöttu mjög til þess, þegar þeir höfðu kynt sjer málið og rannsakað alla aðstöðu, að fullnaðarrannsókn yrði gerð á öllu því vatnsafli, er þarna væri unt að ná. Þetta var meira verk en í fyrstu var hugað. En verkfræðingarnir telja þetta svo mikið framtíðarmál, að sjálfsagt væri að fá fullnaðarrannsókn. Nú er sú rannsókn fengin og veldur hún því, að kostnaðurinn hefir orðið 6000 kr. meiri en gert var ráð fyrir, þegar fjeð var veitt 1921. Nú er farið fram á, að helmingurinn af þessari upphæð verði endurgreiddur úr ríkissjóði í samræmi við það, sem áður hefir verið gert í þessu máli.

Hæstv. atvrh. (KlJ) kom með upplýsingar, sem mjer voru mikið gleðiefni. Kvaðst hann hafa fengið vísbendingu um, að einhver tóvinnuverksmiðjueigandi á Englandi væri ef til vill fús á að leggja fram að einhverju leyti fje til að koma hjer á fót nýtísku klæðaverksmiðju. Fellur þetta vel saman, að á þessum hagfelda stað hefir þegar verið gerð fullkomin rannsókn á vatnsaflinu, sem er hvorki meira nje minna en 16—20 þúsund hagnýt hestöfl, ef það er alt virkjað, sem leiða mætti þennan verksmiðjuhöld að. Vænti jeg, að hæstv. atvrh. (KlJ) beini athygli hans að Andakílsfossunum.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á þá styrki, sem farið er fram á að veita sjúkum mönnum til utanfarar, til þess að leita sjer heilsubótar. Jeg hygg, að það hafi verið fyrst í fjáraukalögum fyrir 1920—21, sem gengið var inn á þá braut, að veita heilsubiluðum embættis-

mönnum styrk til þess að leita sjer heilsubótar erlendis. Eftir 10. gr. fjáraukalaganna 1920—21 voru 3 mönnum veittar 22500 kr. í þessu skyni, þannig að þeir hjeldu fullum launum, en ríkissjóður greiddi fyrir rekstur embættanna. Á því þingi var töluverður uggur í mönnum að samþykkja þetta, því að með þessu væru opnaðar dyr, er fleiri mundu fara um. Nú hefir hæstv. forsrh. (SE) flutt brtt. um að veita einum embættismanni, Gísla sýslumanni Sveinssyni, sem líkt var ástatt um, samskonar styrk, þó að það sje eftir á. Jeg man ekki, hvort það var á því sama ári, sem hann fór utan, en jeg hygg, að það hafi verið um líkt leyti. Því er nú náttúrlega svo farið, úr því búið er að ganga inn á þessa braut, að það kemur fram argasta rangsleitni í því að neita einum um það, sem annar fær, þar sem eins stendur á, og svo væri það, ef Gísla Sveinssyni væri neitað nú. En brtt. sýnir, að þessi uggur, sem jeg gat um, ætlar að rætast. Nú er komið svo, að þessar styrkveitingar eru ekki miðaðar við beina starfsmenn ríkisins eingöngu, menn, sem ef til vill í þessu falli mætti segja um, að ríkissjóður hafi ríkari skyldur við en aðra, en jeg minnist þess, að því var haldið fram af þeim, sem stóðu fyrir að koma þessari fjárveitingu fram 1921, að svo bæri á að líta.

Hjer er komin fram brtt. um að veita kennara á Húsavík 2500 kr. styrk til utanfarar, til þess að leita sjer lækninga við sjóndepru.

Það er auðsætt, að slíkar fjárbeiðnir færast stöðugt í vöxt, og ef ekki er við gert, er ekki gott að segja, hvar það lendir. Jeg tel því ekki rjett að halda öllu lengra inn á þessa braut, því erfitt verður, eins og jeg tók áður fram, að gera upp á milli manna, ef einhverjum er veittur slíkur styrkur og eins eða líkt stendur á um þá, sem á eftir koma.

Þá er brtt. frá hæstv. forsrh. (SE) við 9. lið, þar sem gert er ráð fyrir að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismuninn á fje því, sem þeim er sent til framfæris við námið. Nú vil jeg spyrja hæstv. ráðherra, hvort meiningin sje að bæta þeim upp gengismuninn á þeim styrk, sem þeir fá af opinberu fje, eða styrk frá aðstandendum sínum. (*Forsrh. SE*: Frá aðstandendum sínum). Þá gæti orðið erfitt, að mjer skilst, að fá fulla vissu fyrir um þær upphæðir, sem þeim þannig eru sendar, og hafa eftirlit með því, að gengismunurinn væri greiddur af þeim raunverulegu upphæðum. Jeg er því á móti þessu, en tel sanni nær að greiða þá heldur gengismun á því fje, sem mönnum, er stunda nám erlendis, er veitt í fjárlögum. Gengismunurinn kemur auðvitað hart niður á þessum mönnum, en nokkur bót er þeim þó að því, að þeir missi einskis í við hann á styrk þeim, er þeir hafa í fjárlögum.

Jeg skal svo ekki tefja tímann frekar, en aðeins benda á, að svo fór, eins og vænta mátti, að það mundi leiða til ærna útgjalda fyrir ríkissjóðinn, að farið var að bera fram fjáraukalög fyrir þetta yfirstandandi ár, því nú munu þegar komnar fram tillögur til útgjalda á þeim, sem nema fullum 300 þús. kr., og á þó eftir að bætast mikið við, ef að líkum lætur. Þegar litið er nú til niðurstöðunnar, sem sennilega verður um afgreiðslu fjárlaganna nú, og svo skýrslu hæstv. atvinnumálaráðherra, sem hann gaf áðan um fjárhag ríkissjóðs nú, þá virðist furðu djarft teflt með útgjöldin, og á jeg þar sjer í lagi við þau útgjöld, styrki,

bitlinga og því um líkt, sem að litlu eða engu raunverulegu gagni kemur, en nemur svo hundruðum þúsunda króna skiftir árlega; já, mjer virðist miklu djarfara teflt í þessu efni en skynsamlegt og fært er.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer brtt. við brtt. á þskj. 405, sem jeg vildi drepa lítið eitt á. Fyrri liður hennar lýtur að því, að Reykhólahjeraðsbúum sje veittur 250 króna styrkur til læknisvitjana árið 1922. Þannig stendur á um þessa brtt., að núverandi landlæknir hefir sagt, að hinn setti landlæknir, Guðmundur Hannesson, hafi lofað hjeraðsbúum styrk í þessu skyni. Að vísu nægir fjárhæð þessi hvergi nærri til þeirrar útgjaldaaukningar, sem hjer er um að ræða og hjeraðsbúar verða að leggja á sig. En sökum fjárhagserfiðleika ríkissjóðsins sá jeg mjer ekki fært að fara hærra en upp í 250 kr., því jeg vildi síst af öllu, að hægt væri að bregða mjer um eyðslusemi eða neina togstreitu fyrir mitt kjördæmi á þessu þingi. Ef aðrir þingmenn færu ekki lengra í fjárkröfum en jeg þykist hafa gert, þá mundu fjárlög og fjáraukalög líta öðruvísi út en raun mun á verða. Jeg skal taka það fram, að það er aðeins að kenna gleymsku minni, að ekki er líka tekið yfirstandandi ár, og mun jeg bæta því við við 3. umr. Vænti jeg þess, að hv. fjvn. fylgi þessum brtt. mínum einróma. Þessi fjárhæð er smáræði móts við það, sem sparast við að þurfa ekki að launa þarna sjerstakan lækni. Enginn skilji samt orð mín svo, að þetta verði svo til frambúðar. Þvert á móti mun þetta hjerað verða veitt undir eins og viðunandi maður sækir um það.

Þá er það brtt. um styrkinn til dr. Helga Pjeturss. Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um hana. Hæfileikar þessa vísindamanns eru svo þjóðkunnir, að óþarft er að lýsa þeim hjer. Jeg skal aðeins geta þess, að háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) ber fram brtt., sem jeg vissi ekki af, og fer hún í sömu átt og brtt. mín. Býst jeg við, að hann mæli með henni, og get jeg því látið staðar numið hjer um það mál. Aðeins vil jeg taka það fram, að brtt. mín ætti að skoðast sem varatill. við þessa till. hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Jeg ætla svo ekki að fara neitt út í að ræða um brtt. annara háttv. þm., en vil aðeins geta þess, að jeg get tekið undir með háttv. þm. Borgf. (PO), að hjer virðast hafa verið opnaðar hlaupvíðar dyr, sem líka hafa verið notaðar. Mun jeg að öðru leyti sýna með atkvæði mínu, hvernig aðstaða mín er til hinna einstöku breytingartillagna.

Jakob Möller: Af því að þær brtt., sem jeg hefi borið fram við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923, nema talsverðu af þeirri fjárhæð, sem brtt. þm. gera til samans, þá verð jeg að láta nokkur orð fylgja þeim. Hæstv. atvrh. (KlJ) gaf það í skyn áðan, að ekki væri sem varlegast farið í að auka gjöld ríkissjóðsins, og mun hann þar hafa átt við, að þm. væru of ósparir að koma fram með brtt. við frv. þetta. Fljótlega litið til virðist mjer frv. ásamt brtt. vera komið upp í 357 þúsund kr. Af því kemur á hæstv. stjórn 235 þúsund, fjvn. 55 þúsund og aðra þm. til samans 67 þúsund. Það sjest því, að till. einstakra þm. gera ekki sjerlega háa upphæð. Auk þess eru nokkrar þessar tillögur um uppbót á launum starfsmanna ríkisins, sem hæstv. stjórn hefði í raun rjettri átt að bera fram, enda sumar bornar fram af sjávarútvegsnefnd og aðrar í samræmi við samskonar till., sem áður hafa

verið samþyktar og komnar eru inn í fjárlagafrv. fyrir árið 1924. Auk þess eru svo nokkrar smávægilegar till. aðrar, sem jeg skal nú gera grein fyrir með fáum orðum.

Jeg kem þá fyrst að till. þeirri, sem háttv. þm. Borgf. (PO) lagðist á móti, um 1600 kr. styrk til Páls Vigfússonar. Háttv. þm. virðist líta svo á, sem þessi styrkur heyri undir venjulega utanfararstyrki, og sje hjer um hreint eyðslufje að ræða. En svo er ekki. Hann stendur í beinu sambandi við berklavarnalögin. Eiginlega er hjer ekki um neina fjárveitingu að ræða, því þótt þessi liður yrði feldur, myndi samt þessi fjárhæð verða veitt af opinberu fje. Þessi maður er nú á sjúkrahúsi hjer í bænum og er borgað þar með honum af opinberu fje. Kostar vera hans þar 8 kr. á dag, og þar sem ekki verður um skemri tíma að ræða en 200 daga, er upphæðin, sem hjer er farið fram á, þegar komin. Jeg hefi heyrt, að umsókn um þennan styrk hafi þegar legið fyrir háttv. fjvn., og hafi hún ekki treyst sjer til að mæla með honum, af því að hún hafi óttast fordæmið. En hjer stendur svo á, að þessi maður hefir hugsað sjer, með tilstyrk vina sinna, að leita sjer heilsubótar erlendis, en sá styrkur hrekkur ekki til fulls. Er því ekki að óttast fordæmi að því leyti, að þeir munu verða fáir, sem kost eiga á svo miklum styrk utan þess opinbera, sem með þarf. Annars legg jeg aðalhersluna á þetta, að það fje, sem hjer er um að ræða, myndi verða veitt honum hvort sem er.

Þessi maður var í þann veginn að verða stúdent, er hann tók veikina. Hann var um tíma á Vífilsstöðum, og mun flestum hjer kunnugt, hversu veru hans þar lauk. Er hann hvergi nærri búinn að ná heilsu sinni og hefir verið á sjúkrahúsi hjer síðan hann fór af hælinu. Vildi jeg annars mælast til þess, að Vífilsstaðamálið yrði ekki neitt dregið inn í umr. í þessu máli.

Um hinn styrkinn, til Elínar Sigurðardóttur, er nokkuð öðru máli að gegna. Hún er ekki þannig sjúk, að hún nái undir fyrirmæli berklavarnalaganna. Af henni stafar ekki smitunarhætta. En efni hennar eru nú alveg gengin til þurðar, svo að hún getur nú ekki lengur komist af, nema hún sje styrkt. Þessi stúlka hefir verið í þjónustu þess opinbera, bæði sem ljósmóðir og póstafgreiðslumaður. Getur hún því vel skoðast sem opinber starfsmaður, og er full ástæða til að veita henni þennan styrk. Vonast jeg til, að háttv. þingdm. taki vel í þessa beiðni.

Þá kem jeg að uppbótinni á launum starfsmanna við landssímann, sem er í samræmi við það, sem samþykt hefir verið í fjárlögum fyrir árið 1924. Efast jeg ekki um, að háttv. þdm. vilji veita þessa uppbót fyrir yfirstandandi ár, úr því þeir voru henni samþykkir fyrir næsta ár. Er í rauninni meiri ástæða til að veita hana nú en síðar, þar sem enginn getur vitað, hverju fram kann að vinda á næsta ári.

Þá er hjer ein brtt. frá sjútvn., sem samþykt hefir verið í fjárlögum fyrir árið 1924, um að veita Bjarna Sæmundssyni lausn frá kennaraembætti, en styrk til fiskirannsókna. Er upphæðin, sem hjer er farið fram á, 1250 kr., laun fyrir þrjá síðustu mánuði ársins.

Þá er hjer till. frá mjer um að veita námsmanni Ásgeiri Þorsteinssyni styrk til lokanáms á verkfræðiskólanum. Hefir það verið siður að veita efnilegum mönnum styrk til að ljúka námi á þeim skóla, og tel jeg rjett, að svo verði enn. Þessi maður er rjett að því kominn að ljúka námi; mun hann taka burtfararpróf að vetri. En hann hygst að leggja stund á

verksmiðjufræði, til þess að geta síðar beitt sjer fyrir þesskonar framkvæmdum hjer á landi, er miða að því, að hagnýtt verði þau hráefni, sem landið hefir að bjóða. Þótt hann sjái sjer fært að ljúka námi á þessum skóla, sem hann er nú á, þá býst hann við, að efni vanti til framhaldsnámsins. Faðir hans hefir hingað til styrkt hann til náms, eins og öll sín börn. Var hann um tíma kallaður vel stæður maður, en hefir nú fyrir skömmu tapað öllum eignum sínum, og treystist því ekki lengur til að kosta þennan son sinn til námsins. Þar sem hjer er um mann að ræða, sem síðar mun ganga í landsins þjónustu, þá tel jeg engum efa bundið, að styrkurinn komi að fullum notum, ef hann verður veittur. Væri óviturlegt að horfa í nokkrar krónur til að efla iðnaðinn í landinu, svo mjög sem oss skortir á í því efni. Jeg sje, að hæstv. atvrh. (KlJ) hefir komið fram með brtt. um styrk handa manni, sem stundar svipað nám. Hefir hann tekið nokkru dýpra í árinni, þar sem hann fer fram á 8000 krónur.

Þá er hjer enn brtt., sem jeg bar einnig fram við fjárlagafrv., en var feld, að jeg held fyrir misskilning. Það var fjárveiting til Páls Ísólfssonar, að upphæð 2000 kr. Á þinginu í fyrra var samþ. í Nd. að veita honum 4000 kr. til að halda áfram námi. Upphæðin var svo lækkuð um helming í háttv. Ed. Veit jeg, að ef jeg hefði þá getað komið að till. um að hækka hana aftur, þá hefði það orðið. Býst jeg því við, að háttv. deild bæti við þessum 2000 krónum. Á jeg bágt með að skilja, að menn verði svo ósamkvæmir sjálfum sjer, að láta hjer staðar numið.

Þá kem jeg að brtt. þeirri um launauppbót fiskimatsmanna, sem hæstv. atvrh. (KlJ) gat um áðan. Hann furðaði sig á því, að meiri hlutinn skyldi aðeins hafa tekið þessa tvo fiskimatsmenn, en hina ekki. Þannig er því varið, að nefndin hefir ekki sjeð umsókn um launauppbót nema hjá þrem af þessum mönnum. Að hún ekki tók þá alla, stafar af því, að hún leit svo á, að nokkuð sjerstaklega stæði á um þessa tvo menn. Fiskimatsmaðurinn hjer í Reykjavík er auk þess starfs nokkurskonar ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum, og er því mikilsvert að hafa góðan mann í þeirri stöðu. Auk þess kemur dýrtíðin einna harðast niður hjer. Yfirfiskimatsmaðurinn á Ísafirði er tekinn með, sem stafar af því, að Ísafjörður er talinn annar dýrasti staður á landinu. Um uppbót til Jóns Magnússonar yfirfiskimatsmanns var nefndin öll sammála, en meiri hl. nefndarinnar mælir með hinum. — Það skal tekið fram, að nefndinni er kunnugt um, að Jóni Magnússyni hefir verið gerður kostur á betur launaðri stöðu en fiskimatsstarfið. Verður því ekki annars vænst en að hann segi því lausu, ef kjörin verða ekki bætt. Á hinn bóginn telur nefndin það afarmikilsvert, að hann verði kyr við starfið, og vill vekja athygli hv. deildar á því, hve afskaplega mikils varðandi það er, að fiskimatið fari vel úr hendi og að því gegni góðir menn.

Þá er brtt. á þskj. 405, um að veita nefndri prestsekkju 300 kr. styrk til eftirlauna. Jeg gat um ástæður fyrir þessa við umr. fjárlaganna, og þarf ekki að endurtaka það hjer, enda er þetta í samræmi við samskonar fjárveitingu í fjárlagafrv. fyrir 1924. Út af ummælum hæstv. atvinnumálaráðherra skal jeg vekja athygli háttv. þdm. á því, að þau ummæli eiga ekki við þessa ekkju, því að þau 20 ár, sem liðin eru síðan hún varð ekkja, hefir engin styrkbeiðni komið frá henni

til þingsins. En nú er hún komin á grafarbakkann, og verður hún væntanlega ekki þungur ómagi á ríkissjóði.

Loks á jeg brtt. á þskj. 430,II, um að veita Kvenrjettindafjelagi Íslands 2000 krónur til allsherjarfundarhalds fyrir konur af öllu landinu hjer í Reykjavík í sumar. Eins og kunnugt er, hafa karlmenn betri tækifæri til að koma saman og kynnast, en konurnar verða venjulega að sitja heima. Þess vegna er rjett að veita konum þennan styrk. Það þarf ekki að ræða um þýðingu þess, að konur komi saman af öllu landinu, til þess að ræða um nauðsynjamál á þeim sviðum, sem þær eiga sjerstaklega um að fjalla. Karlmenn hafa aðgang að mörgum fjelögum til þess að ræða sín mál og fá á ýmsan hátt beinan og óbeinan styrk til að koma saman, með greiðslu ferðakostnaðar o. s. frv., t. d. hjer á Alþingi, Búnaðarþingi, Fiskiþingi o. fl. Á því eiga konur eigi kost, og er því sanngjarnt að veita þeim styrk í fjárlögum í þessu skyni. Vona jeg, að ekki þurfi að rökstyðja þetta frekar fyrir háttv. þdm.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 329, 353, 405, 424, 426, 430, 440, 449).

Eiríkur Einarsson: Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi brtt. frá hæstv. atvinnumálaráðherra, um styrk til ullariðnaðarnema, að mjer þykir vænt um, að veittur verði styrkur til þess að vinna að framgangi ullariðnaðarmálsins. En meira þarf en styrkja pilt til náms; málið þarf í heild sinni atfylgi þingsins og forgöngu stjórnarinnar. Jeg vænti, að hæstv. atvrh. (KlJ) svari fyrirspurn frá mjer um ullariðnaðarmálið. (*Atvrh. KlJ*: Jeg er búinn að gefa út tilkynningu um það). Það gleður mig að heyra, að hæstv. ráðh. ætlar að svara henni. Jeg tek það fram, að jeg tel allan óþarfadrátt á að sinna þessu mikilsverða máli illan og óforsvaranlegan.

Þá eru nokkrar brtt. frá mjer, sem jeg vil minnast á. Um lán til Skeiðaáveitunnar hefi jeg áður rætt og bæti litlu við það, sem háttv. frsm. (MP) mintist á í gær. Fjvn. hefir lagt það til, að lán verði veitt til þessa fyrirtækis, sem á svo erfitt uppdráttar, og vona jeg, að því verði lofað að ganga fram til háttv. Ed. Hjer hefir verið farið fram á það minsta, sem hægt er að láta sjer nægja. Það var styrkur en ekki lán, sem beiðst var og þurfti, og er ilt, að þingið skuli ekki vilja sinna þeirri nauðsyn, en betra er lítið en ekkert, og mun betur sjást síðar, að hjer var ekki til of mikils mælst. En um það mun ekki tjá að deila.

Þá er brtt. frá fjvn., um styrk til bifreiðaferða austur yfir fjall; er jeg þakklátur fjvn. fyrir að hafa tekið þetta upp og háttv. samgmn. fyrir að hafa stutt það, enda þótt hún hafi fært þessa fjárveitingu nokkuð niður frá því, sem farið var fram á, og síst hefði veitt af, ef nokkru hefði átt að nema, en þetta er þó spor í rjetta átt. Vænti jeg, að þetta nái samþykki háttv. deildar og að háttv. þdm. líti á málið frá þeirri hlið, hversu lítils Sunnlendingar njóta af styrk þeim, sem veittur er til báta- og strandferða, og vona jeg, að hjer verði mjór mikils vísir. En af bátastyrknum hafa þeir lítil eða engin not. Jeg vil taka það fram, að til þess er ætlast, að bifreiðaferðirnar verði undir eftirliti stjórnarinnar og að hún ráði allri tilhögun ferðanna. Vil jeg skjóta því til hæstv. atvinnumálaráðherra, að þessar

ódýru ferðir verði hafðar sem tíðastar, þegar þörfin er mest, t. d. um lestaferðir vor og haust, þegar flutningur kaupafólks er mestur til og frá sveitunum. En um hásumarið mættu þær vera færri. Það hefir ekki verið tekið fram, hvort þessar ferðir ættu fremur að vera til vöru- eða fólksflutninga. En á þessu stigi málsins geri jeg ráð fyrir, að aðallega sje átt við fólksflutninga.

Þá er síðast að minnast á brtt. um styrk til dr. Helga Pjeturss, sem tveir háttv. þm. flytja með mjer. Auk þess hefir háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) komið með brtt. um hærri styrk til handa þessum manni en við höfðum sjeð okkur fært að fara fram á. Jeg get upplýst það, að þessi maður er styrksþurfi, því að hann er gersnauður, og háttv. þm. geta vel staðið sig við að greiða fyrir honum, því það er kunnugt, að hugir fólks úti um land stefna mjög að því að sýna honum sóma og veita honum viðurkenningu fyrir margt, sem hann segir því ágætlega, ólíkt að efni og orðum því, er aðrir tala. En við, sem hjer sitjum, erum fyrst og fremst umboðsmenn þjóðarinnar, og er oss auðvitað skylt að taka nokkurt tillit til óska hennar. Og gott er oss til þess að vita, að víðs vegar að berast raddir um það, að styrkja beri þennan merka mann, því það sýnir, að enn þá á þjóðin hæfileika til að dást að því, sem fagurt er, og þá frjálsmannlegu hugsun, sem druknar ekki í pólitískum illdeilum og matarmálaþrasi.

Þá er innsiglingaleiðin á Stokkseyri, endurveiting, sem jeg býst við, að þingið telji sjálfsagða, enda er hún það. Þörfin brýn og hlutaðeigendur reiðubúnir að leggja mikið í sölurnar sjálfir.

Sveinn Ólafsson: Það er aðeins ein brtt., sem jeg á, undir tölulið XXI á þskj. 405. Og eins og menn sjá, þá er þar ekki farið fram á bein fjárframlög, heldur einungis endurgreiðslu á 2000 kr. til Guttorms Pálssonar á Hallormsstað, sem er eftirstöðvar af byggingarkostnaði hússins þar. Það vita allir, að Hallormsstaður er, sökum fegurðar sinnar, einhver mesta gersemi, sem ríkið á, og fjöldi manns sækir þangað á ári hverju til að skoða skóginn. Hann var girtur nálægt aldamótunum og jörðin tekin til bústaðar handa skógarverðinum. En jörðin, ásamt húsum þeim, sem á henni standa, er eign landsins. Þarna hefir lengi verið mjög fornfálegur sveitabær, með áföstu litlu timburhúsi, sem reist var fyrir nærfelt 50 árum og síðar hefir verið endurbætt. Var lengi reynt til þess að fá fje til þess að endurbæta húsið, en fjekst ekki fyr en árið 1921, og var þá timburhúsið endurbætt og gert íbúðarhæft, en jafnframt bætt við það búri, eldhúsi og þvottahúsi. Sigurður Björnsson trjesmiður á Seyðisfirði hafði áætlað kostnaðinn við þessa byggingu 5500 kr., og veitti stjórnin þá upphæð. En það kom brátt í ljós, að upphæðin hrökk ekki til að fullgera þessa endurbót, og tók skógarvörður að sjer í samráði við skógræktarstjóra að fullgera húsin. Fóru til þess 1500 kr. og auk þess málning á húsin fyrir 500 kr., eða alls 7500 kr. öll húsabótin. Það eru því 2000 kr., sem skógarvörður hefir orðið að greiða úr eigin vasa, og farið í því eftir óskum skógræktarstjóra, sem fullvissaði hann um endurgreiðslu á þessu fje, ef ekki eftir beinni fjárveitingu, þá af skógræktarfje; en til þessa hefir fjeð ekki fengist greitt. Skógarvörðurinn hefir því snúið sjer til þingsins um að fá þessa upphæð greidda, og vænti jeg þess, að háttv. þm. sjái, að hjer er um vitaskuld ríkissjóðs að ræða, sem óhjákvæmilegt er að greiða.

Aðra brtt. á jeg ekki, en hæstv. atvrh. (KlJ) skírskotaði til mín, er hann mælti fyrir tillögu sinni undir tölulið VIII. um vitana við Berufjörð. Fór jeg fram á við meðferð fjárlaganna fyrir 1924, að veittar yrðu til vitanna 5480 kr., eða með öðrum orðum, að greiddur yrði mismunurinn á fje því, sem til vitanna er lagt, og byggingarkostnaðinum eins og hann varð. Gerði jeg þá grein fyrir því, af hvaða óhöppum kostnaðaraukinn stafaði. Lá það, svo sem kunnugt er, í því, að flutningur á sementi til Berufjarðar, sem Eimskipafjelagið hafði lofað að annast á ákveðnum tíma, brást um margar vikur og tafði verkafólkið lengi. En fyrir þá skuld varð að byggja úr sementi, sem varð 7 kr. dýrara tunnan en ella hefði orðið. Auk þess tók vitamálastjóri þann upp að breyta ljóstækjum eins vitans og setja gasljósker í stað olíuljóskers, og nam kostnaðaraukinn af því, eftir sögn hans sjálfs, 1500—2000 krónum. Var þetta gert til að færa niður rekstrarkostnaðinn, því svo stendur á, að vitinn stendur langt frá mannabygðum og dýrt að senda þangað daglega. Að því er snertir þessar 5480 kr., þá verður eigi nákvæmlega hægt að sundurliða þær og sjá, hve mikið kynni að vera skylt að greiða af hjeraðinu og hve mikill hluti kostnaðaraukans stafar af áðurnefndu óhappi og ljóskeraskiftum. Eftir áliti vitamálastjóra liggja skiftin einhversstaðar á milli 2000 og 5000 kr. Þess vegna hefir hæstv. ráðherra, eftir samráði við mig og vitamálastjórn, farið fram á 4000 kr. greiðslu úr ríkissjóði, móti því að sýslan greiddi hitt. Eins og hæstv. ráðherra tók fram, er með þessu ekki verið að gefa nokkurt hættulegt fordæmi, þar sem aðrir innsiglingarvitar hafa að fullu verið byggðir fyrir landsfje, en þessir mundu aðeins verða það að ca. 1/8.

Í þessu sambandi má og minnast á það, að þetta hjerað, Suður-Múlasýsla, hefir lagt mikið á sig til þess að gera siglingaleiðina örugga á þessari hættulegu leið fyrir strandferðir. Það er sem sje alkunnugt, að leiðin fram hjá Papey og Berufirði er ein sú allra varasamasta í strandferðum að hausti og vetri eða í dimmviðrum, og í raun og veru eini hættulegi staðurinn við Austurland. Skerjaklasi og grynnsli ná þar langt frá landi og enda við svo nefnt Geirfuglasker eða Hvalsbak, umflotinn stakan klett, sem liggur 8 sjómílur frá landi. Telja kunnugir menn líklegt, að þessi klettur hafi grandað mörgum þeirra skipa, sem týnst hafa á leið til Austfjarða eða þaðan, og nefna sumir sæðið kringum hann *grafreit hafsins*. En nú eru þarna komnir vitar, sem ekki aðeins gera strandsiglingarnar öruggari, en vara menn einnig við þessari gömlu óvætti. Og hjeraðið hefir fullnægt öllum skilyrðum, sem sett voru fyrir byggingu vitans, sem hjer ræðir um, og tekið þannig að sjer þunga byrði, hreint og beint í almenningsþarfir. Þetta er aðeins lítil árjetting á ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), og get jeg verið honum mjög þakklátur fyrir, hvernig hann tók í málið.

Stefán Stefánsson: Eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram í gær, þá hafði jeg minst á það við stjórnina, hvort hún myndi ekki sjá sjer fært að bera fram frv. eða tillögu um framlög úr ríkissjóði til byggingar sjóvarnargarðsins á Siglufirði. Nú er frv. komið fram, og verð jeg að segja það, að mjer finnast skilyrðin fyrir fjárveitingunni, þar sem Siglfirðingum

er gert að greiða 1/3 kostnaðarins og síðan alt viðhald, ærið harðsnúin. Ekki hvað síst er það viðhaldið, sem veldur óhug hjá mjer, vegna reynslunnar á því, hvernig garðurinn hefir bilað hvað eftir annað. Garðurinn var upphaflega bygður eftir tillögum og undir umsjón hafnarverkfræðings, þess manns, sem búast mátti við, að væri færastur manna til þess að hafa verkið á hendi. Þetta var árið 1915—1916 og voru þá veittar til hans alls 34515 kr. Síðar skemdist hann á árunum 1919—1922, og voru þá aftur lagðar til hans frá ríkinu rúmlega 8 þús. kr. Og nú er enn svo komið, að garðurinn má heita gersamlega fallinn, þótt hann sje frá upphafi gerður af þessum lærða hafnarverkfræðingi ríkisins. Það er þessi sorglega reynsla, sem gerir það að verkum, að mjer finst harla óvarlegt að ganga að þessu harða skilyrði um viðhaldið. Hefi jeg átt tal um þetta við bæjarfógetann á Siglufirði, og var hann gersamlega mótfallinn því fyrir hönd bæjarins, að viðhaldsskyldunni væri að öllu leyti dembt á bæjarfjelagið. Hins vegar býst jeg við, að þeir telji sjer fært að taka á sínar herðar 1/3 af byggingarkostnaðinum. Því er það, að jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt., sem fer fram á, að viðhaldið verði miðað við sama hlutfall, og Siglfirðingum sje því gert að greiða 1/3 af því. Með því ætti að vera sæmilega trygt, að þessi dýra eign landsins fari ekki forgörðum vegna hirðuleysis. En þessari brtt. minni hefir hv. fjvn. ekki talið sjer fært að sinna, og er síst hægt að segja, að henni hafi farist betur en stjórninni, því hún gengur enn lengra og fer fram á, að Siglfirðingar taki að sjer helming kostnaðarins og alt viðhald, sem jeg verð að telja með öllu óforsvaranlegt, og vil jeg því fastlega vænta þess, að mín tillaga hljóti náð fyrir augum háttv. þm.

Þá er enn tillaga um, að ríkið veiti alt að 15000 kr. lán til byggingarinnar. Er það auðvitað miðað við það, að bærinn leggi fram aðeins 1/3, því annars er sýnilegt, að sú upphæð nægir ekki. Og jeg get verið þakklátur nefndinni fyrir það, að hún vill, að heimild til þessarar lánveitingar verði veitt, enda má segja, að hvorki hún nje hæstv. stjórn geri málið of aðgengilegt fyrir Siglufjarðarkaupstað, þó það nái fram að ganga. Annars er örðugt að skilja, að svona skuli vera tekið í þetta mál, þar sem þetta dýra mannvirki hefir tvívegis farið forgörðum, þrátt fyrir það, að forstöðu verksins hafði á hendi sá maður, er stjórnin vissi hæfastan til þess.

Jeg sje nú ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta að sinni, en vildi ekki láta hjá líða að skýra háttv. þm. frá skoðun minni, sem jeg hygg, að muni vera í fullu samræmi við einróma álit Siglfirðinga sjálfra. Og að endingu vil jeg taka það fram, að mjer finst hæpin sanngirni í því, að Siglfirðingar gangi undir þessi hörðu skilyrði, eftir alt, sem á undan er gengið, þar sem þó tæplega er að vænta, að betri forstöðumaður fáist fyrir verkið en sá, er áður hefir haft það á hendi, og síst ódýrari tímar nú en þegar garðurinn var bygður.

Magnús Jónsson: Jeg á brtt. á þskj. 426. Það er beiðni um námsstyrk til verkfræðinema Magnúsar Konráðssonar, sem nú stundar nám við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn. Er þetta 5. námsár hans og hefir hann þegar lokið fyrrihlutaprófi. En nú er fjárhag hans svo farið, að næsta tvísýnt er, að hann geti lokið náminu að

fullu, án þess að hann fái þennan styrk frá ríkinu. Hefir stundum áður verið veittur slíkur styrkur til lokanáms fátækum stúdentum. Jeg hefi farið fram á, að honum yrðu veittar 2400 kr., og mun það vera sú minsta upphæð, sem hann getur komist af með, þar sem hann er sjálfur alveg fjevana og hefir þegar tæmt sitt lánstraust svo, að lítil von er fyrir hann að geta sjálfur bætt sjer það, sem á vantar.

Jeg sje, að fram er komin tillaga um að veita dálitla upphæð í því skyni að bæta stúdentum upp halla þann, sem þeir verða fyrir af gengismun peninganna. Tel jeg þetta vel ráðið. Jeg hefi kynst því persónulega, einmitt í sambandi við þennan stúdent, sem jeg var nú að tala um, hve hörmulegt það er, að gengismunurinn skuli höggva stórt skarð í þær smáupphæðir, sem þessir fátæku stúdentar hafa náð sjer í að láni eða með öðrum hætti.

Varatillögu flyt jeg við þessa brtt. mína, ef hið háa Alþingi sæi sjer ekki fært að veita alla upphæðina í einu. Vona jeg þó, að aðaltillagan nái samþykki.

Þá vil jeg minnast örlítið á 2 þús. kr. til dr. Helga Pjeturss. Nokkrir hv. þm. hafa komið fram með aðra till. á þskj. 405. XIV, um nokkuð lægri viðbótarstyrk, og sýnir það, að margir þingmenn vilja unna honum einhvers styrks, enda er maðurinn alkunnur, þó allmjög sje um hann deilt og hann sje álitinn alt frá því að vera frábærlega mikill spekingur og ofan í frávita mann. Er oft erfitt að dæma um slíkt, en hvað svo sem því líður, þá er maðurinn frábær að lærdómi og gáfum, náttúrufróður og tungumálamaður ágætur. Les hann og skrifar ensku, þýsku og frönsku, auk Norðurlandamálanna, og hin erfiðustu latnesku og grísku rit les hann eins og við lesum danskar bækur, t. d. gríska heimspekinga viðstöðulaust. Hann er orðinn fádæma fjölfróður og víðlesinn. Hann skrifar íslensku svo, að haft er að ágætum. Eru þeir ekki margir, sem lesnir eru með meiri aðdáun, og er þó efni hans ekki við alþýðuhæfi. Að vísu er vandgert við slíka menn. Enga bletti er erfiðara að má af þjóðunum en þá, ef þær hafa ekki gert vel við sína bestu menn. En meðal okkar er nú enginn, sem hættulegri er í þessum efnum en dr. Helgi Pjeturss. Að vísu munu kannske sumir segja, að allvel hafi verið til hans gert með styrknum til jarðfræðirannsóknanna. Jeg hefi nú breytt orðalaginu og kallað styrkinn til vísindaiðkana, og jafnframt hækkað hann, því hann getur ekki lifað á því, sem hann hafði áður, en á hinn bóginn hefir hann, svo sem kunnugt er, upp á síðkastið fengist við önnur vísindi en jarðfræði. Mjer eru að vísu ekki kunnar heimilisástæður hans, en jeg hygg, að þær hafi fremur versnað síðan móðir hans fjell frá, því þó hún væri fjörgömul, kendi hún mikið hljóðfæraslátt, og mun ekki síst hafa munað um það fyrir heimilið.

Þá á jeg eina till. enn, um kaup á handritum dr. Jóns J. Aðils, alt að 10 þús. kr. Það er ekki vert að ákveða neina vissa upphæð; það verður að fara eftir því, hvernig samningar takast, en þarna er þó miðað við minni upphæð en þegar bækur hans hafa verið gefnar út. Handritin eru fyrirferðarmikil og ná yfir mestan hluta af sögu landsins Jeg veit ekki, hvort þau eru hæf til prentunar, — látnum mönnum er stundum

óleikur gerður með því að gefa út rit, sem þeir hafa ekki gengið frá sjálfir. En handritin ættu að liggja frammi í Landsbókasafninu að minsta kosti. Jeg skal líka geta þess, að dr. Jón Aðils skrifaði allra manna fegursta rithönd, og væri því meiri fengur að þessu fyrir safnið, því að óhugsandi er, að handrit geti verið aðgengilegri en þessi. Jeg hefi einnig borið fram varatillögu um 2500 kr. afborgun fyrst og svo greiðslur smámsaman árlega. Jeg hafði hálfvegis búist við því, að hæstv. forsrh. mundi bera mál þetta fram. (*Forsrh. SE*: Jeg hefi ekki verið beðinn um það). Mjer þykir þá að minsta kosti vænt um að heyra, að hann hefir ekki synjað um það, og því ekki afskorið, að hann veiti því liðsinni sitt.

Mig langaði að vísu til að minnast á nokkrar fleiri brtt., en vil ekki tefja tímann með því. Till. um bætur á gengishalla stúdentanna hefi jeg minst á áður og vil mæla hið besta með henni. Mig hefði einnig langað til að mæla með till. um styrk til Sigurðar Guðmundssonar húsagerðarmeistara. Hann var mjer um eitt skeið allkunnugur sem listhneigður og áhugasamur maður. Sömuleiðis hefði jeg viljað mæla með launabótinni til vinar míns, prófessors Sigurðar P. Sívertsens, en get það ekki vegna tímaskortsins, og af sömu ástæðum verð jeg einnig að sleppa því, að tala um orðabók Sigfúsar Blöndals. En jeg vil skjóta því hjer fram, sem einn greinargóður maður sagði við mig nýlega, að tvö merkustu verkin, sem nú væri verið að vinna hjer, væri þessi orðabók og kortagerð herforingjaráðsins. Sjerstaklega vil jeg vekja athygli á því, að orðabókin á að eiga sig sjálf, svo að þetta er ekki einungis lokaveiting í þetta skifti, heldur um alla tíð, en verkinu verður haldið áfram, enda reynast málin alveg ótæmandi, þegar á að fara að skrá þau í orðabækur.

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi leggja dálítið liðsyrði styrknum til Gísla sýslumanns Sveinssonar. Mjer er kunnugt um það, af því að jeg hafði með fjárreiður hans að gera meðan á veikindum hans stóð, að hann hafði mikinn kostnað af utanför sinni og var lengi veikur. Á sama tíma fengu aðrir menn, sem skemur voru veikir, miklu hærri sjúkrastyrk en hjer er farið fram á. Hjer er því mjög lágt í farið, samanborið við þá menn. Annars skal jeg taka það fram, að mjer mundi ekki detta í hug að leggja með styrk sem þessum, ef svo stæði ekki á, að þessi ágætismaður var veikur samtímis þeim embættismönnum, sem fengu styrk 1921. Finst mjer því, að það væri hróplegt ranglæti að setja hann alveg hjá. Annars skal jeg ekki fjölyrða um brtt., en geta þess alment út af því, sem hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) sagði, að deildin hefir ekki óskað eftir neinu fjáraukalagafrv., heldur fjárveitinganefnd, og jeg fyrir mitt leyti hefði miklu fremur viljað, að það hefði alls ekki komið fram því að það mun sannast, að það verður ríkissjóðnum til stórskaða.

Lárus Helgason: Jeg á brtt. á þskj. 405, III, sem jeg af vissum ástæðum tek aftur.

Háttv. 1. þm. Skagf. (MG) hefir þegar mælt með sjúkrastyrk til Gísla sýslumanns Sveinssonar, og er það, er hann skýrði frá í því sambandi, síst ofmælt. Það er kunnugt, að þessi maður varð fyrir mjög miklu áfalli á heilsunni.

Einnig er það kunnugt, að hann og bróðir hans komu sjer áfram á námsárunum með óvenjulega litlu fje. Þessari reglu hefir þessi háttv. herra ætlað sjer að halda í lengstu lög. Hann er þannig skapi farinn, að hann kann best við að bjarga sjer án hjálpar annara, og því hygg jeg, að hann hafi ekki sótt um styrk til að leita sjer heilsubótar á sama hátt og aðrir gerðu á þeim tíma. Þessi litli styrkur, sem hjer er um að ræða, er næsta lítill móts við það, sem aðrir fengu, sem líkt stóð á fyrir. Að Gísli Sveinsson fór að leitast við að fá styrk, hygg jeg vera einungis fyrir það, að ferðin til útlanda og dvöl hans þar varð honum svo dýr, að hann gat illa staðist það, sem vonlegt er. Jeg vænti, að háttv. deild sjái, hve hjer er sanngjarnlega farið eða sparlega í garð landssjóðs, og samþykki þessa litlu upphæð, sem hjer er átt við.

Bjarni Jónsson: Jeg á till. viðvíkjandi Sigurði P. Sívertsen og aldursuppbót á launum hans hjer við háskólann, en við hann hefir hann starfað frá stofnun hans 1911. Var hann fyrst það, sem dósent er kallað — með s auðvitað — með venjulegum launum. Síðan varð hann prófessor; 1916 fjekk hann 400 kr. launabót og einnig nokkuð seinna. En þegar hann varð prófessor, var talið svo, sem það væri nýtt embætti og ætti að byrja með lægstu launum án tillits til þjónustuára hans sem dósents á undan.

Það er hart, að þessi maður, sem hefir verið kennari og kent það sama frá 1911, skuli enn ekki vera kominn á hæstu laun. En þetta hefir komið til af því, að maðurinn hefir ekki altaf borið sama nafn, enda þótt hann hafi kent það sama. Fyrst var hann nefndur dósent, sem er hluttaksorð af doceo, en síðar prófessor, sem er komið af profiteor, en bæði orðin þýða í latneskri tungu það sama: að kenna.

Í 7. gr. launalaganna frá 1919 segir:

„Þá skal og talinn til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, læknar sem aukalæknar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur".

Þessir menn allir eiga að njóta sömu launa, sem þeir hefðu verið skipaðir, og þótt þeir hafi aðeins verið auka- eða tímakennarar, er því auðsætt, hversu ranglátt það er, að farið sje ver með þennan mann en þessa.

Ætti ekki að þurfa annað til þess, að maðurinn fengi þessa uppbót, en að stjórnin skildi lögin skynsamlega. Skildi þau svo, að aðrir menn, sem ekki eru taldir í þessum tilvitnuðu orðum 7. gr. launalaganna, en líkt stendur á með, ættu að falla undir lögin.

Með öðrum orðum, sem háttv. þm. skilja ef til vill betur, að stjórnin beitti ákvæði launalaganna per analogiam.

En stjórnin þykist nú ekki geta skilið lögin á þennan veg, og vill því enga ábyrgð taka á sig, heldur láta þingið útkljá þetta, en stuðning átti stjórnin að veita svo sjálfsagðri sanngirniskröfu. Vænti jeg, að háttv. deild láti manninn njóta sama rjettar og aðrir hafa fengið.

Jeg vil geta þess, að jeg mun ekki ljá fylgi mitt till. háttv. þm. Borgf. (PO) um

að fyrv. fjrh. (MagnJ) skili aftur þeim 1500 kr., er hann veitti sjer. Læt jeg ósagt um, hvernig mjer líkaði þetta, en eggjað mundi jeg hann að láta af þessu. En það er víst, að fyrv. ráðherra hefir talið sjer þetta heimilt og fundist sjálfsagt, að hann væri lengur til viðtals en hægt var, ef hann átti aðeins að taka á móti mönnum í stjórnarráðinu.

Þetta hefir verið tilgangur hans, og er því ekki rjett að viðhafa svigurmæli um það, að hann hafi tekið fje þetta með röngu. Hefir honum nægilega verið hegnt með orðum þeim, er út af þessu hafa fallið hjer í þinginu, þótt ekki sje hann eltur með fjárkröfum og ofsóknum, þegar hann er farinn hjeðan. (*PO*: Kallað þingmaðurinn þetta ofsókn?). Já, jeg kalla það ofsókn. Er það ekki íslenskt orð? (*PO*: Jú, en það á ekki við hjer). Það á einmitt við hjer. Þetta er ofsókn. Er það líkast því, sem sumir háttv. þm. hafi fengið hjer feitan bita til að smjatta á, sem þeir geta aldrei út úr sjer látið. Væri karlmannlegra að stefna manninum fyrir landsdóm, ef þeim finst sakirnar svo miklar. (*PO*: Það er ekki útilokað fyrir þessu).

Sigurður Stefánsson:* Jeg ætlaði að minnast á eina till. á þskj. 405 hjer í gær, en gleymdi því. Þessi brtt. er frá hæstv. atvrh. (KlJ) um aukastyrk til Breiðafjarðarbátsins Svans. Er mjer ekki ljóst, til hvers á að verja þessum styrk, þar sem hann getur ekki verið ætlaður til rekstrarkostnaðar bátsins, því að samgmn. hefir ætlað honum 10 þús. kr. til þess.

Er ætlunin líklega sú, að borga með þessu skuldir, er báturinn stendur í. Ef þetta er svo, þá held jeg, að hjer sje komið inn á hættulega braut. Bátur þessi mun hafa verið keyptur of háu verði og einstakir menn gengið svo í ábyrgð fyrir hann. Er auðvitað slæmt, að einstakir menn tapi, en hitt er þó verra, að landssjóður fari að borga skuldir einstakra manna. Get jeg ekki fundið, að það sje nein skylda fyrir þingið að fara að hlaupa undir bagga með þessum mönnum.

Í þessu sambandi vil jeg geta um Djúpbátsfjelag Ísfirðinga. Skuldir þess munu nú vera um 85 þús. kr. Nokkuð af þessu lendir á sýslufjelaginu og kaupstaðnum, ef fjelagið þrýtur, en auk þess standa einstakir menn í ábyrgðum fyrir 30 þús. krónum.

Neyðist jeg til, ef þessi styrkur verður samþyktur til Svans, að fara fram á það sama fyrir þetta fjelag.

En mjer sýnist, að það sje hin mesta ósvinna, að menn skuli leita til þingsins í svona erindum. Má hvorki þing nje stjórn láta það fá á sig, þótt hjeraðshöfðingjar komi hingað og knýi bæði á þing og stjórn að gera þetta.

Mun jeg, eins og jeg hefi áður tekið fram, neyðast til að koma fram með brtt. um styrk til Djúpbátsfjelagsins við 3. umr. fjáraukalagafrv., ef till. þessi verður nú samþykt.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal geta þess viðvíkjandi brtt. hæstv. forsrh. (SE) á þskj. 405,II, að fjvn. mælir með þeim till. Hefir hún áður sýnt, að hún vill, að fje verði varið til útrýmingar geitna, og hinum till. undir þessum lið er hún einnig meðmælt.

Er þá best að snúa sjer að því, sem aðallega ber á milli fjvn. og hæstv. forsrh. (SE), en það er um hlutfallið í millum Siglufjarðar og ríkissjóðs í kostnaðinum

* Ræðu þessa hefir þm. (SSt) ekki yfirlesið.

við Siglufjarðargarðinn. Hann sagði, að það mundi erfitt að fá Siglfirðinga til að greiða meira af kostnaðinum en hann hafði stungið upp á, og háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) studdi það.

Jeg get vel skilið þetta, því það er líkast því, sem Siglfirðingar vilji engan þátt taka í kostnaðinum. En það eru ekki Siglfirðingar, sem eiga að setja þinginu skilyrði, heldur er það Alþingi, sem á að setja þeim þau. Hugsa jeg, að fullmikið sje gert úr þeirri hættu, sem lífi og eignum Siglfirðinga stafi af garðinum eins og hann nú er; bendir það líka í þá átt, hve Siglfirðingar vilja lítið á sig leggja. Vil jeg einnig, þessu til sönnunar, lesa upp kafla úr brjefi vitamálastjóra. Hann segir svo:

„Siglfirðingar hafa jafnan borið sig mjög illa yfir þeirri hættu, sem þeir telja, að stafi af bilun garðsins; hafa árlega sent hingað símskeyti um, að garðurinn væri nú stórskemdur og mundi algerlega fara í næsta brimi, að öll eyrin mundi eyðileggjast o. s. frv., en samt sem áður veit jeg ekki til, að Siglufjarðareyri hafi minkað nokkuð enn sem komið er".

Og hann endar með því að segja: „Og álít jeg, að mjög mikið sje ýkt af því, sem þeir skrifa um málið".

Brjef þetta hefir legið fyrir Alþingi og fjvn., og er rjett, að háttv. þm. athugi það alt.

Háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) gat þess, að þegar væri mikið fje lagt í garðinn, og vil jeg þá í sambandi við þetta geta þess, að þegar lítið er á alt, sem á undan er gengið, þá er búið að gera mikið fyrir Siglfirðinga. En þar sem hann segir, að þessi lánsupphæð, þó hún fengist veitt, sje of lítil, þá veit jeg, að þetta mun vera rjett, og fjvn. er ekki ófús til að hækka þetta að nokkru. Þá er það, að viðhaldið mun verða allkostnaðarsamt. Þar held jeg muni verða hægt að byggja á reynslunni, þannig, að kostnaðurinn yrði minni eftirleiðis. Mjer þætti undarlegt, ef ekki mætti læra af reynslunni í þessu efni.

Þá leyfi jeg mjer að mæla með fjárveitingunni til Gísla Sveinssonar. Viðvíkjandi ummælum háttv. þm. Borgf. (P-O) um, að þetta skapaði hættulegt fordæmi, vil jeg benda á, að þetta er ekki rjett, því það er alllangt síðan embættismaður nokkur fjekk að halda fullum launum meðan hann var utan, en ríkið borgaði manni þeim, sem gegndi embættinu á meðan, og síðan hafa fleiri fengið hið sama. Ef því það eru fordæmi fyrir þessu, þá finst mjer háttv. þm. ættu að vera fegnir að fá tækifæri til að samþykkja þetta, því hjer er einmitt verið að breyta fordæminu. Því áður fengu embættismenn ríkisins að halda fullum launum sínum, en ríkissjóður borgaði mönnum fyrir að gegna störfum þeirra meðan þeir voru forfallaðir. Hjer er ekki farið fram á neitt þess háttar, og ættu því háttv. þm. að veita þessu góðan atbeina, þar sem hjer er haldið inn á nýja braut með þessa sjúkrastyrki. Mjer þætti og allundarlegt, ef Alþingi, sem áður hefir veitt embættismönnum fulla sjúkrastyrki, eins og jeg var að taka fram, yrði nú á móti ⅓ styrks til þess mannsins, sem alþingismenn þekkja best og síst mun vera illa kyntur hjá þeim.

Þá var það hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ). Hann byrjaði, að mjer fanst, ræðu sína dálítið undarlega, er hann sagði það hafa fljótt sýnt sig, að þegar þetta fjáraukalagafrv. var loksins komið fram, þá hefði það haft lík áhrif og þegar flóðstífla bilar einhvers-

staðar. Jeg veit nú varla, hvaða stífla það gæti verið, sem hefði nú bilað, nema það þá væri, að tappinn hefði farið úr hæstv. stjórn. Hæstv. stjórn er hjer með hæstar tillögur til fjárveitinga, þ. e. um 240 þús. kr.; fjárveitinganefnd með um 55 þús. kr., og einstakir þingmenn um 70 þús. kr. Mjer finst, að stjórnin hefði átt að gleðjast yfir þessu fyrirkomulagi, vegna þess, að allar þessar fjárveitingar hefðu annars orðið að koma inn í fjárlögin, og get jeg ekki sjeð, hvernig nokkur maður gæti hugsað sjer að setja þetta alt inn í fjárlögin og breyta þannig útliti þeirra ranglega. Þá get jeg og ekki skilið annað en að stjórnin hefði þóst þurfa samþykkis þingsins t. d. til 75 þús. kr. gengismunar á vitabyggingafjenu. Þessi gengismunur stafar frá árinu 1922, og er undarlegt, að það skyldi ekki koma fram sem brtt. við fjáraukalögin fyrir 1922. Þá þykja mjer og undarlegar undirtektir háttv. 1. þm. Skag. (MG), því mjer skildist hann hafa á móti því, að fjáraukalagafrumvarp þetta kæmi fram. Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna hann vill ekki veita stjórninni heimild um þetta, hvers vegna hann vill heldur láta greiða þetta í heimildarleysi.

Hæstv. atvrh. (KlJ) vildi slaka til á sínum fjárbeiðnum, ef aðrir þm. og fjvn. vildu gera það sama; t. d. að slaka til með styrkinn til endurbyggingar sjómannaskýlisins; en þetta er enginn afsláttur frá sjónarmiði nefndarinnar, þar sem hún sjer ekki ástæðu til að veita þetta fje nú, enda getur þetta hús, að áliti vitamálastjóra, staðið nokkur ár enn þá. En fjvn. veit, að það þarf að gera þar við staura og sjómerki. Fjvn. er því á móti þessu, en að öðru leyti fellst hún á brtt. hæstv. ráðherra (KlJ). Viðvíkjandi því, að fjvn. taki aftur eitthvað af sínum brtt., þá er hún ófáanleg til þess, því að hún hefir aðeins tekið þær fjárgreiðslur til greina, sem hún telur óhjákvæmilegar. Þá telur hæstv. ráðherra (KlJ) tillöguna um Breiðafjarðarbátinn gerða samkvæmt till. fjvn. Það er rjett, að fjvn. vill leyfa þetta, en hún á ekki frumkvæði að þessu. Þó fer jeg ekki í matning um þetta atriði, úr því fjvn. hefir fallist á þetta til samkomulags.

Þá eru það alveg nýjar upplýsingar, sem hæstv. ráðherra (KlJ) hefir gefið Alþingi um kjör vitavarða. Bæði Alþingi og öðrum var það áður ókunnugt, að vitaverðir hefðu frían bústað og oft jarðarafnot, auk launa. En fjvn. vill ekki styðja að því, að keypt verði húsið á Garðskaga. Vjer vitum, að þessi vitavörður var ráðinn til starfans með sömu kjörum og fyrirrennari hans, og þarf hann því eigi að vænta, að hann fái meiri hlunnindi en áður hefir tíðkast. Þá er og fjvn. ekki sannfærð um, hvort þetta sje sannvirði hússins, er hún hefir heyrt þess getið, að hús þetta sje alls eigi sem álitlegast.

Kem jeg þá að till. hæstv. ráðherra (KlJ) um vitabyggingarnar við innsiglinguna til Berufjarðar, og mjer liggur við að segja, að það hefði síst mátt vænta slíkra tillagna frá nokkurri stjórn; ekki vegna upphæðarinnar, heldur vegna hins, að maður álítur, að það eigi að halda gerða samninga. Þegar Alþingi veitir loforð um styrk, gegn vissum ákveðnum skilyrðum, sem svo eru síðar rofin, þá má búast við, að ef slíkum samningsrofum er gefinn byr undir báða vængi, þá muni mörgum ef til vill þykja allvíða ótryggilega um hnútana búið í fjárlögunum, og getur þetta haft illar afleiðingar, og þær með afbrigðum.

Þá hefir og háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og eins hæstv. ráðherra (KlJ) gleymst að geta þess gagnvart þessum vitabyggingum, að þær hafa alls eigi farið varhluta af opinberu fje, þar sem Fiskifjelag Íslands hefir lagt fram fje til þeirra, en það hefir ekki fje til umráða annarsstaðar frá en úr ríkissjóði. Jeg býst við, að hæstv. ráðherra (KlJ) viti um ýmsa aðra vita, t. d. á Norðurlandi, sem bygðir eru gegn svipuðum skilyrðum, og er það þá líklega tilætlunin að taka á sama hátt þátt í byggingarkostnaði þeirra líka.

Um styrkinn til þessa ullariðnaðarnema á Englandi vil jeg tilkynna hæstv. ráðherra (KlJ), fyrir hönd fjvn., að henni þykir hann of hár, borinn saman við aðra námsstyrki. Samkvæmt skýrslu hæstv. ráðherra (KlJ) lítur út fyrir, að stjórnin, og þá Alþingi, ef það samþykkir þetta, hafi ákveðið, að reisa skuli þessa stóru ullarverksmiðju, sem lýst hefir verið. Að minsta kosti skildi jeg það svo. Því er eigi þannig varið, að fjvn. þyki eigi gott, að til sje lærður maður í þessum efnum, en þessi upphæð er svo há, að nefndin vill ekki fallast á hana.

Þá benti hæstv. ráðherra (KlJ) rjettilega á ósamræmi, er væri í ýmsum styrkveitingum til prestsekkna. Jeg hefi tekið það fram áður, að þetta getur vel verið, en er ekki sök Alþingis. Það hefir verið reynt að meta ástæður í hverju máli og alls eigi verið tekið tillit til, hverra ekkjur ættu í hlut, en einvörðungu farið eftir fjárhagsástæðum umsækjenda. Væri það mannúðarverk af hendi stjórnarinnar að láta rannsaka þetta mál nánar, til þess að koma meira samræmi á í næstu fjárlögum.

Háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) get jeg glatt með því, að fjvn. fylgir eindregið varatillögu hans, og vænti jeg því, að hann falli frá aðaltillögunni, þegar svona vel hefir verið við þessu vikist af fjvn.

Jeg get að nokkru leyti tekið undir með háttv. þm. Dala. (BJ) um að vera á móti till. hv. þm. Borgf. (PO). Jeg get ekki sjeð, að það sje rjett að krefja um þessa litlu upphæð, sem er eitthvað um 1500 kr., þar sem þessi maður hefir nú vikið úr ráðherrasessi og öllum er það vitanlegt, að aðstaða hans til þessa embættis var miklu verri en hinna annara, er það höfðu á hendi. Enn fremur er það alkunnugt, að enginn ráðherra getur lifað af launanum einum. Meiri hluta fjvn. finst því óeðlilegt að krefjast þessarar upphæðar. En háttv. þm. (PO) er líka opin leið með þetta til landsdóms, ef hann vill, enda lítur svo út, að það sje tilgangur hans, er hann segir, að eigi sje enn fengin full kvittun þessa máls, þótt þetta gyldist.

Þá vil jeg víkja að brtt. háttv. þm. Barð. (HK). Þar veit jeg ekki um afstöðu allrar fjvn., um þessa nýju tillögu hans, en um þá eldri get jeg sagt það, að fjvn. tók henni vinsamlega og verð jeg henni meðmæltur, eins og jeg var við umræður um fjárlagafrv. fyrir árið 1924.

Þá var það 1. þm. Reykv. (JakM), og þarf jeg ekki að rökræða við hann um þessa brtt. hans, en vil aðeins drepa á styrkinn til Páls Vigfússonar. Jeg er þessu máli eigi óhlyntur, en vegna orða þessa háttv. þm. vil jeg beina þessu til deildarinnar:

Jeg vil undirstrika það, að jeg tel sjálfsagt, að einskis manns atkvæði í þessu atriði standi að nokkru í sambandi við hina ósæmilegu og ranglátu árás á Vífilsstaðahælið, sem framin hefir verið, enda

þykist jeg vita, að tilgangur flm. sje engan veginn sá.

Þá er jeg með styrknum til Elínar Sigurðardóttur. Þingmaðurinn (JakM) sagði, að hún kæmist ekki undir berklavarnalögin, er hún væri eigi á því stigi veikinnar, en það er ekki rjett. Lögin taka til allra. Hún er nú á spítala, kostuð af opinberu fje, og verður að vera þar áfram, og er þetta því sparnaður, þar sem þessir sjúklingar verða ekki reknir af spítölunum, en engin hæli til fyrir þá, sem ekki beint þurfa sjúkrahúss eða hælis með. En jeg hafði hugsað mjer, að þessi upphæð hefði mátt vera eitthvað lægri, t. d. 600 kr., og mundi þó koma að gagni.

Um tillöguna á þskj. 405,XXI skal jeg geta þess, að fjvn. bjóst við, að sú till. mundi koma frá hæstv. stjórn. En sú hefir ekki raun á orðið, heldur valin þessi leið.

Þá hafa komið nokkrar till. um að veita stúdentum erlendis námsstyrki. Get jeg tekið alla þá styrki undir eitt og lýst yfir, að nefndin verður á móti þeim. En hún mun koma fram með till. við næstu umr. um, að stjórninni verði heimilað að veita stúdentum erlendis lán til lokanáms, á sama hátt og við fjárlögin. (*Forsrh. SE*: Á að heimta veðtryggingu í fasteignum? Ef svo er, þá er lánsheimildin alveg þýðingarlaus). Nefndin hefir ekkert talað um það, en ábyrgð sýslufjelaga ætti að vera jafntrygg og fasteignaveð, og jafnvel ábyrgð einstakra manna ætti að mega taka gilda í sumum tilfellum.

Þá eru 2 brtt. frá meiri hluta sjútvn. Viðvíkjandi fjárveitingunni til Bjarna Sæmundssonar, þá mun nefndin vera henni meðmælt eins og við fjárlögin. Hinni till., um hækkun á launum tveggja yfirfiskimatsmanna, er nefndin hins vegar mótfallin. Er það af þeim ástæðum, sem jeg hefi áður tekið fram, að nefndin vill ekki, að verið sje að breyta launalögunum með ákvæðum í fjárlögunum. Ef ástæða þykir til breytinga, þá á að fara frumvarpsleiðina og breyta með sjerstökum lögum.

Um brtt. frá háttv. 4. þm. Reykv. (MJ), á þskj. 426, skal jeg einungis geta þess, að nefndin er þeim öllum mótfallin, nema um varatill. við c-lið hefir hún óbundnar hendur.

Skal jeg svo ekki tefja tímann lengur. Nefndin mun með atkvæði sínu skýra frá áliti sínu á þeim till., sem jeg hefi ekki minst á.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hv. þm. N.-Ísf. (SSt) beindi að mjer þeirri fyrirspurn, hvort ekki sje tilætlunin, að styrkur sá, sem jeg fer fram á að veittur sje Breiðafjarðarbátnum Svan, eigi að ganga upp í skuldir hans. Jú, það er meiningin, að svo verði. Stjórninni hefir verið tjáð, að fjárhagur fjelagsins sje í því öngþveiti, að það fái ekki lengur risið undir skuldunum. Eru sumir sýslunefndarmenn við Breiðafjörð orðnir persónulega ábyrgir fyrir skuldum fjelagsins, einungis sakir stöðu sinnar. Fyrst kom tillaga um 18000 króna styrk, en það varð að samkomulagi í háttv. fjvn., að veittar yrðu 16000 kr., 10000 í fjáraukalögunum og 6000 í fjárlögum næsta árs. Háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) áleit ekki skyldu þingsins að hlaupa undir bagga hjer í þessu tilfelli, því skuldirnar væru komnar sökum óhagsýni og fyrirhyggjuleysis fjelagsins, og það mundi draga dilk á eftir sjer. Ef svo væri, mundi jeg vera á sama máli og hann. En jeg álít, að svo sje ekki. Atvik geta legið svo til, að nauðsyn sje að leita til þingsins í svona tilfellum, og er honum að sjálf-

sögðu, sem elsta þingmanni nú, kunnugt um mörg slík tilfelli. Háttv. þm. (SSt) sagði, að líkt væri ástatt með Djúpbátinn; hann væri stórskuldugur, og að hann sæi sig tilneyddan að sækja um samskonar styrk handa honum, ef þessi verður samþyktur, enda þótt honum sje það óljúft. Jeg skil það vel, að hann sje tregur til þess, því að hann er kunnur að því að vera ekki áseilinn í fje handa sínu kjördæmi. En jeg get ekki sjeð, að hann sje neyddur til þess, ef hann álítur það ekki rjett. Jeg býst líka við, að þingið sýni fulla sanngirni, ef sömu ástæður mæla með styrkveitingu til þessa báts og til Svans.

Þá sný jeg máli mínu að ræðu háttv. frsm. (MP). Hann tók fyrst fram, að sjer þætti kynlegt, hvernig jeg hefði byrjað ræðu mína í gær. En jeg tók það beint fram, úr því stíflan hefði verið tekin úr, þá hefði stjórnin sjeð sig knúða til að bjarga sem mestu af fjenu til einhverra nauðsynlegra fyrirtækja, og að síðan hafi háttv. fjvn. riðið á vaðið.

Háttv. frsm. (MP) hjelt því fram, að jeg hefði með skýrslu minni málað fjárhagsástandið alt of svart. En jeg tók aðeins tölurnar eins og þær lágu fyrir. Tekjur ríkissjóðs þennan ársfjórðung eru altaf litlar, svo að ekki þarf að búast við breytingu til batnaðar fyrst um sinn. Og ríkisbókarinn, sem fengist hefir við það starf í mörg ár, segist oft hafa sjeð svart útlit með fjárhaginn, en aldrei sem nú. Það sje óhugsandi, að hægt sje að komast af, nema taka bráðabirgðalán með vorinu, sem borgast geti væntanlega upp í sumar. Fjárhagsástandið er ekki of svart litað, heldur mun svo reynast, að fjárhagurinn er enn erfiðari en menn gera sjer í hugarlund.

Þá mintist háttv. frsm. á einstaka liði. Um Svan þarf jeg ekki að ræða frekar; þar vorum við á sama máli, háttv. frsm. og jeg. Viðvíkjandi brtt. um að kaupa hús ásamt lóðarrjettindum, túni og girðingum við Garðskaga, þá er það kunnugt, eins og áður hefir verið tekið fram, að ýmsir vitaverðir hafa fría íbúð og lóðarrjettindi. Háttv. frsm. sagði, að núverandi vitavörður væri ráðinn með sömu kjörum og fyrirrennari hans. Það mun nú að vísu vera rjett, en launin eru lág, og auk þess fordæmi frá öðrum vitum, svo að þetta er ekki nema sanngjarnt, enda hefir vitamálastjóri mælt með því, og hann álítur vel viðeigandi, að ríkið kaupi húsið, sökum þess að í því sje einnig fólgin viðurkenning gagnvart erfingjum fyrverandi vitavarðar. Annars legg jeg ekki mikið kapp á þennan lið.

Þá kem jeg að feitasta stykkinu, fjárveitingu til vitabygginga, vegna gengismunar, 75000 kr. Hjá þessu var ekki unt að komast. Háttv. frsm. (MP) þótti undarlegt, að þetta skyldi ekki koma í fjáraukalögin 1922. En það er ekki von til þess, að það kæmi þar, því það er ekki búið að borga þetta enn, og mjer var ókunnugt um þessa upphæð til skamms tíma. Þetta fór í milli fjármálaráðherra og vitamálastjóra, og skýrði hann mjer nýlega frá því. Er það því ekki mjer að kenna, þótt það sje ekki fyr fram komið.

Jeg gat þess í ræðu minni í gær, að jeg gæti fallið frá því, að veitt yrði fje til endurbyggingar sjómannaskýlis á Kálfafellsmelum í ár, þótt skýlið sje mjög ljelegt. En mjer skildist á hv. frsm. (MP), að hann hefði það eftir vitamálastjóra, að húsið væri vel stæðilegt. Jeg get ekki sagt neitt um þetta hús af eigin þekkingu, en vitamálastjóri skýrir svo frá því skrif-

lega, að húsið sje svo ljelegt, að það *geti fokið hve nær sem er;* svo þetta er beint ofan í ummæli háttv. frsm. (MP). Það er þó ekki útilokað, að það geti lafað eitthvað, og því get jeg fallist á, að það sje látið bíða eitt ár enn. En staurarað̈irnar og sjómerkin er bráð nauðsyn til að sett sjeu nú þegar.

Háttv. frsm. (MP) þótti styrkurinn til Þorvalds Árnasonar alt of hár. Jeg skal viðurkenna, að mjer þykir hann einnig nokkuð hár, en jeg þykist vita, að hann megi ekki vera minni, ef hann á að koma að notum. Þorvaldur skrifar, að hann komist ekki af með minni styrk, ef hann eigi að ljúka námi, og að hann hafi ekki í önnur hús að venda, til þess að fá fje, því að hann eigi enga vini eða vandamenn, er geti styrkt hann til fulls. Þessi maður er búinn að vera lengi við nám og hefir þegar lokið mjög góðu prófi í London. Finst mjer því sjálfsagt að veita honum annaðhvort svo mikinn styrk, að hann geti lokið námi, eða þá alls ekki neitt. Þar sem háttv. frsm. (MP) hjelt því fram, að með þessu væri slegið föstu, að stofnuð yrði heljarmikil ullarverksmiðja, þá er auðvitað alls ekkert ákveðið með þessari styrkveitingu. En hins vegar virðist mjer alt stefna að því, að þess verði ekki langt að bíða, að slík verksmiðja komist hjer á fót, og að ekki líði mörg þing áður til slíkra framkvæmda komi. Er þá gott að hafa færan íslenskan mann við hendina, sem veitt gæti verksmiðjunni forstöðu.

Þá talaði háttv. frsm. (MP) að lokum um það, að það hefði frekar átt að vera stjórnin en háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem kæmi fram með brtt. viðvíkjandi greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar á Hallormsstað. Jeg álít, að mjer hafi ekki borið nein skylda til þess, heldur þvert á móti. Fylgi jeg þar þeirri góðu reglu, sem fylgt hefir verið undanfarið, að ein stjórn ónýti ekki það, sem önnur eldri hefir ákveðið. Guttormur Pálsson skrifaði upphaflega til stjórnarinnar og fór fram á 5500 króna styrk til byggingar á Hallormsstað. Var það eftir sundurliðaðri áætlun Sigurðar Björnssonar trjesmiðs á Seyðisfirði. Var þetta borið undir Jóhann Kristjánsson húsagerðarmeistara og samþykt af honum, og fjelst stjórnin þá á að veita þennan styrk. Seinna kemur skeyti frá Guttormi, þar sem hann fer fram á, að veittar verði 2000 krónur í viðbót. Á þetta skeyti er skrifað af stjórninni: „Þessu neitað". Eftir að jeg varð ráðherra hafa engin skeyti eða tilmæli borist til stjórnarinnar, svo jeg viti til, og því engin ástæða fyrir mig að taka þetta upp.

Jeg hefi þá minst á þau atriði, sem mig snerta. En jeg ætla þá að ganga lítið eitt út fyrir minn verkahring, ef jeg mætti komast svo að orði, og minnast á brtt. XV á þskj. 405, frá minni hluta fjvn., um styrk til hljóðfæraskólans í Reykjavík, 1000 krónur. Eins og háttv. þdm. er kunnugt, hefir verið komið hjer á stofn hljóðfæraskóla, fyrir mikinn og lofsverðan áhuga nokkurra manna hjer í bæ. Hefir nú verið fenginn þýskur kennari til skólans, sem hefir komið mjög góðu lagi á hann, svo að hljóðfæraflokkurinn hefir tekið miklum framförum og eflst mjög, ekki einungis að mannfjölda, svo að þeir eru nú yfir 20, í stað 7 eða 9 áður, heldur eru einnig hljóðfærin miklu margbreyttari en áður var. Þeir, sem stunda þetta, eru flestir fátækir iðnaðar- og skrifstofumenn, sem gera þetta í tómstundum sínum. Hafa þeir nýlega komið sjer upp húsi til æfinga og fengið til þess fría lóð, en eru illa staddir fjárhagslega. Þarf jeg ekki að taka fram, hve holl og hressandi áhrif góð sönglist hefir, og mun hennar

síst vanþörf í þessu landi. Þykir mjer því rjett, að landið leggi eitthvað af mörkum til þessa skóla, og leggur Reykjavík væntanlega sinn skerf til hans. Af þessum orsökum mæli jeg með því, að þessi styrkur verði veittur.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil taka fram til frekari skýringar viðvíkjandi brtt. II a á þskj. 405, um fjárveitingu til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Blönduósi, að það verð, sem hjer er miðað við á húsinu, er mjög lágt. Húsið er metið á 52 þús. kr., en verðið, sem sýslan galt fyrir það, er að mun hærra. Held jeg líka, að öll fjvn. hafi verið sammála um þessa till.

Jeg vil halda mjer við það, er jeg hefi áður getið um, að jeg ætla, að erfitt muni vera að fá ⅓ kostnaðar við sjóvarnargarðinn á Siglufirði greiddan af kaupstaðnum. Vitanlega er það rjett, að það er landið, sem setur Siglfirðingum skilyrði, en þeir ekki landinu. En þess ber að gæta, að Siglufjarðareyri er ríkiseign, og er það ekki einskisvert fyrir landið, hvernig um þá eign þess fer.

Jeg vil leyfa mjer að þakka háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) fyrir það, hve vel hann tók í brtt. mína, um að veita 15000 kr. til orðabókar Sigfúsar Blöndals. Hann talaði með svo miklum skilningi á málinu og veitti því svo mikinn stuðning, að mjer ætti að nægja að vísa til orða hans og þess, sem jeg sagði í gær. Þykist jeg vita, að háttv. deild muni skilja, hvílíkt þjóðnytjamál er hjer á ferðinni.

Þá vil jeg minnast á IX. brtt. á þskj. 405, um 5000 kr. til þess að bæta íslenskum námsmönnum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að. Háttv. þm. Borgf. (PO) mælti ekki á móti þessum lið, en kvað mundu veitast örðugt að láta þennan styrk koma rjett niður. Stjórnin mundi gera sjer alt far um, að þessum styrk yrði úthlutað sem rjettilegast, og gæti hún snúið sjer til trúnaðarmanna stúdenta, þeirrar nefndar, sem stýrir málefnum þeirra. Treysti jeg því fastlega, að sú nefnd mundi gefa stjórninni sem bestar upplýsingar í þessu efni. (*PO*: Hefir gengismunur verið greiddur af námsstyrk?). Mjer er ekki fullkunnugt um það, því að það kemur ekki undir mína deild, en jeg hygg þó, að svo hafi verið.

Jeg leyfi mjer enn að þakka hv. 4. þm. Reykv. (MJ) fyrir það, hve vel hann tók undir þessa tillögu. Enginn mun vera í vafa um það, að það er alveg nauðsynlegt, að ýmsir stúdentar stundi nám erlendis. En þeir eiga mjög erfitt uppdráttar allflestir. Í fyrsta lagi er mjög örðugt fyrir þá að afla sjer nauðsynlegs fjár, og við þetta bætist hinn mikli gengismunur, sem þeir verða að greiða. Þeir, sem stundað hafa nám í Kaupmannahöfn meðan gengismunur var enginn, geta best dæmt um þetta. Jeg hefi fengið vitneskju um, að meðal stúdenta í Kaupmannahöfn gengur yfir hreinasta hestraralda. Stúdentar, sem þar eru, leggja óvenjulega mikla alúð við nám sitt, og er því meiri ástæða til þess að rjetta þeim hjálparhönd og veita þeim þessa litlu upphæð, meðan þeir eru að búa sig undir að taka við störfum fyrir þjóðina. Jeg vona því, að þessari brtt. verði vel tekið, en sjálfsagt er að gæta allrar sanngirni við úthlutun þessa fjár.

Jeg tók fram í fyrir háttv. frsm. (MP), þegar hann sagði, að fjvn. mundi snúa styrkjum til ýmsra námsmanna, sem veittir hafa verið stundum í fjárlögum, upp í lánsheimild þeim til handa. Jeg játa, að jeg hefi ekki rannsakað allar

tryggingar, sem ríkissjóður heimtar fyrir lánum, en venjulega mun krafist fasteignatryggingar, nema þegar um ábyrgð fyrir sveitarfjelög er að ræða. Það kom einu sinni fyrir, að manni nokkrum var, eftir tillögum fjvn., veitt lán til þess að nema umbúðasmíði. Var þá krafist fasteignatryggingar, og er mjer kunnugt um, að maður þessi átti ákaflega erfitt með að fá slíka tryggingu. Ef ætlast er til, að fasteignatryggingar verði heimtaðar af stúdentum, yrðu þessar ábyrgðir algerlega gagnslausar. Ef þessir menn eiga nóg af veðum, þyrftu þeir alls ekki að snúa sjer til Alþingis. Jeg vil taka þetta greinilega fram, til þess að fjvn. gefist tilefni til að athuga, hvort hún vill gefa bendingu í þá átt, að ekki þurfi í þessum tilfellum að ganga eins ríkt eftir tryggingunum og venja er til.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka nú til máls, en þar sem enginn annar ætlar sjer að tala, ætla jeg að fara fáeinum orðum um nokkur atriði. Það er þá fyrst að minnast á brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), og legg jeg fastlega með þeirri hækkun, sem þar er farið fram á á starfsmannalaunum við símann, því að margir þeir, sem við hann starfa, eiga við þröngan kost að búa. Annars er jeg heldur á móti öllum launahækkunum. Jeg hefi heyrt marga telja það rjettmætt, að símastúlkum væri bætt upp, og er það að vísu rjett, en það er ekki rjett, að símaþjónar hafi nægileg laun. Þau eru svo illa viðunandi, að ef þeim býðst vinna annarsstaðar, þá eru þeir óðara farnir. Eins og kunnugt er, hafa þeir ekki nema 250 krónur í mánaðarlaun með dýrtíðaruppbót. Þá ætla jeg að minnast á aðra brtt. sama hv. þm. (JakM), sem virðist koma með sjerstaklega sanngjarnar tillögur að þessu sinni. Þessi brtt. er undir staflið XXII og fer fram á eftirlaun eða ellistyrk til ekkjunnar Ragnheiðar Gísladóttur. Jeg heyrði í gær, að hæstv. atvinnumálaráðherra fann að því, að ekkjum skyldi vera veittur styrkur án þess að taka tillit til, hvort menn þeirra hafi verið merkismenn eða ekki. Hvað sem um það er, þá finst mjer, að ekki eigi síður að taka tillit til, hvort konurnar hafi verið merkiskonur eða ekki. Og það er fullvíst, að prestsekkja sú, er hjer um ræðir, er mesta fyrirmyndarkona, er bjó með prestinum mesta rausnarbúi, eftir að hann var orðinn hrumur og til engra hluta fær, og eftir að hún varð ekkja hefir hún búið góðu búi, svo að með sanni mætti hún vera þjóðarstolt. Þessar 300 kr. eru aðeins örlítill hluti af öllu því, sem hún hefir lagt til ríkisþarfa.

Svo að jeg komi nær sjálfum mjer, ætla jeg að minnast svolítið á brtt. mína viðvíkjandi styrk til að dýpka innsiglinguna á Stokkseyri. Deildarmenn muna sjálfsagt það, sem jeg sagði í fyrra um þetta mál, og finst því kannske núna lítil ástæða til að skýra nánara frá málavöxtum. Kringumstæðurnar hafa að ýmsu leyti breyst, sjerstaklega hvað snertir fjárstyrk þann, er menn bygðu á til þessa þarfa fyrirtækis. Það var von á styrkveitingum frá sýslunni, Fiskifjelagi Íslands og mótorbátaeigendum, en loforð um það hefir ekki fengist formlega fyr en nú, og er því nú ekkert í veginum í því tilliti með að taka til starfa. Nú eru menn vissir um að fá þennan fjárstyrk, og er í ráði að byrja verkið í júlí á þessu sumri, en þá væri bagalegt, ef sá styrkur, sem farið er fram á að veita úr ríkissjóði, yrði ekki veittur. Jeg er þess fullviss, að háttv.

deild sje samþykk þessari styrkveitingu, því að það hafa heyrst víða raddir um það, hversu mikil nauðsyn væri á að hrinda þessu í framkvæmd. Meðal þingmanna hefir mjer fundist góður byr með þessu máli, og er jeg fyllilega samþykkur því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) sagði, að fje væri hvergi betur varið af oss Íslendingum en í sjónum, ef til nota kæmi. Þarf jeg svo ekki að fara frekari orðum um þetta, því að jeg þykist viss um, að háttv. þingdeild sje ákveðin í að samþykkja þessa brtt. Jeg lít svo á, að það beri að leggja fje til að vernda líf og hagsmuni sjómannastjettarinnar, þar sem hún gefur langmest í ríkissjóð. Og þótt peningum megi heita mjög vel varið til að efla listir og mentir, þá tel jeg þó brýnni nauðsyn að styrkja sjómannastjettina íslensku.

Jón Sigurðsson: Jeg get haft nokkuð annan formála fyrir minni ræðu en sumir hv. þm. hafa haft undanfarið, því að jeg á enga brtt., og get því talið mig í hópi þeirra fáu hamingjusömu manna, sem þannig er ástatt með. Jeg verð þó að minnast á nokkur atriði í fjáraukalagafrv., til þess að gera grein fyrir mínu atkvæði, þar eð jeg hefi að nokkru leyti sjerstöðu í fjvn. Enn fremur voru það nokkur atriði, sem hv. frsm. (MP) hefir gengið fram hjá og í mínum augum eru ekki óveruleg atriði.

Jeg vil þá fyrst snúa mjer að því, sem hæstv. forsrh. (SE) mintist á viðvíkjandi styrk til námsmanna erlendis og gengismun, sem þeim skyldi greiddur vera af öllum fjársendingum hjeðan heiman að. Eftir því sem jeg best veit, og samkvæmt þeim upplýsingum, sem stjórnin hefir gefið, hafa íslenskir námsmenn erlendis fengið alla námsstyrki úr ríkissjóði greidda í dönskum krónum, þ. e. ríkissjóður borgað gengismuninn, svo að námsstyrkurinn hefir þess vegna orðið mun hærri en fjárlögin heimila. En það er ekki einu sinni látið staðar numið við þetta, heldur á nú ríkissjóður, samkvæmt tillögunni, að borga líka gengismuninn á því fje, er námsmenn, stúdentar, fá frá vandamönnum sínum. En hjer er of langt gengið. Það má t. d. benda á, að það er vafasamt, hvort hægt sje að nema staðar við stúdenta eina. Ýmsir aðrir en þeir, sem eru útskrifaðir af mentaskólanum, stunda nú nám erlendis, sem er engu síður mikilsvert, eða jafnvel margfalt þýðingarmeira; svo er um verklegt nám, ýmiskonar nám við búnaðarháskóla o. fl., en þeir menn þurfa ekki stúdentspróf til framhaldsnáms. Mjer sýnist, að hjer sje verið að opna svo víðar dyr og stofna til svo verulegs útgjaldaauka, að jeg vona, að háttv. þm. athugi það í tíma. Rjettast þætti mjer, úr því sem komið er, að það væri staðar numið við það, að ríkissjóður greiddi námsstyrkina í fjárlögunum í dönskum krónum; hygg, að námsmenn okkar megi við það una.

Hjer liggur sömuleiðis fyrir tillaga frá hæstv. forsrh. (SE), um að veita ákveðna upphæð, mig minnir 7500 krónur, til að senda fulltrúa á fundi erlendis. Taldi hann, að um þetta myndu sækja sjálfsagt 9—10 menn (*Forsrh. SE*: Jafnvel fleiri.) eða fleiri, en þó þar með taldir allir, sem gætu komið til mála. Einnig taldi hann þetta brýna þörf. Jeg er nú farinn að þekkja þetta orðatiltæki, þegar verið er að sækja um fje til þingsins: það heyrist í hverju máli. En mjer verður fyrst fyrir að spyrja: Hver hefir árangurinn orðið af sendiferðum þeim, sem þegar eru farnar? Síðan jeg kom á þing hefir árlega verið veitt fleirum eða færri fje til utan-

fara á ýmsa fundi erlendis, en jeg hefi ekki orðið var við, að af þeim hafi orðið nokkur árangur. Meira að segja man jeg ekki til þess, að einn einasti hafi gefið opinbera skýrslu um ferðir sínar, en það virðist þó vera það fyrsta og minsta, sem slíkir menn ættu að gera. Mjer virðist ástæða til að ætla, að allar þessar utanferðir sjeu miklu frekar skemtiferðir fyrir einstaka menn heldur en nauðsynjaferðir. Þess vegna greiði jeg óhikað atkvæði á móti þessari tillögu.

Þá er það 3. liður, sem er enn fremur borinn fram af hæstv. forsrh. (SE), og er um styrk til orðabókar Sigfúsar bókavarðar Blöndals. Af plöggum þeim, sem legið hafa fyrir fjárveitinganefndinni, virðist það fullsýnt, að orðabókin geti komist út og verði seld með hæfilegu verði, ef með hana er farið á venjulegan hátt, það er útgáfurjetturinn seldur í hendur forlagi, sem ber svo allan kostnað af útgáfunni. En höfundarnir hafa í stað þess fundið upp á því að láta orðabókina kosta sína eigin útgáfu. Þessi 15 þús kr. styrkur er því ekkert annað en að leggja í sjóð til þess að halda slíkum málfræðirannsóknum áfram. En hverjum er þetta skyldast? Jeg hefi litið svo á, að orðabókin væri ekki samin handa Íslendingum, heldur fyrst og fremst handa Dönum. Jeg veit um orðabækur, svipaðar þessari, sem gefnar hafa verið út á erlendum tungum án nokkurs stuðnings frá Íslendinga hálfu. Þær þjóðir, sem slíkt hafa gert, hafa ekki sótt um styrk í þeirra þágu til okkar. Mjer virðist því málið þannig vaxið, að Dönum beri fyrst og fremst að kosta verkið, því með því er unnið mikið í hag hinnar dönsku þjóðar og danskra bókmenta. Tilboð Dana um 25 þús. króna styrk til orðabókarinnar, ef við leggjum fram 15 þús. á móti, er vitanlega ekkert annað en kænleg tilraun til að pressa út úr okkur fje, enda er þetta tilboð notað óspart af stuðningsmönnum þessa máls til þess að knýja menn til fylgis því. Þess ber líka að gæta, að við erum að vinna að orðabókarstarfi hjer heima fyrir sem krefst mikils fjár, og þótt jeg hafi ekki verið í tölu þeirra, sem barist hafa fyrir orðabókarstyrknum til Jóhannesar Lyngs, þá tel jeg þó miklu nær að styðja fyrst þá starfsemi hjer heima fyrir, áður en menn fari að seilast lengra. Jeg mun því greiða atkvæði móti þessari tillögu.

Þá langar mig til að gera eina fyrirspurn til hæstv. atvrh. (KlJ) um, hvernig það er með innkaup þau, er vitamálastjóri hefir gert á efni til vitabygginga, hvort hann leiti jafnan til Svíþjóðar með þau. Tillögur stjórnarinnar bera það með sjer, að 75 þús. kr. hafa farið eingöngu í gengismun, vegna þess að vitamálastjóri, undir umsjón stjórnarinnar, hefir keypt áhöld til vitanna í Svíþjóð, en sænsk króna hefir lengi jafngilt 1 kr. og 60 au. íslenskum; það sýnist lítil hagsýni í slíkum kaupum, þegar hringinn í kring um okkur eru lönd, sem hafa lægra gengi, jafnvel miklu lægra en við, t. d. Þýskaland, svo ef til vill hefði alveg mátt spara landinu þennan gengismun; en 75 þús. eru þó enginn smáskildingur. Það er að minsta kosti alveg óverjandi, að slíku haldi áfram, úr því að bæði þing og stjórn eru búin að reka sig á, án þess að reynt verði annarsstaðar fyrir sjer. Vitanlega þýðir ekki að sakast um orðinn hlut, en þetta er svo stór upphæð, að sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki sje hægt að festa hagkvæmari kaup annarsstaðar.

Þá er ein brtt. enn, sem í raun og veru er enginn nýr gestur, en samt hefir mjer og sjálfsagt mörgum öðrum ekki dottið í hug, að hún næði fram að ganga. Það

er uppbót á launum símafólks hjer í Reykjavík, rúmlega 17 þús. krónur, sem háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG) talaði svo fagurlega um. Mjer kom þessi brtt. á óvart, því að fyrir eitthvað viku var felt frv. í deildinni, er gekk út á það að greiða starfsmönnum ríkisins hjer í Reykjavík 15% aukalega dýrtíðaruppbót, og tók þessi uppbót einnig til símafólksins. En frv. þetta var felt með yfirgnæfandi meiri hluta, og var jeg einn í tölu þeirra, er það gerðu. En hvað skeður svo? Fám dögum seinna er svo samþykt tillaga, er fer í þá átt, að tekinn sje einn flokkur manna út úr heildinni, þ. e. símafólkið, og honum gert það hærra undir höfði en öðrum, að honum sje veitt jafnhá uppbót og þetta. Mun hún nema sem næst ⅓ af allri dýrtíðaruppbótinni, eftir því sem nefndin áætlar. Jeg var einn þeirra, sem greiddu atkv. móti frv., og enn þá síður get jeg greitt atkv. með þessari brtt., því hún er til þess eins að skapa misrjetti og greiða götu kröfum um launabætur frá öðrum starfsmönnum ríkisins á næsta þingi. Háttv. þm. Borgf. (PO) mintist lítillega á sjúkrastyrk til einstakra manna, og er þar skemst frá að segja, að jeg verð á móti öllum þeim styrkveitingum. Nú er jafnvel gengið svo langt, að bornar eru fram tillögur um sjúkra- og utanfararstyrki til einstakra manna, sem jafnvel hafa ekki verið einn einasta dag í þjónustu þess opinbera, og þótt jeg hafi ávalt verið andvígur þessum sjúkrastyrkjum, þá blandast mjer ekki hugur um, að það er þó nær lagi að styrkja starfandi embættismenn; ríkinu ber frekar skylda til þess heldur en að styrkja fólk, sem aldrei hefir verið í þess þjónustu. Með þessu er verið að skapa fordæmi, sem örðugt er að fullyrða um, hve mikið tjón getur leitt af sjer; sennilegast, að endirinn mundi verða sá, að á landssjóði lenti öll fátækraframfærsla. Að lokum vildi jeg spyrja hæstv. atvrh. (KlJ), hvernig því sje háttað, þegar ríkissjóður lætur byggja yfir skógarverðina, hvort þeir sæti hagstæðari kjörum en sveitaprestar, eða sjeu látnir borga vissan hundraðshluta af því, sem byggingin kostaði, eins og prestum er ætlað að gera. Það er ekki nein ástæða til að setja þessa menn skör hærra en sveitapresta, þar eð þeir hafa jafnt jarðir sem þeir til afnota. Að endingu skal jeg geta þess um tillöguna um að kaupa handrit prófessors Jóns J. Aðils, að þótt ástæða væri til þess, sem jeg dreg þó mjög í efa, þá sje jeg ekki, að því bráðliggi svo á, að það þurfi að standa í fjáraukalögum. Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um hinar einstöku tillögur, sem fyrir liggja, þótt jeg sje þeim flestum andvígur, en mun láta mjer nægja að sýna með atkvæði mínu, hverrar skoðunar jeg er um hverja einstaka þeirra.

Forsætisráðherra (SE): Af því að jeg býst ekki við að taka oftar til máls við þessa umræðu, vil jeg leyfa mjer að gera fáeinar athugasemdir nú þegar.

Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði, að ef farið væri út á þá breiðu braut að bæta stúdentum upp gengishalla, ættu þeir menn að njóta sama styrks, sem stunda nám við landbúnaðarháskólann. Jeg get fallist á þetta, því að hjer mun ekki vera að ræða um marga menn. Þessi upphæð, 5000 kr., er ekki áætlunarupphæð, og kemur því ekki mikið í hlut hvers eins, en þó mætti hún verða að nokkru gagni. Aðstandendur stúdentanna munu eiga nógu erfitt með að leggja þeim sæmi-

lega fjárhæð í íslenskum krónum, þó þeir losni við nokkuð af gengismuninum.

Þá vil jeg minnast á brtt. mína um 7500 kr. til þess að senda fulltrúa á fund erlendis. Svo mun verða álitið, að þetta sje gert í ósparnaðaráttina. En svo er ekki. Þetta er beinlínis gert í sparnaðarskyni. Þegar sótt hefir verið um ferðastyrk í gagnlegu augnamiði, hefir Alþingi samþykt það því nær undantekningarlaust. Nú liggja fyrir margar umsóknir; allar er ekki hægt að taka til greina, og þar sem nokkur vandi er að gera upp á milli þeirra manna, sem um styrkina sækja, þá virðist rjett, að þessi vandi sje lagður á herðar stjórnarinnar, heldur en að alt þingið fari í öllu annríkinu að gera upp á milli þessara manna. Þetta er að vísu vanþakklátt verk, en þó mun stjórnin ekki skorast undan að takast það á hendur. Á síðasta þingi var stjórninni falið annað svipað starf, en gegn mótmælum *mínum*, en það var úthlutun listamannastyrksins. (*PO*: Það tókst líka illa.) Áður hafði sjerstök nefnd haft það hlutverk, og var það fyrirkomulag tekið upp í fyrstu eftir tillögu frá mjer. Jeg mælti eindregið á móti því, að þessi nefnd yrði lögð niður, en því var ekki sint. Háttv. þm. Borgf. (PO) sagði, að úthlutunin hefði tekist illa. Jeg var sjálfur óánægður með hana, en þóttist ekki geta gert betur. Upphæðin var svo lítil, að úr mjög vöndu var að ráða, og þó að einhver kunni að segja, að þessi og þessi hefði átt að ganga fyrir, er það jafnan mikið álitamál. Ef jeg ætti að úthluta þessum styrk aftur, mundi jeg láta ýmsa njóta hans, sem afskiftir urðu í þetta sinn. Meðan upphæðin er ekki hærri en þetta, verða menn að skiftast á að njóta styrksins; sömu mennirnir geta ekki fengið hann ár eftir ár. En jeg væri mjög þakklátur, ef það ákvæði yrði aftur tekið upp í fjárlögin, að sjerstök nefnd skuli annast þessa úthlutun. Það má vel gera ráð fyrir því, að slík nefnd hefði að jafnaði betra vit á þessu en stjórnin, enda má altaf drótta því að hverri stjórn, að hún ljeti pólitískar ástæður ráða, þó jeg hafi ekki heyrt þá ásökun nú. Jeg vona, að háttv. 2. þm. Skagf. (JS) viðurkenni, að það væri sparnaður að því að ákveða utanfararstyrkinn á þennan hátt, en það væri betra fyrir stjórnina, að þingið sjálft úthlutaði honum, því að úthlutun stjórnarinnar gæti jafnan orkað tvímælis.

Þá kem jeg að orðabókinni. Jeg hefi þegar gert allrækilega grein fyrir þessari tillögu, en það var sjerstaklega eitt atriði í ræðu háttv. 2. þm. Skagf. (JS), sem jeg hjó eftir. Háttv. þm. lagði áherslu á, að bókin væri ekki fyrst og fremst fyrir oss Íslendinga. Þetta hygg jeg alrangt. Vjer höfum nú eignast sæmilega orðabók yfir mál vort í ræðu og riti, miklu nákvæmari og fyllri en mjer höfum átt áður. Orðabókin hefir vakið mikla athygli úti um lönd og aðdáun vísindamanna í þessari grein. Um hana hefir verið ritað mjög lofsamlega af vísindamönnum í Danmörku, Noregi, Þýskalandi og víðar, og hjer heima hafa birst lík ummæli frá manni, sem hefir mjög mikið vit á þessu. Þá stuðlar orðabókin betur að því en flest annað að auka þekkingu útlendinga á íslensku máli og lifnaðarháttum, bæði með beinum upplýsingum og í annan stað með því að gera útlendingum aðgengilegra að lesa íslensk rit. Loks stuðlar bókin mikið að því að efla vísindalegar rannsóknir á íslenskri tungu. Jeg hefi borið þetta undir sjerfróða menn, og taka þeir allir undir, að þetta sje rjett í alla staði. Skilningur þessara manna, sem anda og lifa í þessum vísindum, er sá, að orðabókin sje á marg-

víslegan hátt afarmikilvæg fyrir íslenska tungu og þjóðleg fræði.

Við þetta bætist, að með þessari fjárveitingu fást 25000 kr. annarsstaðar, sem orðabókin mundi verða af með öllu, ef þetta yrði felt. Þegar litið er á þetta, og svo hitt, hve afarmikla þýðingu bókin hefir fyrir tungu vora, virðist mjer vel til fallið að samþykkja þessa fjárveitingu. Með því er trygt, að stöðugt verði unt að vinna að þessu verki, án þess að nokkurt hlje verði á. Vona jeg, að jeg hafi með þessum orðum sýnt fram á, að þetta mál snertir þjóð vora sjerstaklega.

Jakob Möller: Jeg vil þakka ýmsum mönnum fyrir góðar undirtektir undir sumar brtt. mínar, og þá fyrst og fremst háttv. frsm. (MP) fyrir það, hve vel hann tók í brtt. á þskj. 405,V. Jeg vil leggja áherslu á það, sem jeg tók fram í fyrri ræðu minni, að jeg tel það illa farið, ef menn ljetu það nokkuð ráða um atkvæði sitt um styrkinn til Páls Vigfússonar, hvernig þeir líta á afstöðu hans til Vífilsstaðamálsins svonefnda. Jeg flyt ekki þessa tillögu í neinu sambandi við það mál. Jeg hefi áður haft persónuleg kynni af hælinu og af lækninum sjálfum fyrr og síðar, og hefi jeg ekki nema alt gott af þeim að segja. Hins vegar treysti jeg mjer ekki til að dæma um Vífilsstaðamálið af eigin reynd, því nú eru nokkur ár liðin frá því jeg hafði nokkur bein kynni af hælinu. En kunnugt er mjer þó um það, að nokkur óánægja hefir verið meðal sjúklinga á hælinu, en þó að sú óánægja væri órjettmæt og árásirnar á hælið óviðurkvæmilegar, þá má ekki láta þennan mann gjalda þess. Þó að árásirnar sjeu ósæmilegar, finst honum það ekki sjálfum, enda er þessi óánægja eldri en svo, að hann geti átt upptökin að henni. Þessari óánægju á hælinu má líkja við samblástur í skóla gegn yfirboðurum. Jeg þekki það af eigin reynslu, að menn líta öðruvísi á það, þegar þeir eldast. En meðan á því stendur, finst mönnum þeir hafa rjettan málstað. Og eftir þeirri viðkynningu, sem jeg hefi af þessum manni, efast jeg ekki um, að hann telji sig hafa haft rjett mál að verja. Jeg hefi heyrt ávæning af því, að hann hafi verið kjörinn talsmaður þeirra, sem óánægðir voru, nokkurskonar framsögumaður. Hann hefir því skoðað sig sem fulltrúa eða trúnaðarmann þeirra manna, og því talið sjer skylt að fylgja fram þeirra málstað sem einbeittast. Jeg teldi því mjög illa farið og engan veginn til að jafna yfir þessi mál, ef hann yrði nú látinn gjalda þessa. Hins vegar er hjer í raun og veru ekki um bein útgjöld að ræða, eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, þar sem hvort sem er yrði gefið með honum af opinberu fje.

Um hinn styrkinn undir sama lið er það að segja, að háttv. frsm. (MP) leiðrjetti missögn hjá mjer, er stafaði af ókunnugleika. Jeg hugði, að þessi kona ætti ekki kröfu til styrks samkvæmt berklavarnalögunum, en nú nýtur hún þessa styrks í sjúkrahúsi, og er greitt meira með henni en hjer er farið fram á. Þ[illegible] yrði því beinn sparnaður fyrir það opinbera að samþykkja þetta. En þar sem háttv. frsm. (MP) benti á, að lægri upphæð mundi nægja, skal jeg minna menn á, að þó að sjúklingar sjeu ekki smitandi, eins og þessi kona, þá er þó erfitt fyrir þá að fá góða vist. Þó að menn hafi læknisvottorð um, að þeir geti ekki smitað frá sjer, er fólk mjög hrætt við að taka þá. Jeg tel því litlar líkur til, að þessi kona geti komist af með minni upphæð. Jeg

skal endurtaka það, að hjer er í raun og veru um opinberan starfsmann að ræða, þó að hún væri það ekki um langan tíma.

Út af tillögu minni á þskj. 405,XII, um styrk til Ásgeirs Þorsteinssonar, gat hv. frsm. (MP) þess, að nefndin gæti ekki fallist á að veita slíkan styrk, en mundi koma með tillögu um lánveitingu. Jeg efast um, að slík lánveiting mundi koma að nokkru haldi, þó að hún yrði heimiluð. Jeg vil leyfa mjer að minna á ummæli hæstv. atvrh. (KlJ) í gær, er hann fullyrti, að ekki mundi verða auðið að veita eitt einasta lán. Hins vegar telur hæstv. forsrh. (SE) mikinn vafa á því, hvaða tryggingu ætti að heimta fyrir slíkum lánum, og gæti það atriði komið í veg fyrir allar þvílíkar lánveitingar. Verður því að ganga til atkvæða um þennan lið með það eitt fyrir augum, hvort maðurinn á að fá nokkurn styrk eða þá alls ekki og hvort háttv. deild vill stöðva þær tilraunir, sem hann ætlar að gera til þess að fullkomna sig í þeirri grein, er hann leggur stund á, svo að hann geti unnið landinu miklu meira gagn en þessari upphæð nemur. Það er sýnilega mjög mikilsvarðandi, að hann geti aflað sjer þeirrar verklegu fræðslu í þessu efni, sem hann hefir hug á. Hjer er verið að koma á fót ýmsum iðnaðarfyrirtækjum, og er ekki annars kostur en að fá útlendinga til að veita þeim forstöðu. Það hefir reynst misjafnlega; sum fyrirtæki hafa oltið um koll af því, að ekki var nógu vel vandað til forstöðumanna. Það er því ljóst, hve mikið ríður á því, að menn, sem veita slíkum fyrirtækjum forstöðu, sjeu nógu vel mentir í grein sinni.

Mjer dettur í hug, ef það þætti betra og aðgengilegra, að setja mætti inn við 3. umr. aths. um, að þessi styrkur yrði endurgreiddur, ef maðurinn starfar ekki hjer á landi, og að það skuli gert eftir ákveðið árabil. Þetta yrði þá einskonar lán, en kæmi þó fram með beinni útgjaldaskipun. Jeg skal geta þess, að maðurinn fór fram á hærri styrk, en jeg treysti mjer ekki til að fylgja því og varð að klípa af upphæðinni.

Þá mótmælti háttv. frsm. (MP) uppbótunum til yfirfiskimatsmannanna. En jeg verð að undirstrika það, að ef þessi launauppbót verður ekki samþykt, þá verður að gera ráð fyrir því, að fiskimatsmaðurinn í Reykjavík að minsta kosti segi upp starfinu. Hæstv. atvrh. (KlJ) lýsti því, hve illa gengi að fá matsmann í Vestmannaeyjum, þar sem við borð liggur, að matsmaðurinn segi upp starfinu vegna ónógra launa, og vafasamt að maður fáist til að taka við því nema gegn kauphækkun.

Yfirfiskimatsmaðurinn hjer í bænum á kost á töluvert betur launaðri stöðu annarsstaðar. Jeg bendi aðeins á nauðsyn þessa og hve slæm áhrif það hefir, ef uppbótin verður feld.

Jeg legg enn áherslu á, hversu þýðingarmikið fiskimatsstarfið er og hvað er í húfi, ef eftirlitið versnar. Eins og nú stendur, er íslenskur fiskur talinn besti fiskur í heimi, en álit hans á markaðnum veltur mest á matinu og er að mjög miklu leyti því að þakka.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að háttv. 2. þm. Skagf. (JS). Hann mælti á móti launauppbót til símameyjanna og taldi hana fjarstæðu, af því að frv. um aukna dýrtíðaruppbót til starfsmanna ríkisins hefði verið felt hjer í deildinni. En jeg hefi bent á, að þessar umsóknir komu fram áður en það var gert. Þessar óskir um launauppbót eru ekki fram komnar af augnabliksþörf, heldur af því, að símameyjarnar hafa um langan tíma haft

lægst laun allra opinberra starfsmanna. Og það er líka viðurkent, að engin sanngirni er í því, að stúlkurnar við bæjarsímann hafi lakari kjör en stúlkur við landssímann. Ætlast er til, að þessi viðbót fari mest til þeirra og geri þær jafnrjettháar kynsystrum sínum. Jeg skal minna háttv. þm. (JS) á það, að háttv. samþm. hans (MG) hefir áður vikið að því, að rjett mundi vera að veita þeim embættismönnum styrk eða uppbót, sem lakast verða úti vegna dýrrar húsaleigu, og gerði ráð fyrir að flytja till. í þá átt, eða styðja, ef hún kæmi fram frá öðrum. Þessi uppbót til símafólksins er alveg samskonar. Það getur ekki talist neitt aðalatriði, *af hverju* starfsmenn ríkisins verða þurfandi, hvort það er vegna ónógra launa eða of hárrar húsaleigu. En sje það sanngjarnt, að bæta öllum starfsmönnunum upp, sem við húsaleigudýrtíð búa, án tillits til þess, hver laun þeirra eru, þá er auðsætt, að lægst launuðu starfsmennirnir muni hjálparþurfa. Háttv. þm. (JS) mælti enn fremur á móti styrkbeiðni minni til handa Kvenrjettindafjelagi Íslands, á þskj. 430, og bar það saman við bændaförina, sem farin hefði verið styrklaust. Það má vel vera, að til sje þannig eitt dæmi eða tvö. En að því ber að gæta, að ef kvenfólkið á að sækja slíkan allsherjarfund í Reykjavík, þá þarf sterka hvatningu. Það er nú svo, að þær eru meira bundnar við heimilið en karlmennirnir. En það liggur í augum uppi, að ekki er síður nauðsynlegt, að kvenfólkið ferðist og fái útsýn í verkahring sínum en karlmenn; þess vegna virðist sjálfsagt að veita þennan styrk. Meiningin með þessum styrk er sú, að greiða nokkurn hluta ferðakostnaðar fundarkvenna og ef til vill að einhverju leyti dvöl þeirra í bænum. Styrkurinn er hverfandi lítill og þarf ekki að búast við honum í fjárlögum árlega. Verður þetta því að teljast til undantekningar.

Vænti jeg svo, að háttv. deild taki sómasamlega þessari styrkbeiðni.

Pjetur Ottesen: Það er aðeins stutt athugasemd út af þeim andmælum, sem tillaga mín hefir mætt. Má segja, að meiri hluti fjvn. hafi þótt mikils við þurfa, þar sem tveir gerðust framsögumenn gegn þessari tillögu; en það voru þeir hv. þm. Dala. (BJ) og hv. þm. Str. (MP). Það geta þó tæplega verið skiftar skoðanir um það, að fyrverandi fjármálaráðherra hafi ekki haft neina heimild til þess að ávísa sjer úr ríkissjóði þessari húsaleiguupphæð, og hið sama kom fram hjá háttv. þm. Dala. (BJ). Hann játaði, að hann hefði ekki sjálfur viljað gera þetta og mundi fyllilega hafa ráðið hverjum sem hefði verið frá því að aðhafast slíkt. Því undarlegra er að bregða mjer um svigurmæli. Það er sjálfsagt að krefjast endurgreiðslu á þessu fje, og jeg held því fram, að sú krafa sje einmitt fram komin á rjettum stað og tíma. Þar sem háttv. þm. Dala. (BJ) talaði í þessu sambandi um ofsókn frá minni hálfu, mætti fremur segja, að hann væri að ofsækja alment velsæmi með mótmælum sínum gegn þessari tillögu. Því að jeg geri ekki ráð fyrir, að hann líti svo á, að opinberir embættismenn eigi að fara þannig að, eða afla sjer aukatekna á þennan hátt.

Hinn eiginlegi frsm. fjvn., háttv. þm. Str. (MP), sagði, að þessi ráðherra hefði haft aðra aðstöðu og lakari en hinir ráðherrarnir. Jeg held, að hún hafi verið sú sama í því, að honum bæri að rækja trúlega stöðu sína og starf, og því meiri ástæða hefði verið til þess, að hann hefði

skilið stöðu sína svo, þar sem honum var falin umsjá með fje ríkisins. Jeg vil geta þess, að hæstv. stjórn hefir ekki minst á þetta mál nje látið þessa tillögu til sín taka, og af því dreg jeg, að fyrverandi ráðherra hafi ekki sjeð sóma sinn í því að greiða þetta fje áður en hann vjek úr ráðherrasessi. Jeg veit, að hæstv. stjórn muni telja sig fúsa á að krefja inn þetta fje. Deildarmenn munu minnast þess, að ráðherrarnir, bæði hæstv. forsrh. (SE) og atvrh. (KlJ), neyttu um daginn fyrsta færis til að skýra frá, að þeir hefðu ekki verið í vitorði með fjármálaráðherranum um þetta; hefi jeg orð þeirra ráðherranna fyrir því, að þeir álíta þetta óhæfuverk.

Jeg er ákveðinn í því að láta þessa tillögu ganga til atkvæða deildarmanna; kemur þá í ljós, hve mikla samúð þessi fjölþreifni ráðherrans í fjehirslu ríkisins hefir í þessari háttv. deild.

Hæstv. forsrh. (SE) mintist á gengismun á styrknum til stúdenta. Jeg varpaði fram spurningu um, hvort gengismunur hefði verið greiddur af stúdentastyrknum 1922, en fjekk ekkert svar við því. En jeg verð þó að ætla, að svo hafi verið. Þannig hefir 8000 kr. styrkurinn, sem ákveðinn var í fjárlögum, hækkað til muna; og þar eð þetta hefir verið gert, sem jeg ætla, þá er það í algerðu heimildarleysi. Og jeg tel ekki rjett nje ástæðu til að sinna tillögu hæstv. ráðherra um þetta efni. Enda er þá farið inn á mjög hæpna leið.

Sveinn Ólafsson: Jeg vildi aðeins leiðrjetta dálítinn misskilning í ræðu háttv. frsm. fjvn. (MP). Mjer fanst hann vilja halda því fram, að gengið væri á gerða samninga, ef veittur yrði 4000 kr. styrkur úr ríkissjóði til smávitanna við Berufjörð, eins og farið er fram á í till. frá hæstv. atvrh. (KlJ), á þskj. 405,VIII c. Þetta verður víst að skilja svo, að Suður-Múlasýsla hafi gert samning og skuldbundið sig til að byggja vitana, og gangi nú á þann samning með því að biðja um þennan styrk. En þannig er þó málið ekki skoðað í rjettu ljósi. Að vísu hefir hjer verið gengið á gerða samninga, en ekki af hjeraðinu, heldur af skipafjelaginu, sem lofað hafði vitamálastjóra að flytja efni til byggingar vitanna á Berufirði í tæka tíð. Hjeraðið átti enga sök á þessum samningsrofum, en þau leiddu til þess, að 16 verkamenn, sem áttu að vinna að vitabyggingunni, urðu að mestu verklausir, þegar kom á vettvang, þar til sement var fengið frá fjarlægum stöðum, sem þá var líka 7 kr. dýrara tunnan en sement það, sem átti að koma frá Danmörku og nota til byggingarinnar. Verður nú að muna, að þetta skakkafall, verkatöfin og verðmunur sementsins, hefir verið talið sýslunni til gjalda, þótt sá kostnaður stafi af vanhöldnum samningi við vitamálastjórann, sem sýslan gat ekkert við ráðið nje gert að. Hjer verður líka að minnast þess, að sýslan gekk ekki að þessu harða skilyrði frá 1919, um að kosta byggingu allra smávitanna, fyr en í marsmánuði í fyrravetur, þegar Fiskifjelag Íslands hafði tekið að sjer að greiða kostnað þann, sem færi fram úr 18000 kr., er sýslan hafði lofað, alt að 25000 kr. En þá var vitað um verð á öllu efni og tækjum til smávitanna og talið, að þeir mundu vart geta farið fram úr 22000 kr. Útkoman varð þó svo, sem kunnugt er, að kostnaðurinn varð yfir 30 þús. kr. Stafaði það, eins og fyr er getið, af vinnutöfinni og ókjaraverði sementsins, en einnig af því, að breytt var um ljós-

ker í Hrómundareyjarvita; settur þar gasviti í stað olíuljóss. Og nam sú breyting ein, eftir sögn vitamálastjóra, 15—20 hundr. krónum.

Ef nú á að hengja hattinn á það, að sýslan gekk að harða skilyrðinu, og láta hana gjalda óhappanna með byggingarefnið og breytingarnar á gasvitanum, sem henni var áður ókunnugt um, þá virðist lítið verða úr sanngirninni, og einkennilegt er í þessu sambandi að tala um það, að hjeraðið gangi á gerða samninga, þegar það hefir greitt hvern eyri kostnaðarins sanna, og tekur auk þess að sjer nokkurn hluta þess kostnaðar, sem af óhappinu og breytingunni stafar. Það mætti víst með sama rjetti segja, að gengið væri á samninga, þegar opinberir starfsmenn, svo sem tíðkast, biðja um launabætur eða styrk, þegar laun þeirra endast þeim ekki og ríkið hleypur undir bagga með þeim. Lögmælt launakjör þeirra og móttöku ákveðins starfs má skoða eins og samning, og starf þeirra er í eðli sínu samningsbundið verk. En enginn talar um samningsrof, þótt þeir beiðist launabóta, og því síður, þótt þeir beiðist bóta vegna óhappa, sem þeim voru ósjálfráð.

Hjer er í raun og veru um sanngirniskröfu að ræða, með styrk til vitanna, og hana lága, því að hjeraðið hefir sætt hjer þungum kjörum í almenningsþarfir, og skal jeg ekki fara lengra út í það. En á það verð jeg jafnframt að benda, að með því að veita þessa litlu upphæð er ekkert varasamt fordæmi myndað fyrir aðrar vitabyggingar. Hjer er í mesta lagi um að ræða $^1/_8$—$^1/_9$ hluta byggingarkostnaðar vitanna, og þætti mjer ekkert óeðlilegt, þótt ríkissjóður hlypi undir bagga að sama hlutfalli um byggingu vitanna við Eyjafjörð, sem einkum munu hafðir hjer fyrir augum, þegar talað er um hættulegt fordæmi. Annars furðar mig á, að talað er um þetta eins og varasamt fordæmi, þegar ríkissjóður er nýbúinn að leggja fram alt fjeð til innsiglingarvitanna í Sandgerði og á Hvanney, en þriðjung kostnaðar eða meira annarsstaðar. Þau fordæmi er þó öllu erfiðara að verja.

Þá eru fá orð til háttv. 2. þm. Skagf. (JS). Að vísu heyrði jeg ekki vel, hvað hann sagði, en mjer fanst hann gefa í skyn, að ófyrirsynju væri beðið um fje til greiðslu á kostnaðarafgangi húsabyggingar á Hallormsstað. Virtist honum sem ábúandinn þar nyti betri kjara en prestar, sem bygt væri fyrir, ef þetta fje væri veitt, því að prestar yrðu að greiða vexti af byggingarkostnaði á prestssetrum. Jeg veit nú ekki, með hvaða kjörum skógarvörðurinn hefir jörðina Hallormsstað; hefi ekki grenslast eftir því, en hitt veit jeg, að ríkissjóður á bæði jörðina og húsin, og mun því verða að halda þar uppi húsum. Má vera, að hæstv. atvrh. (KlJ) geti upplýst um byggingarkjör þarna.

Jeg tók eigi eftir, að háttv. þm. (JS) mótmælti þessari fjárveitingu, enda er hún vitaskuld ríkissjóðs. Mjer fanst hann vera að leita frekari skýringa á því, hversu sanngjarnleg fjárbeiðnin væri.

Pjetur Þórðarson: Enginn þarf að óttast, að jeg tali langt mál. Að jeg kvaddi mjer hljóðs, kemur ekki af því, að jeg eigi hjer neina brtt., heldur vegna þess, að ýmsir aðrir þingmenn gætu hugsað sem svo, að þingmenn yfirleitt greiði atkvæði eftir þeim miklu meðmælum, er flutt eru með hverri tillögu. En þessu er ekki þannig varið. Um brtt., sem fyrir liggja til launahækkunar, hefir fátt

af því, sem sagt hefir verið þeim til meðmæla, getað haft áhrif á mitt atkvæði. Mjer virðist það vera orðin venja hjer að ætlast til, að það hafi mest áhrif, sem borið er fram með mestri frekju og hótunum um, að svona og svona skuli fara, ef allir þingmenn sætti sig ekki við það, sem farið er fram á. En jeg ætla að láta þá þm., sem þann sið temja sjer, vita, að jeg hefi að engu hótanir þeirra, en greiði atkvæði eftir því, sem mjer þykir best henta og jeg tel rjettast vera. (*BJ*: Hvaða hótanir eru þetta?). Jeg meina t. d. hótanir um það, að landið verði að vera án hæfra fiskimatsmanna, ef þessir fiskimatsmenn, sem nú sækja um launauppbót, fá hana ekki. Þá sje alt fiskimat í veði. Þetta eru hótanir. Sama máli gegnir um símafólkið. Jeg hefi heyrt það hjá fleirum en einum þm., að þá sje alls herjarverkfall í aðsigi, ef því sje ekki veitt uppbót. (*JakM*: Þetta er ósatt). Nei. Jeg get vitnað í háttv. 2. þm. Árn. (ÞorlG). Orð hans hnigu í þessa átt. Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði það viðvíkjandi styrk þeim, er hann var að mæla með, að það kæmi hlutaðeiganda ekki að haldi að fá lán; það væri ekkert fje til að lána. Ef ekki er fje til þess að lána, þá hygg jeg, að það sje ekki frekar til, til þess að gefa það. Annars skal jeg ekki fara neitt út í einstakar tillögur; jeg býst við að hafa gert grein fyrir því með þessum orðum mínum, að jeg get fullkomlega gert mjer ljóst, hvernig jeg hygg rjettast að greiða atkvæði, og það án þess að tillögumenn þurfi að tala oftar en einu sinni.

Af því að jeg er að mörgu leyti sammála hv. þm. Borgf. (PO), þegar um þessi efni er að ræða, þá get jeg ekki látið hjá líða að minnast lítið eitt á tillögu þá, er hann flytur á þskj. 405, og verð jeg þá að lýsa yfir því, að jeg tel ekki allskostar rjett að samþykkja hana og get ekki verið með í því.

Jeg hygg, að hjer sje ekki farin rjett leið. Það mun vera rjettara að fara aðra leið, fá dóm um, að hverju leyti afskifti þessa ráðherra eru varhugaverð í þessu efni. Jeg hygg, að þetta geti heyrt undir þau viðskifti ráðherra og Alþingis, þar sem það er ákærandi gagnvart honum, en landsdómur dæmir, og því virðist mjer harla óviðeigandi, að ákærandinn leggi dóm á kæruatriðið. Af þessum ástæðum mun jeg ekki greiða tillögu þessari atkvæði mitt.

Bjarni Jónsson: Er jeg talaði síðast, gleymdi jeg að minnast á tillöguna viðvíkjandi hljóðfæraskólanum. Nú hefir hæstv. atvrh. (KlJ) tekið af mjer ómakið og mælt með honum. Jeg þykist vita, að þeir þm., sem fóru með Esju um daginn, hafi heyrt, hver munur er á hornaflokknum nú og áður. Þótt það að vísu hafi verið vel gert áður af kennaralausum mönnum, sem vantaði þekkingu, þá hefir leikurinn þó gersamlega umsteypst til hins betra síðan þeir fengu hinn þýska kennara í sína þjónustu. Jeg þykist vita, að þeir menn, sem unna listum í landi þessu, vilji ekki láta þá list verða útundan, sem best nær til hjartnanna og mest áhrif hefir á alþýðu manna. Það getur ekki talist sæmilega mentuð þjóð, sem ekki hefir sönglistina í hávegum. Hjá Forngrikkjum voru menn þannig uppaldir, að sá þótti ekki maður með mönnum, sem ekki gat í samkvæmum tekið við hörpunni af sessunaut sínum og slegið hana. Og það mun vera skoðun manna, að uppeldi og þjóðarmentun Grikkja hafi verið samræm því, sem holt var og fagurt, og dæmin sjeu helst takandi þaðan. Vísir til þessa hljóð-

færaskóla, sem hjer er kominn, er þannig tilorðinn, að bláfátækir menn hafa varið frístundum sínum til þess að æfa sig og lagt fje fram til að launa kennara og komið upp húsi. Bærinn hefir styrkt þá lítið eitt, en landinu ber líka skylda til að hjálpa. Hjer er aðeins farið fram á 1000 krónur að þessu sinni. Þá má minna á fjárhagshlið þessa máls. Eins og kunnugt er, sigla á ári hverju nokkrir ungir menn til þess að læra að leika á hljóðfæri, af því að hjer er engin stofnun til sem kennir slíkt. Ef þessi skóli yrði styrktur og efldur, mundu slíkar ferðir að mestu leggjast niður, og mundi þá miklu meira en þessar 1000 kr. græðast á gjaldeyrissparnaði og gengismun. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um svona einfalt mál.

Þá er það örstutt athugasemd út af ræðu háttv. þm. Borgf. (PO). Hann sagði að jeg hefði sagt, að fyrv. fjármálaráðherra hefði enga heimild haft til þess að taka þessa húsaleigu fyrir herbergið á Hótel Ísland. Jeg sagði það aldrei, en hitt sagði jeg, að jeg mundi ekki hafa gert það, og mundi hafa ráðið honum frá að gera það, ef jeg hefði vitað um það. Jeg sagðist mundu hafa verið svona varkár vegna þess, að jeg veit, hversu sumir menn eru frakkir að eigna öðrum illar hvatir og þjófkenna menn. Það er ekki eins einfalt mál og sumir þm. halda að það sje, heimildarlaust að leigja eina skonsu í því skyni, sem þessi ráðherra hefir gert. Ef menn vilja líta í kring um sig, er víðar þar, sem líkt stendur á, notað fje án nokkurrar heimildar, t. d. í Landsversluninni 2—3 eða 5 herbergi, og enginn talar um þetta. Jeg álít, að heimildin sje þörfin, sem sá viðkomandi ráðherra telur vera á þessu. Sama máli gegnir um verslunina. Forstöðumenn hennar álíta, að svona og svona margir menn og svona og svona mikið húsnæði sje nauðsynlegt. En þó getur verið, að mjer og háttv. þm. Borgf. (PO) þyki þessar stofnanir eyða of miklu fje í húsaleigu og mannahald, en við heimtum eigi fyrir það, að forstöðumennirnir endurborgi þetta fje. Það mun ekki vera eins viss málsvegur og þessir menn halda, að fá Magnús Jónsson dæmdan til þess að borga þessa upphæð aftur. En ef þeir álíta þetta mikið brot, þá er sú leiðin, sem háttv. þm. Mýra. (PÞ) benti á, hin eina rjetta, að Alþingi gerist ákærandi, en ekki dómari. Háttv. þm. Borgf. (PO) þótti jeg taka mikið upp í mig, er jeg kallaði þetta ofsókn á Magnús Jónsson, varnarlausan hjer. En hví ber hann það af sjer? Hann talaði um fjölþreifni við ríkissjóðinn, og jeg þykist skilja íslensku svo vel, að jeg viti, hvað það þýðir, og jeg álít óleyfilegt að nota slík orð um þetta. Jeg deili ekki um þetta við háttv. þm. Borgf. af því að Magnús Jónsson sje flokksbróðir minn, ekki af því, að jeg vilji taka tækifærið frá flokksmönnum hans. En hann er gamall lærisveinn minn, og jeg er ekki vanur að láta þá standa óvarða, er jeg sje þá ofsótta.

Jakob Möller: Mjer skilst, að háttv. þm. Mýra. (PÞ) hafi misskilið það, sem jeg sagði viðvíkjandi fiskimatsmönnunum, og er sjálfsagt að leiðrjetta, ef menn halda, að komið hafi frá þeim nokkrar hótanir. Svo er ekki. Þeir fara fram á uppbót og segja, að laun sín sjeu ekki nægileg. En hitt veit jeg, að einn þeirra, Jón Magnússon, á kost á betri kjörum annarsstaðar, og jeg taldi mjer skylt að upplýsa það, til þess að hægt væri að

hegða sjer eftir því, því að ekki er ólíklegt, að hann taki þeim betri kjörum. Furðar mig því mjög á þjósti háttv. þm. Mýra. (PP) út af þessu. Sama máli gegnir um símameyjarnar. Jeg talaði ekki um neitt verkfall þar. En jeg sagði, að kjör þeirra lægst launuðu við bæjarsímann væru óviðunandi, og ef þeim byðist betra, þá hlytu þær að fara. Og það getur hver maður sjeð sjálfur, að er eðlilegt. Þetta var því alt út í bláinn hjá háttv. þm. Mýra. (PP) með þessar hótanir, er hann þóttist verða var við.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Vegna orða hv. 2. þm. Skagf. (JS) vil jeg gera nokkrar athugasemdir, þar sem hann talaði um, að jeg hefði ekki minst á sumar till. til mótmæla.

Það er þá fyrst gengisuppbótin til íslenskra stúdenta erlendis. Þessi liður var feldur í fjvn., og hv. þm. (JS) gat því varla búist við, að jeg talaði um hann sem frsm. nefndarinnar.

Sama er að segja um utanfararstyrkinn. Um hann voru jöfn atkvæði í fjvn. Einn var ekki viðstaddur.Var því engin ástæða fyrir mig að leggja dóm á það sem frsm. nefndarinnar.

Út af orðum háttv. þm. (JS) um, að utanfararstyrkir kæmu ekki að gagni, vil jeg benda honum á, að styrkir til utanfara hjeraðslækna munu hafa orðið að miklu gagni, þó ekki liggi fyrir beinar skýrslur um það. Sama má segja um suma þá styrki, sem hæstv. ráðherra nefndi. Alþingi ætti síst að mótmæla styrk til utanfarar yfirlæknisins á Vífilsstöðum. Það ætti frekar að skylda yfirlækna til að fara utan á ákveðnu árabili, sjer til frekari mentunar. Jeg tek þetta sem dæmi um not af utanferðum. Þá hefir verið talað um sjúkrastyrkinn af sumum háttv. þm. Fjvn. gerir till. um styrk til eins manns, sem ekki getur talist til starfsmanna ríkisins, Benedikts Björnssonar kennara. Þetta er ekki að ástæðulausu gert, því þó maðurinn teljist ekki til starfsmanna ríkisins, þá hefir þessi maður helgað þjóðinni krafta sína. Hann hefir haldið uppi unglingaskóla um mörg ár, og auk þess verið forstöðumaður barnaskóla. Og vottorð fylgja honum frá mætum mönnum, sem telja hann mesta þjóðnytjamann. Einnig hefir hann gefið út kenslubók í íslensku. Þótt slíkir hæfileikamenn hafi ekki haft opinbera stöðu fyrir ríkið, þá hefir það þó skyldur við þá. Það dugir ekki að vísa þeim á sveitarfjelagið, því allir vita, að það mundi naumast veita svo háan styrk sem þyrfti, enda þess naumast umkomið.

Nefndinni fanst það því vera skylda þingsins að vernda heilsu slíkra manna, svo þeir gætu haldið áfram að vinna þjóðfjelaginu gagn. Um aðra styrki skal jeg ekki ræða.

Þá er launauppbót starfsmanna landssímans. Hví mátti ekki koma fram með launabótina í þessum aukafjárlögum? Það er þó naumast annað en formsatriði. Það er meiri ástæða til að bæta upp nú, þegar víst er um launin, heldur en næsta ár, þegar ekki er hægt að segja, hver uppbótin verður.

Um uppbót til fiskimatsmannanna er það að segja, að það er stefnumál fyrir fjvn. Hún telur rjettara, að slíkt sje gert með breytingu á launalögunum.

Þá vildi jeg skjóta því til hæstv. ráðherra (KlJ), og gæti hann eins vel svarað því síðar, hvort hann geti ekki búist við því, að einhverjar tekjur mundu verða af vínversluninni þetta ár. Mjer finst ekki ósennilegt, að svo geti orðið, þar sem tekjur af henni eru áætlaðar

talsvert hátt fyrir næsta ár. Það er víst ekki öllu fleira, sem jeg þurfti að svara.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefir verið svarað af hv. þm. Dala. (BJ). Jeg skal ekki gefa mig við þrætum þessara háttv. þm. En jeg vil undirstrika það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði um það atriði, að höfð sjeu óviðurkvæmileg orð um fjarstaddan mann, sem ekki getur borið hjer hönd fyrir höfuð sjer. Íslendingar hafa jafnan þótt drengskaparmenn, en það er ekki drengskapur að vega svo að baki mönnum. (*PO*: Jeg var búinn að segja þetta áður en hann fór).

Jeg get sagt eins og hv. þm. Dala. (BJ), að jeg hefi ekki sagt þetta sem flokksmaður fyrv. fjrh. (MagnJ), heldur sem frsm. fjvn. Flokksmenn hans hefðu haft ríkari skyldu til að verja hann, en jeg vona, að ekki hafi farið fyrir þeim líkt og rottunum, sem sagt er að yfirgefi hið sökkvandi skip, þó þeir hafi ekki gert það.

Þá hjelt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sömu ræðu og hann hjelt við 2. umræðu fjárlaganna um vitana. Jeg teldi litlu skifta fjárhagslega, þótt vitar þessir fengju $\frac{1}{8}$ —$\frac{1}{10}$ hluta kostnaðarins af opinberu fje. En það er ekki gott að vita, nema þetta yrði skoðað sem fordæmi, enda mun slíkt jafnvel vera farið að koma í ljós. En svo kemur nú hitt, að það sje ekki meira en $\frac{1}{8}$—$\frac{1}{10}$ hluti, sem kostaður sje af opinberu fje, þá er jeg ekki sammála því. Fiskifjelag Íslands hefir veitt 7000 krónur til þessara vita. Svo bætast við þessar 4000 kr. Það verða þá 11000 kr. eða $\frac{1}{3}$ kostnaðar, og er það þó langt of mikið.

Hv. þm. (SvÓ) gat þess, að gengið hefði verið á gerða samninga við vitamálastjóra. En þingið ber enga ábyrgð á því. Það hefir ekki gengið á gerða samninga í þessu efni, heldur hafa þessi hjeruð gert það, er þau vilja undan skjótast að greiða tilskilda upphæð.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Það eru líklega fleiri þingmenn eins og háttv. þm. Mýra. (PÞ), að þeim sje ljóst, hvernig atkvæði eigi að falla. En hann verður að fyrirgefa, þótt aðrir rökstyðji sínar till., þótt hann sje svo skjótur að ákveða sig. En jeg vona, að háttv. þdm. sýni brtt. nefndarinnar þann sóma og samngirni að samþykkja þær.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg ætla að leitast við að svara tveimur spurningum, er háttv. 2. þm. Skagf. (JS) lagði fyrir mig. Það var þá fyrst út af gengismun á efni, sem keypt var frá Svíþjóð af vitamálastjóra, hvort ekki væri ástæða til að kaupa efnið annarsstaðar, þar sem minni gengismunur væri. Því er fyrst að svara, að í gildandi fjárlögum er ekkert fje lagt til vitabygginga. Verður því ekki um nein kaup að ræða til þeirra hluta í ár og hefir ekki verið síðustu mánuðina. Vitamálastjóri hefir skýrt mjer frá því, að fá megi þessi tæki frá ýmsum löndum, t. d. Englandi, Frakklandi og Svíþjóð. Ljósakrónurnar, sem notaðar eru, sjeu t. d. keyptar frá Frakklandi, en gasleiðslur og önnur ljóstæki sjeu keypt í Stokkhólmi, og verði að takast þaðan, því annars passi þau ekki inn í kerfið. En þar sem nú eða næsta ár verður ekki um neinar vitabyggingar að ræða, þá kemur auðvitað heldur enginn gengismunur til greina á þeim árum.

Þá spurði sami háttv. þm. (JS), hvort ekki ætti að fara með skógarverðina eins og prestana, þegar bygt væri yfir þá, að þeir ættu að borga eftirgjald.

Í 19. gr. launalaganna stendur, að skógarvörðurinn á Vöglum skuli hafa 1200 kr. í laun, auk hlunninda. Hann hafði haft þessi hlunnindi áður, og launaupphæðin er ekki ákveðin hærri með það fyrir augum, að þessi hlunnindi væru partur af launum hans. Þar sem þetta var áður ákveðið, þá er það ekki nema sanngjarnt, þó skógarvörðurinn á Hallormsstað hafi sömu hlunnindi, nema þá að byggingin sje svo dýr, að hún fari fram úr áætlun.

Þá var það spurning frá háttv. frsm. (MP), hvort ekki mætti vænta tekna af áfengisverslun ríkisins á þessu ári. Jeg er nú ekki tilbúinn að svara því frá sjálfum mjer. En fyrv. fjrh. (MagnJ) sagði mjer fyrir nokkru, að hann hefði spurst fyrir um það, en fengið það svar, að þess mætti naumast vænta. Samt tel jeg það líklegt, en jeg skal athuga þetta betur síðar.

Jeg er ekki mótfallinn því, að bætt sjeu kjör fiskimatsmannanna. En það ætti þá að bæta kjör þeirra allra. Það væri illa farið, ef Jón Magnússon viki frá þessum starfa. Hann hefir reynst mjög góður eftirmaður þess manns, er hafði það áður, og var þó talið, að vandfylt yrði hans skarð. En það liggur engin hótun í þessu frá hans hendi. Aðeins er eðlilegt, að hann vilji hverfa að betur launuðu starfi, ef þessari málaleitun er ekki sint.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi aðeins minnast á tvent.

Fyrst er það XI. brtt. á þskj. 405, frá dómsmálaráðherra, um styrk til að senda fulltrúa á fundi erlendis. Það munu þegar komnar umsóknir frá 6 mönnum og stofnunum. Þetta verður því sýnilega ekki nóg fje. En jeg vildi ekki láta tækifærið hjá líða til að benda hæstv. stjórn á eina umsóknina. Það er handa Emanuel Cortes prentara, utanfararstyrkur til að kynna sjer litprentun seðla og frímerkja Jeg skal ekki fara að mæla sjerstaklega með þessum manni, en læt mjer nægja að vísa til ummæla, sem fylgja umsókninni. Skal jeg lesa kafla úr þeim.

Stjórn prentarafjelagsins segir svo:

„Hr. Emanuel Cortes er ótvírætt hinn langhæfasti af prenturum hjer til þessarar farar, enda er hann viðurkendur af öllum, sem til þekkja, fyrir þekkingu sína á allri skraut- og myndaprentun, og hefir gert íslenskri bókagerð mikið gagn með þekkingu sinni þau mörgu ár, sem hann hefir dvalið hjer á landi.“

Þá hefir bankastjórn Landsbankans talið heppilegt, að rannsakað sje, hvort tiltækilegt sje, að almenn seðlaprentun verði framkvæmd hjer, og segir:

„Teljum vjer mjög ákjósanlegt, að slík rannsókn verði framkvæmd af hr. Emanuel Cortes, sem er viðurkendur afburðamaður í sinni iðn.“

Hr. Cortes hefir dvalið hjer nærfelt 20 ár og er talinn mjög fær í sinni iðn. Ætti því stjórnin að hafa hann í huga við úthlutunina.

Þá er það till. háttv. þm. Borgf. (PO), sem mikið hefir verið deilt um. Jeg mun greiða atkvæði móti henni. Það er að vísu álitamál, hvort ráðherra hafi haft leyfi til að nota fje landsins á þennan hátt. En verði þessi till. samþykt, þá er jeg aðeins hræddur um, að vekjast mundu upp fleiri till. af líku tægi, viðvíkjandi einhverjum greiðslum, sem núverandi eða fyrverandi stjórnir hefðu veitt, en vafi gæti leikið á. Menn færu þá að leita að því, hvort ekki mætti innheimta fleira. Það gæti máske verið gott, þó jeg hafi samt ekki hugsað mjer að gera það.

Þorsteinn Jónsson: Jeg skal aðeins segja örfá orð, út af ummælum, sem fjellu hjá háttv. frsm. fjvn. (MP) út af till. hv. þm. Borgf. (PO). Hann taldi það skyldu þeirra manna, sem hefðu verið í flokki með fyrv. fjrh. (MagnJ), að verja hann. Mjer er nú ekki annað kunnugt en að þeir tveir háttv. þm. (MP og BJ), sem hafa varið gerðir hans í þessu máli, væru stuðningsmenn hans. Þeir, eins og Framsóknarflokksmenn, skoruðu á núverandi forsætisráðherra að mynda stjórn og lofuðu honum stuðningi. Forsætisráðherra valdi svo hinn nú nýfráfarna fjármálaráðherra í ráðuneytið. Framsóknarflokkurinn útnefndi hann ekki, en ráðherrann fjekk inntöku í flokkinn eftir að hann var kominn í ráðuneytið. En þótt hann gerðist flokksmaður Framsóknarflokksins, bar sá flokkur ekki neina sjerstaka ábyrgð á honum, fremur en aðrir þeir menn, er stóðu að myndun núverandi stjórnar. Og viðvíkjandi þeirri skyldu, sem háttv. frsm. (MP) taldi, að flokkurinn hefði til að verja hann árásum, þá vil jeg taka það fram, að við flokksmenn hans höfum ekki sjeð þörf á frekari röksemdum en fram eru komnar honum til varnar. Annars lít jeg svo á, ef um athugaverðar stjórnargerðir er að ræða, að flokksmönnum stjórnarinnar beri engin skylda til að verja hana fyrir þær. Þeim ber aðeins skylda til að verja hana fyrir ranglátum árásum.

Jeg ætla hjer ekkert að rökræða þetta húsaleigumál fyrv. fjrh. frekar. En jeg tel hjer ekki um rjetta aðferð að ræða hjá háttv. þm. Borgf. (PO). Ef þingið vill ákæra fyrv. fjrh., þá er landsdómsleiðin rjett, eins og háttv. þm. Mýra. (PÞ) hefir tekið fram. En fyr en sá dómur væri fallinn gegn ráðherranum er ekki hægt að innheimta fje þetta.

ATKVGR.

1. gr., með þeirri tölubreytingu, er á verður við atkvgr., samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 449 samþ. með 18 : 1 atkv.
— 405,I fellur burtu.
— 405,II a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 405,II b samþ. með 16 shlj. atkv.
— 405,II c samþ. með 18 : 1 atkv.
— 353,I a 1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 353,I a 2 samþ. með 17 : 6 atkv.
— 405,III tekin aftur.
— 405,IV samþ. með 18 : 4 atkv.
— 405,V a samþ. með 15 : 10 atkv.
— 405,V b samþ. með 15 : 10 atkv.

Greinin (verður 2. gr.) samþ. með 16 : 8 atkv.

Brtt. 353,I b 1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 405,VI samþ. með 15 : 8 atkv.
— 353,I b 2 samþ. með 17 : 3 atkv.
— 405,VII samþ. með 16 : 11 atkv.
— 405,VIII a feld með 14 : 8 atkv.
— 405,VIII b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 405,VIII c samþ. með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EÞ, EE, GunnS, IngB, JB, LH, MJ, MK, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, BSv.

nei: ÞórJ, BJ, HK, JakM, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, PÞ.

Brtt. 405,VIII d tekin aftur.

Greinin (verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 430,I feld með 14 : 11 atkv.
— 405,IX feld með 14 : 14 atkv.
— 353,I c samþ. með 20 shlj. atkv.
— 405,X samþ. með 22 : 3 atkv.
— 405,XI a feld með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GunnS, JakM, JB, JÞ, LH, MJ, MK, MP, ÓP, ÞorlJ, BJ, BSv.

nei: BH, EÞ, HK, IngB, JAJ, JS, MG, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ.

Brtt. 405,XI b samþ. með 17:8 atkv.
— 405,XI c feld með 14:12 atkv.
— 405,XII feld með 15:6 atkv.
— 405,XIII feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, EÞ, EE, GunnS, JakM, JB, MJ, MK, MP, ÞorlG, BSv.
nei: ÞorstJ, ÞórJ, BH, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ.
Brtt. 426,b feld með 16:3 atkv.
— 405,XIV samþ. með 16:11 atkv.
— 405,XV samþ. með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, JakM, JB, JÞ, LH, MJ, MK, MP, ÓP, PÞ, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, BSv.
nei: HK, IngB, JAJ, JS, MG, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞórJ, BH.
Brtt. 426,a (aðaltill.) feld með 17:3 atkv.
— 426,a (varatill.) feld með 16:6 atkv.
— 426,c (aðaltill.) feld með 18:4 atkv.
— 426,c (varatill.) samþ. með 15:10 atkv.

Greinin (verður 4. gr.) samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 405,XVI (aðaltill.) feld með 14:6 atkv.
— 405,XVI (varatill.) samþ. með 26 shlj. atkv.
— 405,XVII samþ. með 21:3 atkv.
— 353,II a fellur burtu.
— 405,XVIII tekin aftur.
— 353,II b 1—5 samþ. með 24:1 atkv.
— 353,II c samþ. með 19 shlj. atkv.
— 353,II d samþ. með 23:1 atkv.
— 405,XIX a samþ. með 16:4 atkv.
— 405,XIX b samþ. með 15:13 atkv.
— 430,II (aðaltill.) feld með 15:5 atkv.
— 430,II (varatill.) feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JB, LH, MJ, MK, MP, ÞorlG, ÞorlJ, BJ, EÞ, GunnS, JakM.
nei: JS, JÞ, MG, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EE, HK, IngB, JAJ, BSv.
Brtt. 405,XX feld með 15:9 atkv.
— 405,XXI feld með 14:11 atkv.

2. gr., svo breytt, (verður 5. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 405,XXII samþ. með 15:7 atkv.
— 424 samþ. með 16:7 atkv.

Greinin (verður 6. gr.) samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 440 (verður 7. gr.) samþ. með 18:4 atkv.
— 353,III samþ. með 19:1 atkv.
— 405,XXIII tekin aftur.

Greinin (verður 8. gr.) þar með á-kveðin.

Brtt. 405,XXIV feld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, EÞ, HK, JAJ, JS, JÞ, MG, ÓP.
nei: PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EE, GunnS, IngB, JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, BSv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 455, 484, 491, 498, 500, 509, 515).

Afbrigði um brtt. 498, 500, 509 og 515, sem öllum var of seint útbýtt, leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Fjárveitinganefnd hefir komið fram með nokkrar brtt. við frv. þetta og skal jeg nú gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum.

Fyrst er á þskj. 484 till. um styrk til sjúkrahúss á Sauðárkróki, ⅓ kostnaðar, sem nemi alt að 4200 kr. Stafar kostnaður þessi af því, að bæta þarf við spítalahúsið til ljóslækninga, og auk þess bæta upphitun þess með því að koma upp miðstöðvarhitun í kjallara hússins. Er kostnaðurinn af þessum breytingum áætlaður 13000 kr. Geri jeg ráð fyrir, að háttv. deild fallist á að veita þennan styrk, sem er í fullu samræmi við það, sem tíðkast hefir að veita til slíkra sjúkrahúsa.

Þá er hjer till. um 2000 kr. styrk til útgáfu ljósmóðurfræði. Var veittur styrkur til hennar á síðasta þingi, en kostnaður hefir reynst meiri en áætlað var, og er þetta viðbótarstyrkur. Þetta verk er mjög vel af hendi leyst. Fyrverandi hjeraðslæknir Davíð Scheving Thorsteinsson hefir þýtt bókina, en landlæknir las handrit og prófarkir. Pjetur Halldórsson bóksali bauðst til að gefa út bókina og selja ákveðnu verði gegn ákveðnu tillagi. Bjóst hann við, að hún mundi ekki koma út fyr en eftir nýár í vetur, og að prentunarkostnaður yrði þá fallinn, svo að útgáfan yrði ódýrari. En landlæknir rak svo eftir útgáfu hennar, að hún var prentuð fyrir nýár, enda lá mjög á henni, og varð því útgáfukostnaðurinn hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Sjer nefndin ekki annað fært, þar sem svo stendur á, en að veita þennan viðbótarstyrk. Býst jeg annars við, að heilbrigðisstjórnin láti málið til sín taka og að hæstv. forsrh. (SE) gefi því nánari upplýsingar um það.

Þá er 3. liður, um sjúkrakostnað nokkurra taugaveikissjúklinga í Flensborgarskólanum. Kom þar upp mögnuð taugaveiki síðastliðið haust og lagðist hver nemandinn á fætur öðrum. Var sótthreinsað hvað eftir annað og gert alt, sem hægt var, til að sporna við útbreiðslu sjúkdómsins, en ekkert dugði. Þótti mönnum þetta mjög undarlegt, að ekki skyldi verða komist fyrir upptök veikinnar. En loksins kom þó í ljós, að ráðskonan þarna í skólanum olli veikinni. Er hún ein þeirra undarlegu manna, sem bera í sjer slíka sýkla árum saman, án þess þó sjálfir að taka veikina. Það hafði verið uppgötvað áður, að þessi kona væri með þessum annmarka, en þrátt fyrir það, þótt reynt sje annars að hafa gát á þessu fólki, sem svo er ástatt um, hafði hún samt einhvern veginn sloppið undan eftirliti. Það leiðir nú af sjálfu sjer, að þetta fólk, sem veikina tók í Flensborg, getur ekki að því gert, að svo fór, og er ekki nema sanngjarnt, er svo stendur á, að því sje bætt upp að nokkru það fjártjón, sem það hefir beðið af þessu. Einn þeirra misti raunar lífið, og verður það ekki bætt, en hinum ætti að bæta það, sem bæta má. Nefndin hefir hjer farið eftir till. skólastjórans, að því er snertir upphæðina, og eru það 5 menn, sem hún á að skiftast á. Jeg skal svo að lokum geta þess, að konu þessarar mun gætt vandlega í framtíðinni.

Þá vill fjvn. mæla með, að veittur verði 3000 króna styrkur til aðgerða á Þingvöllum. Hefir þjóðmenjavörðurinn óskað eftir, að þetta sje gert, og er Þingvallanefndin því meðmælt. Hjer er ekki um nýmæli að ræða, þar sem þegar má teljast ákveðið að framkvæma þetta verk fyrir árið 1930, eða hafa þá að fullu lokið aðgerðinni. Er því rjett að gera þetta smámsaman, því ef það dreifist á lengri tíma, kemur það ljettara niður.

Þá eru hjer líka 450 krónur til aðgerðar á Bessastaðakirkju. Háttv. deildarmenn muna sjálfsagt, að hún hefir verið boðin þjóðmenjasafninu að gjöf.

En sökum þess, hve dýrt var álitið, að yrði að gera við gripinn, þótti ekki fært að taka á móti gjöfinni. Gengust þá nokkrir áhugasamir menn fyrir samskotum til að gera við kirkjuna, og safnaðist 6350 krónur. Aðgerðin kostaði 6800 krónur, og hefir þjóðmenjavörðurinn farið þess á leit, að ríkissjóður borgaði eftirstöðvarnar, sem eru 450 krónur. Finst nefndinni sjálfsagt að verða við þessari ósk, svo mikinn áhuga sem einstakir menn hafa sýnt í þessu efni..

Þá er hjer enn till. frá nefndinni, um að tveim skáldum verði veittur lítill styrkur, sem sett voru hjá við úthlutun listastyrksins. Eru þau svo kunn, að ekki þarf að fara neinum orðum um þau. Hefir verið talað um það meðal háttv. þingmanna, að óheppilega hafi viljað til, að þessir menn skyldu ekki hljóta neitt af þeim styrk. Segi jeg þetta þó ekki í því skyni að ávíta hæstv. stjórn, því jeg geri ráð fyrir, að hún hafi sett þessa menn hjá, af því að fjeð hrökk ekki til að styrkja fleiri. En nú á hv. Alþingi kost á að bæta úr þessu, og finst nefndinni rjett að gera það.

Þá er 17. liður, um 8000 krónur handa efnilegum mönnum til lokanáms erlendis. Hæstv. stjórn hefir gert fyrirspurn til fjvn. um það, hvort meiningin sje, að þau lán, sem hjer er um að ræða, skuli aðeins veitt gegn fasteignaveði, eða hvort nægja muni að hafa þau einhverjum öðrum skilyrðum bundin. Jeg vil svara á þá leið, að nefndin lítur svo á, að aðrar tryggingar geti nægt. Finst henni jafnvel, að sjálfskuldarábyrgð geti komið hjer til greina. Annars hefir náttúrlega stjórnin nokkuð óbundnar hendur í því efni, hvaða tryggingu hún tekur gilda og hverja ekki.

Þá vill nefndin mæla með því, að stjórninni sje heimilað að ábyrgjast þau lán, sem getur um í 19. lið. Eru þar fyrst 15000 krónur til Hvítárbakkaskólans. Hjeraðsmenn, sem sjeð hafa um hann til þessa, eru nú búnir að leggja fram mikið fje til hans, og vill nefndin nú hlaupa undir bagga með þeim. Þessi skóli hefir verið til mikils gagns, og mundi nefndin hafa mælt með beinni fjárveiting til hans, ef hún hefði sjeð það fært, fjárhagsins vegna. En talsverð hjálp er það skólanum, að hlaupið sje undir bagga með honum á þennan hátt. Nefndin getur ekki fallist á till. háttv. þm. Borgf. (PO) að hafa lánið afborgunarlaust í 5 ár, heldur skuli greiðslufresturinn ekki vera lengri en 3 ár.

Þá er næsta brtt. um að ábyrgjast lán fyrir niðursuðufjelag. Maður sá, sem þar um ræðir, hefir skýrt frá því, að hann hafi átt tal við erlend verslunarhús um það, hvort ekki mundi hægt að setja á stofn hjer niðursuðustöð til að hagnýta ýmislegt matarkyns, sem annars er fleygt Og hafa þau tekið mjög vel í það. Hefir þessi maður komist í samband við ágætt verslunarhús í Þýskalandi, sem starfar að þessu, og hefir það tjáð sig fúst til að stofna slíkt fyrirtæki hjer. Er það hugmyndin að byrja með því að setja hjer á stofn 2—3 smáverksmiðjur, til að sjóða niður ýmislegt, bæði af landi og úr sjó, svo sem lax, hrogn, heila, tungur o. fl., sem margt verður annars verðlaust eða verðlítið framleiðendum. Þyrfti svo auk þessara smástöðva að setja upp eina sjerstaka, sem byggi til dósir til niðursuðunnar fyrir hinar stöðvarnar. Hefir þetta þýska firma boðist til að leggja fram 45% af kostnaði við stofnun þessa fyrirtækis, og er þá hugmyndin að fá það, sem á vantar, með hlutasöfnun. Eru þegar fengin loforð frá nokkrum góðum mönnum um að kaupa hluti.

Nefndin telur þetta lofsverða tilraun

til að gera sjer meiri mat úr þessum afurðum, sem annars eru lítils eða einskis virði.

Það er enginn vafi á því, að smáverksmiðjur verða reistar víðar þegar frá líður. Hjer er ekki farið fram á, að ríkið leggi neitt í hættu; það er aðeins beðið um ábyrgð, sem svarar alt að ⅓ hlutafjárins, gegn 1. veðrjetti í eignum fjelagsins og öðrum þeim tryggingum, sem stjórnin tekur gildar.

Jeg geri ráð fyrir hjer um bil 90 þús. króna stofnkostnaði alls til þess er rekstur verksmiðjunnar geti byrjað, ef stöðvarnar yrðu þrjár, sem starfað yrði á. Fer jeg ekki að svo vöxnu máli að telja upp fleiri vörur, sem verksmiðja þessi mundi fást við til hagnýtingar, en jeg þegar hefi gert, en þó gæti jeg nefnt margt fleira, og getur það beðið þar til ef andmæli rísa gegn því, að þessi stuðningur verði veittur framleiðslunni. Þessar verksmiðjur ættu því fremur að fá að komast á fót, er erlendir menn vilja leggja jafnmikið fje í þær; sýnir það trú þeirra á fyrirtækið. Og auk þess eru það hlunnindi, að æfðir og reyndir menn starfi að þessum verkum, þar sem oft veitir allerfiðlega að koma þessum vörum út á markað, ef viðvaningar hafa fengist við framleiðslu þeirra. Þessar verksmiðjur munu allar starfa saman undir sömu stjórn og selja vörur sínar með sama vörumerki, svo að samkepni þeirra í milli getur ekki komið til greina.

Þá er síðasta brtt. fjvn., um að heimila stjórninni að greiða hjeraðssambandi U. M. F. Vestfjarða styrk þann, sem ætlaður var til húsmæðranámsskeiðs á Ísafirði. Ungmennafjelagssamband þetta hefir síðastliðinn vetur haldið þannig lagað námsskeið að Núpi í Dýrafirði, og er því rjett, að það fái þennan styrk, úr því hans þurfti ekki þar með, sem hann var fyrst ætlaður til.

Þá skal jeg minnast ofurlítið á afstöðu fjvn. til nokkurra brtt. frá ýmsum hv. þm.

Það er þá fyrst brtt. I á þskj. 484, frá háttv. þm. V.-Sk. (LH), um styrk til læknisbústaðar í Síðuhjeraði. Er nefndin þessu meðmælt, enda telur hún sjálfsagt, að farið verði eftir tillögum landlæknis og heilbrigðisstjórnar um byggingu þessa og alt fyrirkomulag sjúkrahússins.

Viðvíkjandi brtt. V á sama þskj., frá hæstv. atvinnumálaráðherra, er nefndin þessu samþykk, enda er það og aðeins loforð, sem hún verður að uppfylla frá síðustu umræðu. Aftur á móti getur meiri hluti nefndarinnar ekki fallist á brtt. hv. þm. Ísaf. (JAJ), en að öðru leyti hafa fjárveitinganefndarmenn óbundnar hendur um þessa og ýmsar aðrar brtt. Sama gegnir um brtt. háttv. þm. N.-Þ. (BSv) og um brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. Borgf. (PO), og til þess að hugga háttv. þm. Ísaf. (JAJ) að einhverju leyti, get jeg sagt honum, að fjvn. er meðmælt brtt. hans undir tölulið VIII á þskj. 484. Þá er og best að geta þess, að fjvn. hefir fallist á brtt. hæstv. atvrh. um styrkinn til Þorvalds Árnasonar.

Þá kem jeg að brtt. frá sjálfum mjer á þskj. 491, og er hún ekkert smáræði, þar sem beðið er um 30 þús. krónur; en jeg skal taka það fram, að jeg hefði aldrei komið fram með þessa fjárbeiðni, ef jeg hefði ekki talið alveg óhjákvæmilegt, að fje yrði veitt til þess, sem þar er farið fram á.

Eftir að lokið var 2. umr. um þetta

fjáraukalagafrv., hefi jeg ekki haft tíma til að ráðgast um þetta við hæstv. forsrh. (SE), og þess vegna tók jeg það ráð að bera þessa fjárbeiðni til þingsins fram í mínu eigin nafni. Læknir Vífilsstaðahælisins hefir látið í ljós, að ekki verði komist hjá því að gera endurbætur á þvottahúsi Vífilsstaðahælisins, bæði af því, hversu erfitt sje að fá þvottinn nógu hreinan, og af því, að öll vinna við þvotta gangi alt of seint. Kennir hann áhaldaleysinu mest þar um. Er þetta eðlilegt, þar sem ávalt fer fjölgandi sjúklingum í hælinu. Rannsóknarnefnd sú, sem í vetur tók alt hælið til rannsóknar, hefir og óskað umbóta í þessu efni. Læknirinn hefir og áður vakið máls á þessu, bæði við hæstv. stjórn og Alþingi, og er það sök fjárveitingavaldsins, að ekki er þegar búið að koma þessu í framkvæmd. Þessi stofnun er svo nauðsynleg öllum almenningi, að það má ekki eiga sjer stað, að það sje hægt að kenna fjárveitingavaldinu um það, að hún sje ekki nógu fullkomin eða í svo sómasamlegu ástandi, sem vera ber um þær stofnanir, sem eru undir umsjá hins opinbera.

Það hefir verið minst á sparnað og kröfur um sparnað. Er það og eðlilegt, er vjer eigum við örðugan fjárhag að búa og veitir erfitt að afla fjár, en þó mega ekki falla í niðurníðslu þær stofnanir, sem ríkið á að sjá fyrir, og allra síst þær stofnanir, sem eru jafnnauðsynlegar og Vífilsstaðahælið er. Rekstrarkostnaðar Vífilsstaðahælisins er minni en á samskonar stofnunum erlendis, og auk þess er forstöðumaður þess, læknirinn, sparsemdarmaður, sem fer aldrei fram á annað en það, sem er full þörf á að sje gert. Vænti jeg svo, að hæstv. forsrh. (SE) ljái þessari brtt. minni fullkomið fylgi sitt, enda hefði það verið eðlilegast, að þessi fjárbeiðni hefði verið borin fram af heilbrigðisstjórn ríkisins.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil aðeins með örfáum orðum minnast á brtt. á þskj. 491, frá háttv. þm. Str. (MP), um 30 þús. kr. til Vífilsstaðahælisins. Læknirinn á Vífilsstöðum leggur áherslu á, að gufueldhúsi verði komið upp á Vífilsstaðahælinu. Og þó upphæð sú, sem hjer um ræðir, sje há, sje jeg ekki annað fært en mæla með henni.

Fjárveitingunni til Þingvalla leyfi jeg mjer einnig að mæla með. Mikill áhugi er nú að vakna hjá almenningi á því, að hlynt verði að þessum fornhelga stað.

Jeg kom með brtt. um 7500 kr. styrk til ýmsra manna, sem óskuðu að sækja erlenda fundi, og var hún feld hjer í háttv. deild. Nú sje jeg, að samkvæmt ýmsum þeim brtt., sem fram eru komnar um þetta, eru utanfararstyrkirnir orðnir alt að 11 þús. kr. En þó er verst, að ýmsir eru settir hjá, sem þurfa styrkinn, en öðrum aftur ef til vill veittur fullhár styrkur. Að vísu er gott fyrir stjórnina að losna við að úthluta þessum styrkjum, en þó má ef til vill ætla, að úthlutunin hefði getað í höndum stjórnarinnar tekið meira tillit til þess, hvar nauðsynin var brýnust á utanförum.

Þá vil jeg víkja að brtt. á þskj. 484, IX, og skal jeg ekki mæla móti þeim upphæðum, sem þar eru nefndar, en í sambandi við orð háttv. frsm. fjvn. (MP) vil jeg leyfa mjer að minna á, að stjórnin sóttist ekki eftir að hafa þessa úthlutun á hendi, en óskaði, að nefndin færi framvegis með hana.

Mjög erfitt er að eiga við úthlutunina

vegna þess, hvað fjárupphæðin var lítil, aðeins 15000 krónur, en þar frá ganga 3000 kr. til Einars Hjörleifssonar og 800 kr. til Guðmundar Friðjónssonar á Sandi. Eftir voru þá 11200 kr., en aragrúi af umsækjendum, eitthvað um 22, að frátöldum skáldunum, er jeg nefndi hjer að ofan. Margir af þessum mönnum voru ungir og óþektir, en með ágætum meðmælum frá kunnum kennurum. Þeir fengu námsstyrki, og má ekki leggja sama mælikvarða á þá og þá styrki, sem eru veittir í viðurkenningarskyni til þjóðkunnra manna. Af skáldunum fjekk, auk þeirra skálda, sem áskilinn var styrkur, aðeins Davíð Stefánsson þennan viðurkenningarstyrk. Sumir hefðu ef til vill heldur veitt styrkinn Jakobi Thorarensen eða Stefáni frá Hvítadal; en þetta eru alt smekkatriði. Og ekki var hægt að veita öllum styrk á þessu ári, nema það eigi að taka svo og svo mörg skáld og listamenn og láta þá hafa árslaun, en svo hefi jeg ekki skilið tilætlun þingsins, og því er engin vissa fyrir því, að sá, sem fær styrk í ár, fái hann einnig að ári, en eðlilegt, að þá sje tekið tillit til þeirra, sem nú voru ekki teknir til greina.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. frsm. fjvn. (MP) gat þess, að fjvn. hefði ekki getað fallist á brtt. mína á þskj. 484,IV, en jeg veit ekki enn, hvort háttv. fjvn. hefir þá líka viljað fella burtu fjárstyrkinn til Breiðafjarðarbátsins Svans; ef svo er ekki, þá er þetta sýnilega sprottið af ókunnugleika nefndarinnar, þar sem engin ástæða er til að gera upp á milli þessara fyrirtækja. Það var svo ástatt árið 1919, að samgöngur allar voru í hinu mesta ólagi og urðu fyrir miklum truflunum af ýmsum orsökum. Þá varð það, að bátur sá, sem um langt skeið hafði verið í póst- og mannflutningum um Ísafjarðardjúp og var gamall orðinn og ljelegur, strandaði. Voru þá tveir kostir fyrir hendi, annaðhvort að kaupa nýjan bát, eða póst- og fólksflutningar fjellu niður, því menn þar vestra voru ófúsir til að lána eða leigja báta sína til póstferða. Hv. þm. N.-Ísf. (SSt) er á þeirri skoðun, að þessi kaup, sem gerð voru, hafi eigi verið heppileg, og skal ekki um það deilt, hvort svo hafi verið, en hitt er víst, að umsögn hans um verðmæti bátsins, sem keyptur var, er talsvert villandi. Báturinn var nýr og traustur vel og var áreiðanlega 75 þús. kr. virði eða meira, en hitt getur vel verið, að það hefði mátt komast af með minni farkost. Þó er það til afsökunar í þessu máli, að það var gert ráð fyrir, og eigi að ástæðulausu þá, að strandferðirnar yrðu áfram ófullnægjandi, eins og áður, og báturinn keyptur með það fyrir augum að halda uppi ferðum milli Ísafjarðar og Húnaflóa, sem hann og gerði í fyrstu. Þegar raknaði aftur úr þeim vandræðum, sem verið höfðu á um strandferðirnar, hætti báturinn þeim ferðum.

Jeg hygg, að Ísafjarðarkaupstaður, sýslan og nokkrir hreppar hafi lagt fram um 18 þús. kr., og um 20 þús. kr. hafi komið inn frá einstökum mönnum, svo alt hlutafjeð hefir verið nær 40 þús. kr. Flóabátar vorir bera sig lítt í rekstri, og sjerstaklega á það við um þennan bát, sem verður að halda uppi póstferðum um alt Ísafjarðardjúp og norður á Strandir, til þess að halda styrknum, sem veittur hefir verið mest sem póstflutningastyrkur. En skipið er vandað

og gott, en hlutfallslega nokkuð dýrt, og því hefir útgerðin ekki borið sig. Það eru því miklar líkur til þess, að alt hlutafjeð sje þegar tapað, og auk þess hefir útgerðin safnað skuldum. Sýslan og bærinn eru í ábyrgð fyrir 50 þús. kr. láni gegn 1. veðrjetti í bátnum, en þar fyrir utan hefir stjórn útgerðarfjelagsins gengið í persónulega ábyrgð fyrir um 25 þús. kr. Eru hjer því sömu ástæður og eigi minni styrks þörf en til Breiðafjarðarbátsins Svans.

Þá mætti máske, með allri virðingu fyrir háttv. þingdeildarmönnum, minna á, að ekkert er lagt til vega í þessari stóru sýslu og vel mjólkandi kú ríkissjóðs.

Jeg á aðra brtt. á þskj. 484, sem er VIII. liðurinn. Jeg var á móti þeim 7500 kr. styrk til utanfara, sem stjórnin bað um, en með þessa tvo styrki stendur alveg sjerstaklega á.

Allir vita, hversu nauðsynlegt Vífilsstaðahælið er, og læknirinn þar er, að áliti háskólaprófessora hjer, góður læknir í þessari grein, sem stendur jafnfætis stjettarbræðrum sínum við slíkar stofnanir erlendis. Nú hefir honum verið boðið á fund með berklalæknum, sem haldinn verður í Noregi í sumar, og mun hann þar geta átt kost á að sjá og heyra margt það, sem síðar gæti orðið Vífilsstaðahælinu til góðs.

Um styrkinn til sagnfræðings er svo ástatt, að þeir dr. Páll Eggert Ólason og dr. Jón Þorkelsson hafa verið með í fundarboðun sagnfræðingafundar í Svíþjóð, og er því sárleiðinlegt, að annarhvor þeirra mæti ekki, enda myndum við síst hafa vansæmd af, hvor þeirra sem mætti fyrir landsins hönd á slíkum fundi.

Út af tillögu háttv. fjvn. um, að styrkurinn til húsmæðrafræðslu verði nú borgaður ungmennafjelögunum, þá hefi jeg ekkert við það að athuga, ef húsmæðraskóli Ísafjarðarkaupstaðar getur ekki tekið til starfa á næsta hausti. Árið 1919 var hús það, sem skólinn hafðist við í, selt, og enginn kostur að fá leigt húsnæði annarsstaðar. Húsnæðisleysið hefir valdið því, að enn hefir ekki verið unt að taka kenslu upp aftur. En það er álit margra að það verði þó hægt að sigrast á þeim örðugleikum bráðlega. En yrði nú svo, að kvenfjelagið Ósk á Ísafirði hefði vissu fyrir því, að skólinn geti tekið til starfa á næstkomandi hausti, þá finst mjer ekki rjett, að styrkurinn yrði tekinn og borgaður öðrum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er í raun rjettri óþarfi fyrir mig að taka til máls út af þessum 2 brtt., sem jeg á, því að þær hafa fyr komið til umræðu, og þá tók jeg alt það fram, sem með þurfti. Þar að auki hefir háttv. frsm. (MP) lýst því yfir, að hann og nefndin væru meðmælt þessum brtt. Jeg skal því ekki lengja umræðurnar að neinum mun. Jeg vil þá fyrst minna á, að skýlið austur á Meðallandssöndum er alveg að falli komið, en þetta hefir verið dregið í efa. Jeg tók áður fram, að samkvæmt áliti vitamálastjóra gæti þetta hús ekki staðið til lengdar. Síðan hefi jeg spurt hann um það á ný, og sagði hann þá, að eftir sinni skoðun væri húsið svo hrörlegt, að það þyldi ekki mikla storma, og gæti því fokið *þá og þegar*, svo það má ekki draga að endurreisa það. Það yrði okkur til skammar, ef það fjelli niður, og ódýrast væri að gera alt í einu, endurbyggja húsið og endurnýja staurarað irnar.

Það hefir verið kvartað yfir því af þýsku stjórninni, að leiðbeiningarmerki

fyrir sjómenn væru hjer ekki til, og þótt þau væru til á einstaka stöðum, þá væri þeim ekki haldið við. Jeg verð nú að segja, að þótt slík merki sjeu ekki eins víða og vera þyrfti, þá hlýtur þetta að stafa af röngum fregnum, sem stjórninni hafa borist til eyrna frá einhverjum, sem hafa verið í siglingum í kringum landið, en lítið þekt hjer til.

Hin brtt. mín fer fram á, að Þorvaldi stúdent Árnasyni sjeu veittar 3000 kr., til að hjálpa honum að ljúka námi við ullarverksmiðju á Englandi. Fyrst hafði jeg komið fram með brtt. við fjárlagafrv. 1924, að upphæð 8000 kr., því það var sú upphæð, sem Þorvaldur fór sjálfur fram á og taldi nauðsynlega til að geta lokið námi við skólann. Jeg get ekki neitað, að jeg varð fyrir vonbrigðum, er sú tillaga var feld, því jeg hafði ástæðu til að ætla, eftir ummælum ýmsra þm., að hún hefði góðan byr. Jeg bygði á því, að þessi maður hefir ágætt próf, hin bestu meðmæli, og hins vegar hefir komið fram í deildinni sterkur áhugi fyrir því að fá sem fyrst að minsta kosti eina fullkomna verksmiðju hjer, sem auðvitað væri æskilegast að Íslendingur stjórnaði, altjend með tímanum. Jeg varð því fyrir vonbrigðum, er tillagan fjell, en ýmsir þm. komu til mín eftir á og tjáðu mjer, að þeir væru í rauninni þessari fjárveitingu samþykkir, en þeim þætti upphæðin fullhá. Þótt jeg geti ekki verið sammála þeim í því atriði, hefi jeg þó fært upphæðina niður um 2000 kr. Önnur mótbára þeirra var sú, að óþarfi væri fyrir styrkþega að fá upphæðina alla greidda í einu lagi, og væri rjettara, að hún skiftist niður á tvö ár, þannig að aðeins helmingur hennar kæmi nú til greina í aukafjárlögum fyrir 1923. Í þessu atriði er jeg þeim fullkomlega sammála, og þess vegna standa aðeins 3000 kr. í tillögu minni. Verði svo þessi till. samþykt í dag, hefi jeg hugsað mjer að koma fram líkri upphæð í fjárlögunum fyrir næsta ár, þegar þau koma aftur til umræðu í þessari deild. Aðalástæðan fyrir því, að jeg treysti mjer að færa upphæðina niður um 2 þús. kr., var sú, að jeg hefi átt tal við kaupmann þann hjer í bænum, sem einkum mun hafa kostað þennan mann það, sem af er, og hefir hann látið í ljós, að fengi Þorvaldur svona öfluga hjálp hjá Alþingi, væri von um, að það, sem á vantaði, fengist annarsstaðar frá. Vænti jeg því þess, að deildin taki nú vel undir brtt. mína, þannig úr garði búna, og samþykki hana.

Björn Hallsson: Jeg ætla ekki að fara að tala um hinar ýmsu brtt., sem fram hafa komið. Til þess bjóðast nógir, enda virðist mjer tíminn ekki leyfa, að miklu sje við bætt. Jeg vil aðeins vekja athygli háttv. deildar á einni brtt., er jeg hefi borið fram ásamt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem sje um endurgreiðslu á byggingarkostnaði til skógræktarstjóra Hallormsstaðarskógar. Jeg býst við, að háttv deild muni eftir, að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir áður flutt till. í þessa átt, en sem var feld hjer áður, og skal jeg því ekki endurtaka þau rök, sem hann færði fyrir þessu máli, en vísa til þeirra. Jeg held, að það hafi verið mistök og misskilningur hjá háttv. deild, er hún feldi þessa till. við 2. umr., því að hún er á svo rjettmætum rökum bygð. Ferðamannastraumurinn er mjög mikill á heimili þessa manns vegna þess fræga Hallormsstaðaskógar, en erfitt að taka á móti mörgum gestum vegna húsnæðisskorts. En það er kunnugt, að Hallormsstaðarhjón eru einstaklega gestrisin, og fólkið á heimilinu gengur oft úr rúmum til að geta hýst gesti og látið

fara sem best um þá. Hins vegar eru laun hans lág, 1200 kr. og hann á að hafa frítt húsnæði; virðist þá ranglátt að láta hann leggja fje til þeirra húsabóta, sem hann á að hafa frí til afnota sem uppbót á launum. Jeg vænti þess, sem sagt, að deildin taki þessu máli nú vel, og það því fremur, sem við höfum lækkað upphæðina úr því, sem fyrst var farið fram á, og meira en skógræktarstjórinn hefir lagt út til húsabóta.

Um hinar brtt. skal jeg ekki fjölyrða, en læt mjer nægja að skýra frá afstöðu minni til þeirra með atkvæði mínu, þegar að því kemur. Þessu þingi mundi seint verða slitið, ef allir þm. töluðu um hvert atriði, sem fram kemur. En í fám orðum vil jeg taka það fram, að mjer þykir þessi fjáraukalög orðin ískyggilega há, þó ekki bætist við alt, sem farið er fram á í þessum brtt., sem nú eru til meðferðar. Mun jeg greiða atkvæði á móti þeim sem allra flestum.

Lárus Helgason: Jeg ætla ekki að tefja umræðurnar mikið. Háttv. frsm. (MP) hefir lýst því yfir, að nefndin væri hlynt þessari einu brtt., sem frá mjer er komin. Jeg er þar líka í fullu samræmi við tillögur landlæknis í því máli; hann hefir skýrt mjer frá, að hann væri þessu fyllilega samþykkur og gæti gefið því sín bestu meðmæli. Það er vitanlegt öllum hv. þm., að víða eru erfiðar samgöngur hjer á landi, en óvíða eins og í Skaftafellssýslunum. Þar er því þörfin alveg óumflýjanleg fyrir slíkt, sem till. fer fram á. Enda hafa hjeraðsbúar sýnt það, að þeir finna til nauðsynjar þess, að sjúkraskýli komist upp í hjeraðinu, þar sem þeir hafa þegar hafist handa til þess að byggja læknisbústað og sjúkraskýli í sambandi við hann. Vil jeg svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vona, að háttv. deild sjái, hve brýn þörf er að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg á eina brtt. á þskj. 482, þar sem farið er fram á, að Alþingi veiti ekkju Pjeturs Guðmundssonar, kennara á Eyrarbakka, lítilsháttar styrk. Jeg get búist við, að háttv. deild finnist það ekki efnilegt að fara að veita barnakennaraekkjum styrk, því að þær sjeu svo margar og fordæmið mundi draga dilk á eftir sjer. En hjer er ekki verið að tala um nein varanleg fjárframlög, heldur styrk fyrir eitt einasta ár. Svo stendur hjer alveg sjerstaklega á, að hjer er verið að fara fram á, að ekkja þessi fái að halda styrk þeim, er manni hennar hafði verið veittur hjer undanfarin ár í fjárlögum. Hefi jeg borið þetta fram sjerstaklega vegna þess, að þessi framliðni maður bað mig sjerstaklega um áður en hann dó, að ekkjan fengi að halda þessum styrk að minsta kosti þetta ár. Kona þessi er bláfátæk, á 4 börn innan við fermingaraldur og á engan að. Barnakennarinn, maður hennar, gegndi störfum þeim í 31 ár, og var talinn að hafa rækt þau vel. Síðan misti hann heilsuna og lá rúmfastur tvö síðustu árin, og naut þá þessa styrks. Get jeg því vænst, að hv. deild haldi áfram þetta ár, til þess að hjálpa henni yfir örðugasta hjallann; því að úr því fara börn hennar að komast upp og geta unnið fyrir sjer og hjálpað henni.

Jeg vona, að háttv. þm. vilji líta sanngjörnum augum á þessa málaleitun og samþykki þennan styrk, og jeg trúi ekki öðru en að háttv. þdm. samþykki þessa lítilfjörlegu upphæð til þess að bæta úr ítrustu þörf fátækrar ekkju, til þess að ljetta henni byrðina, þó ekki sje nema yfir sárasta sorgarárið.

Pjetur Ottesen: Jeg á hjer eina brtt., sem jeg ætlaði að segja fáein orð um, viðkomandi Hvítárbakkaskólanum. Jeg hafði brtt. mína upphaflega þannig, að frestur á afborgunum á viðlagasjóðsláni skyldi vera leyfður um 5 ára skeið, en nú hefi jeg fært það niður í 3 ár, í samræmi við álit háttv. fjvn., enda hefir hún nú heitið mjer fylgi sínu í þessum efnum. Það er kunnugt, að alþýðufræðslan hefir yfirleitt átt vinsældum að fagna á Alþingi, og hefir það sýnt fullan skilning á nytsemi alþýðufræðslunnar, bæði með styrkveitingum til alþýðuskóla og öðru. Árið 1920 keyptu Borgfirðingar Hvítárbakkaskólann, jörðina með skólahúsum og búi, af Sigurði Þórólfssyni, sem var stofnandi skólans og rak hann um mörg ár. Kaupverðið var 50 þús. kr., en þar að auki fór mikið fje í viðgerðir á skólahúsinu, endurbætur á áhöldum o. fl., og nam sá kostnaður fyrsta árið 25 þús. kr. Það var strax gengist fyrir hlutafjársöfnun í hjeraðinu, og er hlutafjeð nú 29500 kr. Þá fjekk skólinn árið 1921 20 þús kr. lán úr viðlagasjóði. Mismunurinn á kaupverði skólans, að viðbættum endurbótakostnaði, kr. 75 þús., og hlutafjenu, viðlagasjóðsláninu og halla, sem orðið hefir á rekstri skólans, sem alt er til samans 44 þús. kr., er því 31 þús. kr. Þetta fje er nú alt í skuld, í víxlum, sem hvílir á stofnendum og stjórnendum skólans, og það gefur að skilja, að það er mjög erfiður róður að búa undir svona miklum og óhagfeldum lánum, og það á jafnerfiðum tímum eins og nú standa yfir. Nú hefir stjórn skólans leitað til þingsins og farið fram á 20 þús. kr. viðbótarlán úr viðlagasjóði og 14000 kr. árlegan styrk. Háttv. fjvn., sem nú eins og fyr hefir sýnt alþýðuskólunum fullan velvilja, meðal annars með því að hækka styrkinn til þeirra, hefir þó ekki sjeð sjer fært að leggja til, að viðlagasjóðslánið verði veitt, sjerstaklega með tilliti til þess, að stjórnin hefir þrásinnis lýst yfir, að ekkert fje væri nú fyrir hendi til útlána, svo að það þyddi ekki neitt. Í stað þess leggur fjvn. til, að stjórninni sje veitt heimild til að ábyrgjast alt að 15000 kr. láni til skólans, og ætti sú ábyrgð að gera það kleift að fá handa skólanum lán með sæmilegum kjörum.

En hins vegar hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að veita umbeðna styrkupphæð á nafn skólans sjerstaklega, og get jeg raunar vel skilið það, því sú regla er nú upp tekin um þennan styrk til alþýðuskólanna, að veita ákveðna upphæð til þeirra allra, er stjórnin skifti svo á milli þeirra. Jeg vænti þess, að háttv. deild taki vel tillögum nefndarinnar um þessa ábyrgðarheimild, og jafnframt tillögu minni um þriggja ára afborgunarfrest á viðlagasjóðsláninu. Jeg vona, að háttv. deildarmenn geri sjer ljósa grein fyrir, hversu örðugt sje að halda uppi skólanum undir þessum kringumstæðum; en hjeraðinu er mjög umhugað um þessa menta- og menningarstofnun, sem mjög vel hefir svarað tilgangi sínum og borið góða raun, ekki einasta fyrir hjeraðið, heldur landið alt, því skólinn er sóttur hvaðanæfa af landinu. Skólinn hefir verið mjög heppinn með kenslukrafta. Hefir skólastjórnin verið með fyrirmyndarbragði, enda er skólastjórinn fjölmentaður, víðsýnn og sjerlega áhugasamur.

Þessi aðstoð ríkisins, sem hjer er farið fram á, ljettir mikið undir til að fleyta stofnuninni yfir verstu örðugleikana.

Jón Baldvinsson: Jeg á hjer eina brtt., sem er að finna á þskj. 484. Eins og kunnugt er, var feld við síðustu umræðu upphæðin, sem verja skyldi til utanfar-

arstyrks, en ýmsar umsóknir liggja fyrir þinginu frá mönnum, sem ætla að sigla í ýmsum erindagerðum, ýmist til að sækja fundi eða annað því um líkt. Frá mjer kemur nú brtt. um utanfararstyrk, sem er að vísu lág upphæð, enda hefi jeg reynt að klípa utan af henni eins og frekast mátti og eins og jeg hefi sjeð, að aðrir hafa neyðst til að gera.

Íslendingar hafa lengst af verið bókmentaþjóð og þeir tóku prentlistina í þjónustu sína fyr en margar aðrar þjóðir, sem þó áttu hægra aðstöðu með það. Fyrsta prentsmiðjan, sem hjer var, leysti verk sín prýðilega af hendi. Má þar til nefna prentun á Guðbrandarbiblíu og fleiri ritum, sem um líkt leyti voru gefin út. Er prentunin á biblíunni talin snild. Þessu hnignaði þó dálítið síðar og náði sjer tæplega fyr en með landsprentsmiðjunni, sem leysti prentanir vel af hendi.

Ein tegund prentunar var það, sem jafnan var gert lítið að, en það var mynda- og litprentun. Þurfti flest í þeim efnum að sækja til útlanda, þar til skömmu eftir síðustu aldamót. En þá má segja, að hefjist nýtt tímabil í sögu prentlistarinnar hjer á landi. Og það tímabil hefst með sænskum manni, sem hingað kom til lands. Hann flutti fullkomna þekking á þessu inn í landið, og hefir hann síðan leyst hjer af hendi allskonar mynda- og litprentun, sem fullkomlega hefir jafnast á við það, sem annarsstaðar er best. Ýmsar myndaprentanir hans hafa fengið hrós erlendis, fyrir það, hvað vel þær sjeu prentaðar, og man jeg þar eftir mynd, sem prentuð var í æfisögu Pjeturs biskups.

Þeir, sem kunnugir eru, vita, að hjer á landi hafa verið leystar af hendi óteljandi litprentanir, svo sem hlutabrjef o. m. fl., og hefir þessi maður allra manna mest unnið að því, og svo þeir, sem hann hefir kent. Höfum vjer því ekki þurft að sækja þessa vinnu út úr landinu, og auk þess hefir hún fengið á sig íslenskan blæ. Það er ekki einungis, að manni þessum sje sýnt um að fara með öll tæki, sem þessari iðn tilheyra, heldur er handsnilli hans og við brugðið. Hefir hún oft komið að góðu haldi, þar sem svo erfitt hefir verið að ná í öll myndamót, og áður var um svo langan veg að sækja til þeirra verksmiðja, sem þau framleiða.

Þessi maður, herra Emanúel Cortes yfirprentari, hefir nú sótt um styrk til þess að fara á prentlistarsýningu, sem halda á í Gautaborg nú í vor, aðallega til þess að kynna sjer nýtískuaðferðir í frímerkja- og peningaseðlagerð.

Af vottorðum þeim, sem jeg mintist á við 2. umræðu, sjest glögglega, hvert álit kunnugir hafa á manni þessum. Jeg þarf ekki lengra að leita en til stjórnar Landsbankans, sem látið hefir prenta peningaseðla undir yfirumsjón þessa manns, og enda þótt þeir sjeu ekki af fullkomnustu gerð, eru þeir þó eins vel gerðir og samskonar seðlar annarsstaðar. Þá hefir og ríkið látið hann prenta stimpilmerki, og var það áreiðanlega landinu stórhagur. Mætti svo lengi telja.

Jeg veit, að allir, sem þekkja herra Cortes, vita, að þó að tíminn sje naumur, sem hann fær dvalið í Gautaborg, þá muni hann þó á þeim tíma komast yfir að kynna sjer nýtísku aðferðir við skrautprentun og fleira og færa sjer í nyt þá verklegu þekkingu, sem þarna verður hægt að nema. Og engan mann hjer á landi þekki jeg hæfari til þessa en einmitt hann.

Vænti jeg, að hið háa Alþingi láti nú

sjást, að það vilji hlynna sem mest að því, að sem allra flest störf sjeu unnin í landinu sjálfu. Jeg þarf svo ekki að fjölyrða frekar um þetta atriði. Jeg veit, að flestir hv. þm. eru mjer hjer sammála, er þeir hafa lesið skjöl þau, sem umsókn þessari fylgja og liggja fyrir þinginu.

Jakob Möller: Jeg þarf ekki að tala mikið um brtt. mínar. Helst væri það þá brtt. á þskj. 491, sem gera þyrfti grein fyrir. Ástæðan fyrir því, að hún er fram komin, er sú, að nú fyrir skömmu — 28. apríl síðastl. — kom símskeyti til forsætisráðherra frá sendiherra okkar í Kaupmannahöfn, þess efnis, að sænski sendiherrann þar byði, fyrir hönd þjóðar sinnar, Íslendingum að senda mann á allsherjar blaðamannafund, sem halda á í Gautaborg um miðjan júní næstk. Þetta boð afhenti forsætisráðherra síðan formanni Blaðamannafjelagsins, og var í því fjelagi rætt um möguleikana til að verða við því. Niðurstaðan varð sú, að það myndi ókleift án styrks.

Það hefir tíðkast oft áður, að menn væru styrktir til svipaðra ferðalaga, enda eru ferðalög þau mjög dýr, svo langan veg, og efni einstakra manna, a. m. k. úr þeirri stjett, leyfa það ekki. Að öðru leyti ætla jeg ekkert að „agitera" fyrir þessari styrkveitingu, enda mun málið talið mjer of skylt til þess, þó að jeg ljeti tilleiðast að flytja þessa till., sem var jafnframt vegna þess, að jeg tel landinu varla vansalaust að sinna ekki svo ágætu boði.

Þess eins vil jeg þó geta, að ekkert hefir verið ákveðið um það, hver færi, þó að til kæmi.

Þá á jeg ásamt öðrum háttv. þm. brtt. á þskj. 484. Í raun og veru hafa þær sjest áður, en í öðru formi. Kom okkur saman um, að misskilningur hlyti að valda því, að svipaðar till. voru feldar hjer áður.

Till. um styrkinn til Good-Templara hefir að vísu ekki verið borin upp í sambandi við fjáraukalög áður, en í þessa árs fjárlögum er þeim ætlaður 3000 kr. styrkur. Þetta er svo lítið, að reglan kemst engan veginn af með það til nauðsynlegustu starfa. T. d. gefur hún blað út, sem fer fjarri að borgi sig. Jeg er þess fullviss, að þessi hv. deild metur starf þessarar reglu svo mikils, að hún fellir ekki þessa brtt., síst nú, eftir að bannlagabreytingin er komin á, og þörf reglunnar því meiri en ella.

Þá er styrkurinn til Kvenrjettindafjelagsins, til að koma á allsherjarfundi fyrir kvenfólk hjer í Reykjavík nú í sumar. Jeg skildi ekki atkvgr. um þessa fjárveitingu við síðustu umr. Hygg jeg, að hún hafi verið sprottin af vangá; menn hafi ekki athugað, hvað hjer var um að ræða.

Ætlunarverk þessarar samkomu er m. a. að sýna konum utan af landi, hvernig nota beri allskonar nýtísku tæki, og þá sjerstaklega rafmagnstæki, nýjustu prjónavjelar, enn fremur kynna þeim framfarir, sem hjer hafa orðið í ýmsu því, er að bústjórn lýtur, o. s. fv.

Má öllum vera ljóst, að mikið gagn getur orðið að því að vekja áhuga á slíkjum tækjum, og eins hitt, að hjer er notkun þeirra víðtækari en víðast annarsstaðar á landinu. Enn fremur er í ráði að þarna verði fluttir fyrirlestrar, og hafa mætir menn heitið þar aðstoð sinni, svo sem prófessorarnir Guðmundur Finnbogason og Sigurður Nordal, Einar Helgason garðyrkjufræðingur o.

fl. En af öllu þessu leiðir kostnað, sem sanngjarnt væri, að ríkið hjálpaði til að standast.

Eiríkur Einarsson: Jeg á eina brtt. á þskj. 491, um styrk til sjúkrahúss og læknisbústaðar í Grímsneshjeraði, 3000 kr., eða ⅓ kostnaðar.

Þessari till. hefir verið vel tekið, m. a. af hæstv. forsætisráðherra (SE). Einnig mun hv. fjvn. yfirleitt hlynt þessari fjárveitingu, enda þótt háttv. frsm. (MP) vildi hvorki segja af eða á að svo stöddu máli, vegna þess að ummæli landlæknis vöntuðu. Jeg hefi nú spurt landlækni álits, og gaf hann það svar, að sitt „princip“ væri að styrkja ekki læknisbústaðabyggingar eingöngu, heldur hvorttveggja í senn, sjúkraskýli og læknisbústað. Nú er hjer svo ástatt, að læknisbústaðurinn er kominn upp og sjúkraskýlið er í smíðum. Hefir verið áætlað, að það yrðu 2—3 haganlega útbúnar stofur. En nú vantar fje. Hjeraðið getur ekki lagt meira af mörkum, og stendur auk þess í skuld fyrir læknisbústaðinn. Jeg átti nýlega tal við hjeraðslækninn, og kvað hann bæði sjer og öðrum hjeraðsbúum mikið áhugamál, að skýlið kæmist upp hið fyrsta.

Þá heimilaði landlæknir mjer að hafa það eftir sjer, að hann væri því sjerstaklega fylgjandi, að Grímsneshjerað fengi þennan 3000 kr. styrk, vegna þess að hjeraðsbúar hafi lagt sjerlega mikið á sjálfa sig í þessu máli. Og er það rjett. Þegar Skúli læknir í Skálholti sagði af sjer, keyptu þeir jörðina Laugarás, sem var mjög vel fallin til læknisbústaðar og sjúkraskýlisbyggingar, vegna lauganna, sem má nota á svo margvíslegan hátt. Ennfremur hafa þeir bygt staðinn, sem var í mestu niðurníðslu, og auk þess byrjað á sjúkraskýli, svo að margt mælir með því, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með þeim, er vitanlega hafa framkvæmt þetta meira af vilja en mætti. Væri síst maklegt að láta þá gjalda þess, að þeir fengu nokkurn styrk, þá er þeim var selt Geysishúsið við vægara verði en annars kynni að hafa fengist. Mun óhætt að fullyrða, að nóg vantar samt, þó að þeir hafi fengið þar nokkrar spýtur með sanngjörnu verði.

Það er langt frá því, að jeg ætli að andmæla þeirri till. háttv. þm. V.-Sk. (LH), að 10000 kr. sjeu veittar til læknisbústaðar á Síðu, en jeg vil aðeins benda á það, að stórum fer jeg vægara í sakirnar, er jeg bið aðeins um 3000 kr., og það til framkvæmda, sem komnar eru langt áleiðis.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram eina brtt. í þá átt að heimila landsstjórninni að verja alt að 10 þús. kr. til rannsókna á eldsumbrotum.

Það er alkunna, að í öndverðum októbermánuði síðastl. voru eldgos svo stórfeld í Vatnajökli, að sáust víðast af landinu og var öskufall víða, en þó einkum í Hornafirði.

Samtímis gosi þessu voru og jökulhlaup á Skeiðarársandi, og er talið víst, að þau hafi stafað af þessum eldsumbrotum, enda telja vísindamenn, að jökulhlaup þar stafi að jafnaði af eldsumbrotum. En upptök eldsumbrota á þessum slóðum hafa aldrei verið rannsökuð vísindalega, enda ríkir svo megn vanþekking um þessi efni, að blöðin hafa jafnvel blandað saman eldsumbrotunum í byrjun okt. síðastl. og þeim, sem urðu í nóv. og desember í Öskju í Dyngju-

fjöllum, jafnvel þótt 160—180 km. sjeu þar á milli.

Auðvitað geta menn fundið gosstaði með því að miða frá tveim fjarlægum stöðum, svo að miðin skerist um eldsupptökin, og á þann hátt hafa menn fundið, að gosið í októberbyrjun muni hafa verið í svonefndum Svíagíg, norður af Grænafjalli í námunda við Hágöngur. Er það feikna mikill gígur, sem Svíar tveir, Hakon Wadell og E. Ygberg, fundu sumarið 1919 og kendu við sig. Hann er 7½ km. á lengd, 5 km. á breidd og 80—100 m djúpur. Var hann þó mjög hulinn jökli, er Svíarnir voru þar. Segja þeir Svíarnir, að hlaupið í Skeiðarárjökli árið 1903 hafi stafað af gosi í þessum gíg. Að vísu eru mjög tíð eldsumbrot á ýmsum stöðum þar norður í Vatnajökli, en þessi gígur er í miðjum jöklinum, þó þeim megin, er suður veit, og hljóp jökullinn því suður á bóginn, er gosið varð síðastl. haust, og uxu vötn þar, en ekki þau, sem fara í norður úr jöklinum.

Gos þetta hófst í byrjun okt. síðastl., eins og áður er sagt, og segir sagan, að maður nokkur á Hjeraði hafi jafnvel sjeð reyk 28. sept., en hæst stóð gosið 4. okt., og þá daga var hlaupið mest í Skeiðarárjökli.

Nokkru síðar kom upp eldur í Öskju og varð mestur 17. nóv. og síðar 26. nóv. Þær slóðir eru víðfrægar síðan gosið mikla varð 1875, þegar öskufall barst til Svíþjóðar og jafnvel enn fjarlægari landa. Askja og nágrenni hennar hefir líka verið allvel rannsökuð af vísindamönnum. Fyrst var það danskur maður, próf. Fr. Johnstrup, sem rannsakaði þessar stöðvar.

Síðan komu Þjóðverjar tveir, Rudloff og v. Knebel, sem gerðu þar mjög miklar rannsóknir, en druknuðu báðir í Öskjuvatni árið 1907. Árið eftir kom enn þýskur vísindamaður, dr. phil. Hans Reck, meðfram til að leita líka þessara tveggja landa sinna, og hefir hann gefið út merkilegt rit um þessar stöðvar, að mestu eftir handritum v. Knebels. Það hefir komið í ljós við þessar rannsóknir, að miklar breytingar, sem sjálfsagt stafa af nýjum eldsumbrotum, hafa orðið þarna frá 1875 og til síðustu ára. En eftir gosið í vetur hefir þetta mikla eldsumbrotasvæði ekki verið rannsakað til hlítar. En það er góðra gjalda vert, að Mývetningar þrír, undir forystu Þórólfs Sigurðssonar frá Baldursheimi, fóru þangað suður til athugunar á gosinu öndverðan desembermánuð. Veður fengu þeir ágætt og sáu mjög mikil vegsummerki eftir eldsumbrotin, en vantaði, sem vonlegt var, tæki og kunnáttu til nákvæmra mælinga og rannsókna. Hafa þeir Þórólfur farið að dæmum eldri Mývetninga og annara Þingeyinga, er sýnt hafa mikinn áhuga í þessum efnum og áður rannsakað eldsumbrot þar nyrðra, bæði í Öskju og Sveinagjá á Mývatnsfjöllum. Má í þessu sambandi sjerstaklega geta Hallgríms Jónassonar, bróður Hermanns fyrrum alþingismanns, sem hefir ritað af mikilli snild um gosin í Sveinagjá 1875, og er sú ritgerð prentuð í ferðasögu prófessors Þorvalds Thoroddsens.

Af því, sem hjer var sagt, geta menn sjeð, að landssvæðið kringum Öskju er talsvert rannsakað, en vegna umbrotanna í vetur er nauðsynlegt að rannsaka það nú enn á ný. En hvað sem því líður, að frekari rannsókn mætti kannske bíða þar, þá er brýn nauðsyn að rannsaka eldsumbrotin í Vatnajökli, og

það þegar á þessu sumri; annars er hætta á, að jökull sígi yfir umbrotasvæðið.

Þær eldstöðvar eru hinar stórkostlegustu á Íslandi, gos þar mjög tíð að fornu og nýju, og líklega sömu stöðvar, sem nefndar eru „við Grímsvötn“ í annálum, en hafa aldrei verið rannsakaðar, nema þá af þeim tveim Svíum, sem jeg gat um áður, en þó eru miklar líkur til þess, að eldurinn hafi verið víðar í sömu eldlínu en í Svíagíg einum.

Mjer virðist ekki í annað hús að venda en til Íslendinga sjálfra nú, eftir að landið er orðið sjálfstætt ríki, að þeir hlutist til um, að eldstöðvar þessar verði rannsakaðar.

Vera má, að einhver segi, að slík rannsókn sje hjegóminn einber, þar sem hún gefi ekki beinan arð af sjer í fjármunum, en þegar athugað er, hversu gífurleg áhrif eldgos hafa haft á allan hag manna hjer á landi, þá virðist mjer megnasta sinnuleysi að ganga fram hjá tækifærum til að afla sjer þekkingar á þeim, jafnvel þótt enginn geti búist við, að hægt sje að aftra þeim á nokkurn hátt. Það hlýtur að vera mjög mikils vert að þekkja gosstöðvarnar og eðli gosanna á hverjum stað, til þess að vita sem gerst, hverra afleiðinga sje af þeim að vænta. Landið hefir einu sinni — í Móðuharðindunum 1783—84 — nær lagst í eyði vegna eldgosa, og fjekst engin full þekking um upptök þeirra eldgosa fyr en Þorvaldur Thoroddsen kom til sögunnar.

Jeg hefi nú stuttlega gert grein fyrir þessari brtt. minni og vænti þess, að hún verði samþykt, enda undarlegt, ef menn vilja ekki kynnast nánar svo örlagaþrungnum náttúrufyrirbrigðum. Jeg kveð ekki á um, hvort heldur íslenskir menn eða erlendir skuli framkvæma þessa rannsókn. Þykir mjer þó líklegt, að til þess verði fengnir útlendir vísindamenn, helst frá Þýskalandi, því að jafnvel þótt kostur kunni að vera á vel færum innlendum mönnum í þessu efni, þá er þó vafasamt, hvort þeir hafa nauðsynleg áhöld, þau sem bestu sjerfræðingar nota.

Jeg býst ekki við, að neinn beri mjer á brýn, að hjer sje um hreppapólitík að ræða, því að jafnvel þótt eldsvæðið liggi ekki allfjarri kjördæmi mínu, þá eru önnur kjördæmi þó enn nær, enda er þetta mál, sem varðar alla alþjóð.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla aðeins að minnast á tvær brtt. Ætlaði jeg að gera það áðan, er jeg talaði fyrir brtt. minni um Hvítárbakkaskólann, en fjell frá því þá, af því að hæstv. forsrh. (SE) var ekki viðstaddur.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 484, IX,b, frá fjárveitinganefnd, um að veita Jakobi Thorarensen 800 kr. til ritstarfa. Brtt. þessi er komin fram af því, að mjög megn óánægja hefir verið út af því, hvernig styrknum til skálda og listamanna var úthlutað á þessu ári. Og þá sjerstaklega af því, að Jakob var algerlega settur hjá, því að hann er alment álitinn þróttmestur og tilþrifamestur hinna yngri skálda. Þykir því undarlegt, að stjórnin skyldi líta svo á þennan hæfileikamann, að gera hann alveg afskiftan, og þá sjerstaklega þegar litið er á, hvernig styrknum yfirleitt var úthlutað; 6 söngnemum er veittur hann, og eru þeir að tölunni til ⅓ hinna haminjusömu manna, sem styrkinn fá; þeir, sem styrksins njóta, eru víst 18 alls. Jeg skal vitanlega ekkert segja um verðleika þessara manna, en manni verður þó á að halda, að rjettmætt hefði verið að skjóta t. d. einhverjum þeirra til hliðar,

svo ekki hefði þurft að ganga alveg fram hjá Jakobi Thorarensen, úr því að skáldin voru þá ekki algerlega gerð afskift af styrknum. Annars skal jeg taka það fram, að jeg er alls ekki fýsandi að hækka skálda- og listamannastyrkinn; jeg hefi altaf verið á móti því að verja svo miklu fje í þessu skyni. En mjer finst alls ekki mega ganga fram hjá þessum manni, úr því á annað borð verið er með þessar styrkveitingar; því jeg er fullviss um, að hann hefir fulla verðleika til að ganga fyrir mörgum þeim, er styrkinn fengu.

Þá vil jeg minnast á brtt. II á þskj. 491, frá háttv. 1. þm. Árn. (EE), um 3 þús. kr. til sjúkraskýlis og læknisbústaðar á læknissetrinu Laugarási í Grímsneshjeraði. Það var upplýst hjerna á dögunum, að Grímsnesingar hefðu ekki farið varhluta af styrk úr ríkissjóði til þessa læknisbústaðar, síður en svo, þar sem fyrv. fjármálaráðherra (MagnJ) seldi þeim Geysishúsið fyrir svo lítið verð, að salan á því er orðin að hneykslismáli. Það eina, sem fært hefir verið til málsbóta fyrir sölunni, var það, að þetta hefði verið styrkur til þess að koma þessu sjúkraskýli og læknisbústað upp, og þetta hefir verið margviðurkent af þeim báðum, háttv. 1. þm. Árn. (EE) og fyrv. fjrh. (MagnJ). Enda sjest þetta ljóslegast á því, að hv. fjárveitinganefnd, sem annars er velviljuð því, að veita liðsinni til að koma upp sjúkraskýlum, hefir ekkert viljað veita til þessa sjúkraskýlis, af því að hún hefir litið svo á, að þetta væri nógur styrkur.

Forsætisráðherra (SE): Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Borgf. (PO), sem jeg get ekki látið vera að mótmæla strax, en það var, að stjórnin hefði ekki álitið Jakob Thorarensen verðan skáldastyrks. Þetta er nefnilega alveg öfugt við það, sem jeg hefi haldið fram, því að jeg hefi einmitt sagt, að ætti jeg að ráða um úthlutun þessa styrks næsta ár, þá skyldi bæði þessi maður og Stefán frá Hvítadal fá hann, því að jeg tel þá báða góð skáld, sem eigi viðurkenningu skilið. Annars þótti mjer undarlegt, þegar hv. þm. (PO)) var að tala um styrk þennan sem námsstyrk, því að til þessara manna getur ekki verið um slíkan styrk að ræða, heldur einungis verðlaun eða viðurkenningu. Og eigi að veita slík verðlaun öllum, er talist geta góð skáld, þá þarf að hækka styrk þennan. Og ætlist háttv. þm. Borgf. (PO) til, að verðlaun þessi sjeu veitt á hverju ári, þá þarf hann að koma með tillögu um að hækka upphæðina að miklum mun. Jeg skyldi síst vera á móti því, því að enginn hefir fundið það betur en jeg, hversu lítill styrkur þessi hefir verið, þegar átt hefir að fara að úthluta honum.

Annars þarf að leggja annan mælikvarða á námsstyrkina en þá styrki, sem veittir eru í viðurkenningarskyni, og eigi að veita þá á hverju ári, þá þarf að setja þá í aðra grein í fjárlögunum.

Ef litið er á, hvernig styrk þessum hefir verið úthlutað, þá er ekki hægt að segja, að nokkur óverðugur hafi fengið hann, en margir ekki fengið hann, sem hans voru þó maklegir, af því fjeð vantaði.

Stefán Stefánsson: Jeg á hjer 2 brtt. á þskj. 484, er báðar snerta sjóvarnargarðinn á Siglufirði. Jeg flutti þær við 2. umr. fjáraukalaganna hjer í þessari hv. deild, en tók þær þá aftur, af því að hv. fjárveitinganefnd flutti þá einnig brtt., er gengu í þá átt, að framlag Siglufjarðarkaupstaðar skyldi vera helmingur af kostnaðinum. En báðar brtt. mínar miðuðust við ⅓, eins og gert var ráð fyrir

í stjórnarfrv. Nú flyt jeg þær því aftur, í samræmi við það, sem samþykt var við 2. umr., þar sem ákveðið var, að Siglufjarðarkaupstaður legði fram ½ byggingarkostnaðar garðsins, og legg til, að kaupstaðurinn taki að sjer viðhaldið eftir sömu hlutföllum. Samkvæmt þessu fer jeg einnig fram á, að lánið til byggingar sjóvarnargarðsins sje hækkað úr 15 þús. kr. upp í 30 þús., sem er þá helmingur væntanlegs byggingarkostnaðar.

Jeg vona fastlega, að háttv. deild taki vel þessum brtt. mínum og sjái, að það er ekki frekt í sakirnar farið, þó að ætlast sje til, að landið leggi fram helming byggingar- og viðhaldskostnaðar, þegar tekið er tillit til þess, hve illa verk þetta hefir gengið, sem eingöngu má um kenna verkfræðingum þeim, er stjórnin hefir látið sjá um framkvæmdina. Þess vegna mælir engin sanngirni með því, að Siglufjarðarkaupstaður leggi meira fram en þennan umrædda helming.

Þá hefir verið minst á, að Sauðárkróksbúar þurfi að leggja meira fje fram til þess að viðhalda landi kauptúnsins. En svo er alls ekki, því enn sem komið er hafa þeir ekki þurft að leggja fram eins mikið fje til þess að viðhalda landi kauptúnsins á Sauðárkróki eins og Siglfirðingar þurfa að leggja fram til þessarar byggingar, og eftir öllum líkum að dæma, til að viðhalda landi kaupstaðarins, eða öllu rjettara til viðhalds garðinum. Auk þess eru lóðirnar á Sauðárkróki leigðar til lífstíðar, en allmargar lóðir á Siglufirði til tiltölulega skams tíma. En svo er hættan líka meiri á því, að land Siglufjarðar brotni upp en land Sauðárkróks, og þarf því sennilega margfalt meira fje til þess að verja það.

Jeg vænti því, að háttv. þm. líti með sanngirni á þetta mál og samþykki brtt. mínar á þskj. 484.

Bjarni Jónsson: Jeg á hjer nokkrar smátillögur, þrjár að jeg held. Ræðir sú fyrsta um það, að hið háa Alþingi veiti lítinn viðbótarstyrk á yfirstandandi ári til alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins. Er nú þegar sloppið upp það fje, sem veitt var í þessu skyni, enda var upphæðin aldrei stór, en þetta er mjög bagalegt fyrir þá sök, að besti fyrirlestrartíminn er eftir, nefnilega tíminn frá haustnóttum og til jóla.

Helsta og raunar eina tekjugrein fræðslunnar er inngangseyririnn. Ræður það að líkum, að mjög er misjöfn aðsóknin; er mest undir því komið, hversu veljast fyrirlesarar og fyrirlestrarefni, og sjeu lúðrar þeyttir eða þess háttar samtímis fyrirlestrunum, er eigi við öðru að búast en að skaði verði að þeim meiri en annars.

Viðleitni okkar hefir verið sú, að fá jafnan hina bestu menn til fyrirlestrahaldsins, en sökum þess, hve erfitt hefir verið með fjárveitingar, hefir ekki verið hægt að koma fræðslunni í eins gott horf og æskilegt hefði verið. Það hefir t. d. reynst lítt mögulegt að senda menn út um sveitir í þessu skyni, því jafnan hefir vantað fje til að greiða með ferðakostnaðinn. Verður því þar að sæta færi, að fá menn, sem annaðhvort eru á staðnum eða eiga leið þar um, til að halda fyrirlestrana. Skal jeg t. d. geta þess, að síðastliðinn vetur var mjer símað austan af Hjeraði og jeg beðinn að útvega fyrirlesara á námsskeið, sem halda skyldi á Eiðum. En því varð auðvitað ekki við komið, nema hægt væri að losast við ferðakostnaðinn. Símaði jeg svo til tveggja presta í Fljótsdalshjeraði og bað þá að halda fyrirlestrana. Sýnir þetta ljóslega, að það er undir hendingu komið, hvern veg fyrirlestrahaldi úti um landið er háttað.

Skal jeg nú gefa mönnum yfirlit yfir

alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins árin 1921 og 1922.

Árin 1921 og 1922 hafa tekjur og gjöld alþýðufræðslu Stúdentafjelagsins jafnað sig upp með rúmum 3000 kr.

Árið sem leið var ríkissjóðstillagið 1500 kr. Tekjur af fyrirlestrunum voru um 1600 kr., því nær eingöngu úr Reykjavík. Svarar því, að þessar 1600 kr. hafi gengið til að launa fyrirlesurum, en ríkissjóðstillagið hafi farið til að greiða annan kostnað, svo sem húsaleigu, ferðakostnað, skýringarmyndir (skuggamyndir), auglýsingar o. fl. Umsjónarstarf fræðslunefndarinnar var ókeypis.

Fyrirlestrar hafa á árinu sem leið verið 21. Þar af hafa 12 verið fluttir í Reykjavík, en 9 utan Reykjavíkur. Fluttu þá þessir menn:

Dr. Alexander Jóhannesson ..... (1),
Ásgeir Ásgeirsson kennari ..... (4),
dr. Ágúst H. Bjarnason próf. .... (1),
Barði Guðmundsson ..... (1),
Bjarni Jónsson frá Vogi ..... (3),
dr. Guðmundur Finnbogason ..... (2),
cand. phil. Halldór Jónasson ..... (1),
Magnús Jónsson háskólakennari ... (1),
Matthías Þórðarson fornmenjavörður (6),
dr. Sigurður Nordal próf. ..... (1).

Alt eru þetta úrvalsmenn nema sá eini, sem jeg má ekki mæla með. Skal jeg geta þess, að leigan á húsinu, sem vjer höfðum til fyrirlestrahaldsins hjer í Reykjavík, var 75 kr., en aðgöngueyrir var 50 aurar, svo 150 manns þurfti til að borga húsið. Vona jeg svo, að jeg þurfi ekki frekar að mæla með þessari litlu fjárveitingu, og er þess fullviss, að hv. þm. láti sjer ant um, að þetta fræðslustarf þurfi ekki að falla niður.

Þá kem jeg að annari tillögunni, um sjúkrastyrk til handa Jóni Jónssyni hjeraðslækni á Blönduósi. Er þetta í samræmi við styrki, sem veittir hafa verið stundum áður, þegar líkt hefir staðið á eins og hjer, og má t. d. nefna styrkinn til Gísla sýslumanns Sveinssonar. Er líkt á komið með þeim báðum, nema hvað Gísli fór utan til að leita sjer heilsubótar, en Jón gat eigi komið því við sökum fátæktar. Hins vegar fór hann til Reykjavíkur og varð að hafa mann fyrir sig í heilt ár til að gegna embættinu. Nú er hann búinn að segja af sjer, en á mörg börn í ómegð, og er því sjálfsagt gróðavegur að gera eitthvað til að hjálpa honum nú, því annars má búast við, að ríkið verði seinna að veita meiri styrk börnum hans til uppeldis. Stendur hjer líkt á eins og með fleiri, t. d. Gísla Sveinsson, Ara Jónsson, kallaðan Arnalds, og Sigvalda Stefánsson, er nefnir sig Kaldalóns. Hefir þeim öllum verið veittur styrkur eða skaðabætur fyrir að hafa þurft að kosta menn til að gegna embættum sínum, er þeir þurftu að fara frá til að leita sjer heilsubótar.

Þá hefi jeg borið fram tillögu um skaðabætur eða styrk til Kristjáns gestgjafa Jónassonar í Borgarnesi. Var sama upphæðin í fjárlagafrv., en Ed. feldi hana eftir tillögum nefndarinnar. Skal jeg til skýringar þessari beiðni leyfa mjer að lesa upp brjef, sem sveitungar hans hafa sent nefndinni. Það hljóðar svo:

„Eins og kunnugt er, er enn ekkert sjúkrahús til hjer í Borgarnesi, en árlega fara hjer um ekki fáir sjúklingar á suðurleið, og auðvitað ýmsir þeirra með smitandi sjúkdóma.

Sá eini maður, sem undanfarin ár hefir veitt slíkum mönnum viðtöku hjer, er Kristján gestgjafi Jónasson, og hefir hann auðvitað beðið nokkurn halla við

slíkt, þar sem menn heldur hlífast við að gista þar, ef þeir vita, að slíkir sjúklingar eru þar fyrir. Á hinn bóginn mundu verða mjög tilfinnanleg vandræði hjer að koma slíkum mönnum fyrir, þó ekki væri nema náttlangt, ef hann hætti að hýsa þá, sem hann hefir haft við orð, ef hann fái ekkert í aðra hönd. Og viljum vjer því undirritaðir mæla sem best með því, að hið háa Alþingi veiti honum styrk til þess að taka á móti slíkum mönnum, þangað til bót verður ráðin á þessum vandkvæðum, með því að koma hjer upp sjúkraskýli eða á annan hátt.

Borgarnesi, 30. apríl 1923.

Guðm. Björnsson, sýslumaður.	Magnús Jónsson. oddviti.
Kjartan Ólafsson, hjeraðslæknir.	Jón Sigurðsson, Haukagili.
Jón Björnsson, hreppstjóri.	Hallgr. Níelsson, Grímsstöðum.
Guðbrandur Sigurðsson, Hrafnkelsstöðum.	Guðm. Ólafsson. Lundum.

Davíð Þorsteinsson,
Arnbjargarlæk".

Það er með öðrum orðum sýslunefnd og hjeraðslæknir, sem fara fram á þetta. Ætla jeg, að upphæð sú, sem jeg hefi tilnefnt, megi nægja, enda mætti síðar setja inn í fjárlög einhvern minni styrk til þessa manns, ef hann vill halda áfram þessum greiða við ríkið. Vænti jeg þess svo, að hv. deild samþykki styrk þennan og skaðabætur, eins og hún gerði um daginn, einkum þar sem þetta brjef er fram komið frá sveitungum hans.

Jeg skal annars láta óáreittar allar tillögur manna. Einni þeirra vildi jeg þó sjerstaklega leggja liðsyrði. Er hún frá hæstv. forseta og fer fram á, að fje sje veitt til rannsóknar eldgosasvæðanna. Tillögumaður mælti vel og skörulega fyrir þessu, svo sem hans var von og vísa, en jeg vil bæta því við, að vjer höfum nú völ á manni, sem mun sjerstaklega vel fallinn til þessa. Á jeg þar við dr. Helga Pjetursson, sem óhætt er að fullyrða, að sje einhver ágætasti jarðfræðingur, sem nú er uppi. Eru verk hans í þeirri grein þess eðlis, að þau sýna, að þar er forgöngumaður á ferðinni, en enginn sporgöngumaður. Hvar sem hann hefir stungið niður rekunni, hefir hann leitt eitthvað nýtt í ljós. Er það líka vel til fallið, að hann fái þetta viðfangsefni, sem honum mundi verða mjög ljúft að taka að sjer, og auk þess bæta hag hans að nokkru. Annars felst jeg á ræðu hæstv. forseta að öllu leyti of vænti, að tillögu hans verði vel tekið.

Magnús Jónsson: Jeg á brtt. á þskj. 491, undir tölulið IV, um ferðastyrk handa biskupi vorum til að sækja biskupafund í Noregi í sumar. Árið 1919 var haldinn stór og merkilegur klerkafundur á Norðurlöndum, og var þar talið æskilegt, að biskupar úr norrænum löndum kæmu saman öðruhvoru til að ræðast við um áhugamál sín og kirkjunnar og kynnast þeim stefnum, sem ríkjandi væru í trúmálunum. Fyrsti fundurinn var haldinn í Svíþjóð 1920 og þótti að ýmsu mjög merkileg samkoma, og var þá ákveðið, að slíkir fundir skyldu haldnir á þriggja ára fresti. Biskup vor gat ekki mætt á þessum fundi, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, og hefi jeg sjeð brjef frá erkibiskupi Söderblom í Svíþjóð, þar sem hann harmar mjög, að svo skyldi fara. Nú í sumar verður fundurinn haldinn í Noregi, og hefir biskupi vorum verið boðið þangað, og mælst til þess mjög eindregið, að hann láti ekki hjá líða að koma, svo sem sjá

má af brjefum þeim, sem hann hefir lagt fram með beiðninni. Eins og allir vita, eru Norðmenn næsta viðkvæmir í okkar garð og leggja mikið upp úr því, að Íslendingar hafi sinn fulltrúa á fundinum. En það er merkilegt, að enginn íslenskur biskup mun „officielt" hafa komið til Noregs síðan Jón Arason fór þangað til að fá vígslu.

Jeg mundi nú hafa farið fram á hærri upphæð, í samræmi við samskonar beiðnir frá öðrum mönnum, en biskup vor hefir verið svo hóflegur að nefna aðeins 1800 kr. Horfir hann ekki í, þó hann verði að kosta einhverju til sjálfur. Og því gæti jeg trúað, án þess þó að jeg vilji mæla á móti öðrum samskonar styrkveitingum, sem farið hefir verið fram á við þingið, að önnur sendiför muni ekki hafa meiri þýðingu fyrir land vort en þessi og stuðla frekar að því að sóma vors sje gætt. Og því vonast jeg fastlega til þess, að háttv deild sjái sjer fært að veita þessa litlu upphæð.

Hákon Kristófersson: Þegar jeg lít yfir aukafjárlög þau, sem hjer liggja fyrir, verður mjer helst á að óska, að þau hefðu aldrei komið fram. Bera þau ekki alllítinn svip af fjárlögum, og verði allar brtt. háttv. þm. samþyktar, þá sje jeg ekki, hvaða samræmi er í því við þær yfirlýsingar hæstv. stjórnar og hv. þm. um erfiðan fjárhag ríkisins, sem við höfum svo oft fengið að heyra.

Jeg vildi nú leyfa mjer að minnast á örfáar brtt. með nokkrum orðum. Verður þá fyrst fyrir mjer tillaga á þskj. 484, um 10000 kr. styrk til sjúkrahúss og læknisbústaðar á Síðu. Jeg vil nú ekki fara að gerast meinsmaður þessa, enda mælir það því að nokkru leyti bót, að slíkur styrkur er þegar kominn inn í fjáraukalagafrv., og því ekki við öðru að búast en aðrir svipaðir kæmu á eftir. En það, sem mjer finst varhugavert, er það, að blandað skuli vera saman sjúkrahúsi og læknisbústað. Það ætti að vera sundurliðað, því mjer vitanlega er ekkert fordæmi fyrir því, að styrkur sje veittur til byggingar læknisbústaða. En með þessu ætti líka að vera skapað fordæmi, sem nái til allra kjördæma. En samræmisins vegna vil jeg benda á það, að háttv. fjvn. sá sjer ekki fært annað en að leggja á móti styrk til viðgerðar á sjúkrahúsinu á Patreksfirði, sem jeg hafði farið fram á og færði gild rök fyrir, að nauðsynlegur væri. Jeg lái nefndinni raunar ekki þetta, því jeg veit, að það, eins og annað, sem sú nefnd gerir, er sprottið af nákvæmri rannsókn! En þess ætti að vera leyfilegt að krefjast af henni, að hún ljeti alla njóta sama rjettar, en færi ekki eins mikið og hún sýnist gera eftir því, hvort það eru kjördæmi þeirra manna, er sæti eiga í þeirri háttv. nefnd, eða vina þeirra.

Þá er önnur brtt. á sama þskj. frá hv. þm. Ísaf. (JAJ). Jeg get raunar ekki láð háttv. þm., þó að hann komi fram með þessa brtt., þó því verði ekki á móti mælt, að það er hál braut, sem hjer er farið inn á. Enn jeg býst við, að þeir, sem sagt hafa *a*, þykist eins mega segja *b*, og á það víst jafnt við í þessu sem öðru.

Þá sannast það hjer, að maður verður oft að gera fleira en gott þykir, því ekki þykir mjer ljúft að mæla á móti brtt. á þskj. 484 undir tölulið XI, frá hæstv. forseta. En jeg verð að segja það, að jeg hefði helst kosið, að hann hefði ekki komið með hana, og er það sökum þeirrar vináttu og virðingar, sem jeg ber gagnvart þessum heiðursmanni. (*MJ*: Hvers vegna ekki mæta manni?) Nei,

jeg segi ekki mætur maður að þessu sinni, því það á ekki við hjer, því jeg hefi stundum tekið eftir því, að það hefir verið lagt út á þann veg fyrir mjer, þegar jeg hefi viðhaft það orð, að hugur fylgdi ekki máli, heldur að jeg meinti eitthvað miður vinsamlegt, og á það þess vegna ekki við gagnvart þessum heiðursmanni, og vil jeg því með orðum mínum ekki gefa tilefni til þess, að þau verði misskilin. En svo jeg snúi aftur að brtt. hæstv. forseta, þá skal jeg láta þá skoðun mína í ljós, að ef við fljótum ekki sofandi að feigðarósi í öðrum málum en þessu, hvað snertir rannsókn á eldgosstöðvunum, þá held jeg, að ástandið í landinu sje ekki eins bágborið og af hefir verið látið. Hæstv. forseti gaf það í skyn í sinni skörulegu ræðu, að framkvæmd þessa máls geti haft mikil og góð áhrif á fjárhag landsins. Og vel má vera, að það væri mjög heppilegt að senda einn eða tvo jarðfræðinga upp í óbygðir til að rannsaka eldgosin, en hitt er ef til vill af skilningsleysi mínu sprottið, að jeg fæ ekki sjeð, að þetta geti haft mikla þýðingu fyrir fjárhag landsins, að minsta kosti ekki í þá áttina að auka tekjurnar. Aftur á móti gæti það orðið álitlegur bitlingur fyrir þann eða þá, sem valdir yrðu til rannsóknanna, en það er það, sem jeg vil telja ljett á metunum.

Háttv. þm. Dala. (BJ) mælti auðvitað með þessari vanhugsuðu tillögu, eins og við var að búast úr þeirri átt. Jeg vil þó minna á það í þessu sambandi, að 1912—13 var heiðursmaður einn sendur til þess að rannsaka gos, er þá var nýafstaðið nálægt Heklu, og er mjer ekki kunnugt um neinn hagræðisávöxt af því, og svipað mundi verða nú, þó slík rannsóknarför yrði farin. Hins vegar get jeg fyllilega undirskrifað það hjá háttv. þm. N.-Þ. (BSv), að engin hreppapólitík komi fram í þessu hjá honum, enda er það ekki vanalegt úr þeirri átt. Annars vona jeg það, að jafnvel þó það sje þessi heiðursmaður, sem flytur till., þá sjái deildin sóma sinn í því að fella hana, því ærið mörg dæmi um miður gætilega meðferð þingmanna á fje ríkissjóðs munu sýnileg bæði í fjárlögum og fjáraukalögum, þó þessi tillaga verði ekki samþykt.

Viðvíkjandi till. á þskj. 491, frá hv. 4. þm. Reykv. (MJ), verð jeg að segja það eitt, að Norðmenn eru þá viðkvæmari í kirkjumálum en verslunarmálum gagnvart okkur, ef það er mjög nauðsynlegt, að þessi till. gangi fram, sem jeg ætla annars hvorki að mæla með nje móti, þó jeg búist hins vegar við því, að eins mikill sparnaðarmaður og hjer á hlut að máli ætti að geta farið þessa umræddu för fyrir minna en 1800 kr.

Þá verð jeg líka dálítið að minnast á I. brtt. á þskj. 491, og er það þó síður en svo, að jeg vilji á nokkurn hátt hrekja ummæli hv. flm. (MP), þó mjer sje það hins vegar ekki ljóst, hvernig einmitt þessi mæti þingmaður, sem mörgum öðrum þm. er kunnugri fjárhag landsins, getur lagt það til að eyða 30 þús. kr. í þetta fyrirtæki, eins og fjárhag vorum er nú varið. Vitanlega sýnist mjer svo stundum, að það hafi ekki áhrif á tillögur sumra þingmanna, þegar þeir eða vinir þeirra eiga í hlut, hve fjárhagur lands og þjóðar er bágborinn. Jeg get annars tekið undir með hv. þm. Borgf. (PO) um það, sem hann sagði um sjúkraskýlið, sem reist var úr Geysishúsinu, að það er nokkuð hart að vera að sækja um styrk til þess nú, eftir það, sem á undan er gengið.

Till. nr. XV á þskj. 484 teldi jeg að

ýmsu leyti sanngjarnt að geta samþykt, enda um litla upphæð að ræða. En enn þá minni var þó upphæðin, sem jeg fór hjer fram á handa eftirlifandi ekkju sómamanns eins, sem verið hafði opinber starfsmaður í 40 ár, þó ekki væri kennari; en ekki fann sú till. náð fyrir augum þessarar hv. deildar. Það er aðeins ein af öllum þessum till., sem mjer virðist eiga fullan rjett á sjer, sem sje till. á þskj. 498, þar sem hún eykur ekki útgjöldin, en gerir kyrstöðu um stund á vissu sviði.

Jeg hefi þó einnig allmikla löngun til þess að vera með till. á þskj. 515, frá háttv. þm. Dala. (BJ). Hins vegar er mitt eina þakklæti til hv. fjárveitinganefndar fyrir það, að hún hefir tekið upp styrkveitingu til ungmennaskólans á Núpi. Annars skal jeg ekki fara fleiri orðum um einstakar brtt., en jeg vildi ekki láta málið fara þegjandi fram hjá mjer, svo ekki líti út svo sem væri jeg þessu öllu samþykkur. Annars mun jeg sýna afstöðu mína við atkvæðagreiðsluna gagnvart hinum ýmsu breytingartillögum.

Eiríkur Einarsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer aftur til máls að taka, en það voru óverðskulduð andmæli gegn sjúkraskýlinu austur frá, sem gera mjer það nauðsynlegt að segja nokkur orð.

Jeg vil þá nota tækifærið og mæla með því, að breytingartill. hæstv. atvinnumálaráðherra (KlJ) um styrk til ullariðnaðarnemandans nái framgangi. Gleður það mig, að hæstv. ráðherra skuli halda svona fast fram þessu máli, og vona jeg, að það megi skoða sem vilyrði um stuðning hans við málefnið og að hann láti ekki sitja við einsamlan námsstyrkinn. Það þarf vitanlega meira með.

Um sjúkraskýlismálið skal jeg segja það, að mjer þykir allundarlegt, að verið skuli að andmæla því, þar sem vitanlegt er, að stefnan er sú yfirleitt, að styrkja embættismenn í þessum efnum, t. d. presta til bygginga á prestssetrum o. s. frv., og hví skyldi þá ekki eins mega styrkja lækna og hjeruðin, er að þeim búa; það er líka margsýndur vilji þingsins að vilja gera það, þótt Grímsneshjerað eigi að verða olnbogabarn í þeim efnum.

Jeg þarf annars ekki að leiða rök að því, að það er lífsnauðsyn að styrkja sjúkraskýlin, enda er landlæknir þessu eindregið meðmæltur. Sveitarmenn þeir, sem í hlut eiga, hafa líka þegar lagt í mikinn kostnað vegna þessa og eru yfirleitt lítt efnum búnir, og gerir það hjálpina enn þá nauðsynlegri.

Út af því, sem sagt hefir verið um Geysishúsið í þessu sambandi, vil jeg taka það eitt fram, að alt of mikið er gert úr því, hvað það hafi verið mikils virði og hvað mikið hafi verið hægt að nota úr því til sjúkraskýlisbyggingarinnar. Jeg veit með vissu, að Geysishúsið hrökk skamt, hvaða sögur sem um það kunna að ganga, en það er ávalt hæpið að trúa slíku sem því, er hjer í deildinni hefir verið sagt um málið; er það mjög litað og rangt, enda er þetta orðið illindamál og notað til rógs. Það má líka taka tillit til þess, hvað hjer er farið fram á lága upphæð, samanborið við ýmsar aðrar svipaðar veitingar. Gæti þá Geysishúsið komið upp í þann mismun, eða hvað þetta sjúkraskýli fær lægri fjárveitingu en sum önnur. Vænti jeg svo hinna bestu undirtekta undir málið.

Jón Þorláksson: Hv. 1. þm. Árn. (EE) sagði, að Geysishúsið væri útrætt mál. Hann sagði þetta snemma í ræðu sinni, en með því, sem hann sagði síðar í ræðunni, mótmælti hann því, er hann hafði áður sagt. En það hefði getað verið útrætt, ef hann hefði ekki borið fram þessa brtt. sína um 3000 kr. styrk til sjúkraskýlis og læknisbústaðar á læknissetri í Grímsneshjeraði.

Fer hann hjer í raun og veru fram á, að söluverð Geysishússins, sem var 3000 kr., sje gefið eftir, og með því sje þetta fræga verk fullkomnað.

Álít jeg, að ekki sje rjett að gera þetta. Er nóg, að þetta lán til læknissetursins var illa fengið í upphafi, þó að þetta bætist ekki við. Stendur nú yfir bygging annars stærra sjúkraskýlis í sama hjeraði, en því er ekki enn lokið, sem stafar af því, að sýslan hefir ekki uppfylt þau skilyrði, sem henni ber.

En meðan svona stendur, að sýslan stendur ekki í skilum, er ekki rjett að veita styrk til annars sjúkrahúss í sýslunni. Má vera, að þetta þyki hart, en það er rjett, þegar ekki er fullnægt rjettmætum kvöðum.

Annars ætla jeg ekki að tala um einstaka liði frv., en vil nota mjer þann rjett, sem leyfður er við þessa umr. til að fara um frv. sem heild nokkrum orðum.

Það er nú svo komið, að þessi fjáraukalög fyrir 1923 nema eftir frv. frá 2. umr. tæplega 280 þús. kr., og nú liggur fyrir til 3. umr. 120 þús. kr. viðbót. Og ef bornar eru saman brtt. og frv. sjálft, þá fæ jeg ekki sjeð, að rjettmætt sje að fella brtt. allflestar, ef frv. sjálft á að standa.

Frv. þetta á enn eftir langa göngu, þrjár umr. í Ed. og líklega eina í hvorri deild, og samkv. reynslunni mun óhætt að fullyrða, að gjöld frv. muni aukast við hverja umr. Er hjer því stofnað til útgjalda árið 1923, sem ekki er enn sjeð fyrir endann á, en sem munu líklega nálgast meir ½ miljón kr. en ¼ miljón kr. Hefir margt verið sagt til aðfinningar hæstv. fjrh. (MagnJ) og jeg verið einn þar í hópi, en maklegt er að geta þess honum til lofs, að hann vildi ekki leggja fram frv. til fjáraukalaga fyrir þetta þing. Sá hann, að ef það yrði gert, þá mundu útgjöldin á árinu 1923 aukast svo, að afkoman yrði ekki glæsileg. En svo kom háttv. fjvn. og þröngvaði stjórninni til að koma fram með frv. Get jeg að vísu ekki láð stjórninni, þótt hún ljeti undan, en meira hefði jeg metið hana, ef hún hefði haft manndóm í sjer til þess að neita því og lofa háttv. þm. Dala. (BJ) eða einhverjum öðrum að koma með það.

En háttv. fjvn. mun nú vera farið að óra fyrir afleiðingunum af þessari kröfu sinni, enda má segja, bæði vegna þessarar kröfu hennar og meðferðar á frv., að ábyrgðin liggi aðallega á herðum hennar.

Jeg vil minna á, að á síðasta þingi, 1922, var líka rætt um, að stjórnin legði fram fjáraukalög fyrir það ár, en þáverandi stjórn, og sjerstaklega fyrv. fjrh., háttv. 1. þm. Skagf. (MG), neitaði að gera það. Mundi, ef frv. hefði komið, hafa komið þar útgjaldaauki, sem ríkissjóður hefði ekki verið viðbúinn að taka á sig.

Nú er aftur horfið frá þessari reglu fyrv. stjórnar, og má búast við, að áfram verði haldið. Liggja engar sjerstakar ástæður fyrir nú, er geri þetta nauðsynlegt, aðrar en þær, sem ávalt munu verða fyrir hendi meðan afstaða þingtímans til fjárhagstímabilsins helst óbreytt.

Á þinginu 1922 bar jeg fram frv., er miðaði að því að koma í veg fyrir þetta.

Fór frv. fram á, að fjárhagstímabilið byrjaði þegar eftir þinglok, svo að hvert þing fengi það hlutverk að semja fjárlög fyrir það tímabil, er byrjaði frá þinglokum; hefði þá ekki þurft að hafa tvenn fjárlög fyrir hvert tímabil, eins og nú verður í reyndinni. En þetta frv. fann ekki náð fyrir augum hv. deildar, og er rjett að minna á, að það var formaður fjvn., háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), sem átti mestan þáttinn í því að fella það.

En vera má, að óþarfi sje að vera að gera að umtalsefni þessa ½ miljón kr. viðbót, einkum þar sem ekkert heyrist frá hæstv. fjrh. (KlJ), sem þetta ætti þó að snerta mest.

Er gleðilegt, ef ástandið hefir breyst til batnaðar eftir að hæstv. fjrh. (KlJ) lýsti ástandinu hjer í þinginu fyrir nokkrum dögum. Sagði hann þá, að lítið fje væri handbært í sjóði og tæpast svo mikið, sem þessari viðbót nemur. Hefði útlitið aldrei verið svo svart sem nú, hvað þetta snerti. En jeg þykist vita, að þetta muni eitthvað breytt, úr því hæstv. fjrh. (KlJ) gerir engar aths., en það gleddi mig mikið, ef hæstv. ráðherra vildi skýra frá þessu. Og heyri jeg það, að eitthvað hafi ræst úr, mun jeg greiða atkvæði með frv., en ella neyðist jeg til að greiða atkvæði á móti frv. í heild. Auðvitað er ljóst, að stjórnin verður að inna af hendi, upp á aukafjárveitingu eftir á, það, sem nauðsynlegt er til að halda við mannvirkjum, sem ekki má fresta viðgerð á. En þetta eru engin vandræði og ekkert við það að athuga, þótt stjórnin leiti ekki heimildar fyrir þessu hjá þinginu fyr en eftir á.

Er þetta aðeins örlítill hluti þess, er nú stendur í fjáraukalagafrv. og brtt., en flest af hinu má bíða til ársins 1924.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) gaf mjer tilefni til að standa upp enn einu sinni, sem jeg ella hefði ekki gert. Hann tók rjettilega fram, að stjórnin hefði ekki ætlað að leggja fjáraukalagafrv. fyrir þingið, og hafði fyrv. fjrh. (MagnJ) þar enga sjerstöðu innan stjórnarinnar, heldur var öll stjórnin sammála um það. En hún varð að láta undan þingviljanum í þessu efni, og nú sjest árangurinn af því.

Jeg gat þess, að þegar frv. kom fram hefði verið líkast því, sem stífla hefði verið tekin burtu. Jeg bjóst altaf við, að margar brtt. mundu fram koma, en við svo mörgum bjóst jeg þó aldrei.

Mundi jeg hafa hugsað mig oftar en tvisvar um að koma með frv., ef jeg hefði vitað þetta fyrir.

En aðgætandi er, að sumt hefði þó orðið að borga, þótt frv. hefði ekki komið. T. d. var ekki hægt að komast hjá því að borga stærstu upphæðina, 75 þús. kr., sem er ¼ af upphæð alls frv. Er það gengismunur á milli sænskra og íslenskra peninga, er kom vegna innkaupanna til vitanna. Sama er að segja um brtt. mína þskj. 484, um fje til að endurreisa staurarðirnar á Kálfafellsmelum. Það er algerlega óhjákvæmilegt að gera það á þessu ári. Nemur þetta um 100 þús. kr.

Þá vil jeg svara þeirri spurningu hv. þm. (JÞ), hvort ástandið hafi breyst til batnaðar síðan jeg gaf yfirlitið. Það hefir ekki breyst, því miður, enda er það ómögulegt, því að tekjurnar koma ekki ört inn á þessum tíma í ríkissjóðinn, heldur síðari hluta sumars. Sje jeg ekki annað en nauðsynlegt verði að taka bráðabirgðalán allstórt nú í vor, og mundi það reyndar hafa orðið nauðsynlegt, þótt þetta fjár-

aukalagafrv. hefði ekki komið fram og sparast hefðu þær 200 þús. kr., sem segja má, að hefðu getað beðið til næsta árs. Hefir þetta líka verið tíska nú síðustu árin, eftir því sem sagt hefir verið, en á fyrri árum, meðan jeg var landritari, var það hreinasta undantekning, ef taka þurfti lán.

Pjetur Ottesen: Það vildi svo til áðan, þegar jeg gerði stutta aths. við 3 liði, að það varð til þess að hleypa á stað 2 af mestu mælskugörpum þingsins, og þó sjerstaklega öðrum þeirra, sem sje hæstv. forsrh. (SE). Var sem það snerti undarlega strengi í hæstv. forsrh., er jeg mintist á úthlutun skáldastyrksins.

Tók hann aðfinslur mínar mjög óstint upp, sem bygst hefir á því, að hann hefir fundið til óskeikulleikans hjá sjálfum sjer í því efni. Talaði hann með miklum myndugleik um aðfinslur mínar, og þarf satt að segja ekki lítið álit á fjölhæfni sinni og listasmekk til þess að geta talað svo sem hann gerði.

Kemur þetta sjerstaklega í ljós, er athugað er, hvernig styrknum var úthlutað. Hann fengu 3 rithöfundar, 6 söngmenn, 3 myndhöggvarar, 6 málarar, 1 tónskáld og 1 leikkona. Sjá menn, að það þarf ekki neina smáræðis listhæfileika til að dæma um svo fjölbreyttar listir, svo að ekki sje hægt að finna neitt að.

Af þeim 18, sem að þessu sinni hafa orðið þyngstir á metaskálunum, þessari gullvog, sem hæstv. forsrh. (SE) metur hæfileikana á, sjest, að hlutur rithöfundanna hefir orðið harla ljettur.

Já, mikill er nú munurinn frá því, sem áður var, er íslenska þjóðin bar ægishjálm á sviði bókmentanna og ritlistarinnar, en nú er því svo komið, að ekki nema 3 rithöfundar hafa, að dómi forsætisráðherrans, verðleika til styrks á móti t. d. 6 söngmönnum og 6 málurum. Jeg hefi rifjað þetta upp til þess að auka sem mest á ánægju hæstv. forsætisráðherra yfir þessu listfenga afreki hans. En það vil jeg segja út af ummælum hæstv. forsætisráðherra um gagnrýni mína á því, að hann hefði í þessari úthlutun alveg gengið fram hjá Jakobi skáldi Thorarensen, að það tel jeg harla undarlega niðurstöðu og fullkominn vott þess, að ráðherrann setji sig á fullháan hest, er hann þykist óskeikull um þessa hluti.

Hæstv. forsrh. (SE) skaut því að mjer að bera fram brtt. um að auka skáldastyrkinn, til þess að bæta úr þörfinni og misrjettinu; en því er til að svara af minni hálfu, bæði að jeg hefi ekki haft mikla trú á þýðingu þessara fjárveitinga yfirleitt og álít, að verja megi fjenu betur á annan hátt, þó að jeg hins vegar láti mjer ekki á sama standa, hvernig því er skift, úr því það er nú veitt á annað borð, og að jeg vil ekki, þrátt fyrir hið mikla álit hæstv. forsrh. á sjálfum sjer, leggja meira fje á þessar handahófs metaskálar hans. En nú er aðalskemtunin eftir hjá hæstv. ráðherra; hann gat sem sje um það áðan, að hann ætlaði að skemta deildinni með því að lesa upp kvæði eftir eitt skáldið, sem styrkinn fjekk, og er það vitanlega í því skyni gert, að færa deildinni sönnur á rjettmæti gerða sinna, og jeg sje, að hann er með „Svartar fjaðrir" fyrir framan sig, og þá vil jeg skjóta því til ráðherrans, að hann lesi einnig upp kvæði eftir Jakob Thorarensen til samanburðar, því annars sannar upplesturinn vitanlega ekki neitt. (*MJ*: Væri það ekki betra í Nýja bíó?). Jeg læt hæstv. ráðherra einan um það að velja stað og stund til upp-

lestrarins; jeg er nú hræddur um, að hann mundi taka það óstint upp fyrir mjer, ef jeg færi nú líka að kritisera það.

Háttv. 1. þm. Árn. (EE) brást reiður við því, að jeg, eins og tveir aðrir háttv. þm., hefi farið að tala um söluna á Geysishúsinu í sambandi við till. hans á þskj. 491, um styrk til sjúkraskýlis í Grímsneshjeraði. Hann talaði um, að þetta væri fólskukergja á móti þessu læknissetri. En það er af hans eigin fólskukergju, að þetta umtal hefir nú orðið, því hann hefir sjálfur leitt asnann inn í herbúðirnar, með því að bera nú fram þessa andvana fæddu brtt. sína.

Forsætisráðherra (SE): Jeg vil byrja með því að benda háttv. þm. Borgf. (PO) á greinarmuninn á verðlaunum og námsstyrk. Annars þóttist jeg taka það greinilega fram í fyrri ræðu minni. Nú skal jeg aftur vekja athygli hans á því, að verðlaun eru aðeins veitt þremur skáldum: Einari Kvaran, Guðmundi Friðjónssyni og Davíð Stefánssyni; tveimur málurum: Jóhannesi Kjarval og Jóni Stefánssyni, og einni leikkonu, frú Stefaníu Guðmundsdóttur. Jeg hygg, að hann verði að viðurkenna, ef hann vill vera sanngjarn, að þessir listamenn eigi allir verðlaun skilin. Hinir allir fá aðeins námsstyrk. Þeir eru enn óreyndir og ekki búnir að hljóta viðurkenningu. Eru aðeins byrjendur og flestir ungir listnemar, sem hafa góð meðmæli frá kennurum sínum, og sumir ágæt. Hafi hann ekki kynt sjer þessi meðmæli, sem jeg efast mjög um, því að vitnisburðirnir liggja uppi í stjórnarráði, þá er hann hjer að dæma um mál, sem hann hefir ekkert vit á. Háttv. þm. (PO) getur þó ekki hugsað, að hægt sje að veita öllum skáldum landsins verðlaun af þessu listamannafje eftir verðleikum þeirra; það er ómögulegt. Þá ætti sannarlega að veita Einari Benediktssyni verðlaun, sem er einna fremstur af núlifandi skáldum okkar.

Háttv. þm. (PO) sagði, að jeg teldi mig óskeikulan í þessum efnum og mundi vega á gullvog styrkinn til skálda og listamanna. Jeg veit ekki, hvernig hann hefir getað fengið það út úr ræðu minni. En þó vil jeg segja honum það, að jeg treysti mjer til að dæma um skáldskap eins vel og betur en hann.

Um málara og sönglistarmenn er öðru máli að gegna; þar fer jeg eftir vitnisburðum og meðmælum þeirra manna, sem eru mjer færari á þeim sviðum og betur þekkja til listamannanna.

Jeg held, að tilfinningarnar hafi hlaupið með háttv. þm. (PO) lengra en hann hefir varað sig á. Hann hefir sennilega lesið eitthvert gott kvæði í „Kyljum“, og það verkað svona á tilfinningarnar, að hann vill nú óvægur veita sem flestum skáldum á landinu verðlaun. Þetta sýnir best hið dásamlega afl listarinnar, að hún skuli geta hrifið svona mestu sparnaðarsál þingsins, og jafnvel hlaupið með hana í öfgar. Já, það eru dásamleg máttarverk listarinnar á þessum háttv. þm.!

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg býst við að sleppa öllum smærri aths., sem komið hafa frá háttv. þm. Háttv. þm. Barð. (HK) skaut því fram út af brtt. frá hv. þm. V.-Sk. (LH), um sjúkraskýli í Síðuhjeraði, að hann efaðist um, að fordæmi væru til fyrir því að styrkja þannig sjúkraskýli og læknisbústaði. Það er ef til vill ekki hægt að segja, að þau sjeu mörg, en jeg man þó í svipinn, að fyrir þessu var skapað fordæmi fyrir nokkrum árum í Húnavatnssýslu og veitt fje til sjúkraskýlis og læknisbústaðar þar. Enda gat háttv. þm. sjeð

það á sama blaðinu og þessi till. er á, að nefndin studdi hana með tilliti til áður gefins fordæmis.

Þá var sami háttv. þm. (HK) að undra sig yfir, að jeg, sem væri svo kunnugur fjárhagsástæðum ríkissjóðs, skyldi verða til að bera fram brtt. um 30 þús. kr. fjárframlag til Vífilsstaðahælisins; en jeg vil nú segja háttv. þm. (HK), að því er einmitt svo varið með þetta verk á Vífilsstöðum, að af fjárhagslegum ástæðum leyfist ekki að vanrækja það, til þess að ekki hljótist meira tjón af. Þessi till. er þannig vaxin, að jeg áleit, að hæstv. stjórn gæti ekki komist hjá því að flytja hana sjálf. Hjer er um að ræða svo nauðsynlega endurbót og viðhald á vinnutækjum.

Jeg sleppi öðrum aths., en sný mjer þá að háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Hann talaði alment um frv. og fjvn. í sambandi við það. Hann gat þess, að því er hann sagði, fyrv. fjármálaráðherra (MagnJ) til maklegs lofs, að hann hefði streist á móti því, að borið væri fram fjáraukalagfrv. fyrir þetta ár. Jeg skal nú ekki víkja neinu til hæstv. fyrv. ráðherra (MagnJ) út af því, þar sem hann er ekki hjer viðstaddur. Jeg veit ekki, hvað hann hefir sjeð því til fyrirstöðu, og stjórnin hjelt því þá fram, að engar gjaldaupphæðir lægju fyrir, sem þyrfti að veita fje til. Hann hefir alls ekki sjeð fyrir þær upphæðir, sem hæstv. stjórn hefir nú lýst yfir, að hún þyrfti að greiða á árinu, hvort sem það yrði heimilað samkvæmt fjáraukalögum eða ekki.

Háttv. þm. (JÞ) sagði, að það væri fjárveitinganefnd að kenna, að þetta frv. er fram komið. Jeg skal ekki neita því. Mjer finst eðlilegast, að stjórninni sje ekki heimilt að fara með fje milli þinga á bak við fjárveitingarvaldið.

Þá taldi hann, að fjvn. bæri fram till. til mikilla útgjalda, sem kæmu vegna þess, að þetta frv. er fram komið. Við 2. umr. bar nefndin fram brtt. við frv., er námu samanlagt 55 þús. kr., og meiri hluti þessa voru brtt. við fjárlögin 1924, sem hefðu orðið samþyktar þar. Jeg fæ ekki skilið, að þetta muni neinu, eða hvaða ávinningur það er fyrir ríkissjóð að láta þetta bíða til næsta árs, og villa þannig sýn með því að láta koma fram í næsta árs fjárlögum það, sem ekki á þar heima, en á að koma fram nú og greiðast á þessu ári.

Þá lofaði háttv. þm. (JÞ) fyrv. stjórn fyrir það, að hún hefði ekki lagt fram fjáraukalög á síðasta þingi, og taldi hann það mjög til sparnaðar. Hvað sem um það má segja, þá vita allir, að fjáraukalög komu fram fyrir það ár, 1922, með ca. 222 þús. króna fjárveitingum frá stjórninni. Fjvn. lækkaði það niður í ca. 201 þús. kr., en annars var ekki hægt að hreyfa við þeim, að öðru leyti en því, er þessar tvær upphæðir snertir, sem nefndin lækkaði. Jeg skil ekki, hvað það er betra að samþykkja fjáraukalög eftir á, sem ekkert er hægt að hreyfa og þingið verður að segja já og amen við, heldur en að það geti ráðið ráðum sínum og haft áhrif á einstaka liði áður en upphæðirnar eru greiddar.

Jeg bjóst við, að hæstv. fjrh. (KlJ) mundi svara háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), svo að jeg þyrfti þess ekki, og kom það þess vegna mjög undarlega fyrir, þegar hann fyrir hönd stjórnarinnar tók nú í sama streng og háttv. þm. (JÞ). Hann sagðist aldrei hafa búist við svo miklum útgjöldum í fjáraukalögum. Samkvæmt

frv. eru útgjöldin að upphæð ca. 277 þús. krónur, eins og það nú liggur fyrir. Eftir till. stjórnarinnar voru þau ca. 238 þús. kr. Jeg skil ekki, að hæstv. atvrh. (KlJ) þurfi að furða sig á því, þó að hæst hafi við frv. liðlega 30 þús. kr. í meðferð þingsins; það sýnir aðeins mun meiri sjálfsafneitun hjá þingmönnum en stjórninni. Jeg get tæplega hugsað, að stjórnin hafi ætlað sjer að greiða svona mikið fje á milli þinga í heimildarleysi, og furðar þess vegna á því, þegar hún er að tala um, að hún vilji ekki þetta frv. og hafi streist á móti því.

Hvað sem annars má segja um fjvn. í sambandi við frv., þá hefir hún svo breitt bak, að hún þolir að bera ábyrgð á því, sem hún á í þessum lögum. Og jeg hygg, að næsta fjvn. muni eins og þessi halda því fram og beita sjer fyrir því, að fjárveitingavaldið eigi að vera í höndum þingsins, en ekki stjórnarinnar.

Jón Þorláksson: Jeg hefi ekki mikið að segja út úr sjálfsvörn háttv. frsm. fjvn. (MP), annað en að þakka honum fyrir þær skýringar, sem hann gaf á því, hvernig þetta mál fer fram og hefir komist í núverandi horf undir forustu fjvn. Háttv. frsm. (MP) sagðist ekki sjá, hvaða ávinningur það væri að fresta til næsta árs fjárveitingum, sem þyrftu að greiðast hvort sem væri á þessu ári. Ef hann skilur ekki muninn á því, að fresta fjárveitingum til reglulegra fjárlaga, heldur en að taka þær upp í fjáraukalög, þá er ekki von að vel fari. Útlistun á þessu ætti heldur heima í kenslustund í þeirri námsgrein, sem mætti kalla framkvæmdarstjórnarfræði, heldur en í þingsalnum, en úr því háttv. frsm. (MP) lætur í ljósi vanþekkingu á eins einföldu undirstöðuatriði og þessu, verð jeg að biðja um leyfi til að eyða ofurlitlu af tíma deildarinnar til skýringar.

Þegar verið er að semja fjárlög, þá er venjulegast reynt að ganga svo frá þeim, að gjöldin verði helst ekki meiri en tekjurnar. Og kemur þá fram á þeirri metaskál, að tekið er tillit til gjaldþols ríkissjóðs. Þó að þetta verði ekki ætíð til þess að fella þær tilteknu fjárveitingar, sem komið hefði til álita að setja í aukafjárlög, þá getur það leitt til þess að víkja öðrum frá og halda fjárhagnum í rjettu horfi. Í fjárlögunum vegur hver fjárveiting með sínum fulla þunga móti tekjunum og framkallar hina eðlilegu viðleitni til að útvega tekjur á móti, eða draga úr gjöldum, svo að ekki komi fram tekjuhalli. Þetta hefði átt að vera ljóst háttv. frsm. fjvn. (MP), sem er fastari í þeim sessi ár eftir ár en nokkur stjórn í sínu sæti.

Það er betra að hafa slíkar aukafjárveitingar í fjárlögum næsta árs, af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú greint, heldur en að hafa þær í fjáraukalögum, þar sem engar tekjur eru til að mæta gjöldunum.

Háttv. frsm. (MP) sagði, að þá kæmu bara fjáraukalög frá stjórninni, sem ekki væri hægt að hafa nein áhrif á eða breyta. Já, ef það væri nú svo, að þessi fjáraukalög gætu losað þingið við önnur fjáraukalög á næsta þingi fyrir árið 1923, þá væri það gott. En þó að þessi lög sjeu gerð nú, þá eru önnur eftir fyrir sama ár, og engin trygging er fyrir því, að þau síðari verði að neinum mun lægri, þó þessi sjeu nú sett. Annars má segja það um afstöðu háttv. fjvn., að hún hefði verið fyrirgefanleg, ef hún hefði aðeins mælt með þeim upphæðum, sem stjórnin þurfti nauðsynlega að nota á þessu ári. Þetta hefði nefndin getað gert og var vel

sæmd af að gera, eftir skýringum háttv. frsm. (MP) um heimild handa stjórninni til fjármeðferðar. Fyrst út af þessu var brugðið, er ekki hægt að greina á milli, hvað er rjett að samþykkja og hvað ekki.

Eiríkur Einarsson: Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) bættist við í Geysisferðina, og vil jeg leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu hans. Hann hjelt því fram, að ef þessar 3000 kr. væru veittar til læknisbústaðar í Grímsnesi, þá væri það sama og að þingið gæfi upp kaupverðið á Geysishúsinu; það kostaði 3000 kr.

Jeg geri ráð fyrir, að þó að Geysishúsið hafi verið ódýrt, þá geti engri átt náð, að hagnaðurinn við að fá það svari til sanngjarns og venjulegs styrks til sjúkraskýlis, hvað þá þess litla styrks, sem hjer er leitað. *(JÞ*: Það kostar 20 þús. kr. að byggja húsið upp aftur). Já, þetta segir sá byggingarfróði verkfræðingur, en hann má þó best vita, hvað fúnar spýtur muni gilda í nýrri byggingu, þegar búið er að rífa þær úr Geysishúsi og flytja að Laugarási. (*JS*: Bændur telja hagnaðinn 7 þúsund kr.). Já, þetta segir einn úr hersingunni, en það er áreiðanlega ekki óvilhalt vitni. En þeir telja, er þekkja, að Geysishúsið hefði þó aldrei orðið virt meira en 5000 kr., og er þá nógu langt farið. Sjást þarna rök háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ). Væri því í mesta lagi um 2000 kr. ágóða að ræða við Geysishúsið, og má þá mikið bæta upp til þess Grímsnesingar njóti sömu kjara og önnur læknishjeruð, er leita þingstyrks.

Jeg þarf ekki að svara háttv. þm. Borgf. (PO), þar sem jeg vil heldur bera friðarorð á milli míns kjördæmis og hans. Veit jeg, að Borgfirðingar vilji unna okkur Árnesingum þessara hlunninda, er brtt. mín fer fram á, og unna uppsveitarmönnum í Árnessýslu hjálparinnar, hvað sem þingm. þeirra á Skaganum líður.

Bjarni Jónsson: Jeg vil með fáum orðum minnast á tillöguna um ferðastyrkinn til Emanúels Cortes yfirprentara, til þess að kynna sjer prentun á frímerkjum og seðlum. Jeg vil vekja athygli hv. deildarmanna á því, að það mundi verða töluverður hagnaður fyrir landið, ef hægt yrði að gera þetta innanlands, því að þó hægt sje að segja, að það sje ekki ýkjastór upphæð, sem fyrir þetta gangi út úr landinu, þá er þó betra að þurfa ekki að greiða hana, því að hún verður altaf að greiðast í útlendum gjaldeyri, og oft getur verið erfitt að fá hann, auk þess, sem rjett er að láta þá, sem í landinu búa, njóta þessarar atvinnu. Líka gæti það tæplega talist vansalaust fyrir hina íslensku prentarastjett, að standa svo mjög að baki sinna erlendu stjettarbræðra, af því að jafnsjálfsagðar fjárveitingar sem þessar væru svo mjög skornar við neglur sjer. Jeg vænti því fastlega, að háttv. deild samþykki þennan litla styrk, því það er ekki kostnaðarauki, heldur beinlínis gróði fyrir landið.

Pjetur Þórðarson: Það lítur svo út, sem til mála geti komið að samþykkja flestar þær brtt., sem hjer liggja fyrir, þó að óvænlega hafi horft með það í fyrstu. Annars skal jeg ekki fara frekar út í það, en minnast aftur á brtt. á þskj. 515, um 1000 kr. styrk til Kristjáns Jónassonar í Borgarnesi, til þess að bæta honum að nokkru skaða þann, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum veturinn 1921.

Það hafa flestir háttv. þm. viðurkent, að sanngjarnt væri að bæta Kristjáni skaða þennan að einhverju. En það, sem haft hefir verið á móti, er, að hann geti

ekki heimtað tjón það, er hann beið af sóttvarnarráðstöfunum þessum, með lögsókn. Og því sje sjálfsagt að notfæra sjer það, þó að öll sanngirni og rjettlætistilfinning segi annað. En jeg vænti þess fastlega af þessari háttv. deild, að hún samþykki upphæð þessa aftur, úr því að hún var á annað borð einu sinni búin að því. Og ekki síður þegar þess er gætt, að þetta er fátækur maður, sem hjer á hlut að máli, og var lagður veikur inn á spítala hjer í gærkveldi.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg vil þakka háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fyrir þessa stuttu kenslustund, sem hann hjelt hjer áðan, bæði fyrir mig og fjvn. Það var vitanlega margt af því, sem hann sagði, fallegt, en erfitt hygg jeg, að það myndi verða, er til framkvæmdanna kæmi. Og það er blekking að setja inn í fjárlög fyrir 1924 upphæðir, sem eiga að greiðast á þessu ári.

Jón Þorláksson: Háttv. frsm. (MP) sagði, að það væri fals á fjárlögunum að setja inn í þau upphæðir, sem greiðast ættu á þessu ári. En svo er einmitt með allan þorra þeirra greiðslna, sem hjer er um að ræða, að þær gætu beðið næsta árs. En hvorki hæstv. stjórn eða háttv. fjvn. hafa gert hinn minsta greinarmun á þeim fjárveitingum eða greiðslum, sem óumflýjanlegar eru á þessu ári, og þeim, sem vel geta beðið næsta árs. Hefði þó nefndinni ekki verið vorkunn að taka afstöðu til þessa.

ATKVGR.

Brtt. 491,I feld með 15:12 atkv.
— 484,I samþ. með 17:1 atkv.
— 491,II feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EE, GunnS, IngB, JB, LH, MK, BSv.

nei: MP, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, EÞ, HK, JakM, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ.

Einn þm. (ÓP) fjarstaddur.

Brtt. 484,II a samþ. með 18:1 atkv.
— 484,II b samþ. með 16:1 atkv.
— 484,III samþ. með 15 shlj. atkv.
— 515 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, JAJ, JB, LH, MJ, MK, MP, PÞ, ÞorlG, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, IngB, JS, JÞ, MG, PO, SSt, StSt, SvÓ.

Einn þm. (ÓP) fjarstaddur.

Brtt. 484,IV samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlG, BJ, EÞ, HK, JakM, JAJ, JB, LH, MJ, MK, MP, PÞ, SSt, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EE, GunnS, IngB, JS, JÞ, MG, PO, SSt, SvÓ.

Einn þm. (ÓP) fjarstaddur.

Brtt. 484,V samþ. með shlj. atkv.
— 484,VI feld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EE, JakM, JB, LH, MP, PÞ, BSv.

nei: SvÓ, ÞorlG, ÞórJ, BH, EÞ, GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MK, PO, SSt, StSt.

Einn þm. (ÓP) fjarstaddur.

Brtt. 484,VII a samþ. með 16:6 atkv.
— 484,VII b samþ. með 14:8 atkv.
— 484,VIII a feld með 14:11 atkv.
— 484,VIII b feld með 15:10 atkv.
— 491,III feld með 14:13 atkv
— 491,IV feld með 19:7 atkv.
— 484,IX a—e feldar með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MP, PÞ, StSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ EE, GunnS, JakM, JB, LH, MG, MJ, MK, BSv.
nei: PO, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BH, EÞ, IngB, JAJ, JS, JÞ.
HK greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÓP) fjarstaddur.

Brtt. 484,X samþ. með 18 : 7 atkv.
— 484,XI feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnS, JakM, JB, LH, MJ, MK, MP, PÞ, ÞorlG, BJ, EÞ, EE, BSv.
nei: HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH.
Einn þm. (ÓP) fjarstaddur.

Brtt. 484,XII feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JakM, JB, LH, MJ, MK, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, EÞ.
nei: GunnS, HK, IngB, JAJ, JS, JÞ, MG, MP, SSt, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, BH, EE, BSv.
Einn þm. (ÓP) fjarstaddur.

Brtt. 484,XIII samþ. með 19:3 atkv.
— 491,V samþ. með 19:2 atkv.
— 484,XIV feld með 14:13 atkv.
— 500 samþ. með 18:3 atkv.
— 484,XV feld með 14:10 atkv.
— 484,XVI feld með 15:5 atkv.
— 484,XVII samþ. með 15:2 atkv.
— 484,XVIII samþ. með 17:2 atkv.
— 509 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 498, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
— 484,XIX,I a samþ. með 20:1 atkv.
— 484,XIX,I b samþ. með 16:3 atkv.
— 491,VI samþ. án atkvgr.
— 484,XIX,II, svo breytt, samþ. með 14:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 520).

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 520, n. 583, 544, 545, 556, 577).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 577. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Einar Árnason): Þegar frv. þetta var lagt fyrir hv. Nd., þá voru útgjöldin áætluð 52 þús. kr., en eins og þau koma nú til þessarar hv. deildar eru útgjöldin áætluð 330 þús. kr. Frv. þetta virðist því hafa tekið góðum framförum hvað vöxt snertir, meðan það dvaldi í hv. Nd. Fjvn. leggur eigi til, að gerðar sjeu neinar mikilsverðar breytingar á frv. eins og það er nú, eigi af því, að hún sje ánægð með það, heldur af hinu, að hún vill eigi stofna til neins stríðs á milli deildanna út af frv. Jeg ætla mjer eigi að tala langt mál um brtt. nefndarinnar. Það er gerð ítarleg grein fyrir þeim á þskj. 583, og jeg hefi enga löngun til að endurtaka það, sem í nál. stendur.

Það er þá fyrst brtt. nefndarinnar um dýrtíðaruppbót til núverandi ráðherra fyrir árið 1922, 1500 kr. til hvors, samtals 3000 kr. Jeg býst við, að öllum hv. deildarmönnum sje það ljóst, að laun ráðherranna, eins og nú hagar, hrökkva hvergi til þeirra útgjalda, sem þeir þurfa að hafa. Og þó að nefndin leggi eigi til meiri fjárhæð, þá er það eigi af því, að hún álíti, að hún hrökkvi til, heldur af því, að hún treystir sjer eigi til að fara hærra vegna fjárhagsástæðna landsins.

Þá er næst brtt. um það, að Hallur Hallsson, tannlæknisnemi, fái 1500 kr. styrk til þess að ljúka tannlækninganámi erlendis. Till. um þetta var borin fram við fjárlagafrv. í Nd., en var felld með jöfnum atkv. Nefndinni virðist rjett að styrkja þennan mann og telur víst, að ef hv. Ed. felst á það, þá muni það ganga í gegnum Nd.

Þá er það styrkur til Guðnýjar Jónsson, á þskj. 556, til fullnaðarnáms í hjúkrunarfræði. Stúlka þessi hefir áður dvalið í New York við hjúkrunarnám og auk þess stundað hjúkrun hjer heima, en er nú í Lundúnum. Hefir hún hin bestu meðmæli þaðan, og það sem er fágætt um Íslendinga þar, að hún hefir fengið þar styrk til náms úr opinberum sjóði, um £ 100, og virðist í því felast eigi lítil viðurkenning fyrir dugnað og hæfileika.

Í Nd. var settur inn í frv. styrkur til Gísla sýslumanns Sveinssonar, vegna kostnaðar við sjúkravist í útlöndum. Fjvn. leggur til, að einnig verði tekinn upp styrkur til Jóns Jónssonar læknis í sama skyni. Jón læknir hefir verið heilsuveill undanfarin ár, svo hann varð að hætta læknisstörfum. Er honum nauðsyn á að leita sjer lækninga í útlöndum, en hefir ekki haft ráð á því sakir efnaskorts. Nefndin þykist því ekki geta gert upp á milli þessara manna og fer fram á 1500 kr. til Jóns, en vill lækka styrkinn til Gísla Sveinssonar um 1000 krónur.

Þá vill nefndin veita kvennaskólanum í Reykjavík 3000 kr. styrk í tvennu lagi, 2000 kr. viðbótarstyrk, en 1000 kr. til áhaldakaupa. Hefir það reynst skólanum ókleift að endurnýja áhöld sín og bæta við sig, og hefir því komist í töluverðar skuldir af þessum ástæðum.

Ef skólanum verður eigi veittur sjerstakur styrkur til að greiða skuld þessa, þá verður hann að taka af því fje, sem ríkissjóður leggur honum til rekstrar, en sem hann má með engu móti missa. Því hefir nefndin viljað veita þennan styrk í þetta sinn. Þá er brtt. um það að veita til þjóðmenjasafnsins, vegna forngripakaupa 1922, 1000 kr. Fyrir þessu er gerð grein í nál., og þarf jeg því ekki að fjölyrða um það. Þá hefir nefndin lagt til að fella niður ábyrgðarheimild stjórnarinnar til að ábyrgjast lán fyrir Konráð Stefánsson til niðursuðu. Nefndinni er ekki kunnugt um, að fyrirtæki þetta sje reist á svo tryggum grundvelli, að það sje forsvaranlegt fyrir ríkisstjórnina að ganga í ábyrgð fyrir það. Aðrar brtt. nefndarinnar eru svo smávægilegar, að jeg fer ekkert út í þær.

Þá skal jeg taka fram viðvíkjandi 1. lið 3. gr., um styrk til bifreiðaferða austur á Suðurlandsundirlendið frá Reykjavík, að nefndin gengur út frá því, að styrkurinn verði aðallega notaður til ferða á vorin og haustin, þegar fólk er að fara austur í atvinnuleit og fer svo til Reykjavíkur aftur, en að með því sjeu ekki styrktar skemtiferðir. Í sambandi við þetta er rjett að minnast á brtt. 2. þm. Rang.

(GGuðf), um að hækka styrk þennan úr 2000 kr. upp í 3000 kr. Nefndin hefir óbundin atkvæði um hana, en meiri hluti hennar vill láta standa við það, sem komið er, til þess að sjá, hvernig þetta reynist, og það því fremur, sem ætla má, að ef styrkurinn verður hærri, þá verði honum dreift á allan tímann, sem hægt er að fara með bíla austur, en nefndin vill halda sjer við vorið og haustið.

Þá eru hjer allmargar brtt. frá ýmsum hv. þm. Þær eru öllu þyngri á metunum en brtt. fjvn., en jeg ætla ekki að fara út í þær fyr en flm. þeirra hafa talað fyrir þeim.

Halldór Steinsson: Jeg á eina litla brtt. á þskj. 577, sem fer fram á að veita til Stykkishólmsbryggju 8 þús. kr. Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefir í brjefi, dagsettu 10. febr. þ. á., sent Alþingi erindi um þetta. Þar sem brjef þetta skýrir ítarlega frá öllum málavöxtum, vil jeg leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp. Það hljóðar þannig:

„Frostaveturinn 1917—18 varð hafskipabryggjan hjer í Stykkishólmi fyrir skemdum af ís. Gereyðilögðust þá ⅔ hlutar bryggjuhöfuðsins. Þótt ekki stæði meira eftir en ⅓ hluti, hefir verið hægt að nota það við upp- og útskipun vara hingað til. Sökum geysidýrleika á efni og vinnu til viðgerðarinnar, hefir hreppsnefndinni ekki þótt kleift að framkvæma viðgerð á bryggjunni. En nú er svo komið, að ekki er hægt að fresta viðgerðinni lengur. Því verði eigi bráðlega að gert, fellur bryggjuhöfuðið niður, og verður bryggjan þá algerlega ónothæf, og er það stórkostlegt óhagræði fyrir Stykkishólm og nærliggjandi hjeruð, því að eins og kunnugt er, er Stykkishólmshöfn eina örugga höfnin við Breiðafjörð til umskipunar á inn- og útfluttum vörum í millilandaskipin.

Í samráði við stjórnarráð Íslands var herra vitamálastjóri Th. Krabbe fenginn hingað vestur til Stykkishólms á síðastliðnu hausti til að skoða hafskipabryggjuna og gera áætlun um kostnað við endurbyggingu hennar. Hefir hann nú lokið við það verk, og nemur áætlunarupphæðin 175 þús. krónum

Þar sem hreppsnefndin álítur slíkt mannvirki kauptúninu ofvaxið, hefir hún ákveðið, ef nægilegt fje fæst, að endurbæta og styrkja það, sem eftir stendur af bryggjuhöfðinu. Hefir nefndin borið þetta áform sitt undir álit vitamálstjóra hr. Th. Krabbe, og hefir hann tjáð sig því samþykkan og að það muni vera hið eina, er nú sje framkvæmanlegt fjárhagsins vegna. Til þess að viðgerðin verði framkvæmd á þennan hátt, verður eigi komist af með minni upphæð en 27—30 þús. krónur. En þar sem fjárhagur Stykkishólmshrepps er nú mjög þröngur og enn standa ógreiddar um 21 þús. krónur af upphaflegum byggingarkostnaði bryggjunnar, þá sjer nefndin sjer ekki annað fært en leita til hins háa Alþingis með styrk, er nemi eigi minna en ⅔ hlutum ofanritaðrar upphæðar.

Hreppsnefndin leyfir sjer því hjer með virðingarfylst að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það veiti styrk, alt að 12 þús. krónum, til viðgerðar á hafskipabryggjunni í Stykkishólmi. Ef svo færi, að hið háa Alþingi sæi sjer ekki fært að verða við þessari málaleitun vorri, þá er

ekki annað fyrirsjáanlegt en hafskipabryggjan falli niður innan skamms tíma, þar sem fjárhagslegar ástæður hreppsins eru þannig, að hreppsnefndin álítur ókleift að standast kostnað þennan af eigin rammleik.“

Þetta, sem hjer er sagt, er nákvæmlega satt og rjett. Hefi jeg engu öðru við það að bæta en því, að bryggjan hefir hrörnað síðan brjefið var skrifað, og ef ekki er undinn bráður bugur að viðgerðinni, mun hún hrynja. Jeg hefi borið málið undir vitamálastjórann, og álit hans er í samræmi við það, sem hreppsnefndin hefir eftir honum. Jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp brjef hans:

„Síðastliðið haust athugaði jeg, eftir beiðni hafnarnefndarinnar, bryggjuna í Stykkishólmi og hefi síðan gert áætlun um nýja bryggju þar.

Gamla bryggjan, sem var illa gerð í fyrstu, er nú alveg að fara, og þar sem hún að vissu leyti stendur óheppilega, hefi jeg gert ráð fyrir að breyta um legu, þegar hún verður endurbygð. En þar sem traust og varanleg bryggja mun kosta milli 150 og 200 þús. kr., sem mun vera frágangssök að hugsa um eins og ástæður eru, mun sem stendur engin leið önnur vera fær en bæta gömlu bryggjuna, þannig að hún geti staðið nokkur ár enn; til þess að Stykkishólmur verði ekki alveg án bryggju úr þessu, tel jeg því nauðsynlegt, að viðgerðin fari fram á þessu sumri, og vil jeg, eftir atvikum, mæla með, að styrkur verði veittur til þess.“

Þó að hreppsnefndin fari fram á 12 þúsund krónur, og viðgerðin komi til með að kosta 27—30 þús. kr., hefi jeg þó ekki talið fært að fara fram á meira en 8 þús. kr. Treysti jeg því, að háttv. deild taki vel í það, þar sem það er ekki ⅓ hluti kostnaðar, sem þó er venjulegt að veita, ef veitt er fje úr ríkissjóði til bryggjugerða.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á hjer ásamt hv. 4. landsk. þm. (JM) eina brtt. á þskj. 556, um að veita Kvenrjettindafjelagi Íslands 1000 kr. styrk. Svo er mál með vexti, að stjórn Kvenrjettindafjelagsins sendi fjvn. beggja deilda styrkbeiðni, sem fór fram á 2—3 þús. kr., til að standast kostnað við væntanlegan kvennafund, sem fjelagið hefir í hyggju að halda hjer í vor. Mjer er þetta mál að vísu ekki kunnugt til hlítar, en vil þó leggja því liðsyrði, að fjelaginu verði veitt nokkur úrlausn. Jeg tel þetta þarft mál, þar sem fjelagið ætlar að gefa konum utan af landi kost á að sækja þennan fund og gera það eins kostnaðarlítið fyrir þær og unt er. Umsókn þessi kom ekki til fjvn. Ed. fyr en fyrir örfáum dögum, og gat nefndin því ekki gert neitt fyrir málið, nema einhver þm. vildi bera það upp sem brtt., og nú höfum við háttv. 4. landsk. þm. (JM) gert það. Annars vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mjer að lesa upp umsókn fjelagsstjórnarinnar. Það skýrir málið best. En hún er svo hljóðandi:

„Kvenrjettindafjelag Íslands leyfir sjer hjer með virðingarfylst að snúa sjer til hins háa Alþingis með sjerstakt áhugamál vort, sem oss þykir miklu skifta, að vel takist. Svo stendur á, að vjer höfum boðið ýmsum konum víðs vegar af landinu til Reykjavíkur í vor á almennan kvennafund, og ætlumst vjer til, að sú för og sá fundur gæti orðið til að auka kunnleika, samúð og samvinnu milli allra landins kvenna og til ánægju og fróðleiks fyrir okkur allar sameiginlega. Engin agitation eða sjerstök pólitík liggur til grundvallar

fyrir boði voru, sem hið háa Alþingi getur sannfærst um af hjálögðu boðsbrjefi, er vjer leyfum oss að láta fylgja brjefi voru, sem skýringu um tilgang vorn og hvernig vjer hugsum oss aðaldrættina í þessum samkomum.

Oss er fyllilega ljóst, að til þess að þetta geti farið vel úr hendi, þyrfti talsvert fje, enda höfum vjer búist við að leggja fram það, sem efni fjelags vors leyfa. En með því að vjer vonum, að hingað komi ýmsar konur úr fjarlægustu hjeruðum landsins í fyrsta sinni, sem ef til vill leggja aldrei aftur upp í slíka ferð, þá vildum vjer sjerstaklega geta gefið þeim færi á að skoða sig dálítið um hjer sunnanlands áður en þær hjeldu heimleiðis, og yfir höfuð gera þeim og öllum gestunum ferðina sem ánægjulegasta og fróðlegasta. Af brjefum þeim, sem oss hafa borist í hendur, sjáum vjer, að þær eru mjög glaðar yfir þessu boði og vildu gjarnan geta sótt það sem flestar. Oss er því áhugamál, að þær gætu haft bæði það gagn og þá gleði af ferðinni, sem vjer allar óskum eftir, en til þess gerum vjer ráð fyrir, að oss skorti efni, nema vjer nytum stuðnings og velvilja Alþingis.

Fyrir því leyfum vjer oss virðingarfylst að fara þess á leit, að hið háa Alþingi veiti oss 2000—3000 króna styrk á fjáraukalögunum 1923, til að standast þennan kostnað, og teljum vjer mjög sanngjarnt og vel til fallið, að allar landsins konur finni og sjái, að hið háa Alþingi taki ekki síður tillit til þeirra með ofurlitlum fjárútlátum við þeirra fyrstu sameiginlegu heimsókn til höfuðstaðarins en til móttöku útlendinga eða ferðastyrks til fjölda íslenskra manna til útlanda í meira eða minna ákveðnum erindum.“

Boðsbrjefið fylgir með, en jeg skal ekki þreyta háttv. deild á því að lesa það upp. En jeg skal bæta við nokkrum punktum, sem jeg hefi fengið frá formanni fjelagsins, frú Bríetu Bjarnhjeðinsdóttur. Meiningin er, að í sambandi við fundinn verði sýning á ýmsum nýtísku heimilisáhöldum, rafmagns- og gas-áhöldum o. fl. Enn fremur nýtísku sauma- og prjónavjelum. Húsmæðrafjelög annara landa stofna iðulega til svona funda, og því mun Kvenrjettindafjelagið hafa tekið þetta mál að sjer. Það væri gott, ef Alþingi gæti sint þessu máli eitthvað, því að það er ljóst, að töluverður kostnaður fylgir fundahöldum þessum. Að vísu hafa konur þær, er boða til þessa fundar, reynt að fá ókeypis far fyrir gesti sína, sem sjóveg koma á fundinn, en jeg veit ekki, hvaða árangur það hefir borið. Fjelagið hefir leigt 3 stofur í Iðnskólanum, bæði til sameiginlegra fundarhalda, fyrirlestra og til væntanlegrar skýringar. Það er gott mál og þarft að auka kynningu kvenna um land alt, og væri vel farið, að hið háa Alþingi vildi veita þó ekki væri nema helminginn af þeirri upphæð, sem fjelagsstjórnin fer fram á.

Það má búast við, að þátttaka verði mikil. Nokkrar sýslur hafa þegar sent skýrslu um þátttöku sína. Skal jeg leyfa mjer að lesa upp skýrslu, sem jeg hefi fengið um það, hve margar koma sjóleiðina:

Úr Eyjafjarðarsýslu	4.
— Skagafjarðarsýslu	4.
— Austur-Húnavatnssýslu ...	10.
— Strandasýslu	3.
— Ísafjarðarsýslu	6.
— Snæfellsnessýslu	5.

Úr Suður-Múlasýslu 2,
— Suður-Þingeyjarsýslu ..... 6.

Auk þess koma 12 úr Vestur-Húnavatnssýslu, landveg, og svo úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslum, Árnes- og Rangárvallasýslum og Gullbringu- og Kjósarsýslu, en óvíst er um, hve margar þær verða.

Máli þessu hefir verið hreyft í hv. Nd., og var þar flm. þess hv. 1. þm. Reykv. (JakM). Má segja, að það hafi fengið þar sæmilegar undirtektir, því að það fjell þar með eins atkvæðis mun. En jeg vænti þess fastlega, að þessi hv. deild taki því betur og þessi litla fjárupphæð verði samþykt hjer.

Sigurður Jónsson: Það bregður nú svo við, að jeg á, aldrei þessu vant, eina brtt. á þskj. 577 til hækkunar á fjáraukalögunum. Hún er um að veita 300 kr. styrk á yfirstandandi ári til dragferju á Skjálfandafljóti. Nú eru í fjárlögum 3 dragferjur styrktar á stærstu fljótunum, Skjálfanda, Hjeraðsvötnum og Lagarfljóti. Þessi ferja á Skjálfanda var bygð síðastliðið vor, og reynslan hefir sýnt, að síðastliðið sumar var hún mikið notuð. Ferðamenn milli Húsavíkur og Akureyrar fóru að nota þessa nýju leið, og svo tóku menn vestan fljótsins sig til og ruddu ósljetta móa, svo að þetta má nú heita sæmilega akfær vegur og er mikið notaður. Þessi leið, milli Akureyrar og Húsavíkur, liggur eftir nær því mishæðalausu láglendi, eftir allþjettri bygð, og sparar mikinn krók gagnvart eldri ferðamannalínunni, sem lá yfir Fljótsheiði. Þessi leið er því fljótfarnari og óörðugri og þolanlega hjólfær alla leið inn undir Vaðlaheiði. Upphæð þessi, sem jeg fer fram á, er jöfn þeim, sem veittar eru til hinna ferjanna. Öll sanngirni mælir með þessu, og vænti jeg því, að háttv. deild samþykki þessa brtt.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg á hjer brtt., sem jeg vil víkja lítið eitt að. Fyrst er III. till. á þskj. 556, um að veita yfirlækninum á Vífilsstöðum 2000 kr. styrk til þess að sækja fund berklalækna í Kristjaníu. Styrkur þessi fjell í Nd., en jeg hefi tekið hann upp hjer, því að mjer er það ljóst, að þetta er þýðingarmikið mál. Við höfum nýlega samið berklavarnalög og framkvæmd þeirra kostar okkur um 80—90 þús. kr. árlega, og svo bætist eitthvað við sökum breytinga, sem samþyktar voru nú á þessu þingi. Þessi fundur á að ræða um alt hið nýjasta í löggjöf og heilbrigðismálum viðvíkjandi þessu heimsböli, og það er nauðsynlegt að gefa þessum lækni kost á að fylgjast með í öllu, sem fram fer á þessu sviði. Jeg hefi átt tal um þetta við Sigurð Magnússon. Hann hefir nú í 3 ár kent við háskólann fyrir ekki neitt, sem honum ber engin skylda til. Hann hefir leyft mjer að hafa eftir sjer, að hann fjelli frá kröfu um kenslulaun fyrir þessi ár, og mun það nema um 1800 kr. alls, ef þessi styrkveiting næði fram að ganga.

Viðvíkjandi bílastyrknum, þá hefi jeg leyft mjer að fara fram á, að hann yrði hækkaður um 1000 kr.

Um athugasemdina, sem háttv. frsm. (EÁ) kom með, hvernig verja ætti styrk þessum, get jeg verið sammála, því að það er alveg rjett, að honum skuli verja til hinna raunverulegu þarfa fólksins, bæði til vöruflutninga og nauðsynlegra verkafólksflutninga, en ekki til skemtiferða. Þá mintist háttv. frsm. (EÁ) á, að nefndin hefði ekki sjeð sjer fært að fara hærra með styrk þennan en upp í 2000 kr., og

honum ætti að dreifa yfir þann tíma, sem ferðirnar stæðu mestar yfir. En mjer finst, að stjórnin ætti að geta haft eftirlit með þessu.

Þá á jeg einnig brtt. á þskj. 556, um 2500 kr. til að reisa unglingaskóla í Vík í Mýrdal. Jeg hefi flutt till. þessa áður, og var hún þá feld með eins atkvæðis mun. En jeg verð að taka hana upp aftur, af því að mikil nauðsyn er á, að skóli þessi verði bygður. Hann hefir starfað nú undanfarið um nokkurt skeið og náð vel tilgangi sínum, en nú liggur ekkert annað fyrir dyrum en að skólahaldið leggist niður, ef ekki verður bygt, því að undanfarið hefir skóli þessi verið í barnaskólahúsinu. En fólki hefir fjölgað svo í kauptúninu, að ekki veitir af barnaskólanum fyrir börn kauptúnsins.

Jeg vænti þess fastlega, að þeir háttv. deildarmenn, sem greitt hafa atkvæði með miklum fjárveitingum til alþýðuskóla annarsstaðar á landinu, greiði einnig atkvæði með þessari litlu styrkveitingu.

Þá á jeg einnig XII. brtt. á áðurnefndu þskj., um 300 kr. til Elísabetar Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka. Jeg hefi borið tillögu þessa fram eftir beiðni þingmanna Árnesinga. Konan, sem hjer er um að tala, er ekkja fátæks manns, sem búinn var að kenna hart nær 30 ár og lætur nú eftir sig ekkju með fjórum börnum. En þannig stendur á, að kona þessi getur ekki fengið nú í ár styrk úr lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, en fær það strax er þetta ár er liðið, eftir þeim lögum, sem nú hafa verið afgreidd frá þinginu. Er því ekki nema um eitt ár að ræða. Jeg vænti því fastlega, að háttv. deild samþykki þessa brtt.

Jónas Jónsson: Jeg á hjer nokkrar brtt. Er þá fyrst II. brtt. á þskj. 556, um að fjárveiting til Kristjáns Jónassonar í Borgarnesi falli niður. Þetta er ekki mikil upphæð, en hefir þó þvælst fyrir þinginu í vetur. Maður þessi er, eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, gestgjafi í Borgarnesi, og gerir skaðabótakröfur til þingsins fyrir að hafa hýst taugaveikissjúkling árið 1921. Telur Kristján þessi, að sjúklingur þessi hafi bakað sjer sóttkvíun um tíma og töluvert fjártjón. Út af þessu hafa nokkrir menn í Mýrasýslu borið fram ósk um nokkurskonar aukasjúkraskýli hjá Kristjáni þessum, og bera það jafnframt fram, að hvergi sje hægt að fá gistingu fyrir veika menn í Borgarnesi, nema hjá gestgjafa þessum. En þetta er ekki rjett, eftir því, sem einn háttv. deildarmaður, sem mjög er kunnugur þessu máli, hefir skýrt mjer frá. Það mætti því æra óstöðugan, ef ganga ætti inn á þá braut að bæta öllum þann skaða, er þeir biðu af sóttvarnarráðstöfunum, og ef fara á að bæta einum upp slíkt tjón, þá mætti búast við fleirum á eftir. Jeg lít því svo á, að rjett sje að fella styrk þennan niður.

Þá vil jeg aðeins minnast á styrkinn til bílaferðanna austur. Jeg lít svo á, að hann sje nauðsynlegur, því það er hagur fyrir alla, sem ferðast með bílum, er fara þessa leið, að taxtinn sje sem lægstur í bílum með föstum áætlunum, því að þá má búast við, að öll sæti lækki. Þannig hefir uppfyndingin mannsins í Hafnarfirði, sem nefnd hefir verið hjer áður, sett niður hvert bílsæti milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur úr kr. 2.50 niður í 1 kr. Hefir Reykjavík því, og þau hjeruð, sem hjer eru nærlendis, án efa sparað við það nokkra tugi þús-

unda. Jeg hygg því, að þó að styrkur þessi væri hækkaður um 1000 kr., þá myndi það margborga sig fyrir almenning í lækkuðum fargjöldum.

Þá á jeg lítilsháttar brtt., um 500 kr. styrk til Hjálmars Lárussonar hins oddhaga. Maður þessi er mörgum kunnur fyrir hagleik sinn, og þarf því ekki að fara mörgum orðum um styrkbeiðni þessa. Hann er einnig fátækur barnamaður, náfrændi Bólu-Hjálmars og sagður líkur honum að mörgu leyti. Ætti það út af fyrir sig ekki að spilla fyrir styrkveitingu þessari. En sjerstaklega vil jeg taka það fram, að hann fjekk ekkert af styrk þeim, sem ætlaður er skáldum og listamönnum, og fyrir því hefi jeg borið fram brtt. þessa.

Þá hefi jeg eftir beiðni Austfirðinga borið fram brtt. um fjárveitingu til tveggja símalína, frá Seyðisfirði til Loðmundarfjarðar og frá Egilsstöðum að Brekku í Fljótsdal.

Um fjárveitingu til þessara símalína má segja það, að þeim er meira í hóf stilt en með fjárveitingar til annara lína. Það mun nú þykja undarlegt samræmi í því, að jeg skuli bera fram símalínur þessar, þar sem jeg, sem fjárveitinganefndarmaður, hefi lagt til, að allar símalagningar næsta ár yrðu feldar niður. En því er þar til að svara, að háttv. þingdeild hefir litið öðruvísi á málið og slegið því föstu, að spara ekkert í þessum efnum. Er því ekkert undarlegt, þó að jeg beri fram þær símalínur, sem miklu eru nauðsynlegri en margar þeirra, sem búið er að samþykkja, eins og t. d. línan frá Stykkishólmi til Grundarfjarðar. En símalínan til Brekku verður án efa að teljast ein af þeim nauðsynlegustu línum, sem þarf að leggja, því þarna er allfjölment hjerað, sem á mjög langt til síma, auk þess, sem þarna er læknissetur og sækja verður lækni þangað langar leiðir að. Er því með öllu ómögulegt fyrir þá, sem greitt hafa atkvæði með símalínum annarsstaðar, að vera á móti línu þessari.

Um Loðmundarfjarðarlínuna er það að segja, að hún er vitanlega mjög nauðsynleg, en þó tel jeg, að hún eigi samt að koma síðar en Brekkulínan. Þarna er þó afarafskekt hjerað, en fámennara en hitt, sem á að njóta Brekkulínunnar.

Þá hefir það verið haft á orði, að línur þessar yrðu svo dýrar, af því að efnið í þær þyrfti að flytja að vetrinum. En þessu mótmæli jeg algerlega. Því að efnið í Brekkusímann má flytja eftir Fagradalsbrautinni og svo eftir Lagarfljóti á ísum. Þó nú að línur þessar verði samþyktar, þá yrði það máske dauður bókstafur fyrst um sinn. En þá væri fengin viðurkenning fyrir því, að þær ættu ekki að koma seinna en t. d. línurnar í Skagafjarðar- og Snæfellsnessýslum.

Björn Kristjánsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 545, sem jeg vil fara um nokkrum orðum.

Í byrjun þingsins sendi hreppsnefndin í Gerðahreppi í Gullbringusýslu beiðni til Alþingis um að veita hreppnum lán, alt að 40 þús. krónum, til langs tíma, til þess að komast úr þeim skuldavandræðum, sem hann er kominn í. Beiðni þessari fylgdi ábyrgð sýslunefndar fyrir alt að 20 þús. kr. Fjvn. Nd. batt sig því við að veita hreppnum af þörfum hans 20 þús. kr., eða helminginn. En þörfin var brýn og hjálpin þurfti að koma fljótt. Líka af því, að af stjórnarinnar hálfu voru engin fjáraukalög lögð fyrir þingið, fyr en svo seint.

Lenti fjárveiting þessi því í fjárlögunum.

Nú er engin önnur leið til, ef hjálpa á hreppnum út úr vandræðum sínum, en að veita honum upp á ábyrgð sýslunnar í viðbót 20 þús. króna lán, sem útborgist á þessu ári. Sýslunefndin hefir nú á yfirstandandi sýslufundi tekið málið til nýrrar yfirvegunar og komist að raun um, að hreppurinn komist ekki af með minna en alt að 40 þús. kr. lán, og gengið í ábyrgðina fyrir þeirri upphæð. Sjálf getur sýslan ekki neitt lagt af mörkum, vegna skulda til vegagerða, sem voru alveg óhjákvæmilegar, þar sem þingið hefir ekki síðan fyrir stríðið sjeð fyrir neinum samgöngum á sjó í sunnanverðum Faxaflóa. Eins og tillagan ber með sjer, er upphæðin ekkert fastákveðin, og hefir stjórnin því fult svigrúm til að ákveða upphæðina, eftir að hún hefir fengið ítrustu upplýsingar, enda er fjárveitingin öll aðeins heimild, en slík lán, samkvæmt eðli sínu, hljóta að ganga fyrir öllum lánum.

Ástandinu í þessum hreppi er lýst á þessa leið:

Að fiskað hafi verið í landhelgi með „Snurrevaad", svo að telja mætti, að þar væri orðinn eyðisjór af fiski, og í öðru lagi, þá hafi hreppurinn orðið að leggja mjög mikið fje fram til viðhalds vegum í hreppnum, og undir þeirri byrði hafi hann varla getað risið. Þá hafi og jafnframt verið lagðar niður allar samgöngur á sjó þangað suður eftir, svo að hreppurinn hafi jafnframt orðið að sjá fyrir þeim. Einnig hafi garðyrkja ríkissjóðs valdið töluvert miklu tjóni, því að miklu meira land hafi verið skorið upp en þörf varð á til nota. Hafði það því þær afleiðingar, að fleiri jarðir stórskemdust af sandfoki og uppblæstri. Þá er síðast en ekki síst, að sveitarþyngsli sjeu afarmikil; þannig sjeu í hreppnum heimilisfastir 97 vinnandi menn 16—60 ára, 74 gamalmenni yfir 60 ára aldur, 204 börn innan 16 ára og um 100 konur og stúlkur 16—60 ára. Á fátækraframfæri eru 55 börn og 21 þurfamaður eldri. Sumt af fólki þessu er að nokkru leyti á sveitarframfæri, en þó flest að öllu leyti. Það má telja líklegt, að hreppnum yrði bjargað, ef hann fengi nægilega stórt lán. En annars má búast við, að betur stæðu mennirnir flýi bygðarlagið, og þá verður hreppurinn alveg ósjálfbjarga. Í þessu liggur aðalhættan, og því ríður á, að hreppurinn fái nógu stórt lán, og það sem allra fyrst. Jeg vona nú, að háttv. deildarmenn átti sig á því, að það er aldrei nauðsyn, að ríkissjóður hjálpi, ef það er ekki undir svona kringumstæðum.

Þá á jeg enn þá eina brtt., á þskj. 544, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að endurgreiða hlutafjelögunum Víði og Ými í Hafnarfirði tekjuskatt frá 1920, af tekjum þeirra 1918. Eftir skattalögunum frá 1917 og dýrtíðar- og gróðaskattslögunum frá 1918 átti að krefjast skatts aðeins af tekjum áranna 1918 og 1919, er greiðast skyldi 1920 og 1921. Að því búnu voru lögin feld úr gildi. Fyrra árið (fyrir 1918) komu þau ekki til framkvæmda að því er fiskiveiðafjelög snertir, nema í einum kaupstað á landinu, Hafnarfirði, og urðu aðeins þessi fjelög þar að borga þennan skatt. *En árið eftir* voru þau framkvæmd um land alt. Hverju það var að kenna, að lögin voru ekki framkvæmd fyrra árið nema í þessum eina kaupstað, vil jeg ekki eyða orðum að. Hitt er augljóst, að þessi tvö fjelög voru látin greiða skattinn á öllu landinu, og sjá allir, hversu ranglátt það er. Það er svo ranglátt, að það er hrein vanvirða fyrir þing og stjórn að bæta ekki þessum fjelögum misrjettið

að fullu og orðalaust. Til frekari skýringar vil jeg taka það fram, að hjer í Reykjavík voru 12 fiskifjelög, sem áttu samtals 9 botnvörpuskip, og greiddu fjelögin ekki neinn tekjuskatt, sem skipin áttu og gerðu þau út. Þannig átti eitt fjelagið þrjú botnvörpuskip, sem engan skatt þurftu að greiða. En tvö af þessum fiskifjelögum, *sem ekkert skip áttu þá*, greiddu skatt, af því að þau ráku aðeins verslun með fisk, keyptu og seldu fisk.

Á síðasta þingi sóttu þessi fjelög um endurgreiðslu á þessum skatti, eftir langvint þref við stjórnina um málið, en því var þar ekki sint. Nú vilja fjelögin vinna til þess að tapa meiru en þriðjungnum af þessum skatti, auk vaxtataps í 2 ár, ef endir gæti með því móti bundist á málið. Að öðrum kosti eru fjelögin staðráðin í því að leita aðstoðar dómstólanna og krefjast allrar upphæðarinnar með vöxtum, og það því fremur, sem skattur annars fjelagsins, þess, sem meira greiddi, var beint skakt útreiknaður, fjelaginu í óhag. Jeg vænti þess nú, að hin háttv. deild sýni það með atkvæðagreiðslu sinni í dag um þetta mál, að hún vilji sýna fjelögum þessum fulla sanngirni, og hún vilji, að allir sjeu jafnir fyrir lögunum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg á hjer enga brtt. sjálfur, en ætla þó að fara nokkrum orðum um sumar þær brtt., er hjer liggja fyrir. Er þá fyrst sú, sem síðast var talað um. Það er alveg rjett hjá háttv. flm. (BK), að árið 1920 var þessi tekjuskattur hvergi innheimtur af hlutafjelögum, nema í Hafnarfirði, en af hvaða ástæðum, veit jeg ekki glögglega. En víst er það, að báðir fyrv. fjármálaráðherrar (MG og MagnJ) hafa neitað að endurgreiða skatt þennan. En þótt ekki sje hjer um neina lagakröfu að ræða, virðist mjer vera sanngjarnt að endurgreiða þennan skatt, úr því hann hefir verið látinn óinnheimtur alstaðar annarsstaðar.

Þá er lánið til Gerðahrepps. Það er rjett hjá háttv. þm., að hefði fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár verið lagt fyrir þingið í þingbyrjun, þá hefði lán þetta eingöngu átt að takast upp í það. En verði það nú líka samþykt í fjáraukalögunum, þá lít jeg svo á, að þær 20 þús. kr., sem í fjárlögunum standa, eigi að falla burt þar, því að búast má við, að hreppurinn geti seint, og jafnvel aldrei, endurgreitt þessar 20 þús. kr., sem hjer er um að ræða, og því síður ef bætt yrði við öðrum 20 þús. En jeg skal viðurkenna það, að óumflýjanlegt er að styrkja hrepp þennan, eins og nú standa sakir.

Þá er það ein brtt. á þskj. 556, um styrk til bílferða. Mjer heyrðist á háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf), að hann ætlaðist til, að styrkurinn til þessara bílferða yrði veittur í því skyni, að fólki yrði ódýrara að ferðast hjeðan úr Reykjavík og austur yfir fjall. En jeg hefi hjer ítarlegt brjef frá vegamálastjóra um þetta, þar sem hann tekur það fram, að hann sje því meðmæltur, að bílferðir austur sjeu styrktar, en ekki til mannflutninga, heldur vöruflutninga, því hann álíti, að ekki sje þörf á að styrkja bílferðir til mannflutninga. Hins vegar verð jeg að álíta, eftir athugasemdinni við liðinn, að stjórnin hafi nokkuð frjálsar hendur til þess að gera það, sem hún álítur heppilegast í þessum efnum, og styrkja bæði mannflutninga og vöruflutningaferðir austur. Jeg tók þetta fram, af því mjer skildist á háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf), að hann hafi aðallega eða jafnvel eingöngu átt við mannflutningabílferðir.

Á þskj. 577 á hv. 2. landsk. þm. (SJ) eina brtt., sem fer fram á mjög litla upp-

hæð, og tel jeg sjálfsagt að samþykkja hana, samræmisins vegna.

Þá á háttv. 5. landsk. þm. (JJ) á sama þskj. 2 brtt. um, að lagðir verði tveir nýir símar, sem munu kosta samtals yfir 40 þús. kr. Jeg verð að segja, að jeg á bágt með að tala á móti símalagningum, en því er ekki að neita, að það kæmi undarlega út, ofan á alt saman, ef símar, sem eru taldir miklu nauðsynlegri þó en þessir, skuli ekki vera lagðir fyr en 1924, og þó með skilyrði, en þessir 1923. Jeg er líka hálfhræddur um, að fleiri muni þá á eftir koma, bæði hjer og í háttv. Nd. Jeg ætla mjer ekki að mæla beint á móti því, að þessir símar verði samþyktir, en jeg er skyldugur að geta tveggja símskeyta, sem jeg hefi meðtekið frá hlutaðeigandi sýslumanni, þar sem óskað er eftir síma frá Egilsstöðum til Brekku í Fljótsdal. Hjer liggja því fyrir bein tilmæli frá hlutaðeigandi hjeraði um, að sími verði lagður. En, sem sagt, skal jeg engan dóm á leggja, hvað rjett sje að gera í þessu, en býst aðeins við, að ef þetta verður samþykt, þá muni fleira svipað koma á eftir. Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala um fleiri liði, og það, sem jeg hefi sagt, hafa aðeins verið upplýsingar.

Forsætisráðherra (SE): Jeg sje hjer eina brtt. á þskj. 556, frá háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf), um utanfararstyrk til yfirlæknisins á Vífilsstöðum til að sækja fund berklalækna í Kristjaníu. Í sambandi við þetta vildi jeg taka það fram, að vegna margra umsókna um utanfararstyrki, sem þingi og stjórn berast, hefir komið fram till. í háttv. Nd. um, að stjórninni yrði veitt 7500 kr. upphæð, til þess að geta tekið eitthvað af beiðnum þessum til greina. Jeg gat þess í Nd., að jeg byggist við, að það myndu koma margar brtt. um slíka styrki, sem og varð. Teldi jeg heppilegra, ef háttv. fjvn. Ed. vildi koma með einhverja slíka upphæð, sem stjórnin mætti verja til slíkra hluta. Það er oft ilt, að geta ekki orðið við beiðnum um utanfararstyrki, því að margt af því er mjög gagnlegt. Jeg get t. d. nefnt, að okkur er boðið að senda mann á samkomu í Kaupmannahöfn út af áfengismálinu, en engar slíkar beiðnir getum við tekið til greina. Það hafa borist ótal margar umsóknir, t. d. frá biskupi, til að sækja biskupaþing í Noregi, formanni vjelstjóraskólans, vitamálastjóranum, manni til að sækja náttúrufræðingafund etc., eitthvað um 12—15. Vitanlega yrði aldrei hægt að taka þær allar til greina, en aðeins þær allranauðsynlegustu. Ef stjórnin fær ekki upphæðina, þá er ekkert fyrir hana að gera annað en neita öllum um alt.

Guðmundur Ólafsson: Það er nú eins og fyrri daginn, að jeg á hjer enga brtt., en þó get jeg ekki stilt mig um að leggja orð í belg eins og allir aðrir. Því er ekki að neita, að það er hálfgert kapphlaup hjá háttv. þm. um að koma með sem flestar brtt., enda erum við ekki nema 2, sem erum án þess konar hluta. En þetta er nú sjálfsagt til að sýna, hversu ónýtur jeg er að betla fyrir mitt kjördæmi. Hv. 2. landsk. þm. (SJ) kemur þarna með brtt. um 300 kr. styrk til að halda dragferju á Skjálfandafljóti, þegar á fyrsta ári eftir að dragferja er komin á það. Jeg ætla svo sem ekki að fara að finna að þessu; jeg býst við, að þess sje full þörf, en líkt stendur á víðar. Það er dragferja á Blöndu, og hefir verið í nokkur ár, sem hefir ekki fengið neinn styrk úr ríkissjóði, en þetta er til að sýna, hvað menn fara misjafnlega fljótt á stað með fjárbeiðnir fyrir sitt hjerað. Jeg vildi

bara láta háttv. þm. vita, að ef þetta verður samþykt, þá kem jeg með till. um styrk til dragferjuhalds á Blöndu Að vísu er brú á ánni, en hún er rjett niður við sjó, svo að fyrir marga er það stór krókur að nota hana, og þess vegna þótti mikil nauðsyn á að hafa dragferju á ánni.

Jeg er ekki vanur að gera grein fyrir atkvæði mínu fyr en að því kemur, en út af ummælum háttv. 2. þm. G-K. (BK), þá veit jeg, að það er að sumu leyti sanngjarnt að gefa það eftir, að fjelögin Víðir og Ýmir í Hafnarfirði fái skattinn endurgreiddan, en að hafa þau orð um, að það væri hrein og bein vanvirða fyrir þingið, ef það samþykti það ekki, það kann jeg ekki vel við. Jeg held nú, að það sje meiri vanvirða að láta þá sleppa, sem bar eftir lögunum að greiða skatt, því að þetta sýnir aðeins hinar slælegu framkvæmdir á tekjuskattslögunum og eftirlitinu á þeim, og raunar þyngir það ekkert á þessum 2 fjelögum, þótt önnur fjelög hafi ranglega sloppið við skatt. Það nær ekki nokkurri átt að tala í þessum tón. Þessi fjelög hafa ekki borgað annað en það, sem þeim bar að greiða lagalega. (*BK*: Enginn ber á móti því). Nú, þá á ekki að viðhafa þau orð, að það sje blátt áfram vanvirða fyrir þingið, ef það endurgreiðir ekki skattinn. Því vil jeg mótmæla.

Hæstv. forsrh. (SE) er nú farinn út, en út af því, sem hann sagði um brtt. hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) um utanfararstyrk handa Vífilsstaðalækninum, þá finst mjer næsta kynlegt, að stjórnin skuli óska eftir sjerstakri fjárupphæð, til þess að geta látið sem allra flesta sigla. Mjer finst kveða við nokkuð annan tón hjá hæstv. atvrh. (KlJ), er hann sagði að það væri ekki nema dauður bókstafur að láta allar þessar lánsheimildir standa í fjárlögunum. Fjárlögin eru mun lakar úr garði gerð nú en síðastliðið ár og fjárhagurinn horfir mun ver við; en þar fyrir virðast menn ekki svo sjerlega einurðarlitlir við að biðja um fje úr ríkissjóði; að minsta kosti bera þessi fjáraukalög ekki vott um það.

Björn Kristjánsson: Aðeins örstuttt athugasemd út af ræðu hæstv. atvrh. (KlJ). Jeg er glaður yfir því, að hann viðurkendi rjett Víðis og Ýmis á að fá tekjuskattinn endurgreiddan, og tók fram, að stjórnin hefði ekki haft heimild til að borga hann til baka. Skatturinn var löglega á lagður, en af því að það hafði verið vanrækt að innheimta hann annarsstaðar, var ekki rjettlátt að láta hann koma sjerstaklega niður á þessum fjelögum. Af því nú að stjórnin hafði ekki vald til að borga skattinn til baka, hafa fjelögin snúið sjer til þingsins, í þeirri von, að það hljóti að sýna af sjer þá sanngirni, að endurgreiða þann part skattsins, sem farið er fram á. Hv. 1. þm. Húnv. (GÓ) sagði, að það mætti ekki kallast vanvirða fyrir þingið, þó að það greiddi ekki skattinn til baka. En þessir menn fá ekki rjett sinn, nema þingið hjálpi þeim til að fá rjetting mála sinna.

Hæstv. atvrh. (KlJ) skýrði frá því, að ekki væru tiltök að lána Gerðahreppi meira en 20 þús. kr. En jeg er hræddur um, að það yrði ekki nóg, en á hinn bóginn er þörfin brýn fyrir að fá eitthvert lán á þessu ári. Jeg skal ekki segja, hversu mikið það ætti að vera, en alt lánið þyrfti þó að vera 40 þús. Það er þá á stjórnarinnar valdi að skamta lánið, þótt till. sje samþykt, og jeg treysti hæstv. atvrh. til að fá fullvissu um, hversu mikið lánið þyrfti að vera í minsta lagi. Og ekki þarf að gera ráð fyrir, að neitt tapist af láninu,

þar sem sýslan ábyrgist lánið. En sú sýsla hefir jafnan staðið í skilum með sín lán og aldrei beðið um neina eftirgjöf.

Karl Einarsson: Jeg á tvær brtt. á þskj. 556, IX. og XIV. lið. Með brtt. IX. er farið fram á, að landið leggi til ⅓ kostnaðar við byggingu bátabryggju í Vestmannaeyjum. Í hitt eð fyrra var ákveðið að byggja þar nýja bátabryggju, er kosta átti 36 þús. kr. eftir áætlunum, sem bæjarstjórnin hafði fengið frá verkfræðingi. Nú er búið að byggja rúmlega hálfa bryggjuna, og hefir það kostað ca. 17500 kr. Þótt hún komi nú að nokkrum notum, þá þarf hún að lengjast og fullgerast. Það sem farið er fram á, eða 12000 kr., er aðeins það, sem venjulegt er að veita undir sömu kringumstæðum. Enda þótt þetta fje, ásamt því, sem farið er fram á í hinni breytingartillögu minni, væri veitt, þá munu Vestmannaeyjar þola vel samanburð við önnur hjeruð landsins, er um fjárveitingar þangað er að ræða og tekjur ríkissjóðs þaðan.

Um hinar fimm þúsundirnar er það að segja, að það varð að breikka steinbryggjuna á stóru svæði, og af því stafar sá viðbótarkostnaður. Það var gert eftir fyrirsögn Monbergs, og var verkinu lokið á 1½ mánuði og ágætlega af hendi leyst.

Þá er XIV. brtt., um styrk til björgunarfjelags Vestmannaeyinga, til að standast kostnað við aðgerð á Þór að ⅔ hlutum. Eins og menn muna, þá brotnaði þetta skip mjög mikið í óveðri hjer í vetur 14. janúar. Slitnaði frá skipabryggju hjer og rak inn í Laugarnesfjöru. Kostnaðurinn við aðgerðina verður mjög mikill. Eftir venjulegri reglu á eigandi skipsins að borga ⅓ af öllu því, sem er endurnýjað að öllu eða einhverju leyti. En reynslan sýnir, að þetta reynist venjulega ⅓ alls kostnaðar við aðgerðina, og þar sem hann er áætlaður alt að 90 þús. kr., þá ber fjelaginu að greiða alt að 30 þús. kr.

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, gengur Þór frá Vestmannaeyjum nokkurn tíma á ári, og hefir bæjarsjóður Vestmannaeyja ætíð lagt skipinu meira fje en ríkissjóður yfir þann tíma, og þar að auki greitt tekjuhalla af útgerðinni, sem eitt sinn nam um 40 þús. kr., og greiddi þar að auki allan útgerðarkostnað árið 1920.

Aftur á móti hefir ríkissjóður greitt allan kostnað af skipinu, þegar það gegnir störfum fyrir önnur sveitarfjelög, eins og t. d. síðastl. sumar.

Hingað til hefi jeg ekki mætt öðru en vinsemd og hjálp af hendi þingmanna í þessu máli, og vænti enn hins sama, og vona því, að háttvirt deild samþykki tillögu þessa.

Jeg vil minnast á eina brtt. á þskj. 556, um styrk til yfirlæknisins á Vífilsstöðum til að sækja fund berklalækna, 2000 kr., frá hv. 2. þm. Rang. (GGuðf). Jeg álít, að hv. Nd. hafi hvorki sýnt framsýni nje fyrirhyggju í svo þýðingarmiklu máli, þegar hún feldi slíka till., og á sama fundi í þeirri hv. deild var einnig felt að verja dálítilli upphæð til að kaupa fyrir þvottatæki handa hælinu. Menn verða að gæta að því, að hjer er um afarmikilvæga stofnun að ræða, sem líf og heilsa margra manna er undir komin, og má því engan veginn horfa í smáupphæðir, sem verja á til þess, að hún megi koma að sem bestum notum. Það er gefið, að yfirlæknirinn mun sjá og heyra hið nýjasta, sem fram hefir

komið viðvíkjandi lækningaaðferðum, og jafnvel hvernig koma megi fyrir fjárhagshliðum berklavarnanna. Og þar sem læknirinn er skýr og gætinn maður, mun hann áreiðanlega einungis flytja hingað heim það, sem rjettast er og sannast í nýjungunum og má að sem bestu gagni verða hjer heima. Væri því fje áreiðanlega vel varið, sem gengi til kostnaðar þessa ferðalags hans.

Í fljótu bragði er vandamál að gera upp á milli þeirra brtt., sem hjer liggja fyrir. Allflestar eru þær brtt. sjálfsagðar, sem fara fram á fjárframlög. Spurningin er sú, hverju fresta megi. Hins vegar finst mjer allar niðurskurðartill. frekar til hins lakara.

Jón Magnússon: Jeg tek til máls af því, að jeg hefi skrifað nafn mitt undir eina brtt. ásamt hv. 6. landsk. þm. (IHB).

Fer hún fram á styrk til Kvenrjettindafjelags Íslands, 1000 kr., til kostnaðar við kvennafund, sem fjelagið gengst fyrir, að haldinn verði hjer í bænum nú í sumar.

Styrkur þessi á þó eiginlega ekki að ganga til þessa fjelags, heldur til þess að gera konum utan af landi sem þægilegast fyrir að sækja fund þennan. Jeg hefi nú að jafnaði verið fús til að styðja konurnar í málaleitunum þeirra, hvort sem um rjettindi eða smávægilega fjárstyrki hefir verið að ræða, og var mjer því ljúft að fylgja þessari beiðni, sem er mjög hógvær, eins og fjárbeiðnir kvenna hafa að jafnaði verið, og því vel forsvaranlegt að samþykkja hana.

Jeg læt þetta nægja, enda hefir meðflm. minn, hv. 6. landsk. þm. (IHB), gert ítarlega grein fyrir þessari brtt., sem jeg hefi engu við að bæta.

Jeg ætla heldur ekki að fara neitt út í brtt. hv. 2. þm. G.-K. (BK), að endurborga 2 togarafjelögum skattgreiðslu. Aðeins vil jeg taka það fram út af ummælum hæstv. atvrh. (KlJ), að á þinginu í fyrra gerði þáv. fjrh. (MG) nákvæmlega grein fyrir, hvernig í þessu máli lá. Að vísu má segja, að eðlilegt sje, að hæstv. atvrh. (KlJ) sje þessu máli eigi svo kunnugur sem skyldi, en þar má kynnast því til hlítar.

Jeg ætla ekki frekar að fara út í málið, en aðeins skal það tekið fram, að það er að minni skoðun mikið sanngirnismál.

Frsm. (Einar Árnason): Það er best að byrja á því, sem jeg gleymdi í framsöguræðu minni, að fjvn. tekur aftur brtt. undir lið VIII á þskj. 556.

Jeg skal þá geta þess, að nefndin er yfirleitt fremur andvíg þeim brtt., sem hafa í för með sjer nokkur veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð.

Þetta frv. er orðið svo fyrirferðarmikið, að nefndin sjer eigi fært að hækka svo nokkru nemi þá útgjaldaliði, sem fyrir eru, eða bæta nýjum inn, og í samræmi við þessa skoðun nefndarinnar eru brtt. hennar sniðnar.

Þá er að minnast á einstakar brtt. í þeirri röð, sem talað hefir verið fyrir þeim.

Meiri hluti nefndarinnar er fremur hlyntur styrkveitingu til aðgerðar á bryggjunni í Stykkishólmi. Er þar um mannvirki að ræða, sem er í hættu statt og nauðsyn er að bjarga frá algerðri eyðileggingu.

Þá er brtt. um styrkveitingu til Kvenrjettindafjelags Íslands. Jeg fyrir mitt leyti er ekki svo fróður um kvenfjelög yfirleitt, að jeg geti gert mjer fulla grein fyrir muninum á hinum ýmsu

kvenfjelögum. En það hefir mjer skilist, að þetta fjelag hafi upphaflega verið stofnað í „pólitiskum“ tilgangi, með það fyrir augum að ná jafnrjetti við karlmenn. Jeg lít nú svo á, að þessu marki sje náð, en vel getur verið, að fjelagið hafi síðan skift um hlutverk. En af ókunnugleika á því, hvaða stefnu eða starfssvið fjelagið hefir nú, getur meiri hluti nefndarinnar ekki mælt með þessari brtt.

Nefndin er meðmælt breytingartillögu hv. 2. landsk. þm. (SJ) um styrk til dragferju á Skjálfandafljóti. Er þessi veiting í samræmi við það, sem þegar er komið inn í næsta árs fjárlagafrv., og enn fremur við það, sem veitt hefir verið til samskonar fyrirtækja, eins og hv. flm. (SJ) tók fram.

Þá eru brtt. hv. 2. þm. Rang. (GGuðf). Hin fyrsta þeirra er um utanfararstyrk læknisins á Vífilsstöðum. Fyrir þinginu hefir legið fjöldi beiðna um utanfararstyrki til að sækja allskonar fundi, sagnfræðingafund, náttúrufræðingafund, biskupafund o. s. frv. Enn fremur þessi beiðni nefnds læknis til að sækja berklalæknafund. Nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að gera upp á milli þessara styrkbeiðna, og hefir því engar till. gert í þessu efni. En hún hefir látið í ljós við hæstv. stjórn, að ef hún vildi bera fram till. um að veita eina upphæð í þessu skyni, þá skyldi hún (nefndin) taka hana til athugunar. En slík till. hefir ekki komið fram, og lætur nefndin hv. deild því sjálfráða, hvort hún vill veita þennan styrk, en hefir sjálf óbundnar hendur við atkvgr.

Út af ummælum hæstv. atvrh. (KlJ). hvort styrknum til bifreiðaferða hjer austur yfir fjall skuli varið til vöru- eða mannflutninga, skal jeg taka það fram, að nefndin álítur, að það sje samningsmál milli stjórnarinnar og viðkomandi sýslufjelaga, og vill því ekki setja neinar reglur um þetta atriði.

Þá er enn styrkbeiðni til unglingaskóla í Vík. Menn muna, að samskonar till. var á ferðinni við umr. fjárlaganna. Nefndin er enn, eins og þá, á móti þessari brtt., mikið vegna þess, að henni er ljóst, að samþykt hennar muni draga alvarlegan dilk á eftir sjer. Margir skólar munu á eftir koma, sem ekki mundi hægt að neita um samskonar styrk með neinum rjetti.

Þá er enn brtt. frá sama háttv þm. (GGuðf), um að veita Elísabetu Jónsdóttur, ekkju Pjeturs Guðmundssonar kennara á Eyrarbakka, 300 kr. Meiri hluti nefndarinnar er þessari till. hlyntur, en vill hins vegar láta það koma skýrt fram, að þessi fjárveiting sje aðeins í eitt skifti fyrir öll.

Þá kem jeg að brtt. hv. 5. landsk. þm. (JJ), um að styrkur til Kristjáns Jónassonar í Borgarnesi sje feldur niður. Þetta mál er gamall kunningi, og eru báðar fjvn. þingsins löngu orðnar þreyttar á því. Þær hafa altaf verið þessum styrk mótfallnar, en málið hefir hins vegar verið sótt af svo miklu kappi í Nd., að nefndin hefir ekki viljað skifta sjer af málinu lengur, en greiða mun hún atkvæði með þessari tillögu.

Nefndin er meðmælt 500 kr. styrk til Hjálmars Lárussonar hins oddhaga.

Þá kemur að tveim brtt. sama hv. þm. (JJ), á þskj. 577, um símalagningar á Austurlandi. Er hjer farið fram á allstóra upphæð, og komu þessar brtt. mjer í raun og veru á óvart, og sjer meiri hluti nefndarinnar sjer ekki fært að leggja þeim liðsyrði, þar eð hann lítur svo á, að lítt hugsanlegt sje, að þessir símar verði lagðir, þó að till. væru samþyktar, vegna þess að enginn undirbúningur hefir verið gerður um flutning á efni, sem er allerfiður á þeim slóðum.

Enn fremur skal jeg geta þess, að verði þessar brtt. samþyktar, þá mun jeg við 3. umr. bera fram brtt. um, að sími verði lagður frá Akureyri inn Eyjafjörð og jafnframt um Öxnadal og Hörgárdal. Fæ jeg ekki annað sjeð en að þessir símar eigi ekki síður rjett á sjer en þeir, er brtt. fjallar um, enda eru þeir allir ákveðnir lögum nr. 52 frá 1919.

Þá eru tvær brtt. frá háttv. 2. þm. G.-K. (BK). Sú fyrri er um 20000 kr. lánveitingarheimild handa Gerðahreppi. Samskonar upphæð er þegar komin inn í fjárlagafrv. fyrir árið 1924, en hjer er farið fram á jafnmikið á yfirstandandi ári.

Nefndin hefir ekki gert neinar till. í þessu efni; vill láta stjórnina hafa óbundnar hendur. Skildist mjer og á hæstv. atvrh. (KlJ), að engin vandræði myndu af því hljótast, þó að heimildin væri aðeins í fjárlögum næsta árs. Gæti það orðið hreppnum að gagni þegar á þessu ári. Hitt skal jeg ekki leggja neinn dóm á, hvort nauðsyn beri til að veita stjórninni 40 þús. kr. lánsheimild til hrepps þessa, en nefndin telur óþarfa að fara hærra en upp í 20 þús. að svo stöddu.

Annars getur hver maður sjeð, að til lítils muni vera að veita þessum hreppi 40 þús. kr. lán, því eins og hæstv. atvrh. (KlJ) tók fram, eru engar líkur til, að jafnlítill hreppur fái risið undir svo hárri skuld.

En verði þessi brtt. samþykt, þá vill nefndin þó láta þess getið, að hún lítur svo á, að stjórnin sje samt sem áður ekki skyld að veita meira en brýn þörf krefur.

Þá er hin brtt. frá sama háttv. þm. (BK), um endurgreiðslu á tekjuskatti til tveggja hlutafjelaga, Víðis og Ýmis í Hafnarfirði. Jeg geri ráð fyrir, að öllum háttv. þm. sje mál þetta kunnugt síðan í fyrra, er það var rætt í háttv. Nd. allítarlega. Hjer er ekki um það að ræða, að tekjuskattur hafi verið lagður á ólöglega, og byggja fjelögin ekki kröfu sína á því, enda þyrftu þau þá ekki að fara þessa leið, heldur dómstólaleiðina. Það, sem ber á milli, er, að aðrir skattgreiðendur hafi komist ljettara út af því að greiða skatt þennan, eða rjettara sagt, að önnur aðferð hafi verið notuð við álagningu skattsins annarsstaðar á landinu. Það er því ekki allskostar rjett hjá háttv. flm. þessarar brtt. (BK), að önnur togarafjelög hafi sloppið við skatt, heldur hafa hluthafarnir borgað skattinn hver í sínu lagi, eftir að ágóða var skift. Þetta mun hið rjetta í málinu og í samræmi við það, sem upplýstist í háttv. Nd. í fyrra.

Mætti það æra óstöðugan, ef gengið væri inn á þá braut, að gefa þeim eftir af tekjuskatti, sem þættust hafa orðið illa úti, þar sem vitanlegt er, að mismunandi aðferðir hafa verið hafðar í hinum ýmsu bæjarfjelögum, sýslum og hreppum við álagningu skattsins. Nefndin getur því ekki mælt með þessari brtt., en mun greiða henni mótatkvæði.

Þá er eftir að minnast á brtt. háttv. þm. Vestm. (KE).

Það er svo með þær, að enda þótt þær megi teljast rjettmætar, þá verður nefndin þó að halda við þá stefnu sína, að reyna að stemma stigu fyrir auknum fjárútlátum, og getur meiri hluti nefndarinnar því ekki aðhylst þær, hvorki till. um styrkinn til bryggjubygginganna nje hina, um styrkinn til viðgerðar á björgunarskipinu Þór.

Jeg held, að það sje ekki fleira, sem jeg hefi ástæðu til að minnast á.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er aðeins örlítil athugasemd. Hv. frsm. (EÁ)

gat þess í sambandi við brtt. mína, að hann þekti ekki, á hvaða grundvelli Kvenrjettindafjelagið starfaði nú.

Jeg er samdóma háttv. frsm. (EÁ) um það, að þar sem tilgangur fjelagsins var áður pólitískur, þá hljóti sá grundvöllur nú að vera fallinn, því eins og kunnugt er, hafa konur hjer á landi fengið full pólitísk rjettindi. En jeg hjelt, að það, sem jeg las hjer upp áðan í sambandi við umsóknina, hefði fyllilega skýrt tilganginn, og að það hefði ekkert átt skylt við stjórnmál nje borið neinn pólitískan lit. Það, sem liggur til grundvallar fyrir beiðni þessari, eru nánari kynni kvenna hver af annari og þeim staðháttum, sem þær eiga við að búa. Á því sviði ætti fundurinn að geta orðið til góðs. Fundarefni, eða dagskrá, er enn ekki svo tilbúið, að lagt verði fram. En mjer er það þó að mestu kunnugt og get vel aðhylst það.

Jeg vona, að allir hv. þdm. skilji, að það eru aukin kynni, sem skapa fjelagsskap í þessu strjálbygða landi, og sjái þess vegna þörfina á því, að þessi fyrsti almenni kvennafundur megi takast, og greiði þess vegna till. atkv. sín.

Karl Einarsson: Hv. frsm. (EÁ) sagði, að fjvn. hefði ekki sjeð sjer fært að mæla með brtt. mínum, vegna þess að hún vildi stemma stigu fyrir auknum útgjöldum.

Jeg ætla nú ekki að fara að þreyta háttv. deild á því að fara að lesa upp þau þrenn fjárlög, sem þingið er nú í þann veginn að samþykkja, til þess að sanna með samanburði þeirra og till. minna, að sá samanburður fjelli okkur Vestmannaeyingum í vil. Í þessum 3 fjárlögum eru veittar um 10 milj. kr., og er varla sennilegt, að allar þær upphæðir sjeu þarfari en brtt. mínar.

Reynslan vill verða sú, að þau hjeruð, sem minst leggja til sjálf, en mest heimta, bera mest úr býtum hjá háttv. Alþingi.

Vestmannaeyingar hafa styrkt Þór mjög vel. Enda er hann þeim mikið nauðsynjamál. Þeir hafa stundum orðið að senda menn út til bjarga, í ófært veður, og orðið fyrir því óláni að sjá hvorki bát nje menn aftur. Þannig hafa 2 bátar farist við björgun og 2 menn af þeim þriðja, síðan jeg kom til Vestmannaeyja. Og þetta getur altaf komið fyrir, því Vestmannaeyingum er nauðsynlegt að stunda sjóinn, og það um hávetur. Það getur auðvitað komið fyrir, að bátur farist, þó að Þór sje við Eyjarnar, en frá hinu er forðað, að stofna fleiri bátum og mannslífum í hættu við björgunartilraunir.

Það er því sjálfsagt að samþykkja þetta atriði. Bryggjan gæti frekar beðið. Enda hefir verið tekið lán til hennar, fyrst úr hafnarsjóði, síðan í banka. En þó þetta falli núna, þá verður því auðvitað haldið fram af fulltrúa Vestmannaeyinga á næsta þingi. Jeg fer ekki út í samanburð nú, en hann má gera síðar og sanna með honum, að ýmsar upphæðir eru veittar, sem eru hreinasta sóun á fje, samanborið við þetta nauðsynjamál.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg get verið þakklátur háttv. fjvn. fyrir það, að hún hefir tekið vel í tvær brtt. mínar.

Jeg vona, að utanfararstyrkurinn til læknisins á Vífilsstöðum fái góðan byr. Viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um aðra utanfararstyrki, og því, að hæstv. forsrh. (SE) óskaði eftir, að stjórninni væri heimiluð fjárhæð til skiftingar í þessu skyni, þá verð jeg að segja það, að jeg tel þá styrki ekki samanberandi við þennan, því segja má, að þetta sje gert vegna lífs og heilsu landsmanna. En verði

tekin upp fjárhæð í þessu skyni, þá skal jeg ekki hafa á móti því, að þessi upphæð falli saman við það, og má þá laga það við 3. umr.

Viðvíkjandi því, hvort heldur beri að styrkja mannflutninga- eða vöruflutningabíla, þá álít jeg rjettast, að stjórnin ráði fram úr því atriði. Máske væri rjett að styrkja hvoratveggja.

Þá var því aðallega haldið fram gegn till. minni um unglingaskólann í Vík, að þetta mundi draga dilk á eftir sjer. En jeg álít nú, að Alþingi hafi þegar gengið spor í þá átt á þessu þingi, þar sem það hefir samþykt upphæð til alþýðuskóla, og hvort skólinn heitir alþýðuskóli eða unglingaskóli, er naumast nokkurt atriði. En það er mikil þörf á að veita þessa upphæð.

Þá er nefndin hlynt því, að Elísabet Jónsdóttir fái þennan 300 kr. styrk. Jeg hefi nú talað við þm. Árnesinga um þetta, og eru þeir samþykkir því, að þessi upphæð sje veitt einu sinni. Nái till. samþykki nú, þá má bæta því við til 3. umr., að þetta sje í eitt skifti fyrir öll.

ATKVGR.

1. gr., með þeirri breytingu, sem verður á tölunni við atkvgr. um aðrar gr frv., samþ. með 14 atkv.

Brtt. 556,I 1 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 556,I 2 a samþ. með 11 shlj. atkv.
— 556,I 2 b samþ. með 8 shlj. atkv.
— 556,I 3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 556,II samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, SJ, EÁ.

nei: KE, SE, SHK, BK, GGuðf, HSt.

Brtt. 556,III 1 samþ. með 9:3 atkv.

2. gr., svo breytt (verður 3. gr.), samþ. með 14 atkv.

Brtt. 556,III 2 samþ. með 8:5 atkv.
— 577,I samþ. með 14 atkv.
— 577,II a feld með 8:6 atkv.
— 577,II b feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JóhJóh, JJ, KE, SE, SHK, GGuðf.

nei: HSn, JM, SJ, BK, EÁ, GÓ, HSt.

Brtt. 556,IV 1 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt (verður 4. gr.), samþ. með 14 atkv.

Brtt. 556,IV,2,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 556,IV,2,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 556,V feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðf, JM, KE, SE, SHK, SJ.

nei: EÁ, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JJ, BK, HSt.

Greinin (verður 5. gr.) þar með ákveðin.

Brtt. 556,VI samþ. með 8:2 atkv.
— 556,VII samþ. með 12 shlj. atkv.
— 556,VIII tekin aftur.

4. gr., svo breytt (verður 6. gr.), samþ. með 14 atkv.

Brtt. 577,III samþ. með 12 shlj. atkv.
— 556,IX (aðaltill.) feld með 8:5 atkv.
— 556,IX (varatill.) feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, KE, SE, SJ, EÁ, GGuðf, HSt.

nei: GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK.

Brtt. 556,X samþ. með 9:1 atkv.
— 556,XI samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt (verður 7. gr.), samþ. með 14 atkv.

Brtt. 556,XII samþ. með 13 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt (verður 8. gr.), samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 556,XIII samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, IHB, JóhJóh, JJ, SHK, SJ, EÁ, GÓ.

nei: JM, KE, SE, BK, GGuðf, HSt.

Brtt. 556,XIV feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðf, JJ, KE, SE, SJ.

nei: GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, SHK, BK, EÁ, HSt.

Brtt. 544 feld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, JM, SHK.

nei: EÁ, GGuðf, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JJ, KE, SE, SJ, HSt.

7. gr., svo breytt (verður 9. gr.), samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 545 samþ. með 9:3 atkv.

8. gr., svo breytt (verður 10. gr.) samþ. með 14 atkv.

Brtt. 556,XV samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, SE, SHK, SJ.

nei: BK, GÓ, KE, HSt.

9. gr., svo breytt (verður 11. gr.), samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 598, 606).

Afbrigði um brtt. 606, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Einar Árnason): Það eru aðeins örfáar brtt., sem nefndin gerir.

Það fyrsta, er nefndin leggur til að breytt verði, er upphæðin til flóabátanna, Djúpbátsins og Breiðafjarðarbátsins, sem í frv. eru 10 þús. kr. til hvors. Nú hefir nefndin fengið upplýsingar um fjárhagsástæður þessara báta og fengið vitneskju um það, að hagur Djúpbátsins sje mun betri, og leggur því til, að styrkurinn til hans sje færður niður um 2000 kr. Auk þess vill nefndin setja það skilyrði, að fjelögunum, sem eru mjög illa stæð fjárhagslega, sjeu gefnar eftir upphæðir annarsstaðar frá, er nemi að minsta kosti jafnmiklu.

Þá er uppbót til símafólksins breytt í sama horf og fjárveitinganefnd Nd. lagði til, en gekk ekki fram þar í deildinni. Það er og í samræmi við þá tillögu, er nefndin gerði um þetta efni við fjárlagafrumvarpið og samþykt var hjer í deildinni áðan. Það er um 9000 kr. lækkun frá því, sem í frv. stendur.

Þá álítur nefndin sanngjarnt, að Einari Jónssyni, kennara við stýrimannaskólann, verði bætt upp laun sín á þessu ári, á sama hátt og gert er ráð fyrir, að verði 1924.

Þá er 4. brtt., sem nefndin hefir gert, uppbót til Einars Sæmundsens skógarvarðar, 600 kr. Nefndinni fanst sanngjarnt að mæla með þessu, þar sem skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa ókeypis bústað. Er þetta í samræmi við það, enda sanngjarnt, þar sem hann verður að búa við rándýra húsaleigu hjer í Reykjavík.

Þá hefi jeg minst á brtt. nefndarinnar, en um þær brtt., sem komið hafa fram frá einstökum hv. þm., hefir nefndin ekki tekið afstöðu; henni hefir ekki unnist tími til þess, þar sem þeim var útbýtt nú í fundarbyrjun. Býst jeg þó við, að nefndin sje samþykk 1. brtt., 300 kr. styrk til dragferjuhalds á Blöndu, frá hv. 1. þm. Húnv. (GÓ), en annars sýna atkvæði hennar, hvernig hún lítur á þessar brtt.

Karl Einarsson: Jeg skal ekki verða langorður. Til þess að stytta mál mitt sem mest, tek jeg aftur fyrri tillöguna

undir tölul. V á þskj. 606. Ekki vegna þess, að jeg álíti ósanngjarnt, að ríkissjóður beri ⅓ af kostnaði, sem þegar er orðinn á bryggjusmíðinni, heldur af því, að fjárhagurinn er þröngur og varlega farandi í öllum fjárveitingum. Því verður þetta að bíða betri tíma. Þá er hin tillagan undir tölul. V. Björgunarfjelagið hefir ekki getað safnað í sjóð og eftir óhappið með Þór í vetur bættist við nýr kostnaður. Það var nýbúið að gera við skipið áður en það brotnaði. Vænti jeg því, að háttv. deild sýni fjelaginu þá velvild að veita því þessa upphæð.

Þá er tillagan um ábyrgðarheimildina. Hún mælir með sjer sjálf, og skal ekki um hana fjölyrt. Jeg skal svo ekki ræða meira um mínar brtt.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg á eina brtt. á þskj. 606, um ferðastyrk handa sögukennaranum við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Kristjaníu. Svo er mál með vexti, að tveimur mönnum úr hverju landi á Norðurlöndum hefir verið skrifað, og skyldu þeir vera í stjórnarnefnd fundarins og boða hann. Hjer hefir próf. Páli Eggert Ólasyni og dr. Jóni Þorkelssyni verið skrifað. Það hefir nú orðið að samkomulagi, að dr. Páll færi, því að óviðkunnanlegt væri, að hvorugur þeirra kæmi á fundinn. Jeg er nú á því, að það sje ekki gerlegt að sinna ekki þessu boði, og því hefi jeg borið fram þessa styrkbeiðni og vænti þess, að hv. deild samþykki hana, þar sem hjer er að ræða um að koma fram fyrir landsins hönd. Jeg bar hjer fram við 2. umr. fjáraukalagafrv. svipaða styrkbeiðni fyrir berklalækninn, til þess að sækja fund til útlanda, og var hún samþykt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg á hjer eina brtt., um 300 kr. styrk til dragferjuhalds á Blöndu. Hún kemur deildarmönnum ekki á óvart, því að jeg gat um það við 2. umr., að jeg mundi bera hana fram. Hv. frsm. fjvn. (EÁ) hefir nú lýst því yfir, að fjvn. væri samþykk henni. Það er því ekki ástæða fyrir mig að tala mikið um hana. Sumum hv. þm. er kunnugt um, hvernig þetta vatnsfall er. Vænti jeg þess, að þessi brtt. verði samþykt, og ekki síður fyrir það, þó Húnvetningar hafi í nokkur ár haldið uppi dragferju án styrks úr ríkissjóði.

Jón Magnússon: Það hefði máske verið heppilegra, að hæstv. forsrh. (SE) hefði verið viðstaddur, en jeg býst að vísu ekki við að segja neitt, sem andmæla þurfi. Hv. fjvn. mun kunnug beiðni Jóns Gíslasonar. En ástæðan til þess er sú, að í fyrra haust var auglýst laus dyravarðarstaðan við stjórnarráðið. Margir sóttu um, en dregið var að veita fram undir þing í fyrra. Gerði jeg það til þess að ekkja Magnúsar Vigfússonar gæti orðið sem lengst í húsinu. En um það leyti setti jeg, með ráði skrifstofustjóra, þennan mann í stöðuna, en hann var einn af umsækjendum. Jeg taldi rjettara að setja hann, vegna þess að mjer þótti ástæða til þess, að það yrði prófað, hvernig honum ljeti staðan, áður en embættið yrði veitt. En jeg sagði honum, að ef hann reyndist vel, þá mundi hann fá veitingu. Skildi hann þetta og ljet sjer lynda. En er til kom og maðurinn ætlaði að taka við stöðunni, sagði núverandi forsætisráðherra honum það, að ekkert væri því til fyrirstöðu að vísu, að hann kæmist í stöðuna, en hann fengi eigi að halda stöðunni nema til haustsins. Þá yrði hún veitt

öðrum. Þetta voru mikil vonbrigði fyrir manninn og auðvitað sama sem að neita honum um að taka við, því að auðvitað gat ekki komið til tals, að maðurinn tæki við starfinu sumarmánuðina aðeins. Jeg þarf ekki að lýsa þessu frekar; jeg býst við, að hv. deild finnist sanngjarnt, að maður þessi fái nokkra uppbót. Jeg hefi talið mjer skylt að flytja þetta, því að það var að nokkru leyti mjer að kenna, að maðurinn fjekk ekki stöðuna; jeg hefði getað skipað hann.

Jeg fer ekkert út í það, hvað olli því, að þetta gat ekki staðið; jeg hefi aðeins sagt þetta til skýringar og læt ráðast, hvernig hv. deild tekur í málið.

ATKVGR.

Brtt. 606,I samþ. með 12 shlj. atkv.
— 606,II 1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 606,II 2 samþ. með 12:2 atkv.
— 606,II 3 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 606,III samþ. með 9:3 atkv.
— 606,IV samþ. með 14 atkv.
— 606, V 1 tekin aftur.
— 606,V 2 samþ. með 9:2 atkv.
— 606,VI samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðf, GÓ, IHB, JóhJóh, JM, KE, SHK, BK.

nei: EÁ, HSn, JJ, SE, SJ, HSt.

Brtt. 606,VII 1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 606,VII 2 samþ. með 8:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 5. fundi í Sþ., föstudaginn 11. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 610).

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr. (A. 610, 621, 622, 623, 625).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 621, 622, 623 og 625. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Það mun nú vart hent að vera mjög langorður, eftir þeim glundroða, sem kominn er á hv. Nd., þar sem þau undur hafa gerst, að strandferðaskipið Esja ræður þingslitum, en eigi þingið sjálft eða þingstörfin. Frv. þetta til fjáraukalaga hefir enn aukist nokkuð í háttv. Ed., svo að munar um 35 þús. kr. á gjöldunum frá því, sem var er það fór hjeðan. Nú væntir fjvn. Nd. þess, að þær brtt. á þskj. 623, sem hún hefir gert við frv. nú, og eru hinar sömu eða svipaðar og áður hafa verið hjer til umræðu, fái sama fylgi hjer í háttv. deild og þær höfðu síðast, er þær voru á ferðinni. Væntir fjvn. þess, að frv. verði fært í sem líkast horf og það var í, er það var afgreitt hjeðan síðast.

Fjvn. hefir fært styrkinn til Guðnýjar Jónsson niður í 1000 kr. Er það sú upphæð, sem vant er að veita til styrktar hjúkrunarnemum.

Þá eru brtt. nefndarinnar undir tölul I,2 og I,6 a, sem jeg bið forseta að taka tillit til við atkvæðagreiðsluna, þannig, að þær verði bornar upp á eftir brtt. I,6 b. Ætlast nefndin til, að allir utanfararstyrkir sjeu settir í eina upphæð, og þó þessi upphæð sje nú áætluð nokkru hærri, álítur hún, að stjórninni muni vart af veita, þar sem nógir verði til að sækja um þessa utanfararstyrki og nefndin telur eigi rjett að amast við þeim.

Þá er 3. brtt. undir tölul. I, um að lækka styrkinn til bifreiðaferðanna um 1 þús.

kr., niður í 2 þús. kr. alls. Nefndin álítur þetta nóga upphæð meðan þetta nýja fyrirkomulag er að reyna sig og eigi er sýnt, hvernig gefst, enda hefir eigi komið beiðni um hærri upphæð en þetta frá þeim, sem eiga að njóta styrksins. Þá hefir fjárveitinganefnd og lækkað styrkinn til kvennaskólans í Reykjavík. Veit hún að vísu, að hann er skuldugur og fjeþurfi, en alveg sama máli er að gegna um kvennaskólann á Blönduósi, og álítur nefndin því samræmi vera í því, að þeir skólar báðir fylgist að. Þá er brtt. III,1 um að lækka styrkinn til björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum um 5 þús. kr. Fjvn. var upphaflega mótfallin þessum styrk, en til samkomulags við háttv. Ed. vill nefndin ekki gera meira að en að lækka hann niður í 10000 kr.

Þá er 2. brtt. undir tölulið III, um 30 þús. kr. lán til kembivjela á Húsavík. Fjvn. telur atkvgr. um þetta mál áður hjer í háttv. deild fremur óljósa, og vill því gefa háttv. deildarmönnum tækifæri til þess að sýna þá í annað sinn skoðun sína á því máli.

Um IV. brtt. er það að athuga fyrst og fremst, að það er prentvilla, er þar stendur: frá Magnúsi Jónssyni. Á að vera frá Magnúsi Pjeturssyni. Vildi jeg gangast við þessum króga, til þess að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) færi ekki að sverja fyrir hann, ef honum kæmi hann ókunnuglega fyrir sjónir, sem jeg þó vart vænti að verði.

Jeg vonast svo eftir að þurfa ekki að fara mörgum orðum um þetta frumvarp frekar en jeg er búinn, og þrátt fyrir það, að talsverð heimþrá hefir þegar gripið allmarga háttv. þm., vænti jeg þó, að eigi sje hún svo mögnuð, að þeir greiði atkvæði þvert ofan í sjálfa sig nú á síðustu stundu, aðeins til þess að flýta fyrir, enda læt jeg þá ósagt, hvort þeim kæmi það að haldi, því margt getur enn orðið til tafar.

Þá á jeg aðeins eftir að minnast styrksins til Einars Þorkelssonar, fyrv. skrifstofustjóra Alþingis, en tel þó óþarft að eyða þar um mörgum orðum. Það er þegar búið að veita svo marga sjúkrastyrki, að þessi ætti ekki að stranda af því að þetta væri eigi venja þingsins, og þessi maður er eigi síður verðugur sjúkrastyrks en nokkur hinna, er styrk hafa þegar hlotið á þessu þingi.

Gunnar Sigurðsson: Það eru aðeins örfá orð um brtt. I,3, frá fjvn., um lækkun á styrknum til bifreiðaferða austur um fjall. Jeg hefi ekki getað komið því við að hafa tal við háttv. fjvn. um þetta, en skal því nú gefa þær upplýsingar, að styrkur þessi var hækkaður í hv. Ed. af því, að styrkurinn til bátaferðanna til Stokkseyrar og Eyrarbakka var feldur niður. Upphaflega báðum við þm. Rang. um 3000 kr., og því vænti jeg, að háttv. deild sjái, að þetta er sanngirnismál, og lofi því þessum 3 þús. kr., sem háttv. Ed. ætlaði okkur, að standa óbreyttum.

Jón Baldvinsson: Við 2. umr. þessa frv. bar hæstv. stjórn fram brtt. um 7500 kr. fjárveitingu til að styrkja ýmsa menn til utanfarar, enda lágu þá fyrir eigi f[illegible] ar umsóknir um styrki í því skyni, en þetta var felt hjer í deildinni. Síðan hafa komist inn í þessi fjáraukalög nokkrir utanferðastyrkir, en nú vill háttv. fjvn. breyta þessu aftur og slá því öllu í eina upphæð, er stjórnin svo fari með og úthluti eftir geðþótta. Jeg tel þessa enga þörf, enda langt frá því, að sparnaður sje að þessari till. háttv. fjvn., sem fer fram

á nokkra hækkun frá því, sem komið er inn í fjáraukalögin. Sje jeg því ekki, að ástæða sje til þess að breyta þessu aftur; þingið er þegar búið að sýna vilja sinn í þessu efni, hverjar styrkveitingar það vill taka til greina, og stjórnin hefir ærinn vanda á höndum, þótt eigi bætist þar við sá, að skifta þessu milli hinna mörgu umsækjenda, sem munu þá streyma til hennar, og ef til vill fleiri en þegar eru komnir. Að vísu hefir hæstv. stjórn ástæðu til þess að skoða sig bundna við þær upphæðir, sem þegar eru komnar inn í fjárlögin, og láta þá ganga fyrir, en þá er ekki eftir af fjárhæðinni nema einar 500 krónur.

Jeg hefi heyrt á sumum, að þeim þætti styrkurinn í 6. gr. 9. tölulið fullhár, borinn saman við hina utanfararstyrkina. En þess er að gæta, að maður sá, sem hjer um ræðir, fer utan til þess að nema, og þarf því að dvelja lengur en þeir, sem fara til þess að sitja á fundi í nokkra daga.

Vænti jeg fastlega, að háttv. deild sjái sjer fært að láta þetta standa óhaggað og breyti í engu frá sinni fyrri ákvörðun um þessa liði fjáraukalaganna.

Bjarni Jónsson: Hjer hafa þau undur orðið nýlega, að háttv. Ed. hefir gert sjer það að ætlunarverki að vera einskonar yfirfjárhirðir alls þingsins, og hefir hún reynt að ná í sínar hendur úrslitaúrskurðarvaldi um allar fjárveitingar Nd.

Hefir háttv. Ed. sjerstaklega ráðist á styrkinn til Kristjáns Jónassonar í Borgarnesi, sem Nd. hafði ákveðið að bæta að nokkru skaða þann, er hann hafði beðið af einangrun gistihúss hans.

Jeg veit ekki, eftir hvaða grundvallarreglum háttv. Ed. hefir farið í því að fella þennan styrk tvisvar niður, þó hann hafi jafnan aftur verið tekinn upp og samþyktur hjer í Nd. með allmiklum atkvæðamun í hvort skifti. (*MP*: Ætli það geti stafað af því, að háttv. þm. Dala. bar þetta fram?). Það má einu gilda hver flytur; háttv. Nd. hefir margsinnis samþykt þetta, og gerir það væntanlega enn, enda hefir hjer aldrei verið viðurkend fjárhaldsmenska Ed., þrátt fyrir það, að hún sitji með þennan halaklepp, sem hún hefir og eru leifar hinna gömlu konungkjörnu þm. Hafa þeir aldrei verið ætlaðir til þess að draga fjárveitingarvaldið úr höndum Nd., þótt þeim sje ætlað að vera gætnir menn, en eigi byltingasinnaðir, sem jeg og vænti, að þar sjeu engir,—eða hvað? Jeg hefi því leyft mjer að taka þennan styrk enn þá upp, og þótt Ed. hreyki sjer svo mjög, vænti jeg, að háttv. Nd. gefi þá þeim miklu mönnum í Ed. tækifæri til að fella þetta enn niður, ef þeir vilja.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á styrkinn til þess að sækja sagnfræðingafundinn í Gautaborg. Þessi fundur var síðast haldinn í Oslo, og var þá ákveðið, að þjóðskjalaverðir skyldu einnig sækja þessa fundi. Nú hefir þjóðskjalaverðinum hjer verið skrifað um þetta og honum boðið að sitja fundinn í sumar. Þótti sjálfsagt, að hann tæki með sjer sögukennarann við háskóla Íslands, og ætti það að vera auðvelt fyrir Íslendinga að halda sig til jafns við aðrar þjóðir í sagnfræði, þar sem þeir hafa skipað öndvegið síðan á dögum Snorra Sturlusonar. Það er hvort sem er ekki of margt, sem verður til þess að vekja athygli á slíku smáríki og Ísland er, og ætti þetta því ekki að dragast undan. Vegna þess, að mjer er kunn sparsemi háttv. þingmanna, ber jeg fram til vara, að aðeins fari annar þessara manna á fundinn, og eftir beiðni sögukennarans, próf. dr. Páls E. Ólasonar, læt jeg það

óákveðið, hvor þeirra fari, þar sem hann vill eigi halda þessu fremur til sín en þjóðskjalavarðarins.

Þá þarf jeg ekki að fara mörgum orðum um brtt. á þskj. 621, VII; mun hinn flutningsmaðurinn (JakM) mæla þar skörulega með henni. En jeg vil aðeins geta þess, að það var samþykt í fjvn., að Gísla Sveinssyni sýslumanni væri bættur upp sá kostnaður, sem hann hefir haft af embættinu, er hann hefir orðið að launa manni til þess að gegna því fyrir sig, og hefir sá kostnaður hans numið meiru en 3 þús. kr. Stjórnin hefði átt að endurgreiða honum þennan kostnað, en það hefir þó eigi orðið, sem er þó meira en sanngjarnt í samanburði við það, sem gert hefir verið við ýmsa aðra embættismenn. Þessar 3 þús kr. ættu því að fá að standa óbreyttar, þó Ed. vilji færa þetta niður í 2 þús. kr. Þykir mjer þetta því kynlegra hjá háttv. Ed., sem hún hefir bætt úr ranglæti Nd. og veitt styrk til Jóns Jónssonar læknis, en það getur aldrei komið til neinna mála, að Gísli Sveinsson borgi Jóni Jónssyni, en þó lítur helst svo út, sem Ed. ætlist til þess, og það eigi að alllitlu leyti. Þrátt fyrir þetta, er jeg samt þakklátur Ed., að hún tók upp styrkinn til Jóns Jónssonar, sem Nd. hafði felt, en vænti nú, að háttv. Nd. lofi honum að standa áfram, en hækki aftur styrkinn til Gísla Sveinssonar.

Þá er enn lánveitingin til Sigurðar bónda Lýðssonar á Hvoli í Dölum sem Ed. hefir felt tvisvar, en af hvaða ástæðum, veit jeg ekki, þar sem sú hv. deild er staðin að því að hækka og bæta við ýmsar lánveitingar, og rekur þetta sig því hvað á annað. „Eitt rekur sig á annars horn, eins og búpening hendir vorn.“

Skil jeg ekki, hví háttv. þm. hafa eigi getað fallist á þetta, þar sem hjer er í boði við í góðri jörð, en fasteignir slíkar hafa jafnan verið taldar bestu veðin fyrir lánum. Þá hefir og þingið hvatt menn mjög til nýbýlaræktar, og þetta ætti því að vera þeim þm. ljúft að samþykkja, sem þá hugmynd hylla. Þetta er og nýbýli, sem Indriði bróðir Gísla Konráðssonar bygði fyrstur og bjó þar lengi. Svínadalssel er sjálfsagt hæli ferðamönnum í illum veðrum, ef þar helst bygðin. Fyrir neðan selið eru lækir nokkrir og gil, ill yfirferðar í vondum veðrum, og því gott að geta haft þarna náttstað. Það er því tvent, sem sjerstaklega mælir með þessari lánveitingu, nýbýlahugmyndin og að þetta verður sæluhús ferðamönnum, þegar þeim er slíkra húsa mest þörf. Jeg á t. d. eigi gott með að skilja, að hjer hefir verið kostað miklu til úr ríkissjóði til þess að rífa niður land og tæta sundur til undirbúnings nýbýlaræktinni — og mun þurfa að kosta þar miklu meira til með beinum framlögum úr ríkissjóði áður en að gagni komi eða þetta verði að framkvæmdum, — en svo þora menn ekki að veita þetta lán til nýbýlisgerðar gegn ágætistryggingu. Er það af því að þetta er á Vesturlandi? Jeg ætla nú enn að vænta þess, að háttv. Nd. samþykki þetta, þó Ed. hafi lengi þreytt þennan gráa leik og virðist seinþreytt til vandræða.

Þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um brtt. frá mjer og háttv. 1. þm. Reykv., (JakM) á þskj. 622, til þess að kaupa gagnhitunaráhald. Hafa oss borist í hendur meðmæli frá læknadeild háskóla Íslands og hljóða þau þannig:

„Vjer undirritaðir teljum mjög æskilegt, að útvegað sje sem fyrst hingað til Reykjavíkur áhald til svokallaðrar „diathermi“, sem að sjálfsögðu verður

keypt þegar landsspítalinn tekur til starfa. Þangað til mundi það geta komið að góðum notum í lækningastofu Jóns læknis Kristjánssonar.

Reykjavík, $^{11}/_{5}$ 1923.

Jón Hj. Sigurðsson. Guðm. Thoroddsen. Guðm. Hannesson. Sæm. Bjarnhjeðinsson."

Þetta er rafmagnsáhald, sem framleiðir hita með háspennu og háfrequens (hátíðleik mætti nefna það á voru máli í gamansamri þýðingu). Er það til margra hluta nytsamlegt, og veit jeg, að það er mikið notað við lækningu á eyrum, augum, nefi og taugum og til að ylja frumlur í vöðvum mannlegs líkama. Mætti margt enn taka fram áhaldi þessu til lofs, en bæði er það, að jeg er ekki sjerfróður maður á þessu sviði, og svo þykist jeg mega vænta þess, að hv. þm. Str. (MP), sem er læknir, muni hlaupa undir bagga og taka það fram, sem mjer hefir sjerstaklega láðst að geta um. Og sýnt er það, að þetta áhald verður að kaupa, þegar landsspítalinn verður reistur, og er ekki gerandi að láta það bíða, til þess eins að spara vextina af því fje, sem til þess fer fyr eða síðar. Og þó hv. deild telji mig auðvitað engan speking í þessum efnum, þá er þess þó að vænta, að hún taki þá menn trúanlega, sem frumkvæði eiga að þessu, sem eru ýmsir bestu læknar bæjarins, og veit jeg líka, að hv. þm. Str. (MP) muni sýna, að jeg fer hjer ekki með fánýtt hjal.

Þá hafði jeg hugsað mjer að koma enn þá með tillögu um lánveitingu til Anderssons skradda, til að sauma landsforða af fatnaði úr íslenskum dúkum. Eins og menn vita, þá er þetta hvorki borið fram fyrir mitt kjördæmi sjerstaklega eða mig, heldur þykist jeg vita, að hjer er gott fyrirtæki á ferðinni og það sje besta leiðin til að bæta og tryggja ullarmarkaðinn og efla ullarverksmiðjurnar í landinu. Hefir mjer talist til, að það muni spara ½—1 milj. kr. á ári í erlendum gjaldeyri, þegar fyrirtækið er komið á fastan fót. Þeir einir geta greitt atkvæði á móti þessu, sem senda vilja ullina út óunna og kjósa fremur að hengja utan á sig erlenda, laust samanþrædda ómyndarfatnaði en ganga í haldgóðum og áferðarsnotrum íslenskum klæðum. Vona jeg því, að till. minni verði vel tekið og að hið háa Alþingi sýni enn þá, að það vilji hjálpa atvinnuvegum vorum.

Jakob Möller: Jeg þarf engu við að bæta það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði um styrkinn til Gísla Sveinssonar. Hefir hann áður verið samþyktur hjer í deildinni með yfirgnæfandi meiri hluta, og hún látið þannig ótvírætt vilja sinn í ljós. Það var aldrei meiningin, að af þessari upphæð yrði tekið til annara, og segi jeg það ekki til að spilla fyrir þeim öðrum, sem samskonar styrks hafa leitað.

Þá á jeg aðra brtt., undir tölulið VI á sama þskj., þar sem farið er fram á lítinn styrk handa Blaðamannafjelagi Íslands, til að senda fulltrúa á fund í Svíþjóð. Þessi styrkur hefir raunar verið feldur áður, en jeg geri ráð fyrir, að það hafi verið gert vegna þess, að feldir voru aðrir styrkir, sem fóru í líka átt, en nú hafa þeir flestir verið samþyktir, og vænti jeg því, að hv. deild láti þennan styrk verða þeim samferða.

Þá kem jeg að 3. brtt., um uppbót til símastarfsfólksins. Jeg býst við, að frv. þurfi aftur að ganga til Ed., svo það þarf ekki að fæla menn frá að greiða

atkvæði með því enn á ný. Veit jeg, að allir muni skilja, að full þörf sje á þessu nú, hvernig svo sem ástatt verður 1924. En svo virðist, sem hjer í þinginu sje einhverskonar metingur um laun starfsmanna ríkisins, þó hann muni alls ekki eiga sjer stað þeirra á meðal utan þings. Það er ljóst, að till. þessi á erfitt uppdráttar í Ed., en jeg vona, að hv. Nd., sem er skipuð tómum karlmönnum, reynist kvenfólkinu betur í þessu máli en fulltrúi kvenna reyndist því í Ed

Eina brtt. enn, á þskj. 623, III, vildi jeg minnast á fám orðum. Hún er um að lækkaður verði styrkurinn til Þórs. Mjer þykir leitt, að þessi tillaga skuli komin fram og vænti þess, að deildin felli hana og vilji veita því fyrirtæki allan stuðning. Svo sem kunnugt er, þá á það næsta erfitt uppdráttar og hefir orðið fyrir tilfinnanlegu áfalli, og því engu síður vert að styðja það heldur en flóabátana, sem veittur hefir verið fjárstyrkur, sökum þess, hve illa þeir hafa borið sig. Og þó þetta fyrirtæki sje einstakra manna eign, þá er það þó í eðli sínu nytsemdarfyrirtæki allri alþjóð og hefir bæði haft með höndum björgunartilraunir og strandvarnir, og hefir það orðið til að leiða það í ljós, sem afarmikilsvert var að fá fulla vissu fyrir, að strandvarnirnar eru best komnar í höndum íslenskra skipa. Er það og kunnugt, að síðan Þór kom, hefir enginn bátur farist við Vestmannaeyjar, en áður venjulegast 1—3 á hverri vertíð. Geta því óteljandi mannslíf verið undir því komin, hvort fyrirtækinu er veitt sú hjálp, sem það þarfnast, eða það verður að gefast upp.

Benedikt Sveinsson: Jeg flyt eina brtt. á þskj. 621, og er hún fram komin fyrir tilmæli Einars prests Friðgeirssonar á Borg á Mýrum. Hefir hann skrifað erindi til þingsins, þar sem hann fer fram á, að ríkið kaupi af sjer staðarhúsin á Borg, eða að honum gefist ella kostur á að kaupa jörðina. Nú eru 35 ár síðan hann settist þar að, og hefir hann bygt þar stórmannlega, en hús voru þar nær engin, er hann tók við jörðinni. En hann er enginn auðkýfingur og má illa við því að rífa húsin, en annars á hann ekki úrkostar, ef ríkið vill ekki kaupa þau af honum. En nú er það hvorttveggja, að það er viðurkent, að vel sómi að forn og fræg höfðingjasetur, slík sem Borg er, sjeu vel bygð, og í annan stað ekki skylda prestsins, heldur ríkisins, að húsa staðinn, þá er það sýnilegt, að ríkinu liggi það næst að kaupa húsin. Þá býst jeg og við, að mönnum finnist kaupverðið, sem ráðgert er að nemi 10—12 þús. kr., mjög sanngjarnt, enda mundi hæstv. stjórn trúandi til þess að leita hagfeldra samninga um verðið og greiðslu þess. Vænti jeg, að ekki sje þörf að tala frekar fyrir þessu.

Hákon Kristófersson*: Jeg á að þessu sinni nokkrar brtt. við fjáraukalögin, á þskj. 621. Um tvær þær fyrstu er það að segja, að jeg hefi nú, síðan þær komu fram, öðlast betri skilning á hlutaðeigandi mönnum, og tek þær því báðar aftur. Teldi jeg ómaklegt að svifta þá menn, sem þar ræðir um, styrknum.

Um þriðja liðinn get jeg látið það um mælt, að jeg hefi ekki sjeð liggja fyrir læknisvottorð, er sýni, að sá maður sje sjúkur. Hitt veit jeg líka, að vel hefir verið með hann farið heima í hjer-

*) Þm. (HK) hefir ekki yfirlesið ræðuna

aði. Sýnist því lítil ástæða til að veita honum þennan styrk.

Jeg hefði að vísu flutt fleiri brtt. við fjáraukalögin, en það er við ramman reip að draga. Er það enda svo, að um flestar brtt. við fjáraukalögin stendur flokkur manna, og á jeg þar t. d. við brtt. hv. fjvn., og sýnist ekkert soramark vera á þeim.

Þá á hv. þm. N.-Þ. (BSv) brtt. á þskj. 621, sem hann hefir nú nýlega talað fyrir. Jeg vil ekki segja, að hún eigi ef til vill ekki rjett á sjer, en hitt er mjer ljóst, að sje hún samþykt, þá er með því gefið fordæmi, sem ekki er sjeð, hvað að hlýst að lokum. Get jeg ekki gengið inn á, að húsin sjeu keypt ómetin. Þætti mjer best við eiga, að sala þeirra færi fram, þegar presturinn fer af jörðinni, svo sem venja er til. Veit jeg um fleiri prestssetur, engu ver setin og um gengin, og mætti svo fara, að þau annars þættust eiga heimting á þessu sama. Auk þessa hefir mjer verið tjáð, að húsin á þessu prestssetri muni tæpast vera eins mikils virði og af hefir verið látið, en hæstv. stjórn býst jeg við að kunni því illa að fara að þrýsta niður verðinu. Yfirleitt finst mjer þetta óvanaleg aðferð og get ekki ljeð brtt. atkvæði mitt. Er það, eins og jeg áður tók fram, algengast, að presturinn fái bætur á húsinu við brottför sína. Hvað því viðvíkur, að selja þessa jörð, eins og hæstv. forseti (BSv) tók fram, að til mála gæti komið, þá býst jeg ekki við, að það verði ofan á, og því óþarft að fara frekar út í þá sálma.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Brtt. nefndarinnar hefir ekki mikið verið mótmælt, og get jeg því verið stuttorður. Það var aðallega hv. 1. þm. Rang. (GunnS), sem varð til þess, þegar hann mótmælti lækkuninni á styrknum til bifreiðaferða. Jeg get búist við, að til lítils sje fyrir mig að andmæla háttv. þm., eftir því, sem mjer virðist honum ganga nú undir umræðunum, þar sem hann gengur hjer manna á milli í liðsbón. En þó að samgöngumálanefnd hafi lagt það til á bak við þingið, að styrkurinn til bátaferða austur á Eyrarbakka falli niður, getur fjvn. ekki tekið það til greina. Það er ekki lögfest með því. Stjórnin á að skifta styrknum og getur farið eftir sínum geðþótta: býst jeg við, að hæstv. stjórn hafi rekið sig á það, að tillögur háttv. samgmn. sjeu ekki svo heppilegar fyrir alla landshluta, að ástæða sje til að fylgja þeim undantekningarlaust. Þegar litið er á þetta, tel jeg ekki ósanngjarnt, að fjvn. haldi sjer við það, sem áður hefir verið samþykt í þessari háttv. deild, enda býst jeg við, að háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) muni nú vilja láta bátastyrkinn halda sjer eftir sem áður. En jeg vil lýsa yfir sem frsm., að það var aldrei tilætlunin að veita styrk til þessara bifreiðaferða á kostnað sjóferðanna. Skil jeg ekki í því, að háttv. þm. skuli vilja vinna það til að taka fje frá Árnesingum til þess að styrkja bifreiðaferðir austur í Rangárvallasýslu.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ræð engu um það, hvort bátastyrkurinn verður tekinn af Árnesingum, en hitt þykist jeg vita, að háttv. Ed. muni halda fast við gerðir sínar í þessu atriði. Jeg skal taka það fram, að háttv. fjvn. er ekki óskift um þessa brtt.; 2 nefndarmenn voru ekki á fundi, og eru þeir báðir mótfallnir henni. Að ekki var farið fram á hærri upphæð

en 3000 kr., stafar af því, að við hugðum, að hið háa Alþingi mundi verða við þessari sanngjörnu beiðni. Hefði verið farið fram á hærri upphæð, 5 eða 10 þús., er jeg sannfærður um, að þingið hefði veitt ríflegri upphæð en brtt. fer fram á. En einmitt af því, að þessi beiðni er svo hófleg og sanngjörn, ætti háttv. deild að veita þá upphæð, sem farið var fram á.

Benedikt Sveinsson: Háttv. þm. Barð. (HK) fann hvöt hjá sjer til þess að vega á móti tillögu minni um heimild stjórnarinnar til að kaupa staðarhúsin að Borg á Mýrum, og þótti mjer hann þar óþarflega hlutsamur. Jeg hygg, að tillaga mín verði ekki talin ósanngjörn. Háttv. þm. (HK) vildi gefa í skyn, að 12000 kr. væri of hátt verð fyrir húsin. En þeir, sem komið hafa að Borg og sjeð hin stórmannlegu húsakynni þar, munu geta vottað, að slíkum húsum verður ekki komið upp fyrir það fje. Auðvitað sæta þau fyrningu sem önnur hús; annars mundi þetta verð ekki heldur ná nokkurri átt. Hjer er heldur ekki um ákveðna upphæð að ræða. Jeg gat þess, að presturinn hefði nefnt 10—12 þús. kr. í brjefi sínu, en verðið fer auðvitað eftir mati óvilhallra manna, enda stendur „alt að 12000 kr." í tillögunni.

Háttv. þm. (HK) taldi þó sjálfsagt að kaupa húsin, þegar presturinn færi frá kallinu. En svo gæti farið, að það yrði bráðlega. Háttv. þm. er því að nokkru leyti á mínu máli, að rjett sje að kaupa húsin, og skilst mjer hann líta svo á, að enga sjerstaka heimild þurfi til þess, þegar presturinn fer frá. Finst mjer þá, að það komi í einn stað niður, hvort kaupin eru heimiluð nú þegar, eða þau fara fram eftir stuttan tíma, því að vel má vera, að presturinn fari frá kallinu þegar á þessu ári.

ATKVGR.

Brtt. 621,I 1 (aðaltill.) tekin aftur.
— 621,I 1 (varatill.) tekin aftur.
— 621,I 2 tekin aftur.
— 623,I 1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 623,I,6 b feld með 14:10 atkv.
— 621,I 3 samþ. með 14:10 atkv.
— 623,I 2 tekin aftur.
— 621,II samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlG, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, JB, LH, MG, MJ, MK, MP, PÞ, BSv.

nei: StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, IngB, JAJ, JS, JÞ, ÓP, PO

Einn þm. (SSt) fjarstaddur.

Brtt. 623,I 3 samþ. með 15:12 atkv., að höfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, MP, ÓP, PO, PÞ, StSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BH, EÞ, IngB, JAJ, JS.

nei: JÞ, LH, MK, SvÓ, ÞorstJ, BJ, EE, GunnS, HK, JakM, JB, BSv.

Einn þm. (SSt) fjarstaddur.

Brtt. 621,III samþ. með 14:12 atkv.
— 625,I samþ. með 15:9 atkv.
— 621,IV feld með 17:8 atkv.
— 622 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JB, MJ, MK, MP, ÓP, ÞorlG, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, JakM, BSv.

nei: JS, JÞ, LH, MG, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, HK, IngB.

Einn þm. (SSt) fjarstaddur.

Brtt. 623,I 4 samþ. með 17:5 atkv.
— 623,I 5 samþ. með 15:3 atkv.
— 623,I,6 a tekin aftur.
— 621,V (aðaltill.) feld með 19:3 atkv.
— 621,V (varatill.) feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GunnS, JakM, JAJ, JB, JS, MJ, MK, MP, ÞorlG, ÞorlJ, BJ, BSv.
nei: HK, IngB, JÞ, LH, MG, ÓP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, EÞ.

Einn þm. (SSt) fjarstaddur.

Brtt. 621,VI feld með 17:10 atkv.
— 621,VII samþ. með 15:10 atkv.
— 623,II samþ. með 14:12 atkv.
— 623,III 1 feld með 17:9 atkv
— 622,III 2 samþ. með 15:6 atkv.
— 625,II samþ. með 16:9 atkv.
— 623,IV samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MP, PÞ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞórJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, JB, LH, MG, BSv.
nei: MK, ÓP, PO, StSt, SvÓ, ÞorstJ, BH, JAJ, JS, JÞ, MJ.

Einn þm. (SSt) fjarstaddur.

Brtt. 623,V samþ. með 16:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:6 atkv. og endursent Ed.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 12. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 626).

Á sama fundi var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 626, 627, 628).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 627 og 628. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Þar sem hv. frsm. fjvn. (EÁ) er forfallaður, hefir það orðið hlutskifti mitt að segja fáein orð um brtt. nefndarinnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að eigi væri ástæða til að taka til greina sumar af brtt. háttv. Nd., en áleit hins vegar rjett að hreyfa eigi við nokkrum þeirra.

Háttv. Nd. hefir felt niður styrkinn til Jóns Jónssonar, fyrverandi læknis á Blönduósi, en fjvn. Ed. hefir tekið hann upp aftur, því að hún sá eigi ástæðu til að láta aðrar reglur gilda um þennan mann en aðra embættismenn landsins.

Þá hefir nefndin lagt það til, að liðurinn um skaðabætur til Kristjáns Jónassonar falli niður. Hefir það atriði verið skýrt áður í þessari háttv. deild. Fjárhæðin, sem hjer er um að ræða, er að vísu eigi há, en það hefir verið dregið mjög í efa, að um slíkt tjón sje að ræða, sem gert er ráð fyrir, og það, sem meðal annars hefir komið nefndinni til að leggjast á móti þessum lið, er það fordæmi, sem slík fjárveiting mundi skapa. Auk þess hefir nefndin heyrt það frá ýmsum mönnum úr Mýrasýslu, að gestgjafi sá, sem um er að ræða, taki jafnaðarlega á móti veikum mönnum, og byggja þeir meðmæli um styrk á því. Ef því nú ætti að bæta honum tjón, sem hann hefir beðið af einum sjúkling, þá væri hætt við, að fleiri svipaðar kröfur kæmu frá þessum sama manni, og væri þá örðugt fyrir þingið, samræmis vegna, að neita honum ásjár um þær kröfur.

Þá kem jeg að 3. brtt. á þskj. 627, við 4. gr. 5, um uppbót á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar. Þarf eigi að fjölyrða um þennan lið í þessari háttv. deild. Háttv. deildarmenn hafa staðið saman um það að lækka upphæðina í fjárlögunum, og ættu því að hafa sömu afstöðu til málsins í fjáraukalögunum. Ef hærri upphæðin, sem samþykt var í háttv. Nd., verður látin standa, þá verður nauðsynlegt að

breyta launalögunum að því er snertir fleiri launaflokka.

Þá er það 4. brtt. á þskj. 627, um gengismun á fjársendingum íslenskra námsmanna erlendis, að liðurinn falli niður. Till. um að greiða þennan gengismun er komin nokkuð seint inn í fjárlögin, borin fram af hæstv. forsrh. (SE). Nefndin áleit, að örðugt væri að koma greiðslunni rjettlátlega fyrir, og hefir því lagt til, að liðurinn fjelli niður. Og þar sem hjer er um áætlunarupphæð að ræða, þá er eigi ómögulegt, að hún yrði misbrúkuð.

Þá kem jeg að 5. brtt. á sama þskj., við 5. gr. 2. Hefir einn læknir bæjarins falast eftir því, að honum yrði veittur styrkur til að kaupa læknisáhald eitt, svo nefnt „diathermi". En þar sem nefndinni er ókunnugt um nauðsynina á þessu áhaldi og hefir eigi getað kynt sjer þá hlið málsins, þar sem beiðnin er fram komin á síðustu stundu, og þar sem læknirinn hefir lofað að láta áhaldið ganga til landsspítalans á sínum tíma, en nefndin hefir eigi viljað veita styrkinn á þeim grundvelli, vegna hættunnar á því, að fleiri kröfur komi fram af sama tægi, þá hefir hún lagt til, að liðurinn falli niður.

Háttv. Nd. gerði breytingu viðvíkjandi kvennaskólanum í Reykjavík, í þá átt að færa niður um 1000 kr. fjárveitinguna, sem samþykt var hjer í þessari hv. deild, en bæta 1000 kr. við kvennaskólann á Blönduósi. Fjvn. þessarar deildar ljet upphæðina til Blönduósskólans standa, en leggur til, að Reykjavíkurskólinn sje hækkaður aftur upp í sömu upphæð og áður. Skóli þessi er stærsti kvennaskóli landsins og hefir þó kostað landið mjög lítið. En þar sem skólinn hefir eigi komist hjá því að safna töluverðum skuldum, þá sjer nefndin eigi ástæðu til að slaka til á upphæðinni og mælir með því, að fyrri upphæðin standi óbreytt.

Þá hefir háttv. Nd. felt niður styrkinn til Sigurðar Magnússonar, fyrv. læknis á Patreksfirði. En fjvn. Ed. lítur svo á, sem þetta sje nokkurskonar ellistyrkur til útslitins embættismanns, sem er bilaður á heilsunni og á við þröngan kost að búa, og leggur því til, að styrkurinn sje tekinn upp aftur.

Síðustu tvær brtt. á þskj. 627 (Reinh. Andersson og niðursuðufjel. Konráðs Stefánssonar) hefir nefndin lagt til, að væru feldar niður, þar sem henni virðast fyrirtækin, sem lánin eiga að veitast til, svífa mjög í lausu lofti. Og því miður eru litlar líkur til þess, þó að 20 þúsund krónur verði lánaðar hr. Andersson, að þær nægi honum til þess að koma upp svo miklum birgðum, að það verði landsforði. Og auk þess er ástæða til að óttast, eins og stendur á hjá okkur nú, að fatnaðurinn verði dýrari en samskonar fatnaður erlendur, og því er hætt við, að fyrirtækið beri sig illa, sjerstaklega þegar þess er gætt, að engin reynsla er fengin fyrir því, að hægt sje að gera ódýr föt úr íslenskum dúkum.

Um niðursuðufjelagið er það að segja, að öllum háttv. þm. er það ókunnugt eftir umsókninni, því að hún ber það með sjer, að fyrirtækið er mjög lauslopalega hugsað og engar fastar áætlanir eða teikningar eru fyrir hendi. Nefndin telur fyrirtækið lítt undirbúið og álítur það óverjandi af Alþingi að binda fje landsins í því.

Forsætisráðherra (SE): Það er hjer ein brtt. á þskj. 627, 4. brtt., við 5. gr. 1, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um. Jeg bar till. fram við fjárlagafrv., þá

nokkru hærri en hún er nú, sem sje 5000 kr., en svo kom hún við fjáraukalagafrv. í hv. Nd., þá 4000 kr., og var samþykt þar. Þegar jeg var niðri í Kaupmannahöfn síðast, þá komu stúdentar til mín og báru upp fyrir mjer vandræði sín. Sögðust þeir eiga mjög örðugt með nám í Kaupmannahöfn sakir dýrtíðar. Aðstandendur þessara manna reita sig eins og þeir geta til þess að styrkja þessa syni sína, og þeim er það fullerfitt að senda þeim sæmilega upphæð í íslenskum krónum. En þegar gengismunurinn hefir herjað á upphæðirnar, þá reynist stúdentunum erfitt að halda svo á fjenu, að þeim dugi það til nauðsynlegra útgjalda sinna. Jeg hefi fengið þær upplýsingar frá kunnugum mönnum um íslenska stúdenta í Kaupmannahöfn, að þeir leggi mjög mikla rækt við námið og fari vel með fje sitt. Því lofaði jeg þeim, er þeir komu til mín, að jeg skyldi leggja það til, að Alþingi sinti þessari beiðni þeirra, en kvaðst á hinn bóginn eigi geta gert neitt í málinu fyr en Alþingi kæmi saman. Jeg hefi ekkert á móti því, að upphæðin sje bundin við 4000 kr., en eigi áætlunarupphæð. Það getur verið alveg eins gott.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg á 3 brtt. á þskj. 628. Fyrsta brtt., við 4. gr. 1, er um bifreiðaferðir. Hv. Nd. lækkaði styrkinn, og hefir hv. fjvn. Ed. fallist á þá lækkun, og það hefir verið sett inn í liðinn, að það sje bæði til mannflutninga og tilrauna til ódýrari vöruflutninga. Hv. fjvn. Ed. er það ljóst, að þetta er of lítil upphæð til þess, að henni verði skift, en hún hefir hins vegar eigi treyst sjer til að taka fyrri upphæðina upp aftur, og því hefi jeg orðið til þess.

Þá er það 2. brtt., á sama þskj., til þess að kaupa „diathermi"-áhald, alt að 3500 kr. Það kom fram í hv. Nd. till. um 4000 kr. fjárveitingu í þessu skyni og var hún samþykt með litlum atkvæðamun. Hv. fjvn. þessarar deildar hefir felt niður þessa fjárveitingu með öllu. Jeg hefi töluvert kynt mjer þetta mál og álít jeg eigi lítils virði, að áhald þetta fáist, því að það er meðal annars talið nauðsynlegt fyrir landsspítalann, þegar hann tekur til starfa. Áhaldið er aðallega notað til þess að gegnhita vissa líkamshluta með rafmagnshita, en að vísu er eigi hættulaust með það að fara. Áhaldið er talið bráðnauðsynlegt við lækningu á mörgum sjúkdómum, sjerstaklega liðagigt, sem er versti sjúkdómurinn á okkar kalda landi og einna örðugastur viðureignar öllum læknum. Álít jeg, að nauðsynlegt sje að taka ákvörðun um það, hvort fá eigi áhaldið nú þegar eða seinna. Í rentutap það, sem af því leiddi að fá áhaldið strax, er tæplega horfandi. Jeg hefi kynt mjer áhald þetta eftir bók læknis eins, er álítur það mjög þýðingarmikið. Jeg er því þeirrar skoðunar, að best sje að kaupa áhaldið strax. Hvað hættuna snertir, sem það hefir í för með sjer, þá er því til að svara, að svo er um fleiri lækningaáhöld, ef rangt er með þau farið, t. d. Röntgengeislana, og sama er að segja um mörg lyf. Hættan er því í sjálfu sjer engin mótbára gegn kaupunum. Það þarf vitanlega þekkingu á áhaldi þessu, eins og öðrum lækningaáhöldum, til þess að rjett sje með það farið.

Hvað snertir 3. brtt. á þskj. 628, við 6. gr. 10, þá er hún aðeins breyting á orðalagi. Jeg gat þess þegar jeg flutti till. við 3. umr. hjer í þessari háttv. deild, og hafði það eftir sögukennara háskólans, að það væri samkomulag, að hann færi á fundinn í Gautaborg. En seinna kom þjóðskjalavörðurinn til sögunnar, sem líka vildi

fara. Sögukennarinn hefir því beðið mig að breyta liðnum eins og jeg hefi gert með þessari till. minni. Jeg skal geta þess, að allar líkur eru til þess, að styrkur þessi verði eigi notaður.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það var aðeins stutt athugasemd viðvíkjandi „diathermi"-áhaldinu. Jeg hygg, að engir ólæknisfróðir menn hjer á landi þekki þetta áhald betur en jeg, því að jeg hefi notað það undir handleiðslu bestu lækna í Danmörku þrisvar sinnum, í tvö skiftin 6 vikur í senn, en í þriðja skiftið nokkru skemur. Jeg þykist því geta talað af nokkurri reynslu um málið. Áhald þetta, sem er tiltölulega nýtt, — það eru eigi nema 4—5 ár síðan fyrst var farið að nota það á Norðurlöndum, — er svo hættulegt, ef því er eigi rjett beitt, að það er algerlega frágangssök að afhenda það til notkunar öðrum en sjerfróðum mönnum, og þeim sjerstaklega gætnum og samviskusömum. Í höndum slíkra manna er áhaldið hið ágætasta. Hvað það snertir, að læknislyf geti einnig verið tvíeggjað sverð, þá er því til að svara, að það er hið minsta, sem heimtað verður af læknum, að þeir kunni að fara með almenn lyf, en hvað snertir þetta áhald, þá þarf, eins og jeg þegar hefi tekið fram, sjerfróðan mann til þess að fara með það, svo að eigi hljótist slys af. Skal jeg í þessu sambandi geta þess, að árið 1921 var jeg nokkrar vikur samtíða konu á alþektum baðstað í Danmörku. Kona þessi varð fyrir þeirri ógæfu, að ungur, óreyndur læknir notaði áhald þetta við hana. Hún fjekk sár og varð að vera 6 mánuði til lækninga, í stað þess, að ef alt hefði gengið vel, hefði hún eigi þurft að vera lengur en 6 vikur. Um jólaleytið í vetur fjekk jeg brjef frá þessari konu, þar sem hún segir mjer, að enn sjeu ógróin sárin.

Því miður mun eigi völ á sjerfróðum manni í þessu efni hjer á landi, og af þeirri ástæðu tel jeg eigi gerlegt að kaupa þetta áhald nú, enda fæ jeg eigi annað sjeð en ef landsspítalinn má bíða, þá megi þetta áhald það engu síður.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg vildi aðeins geta þess, að eftir að jeg hafði kynt mjer þetta mál, þá varð jeg alveg sannfærður um nauðsyn áhaldsins.

Jeg skal einnig í þessu sambandi geta þess, að nýlega er í Danmörku dáinn læknir, sem þjáðist af ólæknandi blóðleysi, sem hann hafði fengið af því að fara með Röntgentæki. Vitanlega mundi læknir sá, er fara ætti með þetta „diathermi"-áhald, kynna sjer eins vel og unt væri meðferð þess, en það er áreiðanlega mjög mikilsvarðandi lækningatæki.

Jónas Jónsson: Fjvn. hefir eigi tekið sameiginlega afstöðu til brtt. á þskj. 628. En hvað viðvíkur 1. brtt., þá skal jeg geta þess, að sumir nefndarmanna munu því hlyntir, að liðurinn verði samþyktur hjer í þessari háttv. deild eins og hann er nú.

Hvað „diathermi"-áhaldið snertir, þá læt jeg mjer nægja að vísa til ræðu hv. 6. landsk. þm. (IHB), sem hefir tekið skýrt fram afstöðu nefndarinnar til þessa máls.

3. brtt. er aðeins orðabreyting.

Hvað snertir greiðsluna á gengismun til íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn, þá vil jeg taka það fram, að jeg held fast við skoðun nefndarinnar á því máli.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg gleymdi að lesa upp álit prófessoranna við lækna-

deild háskólans á þessu „diathermi"-áhaldi og nauðsyn þess. Skal jeg leyfa mjer að lesa það upp nú, með samþykki hæstv. forseta:

„Vjer undirritaðir teljum mjög æskilegt, að útvegað sje sem fyrst hingað til Reykjavíkur áhald til svokallaðrar „diathermi", sem að sjálfsögðu verður keypt þegar landsspítalinn tekur til starfa. Þangað til mundi það geta komið að góðum notum í lækningastofu Jóns læknis Kristjánssonar.

Reykjavík, 11/5 1923.

Jón Hj. Sigurðsson. Guðm. Thoroddsen.
Guðm. Hannesson.
Sæm. Bjarnhjeðinsson."

Jóhannes Jóhannesson: Fyrir hönd fjvn. vil jeg gefa hæstv. stjórn þær upplýsingar, að nefndin telur sjálfsagt, að greidd sje dýrtíðaruppbót með upphæðum þeim, sem standa í 8. gr. frv., og er það í samræmi við 18. gr. fjárlaganna, að einum lið þar undanskildum. Áleit nefndin, að ekki þyrfti að taka þetta sjerstaklega fram í frv., og væntir þess, að hæstv. stjórn líti eins á þetta atriði.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg skal lýsa því yfir, að jeg lít á þetta mál eins og hv. form. fjvn. (JóhJóh).

ATKVGR.

Brtt. 627,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 627,2 feld með 6:6 atkv.
— 628,1 samþ. í e. hlj.
— 627,3 samþ. með 9:1 atkv.
— 627,4 feld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÓ, JóhJóh, JM, SHK.
nei: HSn, IHB, JJ, KE, SE, BK, GGuðf, HSt.
Tveir þm. (SJ, EÁ) fjarstaddir.

Brtt. 628,2 feld með 6:4 atkv.
— 627,5 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ, SHK, BK.
nei: GGuðf, KE, SE, HSt.
Tveir þm. (SJ, EÁ) fjarstaddir.

Brtt. 627,6 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 628,3 feld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KE, SE, SHK, BK, GGuðf, JóhJóh.
nei: JJ, GÓ, HSn, IHB, JM, HSt.
Tveir þm. (SJ, EÁ) fjarstaddir.

Brtt. 627,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 627,8 samþ. með 10:1 atkv.
— 627,9 feld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HSn, IHB, JóhJóh, JM, JJ.
nei: BK, GGuðf, GÓ, KE, SE, SHK, HSt.
Tveir þm. (SJ, EÁ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 7. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 634).

Á sama fundi var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 634, 635).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 635. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. fjvn. Nd. (Magnús Pjetursson): Það er ekki mikið, sem jeg þarf að segja, þó háttv. Ed. hafi enn sýnt þá tilhliðrunarsemi(!) að senda nú í annað sinn fjárlagafrumvarp í Sþ., þrátt fyrir undanlátssemi háttv. Nd.

Að ágreiningurinn er ekki meiri en orðið hefir, má þakka meiri hl. hv. Ed., sem hefir dregið úr kappi því, sem orðið hefir milli deildanna.

Fjvn. háttv. Nd. hefir nú ekki reynst eins kappsfull og systir hennar í hv. Ed. Hún hefir aðeins komið fram með eina brtt. á þskj. 635; þykir nefndinni einkennilegt, að þessi till. skuli þurfa að hrekjast svo mjög, þar sem margar hafa náð fram að ganga, er minni rjett eiga á sjer. Miðar þessi till. að því að hjálpa innlendri framleiðslu, efla iðnaðinn, og ekki síst til þess að hjálpa þeim ullarverksmiðjum, sem nú eru til og upp kunna að rísa. Er því ómaklegt með öllu, hve till. hefir orðið hart úti. Væntir fjvn. Nd., að Sþ. verði samtaka um að leyfa þessari till. fram að ganga. Hefir svo mikið verið mælt með þessari till., að jeg læt þetta nægja nú.

Viðvíkjandi 2. brtt. á sama þskj., skal jeg taka það fram, að nefndin er henni meðmælt. Skal jeg að öðru leyti ekki ræða um hana, enda þótt skorað hafi verið á mig að gera það í háttv. Nd. Fyrsti flm. þeirrar till., háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf.), er læknir, og mun hann tala fyrir henni.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að minnast lítið eitt á brtt. þá, sem hv. fjvn. Nd. ber nú fram, um það að veita skraddara einum hjer í bænum, Reinhold Andersson, lán til þess að setja upp stofu, þar sem saumaður sje landsforði — en svo kalla jeg „lager“ — af karlmannafatnaði úr íslenskum dúkum. Er þetta hin eina rjetta leið til þess að koma í framkvæmd þeirri hugsjón, sem lengi hefir fyrir þessu þingi vakað, að efla ullariðnað landsins og bæta úr hinum miklu vankvæðum, sem nú eru á markaði fyrir íslenskar afurðir, og þá hjer ullina.

Ef það tækist að gera dúkana að verslunarvöru í landinu, væri mikið unnið í gjaldeyrissparnaði. Jeg hygg, að nú sje erlendur fatnaður keyptur fyrir ¾—1 miljón króna á ári. Jeg geri ráð fyrir, að eftir svo sem 4—5 ár mundi gjaldeyrissparnaðurinn vera orðinn um ½ miljón og markaður mundi vera kominn fyrir dúka úr dúkaverksmiðjum vorum, Gefjuni og Álafossi. Mundi þeim þá vaxa fiskur um hrygg og þær geta fjölgað vefstólum sínum og bætt þá. Væri svo skynsamlega haldið áfram, mundu bændur hafa góðan markað fyrir ull sína í landinu og þeir ganga í góðum íslenskum fötum, í stað þess að nota erlent afhrak.

Jeg skal geta þess, að það er ekki sakir kunningsskapar, að jeg flyt þetta. Þessi maður á hugmyndina, og því hefi jeg bundið hans nafn við lánveitinguna. Hann hefir látið þess getið við mig, að ef stjórninni þætti það tryggilegra, þá er hann fús til þess að taka góðan verslunarmann í lið með sjer. Væri auðvelt fyrir stjórnina að sjá um, að sá maður yrði vel valinn, en allir vita, að Andersson er ágætur skraddari. Jeg vænti þess nú fastlega, að þessi stefna, að skapa bændum markað hjer í landinu fyrir ull sína og spara gjaldeyri, verði ofan á í þinginu. Þessi lánveiting hefir hvað eftir annað verið samþykt í Nd., og voru með henni flestir þeir, sem taldir eru íhaldssamastir um fjárveitingar. Þeir sáu, hvað hjer var verið að gera, en sökum misskilnings hefir þetta verið felt í Ed. Jeg trúi nú ekki öðru en Alþingi sjái nú sóma sinn og samþykki þetta nú eftir alla þessa hrakninga.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 635, ásamt tveimur öðrum þm., um 3500 kr. styrk til þess að kaupa

áhald það, sem við á íslensku höfum nefnt gagnvermi. Þetta var samþ. í Nd., en aftur felt í Ed. Jeg þarf því ekki að tala til hv. þm. úr Nd., sem höfðu skilning á þessu, heldur hinna. Eins og nafnið bendir á, er þetta áhald notað til þess að gagnhita ýmsa líkamshluta. Hafa áður verið notaðir bakstrar til þess, en þeir koma ekki að eins miklu gagni og þetta áhald. Það er viðurkent, að það þurfi að fylgja landsspítalanum, en það valdir fyrir oss, að það verði keypt strax og ekki horft í rentutap, sem fram kemur við það, og svo verði það notað undir tilsjón þeirra manna, sem með kunna að fara. Þetta áhald er notað við liðagigt og ýmsum kvensjúkdómum, sem jeg birði ekki um að nefna hjer. Í Ed. mættu kaup þessi aðallega móttspyrnu frá hv. 6. landsk. þm. (IHB). Hún tók þar að sjer það tvöfalda hlutverk, að knjesetja læknadeild háskólans og vinna á móti kynsystrum sínum, er sjerstaklega mundu hafa gagn af áhaldinu.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hjelt ekki, að þau fáu orð, sem jeg sagði í hv. Ed. í dag, mundu verða afbökuð hjer, svo sem raun er á orðin, og neyðist jeg því til að standa upp og leiðrjetta afbakanir og útúrsnúninga háttv. 2. þm. Rang. (GGuðf).

Háttv. þm. (GGuðf) las ekki upp álit læknanna við háskólann fyr en eftir að jeg hafði gert athugasemd mína, svo það er alls ekki um það að ræða, að jeg hafi ætlað mjer að knjesetja þá. Jeg gat þess, að fyrir utan lækna væru engir hjer, sem mundu þekkja þetta áhald betur en jeg. Jeg hefi reynsluna, þótt jeg sje ekki læknir. Þetta áhald er tiltölulega nýtt: það eru 4—5 ár síðan fyrst var farið að nota það á Norðurlöndum. Það var, að jeg hygg, notað fyrst 1919 á stórum baðstað í Danmörku, þar sem jeg dvaldi nokkrar vikur þá um sumarið. Jeg sagði, að til þess að nota þetta áhald, þyrftu læknarnir að hafa næga þekkingu og mikla ábyrgðartilfinningu. Mjer er kunnugt um, að við notkun þess geta menn fengið sár, sem erfitt er að lækna og seint gróa. Ef hv. 2. þm. Rang. (GGuðf) vildi skilja mig rjett og rangfærslulaust, þá var skoðun mín sú, að jeg álít áhald þetta gott í höndum góðra lækna, en tvíeggjað sverð í höndum þeirra, sem ekki kunna með það að fara. Og jeg hygg, að nú sem stendur sje hjer enginn slíkur læknir til. Ef landsspítalinn þolir að bíða um óákveðinn tíma, þá finst mjer, að þetta áhald megi ekki síður bíða.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg vil bera það af mjer, að jeg hafi rangfært mikið orð hv. 6. landsk. þm. (IHB). Það var rjett, að jeg gleymdi að lesa upp álit læknanna fyr en á eftir, en jeg bjóst við, að þeim háttv. þingmönnum, sem tala í einhverju máli, mundu kunnust öll gögn, sem liggja frammi í því. Hv. 6. landsk. þm. segist tala af reynslu í þessu máli. Já, hún nefnir þetta eina sár; en hversu mörg sár hafa ekki hlotist af Röntgentækjum. Enginn mun telja það hættulaust að nota Röntgentæki, en ekki mundu þau talin forkastanleg fyrir það. Það þykir sjálfsagt að nota þau í öllum menningarlöndum. Hv. 6. landsk. þm. talaði um ábyrgðartilfinningu, sem þyrfti að hafa til þess að geta farið með þetta áhald. Jeg hygg, að íslensku læknarnir hafi engu minni ábyrgðartilfinningu en kollegar þeirra erlendis, svo það ætti ekki að þurfa að verða þessu að falli.

Magnús Jónsson: Jeg hefi greitt atkvæði með því að kaupa þetta verkfæri, án þess þó að vita, hvers eðlis það var. Bygði jeg það á áliti læknanna. En nú hefi jeg heyrt, að verkfæri þetta muni vera tvíeggjað sverð, sem vandfarið sje með. Vil jeg því spyrja, hvort nokkur sje hjer til, sem með það kunni að fara. Þá vil jeg og gera aðra fyrirspurn. Það er verið að tala um, að þetta verkfæri eigi að fara til landsspítalans. Er það þá svo endingargott, að von sje til, að það verði við líði er landsspítalinn er kominn á stofn? Við þessum tveim fyrirspurnum langar mig til að fá svar.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg ætla ekki að etja kappi um þetta mál; en jeg hefi viljað fylgja máltækinu „að betra er að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í". Jeg vil hafa tryggingu fyrir því, að hjer sje einhver til, sem með verkfærið kann að fara, áður en það er keypt. Ágætur læknir í Danmörku, sem notar þetta áhald mikið, er góður kunningi minn. Hann sagði, að jeg skyldi aldrei láta lækna mig með verkfæri þessu, nema jeg væri viss um, að það væri í góðra manna höndum.

Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að það ætti að fara til landsspítalans og spurði, hvort það væri endingargott, þá get jeg upplýst það, að þessar 6 vikur, sem jeg var á baðstaðnum, sem jeg gat um áðan, bilaði það tvisvar og þrisvar í viku. Svo jeg legg ekki mikið upp úr þeirri erfðaskrá, sem ánafnar landsspítalanum áhald það, sem nú á að fara að kaupa, ef þessi brtt. verður samþykt.

Jónas Jónsson: Í forföllum frsm. fjvn. Ed. (EÁ) ætla jeg að segja nokkur orð frá sjónarmiði nefndarinnar viðvíkjandi brtt. þeim, er hjer liggja fyrir. 1. brtt. er gamla þrætuefnið viðvíkjandi símafólkinu. Það hefir oft verið tekið fram, að enginn þeirra, sem greiddi atkvæði á móti þessari upphæð, gerði það af því, að þeir viðurkendu ekki, að laun símafólksins væru lág. En sama máli gegnir um allan þorra starfsmanna landsins. Ein ástæða til þess að fjvn. Ed. gat ekki hallast að hærri upphæðinni, var sú, að hún áleit, að ef farið væri að breyta launakjörum starfsmanna landsins, þá væri erfitt að takmarka sig við lítinn flokk.

Þá skal jeg ekki segja mikið um 2. brtt. Hún hefir verið skýrð af háttv. 6. landsk. þm. (IHB), sem mun af leikmönnum hjer hafa mest vit á því máli. Jeg get bætt því við, að þær tillögur, sem eru bornar fram á síðustu stundu, ættu að falla. Því aðeins koma þær seint, að lítil von er til, að þær þoli gagnrýning. Upphæðin er ekki aðalþröskuldur í þessu máli, heldur það, að engin trygging er fyrir því, að nokkur maður kunni með þetta verkfæri að fara hjer. Þingið hefir sýnt, að það er ekki sýtingssamt um fjárveitingar, þar sem næg sjerþekking var fyrir hendi, svo sem Röntgenfjárveitingin á þessu þingi ber vitni um.

Þá kem jeg að öðru þrætuepli, dúkunum hans Anderssons. Jeg er fyllilega sammála háttv. þm. Dala. (BJ), að nauðsyn sje á því að styðja ullariðnaðinn, en jeg er ekki jafnviss um það, að þetta sje rjetta leiðin. Fyrst og fremst er það, að þessi upphæð er of lítil, ef reka ætti þetta fyrirtæki í stórum stíl. Þá er annað, að það er ekki rjett hjá háttv. þm. Dala. (BJ), að þeir dúkar, sem nú eru unnir, gangi ekki út. Það er mikil eftirspurn eftir Gefjunardúkunum, enda eru þeir betri, því að sú verksmiðja hefir betri tæki. Það er ekkert til fyrirstöðu að auka

sölu þeirra, ef fólk álítur, að þeir þoli samanburð við erlenda dúka. En því miður munu föt úr íslenskum dúkum vera dýrari en sú tegund erlends fatnaðar, sem kept er við.

Jakob Möller: Þessar till. á þskj. 635 voru orðnar svo þrautræddar áður, að jeg bjóst ekki við umr. nú. En það voru ummæli í ræðu háttv. 5. landsk. þm. (JJ), sem gáfu mjer tilefni til þess að segja örfá orð. Jeg skil ekki, hvernig menn geta farið að amast við þeirri sanngirniskröfu, að símakonur við bæjarsímann njóti sömu launakjara og stallsystur þeirra við landssímann, þegar það er upplýst, að starf þeirra sje engu minna um vert og engu vandaminna en hinna, og þegar það þar að auki er viðurkent af flestum, að launin sjeu nú lægri hjá þeim en víðast hvar annarsstaðar. Til þessara starfskvenna mundi fara mikill hluti upphæðarinnar, sem fram á er farið, en þó svo, að eftir yrðu 4—5 þús. kr. til annara starfsmanna símans. Og ekki skil jeg, hvað 5. landsk þm. (JJ) þarf að vera að amast við því, eða telja það of hátt, þar sem hann hefir sjálfur flutt till. um uppbót handa einum þessara starfsmanna, 1600 kr., en það er hærra en ætlað er nokkrum hinna. Það er þó fjarri því, að jeg sje að amast við þeirri till., því jeg var sjálfur með styrk til þessa manns. Það er að vísu satt, sem háttv. þm. (JJ) sagði, að þessi maður á mörg börn, en flestir hinna engin. En það getur þó ekki verið ætlun háttv þm. að koma þannig ómegð hans yfir á hina. Jeg vænti þess því, að að öllu athuguðu muni háttv. Sþ. fallast á þessa uppbót.

Af því að jeg er meðflutningsmaður að annari till. líka, sem allmikið hefir verið ráðist á, sem sje um „diathermi"-áhaldið, verð jeg að segja nokkur orð um hana líka. Þó jeg sje ekki læknir, hefi jeg svo mikla nasasjón af þessum efnum, eins og reyndar allir hv. þm., að jeg veit, að það er ekkert sjerkenni á þessu verkfæri, að því geti fylgt hætta. Það er svo með allar lækningar. Þær geta ekki einungis kostað hættu, sár eða slíkt; þær geta beinlínis kostað lífið, og í hvert sinn, sem maður legst á skurðarborð, á hann það óvíst, hvort hann stendur þaðan upp aftur. Þar fyrir fara menn ekki að banna skurðlækningar. Hitt er alkunnugt og ekkert tiltökumál í þessu sambandi fremur en öðrum, að slíkt getur verið mismunandi hættulegt í mismunandi höndum. Það eru til læknar, er bein lífshætta er að leggja sig í hendurnar á. Hjer á slíkt auðvitað ekki að koma til greina, þar sem um það er að ræða, að læknadeild háskólans ráðstafi þessu. Og það, sem menn greiða því atkvæði um, er það, hvort þeir treysta henni til þessa máls eða ekki.

Frsm. fjvn. Nd. (**Magnús Pjetursson**): Jeg þarf litlu sem engu að svara fyrir hönd fjvn. Nd., því bæði er búið að því áður og það, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) tók síðast fram, var meira beint til hv. þm. Dala. (BJ) en nefndarinnar. En mjer finst jeg ekki geta setið þegjandi hjá þeim umr., sem orðið hafa hjer um „diathermi"-áhaldið og læknastjettina yfirleitt í því sambandi. Því í raun og veru er það vantraust til stjettarinnar, sem hjer hefir verið borið fram, þó ekki sje það látið heita svo, þar sem efast er um það, að þeir geti farið með þetta verkfæri, eða beinlínis sagt, að þeir sjeu að mæla hjer með hættulegu „tóli", sem búið er að gera hjer óttalegt í augum manna að ástæðulausu. Sannleikurinn mun nú vera sá, að íslensku, og þá ekki síst reykvísku læknarnir standa í engu að baki

erlendum læknum, og ýmsar stofnanir þeirra hafa þegar fengið gott orð á sig. Og um tryggínguna fyrir meðferð þessa áhalds er í rauninni nóg að vísa til læknadeildarinnar, því sennilega væna menn hana ekki um það, að hún sje að fara með svik eða muni mæla með því, að þekkingarlausum klaufa verði fengin yfirráð þessa verkfæris. Mjer er líka kunnugt um, að hjer er til maður, sem kynt hefir sjer þetta verkfæri sjerstaklega. Viðvíkjandi endingu þess skal jeg segja það eitt, að það endist áreiðanlega okkar tíð. Auðvitað geta þó einstakir hlutar bilað í þessu verkfæri, eins og í öðrum rafmagnsáhöldum, og er ekki meira tiltökumál um þetta en önnur áhöld. Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var að tala um það, að till. væri seint fram komin, og mundi það vera af því, að þá væri búist við minni „kritik" frá þm. Jæja — jeg er nú viss um það, að þó þessi hv. þm. og aðrir þm. hefðu setið yfir verkfærinu alt þingið, hefðu þeir ekki getað dæmt meira um það en þeir geta nú. Hann verður því að fara eftir áliti sjerfræðinganna aðallega, í þessu tilfelli læknadeildarinnar. Jeg vona svo að endingu, að hv. þm. hafi ekki orðið svo taugaveiklaðir út af útmálun hættunnar við þetta verkfæri, að þeir samþykki ekki veitinguna, enda er nóg búið að ræða um þetta, ekki stærra mál.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal ekki lengja umr. Þær hafa kannske verið fróðlegar fyrir ókunnuga, en ekki að sama skapi ábyggilegar. Jeg gæti þó rakið þetta enn þá betur en jeg hefi gert. Jeg ætla aðeins að mótmæla því, að jeg hafi verið að halla hjer á læknastjettina. Jeg hefi aðeins sagt frá minni reynslu og tilfært orð eins af bestu læknum Dana. Annað hefi jeg ekki gert. Það er sannarlega of lágt lagst hjer á hinu háa Alþingi, að vera að rangfæra orð manna, hvort sem í stórum eða smáum málum er, og ilt að þurfa að eyða tímanum í það að leiðrjetta rangfærslur hjá mönnum, sem eiga að vera mentaðir og samviskusamir menn. Út af því, sem sagt hefir verið um landsspítalann í sambandi við þetta „diathermi"-áhald, þarf jeg ekki að segja annað en það, að slíkt minnir á manninn, sem smíðaði negluna á undan skipinu.

Bjarni Jónsson: Út af orðum hátv. 5. landsk. þm. (JJ) þarf jeg aðeins að taka það fram, að jeg hefi ekkert talað um verndartolla í þessu sambandi. Aðalatriði þessa máls er það, að styrkja innlenda dúkagerð og reyna að auka hana, með því að fá menn til að ganga heldur í góðum innlendum ullarfötum en í erlendu baðmullarrusli. Annars sje jeg það á ókyrð hátv. þm., að þeir kæra sig ekki um meiri umræður, og get látið lokið máli mínu.

Magnús Jónsson: Mjer finst óþarfi að vera að tala um nokkra taugaveiklun þingmanna í sambandi við þetta „diathermi"-mál. Jeg sje heldur ekki, að hjer sje um að ræða neitt traust eða vantraust á læknastjettinni eða hún sje einhver helgidómur, sem ekki megi anda á. Jeg fyrir mitt leyti gef henni hvorki traust nje vantraust í heild. Sumum læknum treysti jeg og öðrum ekki, og svo mun vera um allan þorra manna.

Eftir því sem hættan eykst, vanda menn valið á læknunum, eða með öðrum orðum gefa þeim trausts- eða vantrausts-yfirlýsingu. Og af hverju myndi það

vera nema þessu, sem allir með alvarlega sjúkdóma hrúgast á hendur örfárra manna? Hvað mig snertir, þá tók jeg þetta upp á „autoritet" læknanna, sem undir meðmælin höfðu skrifað, og hugði, að hjer væri um áhald að ræða, sem ekki fylgdi neitt varhugavert. En þó að þessir ágætu læknar hafi skrifað undir meðmælin, þá er ekkert, sem bendir á, að þeir ætli sjálfir að fara með það. — Þegar Röntgentæki komu hingað, var það kunnugt, að þau eru tvíeggjað sverð, eins og þetta „diathermi"-áhald virðist vera. En þá var líka sjeð um, að með þau færi sjerfræðingur, sem menn gátu fulltreyst. Og að fara nú að kaupa handa fyrirhuguðum landsspítala slíkt tæki, tel jeg hreina fjarstæðu. Það verður vissulega bæði bilað og komið úr móð löngu áður en landsspítalinn kemur. Og í sjálfu sjer er hugmyndin fjarstæða, og ekki heldur ætluð til annars en veiða málinu fylgi.

Jakob Möller: Jeg vil enn þá minna á það, að meiningin er, að þetta verkfæri sje keypt handa háskólanum, og verður það því í vörslum læknadeildarinnar. Veit jeg, að læknarnir við háskólann muni þekkja það, og treysti jeg þeim til fulls að fara með það.

Frsm. fjvn. Nd. (**Magnús Pjetursson**): Jeg vildi enn þá mótmæla því vantrausti á íslenskum læknum, sem komið hefir fram hjá hátttv. 4. þm. Reykv. (MJ), og bæta því við, að jeg tel, að þeim sje fyllilega trúandi fyrir slíku áhaldi.

ATKVGR.

Brtt. 635,I feld með 17:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGuðf, GunnS, JakM, JAJ, JB, JÞ, KE, LH, MJ, MP, ÓP, SE, ÞorlG, BSv, BJ, EÞ, EE.

nei: GÓ, HSt, HK, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JS, JJ, MG, PO, PÞ, SHK, StSt, ÞórJ, BK, MK.

Átta þm. (BH, EÁ, IngB, SJ, SSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ) farnir af þingi.

Brtt. 635,II samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MP, ÓP, SE, ÞorlG, ÞórJ, BSv, BJ, EÞ, EE, GGuðf, GunnS, HSt, HK, JakM, JAJ, JB, JÞ, KE, LH, MK.

nei: MG, MJ, PO, PÞ, SHK, StSt, BK, GÓ, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JS, JJ.

Brtt. 635,III samþ. með 20:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StSt, ÞorlG, ÞórJ, BSv, BJ, EÞ, EE, GGuðf, HK, JakM, JAJ, JB, JÞ, KE, LH, MG, MJ, MP, PO, PÞ.

nei: SHK, BK, GÓ, GunnS, HSt, HSn, IHB, JóhJóh, JM, JS, JJ, ÓP, SE, MK.

Frv., svo breytt, samþ. með 29:5 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 645).

Á 8. fundi í Sþ., mánudaginn 14. maí, mælti

forseti (MK): Í sambandi við gerðabók síðasta fundar vil jeg leyfa mjer að taka fram, að I. liður brtt. á þskj. 635 (um uppbót til símamanna) var talinn feldur með 17:17 atkv. og þeim úrslitum lýst. En atkvæði mitt varð fyrir misskilning talið *nei*, þar sem jeg vildi hafa sagt *já* við tillögunni, eins og jeg hefi tvívegis áður í Nd. greitt atkvæði með sömu tillögu. Tillaga þessi hefði því

rauninni átt að vera samþykt með 18:16 atkv. Jeg leyfi mjer að beina þessu t hæstv. ríkisstjórnar og vænti þess, að hún sjái sjer fært að framkvæma það, sem í tillögunni felst, eins og hún hefði ve samþykt.

28. Smjörlíki.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um verslun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m. (þmfrv., A. 241).

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir hönd nefndarinnar. Það, sem máli skiftir, er flest tekið fram í greinargerð nefndarinnar og höfunda frv., sem prentuð er sem fylgiskjal við frv. Eins og þar er tekið fram, var nefndinni sent frv. af forseta Búnaðarfjelags Íslands, og var hún einróma samþykk því, að rjett væri að flytja frv., þar sem fullkomin þörf virtist á lögum um þetta efni. Smjörlíkisverksmiðjum hefir fjölgað óðum á síðustu árum, og er því full nauðsyn á, að þegar sjeu sett lög um tilbúning og sölu smjörlíkis. Það hefir borið á því, jafnvel hjer í Reykjavík, að smjörlíki hefir verið blandað við smjör, og við því þarf einnig að setja skorður með því að ákveða, hvernig smjörlíki skuli samsett, svo að auðvelt sje að rannsaka það. Því eru ákveðin þau hlutföll, sem efnin eiga að vera í, t. d. eiga að vera 10% af hinni svonefndu sesamolíu.

Nefndin sá ekki ástæðu til að breyta frv. mikið. Hún hefir leitað upplýsinga um efni þess, og þar sem frv. er samið af fróðum mönnum í þessu efni, er trygging fyrir því, að vel sje frá því gengið. Það er samið eftir dönskum og þýskum lögum, er best þykja í þessari grein. Þó hefir nefndin gert nokkrar breytingar á frv. Henni þótti 1. gr. ekki sem haganlegast orðuð, og breytti því orðalaginu, en gerði engar efnisbreytingar á henni. Nefndin hefir annars enga efnisbreytingu gert á frv., nema í 9. gr. Í frv., sem kom frá Búnaðarfjelaginu, var ákveðið, að í smjörlíki mætti vera alt að 18% af vatni. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin fjekk, þótti henni þetta óþarflega hátt, þar sem 4 ára reynsla í Reykjavík hefir leitt í ljós, að 13—14% væri venjulegast. Nefndinni þótti því nóg að ákveða hámarkið 16%, þar sem smjörlíkið er því betra, eftir því sem minna er af vatni í því, geymist betur og er útgengilegri vara. Þá er þetta beint aðhald til vöruvöndunar, að setja hámark vatnsins ekki of hátt. Í þýskum og dönskum lögum mun hámarkið vera 17%, svo að menn sjá, að þetta er nærri lagi.

Í frv. er atvinnumálaráðuneytinu ætlað eftirlit með smjörlíkisverksmiðjum, og setur það reglugerð um það. Virðist liggja beint við, að í þeirri reglugerð sje tekið fram, að þar sem slíkar verksmiðjur eru reistar úti um land, hafi hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöld þetta eftirlit. Það virð-

ist óþarfa kostnaður að senda eftirlitsmann úr Reykjavík, en hins vegar mætti altaf senda hingað sýnishorn til rannsóknar.

Þetta mál hefir verið til meðferðar á öðru þingi, þó að ekki sje jafnfjölmennt sem þetta, en það er búnaðarþingið. Jeg hefi sjeð álit allsherjarnefndar búnaðarþingsins um þetta mál, en hún hafði höfunda frv. einnig sjer til aðstoðar. Sú nefnd hefir ekki borið fram aðrar breytingar við frv. en orðabreytingar. Jeg býst við, að landbn. taki þessar brtt. til meðferðar og beri þær fram við 2. umr., ef henni þykir rjett að taka þær til greina. Jeg býst ekki við, að miklar umræður þurfi að verða um þetta frv. og vona, að háttv. deild taki vel undir það.

Eiríkur Einarsson: Jeg get að öllu leyti fallist á það, sem háttv. frsm. (BH) sagði um nauðsynina á að setja lagareglur um tilbúning og verslun með smjörlíki og aðrar vörur, sem nefndar eru í frv. Einnig get jeg tekið í sama streng sem hann, að mig brestur kunnugleika til að geta dæmt um, hvernig þetta mætti best fara. Í þeim efnum verður að treysta sjerfróðum mönnum, svo sem höfundum þessa frv. En þó að sjerfræðingar hafi samið frv., er því ekki að leyna, að þeir hafa sótt fræði sín til erlendrar reynslu, sem vitanlega mun að flestu leyti eiga við hjer. En svo getur staðið á, vegna sjerstakra staðhátta hjer, að breyta þurfi einhverju. Því vil jeg geta þess strax við þessa umræðu, að í frv. eru nokkur ákvæði, sem getur verið ástæða til að fella niður eða breyta, vegna þess hve sjerstaklega stendur á hjer. Á jeg hjer einkum við ákvæði 5. gr., þar sem bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og að nota sömu tæki til skiftis við framleiðsluna. Nú munu háttv. þm. minnast þess, að á síðasta þingi var þannig löguð viðleitni styrkt, þar sem Áslækjarbúinu í Hrunamannahreppi var veitt fje til þess að gera tilraunir með smjörlíkisgerð samhliða rjómabússtarfsemi. Þessi styrkur var hagnýttur síðastliðið sumar, og hefi jeg heyrt, að tilraunin hafi heppnast mjög vel. Það var gerð tilraun til þess að nota þær mjólkurleifar, sem mönnum verður annars lítið úr, sem sje áfirnar, og eitthvað af smjöri var haft til bragðbætis, og af þessu varð smjörlíkið svo gott, að hlutaðeigendur, sem bæði notuðu það sjálfir heima fyrir og seldu til kaupstaðanna, láta hið besta yfir. Sjerstaklega kvað þetta smjörlíki geymast vel, og þegar það fyrnist, reynist það betur en erlent smjörlíki. Þessi litla tilraun er svo góð og mikilsverð, að háttv. deild ætti að hugsa sig um áður en hún kæfir hana í fæðingunni með þessum ákvæðum.

Jeg veit, að það er ómaksins vert að reyna að varna við vörusvikum, hvort sem um smjör er að ræða eða smjörlíki, og að varúðarreglur eru sjálfsagðar í þessum efnum. En jeg veit ekki, hvort varnagli er sleginn á rjettan hátt með ákvæðum 5. gr. Ef þeir, sem hlut eiga að máli, eru óvandaðir og svikulir, geta þeir svikið vöruna þrátt fyrir þetta. Þó að þeir megi ekki búa til smjörlíki í rjómabúum, gætu þeir auðveldlega keypt það að og blandað við smjörið, ef þeir vildu hafa sig til þess. *En auðvitað mundu engir gera slíkt, nema óráðvandir menn.*

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að þar sem smjörlíki sje búið til, sje það mótað í skökur af ákveðinni þyngd. Jeg hygg, að fyrir austan hafi verið sá siður að drepa því í kvartil sem smjöri, og er það miklu haganlegra til flutnings. Vil jeg leyfa mjer að skjóta til hv. landbn., hvort

ekki muni unt að auðkenna umbúðirnar svo, að ekki sje um að villast. þó að smjörlíkið væri flutt í kvartilum.

Sektarákvæðin, að 100—1000 kr. útlegð liggi við brotum á lögunum, finst mjer varla ná tilgangi sínum. Þau lúta of mjög að formsatriðum, en of lítið að veruleikanum, hverrar sektar það er vert, ef það vitnaðist, að smjör væri svikið, þótt hegningarlögin komi að vísu þar til greina í ýmsum efnum. Jeg álít að hjer þurfi hörð sektarákvæði, til þess að menn hafi altaf ótta af, að þarna beri að vanda sig, því að aldrei er of vandlega búið um eftirlitið.

Þetta er fátt af mörgu, sem athugavert er við frv., og vildi jeg benda strax á það, hvort sem jeg eða einhver annar verður til að koma með brtt. í þessa átt við 2. umr. Með slíkar brtt. er vandfarið, þar sem menn brestur kunnugleika á málinu, en hins vegar óttast jeg, að það kunni að valda óþægindum fyrir þá, er hafa byrjað umrædda smjörlíkisgerð að tilstuðlun Alþingis, ef það skipar þeim nú að hætta.

Jón Þorláksson: Jeg vil leyfa mjer að beina þeim tilmælum til háttv. landbn., að hún leiti umsagnar verslunarráðsins að því er snertir ákvæði þessa frv. um verslun með smjörlíki og svipaðar vörur. Af greinargerðinni verður ekki sjeð, að neinir sjerstaklega verslunarfróðir menn hafi fjallað um frv. Mjer virðist vera í því ýms ákvæði, sem gætu valdið verulegum óþægindum við verslun með vörutegundir þessar, án þess að hafa að marki þýðingu til þess að tryggja hagsmuni kaupenda. Meðal annars eru nokkur ákvæði, er mjer virðast þess eðlis, að ekki ættu að standa í lögum, heldur í reglugerð, sem auðveldlega mætti breyta, eftir því hvernig verslunarástandið er á hverjum tíma. Jeg vildi óska, að háttv. frsm. (BH) gæti gefið mjer þegar við þessa umræðu vitneskju um, hvort hv. landbn vill verða við þessum tilmælum mínum.

Frsm. (**Björn Hallsson**): Háttv. 1. þm. Árn. (EE) hafði ýmislegt við frv. að athuga, og gat jeg satt að segja búist við því. Hann gat þess, sem jeg hafði tekið fram, að frv. væri sniðið eftir erlendum lögum, en það er mjög eðlilegt, þar sem hjer hafa ekki verið fyr sett lög um þetta efni og engin reynsla fengin.

Hann var aðallega óánægður með 5. gr., en ákvæði þeirrar greinar eru sett til þess að tryggja, að síður verði unt að blanda smjörlíki við smjör, með því að banna að framleiða hvorttveggja á sama staðnum, og enn fremur er tekið fram, að sömu tæki megi ekki nota til skiftis til smjörgerðar og smjörlíkis, svo að smjörið dragi ekki dám af eftirlíkingunni. Það getur vel verið, að svo megi búa um og fara svo vel með, að ekki komi að baga, en það hlýtur altaf að vekja tortrygni. En ákvæði greinarinnar er aðeins tryggingarráðstöfun í þessu efni. Hvorki jeg nje landbn. flytur þetta frv. til þess að setja það til höfuðs smjörlíkisframleiðslunni; þvert á móti, það er flutt af þeirri ástæðu einni, að nauðsynlegt er að setja ákvæði um; hvað sje gott og gilt smjörlíki. En auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu að íhuga athugasemdir háttv. þm. til 2. umr., og býst jeg við, að landbn. telji það ekki eftir sjer. Það getur vel verið, að þetta ákvæði 5. gr. komi allilla niður á Áslækjarbúinu, vegna smjörlíkisgerðarinnar þar, en við því verður tæplega gert, ef tryggja á það, að ekki komist inn tortryggni á erlendum og innlendum markaði gagnvart sölu á íslensku smjöri. Ef smjör og smjör-

líki er framleitt á sama stað, er altaf hætt við tortryggni viðvíkjandi svikum.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) þótti sneitt hjá umsögn og reynslu verslunarstjettarinnar í þessu máli. Það er rjett, að landbn. hefir ekki borið frv. undir neinn verslunarfróðan mann, og í greinargerðinni er tekið fram, hverjir hafi samið það. Fyrir mitt leyti er jeg ekki mótfallinn því, að leitað verði álits verslunarfróðra manna, og býst jeg við að geta lofað því fyrir hönd nefndarinnar. Er eflaust rjett að athuga frv. líka frá þeirri hlið, svo að trygðir sjeu hagsmunir hvorstveggja, kaupanda og seljanda. Nefndin er fús til að taka allar sanngjarnar till. til greina sem horfa til umbóta á frv., og mun athuga það nánar til 2. umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., laugardaginn 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 241, 382, 412).

Afbrigði um brtt. 412, er of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (**Björn Hallsson**): Við 1. umr. þessa máls komu fram nokkrar raddir um það, að ýmislegt væri við frv. þetta að athuga. Meðal annars sagði háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að það bæri það ekki með sjer, að verslunarfróðir menn hefðu um það fjallað. Einnig gerði hv. 1. þm. Árn. (EE) athugasemdir við ákvæði 5. gr. Út af þessu hefir nefndin tekið málið aftur til athugunar. Hefir hún sent verslunarráðinu málið til umsagnar, en það hafði ekkert við það að athuga nema um það, hve nær lögin gengju í gildi. Vildi verslunarráðið láta lögin ganga í gildi 1. jan. 1924. Nefndin taldi þessa breytingu enga þýðingu hafa og flytur ekki brtt. um það.

Nefndin hefir samt borið fram 4 brtt. á þskj. 382, og eru þær allar samþyktar á nýafstöðnu búnaðarþingi, enda voru þær gerðar í samráði við frumhöfunda frv., Trausta Ólafsson efnafræðing og frk. Önnu Friðriksdóttur, sem nefndin kvaddi líka til viðtals á sinn fund. Brtt. eru að mestu aðeins orðabreytingar, en ekki efnis, nema í 1. gr., þar sem bætt er inn „mjólk" á eftir „rjóma", svo að ekki verði útilokað, að smjör megi framleiða úr nýmjólk óskilinni. Miða hinar brtt. við 1. gr. eingöngu til þess að bæta málið, og felst nefndin á þær og telur þær til bóta.

Önnur brtt. er aðeins orðabreyting; fyrir „inniheldur" komi: í er.

Þriðja brtt. er skýring á orðalagi greinarinnar og niðurröðun á efni hennar, en engin efnisbreyting.

Fjórða brtt. er orðabreyting. Býst jeg við, að hv. þingdeild geti fallist á þessar brtt., til þess að málið á frv. batni.

Út af ummælum hv. 1. þm. Árn. (EE) skal jeg geta þess um 5. gr., að nefndinni þótti ekki tiltækilegt að breyta henni í það horf, sem þessi háttv. þm. fór fram á, eða að veita smjörlíkisgerðinni þar austan fjalls undanþágu. Það er að vísu vandi að setja trygg ákvæði um þetta. En grundvallarreglan álítur nefndin, að eigi að vera sú, að aðgreina beri greinilega smjörbúin og smjörlíkisgerðirnar, því hitt gæti komið óorði á smjörið innanlands og utan, hvort sem ástæða væri til þess eða ekki. En þessi grundvallarregla væri brotin, ef undanþága sú væri veitt, sem till. háttv. 1. þm. Árn. (EE) fer fram á. Það er vont að hafa glögg takmörk á annan hátt en banna framleiðslu smjörlíkis á

sama stað og smjörs. Hefir nefndin því sett það í frv.

Eiríkur Einarsson: Jeg ætla aðeins að segja fáein orð um brtt. mína á þskj. 412. Jeg hefi getið þess áður, að þetta frv. kæmi hart niður á þeim mönnum í Hrunamannahreppi eystra, sem þegar eru byrjaðir á smjörlíkisgerð í sambandi við smjörbú sitt þar. Jeg hefi þess vegna orðað brtt. mína á þann hátt, að veita aðeins undanþágu fyrir þennan eina stað. Ætti það að vera meinlaust fyrir öryggi markaðsins, þar sem Ytrihreppsbændur eru þeir einu, sem hafa stofnað til slíks sambýlis, kunna vel með að fara og hefir gefist vel það sem af er. Yrði þeim mikill skaði að því, ef nú yrði varnað áframhalds á því verki, sem þingið sjálft hefir nýlega stutt þá til, með lánveitingu í fyrra. Það ætti því að vera alveg nóg, að lögin fyrirbygðu, að til slíks yrði stofnað hjer eftir. Er jeg viss um, að ekki er hættara við sviknu smjöri frá Hreppamönnum, þótt smjörlíkisgerð þeirra fái að haldast óáreitt, heldur en átt gæti sjer stað hjá öðrum, er miður kynnu að vera vandir að smjörgerðinni, þótt lagaákvæði væru til, er þetta ættu að tryggja.

Jeg skal svo láta mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um málið, og vona, að háttv. deild samþykki brtt. mína, þar sem hún er bæði meinlaus, rjett og sanngjörn.

Sveinn Ólafsson: Það er hálfleiðinlegt að tala hjer fyrir tómum bekkjum. En það, sem jeg vildi segja, er mjög stutt. Það er um 5. gr. frv., sem jeg tel varhugaverða og tæplega rjett hugsaða hjá háttv. landbúnaðarnefnd. Þegar hún er borin saman við 1. gr., þar sem skilgreint er, hvað sje smjörlíki, en það er talið þar feitmeti, sem gert er eða blandað af öðrum fituefnum en mjólkurfitu. Þegar svo 5. gr. bannar tilbúning á slíku feitmeti þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, þá getur það hitt óþægilega smjörgerðarheimilin. Það er vitanlegt, að smjörgerð er á hverju heimili svo að segja til sveita. En algengt er þar líka að blanda smjör til heimilisnota annari fitu, sem þá yrði eftir ákvæðum þessarar greinar óleyfilegt, með því að hvergi er tekið fram, að ákvæðin eigi aðeins við smjörbú, svo sem ætlunin mun hafa verið. Mjer virðist hins vegar, að úr þessu megi bæta, með því að bæta inn í greinina á eftir „smjörlíki" orðunum: til sölu. Vildi jeg biðja nefndina að athuga þetta.

Magnús Jónsson: Jeg ætla að minnast örlítið á 5. gr. þessa frv. Mjer virðast ákvæði greinarinnar vera hreinn barnaskapur og engu með henni náð. Smjörlíki getur verið blandað smjörlíki eftir sem áður, ef menn á annað borð vilja gera slíkt. En þó þetta sje gagnslaust, þá er það ekki meinlaust, því það getur hindrað það, að framkvæmdir geti orðið á þessum sviðum, sem gagn væri að, eins og t. d um tilraunir þær, sem gerðar hafa verið í smjörbúi Hrunamannahrepps. Jeg held sem sje, að oft geti verið hentugt að hafa þetta tvent saman, smjörbúið og smjörlíkisgerðina, án þess nokkur hætta þurfi að stafa af því eða álitshnekkir. Þess vegna mun jeg verða með brtt., en svo móti frv.greininni, hvort sem brtt. verður samþykt eða ekki.

Frsm. (**Björn Hallsson**): Út af ræðu háttv. 1. þm. Árn. (EE) verð jeg aðeins að geta þess, að það er alveg rangt hjá honum, að nokkur vernd eða nokkurt loforð til smjörlíkistilrauna smjörbúsins í

Hrunamannahreppi sje fólgið í því, þó veitt hafi verið til þess viðlagasjóðslán. Vitanlega ekkert loforð gefið um neina vernd, enda lágu þá engin frv. fyrir þingi um innlenda smjörlíkisgerð, eins og nú. Jeg skal að vísu játa það, að þetta getur verið óþægilegt fyrir þessa smjörlíkisgerð. En ef slík undanþága er gefin, er aðalreglan brotin og getur haft slæm áhrif fyrir smjörsöluna. Þess vegna getur nefndin ekki fallist á tillöguna. Þessi hv. þm. viðurkennir líka, að þetta sje skaðlegt, en flytur samt þessa brtt., og er það nokkurt ósamræmi hjá honum. Annars vil jeg láta mjer nægja að vísa til fyrri ræðu minnar.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hafði það að athuga við 5. gr., að hún væri ekki vel orðuð og að í hana vantaði ákvæði um það, að lögin ættu ekki að ná til framleiðslu viðbitis á sveitaheimilum. Það hefir aldrei verið svo til ætlast nje gr. svo skilin, að hún ætti við sveitaheimili, heldur ætti aðeins við sölu á þessum vörutegundum, sem frv. talar um. Má vel vera, að gott sje að skýra þetta nánar, til að fyrirbyggja misskilning, en benda vil jeg á það, að í 3. gr. frv. eru settar takmarkanir um það, hvernig eigi að fara með smjörlíki, merki á því o. s. frv., og er það alt miðað við sölu á þessari vörutegund, og atti alls ekki að geta valdið misskilningi. Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) þótti 5. gr. barnaleg. Jeg sagði það strax, að það væri erfitt að setja ákvæði um tilbúning smjörlíkis og smjörs á sama stað eða nálægum stöðum, en erfiðara er að fara í kringum þetta, ef þessi ákvæði eru, heldur en ef engin eru.

Hann sagðist fyrst mundu greiða atkvæði með brtt., en síðan á móti gr. Skil jeg ekki þessa afstöðu hans, nema ef hann er þá algerlega á móti frv., og er hann auðvitað sjálfráður um það. En um það ætti þó öllum að koma saman, að nauðsynlegt sje að setja lög um þetta efni.

Eiríkur Einarsson: Jeg gat um það í fyrri ræðu minni, að lítil ástæða væri til þess að óttast svik af hendi þessara manna, enda væri það mjög erfitt að koma við svikum, því að alt landsfólkið þyrfti að vera í vitorði um það með bændum, er ættu hagsmunanna að gæta. En vilji fólkið svíkja, þá hefir það nóg tök á því, þótt þetta verði samþykt. Er ekkert þægilegra en að flytja að smjörlíki til blöndunar, ef hlutaðeigendur eru þess hugar.

Lánið til Hrunamannahrepps var veitt til þess, að hægt væri að reka þar smjörlíkisgerð samhliða rjómabúinu, og til hennar væri notað það, sem fjelli til frá rjómabúinu. Þingið sýndi með þessu, að það vill styðja þessa viðleitni. Og í krafti þessa stofnuðu bændurnir til smjörlíkisgerðarinnar, og myndi þeim nú koma illa og einkennilega fyrir, ef þingið segði nú: Hingað og ekki lengra. Verður að taka tillit til þessarar ástæðu.

Jeg hefi talað um þetta við formann Búnaðarfjelagsins, og taldi hann brtt. mína sjálfsagða. Mun og ekki vera of mikið framleitt í landinu, þótt ekki sje farið að leggja hindranir í veg fyrir þetta fyrirtæki Hrunamannahreppsmanna.

Magnús Jónsson: Háttv. frsm. (BH) brá á sig minna skilningsgervi en hann hefir, er hann þóttist ekki skilja þá afstöðu mína, að jeg ætlaði að greiða atkv. með brtt., en svo á móti gr. Þetta er algeng aðferð, þegar maður vill ekki hafa einhverja grein, en kýs hana þó heldur breytta en óbreytta.

Um vörusvikin stendur það óhrakið, sem jeg sagði. Ef einhver vill svíkja smjör, með því að blanda það smjörlíki, þá er sá erfiðleikinn að afla smjörlíkisins minstur, og þessi ákvæði 5. gr. því algagnslaus. Það sanna í þessu er það, að menn kaupa alveg eins vöruna, þótt smjör og smjörlíki sje framleitt á sama stað. Menn spyrja vöruna sjálfa um gæði hennar og annað ekki.

Grein þessi er gagnslaus, en skaðleg. Er gott að geta notað mjólkurafganginn frá smjörbúinu til smjörlíkisgerðar.

Frsm. (**Björn Hallsson**): Jeg skildi hv. 4. þm. Reykv. (MJ) rjett. Hann er á móti frv. Hann sagði, að alt stæði óhrakið hjá sjer. Það er nú svo, að hverjum þykir sinn fugl fagur, og er ekkert við því að segja.

En jeg skil ekki háttv. þm., ef þeir vilja ekki hafa neitt ákvæði um það, að hindra það, að smjöri og smjörlíki sje blandað saman og vilja nema burtu þau ákvæði, sem gætu hindrað þetta. En hitt er óvíst, hvort þessi tryggingarákvæði eru næg.

Háttv. 1. þm. Árn. (EE) var að tala um, að þingið breytti oft fljótt um skoðun, og gerði það líka hjer, ef þetta frv. yrði samþykt óbreytt. En það er ekki rjett, að þetta atriði hafi verið til umræðu hjer í þinginu í fyrra, heldur aðeins lánsheimildin til þessa hrepps.

Um álit Búnaðarfjelagsforsetans skal jeg ekkert segja. Er gott, ef hægt væri að laga þetta, en það verður tæpast gert með þessari brtt. hv. þm.

ATKVGR.

Brtt. 382,1 samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 382,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 412 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GunnS, HK, IngB, JakM, LH, MJ, MK, SSt, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ.

nei: BH, EÞ, JAJ, JB, JS, JÞ, MG, MP, ÓP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞórJ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

5. gr. samþ. með 15:6 atkv.

6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 382,3 (ný 7. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 382,4 (ný 9. gr.) samþ. án atkvgr.

10.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 416).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 416).

Á 49. fundi í Ed., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 416, n. 522).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (**Guðmundur Ólafsson**): Frv. þetta er nýmæli. Áður hafa engin lög verið um þetta efni. Þetta frv. mun vera sniðið eftir dönskum og þýskum lögum um sama efni. Nú er farið að framleiða talsvert af smjörlíki hjer á landi, og auk þess er mikið flutt inn af því, svo ekki mun vera þarflaust að setja lög um þetta efni.

Landbúnaðarnefnd hefir athugað þetta frv., eftir því sem henni var unt, en frv. er nýlega komið frá hv. Nd., svo tíminn var stuttur til athugunar. Hún sá þó ekki annað en að frv. væri nákvæmt og þarflegt, og mælir með því, að það gangi fram óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 416).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 567).

---

29. Skrásetning lóða í Reykjavík.

Á 20. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur (þmfrv., A. 129).

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 23 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 365).

Frsm. (**Jón Þorláksson**): Fyrir efni þessa frv. er gerð allrækileg grein í greinargerð við það og nál. allshn., og finn jeg því ekki ástæðu til að segja frekara um málið, nema því aðeins, að einhver háttv. deildarmaður óski nánari skýringa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 365,1 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 365,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 365,3 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 399).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 399).

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 399, n. 459).

Frsm. (**Guðmundur Guðfinnsson**): Þetta frv. er flutt eftir tilmælum þm. Reykv. og fer í þá átt að koma betra skipulagi á skrásetningu og mælingu lóða hjer í Reykjavík. Auk þess er hjer fleira tekið með en í eldri lögunum. Nefndin hefir ekkert sjeð við þetta að athuga og leggur til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 399).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 527).

---

30. Seðlaútgáfa Íslandsbanka.

Á 28. fundi í Ed., þriðjudaginn 27. mars, var útbýttt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 6, 31. maí 1921 [*Seðlaútgáfa Íslandsbanka*] (þmfrv., A. 226).

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg get látið mjer nægja að vísa til greinargerðarinnar og jeg býst við, að stjórnin skýri betur ástæður sínar fyrir frv., ef henni þykir þess þurfa.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Þetta frv. þarf ekki langra skýringa. Það hefir orðið ofan á í stjórninni og bönkunum, sjerstaklega Landsbankanum, að enn sje ekki kominn tími til þess að gera endanlega skipun á seðlaútgáfunni, því að margt af því, sem þar kemur til greina, er ekki fyrirsjáanlegt enn, og þyrfti þá að breyta til aftur. Því hefir það orðið ofan á að fara fram á, að þessu skipulagi sje frestað til næsta þings.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 226).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og jeg tók fram við 1. umr., er nauðsyn á að samþykkja frv. þetta. Það er ekki heppilegt að skipa seðlaútgáfunni endanlega með lögum á þessu þingi, og fyrirsjáanlegt, að það verður ekki gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj atkv.

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 226).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 226).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Frumvarp þetta er komið frá hv. Ed. og var borið þar fram af fjhn. í samráði við stjórnina. Orsökin var sú, að ekki þótti enn tímabært að gera endanlegt skipulag á um seðlaútgáfu í landinu. Þótti rjettara að láta núverandi millibilsákvæði heldur standa eitt árið enn, fremur en að ákveða nú endanlegt skipulag, sem svo kanske þyrfti, fyrir rás viðburðanna, að laga til þegar á næsta þingi. Get jeg vel fallist á þetta, þó jeg hefði raunar tilbúið frumvarp, sem jeg býst við, að komi til að standa sem endanlegt skipulag í öllum aðalatriðum. En sem sagt get jeg fallist á að bíða eitt árið enn, og vona því, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, gangi greiðlega gegnum háttv. deild og að því verði, að aflokinni umræðunni, vísað til

fjárhagsnefndar, en það er samsvarandi nefnd, sem hafði málið til meðferðar í hv. Ed.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 15 shlj atkv.

Á 51. fundi í Nd., föstudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 226, n. 433).

Frsm. (**Magnús Kristjánsson**): Eins og kunnugt er, var ákveðið með lögum 31. maí 1921, að fyrir 1. júní 1922 skyldi endanleg skipun gerð á seðlaútgáfu bankanna. Nú fór svo, að á síðasta þingi kom ekkert frv. fram um þetta, vegna þess, að stjórnin þóttist ekki viðbúin að inna af hendi nauðsynlegan undirbúning, og þá var fresturinn framlengdur til 1. júní þessa árs. Nú liggur ekki fyrir neitt frv. um breytingu á þessu, eða til fullnaðarskipunar á seðlaútgáfunni, og verður því að samþykkja frv. það, sem fyrir liggur, og framlengja enn eins árs frest, til 1. júní 1924. Þetta er svo einfalt mál, að um það þarf ekki að fjölyrða. En þó vil jeg láta það í ljós sem mína skoðun, að þessar framlengingar ættu ekki að þurfa að eiga sjer stað oftar, heldur þyrfti að gera endanlega skipun á þessu á næsta þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 226).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 489).

---

31. Jarðræktarlög.

Á 30. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. mars, var útbýtt:
Frumvarpi til jarðræktarlaga (þmfrv., A. 216).

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 5. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (**Þórarinn Jónsson**): Á síðasta þingi var samþykt þingsályktun um skipun búnaðarmála. Stjórnin tók hana til greina og sendi Búnaðarfjelagi Íslands með ósk um, að það gerði till. um þetta mál og ljeti stjórninni í tje aðstoð sína í þessu. Þetta hefir Búnaðarfjelag Íslands gert, og er frv. það, sem hjer liggur fyrir, árangur af því starfi. Búnaðarfjelagið hefir sýnt fram á það í greinargerð við frv., hversu þýðingarmikið það væri, að

koma þessum þætti búnaðarmálanna í það horf, sem frv. fer fram á, og hefir í því falli gert marga og merkilega útreikninga og áætlanir um það, hversu miklum gerbreytingum ræktunarmálin gætu tekið, sem frv. fjallar um. — Landbúnaðarnefndin hefir svo vandlega yfirfarið þetta frv. og flutt það inn í þingið. En þessi flutningur hennar á frv. og fylgi hennar með því í háttv. deild er bundinn því skilyrði, að Búnaðarfjelag Íslands geri þá breytingu á lögum sínum, að atvinnumálaráðuneytið skipi tvo menn í stjórn þess samkvæmt tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis. Byggir nefndin skilyrði sitt á því, að þegar stóraukið fjárframlag er veitt úr ríkissjóði, sje sjálfsagt, að atvinnumálaráðuneytið fái þennan íhlutunarrjett um meðferð þess, jafnframt því, sem yfirstjórn og ábyrgð þessara mála færist yfir á atvinnumálaráðherrann.

Það er öllum ljós nauðsyn þess að koma búnaðarmálum vorum í fast horf. Þetta frv. má heita að sje fyrsta takið í þá átt á þessum málum. Alt, sem gert hefir verið áður, hafa verið stefnulitlar tilraunir, auðvitað meira og minna nærri því rjetta, en allar þróttlausar að því leyti, að þær hefir vantað undirstöðuna, þá undirstöðu, sem öll jarðræktar- og búnaðarmál þurfa að byggjast á, sem sje: sem næst vísindalega nákvæmni, bygða á okkar staðháttu. Ýmislegt, sem gert hefir verið, hefir því svarað neitandi til þeirra áætlana og hagsbóta, sem það átti að vinna. Við höfum því dregist aftur úr.

Við höfum sjeð hinum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar fleygja fram. Nýtísku útbúnaður hefir verið innleiddur til sjósókna, því hinn sami útbúnaður á víðast eða hvarvetna við til að plægja hafið. Í þessari grein hefir líka áræðið verið meira. Þessi óljósa stórfengsvon, sem alstaðar seiðir til sókna, hefir orðið drjúg lyftistöng til umbóta og framfara. Þar hafa öll skilyrði verið betri. Peningastofnanir landsins hafa staðið opnar þessum atvinnuvegi. Og þó að sumstaðar hafi illa farið á þessum meinlætatímum, er þó ekki annað hægt að segja en að rjett hafi verið af stað farið, hefði hóf fylgt með.

Alt öðru máli er að gegna um landbúnaðinn. Umbæturnar eru seinfærar. En það er eins örugt að leggja peninga í þær eins og hvern tryggan sparisjóð. Vextirnir eru vissir, ef rjett er byrjað. En það þarf að bíða eftir vöxtunum. Og einmitt það, hve landbúnaðurinn krefur langra lána, eða lána til langs tíma, til stórumbóta, veldur því, að það má heita svo, að allar peningalindir þjóðarinnar hafi verið honum lokaðar. Einyrkjarnir úti um land, sem staðið hafa með pál og skóflu til þess að yrkja jörðina, hafa ekki verið álitlegir skuldunautar eða lánþegar bankanna. Það eru oft lítil dagsverkin og seint að vinnast til álitlegrar eftirtekju. En dagsverkin hverfa ekki. Þau bera ávöxt og vitna um það kynslóð fram af kynslóð, að með þeim er því lífsfræi sáð, sem verndað hefir þjóðerni og menningu landsmanna. Landbúnaðurinn er því nokkurskonar þjóðaröryggi, sem verður að varðveita með öruggri trú á framfarir hans. En það verður að veita þangað afli til þess, sem gera þarf. Tímarnir krefjast, að ekki sje lengur horft á það vitandi vits, að sá mikli auður, sem liggur í íslenskri mold eða íslenskum jarðvegi, sje ekki kallaður fram í þjónustu þjóðarinnar, og það verður að gerast með meiri framlögum af almannafje en verið hefir, og örva þannig eindregið til framfara í ræktun landsins.

Þetta jarðræktarfrv. er aðeins einn þátturinn af mörgum í okkar landbúnaði. Allir þessir þættir hafa verið mestmegnis

skipulagslausir, en hjer er byrjað á að setja þessum fast skipulag; og þetta skipulag liggur í því, að ákveðinn styrkur er ætlaður úr ríkissjóði til túngræðslu, eða jarðræktar, haughúsagerðar og garðræktar, þó með þeim skilyrðum, að hver, sem hans nýtur, verður að leggja fram mikla vinnu fyrst, eða svo jeg taki það ákveðnar fram, að til þess að fá ¼ kostnaðar við túngræðslu eða túnsljettun, verður fyrst að vinna að þessu verki 10 dagsverk fyrir hvern verkfæran mann á hverju býli, sem enginn styrkur fæst fyrir. Og til þess að sýna fram á, að hjer er ekki verið að veita fje, nema beinlínis til aukinnar ræktunar, fram yfir það, sem verið hefir, þá skal jeg taka það fram, að árið 1920 eru unnin 82 þús. dagsverk að jarðabótum á öllu landinu. Af þessu voru í túnasljettum 126 ha., og sje ha. gerður um 200 dagsverk, sem vanalegt er, verður þetta alls 25200 dagsverk, eða tæplega ⅓ af allri dagsverkatölunni. Nú má gera ráð fyrir því, að þessi túnasljettun hafi verið gerð á að minsta kosti 1500 býlum, og ef tveir verkfærir menn hefðu verið að meðaltali á býli, með 10 dagsverka skylduvinnu hver, þá verða það 30 þúsund dagsverk, eða 5 þúsund dagsverkum meira en unnið var 1920. Hjer er því auðsætt, að menn verða að vinna fyrst eins mikið og þeir hafa gert, áður en þeir fá styrk, en styrkurinn er líka meiri fyrir það, sem fram yfir er.

Hve mikil útgjöld ríkissjóðs kynnu að verða eftir þessu frv., verður ekki sagt með neinni vissu; en sjálfsagt er að gera ráð fyrir, að ræktunin yxi talsvert, enda næðist ella ekki tilgangurinn. Ef dagsverkum fjölgaði um þriðjung, eða yrðu um 120 þúsund, mundi láta nærri, að á 40 þúsund dagsverk yrði greiddur styrkur, og áætli maður dagsverkið á 5—6 kr., þá yrðu það 50—60 þús. kr., og því minna, sem dagsverkin yrðu ódýrari. Hækkaði dagsverkatalan um helming, yrði styrkurinn 100—120 þúsund kr.

Nú er aðgætandi, að í fjárlögunum hefir ætíð verið nokkur styrkur til búnaðarfjelaga, sem vitanlega fjelli niður.

Hefir þessi styrkur oft verið um 30 þúsund krónur, og í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar nú er gert ráð fyrir 1.50 kr. á hvert dagsverk, sem mundi gera um 120 þúsund krónur, þó engin jarðræktaraukning yrði. En þar sem aðeins 20 þúsund krónur eru settar í frv. í þessu skyni, hlýtur það að vera prentvilla.

Það eru því ekki líkur til, að útgjöld ríkissjóðs aukist við samþykt þessa frv. fram yfir það, sem þau hefðu orðið eftir tillögum Búnaðarfjelagsins til stjórnarinnar og skilyrðum þeim, sem eru í fjárlagafrv. En það, sem vinst hjer fram yfir, það er hreinn ræktunarauki, sem nemur því, að við gerum á einu ári það, sem við hefðum gert á tveimur. Og þó að dagsverkatalan ykist meira, og þar af leiðandi útgjöld ríkissjóðs, þá verður það að teljast gott og svara til tilgangsins. Engum manni dylst það nú, að eftir kringumstæðum bændastjettarinnar og lánsstofnunum þeim, er hún hefir að grípa til, þá er henni algerlega um megn að gera nokkuð að jarðrækt, svo um muni, nema ríkissjóður hlaupi undir baggann og leggi fram nokkurt fje.

Þessi leið, sem hjer er farin, er sniðin eftir Norðmönnum. Þeir hafa síðastliðin 3 ár styrkt jarðræktina að einum fjórða úr ríkissjóði, og hafi sveitirnar líka lagt fram fje, þá að einum þriðja. Telja þeir þetta það besta, er þeir hafa tekið upp í þeim efnum.

Svipað er þetta norðan til í Svíþjóð,

Sýnir þetta, að þar sem jarðræktarskilyrðin eru erfið, eins og hjá okkur, þykir óumflýjanlegt, að ríkissjóður leggi fje fram, auk þess sem að þessu er stutt með hagfeldum lánum. Og ef til þess kæmi, að landbúnaðurinn gæti einnig notið þeirra hjer, má segja, að við værum komnir sæmilega á stað. Það eru líka í þessu frv. tryggingarákvæði til handa landbúnaðinum, ef hinn fyrirhugaði ríkisveðbanki kemst á fót, og verður það að teljast sanngjarnt, að landbúnaðurinn njóti lána úr þeim sjóðum, sem fyrir hann eru stofnaðir, með sæmilegum kjörum.

Þá hefi jeg minst á þá hlið frv., sem lýtur að því að lyfta undir aukin jarðyrkjustörf, og vil jeg þá ofurlítið koma að öðrum meginþættinum, sem er eftirlit með þessum störfum.

Hingað til hefir það verið svo, að jarðabætur þær, sem ríkið hefir styrkt, hafa verið stofnaðar án eftirlits, og ekkert eftirlit heldur með viðhaldinu. Þannig má fullyrða, að ýms af þessum verkum hafa orðið að litlu eða engu. En fyrir þessu er trygging sett í frv., þar sem gert er ráð fyrir, að Búnaðarfjelag Íslands, sem eftirlitið með framkvæmdinni hefir með höndum, hafi búnaðar- eða eftirlitsmann í hverjum hreppi landsins. En þegar ræða er um þetta eftirlit, verður naumast hjá því komist að taka til samanburðar þau stórfyrirtæki, sem hafa verið framkvæmd og verið er að framkvæma fyrir stórfje úr ríkissjóði. Á jeg þar við Miklavatnsmýraráveituna, Skeiðaáveituna, Flóaáveituna og vatnaþurkunina í Rangárvallasýslu. Með sjerstökum lögum er ákveðin þátttaka ríkissjóðs í þessum fyrirtækjum, að undantekinni Miklavatnsmýraráveitunni, og þó á lítt rannsökuðum grundvelli. Aðaltilgangurinn hefir verið að tryggja ákveðið fjármagn úr ríkissjóði til fyrirtækjanna, án tillits til þess, hvort hlutaðeigendur gætu borið kostnaðinn og hvað fyrirtækið raunverulega ætti að gefa í aðra hönd. Engin tilraun fyrst gerð í smærri stíl, til þess að fá nákvæma, vísindalega rannsókn á þessum málum. Reynslan hefir líka sýnt, hversu vöntunin er mikil. Miklavatnsmýraráveitan, sem máske hefir átt að vera tilrauna-áveita, hefir kostað yfir 55 þús. kr. Þar af hefir ríkissjóður og Búnaðarfjelag Íslands lagt fram 35 þús. kr., og 20 þús. kr. lán hafa hlutaðeigendur tekið. Vatnið náðist. En nú er skurðopið fult af sandi og möl, áhuginn dauður, og við þetta situr. Þarna er tilraunin. Skeiðaáveitan kostaði undir það þrisvar sinnum meira en áætlað var, eða alls um 400 þúsund. Hún er nú að fullgerast. Hvert býli á áveitusvæðinu fær 10 þús. kr. í hlut af kostnaðinum, fyrir utan ríkissjóðsstyrkinn. Bændurnir rísa ekki undir þessu og biðja nú um uppgjöf á lánunum. Þótt nú áveitan næði tilgangi sínum hvað gróðuraukningu snertir, þá geta bændurnir ekki notið hans, nema um leið að auka bústofninn, og það geta þeir ekki nema með nýjum lánum. Og þá er eftir að koma afurðunum á markaðinn. En áður en þetta kemst í kring, eru þeir orðnir herfang ríkissjóðs eða bankanna. Mundi nú ekki vera hægt að stofna til aukinnar jarðræktar með minna kostnaði en þetta og af meira viti? Um Flóaáveituna verður enn ekkert sagt, eða fyrirhleðsluna í Þverá og Markarfljót, sem ríkissjóður kostar að tveim þriðju. Vonandi verður það betra, en hve miklu betra, læt jeg ósagt um.

Þetta ætlast jeg til, að sýni það ótvírætt, hve sjálfsagt það er, að færustu og

mentuðustu menn í þessum greinum hafi undirbúning og framkvæmd allra jarðræktarmála, eins og allra fyrirtækja í landbúnaðarmálum. Og það verður að ganga út frá því, að Búnaðarfjelag Íslands hafi ávalt í þjónustu sinni bestu mennina á þessu sviði. Ef þetta heldur áfram á þeirri braut, sem það nú er, er sýnilegt, að ríkissjóður verður þurkaður upp af einstökum landshlutum. Aðrir, sem hafa miklu betri skilyrði, en í smærri stíl, verða að sitja á hakanum og kosta alt sjálfir.

Annars er það einkennilegt, að í þessum góðsveitum landsins, sem kallaðar eru hjarta þess, **þar sýnist afkoma** manns ekki vera betri en víða annarsstaðar. Það er eins og auðtekin öflun skapi höglífi, en erfiðleikarnir dugnað og þrautseigju. Ólíkt standa þeir þó að vígi, sem eru umvafðir fjölskrúðugum graslendum, eða hinir, sem hafa það eitt hlutskifti, að rækta upp móa og mela, og það sýnist ekki ósanngjarnt, að þeir fengju að njóta að jöfnu styrks úr ríkissjóði.

Þessir tveir þættir í frv.: aukning ræktunarinnar og nákvæm umsjón og eftirlit með framkvæmd og viðhaldi, vænti jeg, að háttv. deild þyki svo mikils verðir, að frv. þess vegna ætti að ná framgangi.

Ýms ákvæði eru í því önnur, svo sem um vjelyrkju, erfðafestu og nýbýlarækt, en sem jeg við þessa umræðu geri ekki að umtalsefni, nje heldur breytingar þær, sem nefndin hefir gert í einstökum atriðum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Á síðasta þingi flutti háttv. 1. þm. Árn. (EE) hjer í háttv. deild tillögu til þingsályktunar um lagasetning búnaðarmála, þar sem skorað var á stjórnina að undirbúa frv. til laga um heildarskipun ýmsra mikilvægra mála, er að búnaði lúta, og skýrði hv. flm. þáltill. (EE) nánar frá í góðri og skilmerkilegri ræðu, hvaða mál mundu falla þar undir. Var síðan till. samþykt hjer í deildinni.

Jeg tók þá vel í þetta mál, en gat þess, að slíkt frv. gæti tæplega orðið tilbúið svo snemma, að hægt yrði að leggja það fyrir þetta þing. Samt sem áður sendi jeg þál. til Búnaðarfjelags Íslands og mæltist til þess, að það undirbyggi frv. og hraðaði því svo sem unt væri. Tók Búnaðarfjelagið þessu vel, og sat stjórn þess oft og lengi á rökstólum, ásamt ráðunautum sínum. Frv. gat þó eigi orðið tilbúið, er hæstv. forsætisráðherra sigldi með stjórnarfrv., og gat því ekki þegar af þessari ástæðu fylgst með þeim. Var það fyrst tilbúið um jólaleytið.

Þegar jeg fór að athuga frv., sá jeg þegar, að stjórnin mundi ekki geta lagt það fyrir þingið nema með allmiklum breytingum, en þá vildi svo til, að forseti Búnaðarfjelagsins fór af landi burt, og var hans ekki von fyr en seint í febrúar. Var því ekki hægt fyrir stjórnina að bera sig saman við hann um breytingarnar. Valdi stjórnin því þá leið, að leggja frv. fyrir landbn. í byrjun þingsins. Hefir hún athugað það og flytur það nú fram hjer.

Það, sem mjer þótti einna athugaverðast við frv. í heild sinni, eins og það kom frá Búnaðarfjelaginu, var hið mikla vald, sem frv. veitti Búnaðarfjelaginu, án þess að það samband væri milli fjelagsins og stjórnarinnar, að hún hefði nægilegan íhlutunarrjett um þau ýmsu störf, sem fjelagið hefir með höndum, og þá heldur ekki um það mikla fje, sem fjelaginu eftir frv. er ætlað að hafa undir

höndum. Fjekk Búnaðarfjelagið með þessu svo mikil völd, að það hefði í þessum málum orðið nokkurskonar ríki í ríkinu.

Þetta hefir háttv. landbúnaðarnefnd einnig fundið, og breytir hún frv. þannig, að atvinnumálaráðuneytið á að hafa nokkurskonar yfirstjórn Búnaðarfjelagsins og hafa rjett til að skipa 2 menn í stjórn þess, auk þess, sem sjálfsagt er, að ráðuneytið hafi yfirstjórn allra jarðræktarmála. Sjálfur hafði jeg áður hugsað mjer víðtækari breytingar á frv. og að Búnaðarfjelagið kæmist í miklu nánara samband við stjórnarráðið en hjer er farið fram á.

Þær orsakir, er nú hefi jeg talið, liggja til þess, að stjórnin kom ekki sjálf með þetta merkilega frv., enda þótt hún gæti að mestu leyti fallist á það, nema 1. kaflann, um stjórn ræktunarmálanna.

Nokkur atriði eru það og önnur, sem stjórninni finnast athugaverð. Má þar til nefna t. d. 15. og 16. gr. frv. Er þar mikið fje veitt fram yfir það, sem áður hefir verið, til kaupa á jarðræktarvjelum. Ekki er heldur tekið fram, hvaðan fje eigi að koma til lána þeirra, er getið er um í 16. gr. Býst jeg við, að það eigi að koma úr ríkisveðbankanum tilvonandi, en óvíst er, hvort hann getur veitt þau lán.

Þá þykir mjer það og óviðeigandi, að ýmsum ákvæðum um þennan banka er blandað inn í þessi lög. Hefi jeg lítið að athuga við þau ákvæði í sjálfu sjer, en hefði talið rjettara, að þau hefðu verið í lögunum um ríkisveðbankann; þau ætt þar betur heima.

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess, að ríkisveðbankinn taki sem fyrst til starfa, og helst ekki seinna en um næstu áramót. Auðvitað þýðir lítið að hraða stofnuninni, ef engir peningar verða til, en því miður eru líkindi til, að erfitt verði með útvegun þeirra. Jeg átti nýlega tal við væntanlegan bankastjóra bankans og spurði hann, hvað hann teldi, að hægt væri að byrja með minst fje, og taldi hann ómögulegt að byrja með minna en eina miljón króna, en það er vafasamt, hvort svo mikið fje fæst nú á næstunni.

Þessu með 20000 krónurnar, sem háttv. frsm. (ÞórJ) hjelt, að vera mundi prentvilla í fjárlögunum, mun jeg svara þegar fjárlögin koma til 2. umr.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 13. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Baldvinsson: Jeg hafði áður kvatt mjer hljóðs, til að gera nokkrar smávægilegar athugasemdir um þetta mál. En það er nú komið frá nefnd, svo búast má við, að það fari fljótar yfir en ella, og það er af þeim ástæðum, að jeg tek til máls við 1. umr.

Jeg skal þá fyrst taka það fram, að mjer finst þetta merkilegt mál og vænlegt til gagns fyrir búnaðarframkvæmdir í landinu. En jeg verð þó að segja, að þótt mikils sje um það vert, þá er ekki ástæða til að vera að blanda í þessi lög ákvæðum, sem eiga að rjettu lagi að standa í bankalögum. Á jeg þar við ákvæðin um lánveitingar til landbúnaðar úr hinum fyrirhugaða ríkisveðbanka. Það lítur helst svo út, sem háttv. landbn. vilji með þessu tryggja landbún-

aðinum þessa sjóði, sem leggja á í ríkisveðbankann. En það var ekki þetta, sem jeg vildi aðallega athuga við þetta frv. Það eru skilmálarnir um erfðafestulönd, sem mjer finst háttv. nefnd ætti að athuga betur. Ef frv. gengur í gegn eins og það er nú, yrðu mjög takmörkuð yfirráð bæjanna yfir landi sínu. Með þessu er ráðstöfunarvaldið tekið af bæjunum og lagt í hendur Búnaðarfjelaginu. Gætu bæirnir þá t. d. ekki einu sinni trygt sínum eigin íbúum land til ábúðar, þótt þeir vildu. Geri jeg þessa athugasemd sjerstaklega vegna Reykjavíkurbæjar, sem hefir mjög mikið af löndum, sem líklegt er að látin verði á erfðafestu. En jeg býst við því, að menn kynnu illa þeim ákvæðum, sem frv. ráðgerir, ef þau verða samþykt.

Jeg hygg annars, að borgarstjóri Reykjavíkurkaupstaðar muni eftir áskorun bæjarstjórnarinnar hjer tala við hv. landbn. viðvíkjandi þessum ákvæðum um erfðafestulöndin. Jeg skal svo ekki fara inn á önnur ákvæði frv. að þessu sinni, en vænti, að hv. nefnd taki þessar athugasemdir mínar til athugunar.

Eiríkur Einarsson: Það gladdi mig að heyra góðar undirtektir í framsögu þessa máls. Jeg get tekið undir það, að þetta frv. muni verða til þess að styðja og styrkja landbúnað vorn. Skal jeg ekki fara frekari orðum um það, en get hins vegar ekki stillt mig um að geta þess, að mjer fanst bóla á annarskonar hugsun og miður hlýrri í garð landbúnaðarhjeraða, er fje hefir verið lagt í söhurnar fyrir, í ræðu háttv. frsm. (ÞórJ). Um leið og hann fór orðum um það, að þetta gæti orðið til gagns fyrir landið alt, en ekki aðeins einstaka hluta þess, fanst mjer eins og hann anda kalt til ákveðins landsfjórðungs, Sunnlendingafjórðungsins. Jeg skal játa það, að mikið fje hefir verið lagt til búnaðarframkvæmda í þessum landsfjórðungi og að árangurinn hefir ekki ávalt orðið sem skyldi, eða rjettara sagt, er enn mjög vandsjeður, því að búnaðarframkvæmdir sunnanlands, er mestu fje hefir verið eytt til, eru ýmist nýgerðar eða hálfgerðar tilraunaaðgerðir, í stórum stíl þó, sem ekki verða bornar saman við venjulegar jarðabætur. Hjer er að ræða um stærsta, grösugasta og gróðurvænlegasta hluta landsins, sem virðist hafa einna best skilyrði til slíkra framkvæmda. Það er sökum þess, að þing og stjórn hefir fest sjónir á þessum möguleikum og fje hefir verið veitt til að sjá, hvort ekki væri unt að fá bætta uppskeru úr slíkum jarðvegi. Í slíkum anda er stofnað til áveitufyrirtækjanna. Á Alþingi 1917 var fyrst veitt fje til Skeiðaáveitunnar, 26 þús. kr., eða $^1/_4$ hluti áætlaðs kostnaðar. Geri jeg ráð fyrir, að háttv. frsm. (ÞórJ) hafi líka greitt atkvæði með þessum styrk, að minsta kosti stendur í þingtíðindum þess árs, að styrkurinn hafi verið samþ. í einu hljóði í þeirri deild, er hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) átti þá sæti í. Jeg býst nú við, að þetta fje hefði þá ekki verið veitt, ef háttvirtir þingmenn hefðu álitið þetta vera nokkurt glæfrafyrirtæki. Hitt mun sanni nær, að þingið þá hafi litið svo á, að hjer væri um mikið velferðarmál að ræða fyrir landbúnaðinn. Eins og við vitum nú allir, þá hafa þessar vonir farið að nokkru leyti út um þúfur vegna skakkra áætlana, og hefir verkið orðið langtum dýrara en búist var við í upphafi. Verkfræðingarnir gengu þar fram hjá verulegu kostnaðaratriði, klöppinni. Er ómögulegt að skella þeirri skuld á bændurna, sem búa

á þessu svæði. (*PórJ*: Hver hefir gert það?). Það gleður mig, ef það hefir ekki átt að vera meiningin hjá hv. frsm. (ÞórJ). En eitthvað af því tægi fanst mjer þó skína í gegn í ræðu hans, er hann kvartaði um það, að þeim mun meira fje, sem veitt væri þessum mönnum þarna eystra, þeim mun verra yrði ástandið. Þetta eru kuldaorð í garð bændanna

Líkt er að segja um Miklavatnsmýraráveituna. Mistökin þar eru að kenna skorti á opinberu eftirliti, en alls ekki bændum. Það getur ekki með nokkru móti talist forsvaranlegt, er um svo dýr áveitufyrirtæki er að ræða, að ætla bændum að hafa yfirumsjón með slíku. Ef hlutaðeigandi menn hafa ekki afl eða áhuga eða þekkingu til að sjá um slíkt, þá ber því opinbera að taka yfirumsjónina í sínar hendur. Því slík mannvirki eru of dýr fyrir landið til þess að láta þau verða til ónýtis. Það er eins og jeg gat um hjer í fyrra, það vantar sameiginlega yfirstjórn í búnaðarmálunum. Þessar framkvæmdir bera glöggast vitni um það.

Þótt þetta frv. til jarðræktarlaga miði að því að hjálpa við búnaðinum um land alt, þá verður og hlýtur sú hjálp að fara að miklu leyti eftir skilyrðum hvers landshluta. Af hverju er veittur tilstyrkur til áveitu Þingbúa nyrðra? Af því menn halda, að hjer sje um framfarafyrirtæki að ræða. Býst jeg við, að svo muni standa á víða í Húnavatnssýslu. Aftur eru sumar aðrar sýslur landsins svo fátækar hvað jarðveginn snertir, að ekki er tiltækilegt að framkvæma slík fyrirtæki þar. Þessi styrkur hlýtur því ávalt að koma nokkuð misjafnt niður. Á öðrum tug aldarinnar, þegar fyrst komst hreyfing á þessi mál, þá benti þingið eðlilega fyrst á grasmestu sveitirnar hjer austanfjalls. Það ljet sjer ekki detta í hug að benda á Öræfin sem líklegasta tilraunastöð í þessum efnum. Og það var bara vegna þess, að jarðveg og landslagi er ekki svo háttað þar sem þörf er á, er auka skal grasræktina með ærnum kostnaði, svo sem stórum áveitufyrirtækjum. Þá ber þess að gæta, er um slík fyrirtæki er að ræða, að jarðrækt er yfirleitt mjög sein að borga sig, og ekki síst er henni er svo háttað sem hjer, verið að feta sig fram með tilraunum. Það er öðru máli að gegna þar en um fiskiveiðarnar, ef vel gengur. Hvað áveiturnar snertir, er líka á það að líta, að í rauninni er lítil sem engin reynsla fengin. Skeiðaáveitan er ekki fullgerð enn þá, og því ekki hægt að segja, hvern árangur hún ber. Um Miklavatnsmýraráveituna er það að segja, að hún mun varla verða mjög dýr og ætti að koma að góðum notum til jarðabóta. Er samkvæmt minni skoðun ekki annað að gera í þessu máli nú en að reyna að leiða það til farsællegra lykta.

Jeg hefi farið svo mörgum orðum um þetta vegna ræðu háttv. frsm. (ÞórJ). Þar gætti áreiðanlega misskilnings. Hann sagði meðal annars, að það liti svo út, sem afkoma manna væri ljelegust þar, sem landgæðin væru mest. Kastaði hann um leið fram þeirri spurningu, hvort orsökin til þessa myndi ekki vera sú, að menn væru hneigðastir til hóglífis þar sem skilyrðin væru best til að lifa. Jeg lít svo á, að hjer sje um ástæðulausa og ósæmilega aðdróttun að ræða. Mjer er best kunnugt um það, að bændur þarna austur frá vinna baki brotnu. Fólksfæðin hefir aukist þar, og verða þeir sjálfir því að leggja mjög hart að sjer til að geta framfleytt búunum. Er leiðinlegt að heyra slíka rökleiðslu koma fram á háttv. Alþingi Það er svo augljóst, hve hæpið það er og ranglátt að segja um mann, sem á örðugt uppdráttar, að það hljóti endilega að vera af

því, að hann sje slóði. Þær liggja líka sv í dagsbirtunni ástæðurnar til hins erfiða fjárhags eystra, á svipaðan hátt og á sjer stað um fjárþröng og basl víðar á landin að ekki þarf orðum að því að eyða, að öðru er um að kenna en sællífi eða slóðaskap.

Jón Þorláksson: Það er með hálfum hug að jeg tek þátt í umræðum um þetta mál, sem borið er fram af nefnd. Ástæður mínar fyrir þessu styðjast við þingreynslu, þó stutt sje, þá, að þegar nefnd ber fram frv. til stórra lagabálka, þá er ómögulegt að koma fram breytingum til umbóta, þó að gerðar sjeu af fullri vinsemd við málið sjálft. Þegar farið er að ræða umbætur á þesshättar frumvörpum, þá hleypur jafnan stífni í málið og hinir mörgu flutningsmenn þess skoða það sem andstöðu og óþarfa áleitni við sig, ef breytingar eru bornar fram. Og þó að þær sjeu fullkomlega í anda málsins, verður niðurstaðan sú, að þær ná ekki fram að ganga.

Það er sjerstök ástæða til að minnast á þetta nú, vegna þess, að á mínu fyrsta þingi, þegar rætt var um ríkisveðbankalögin, reyndi jeg að koma að breytingum við þau, sem þá var vísað á bug, meira af kappi en forsjá. En nú hefir landbúnaðarnefndin gert tilraun til að setja ákvæði inn í þetta frv., sem fara í sömu átt og brtt. mínar við ríkisveðbankalögin, en ná þó ekki eins langt. Það, sem jeg á við, er aðgreining á þeirri tvenskonar starfsemi bankans, að veita almenn fasteignaveðslán og lán til jarðræktar. Nú tekur landbúnaðarnefndin mikið af þessu upp í þetta ræktunarlagafrv., þar sem það á alls ekki heima. En þó er góðra gjalda vert, að hún hefir gert þetta. Ríkisveðbankinn er ekki kominn á laggirnar enn þá nje tekinn til starfa, og er því hægt að koma þessum ákvæðum að í lögunum um hann. En væri bankinn kominn á fót nú, þá hefði ekki verið hægt að hrófla við lögunum í þessu efni.

En samkvæmt reynslu minni, geri jeg mjer ekki von um, að það, sem jeg vil koma hjer að, verði tekið til greina.

Það, sem jeg vil fyrst minnast á, eru hin almennu ákvæði um stjórn og umsjón ræktunarmála. Það er í sjálfu sjer ekki mikil nýbreytni frá því, sem nú er, að það skuli vera lagt í hendur Búnaðarfjelags Íslands. En frv. segir ekki, hve langt á að ganga í þessu efni, og gerir ekki ljósa grein fyrir því, hvað sje ræktunarmál í þessu sambandi. Þess vegna vildi jeg biðja háttv. flm. um nokkrar upplýsingar því viðvíkjandi.

Jeg tók eftir því, að það andaði kalt í ræðu háttv. frsm. (ÞórJ) til hinna nýju vatnsvirkjafyrirtækja hjer austanfjalls. Hann gat þess, að ekki mætti ráðast í slík fyrirtæki, nema best mentuðu menn í þeim greinum hefðu umsjón með verkinu og undir handleiðslu Búnaðarfjelags Íslands. Nú vil jeg spyrja, hvort tilætlunin sje sú, að Búnaðarfjelagið stofni embætti handa verkfræðingi, með skrifstofuhaldi og fleiru, sem því til heyrir, sem væri fær um að standa fyrir öðrum eins mannvirkjum og hjer ræðir um. Sje það svo, skal jeg taka það fram, að hann mætti ekki verða ver settur en forstjórar þeir, sem ríkisstjórnin hefir sjer við hönd, svo sem vegamálastjóri og vitamálastjóri. Hann þarf að vera verkfræðingur, og það má ekki gera minni kröfur um hæfileika hans og reynslu heldur en gert er við val á forstjórum þeim, er jeg nefndi.

Eitt er það, að rækta gras og framleiða gróður úr jarðveginum, en annað er að undirbúa og veita forstöðu þessum stóru fyrirtækjum. Þar mega menn ekki

gleyma, að til þess þarf, auk reynslu og þekkingar, fylstu verkfræðingsmentun, og veit jeg engan búfræðiskóla á Norðurlöndum, sem gæti lagt til þá mentun, sem til slíkra framkvæmda þarf.

Jeg vona, að háttv. frsm. (ÞórJ) hafi skilið spurningu mína, um hvort ætlast sje til að stofna slíkt embætti; þá væri ekkert við því að segja. Um eftirlit Búnaðarfjelagsins með þessum málum er það að segja, að jeg álít betra, vegna þess hvað störfin eru víðáttumikil og margbrotin, að sameina allar verkfræðingaskrifstofur undir yfirstjórn landsstjórnarinnar. Það er ekki ætlun mín að veikja traust Búnaðarfjelags Íslands. En af því að hv. frsm. (ÞórJ) mintist á Miklavatnsmýraráveituna, skal jeg geta þess, að hún var í fyrstu undirbúin af Búnaðarfjelagi Íslands. En þegar það fór í handaskolum, þá var fyrst leitað til verkfræðings, sem landið hafði í þjónustu sinni. Síðan var verkið umbætt og nokkru síðar ákveðið, að það yrði aftur sett undir umsjón Búnaðarfjelagsins, þar eð ætlast var til, að þetta yrði áveitutilraun. Nú veit jeg ekki til, að eftirlit Búnaðarfjelagsins með þessu mannvirki hafi orðið að neinu gagni, eða að nokkrar áveitutilraunir hafi verið gerðar þarna fram að þessum tíma. Jeg heyrði, að háttvirtur framsögumaður (ÞórJ) gat þess, að áveituskurðurinn væri fullur af möl og sandi, hvaðan sem hann hefir haft það. Þetta er ekki rjett. — Það getur ávalt komið fyrir, að sandur safnist í slíka skurði. Á síðasta vori var kominn ofurlítill sandur í aðfærsluskurðinn, og var skorað á bændur að sýna það manndómsmerki að moka burt sandinum; og þeir hlupu til eina dagstund í fyrra vor og hreinsuðu skurðinn, svo að vatnið kom að nokkurnveginn notum í fyrra sumar. Þetta ætti ekki að vera ofverk áveitufjelagsins; en eftirlitið með því er slælegt. Að öðru leyti þótti mjer háttv. frsm. (ÞórJ) ekki sjerlega sanngjarn, að því er snertir kostnað þessara áveitufyrirtækja, einkum Skeiðaáveitunnar. Þegar hún var framkvæmd, stóð dýrtíðin sem hæst. Það er ósköp hægt eftir á að koma með álasanir og ávítanir til þeirra, sem gerðu kostnaðaráætlanir 1917. En hver er sá, sem þá gat sjeð fyrir dýrtíðina 1920? Við þessu er ekkert annað að gera en að taka því eins og öðrum óhöppum, sem menn leiddust út í í dýrtíðinni. Og í því ljósi verður að líta á þetta; hún á langsamlega mestan þátt í þessum mikla og óvænta kostnaði.

Þessu næst vil jeg minnast á ákvæði þessa frv. um jarðræktarlán. Jeg get ekki annað sagt en að það gleður mig, að hjer koma fram tillögur, sem fara alveg í sömu átt og þær, sem jeg hafði í huga og talaði um við manninn, sem undirbjó lögin um ríkisveðbankann. En þó er ekki gengið nógu hreint frá málefninu, enda er ekki fyllilega hægt að ná tilganginum, nema á þann hátt að breyta sjálfum ríkisveðbankalögunum. Gegn tillögu minni um skiftingu á fasteignaveðslánum og lánum til ræktunarfyrirtækja í tvo flokka var á þinginu 1921 flutt sú eina mótbára, að ef lánsstofnunin væri óskift og í einu lagi, mundi auðveldara að selja verðbrjef hennar á erlendum markaði. Þessi ástæða var ríkust í hugum manna 1921. En jeg efast um, að hún hafi eins mikið gildi nú. Jeg býst við, að þeir sjeu færri, sem telja nú ráðlegt að selja fasteignaverðbrjef erlendis. Flestir munu óska og álíta gætilegra að fá lán til ræktunarfyrirtækja innanlands. Jeg hygg því, að þessi mótbára sje nú fallin. Og vil jeg því skora á hæstv. stjórn og nefndina að athuga, hvort ekki muni betra að breyta bankalögunum, þann-

ig að jarðræktarlánin sjeu í sjerstakri deild, og gangi ræktunarsjóðurinn og kirkjujarðasjóðurinn til hennar. Þessa tilhögun væri eðlilegra að setja í bankalögin sjálf heldur en að hafa ákvæði í þessum lögum um það efni.

Þá vildi jeg minnast á ákvæði frv. um erfðafestulönd, en þarf þó ekki mikið um þau að ræða, vegna þess, að háttv. samþm. minn (JB) hefir gert það rækilega. Við undirbúning þessara laga er gengið fram hjá reynslunni í þeim efnum hjer í Reykjavík, þar sem búið er að rækta erfðafestulönd í ½ öld og mikil reynsla fengin um það, með hvaða skilyrðum menn eiga að fá lönd til ræktunar og hvernig slíkum skilmálum sje haganlegast fyrir komið, þannig að einstaklingar fái hvöt til að taka löndin, en hins vegar að bærinn hafi þann rjett yfir þeim, sem nauðsyn krefur. Það hefir komið fyrir, að erfðafestuskilmálarnir hafa staðið í vegi fyrir auknum og haganlegum byggingum í bænum, eins og sjá má af því, hvernig hann er bygður. Nú eru fyrir fáum árum prentaðir nýir erfðafestuskilmálar, bygðir á reynslu bæjarins. Þeir eru miklu hagkvæmari en ákvæði frv., og ætti því að taka þá til greina. Jeg álít, að það geti ekki komið til nokkurra mála að neyða Reykjavík til að leggja þá niður og taka við ákvæðum frv. í stað þeirra, sem hún nú vill hafa. Vona jeg, að nefndin taki þetta til athugunar.

Um tilraunanýbýlin skal jeg segja það sama og frv. ber með sjer, því að nefndin vill ekki, að farið sje lengra en nú er komið í því atriði. Jeg er henni sammála um það.

Alt þetta tal um nýbýli, sem gengur fjöllunum hærra síðari árin, eru aðeins hugarórar. Og þarf ekki annað en líta á skilyrði smábænda undanfarin ár; þó að jarðir þeirra sjeu hver um sig stærri og ódýrari en þau lönd, sem hjer um ræðir, þá bjóða þau ábúendum ekki hæfileg lífsskilyrði, svo að þeir geti þrifist, nema þar, sem önnur atvinna er stunduð *með*, t. d. sjávarútvegur o. fl. Það er ekki til neins að hugsa sjer, að búskaparhættir sjeu svo breyttir, að fjölskylda geti þrifist á búskap á 10 hektörum af landi. Ræktun landsins og annar undirbúningur er svo dýr nú, einnig húsabyggingar og fleira, sem á þarf að halda. Og þar sem undirbúningur þessara landa hefir kostað svo mikið, og auk þess verður sjerstaklega dýrt húsnæði, getur ekki komið til mála, að búskapur beri sig á þeim. Það gleður mig, að háttv. nefnd lítur rjett á þetta mál. Þó að jeg hafi gert þessar athugasemdir við erfðafestuskilyrðin í frv., einkum í sambandi við Reykjavík, þá skal jeg geta þess, að auðveldast er að reisa nýbýli og reka þau fyrst og fremst þar, sem hægast er að stunda sjávarútveg jafnframt. Nýbýli ættu einkum að vera í þorpum; þar á að hvetja menn til að byggja þau og búa. Erfðafestulögin ættu að vera til þess að gæta rjettinda almennings, og á hinn bóginn að hvetja einstaklingana til að taka lönd. Erfðafestuskilmálarnir hjer í Reykjavík fara í þessa átt. Það má ekki skilja orð mín svo, að jeg sje á móti nýbýlum, heldur vil jeg, að farið sje eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin um nýbýli og erfðafestulönd, og að teknir sjeu til greina þeir skilmálar, sem jeg hefi bent á.

Jeg ætlaði reyndar að minnast á fleira, en get látið það bíða þangað til síðar, að jeg fæ, ef til vill, tækifæri til þess.

Jakob Möller: Jeg get tekið undir með báðum háttv. samþm. mínum (JÞ og JB), að því er snertir 4. kafla lagafrv. þessa.

Ákvæði þau, er í honum eru, eiga ekki við á þessum stað. Mjer skilst þó svo, sem þetta hafi ekki mikla þýðingu í raun og veru, nema að formi til. Til þess að ráða bót á þessu, mun jeg gera að tillögu minni, að frv. þessu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til fjhn., til þess, að hún geti athugað samband þessa frv. við ríkisveðbankalögin; jeg veit ekki, hve vel háttv. landbn. hefir athugað þetta.

Í rauninni skilst mjer ekki, að það skifti nokkru verulegu, hvort svo er ákveðið, að fje ræktunarsjóðs og kirkjujarðasjóðs megi einungis lána til jarðræktarfyrirtækja. Ágreiningurinn 1921 milli mín og háttv. samþm. míns, 3. þm. Reykv. (JÞ), var ekki um það, heldur hitt, hvort stofna ætti tvo veðbanka, sem hvor hefði sínar tryggingar. Aðalverkefni sjóðanna gagnvart ríkisveðbankanum er það, að vera tryggingarfje hans. Og við eigum ráð á svo litlum tryggingum til slíkra hluta, að ekki má við að skifta þeim, og jeg hygg, að hugir manna sjeu þeir sömu um það enn eins og 1921.

Að þessu sinni ætla jeg mjer ekki að fara frekar út í þetta frv. Tilgangur minn með þessum orðum er aðeins sá, að óska þess, að frv. verði vísað til háttv. fjhn. til athugunar.

Frsm. (**Þórarinn Jónsson**): Það er nú orðið æðimargt, sem háttv. þingdm. hafa haft út á frv. þetta að setja. Býst jeg ekki við að svara hverju atriði í ræðu hvers þeirra fyrir sig, sem með aðfinslur hafa komið, því að ræður þeirra gripu þannig hver inn í aðra, að svar við einni er að nokkru svar við hinum líka. Sumar ræðurnar voru líka þannig fram settar, að vafi getur leikið á, út á hvað þær gengu.

Jeg er nú næstum búinn að gleyma ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), er hann hjelt, er frv. þetta var hjer fyrst til umr. Yfirleitt var hann frv. vilviljaður, en hreyfði því, að landbn. hefði, að hans dómi, gengið alt of skamt með breytingar á hinu upphaflega frv. Búnaðarfjelagsins.

Landbn. var kunnugt um það, er hún hafði frv. til meðferðar, að hæstv. atvrh. var ekki vel ánægður með sum ákvæði frv. og að hann vildi gjarnan fá því breytt, sjerstaklega í þá átt, að skipun jarðræktarmála yrði framvegis svipuð tilhöguninni, sem nú er á vega- og vitamálum. En nefndin sá fram á, að með þeim breytingum mundi Búnaðarfjelag Íslands ekki geta starfað framvegis á þeim grundvelli, sem það hefir gert hingað til. En þar sem þetta fjelag er nú orðið öflugt og hefir unnið sjer fult traust manna um land alt, vildi nefndin ekki verða til þess að veikja það á neinn hátt. Nefndin áleit líka, að sama marki, sem vakti fyrir hæstv. atvrh. (KlJ), yrði náð með því, sem hún gerði að skilyrði fyrir fylgi sínu við frv., að fyrirkomulagi Búnaðarfjelagsins yrði breytt á þann hátt, að atvinnumálaráðuneytið fái rjett til þess að skipa tvo menn í stjórn þess, eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis. Þannig fengi atvinnumálaráðuneytið, auk þess, sem það hefir yfirstjórn ræktunarmála samkvæmt 1. gr. frv., íhlutunarrjett ásamt þinginu um störf þau, er Búnaðarfjelagið á að annast.

Einnig var nefndinni ljóst, að framkvæmdarstjóri sá, sem stjórn Búnaðarfjelagsins kýs, verður eins settur gagnvart atvinnumálaráðherra sem vega- og vitamálastjórar. Fer það einnig í sömu átt og óskir hæstv. atvrh. (KlJ). Nú hefir Búnaðarfjelag Íslands gengið inn á þessar till. landbn. um tilhögun á stjórn fjelagsins. Er það aðallega vegna þess, að fjelagið álítur framgang þessa máls svo þýðingar-

mikinn, að rjett sje að slaka til og sleppa þessum rjetti sínum. Er það líka sanngjarnt, að þegar svona mikið fje er veitt úr ríkissjóði til þessara mála, þá fái stjórnin íhlutunarrjett um meðferð þess.

Þá mintist hæstv. atvrh. (KlJ) á ríkisveðbankann og samband 4. kafla frv. við ríkisveðbankalögin. Nefndin var svo óheppin, að í henni á enginn lögfræðingur sæti, svo að vera má, að út frá því sjónarmiði sje eitthvað hægt að setja út á frv. Viðvíkjandi þessari hlið málsins þóttist þó nefndin hafa nokkra tryggingu í því, að við samning upphaflega frv. aðstoðaði lögfræðingur, að tilhlutun Búnaðarfjelags Íslands. Jeg skal játa það, að fljótt á litið getur virst einkennilegt að setja þessi ákvæði um lán úr veðbankanum inn í jarðræktarlögin. En nánar aðgætt er í rauninni ekkert við þetta að athuga. Því er oft svo varið, að yngri lög breyta oft meira eða minna eldri lögum, eða eru sett til viðbótar ákvæðum í þeim. Má t. d. benda á það ákvæði, sem oft er sett í lög, að með þeim sjeu numin úr gildi öll ákvæði í eldri lögum, er kunna að fara í bága við þessi lög. Ákvæði laga um það, hvaða eldri lögum þau breyti, eru því sjaldan tæmandi. Nefndin gat því ekki sjeð neitt athugavert við það, þó þetta ákvæði standi í jarðræktarlögunum, heldur fanst henni fyllilega rjettmætt að hafa það þarna, þar sem líka er tekið fram í 12. gr. nefndra laga, að nánar verði tekið fram um þessi atriði í reglugerð. Þetta gæti því verið sem nokkurskonar reglugerð, er bankanum bæri að fara eftir.

Þá er það þriðja atriðið, sem hæstv. atvrh. (KlJ) mintist á, um vjelayrkjuna. Spurði hann, hvort meiningin væri, að fje til kaupa og starfrækslu jarðræktarvjela eigi að koma úr ríkissjóði. Já; það er beinlínis ákveðið í frv., að svo eigi að vera. Nefndin vill þó eigi, að langt sje gengið fyrst um sinn með kaup á jarðræktarvjelum, fyr en reynslan hefir skorið úr, hversu nothæfar þær eru og vel þær henta hjer; og sökum þess, hve reynslan er lítil enn, en verkfærin dýr, leggur hún til, að þeim verði ekki fjölgað meir að sinni.

Um fjárveitinguna úr ríkissjóði til þessa liðs skal jeg geta þess, að ætlast er til, að hún sje aðeins til bráðabirgða, uns nýr sjóður, vjelasjóður, hefir verið stofnaður og er orðinn það stór, að hann getur tekið þessi fjárframlög að sjer.

Fleira held jeg, að hafi ekki verið í ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), sem jeg þarf að svara. En þá var það háttv. 2. þm. Reykv. (JB), sem jeg þarf að snúa mjer að lítið eitt. Því, sem hann mintist á viðvíkjandi 4. kafla frv. og ríkisveðbankanum, hefi jeg nú þegar svarað og þarf ekki að fara nánar út í það.

Viðvíkjandi erfðafestulöndum get jeg tekið fram, að nefndin kynti sjer ekki sjerstaklega þær reglur, er farið er eftir hjer í Reykjavík, svo að vera má, að eitthvert misrjetti komi fram. En bæjarstjórnin gaf nefndinni ekkert tilefni til þess að athuga þetta, og nefndin er fús til að kynna sjer þetta atriði.

Þá vík jeg að ræðu háttv. 1. þm. Árn. (EE). Ræða hans var nú þannig, að jeg gat ekki gripið föstum tökum á neinu hjá honum. Þó heyrði jeg, að kalt andaði til mín í ræðu hans fyrir það, að mjer skildist, að jeg væri andstæður stórfyrirtækjunum austan fjalls. Því var fjarri, að jeg vildi á nokkurn hátt álasa bændum þar í þessu sambandi, en talaði

einungis um, hve nauðsynlegur væri góður undirbúningur og fyrirhyggja, þegar um slík fyrirtæki sem þessi er að ræða, sem miljónum króna er varið til.

Jeg skal ekki fara mikið inn á Skeiðaáveituna nú, nje þann mikla kostnað sem við hana hefir orðið fram yfir það, sem áætlað var, nje heldur hvort sá kostnaður er sök þeirra, er áætlunina gerðu í upphafi. En þótt jeg taki undir eitt ræður þeirra háttv. 1. þm. Árn. (EE) og háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) og viðurkenni, að 1917 hafi ekki verið hægt að sjá fyrir dýrtíðina 1920, þá álít jeg þó, að sjá hefði mátt fyrir þessa „óbilgjörnu klöpp", sem háttv. 1. þm. Árn. (EE) talaði um, að tefði svo verkið og mestum kostnaði hefði valdið. Þar ætla jeg, að sje um vítavert athugaleysi að ræða af hendi þeirra, er áætlunina gerðu. Við það þurfti einungis rannsókn, en enga spádóma.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) taldi Búnaðarfjelagi Íslands ófært að standa fyrir slíkum fyrirtækjum sem þessum, nema það rjeði verkfræðing í þjónustu sína, því að það hefði ekki nægilega vel mentaða menn á því sviði. Jeg skal ekki þrátta um þetta, en fjelagið hefir nú í þjónustu sinni mann, sem er sjerfræðingur í vatnsveitu og öðru, er að áveitum lýtur.

Hvað viðvíkur Miklavatnsmýraráveitunni, sem átti að vera tilraunaáveita, þá er það alls ekki rjett hjá háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), að Búnaðarfjelaginu hafi verið falin framkvæmd hennar, og því síður viðhald.

Þar sem nú er svo komið, að áhugi manna fyrir þessu fyrirtæki er dauður og skurðirnir fyltir af sandi, þá ber það vott um, að árangurinn hafi ekki orðið sá, sem upphaflega var ætlast til. Hv. 1. þm. Árn. (EE) tók fram, að einhver yfirumsjón þyrfti að vera með þessum framkvæmdum. Reyndar skildi jeg nú ekki altaf, hvað háttv. þm. (EE) var að fara, en þetta virtist mjer þó, að hann áliti aðalnauðsynina. Það er nú alveg óþarft fyrir háttv. þm. (EE) að vera að fárast út af þessu, því að í frv. er tekið fram skýrum orðum, að Búnaðarfjelag Íslands eigi að hafa það. Telur nefndin líka best fara á því og að umsjóninni sje vel borgið í höndum þess fjelags. Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) skaut því fram í sambandi við þetta, að stofna þyrfti nýja stöðu við Búnaðarfjelagið til þess að hafa þessar framkvæmdir á hendi.

Það er ekki ætlun nefndarinnar, að til þess þurfi að koma, að stofna þurfi nýja stöðu, þó að lægi fyrir að vinna að fleiri stórvirkjum en þegar hefir verið byrjað á. Búnaðarfjelagið hefir ýmsa færa menn í þjónustu sinni, þó að ef til vill skorti á, að þeir geti að öllu leyti leyst af hendi störf verkfræðinga. En jeg býst við, að það yrði að engu leyti lakara eða dýrara, þó að Búnaðarfjelagið yrði að leita stundum út fyrir takmörk sín og fá verkfræðinga til að veita einhverjum stórfyrirtækjum forstöðu. Fyrir nefndinni vakti sjerstaklega, að með þessu móti fæst meiri festa í allar framkvæmdir, þar sem umsjón verkanna er lögð í hendur Búnaðarfjelagsins.

Háttv. 1. þm. Árn. (EE) gat um það í sambandi við þau miklu fyrirtæki, er Sunnlendingar hafa með höndum, að jeg hefði lagt sjerstaklega á móti þeim og kent bændum þau mistök, sem þar hafa orðið. Þetta er hreinasti misskilningur og rangt farið með orð mín. Háttv. þm. (EE) sagði, að þingið hefði styrkt fleiri svipuð fyrirtæki og kvaðst geta bent á hliðstætt

dæmi, þar sem væri tilstyrkur sá, er Þingbúum er veittur til vatnsveitu. En áveitufjelag Þingbúa hefir hvorki sótt um styrk nje fengið, heldur hefir verið samþykt lánsheimild til handa þeim. Þingbúar hafa unnið þetta verk algerlega á eigin spýtur og snúa sjer nú til þingsins með beiðni um lán með hagkvæmum kjörum. Háttv. þm. (EE) getur verið sannfærður um, að ef lánskjör væru ekki eins erfið sem nú er, hefði þetta áveitufjelag aldrei leitað til þingsins um lán. (*EE*: Síður en svo, að jeg telji það eftir).

Þá talaði háttv. 1. þm. Árn. (EE) um, að þessi ríkissjóðsstyrkur, sem frv. fer fram á, myndi koma æðimisjafnt niður á sveitir landsins. Ýms hjeruð mundu alls ekki geta notið hans, og nefndi hann til dæmis Öræfasveit í Austur-Skaftafellssýslu; kvað hann þar ekki vera annað en harðbala. (*EE*: Jeg nefndi Öræfin sem dæmi vegna nafnsins, en gat ekki um neina harðbala). Mjer skildist, að háttv. þm. (EE) hefði gert rannsókn í þessu efni og komist að þeirri niðurstöðu, að um nokkrar framkvæmdir í jarðrækt gæti þar ekki verið að ræða. Jeg hafði þó hugsað, að þarna væri vel hægt að framkvæma einhverjar jarðabætur. Þessar og þvílíkar röksemdir, sem eiga að sýna fram á, að hjer sje ekki verið að fara rjetta leið og öllum hjeruðum sje ekki gert jafnhátt undir höfði, bera vott um svo mikla fákunnandi, að þær eru ekki svaraverðar.

Sami háttv. þm. (EE) sagði og, að jeg hefði tekið fram í framsöguræðu minni, og sagt sem ámæli til Sunnlendinga, að því meiru sem þeir kostuðu upp á land sitt, því verri yrði afkoman. Þetta hefir mjer aldrei komið til hugar að segja, og því síður hefi jeg sagt það. Jeg tók það fram, og það í engu sambandi við þessi stórfyrirtæki Sunnlendinga, að það liti nærri því svo út, að þar, sem menn virtust standa best að vígi um landskosti, væri afkoma engu betri en þar, sem menn yrðu að rækta upp móa og mela. Til þess þyrfti dugnað og atorkusemi, en af hinu gæti auðveldlega leitt hóglífi. Það er fjarri mjer að ámæla bændum þeim, sem hlut eiga að máli, að þeir hafa reynt að hrinda þessum stórvirkjum í framkvæmd. Þeir hafa enga sjerþekkingu í þessu efni og verða að reiða sig á það, sem verkfróðir menn segja. Það hefir verið talið vinnandi verk að framkvæma þessar umbætur, og því eðlilegt, að bændur hafi tekið undir það. En hinu held jeg fram, að jeg hefi ekki fengið enn þá sannanir fyrir, að menn sjeu hjer á rjettri leið. Fyrir mjer vakir, að ýmislegt geti komið fram, er sýni og sanni, að hjer hefir verið of fljótt og geyst af stað farið, án þess að rannsóknir og tilraunir í smærri stíl hafi verið gerðar til hlítar. Mjer þætti vænt um, ef reyndin yrði sú þegar til kemur, að unt væri að segja, að þessi stórfyrirtæki borguðu sig og lyftu þessum sveitum á hærra menningarstig og þroska. En það hefir þegar komið í ljós, að þessi fyrirtæki eru að ofþjaka búendur í þessum hjeruðum, og verður tæplega hjá því komist, að ríkissjóður eða bankar verði að hlaupa undir bagga og leggja fram fje til þess að halda bændum við. Jeg á hjer einkum við Skeiðaáveituna. Um vatnsþurkunina fyrir austan tók jeg fram, að þó að um mikið fje væri að ræða, þá ætti að verja því til að vernda frjósamt land, og mætti því síður um það tala, þó að jeg hafi ekki trú á, að það komi að fullum notum.

Það kann að vera, að jeg hafi gleymt að svara einhverju í ræðu háttv. 1. þm. Árn. (EE), en þau atriði munu ekki svo

áríðandi, að það komi að baga. Á jeg þá aðeins eftir að minnast með þakklæti á það, hvernig háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) tók í þann kafla frv., er ræðir um jarðræktarlán. Jeg vildi helst óska, að jeg gæti sannfært háttv. þm. (JÞ) um það, að þessi kafli mætti standa þarna, en þyrfti ekki að koma inn í lögin um ríkisveðbanka. Háttv. þm. (JÞ) hefir altaf barist fyrir, að landbúnaðurinn fái að njóta þeirra sjóða, er í þann banka eiga að renna, og um leið og jeg þakka honum fyrir það, vil jeg lýsa yfir, að jeg er þ algerlega sammála honum.

Þá mintist háttv. þm. (JÞ) á nýbýlin, og er sammála landbn. Nefndin vill ekki ganga lengra en þetta, og er vafasam. hvort hún hefði gengið svo langt, ef ekki hefði þegar verið byrjað á tilraunum. Nefndin áleit rangt að gera þær tilraunir að engu, þar sem talsverðu fje hefir verið varið til þeirra, en reynsla ekki fengin enn þá.

Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) mintist líka á þennan margumrædda lánveitingakafla og bar fram tillögu um að vísa málinu til fjhn. Jeg veit ekki hvers vegna hv. fjhn. þyrfti sjerstaklega að fjalla um þetta mál. Nefndin getur komið fram áhrifum sínum á annan veg, þó að málinu sje ekki vísað til hennar; henni er innan handar að koma á fund með landbn. og ræða málið við hana. Í þessu sambandi skal jeg geta þess, að jeg get ekki fallist á það, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði, að ekki geti verið að ræða um að bera fram brtt. við frv., þar sem það væri flutt af nefnd. Nefndin vill fúslega leyfa einstökum þm. að koma á fund með sjer og ræða brtt., er þeir kunna að vilja koma fram, og taka þær til greina, eftir því sem hún frekast getur. Sama vil jeg taka fram við hv. 1. þm. Reykv. (JakM), en jeg skoða tillögu hans komna fram til þess að tefja fyrir málinu. Ef tilgang hennar er annar, má ná honum á annan hátt. Jeg óska því, að málið verði ekki tafið með þessu, en háttv. fjhn. getur hæglega rætt það í viðtali við landbn.

Jakob Möller: Jeg bar fram tillögu mína af þeirri ástæðu, að í frv. er blandað saman tvenskonar málum. Frv. er samkvæmt efni sínu aðallega verkefni háttv. landbn., að því leyti, sem það er landbúnaðarmál, en einn kafli þess snertir verkefni þau, sem fjhn. er sjerstaklega falið að fjalla um. Tillaga mín er því bygð á fullum rökum. Hún mundi og ekki verða til þess að tefja fyrir málinu, því að jeg býst við, að hv. þm. muni viðurkenna, að deildin hefir fyrirliggjandi svo mikið verk að vinna, að ekkert sje að óttast. Að það hafi ekki sjerstaka þýðingu, að fjhn. fái í heild sinni að fjalla um málið, er mikill misskilningur, og gæti það varðað miklu fyrir málið. Jeg ætlast til, að fjhn. athugi, hvort lánakaflinn færi að nokkru leyti í bága við lögin um ríkisveðbanka. En það hefir alls ekki sömu þýðingu, hvaða skoðun einstakir nefndarmenn láta uppi eins og álit nefndarinnar í heild sinni. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg álíti eftir fljótlega athugun, að frv. brjóti í bág við ríkisveðbankalögin. Niðurstaðan verður að líkindum alveg gagnstæð. Þetta gæti því fremur orðið málinu til góðs, en að svo stöddu get jeg ekki lofað því fylgi, ef tillaga mín nær ekki að ganga fram.

Jón Þorláksson: Út af orðum háttv. frsm. (ÞórJ) um Miklavatnsmýraráveituna og Búnaðarfjelagið skal jeg geta þess, að alt, sem jeg sagði, er rjett. Það eru til skjalleg skilríki fyrir því; jeg

hefi þau að vísu ekki við hendina, svo að jeg get ekki lesið upp úr þeim, en þau er altaf unt að finna.

Það er satt, að áhuginn er daufur hjá bændum þeim, er hlut eiga að máli, og er það að mestu leyti þeim sjálfum að kenna. En þó má finna ástæður til þess. Þó að áveitan hafi ekki tekist eins vel og æskilegt hefði verið, hafa bændur á þessum afskekta stað fengið af henni meiri slægjur en þeir þurfa að nota sjálfir. Þetta kann að eiga sinn þátt í því, að þeir hafa ekki sint þessu fyrirtæki meir. Það væri því gott, ef ýtt væri undir þá, t. d. af hálfu Búnaðarfjelagsins, að halda þessu mannvirki svo við, að það komi að fullum notum.

Jeg skal ekki fara út í umræðurnar um Skeiðaáveituna. Það er rjett, að allmikill ófyrirsjeður kostnaður hefir komið fram. En ekki má ganga fram hjá því, að sá kostnaður stafar meira af verðhækkun vegna dýrtíðarinnar heldur en af þeirri óbilgjörnu klöpp, er hv. 1. þm. Árn. (EE) varð svo tíðrætt um. Hvar upptökin eru að því, að nógu nákvæm rannsókn var ekki gerð, gæti jeg skýrt fyrir hv. deild, en hjer er ekki staður til að halda fyrirlestur um það efni, og skal jeg því sleppa því. (*BJ*: Vill hv. þm. ekki skýra frá því?) Þar sem hv. þm. Dala. (BJ) óskar þess, get jeg vel orðið við tilmælum hans. Það getur ef til vill haft einhverja þýðingu, að hv. þingmenn og hæstv. atvrh. (KlJ) fái að heyra, hvernig í þessu liggur.

Þegar slík stórfyrirtæki eru á döfinni, er jafnan einhver verkfræðingur fenginn til þess að framkvæma bráðabirgðarannsókn á skömmum tíma og með litlum kostnaði og gera kostnaðaráætlun, svo að hlutaðeigendur geti áttað sig á fyrirtækinu og ákveðið, hvort ráðast skuli í verkið. Þetta er það, sem á verkfræðingamáli er kallað frumdrættir, eða á slæmri íslensku bráðabirgðaprójekt. Eftir þessari áætlun eru teknar allar ákvarðanir um verkið, og síðan er komið til einhvers verkfræðings, oft og tíðum annars en þess, er gerði frumrannsóknina, sagt að nú sje fengið fje til fyrirtækisins og hann beðinn að framkvæma verkið og byrja strax. En þá má ekki fella niður nauðsynlegan lið, sem er, að gera fullnaðarrannsókn og áætlun, eða „detailprojekt", sem alment er kallað. Þá hefir verkið verið ákveðið og þá er alvaran framundan. Þegar bráðabirgðaáætlun er gerð, vita menn venjulega ekki, hvort verkið verður framkvæmt á nálægum tíma og ekki auðið að gera allar nauðsynlegar rannsóknir. Þessi fullnaðarrannsókn á að leiða í ljós, hvort ekki þurfi að breyta frumdráttunum. Kemur þá undantekningarlaust í ljós, að það fer betur að breyta þeim í einhverju. Venjulega þarf það ekki að hækka áætlunina; það kemur oft í ljós, að breyta má til batnaðar og sparnaðar. Og þar sem fjárveiting er fengin og fje er nóg til þessarar rannsóknar, hefir verkfræðingur sá, er framkvæmir fullnaðaráætlunina, enga afsökun.

Að Skeiðaáveitunni hafa ýmsir menn framkvæmt bráðabirgðarannsóknina Einstakir menn, er stóðu að málinu, og landsstjórnin komu svo árið 1917 til landsverkfræðings og fóru fram á, að hann ljeti byrja á verkinu þegar í stað. Má ef til vill leggja sök á þann verkfræðing, að hann skyldi taka verkið að sjer án þess að fullnaðarrannsókn væri gerð. En að sprengja þurfti þessa margumræddu klöpp, má ekki gefa þeim að sök, er framkvæmdu bráðabirgðarannsóknina. Hefði fullnaðarrannsókn verið gerð,

mundi þessi klöpp hafa fundist, og hefði þá ef til vill mátt víkja skurðinum fram hjá henni. En þetta er sagt um undirbúning þessa máls til lærdóms og viðvörunar þeim, sem eiga að stjórna slíkum verkum, og þetta er ekki eins dæmi, heldur er hjer á landi venjulega farið þannig að.

Háttv. frsm. (ÞórJ) hafði það eftir einum af ráðunautum Búnaðarfjelagsins, að hann skildi ekki í því, að nokkur maður hjer á landi væri fær um eða vildi taka að sjer ábyrgðina á Flóaáveitunni. Þetta eru dularfull ummæli. Það má benda á þá, sem tóku að sjer ábyrgðina á framkvæmd verksins, og auk þess aðra, er fúsir voru til þess, þó að það atvikaðist svo, að þeir gerðu það ekki. Jarðeigendur hafa tekið á sig fjárhagsábyrgðina að ¾ hlutum; líta þeir svo á, að trygging sje fyrir, að þeir fái næga uppskeru, ef vatninu verður náð inn á lönd þeirra. Þeir eru því óragir; en það má vera, að sá framkvæmdavilji og ljettúð, er greip alla menn á uppgangsárunum, hafi átt þátt í þessu, og að menn hafi verið örari árið 1921, þegar framkvæmd verksins var afráðin, heldur en fyrir ófriðinn. Þeir hugsuðu hátt og lögðu út í verkið með miklum áhuga. Þeir gerðu ráð fyrir, að áveitan yrði að minsta kosti þrisvar sinnum dýrari en áætlað hafði verið fyrir ófriðinn; og með það fyrir augum rjeðust þeir í að framkvæma verkið. Um forstöðu verksins neita jeg ekki, að jeg hefi að nokkru leyti tekið á mig ábyrgðina, þar sem jeg er framkvæmdarstjóri þess, og sú stjórn, er afrjeð, að hefja skyldi verkið, á sinn þátt í ábyrgðinni. Einnig var Búnaðarfjelagið reiðubúið að taka á sig ábyrgðina, þar sem það bauð stjórninni að takast á hendur forstöðu verksins. Getur verið, að ráðunautar Búnaðarfjelagsins undrist eitthvað í þessu máli, en það munu þó tæplega vera þau atriði, er Búnaðarfjelagið bauðst til að taka ábyrgðina á. En að farið hafi verið rjett að í öllum greinum frá upphafi, skal jeg enga ábyrgð taka á, enda yrði langt að bíða verklegra framkvæmda hjer á landi, ef svo ætti að ganga frá öllum undirbúningi, að menn gætu verið vissir um, að ekki yrði fundið að neinu með rökum eftir á.

En það, sem jeg sjerstaklega spurði um, var það, hvort tilætlunin væri, að Búnaðarfjelagið fengi í sína þjónustu verkfræðing, sem fær væri að veita svona fyrirtækjum forstöðu; sjerstaklega á jeg þar við forstöðu vatnavirkjunarinnar í Rangárvallasýslu, sem enn er ekki byrjuð, en ákveðin með lögum og er eitthvert vandasamasta mannvirki, sem fyrirhugað er á þessu landi.

Háttv. frsm. (ÞórJ) gaf það svar, að Búnaðarfjelaginu væri ætluð forstaðan, en svo gæti það tekið verkfræðing sjer til aðstoðar.

Út af þessu svari háttv. frsm. (ÞórJ) vil jeg taka það fram, að jeg álít það algerlega óforsvaranlegt að leggja framkvæmd stjórnarinnar á þessu verki í hendur manna, sem ekki eru verkinu vaxnir og ekki kunna að velja sjer mann til aðstoðar. Það þarf að vanda til valsins á þessum manni, ekki síður en þeirra manna, er hafa vega- og vitamálin með höndum, og hann þarf að hafa söma aðstöðu og þeir til að lifa sig inn í starf sitt og verkahring. Því má hjer ekki fá neina hlaupamenn. Það gæti orðið til ómetanlegs tjóns þessum málum.

Bjarni Jónsson: Jeg heyrði, að háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sagði, að jeg hefði skorað á sig að koma með skýringu

sína. Það var rjett; jeg vildi, að það sanna kæmi í ljós. Jeg hjelt því fram í fjvn., að áætlunin yfir Skeiðaáveituna hefði verið mjög nákvæm. Er ætíð rjett að rjett mál komi fram. Og þótt háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) sendi mjer stundum hnútur út af sjálfstæðismálunum, þá vil jeg ekki þar fyrir, að hann eða aðrir verkfræðingar sæti ámæli eða ásökunum fyrir það, sem þeir hafa vel gert, eða það, sem þeir eiga enga sök á.

Eiríkur Einarsson: Jeg vil þakka hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) góðan skilning á áveitumálunum og samúð hans með þeim. En jafnframt vil jeg grípa tækifærið til að minnast á atriði, sem fram komu í ræðu hans. Hann talaði um tvær áætlanir, bráðabirgðaáætlun og svo þá endanlegu áætlun. Það er nú vitanlegt, að þegar Skeiðaáveitan var byrjuð, lá aðeins fyrir þessi bráðabirgðaáætlun, sem bygð var á bráðabirgðarannsókn. En nú vil jeg spyrja: Hví var hrapað að verkinu, áður en fullnaðarrannsókn fór fram, og bændur ekki látnir vita, að á hinni framkvæmdu rannsókn væri ekki byggjandi? Hefði það verið gert, myndi Skeiðaáveitan t. d. ekki orðin það vandræðamál, sem raun er á.

Mjer sýnist því auðsætt, að sökin á þessu liggur ekki á baki bænda, — þeir eru ekki faglærðir í þessum efnum og hafa engin tök á að sjá, hvort rannsóknin er nægileg.

Að þessari áætlun unnu 3 verkfræðingar og í krafti síðustu áætlunarinnar voru veittar 26 þús. kr., eða ¼ áætlaðs kostnaðar, til að byrja á verkinu. Var því ekki nema eðlilegt, að bændur treystu á þetta fyrirtæki, þegar hið opinbera tók þessa afstöðu til verksins.

Jeg skal játa það, að dýrtíðin átti sinn þátt í hinum mikla kostnaði, sem orðið hefir af verkinu; en jeg get ekki fallist á, að klöppin hafi verið lítill þáttur í kostnaðaraukningunni.

Sumurin 1921 og 1922 unnu verkaflokkarnir við að sprengja hana og gekk mjög erfiðlega. Enda reyndist kostnaðurinn við hana 14 sinnum meiri en áætlað var, eða á annað hundrað þús. kr., í stað tíu þús., sem áætlað var. Er það ekki verulegur kostnaðarauki?

Jeg get því ekki tekið undir það með háttv. þm. Dala. (BJ), að áætlunin hafi verið mjög nákvæm. En sjálfsagt hafa mennirnir framkvæmt hana eftir bestu vitund.

En því hefi jeg viljað taka þetta fram, að jeg vildi sýna, að bændur bæru enga sök á, hvernig hjer er komið. Mundi hafa mátt sneiða hjá mörgu af því, sem kostnaðinum hefir valdið, ef fullnaðarrannsókn verksins hefði fram farið áður en byrjað var á því.

Um Flóaáveituna vil jeg taka fram, að það var almennur áhugi á því, að byrjað yrði á verkinu. Ríkissjóður lofaði að leggja fram ¼ hluta kostnaðar, og við það styrktust vonir manna á þessu fyrirtæki. En þess er ekki að vænta, að bændur hafi eða geti haft heildaryfirlit yfir þetta verk; til þess er fyrirtækið alt of stórt.

Háttv. frsm. (ÞórJ) þarf jeg fáu að svara. Hann hefir nú sjálfur leitast við að draga alla beiskjuna úr ásökunum sínum til Sunnlendinga. Það er líka það besta. Þótt Búnaðarfjelaginu sje ætluð til frambúðar yfirumsjón málefna landbúnaðarins, þá bætir það ekki skakkaföll, sem hlotist hafa af eftirlitsleysi á liðnum árum. — Í bjargleysisástandi vill

háttv. þm. (ÞórJ) gera sjer mat úr dæminu, er jeg nefndi til samanburðar, um Öræfin; jeg skal játa, að rjettara myndi að nefna þar Gerðahreppinn hjer á Suðurnesjum. Þinginu er hann í svo fersku minni. Jeg sagði ekki, að Þingbúar hefðu fengið styrk; þeir njóta tilstyrks þingsins, eins og jeg sagði, með láninu, er þeim er sjeð fyrir af þinginu.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) endurnýjaði þá ósk sína, að málinu yrði vísað til háttv. fjhn. Jeg vonast til, að ekki verði tafið fyrir málinu á þennan hátt, heldur reyni nefndin að koma fram breytingum sínum, ef einhverjar kunna að vera, í samráði við landbn.

Háttvirtur 3. þingmaður Reykv. (JÞ) gaf upplýsingar um það, hvað valdið hefði því, að Skeiðaáveitan tókst illa til. Það var gott að fá þær upplýsingar. Þær sýna ótvírætt, hve oft er hætt við því, að þeim mönnum, sem fyrir fyrirtækjunum standa, skjátlist. Hann sagði, að fyrst væri gerð bráðabirgðaáætlun, og eftir þeirri rannsókn eða áætlun væri venjulega farið, en endanlegri áætlun slept. Og þannig hefði verið einnig að farið við Skeiðaáveituna; venjunni hefði verið fylgt. Það hefir því ekki verið kastað höndum að þessu meira en venja er til.

En það er dálítið ömurlegt að heyra þetta. Jeg hafði þá trú, að verkfræðingar framkvæmdu ekki verkið fyr en al væri rannsakað, sem rannsaka þyrfti. Og jeg tel, að það sje lítt verjandi að byrja án þess. Það er auðvitað vitanlegt, að þessir menn bera ekki ábyrgð verksins; hún lendir á hlutaðeigandi bændum og stjórninni, en í raun rjettri eiga verkfræðingarnir hjer allmikla sök.

Áður en stjórnin ákveður, að verkið skuli framkvæmt, þarf nákvæm rannsókn að fara fram á því, hvort verkið ofbjóði ekki hlutaðeigendum og sligi þá fjárhagslega. Það eitt er ekki nóg, að sjáanlegt sje, að hægt sje að framkvæma verkið fjárhagsins vegna í svip.

Sjái stjórnin, að mikil líkindi sjeu fyrir því, að verkið verði hlutaðeigendum ofviða, er óverjandi að byrja á því. Það er engan veginn nægilegt, þótt ríkissjóður fái næga tryggingu fyrir framlögum sínum, ef þeir, sem verksins eiga að njóta, eru gerðir ómögulegir með því og aldrei verður hægt að gera það fje rentubært, sem í það hefir verið lagt.

Þetta tel jeg einmitt stærsta atriði málsins, og athugun þessa hvílir á þeim, sem eiga að undirbúa verkið og gera áætlun um það. Hv. þm. (JÞ) sagði einnig, að bændur hefðu haft reynslu af vatninu og þekt frjómagn þess. Jeg veit, að þessi hv. þm. skilur það miklu betur en jeg, að bændum er enginn kostur á að rannsaka þetta svo fulltrygt sje. Þótt þeir sjái, að vatnið sje gott á einum stað, er engin vissa fyrir því, að það sje svo á öðrum stöðum. Áhrif þess eru undir jarðveginum komin. Sumstaðar getur það skolað nauðsynlegum frjóefnum burtu og sumstaðar getur of mikill kuldi stafað af því. Alt þetta þarf að athugast nákvæmlega áður en í fyrirtækið er ráðist. Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) má ekki skilja þetta svo, að jeg sje að tala um, að hann beri ábyrgð á því verki, sem hann er settur til að framkvæma aðeins. En jeg held, út af ummælum þessa hv. þm. (JÞ), að Búnaðarfjelagið geti fult svo vel sem stjórnin fengið hæfan mann til að standa fyrir framkvæmd þessara verka. Sá maður er ábyrg arlaus, nema um framkvæmdina eina. Mjer sýnist því ekkert að athuga við

það, þótt Búnaðarfjelagið byðist til þess að taka þessa framkvæmd að sjer því að með því tók það enga ábyrgð á sig á því, hvernig áætlunin var gerð eða hversu vel þetta mál var undirbúið og athugað.

Háttv. þm. (JÞ) viðurkendi það, að áhuginn hjá þeim, sem að Miklavatnsmýraráveitunni eiga að búa, væri daufur. Og það er víst alveg rjett. En hann sagði einnig, að þeir hefðu miklu meiri slægjur en þeir gætu notað, og þetta ætti máske sinn þátt í áhugaleysinu. En er nú ekki ástæða til að spyrja, hvort nauðsyn hafi verið til að ráðast í þetta, þegar það kemur upp úr kafinu, að menn hafa ekkert með þetta að gera, geta ekki notfært sjer það?

Og nú er svo komið, að engin líkindi eru á því, að þeir geti staðist kostnaðinn af þessu, nema ríkið hlaupi undir bagga með þeim. Hann sagði, að eftir frv. ætti Búnaðarfjelagið að hafa umsjón áveitumálanna eða forstöðu. Frv. tekur nú ekkert fram um þetta, en auðvitað er þetta einn þáttur jarðræktarinnar, og mun því koma síðar. En jeg fæ ekkert sjeð því til fyrirstöðu, að Búnaðarfjelaginu sje falin framkvæmd þessara verka, enda þótt það hafi ekki altaf fasta menn í þjónustu sinni til að gegna þeim. Það getur engu síður ráðið menn um stundarsakir til þess en stjórnin, sem gerir það nú. Það er auðvitað, að þessi framkvæmd stjórnar Búnaðarfjelags Íslands er sama sem framkvæmd landsstjórnarinnar, þar sem hún á að hafa yfirstjórn og yfirumsjón allra slíkra mála.

Jón Þorláksson: Jeg mun ekki hafa tekið það fram í ræðu minni áðan, að Skeiðaáveitan var engin undantekning í því, að hlaupið var yfir að gera fullnaðaráætlun. Þetta er orðin venja alstaðar hjer á landi. Háttv. þm. (EE) gaf þá skýringu á þessu, að menn yfirleitt gerðu ráð fyrir að kostnaðaráætlunin væri nægileg, og því væri fullnaðarrannsókn eigi hleypt að.

Jeg ætla mjer ekki að fara að kappræða við háttv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) um fyrirkomulag Búnaðarfjelags Íslands, þegar allar hinar helstu og mestu verklegar framkvæmdir þessara mála verða komnar í þess hendur. Jeg stend við það, sem jeg hefi sagt þar um, og veit, að um það atriði hefi jeg meiri þekkingu til að bera en hann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjhn feld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstJ, BJ, EÞ, HK, JakM, JAJ, JB, JÞ, LH, SvÓ, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞórJ, BH, IngB, JS, MG, MJ, MK, PO, PÞ, StSt, ÞorlG

Fimm þm. (EE, GunnS, MP, ÓP, SSt) fjarstaddir.

Á 48. og 49. fundi í Nd., dagana 23. og 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., föstudaginn 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 216, 397, 407, 418, 420, 423).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get þakkað háttv. deild, fyrir nefndarinnar hönd, fyrir góðar viðtökur á þessu frv.

Jeg mun reyna að vera svo stuttorður, sem kostur er á, en verð þó að athuga ýmislegt viðvíkjandi frv. og brtt., sem allmargar eru komnar fram. Ætla jeg þá að byrja á því að skýra nánar frá því, hver útgjöld það mundi hafa í för með sjer fyrir ríkissjóð, ef þetta frv. yrði að lögum.

Jeg gat um það við 1. umr., hversu *miklu styrkur til túnræktar út af fyrir sig* myndi nema samkvæmt frv. Sýndi jeg fram á, að enda þótt dagsverkatala í þeirri grein jarðræktarinnar ykist um helming frá því, sem nú er, þá myndi styrkurinn samt ekki verða hærri en nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. stjórnarinnar, að veitt verði til búnaðarfjelaga til styrktar slíkum framkvæmdum, miðað við kr. 1,50 á hvert dagsverk.

Um önnur atriði í II. kafla frv., svo sem bygging áburðarhúsa, sem á að styrkja að ⅓, skal jeg taka það fram, að ekki er gott að gera nákvæma áætlun um það, hvaða kostnað myndi af því leiða. En ef bygð yrðu áburðarhús og safnþrær á hverju býli landsins, en þau eru um 6000 alls, þá mætti gera ráð fyrir, að þau yrðu um 270000 teningsmetrar að stærð, og ⅓ kostnaðar við byggingu þeirra nema sem næst 1½ miljón króna. Þetta eru að vísu háar tölur og mikið fyrir ríkissjóð að svara þessu út. En ef þetta er borið saman við það, sem gert hefir verið síðan um aldamót, þá sjest, að á þeim 22 árum, sem síðan eru liðin, hafa verið gerð alls áburðarhús og safnþrær, er nema 40000 teningsmetrum, og ⅓ af byggingarkostnaði þeirra nemur þá 220000 kr., eða 10000 kr. á ári. Er þannig búinn nú þegar 1/7 hluti af þessum byggingum. — Nú má gera ráð fyrir, að heldur frekar verði gert að byggingum í þessari grein eftirleiðis, og hækkaði þá styrkurinn sem því svaraði. Væri bygt helmingi meira, yrði styrkurinn 20000 kr. á ári; ef þrisvar sinnum meira, þá 30000 kr., o. s. frv. Þarf því ekki að búast við stórfeldum kostnaði af þessum lið, en þetta er eitt af því fyrsta, sem framkvæma á, því undir hagnýtingu áburðarins er túnræktin komin.

Þá kem jeg að garðræktarstyrknum, en hann á að nema ⅓ þess, er gerð nýrra matjurtagarða kostar. Það er sama um hann að segja, að ákveða nákvæmlega, hve mikill hann muni verða. En ef litið er til þess, sem inn hefir verið flutt af jarðeplum síðustu árin, má komast nokkuð nærri því, hve miklu hann muni nema. Á árunum 1915 til 1919, að báðum meðtöldum, hafa verið flutt inn jarðepli fyrir 1300000 kr., eða fyrir 260000 kr. til jafnaðar á ári. Hafa verið á þessum árum fluttar inn 11600 tunnur árlega, en sjálfir höfum við ræktað 33000 tunnur til jafnaðar á ári. Má af þessu sjá, að ræktunin þarf ekki að aukast nema um ¼ hluta til þess, að ekki verði lengur þörf á því að flytja jarðepli inn frá útlöndum. Kostnaðurinn við þennan ræktunarauka myndi nema ca. 225000 kr., og er það minna en nú er árlega greitt út úr landinu fyrir innflutt jarðepli. ⅓ hluta af þessari upphæð á svo ríkissjóður að leggja til, og yrðu það þá 45000 krónur, sem landið legði til alt í alt, og skiftist það niður á mörg ár, sem þó væri óskandi, að yrðu sem fæst. Ef það tæki 9 ár, yrði kostnaður ríkissjóðs 5000 krónur á ári. En þó því marki yrði náð að auka svo innlenda garðrækt, að framleitt yrði jafnmikið og nú er neytt í landinu, þá ber náttúrlega ekki að láta þar staðar numið, heldur auka ræktunina áfram, og þá jafnframt halda áfram styrkveitingum til hennar.

Samkvæmt því, sem jeg hefi nú talið, er augsýnilegt, að með þessum kafla frv. er ekki um neinar stórupphæðir að ræða. Ef rækilega verður tekið til að rækta, þá nemur það máske alls um 140000 kr. árlega, þegar frá líður. En eins og jeg hefi tekið fram, er ekki unt að gera um það nákvæma áætlun. Tek jeg þetta aðeins fram til þess, að háttv. deild geti sjeð, að hjer verður ekki að ræða um stórvægileg útgjöld úr ríkissjóði.

Þá kem jeg að III. kafla frv., og er þar fyrst heimilað að veita úr ríkissjóði 50000 krónur á ári til þess að kaupa og starfrækja jarðræktarvjelar. Í upphaflega frv. var farið fram á, að veittar yrðu 100000 krónur í þessu skyni, og var það miðað við þá reynslu, sem fengist hefir um árlegan kostnað við starfrækslu vjelanna, en var þó áætlað heldur ríflega, svo að nokkur afgangur yrði til nýrra verkfærakaupa. Jafnframt var upphaflega ætlast til, að vinnukaupendur gætu fengið allan vinnukostnaðinn lánaðan. Þessu breytti nefndin þannig, að hún færði styrkinn úr ríkissjóði niður í 50000 kr. og að vinnukaupendur gætu fengið hálfan starfrækslukostnaðinn lánaðan, gegn fullnægjandi tryggingu. Áleit nefndin, að þetta mundi ekki verða neitt til þess að draga úr notkun vjelanna. Báðar vjelarnar kostuðu um 120000 krónur, og á það, sem eftir stendur af andvirði þeirra, um 84000 kr., að greiðast úr ræktunarsjóði, samkv. 19. gr. frv.

Það, sem nú er útistandandi fyrir vinnu þúfnabananna, er um 40000 kr., og stendur inni bæði á Suður- og Norðurlandi. Þetta fje á að renna í sjerstakan sjóð, vjelasjóð, og sömuleiðis allir vextir og afborganir af lánum samkvæmt 16. gr. frv., en þau lán endurgreiðast og ávaxtast eftir sömu reglum og nú gilda um jarðræktarlán úr ræktunarsjóði.

Hversu langt verður þangað til vjelasjóðurinn er orðinn það stór, að hann geti borið kostnaðinn við starfrækslu og innkaup á landbúnaðarvjelum, er ómögulegt að áætla nákvæmlega. Reynsla er enn ekki fengin fyrir því, hvort vjelar þessar verða framtíðartæki eða ekki, og þess ber að gæta, að það, sem unnið hefir verið með þeim hingað til, er það hagfeldasta, sem gera má ráð fyrir, mest samfeld landsvæði, eins og t. d. hjerna í grend við Reykjavík. Má búast við, að þær verði minna notaðar úti um land, að minsta kosti þar, sem ekki er nema um smá landsvæði að ræða, sem hægt er að koma þeim við, enda hefir reynslan þegar sýnt, að vinnan verður þar dýrari en með hestum. Þess vegna er ekki gott að vita, hve lengi verður að safnast í sjóðinn, en líklegt er, að það taki ekki mjög langan tíma, því vinnan verður sjálfsagt seld eitthvað dýrara en kostnaðinum nemur. Yrði lagt í sjóðinn 50000 kr. á ári, mundi það nema eftir 10 ár ½ miljón, og 5% vextir yrðu 25000 kr., eða sem svaraði hálfu framlagi ríkissjóðs.

Annars vill nefndin leggja áherslu á það, að ekki sje keypt inn meira af þessum vjelum, fyr en reynsla er fengin með þær að fullu.

Þá kem jeg að IV. kafla frv., sem er um jarðræktarlán. Um þann kafla urðu nokkrar umræður við 1. umr. Þess vegna bar nefndin sig saman við háttv. 1. þm. Reykv. (JakM). Var hann sammála nefndinni í því, að ákvæði kaflans mundu ekki fara neitt í bága við ríkisveðbankalögin. Þar sem engin brtt. hefir komið fram við þennan kafla, má líta svo á, að hv. deild álíti, að ákvæði þau, sem í honum

eru, geti átt heima í þessum lögum, og fjölyrði jeg svo ekki frekar um það.

Við V. kafla frv. hefir nefndin komið fram með eina brtt. Í kafla þessum, sem er um jarðeignir ríkissjóðs, er svo ákveðið, að jarðabætur, sem leiguliði á þjóðjörð eða kirkjujörð greiðir með landskuld og leigur, skuli metnar til slíkrar greiðslu helmingi minni en ella. Nefndinni þótti við nánari athugun, að þetta væru nokkuð harðir kostir, og leggur því til, að fyrir „helmingi minni" komi: þriðjungi minni. Er því fremur sanngirni í því að lækka þetta, þar sem svo er ákveðið, að leiguliðarnir fái engan styrk af opinberu fje til þessara jarðabóta. Vonar nefndin, að hv. deild fallist á þetta og samþykki brtt.

Þá kem jeg að VI. kaflanum, um erfðafestulöndin. Nefndinni var ókunnugt um, hvaða reglur giltu um þetta í kaupstöðum landsins. En frá ríkissjóðs hálfu hefir það verið samningsatriði oftast við kaupstaðina, eða kauptún, þar sem ríkissjóður hefir átt land, hvernig þessum málum væri fyrir komið. Við 1. umr. kom fram athugasemd frá háttv. 2. þm. Reykv. (J. B.), um að ákvæði frv. mundu fara í bága við þær reglur, er gildi hjer í Reykjavík. Kallaði nefndin því borgarstjóra á fund með sjer, og kom þá í ljós, að sum atriði kaflans mundu ekki koma vel heim við það, sem tíðkast hjer í Reykjavík, og varð því að samkomulagi, að nefndin bæri fram brtt. á þá leið, að Reykjavík yrði undanskilin þessum ákvæðum. Vera kann, að sömu ástæður sjeu fyrir hendi í fleiri kaupstöðum, án þess að nefndinni sje það kunnugt, en ef málefnum bæja verður sjerstaklega skipað með lögum innan skamms, þá má breyta þessu til betri vegar. Að öðru leyti þarf jeg ekki að fara nánar út í þennan kafla frv.

Þá kem jeg að VII. kaflanum, um tilraunanýbýli. Nefndin hefir, eins og hv. þingdm. hafa sjeð, breytt tölu nýbýlanna, sem gera á tilraun með, frá því sem stóð í upphaflega frv., eða bundið ákvæðið við 2 nýbýli, í stað 5. Má ýmislegt um þetta atriði frv. segja. Er það eftirtektarvert, að frá því fyrsta að farið var að hugsa um jarðrækt og eflingu landbúnaðarins hjer á landi, hefir mikið verið um það hugsað að koma upp nýbýlum. Sjást þess merki þegar á 18. öld. Árið 1776 er sett „tilskipun um fríheit fyrir þá, sem vilja taka upp eyðijarðir eða óbygð pláz á Íslandi". Samkvæmt þeirri tilskipun er þeim, sem reisa nýbýli eða setjast að á eyðijörðum, veitt ýms hlunnindi, t. d. eru þeir leystir undan öllum sköttum og tíundargjaldi í 20 ár. Auk þess eignuðust þeir býlið endurgjaldslaust, ef enginn annar gerði lögmætt tilkall til landsins, en höfðu ella lífstíðarábúð. Þessi tilskipun er numin úr gildi með lögum um nýbýli frá 1897, sem miða einnig að því, að stofnuð sjeu nýbýli. Var um þær mundir talsverð hreyfing í þá átt, en árangurinn varð lítill. Virðast flest af þeim býlum, sem reist hafa verið, hafa lagst aftur í eyði. Hugmyndin um stofnun nýbýla hefir þó altaf haldist við, og er hún nú nokkuð á annan veg en áður var. Sumarið 1902 ferðaðist Þórhallur heitinn Bjarnarson biskup um Snæfellsnes, og í grein, er hann skrifar um þá ferð 1904, getur hann þess, að besta ráðið til þess að tryggja fólk í sveitunum væri að koma upp nýbýlum. En eins og jeg hefi tekið fram, bendir reynslan til, að nýbýlarækt á þeim grundvelli, sem verið hefir hingað til, sje ekki sjerlega heppileg. Það er margs að gæta og við mikla örðugleika að etja, þegar fjelaus maður kemur að óræktuðu landi og stofnar til bús. Þegar hann er búinn

að byggja nauðsynleg hús og koma sjer upp gripum, er komið svo mikið fje í það, að ómögulegt er fyrir hann að lifa við það, nema hafa vissan markað fyrir afurðirnar; og er það vitanlega stærsta atriðið.

Þó að þessi stefna verði nú tekin upp, sem farið er fram á í frv., að ríkið kosti ræktun nýbýla, þá eru líkindin engu minni á því, að tap verði á rekstri þeirra, en þótt einstaklingar ættu í hlut, heldur jafnvel öllu meiri. En enda þótt nefndin hafi ekki trú á því, að þessi nýbýli í Mosfellslandi komi til með að bera sig, þá vill hún þó ekki leggja á móti því, að haldið verði áfram tilraunum með þau. Kostnaðurinn við að fullrækta landið er áætlaður 1350 krónur á hvern hektara, og þegar þar við bætist kostnaður við bygging íbúðar- og peningshúsa, þá verður leigan af þessu svo mikil, sem nýbyggjunum er ætlað að greiða, að óvíst er, að þeir geti klofið þann kostnað, jafnvel þótt þeir hefðu nægan markað. Nefndin gerir ráð fyrir, að kostnaðurinn við hvert býli verði svo mikill, þegar alt kemur til alls, að 4% af honum nemi um 1600—1700 krónum á ári.

Mjer virðist líklegast, að ef nýbýlahugmyndin á að komast í framkvæmd, þá verði það helst með samningi við bændur, þannig að nýbygginn leigði land af bóndanum og ræktaði það, en hefði svo samninga við bóndann um atvinnu hjá honum þann hluta ársins, sem hann þyrfti ekki að vinna sjálfum sjer. Álít jeg þetta eina grundvöllinn, sem tryggur gæti reynst í þessu máli.

Jeg hefi þá drepið á aðalatriðin viðvíkjandi kostnaðinum, sem af frv. mundi leiða, og þarf jeg ekki að fara nákvæmar út í það atriði, enda munu háttv. þdm. sjálfsagt vera búnir að kynna sjer það áður að mestu.

Nefndin hefir komið fram með nokkrar brtt. við frv., og hefi jeg þegar minst á þær.

Jeg vil þá minnast nokkuð á brtt. þær, sem komnar eru fram við frv., og fyrst á brtt. á þskj. 407, frá háttv. 4. þm. Reykv. (MJ). I. brtt. fer fram á að lögbjóða þá skipan á stjórn Búnaðarfjelags Íslands, sem fjelagið hefir nýlega tekið upp. Nefndin getur fallist á að taka þetta ákvæði upp í frv. með viðaukatillögu á þskj. 423, að landbúnaðarnefndir Alþingis hafi tillögurjett um stjórn fjelagsins, og er það samkvæmt því, sem Búnaðarfjelagið hefir tekið upp.

Þá er II. brtt. á sama þskj., við 7. gr. Samkvæmt frv. sker Búnaðarfjelagið úr þeim ágreiningi, sem þar greinir, en brtt. fer fram á, að þetta sje felt niður og fært aftur í 13. gr., með þeirri breytingu, að atvinnumálaráðherra skeri úr, sbr. V. brtt. á sama þskj. Nefndin getur ekki fallist á þessa brtt. Telur hún, að ekki muni geta til þess komið, að stjórn Búnaðarfjelagsins sje ekki einfær um að skera úr þvílíkum deilum, og telur óþarft að ónáða atvinnumálaráðherra um slík smáatriði. Sjer nefndin því ekki ástæðu til að breyta þessu, þar sem Búnaðarfjelagið er líka, þá sjaldan þetta mundi koma fyrir, rjettur aðili til að setja niður slíkan ágreining.

VI. brtt. á þskj. 407 fer fram á að fella niður 15. gr., sem mælir svo fyrir, að árlega megi veita úr ríkissjóði alt að 50000 kr. til þess að kaupa og starfrækja nýtísku jarðræktarvjelar. Í stað þess er Búnaðarfjelaginu falið, með VII. brtt. á sama þskj., að sjá um þetta, en

ekki ákveðin nein upphæð, sem verja megi í þessu skyni. Nefndin getur ekki verið samdóma háttv. flm. (MJ) um þetta. Hún telur, að eftir brtt. sje það ótakmarkað, sem til þessa má verja, og gæti það valdið ríkissjóði meiri útgjöldum. Það yrði sem sje undir öllum kringumstæðum að starfrækja þær vjelar, sem Búnaðarfjelagið hefði keypt, og þó að það sje á þingsins valdi, hve miklu það vill verja til þessa, verður það að veita nóg til þeirrar starfrækslu. Nefndin vill því binda þetta í lögunum við ákveðna upphæð, sem ekki megi fara fram úr.

Þá er 1. brtt. á þskj. 420, frá háttv. 2. þm. Skagf. (JS). Fer hún í þá átt, að það, sem megi veita til starfrækslu og tilrauna með jarðræktarvjelar, sje bundið við áðurnefnda upphæð, en í henni felist tekjur vjelasjóðs. Við það minkar tillag ríkissjóðs; en aftur á móti verður þess þeim mun lengra að bíða, að vjelasjóður geti annast þetta einn. Eftir þessari brtt. eru vjelakaup tekin undan þessari upphæð, og á þingið þá að ákveða í hvert sinn, hve miklu skuli varið í því skyni. Þetta tryggir, að vjelar verði ekki keyptar, nema með samþykki þingsins, en þá verður tillag ríkissjóðs aftur hærra, þar sem sjerstök fjárveiting er ætluð til þeirra kaupa. Nefndin álítur, að verði þessi brtt. samþykt, mætti færa upphæðina niður um 10000 krónur; starfræksla vjelanna mundi ekki kosta meira en 40000 kr., og væri ástæðulaust að veita meira fje til hennar. Nefndin gæti fallist á að taka vjelakaupin undan, verði upphæðinni breytt, og mælist hún því til þess við háttv. flm. (JS), að hann taki brtt. aftur, svo að hún geti komið sjer saman um þetta við hann fyrir 3. umr.

2. brtt. á þskj. 420 leiðir af þeirri fyrstu, og felur auk þess í sjer nánari ákvæði um lán þau, sem gert er ráð fyrir að veita mönnum, sem nota þessar vjelar. Þar er tekið fram, að lánin skuli veitt með sömu tryggingu, vöxtum og afborgunarskilmálum, sem gilda um lán úr ræktunarsjóði. Það var tilætlun nefndarinnar, að ákvæði 16. gr. um afborgunar- og vaxtakjör ættu að skiljast á þennan hátt. En aftur er það tekið fram í brtt., að þessi lán skuli veitt gegn ekki lakari tryggingu en ræktunarsjóðslán. Háttv. flm. (JS) hefir ætlað að binda þetta sem mest við ákvæðin, sem gilda um lán úr ræktunarsjóði, og er nefndin þar á sama máli sem hann. En hún telur, að fá megi fullnægjandi tryggingu, þó ekki sje á sama hátt sem um ræktunarsjóðslán. Tryggingar fyrir þeim lánum eru margbrotnar og umsvifamiklar, með meðmælum sýslunefnda, og gæti það orðið óþægilegt fyrir menn, að þurfa að fara eftir því um þessi lán. Jeg skal taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, og leggja áherslu á, að hún ætlast til, að ekki verði um annað að ræða en jarðarveð, því að aðrar tryggingar eru svo stopular og þurfa endurnýjunar, en þessi lán verða veitt til langs tíma. Hjer skilur ekki mikið á milli háttv. flm. (JS) og nefndarinnar, og ef hann vill taka þessa brtt. aftur til 3. umr., vænti jeg, að auðvelt sje að finna leið til samkomulags.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) flytur brtt. á þskj. 418, við 34. og 38. gr. Nefndin er samþykk þessum brtt. að öllu leyti. Um ákvæði 34. gr., að menn eigi að sanna fyrirfram, að þeir ætli að taka land sitt til ræktunar, felst nefndin á, að það sje tæplega framkvæmanlegt; fellir hún sig því við skilyrðin í brtt. og telur hana

til bóta. Sama er að segja um brtt. við 38. gr., að gripheld girðing skuli jafnan um þann hluta landsins, sem ræktaður er. Það er ekki tekið fram í greininni, en nefndin taldi það svo sjálfsagt, að vart þyrfti að taka það fram, því að án þess yrði land ekki tekið til ræktunar, allra síst í kaupstöðum.

Fleiri brtt. hafa ekki komið fram, og skal jeg að síðustu drepa á eitt atriði, sem jeg hefi gleymt, en það er um erfðafestulönd. Upphaflega var svo ákveðið í frv., að þar sem taka mætti land til ræktunar samkvæmt skilyrðum VI. kafla, gætu hreppsnefndir í kauptúnum og bæjarstjórnir í kaupstöðum tekið land til ræktunar utan takmarka kaupstaðanna eða kauptúnanna, þó að einstakir menn ættu. Nefndin breytti því svo, að þetta næði einungis til þeirra landa, sem eru innan takmarka kaupstaða og kauptúna, en ef þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, skuli það fara eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, hvort þessi ákvæði skuli ná til þeirra. Leggur nefndin áherslu á, að hún ætlast ekki til, að lönd utan takmarkanna, sem eru eign einstakra manna, skuli hlíta þessum ákvæðum.

Magnús Jónsson: Það er hressandi og gleðilegt að hafa þennan lagabálk til meðferðar. Það hefir atvikast svo, að mikill tími þingsins hefir gengið í karp og þrætur um lítilsverð mál, en lítið um stór og merkileg nýmæli, sem líkur eru til, að þinginu auðnist að leiða til lykta. En hjer er um stórmerkilegt mál að ræða. Frá fornu fari hefir það verið viðurkent, að landbúnaðurinn sje sá atvinnuvegur þjóðarinnar, sem telja mætti merkilegastan. Það er gamall málsháttur, að bóndi er bústólpi, en bú er landstólpi. En á síðustu árum hefir önnur atvinnugrein vaxið landbúnaðinum yfir höfuð og er orðin talsvert sterkari að fjármagni. Og því verður ekki neitað, að landbúskaparhættir vorir eru nú svo breyttir, að vjer þurfum að reka sjávarútgerð í stórum stíl, eða alt fer um koll. Ríkissjóður þarf nú svo mikið fje, að óhugsandi er, að landbúnaðurinn, í því formi, sem hann er nú í, geti annað því að fleyta þessu bákni. Þessir atvinnuvegir verða að lifa í sátt og samlyndi; annar bróðirinn má ekki vilja hinum illa. Þó er ekki laust við, að stundum hafi andað kalt frá landbúnaðinum til útgerðarinnar. En það er, eins og maður einn sagði við mig á dögunum, varasamt að drepa drógina, sem menn ætla að bjargast á til bæja. Það er best fyrir landbúnaðinn, að sjávarútvegurinn blómgist, og útgerðinni er hagur að því, að landbúnaðurinn standi sem traustustum fótum.

Jeg hygg, að allir verði að viðurkenna, að landbúnaðurinn er sterkasta stoðin, sem menningargrundvöllur og menningarberi. Þetta frv. virðist stefna í þá átt að hleypa nýju fjöri í ræktun landsins, og kennir þess, að menn vilja rífa hann upp úr gamla farinu og gera hann meira megnugan, svo að ekki þurfi um hann að segja eins og nú, að hann geti lítið borið og lítið megi á hann leggja. Það er ekki lítill „idealismi“, sem liggur að baki ýmsu í þessu frv., og enn frekar því frv., sem þetta frv. er samið upp úr, og má mikið vera, ef hann var ekki fullmikill á pörtum. Hjer kemur hið sama fram, sem jeg sá haldið fram í riti einu, er nýlega var útbýtt hjer á þingi, hve góður jarðvegurinn er hjer á landi. Er haft eftir fróðum mönnum, að hvergi sje betri jarðvegur fyr en suður við Nílárósa. En þá hlýtur eitthvað annað að koma til greina, svo sem

lofthiti, því að jarðvegurinn hjer skil ekki eins miklu af sjer og í löndunum fyrir sunnan okkur. Tel jeg því rjett að fara í engu óðslega, heldur byrja skynsamlega, en síga svo á, ef koma mætti landbúnaðinum í betra horf. Jeg sje ekki betur en að frv. þetta þræði þann veg sæmilega. Það getur verið vafamál, og reynslan ein verður að skera úr því, hvort hið allmikla fjárframlag úr ríkissjóði, sem um getur í 7.—12. gr., verði til þess að lyfta landbúnaðinum, svo að hann geti skilað aftur öllu því fje, eins og menn gera sjer vonir um. En jeg tel langsamlega tilvinnandi að gera þessa tilraun.

Jeg skal svo ekki hafa lengri inngang, en víkja að brtt. þeim, sem jeg hefi leyft mjer að flytja. Þær eru smávægilegar og hagga í engu stefnu frv. Háttv. frsm. (ÞórJ) mintist á 1. brtt. og var henni hlyntur; þarf jeg því vonandi ekki að færa mikil rök fyrir henni. Mjer þótti eiga betur við, að í lögunum sjálfum væri tekið fram, hvernig stjórn Búnaðarfjelagsins skuli skipuð, meðan hún hefir þau fjárforræði og það vald, sem henni er ætlað með þessu frv. Það er vitanlegt, að þó að fjelagið hafi breytt samþyktum sínum í þessa átt, getur það breytt þeim aftur, og engin trygging er fyrir því, að þetta fyrirkomulag haldist, nema beinlínis sje ákveðið í lögunum sjálfum. Viðaukatill. nefndarinnar, á þskj. 423, hafði jeg satt að segja ekki tekið eftir fyr, en jeg býst ekki við, að hún hafi nein áhrif á tilgang brtt. minnar, II. og V. brtt. mín á þskj. 407 eiga saman. Jeg vildi fella niður úr 7. gr., að Búnaðarfjelagið skuli skera úr ágreiningi þeim, sem þar er gert ráð fyrir, að kunni að rísa, og bæta aftan við 13. gr., að með sama hætti skuli skorið úr öllum ágreiningi, sem verða kann um ákvæði 7.—12. gr. Munurinn á tillögum mínum og frv. er sá, hvort Búnaðarfjelag Íslands eða atvinnumálaráðherra skuli hafa úrskurðarvaldið. Mjer virðist hjer horfa svo við, sem Búnaðarfjelagið sje annar aðili málsins; annars vegar er sá, sem framkvæmir verkið, hins vegar á Búnaðarfjelagið að athuga það og meta, og rísi ágreiningur, er rjett, að þriðji aðilinn skeri úr, yfirstjórn atvinnumálanna. Þetta kæmi vonandi sjaldan fyrir, eins og hv. frsm. (ÞórJ) tók fram. Háttv. frsm. kvað óþarft að ónáða atvinnumálaráðherra um slíka smámuni; en það er einmitt tilgangur minn með þessu að hnippa í hann. Með frv. er sett svo mikið stjórnarbákn yfir þetta, að jeg óttast, að atvinnumálaráðuneytið kunni að leggja höfuðið á koddann og sofna yfir þessum málum, og er þá einmitt rjett að ýta við því, ef einhver ágreiningur kemur upp.

Háttv. frsm. (ÞórJ) hljóp yfir 2 brtt. minar, nr. III. og IV. Nefndin hafði bætt inn í upphaflega frv. ákvæði um, að fyrstu dagsverkin hjá fátækum einyrkjum skuli metast jöfn 10 frá öðrum, þannig að þeir fái styrk fyrir alt, sem er umfram 5 dagsverk. Jeg tel ákvæðið um 10 dagsverk svo vægt, að ekki taki því að gera undantekningu, enda yrði talsverður munur með þessu móti á einyrkjum og öðrum. Orðalagið í niðurlagi greinarinnar er auk þess svo rúmt, að ef til vill mætti skilja það á þá leið, að jafnan skyldi meta 5 dagsverk hjá einyrkjum sem 10 hjá öðrum. Jeg kysi því heldur, að þessi málsgrein yrði feld niður og greininni væri ekki breytt frá því, sem hún var í upphafi.

Hin brtt. er við 12. gr. Þar er rætt um styrk til nýrra matjurtagarða, en jeg vil bæta því við, að fyrirtækið skuli vera skynsamlegt, að áliti Búnaðarfjelagsins;

annars njóti það ekki styrks. Jeg hefi þá skoðun á garðrækt hjer á landi, að menn eigi að ýta undir bændur að rækta jarðepli til heimilisþarfa með heimafólki sínu, en ekki hvetja þá til að leggja svo mikla stund á þá ræktun, að þeir ætli sjer að keppa við erlenda vöru. Engin regla er undantekningarlaus, og ekki sú heldur, að best sje að framleiða sem flest í landinu sjálfu. Það er heppilegast að rækta það, sem best skilyrði eru til, en jeg er hræddur um, að menn kunni að flana út í jarðeplarækt í stórum stíl, og vil því, að Búnaðarfjelagið hafi þar altaf hönd í bagga með. Í frv. er ákveðið, hvað garðar megi vera minstir, til þess að þeir njóti styrks, og er það jafnvel hvöt fyrir menn til að leggja út í garðrækt í stórum stíl, en jeg tel ekki vert að eggja menn á það.

Þá er VI. brtt., um að 15. gr. falli niður. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir, að veittar yrðu 100000 kr. til kaupa og starfrækslu jarðræktarvjela; nefndin færði það niður í 50000 kr., en jeg legg til, að þessi ákvæði falli niður. Með þessu er það ekki tilgangur minn að berjast gegn því, að keyptar verði nýtísku vjelar, en jeg vil ekki, að nein upphæð sje fastákveðin, sem til þessa megi verja, hvorki 100000 kr. nje 50000 kr., meðan vjer höfum ekki fengið meiri reynslu í þessum efnum. Jeg vil, að Alþingi sje óbundið að þessu leyti. Ef reynslan leiðir í ljós, að hjer sje gott verksvið fyrir þúfnabana og aðrar nýtísku vjelar, hygg jeg, að aldrei mundi standa á því, að Alþingi veitti nægan styrk til að kaupa þær og starfrækja.

Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) hefir fallið frá brtt. sinni, en jeg held, að jeg láti mína flakka og láti atkvgr. skera úr um hana.

Jeg var að hugsa um að gera brtt. við 28. gr., viðvíkjandi því, með hvaða hætti jarðabætur skuli ganga upp í landskuldir, en satt að segja treysti jeg mjer ekki til þess að finna þar þá leið, sem best væri, og hefi jeg því slept því með öllu. En mjer þykir vænt um, að háttv. landbn. hefir breytt þessu, og mun jeg greiða því atkv. mitt.

Jón Sigurðsson: Það hefir orðið að samkomulagi milli mín og háttv. landbn., að jeg taki brtt. mína aftur til 3. umr. og beri mig saman um hana við nefndina. Ber lítið á milli, og getum við því sennilega orðið sammála. Mun jeg því sleppa því að tala um brtt. mína nú.

Magnús Kristjánsson: Jeg ætla mjer ekki að ræða mál þetta yfirleitt, aðeins minnast á nokkrar brtt. á þskj. 407, frá hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Mjer virðist 3. brtt. hans þess eðlis, að jeg muni ekki geta samþykt hana. Veit jeg eigi, hvað hv. flm. (MJ) hefir gengið til að koma með hana, en jeg skal taka fram, hvers vegna jeg er á móti henni.

Það er ekki hægt að ætlast til þess, að þeir menn, er um ræðir í síðustu málsgr. 10. gr. frv., fátækir einyrkjar, geti unnið mikið að jarðabótum. Er því full sanngirni í því, að þeir njóti styrks fyrir dagsverk þau, er þeir vinna fram yfir 5, ekki síður en þeir, sem njóta styrks fyrir þau dagsverk, er þeir vinna fram yfir 10, þar sem ástæður þeirra manna eru ólíkt betri en hinna fyrtöldu.

Fjórðu brtt. tel jeg alls óþarfa, og þó heldur til hins lakara. Liggur það í hlutarins eðli, að þessi öryggisráðstöfun, sem í brtt. á að felast, er aðeins endurtekning á því, sem stendur í frvgr. sjálfri,

því að þar er einmitt trúnaðarmanni Búnaðarfjelagsins falið að velja garðstæðið og samþykkja það. Samþykkir hann auðvitað ekki nema því aðeins, að fyrirtækið sje að hans dómi skynsamlegt.

Brtt. við 15. gr. er nokkurt álitamál, en jeg mun þó ekki geta gefið henni atkv. mitt. Má vera, að rjettara sje að sumu leyti að fastbinda ekki þessa fjárupphæð, en að því leyti er þó það betra, að þá er síður hætt við, að þessi starfsemi falli niður.

Hinar brtt. við frv. fellst jeg á og tel þær til bóta.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki fara að karpa um þessar brtt. minar, enda er mjer engin þeirra kappsmál, nema helst 6. brtt., við 15. gr. Tel jeg miklu heppilegra, að ekkert sje ákveðið um, hvað miklu fje skuli varið til kaupa á jarðræktarvjelum, svo að hægt sje að haga sjer einungis eftir því, sem reynslan sýnir, hver nauðsyn og gagn er af þeim. Er það engan veginn tilgangur minn að þrengja þetta, heldur aðeins að koma í veg fyrir, að þetta ákvæði verði hreint pappírsgagn, en það verður það sennilega, ef það stendur óbreytt. Því að ef reynslan t. d. verður sú, að eitt og eitt ár þarf meira fje í þessu skyni, þá má búast við, að leitað verði fjárveitingar aukreitis.

Ef háttv. þingmenn kynnu heldur að aðhyllast till. háttv. 2. þm. Skagf. (JS), þá má alveg eins setja hana inn á eftir, þótt gr. verði feld burtu við þessa umr. Um það, hvort styrkurinn verði bundinn við 5 eða 10 dagsverk, skal jeg ekki deila, en mjer finst, að 10 dagsverk sje það lágmark, sem varla taki því að fara niður fyrir.

Háttv. þm. Ak. (MK) taldi 4. brtt. óþarfa, því að Búnaðarfjelagið hefði það vald eftir frvgr. sjálfri, sem brtt. mín vildi fá því. Þetta er ekki rjett. Er sagt í greininni, að styrkurinn skuli ekki verða greiddur fyr en garðurinn hefir gefið sæmilega uppskeru. En það getur altaf orðið álitamál, hvað telst sæmileg uppskera, og það gæti verið sæmileg uppskera til heimilisþarfa og gagnlegt bóndanum, þegar hann hefir unnið verkið með eigin starfskröftum heimilisins, þó að það væri stór skaði, ef rekið er með kostnaði og til þess að keppa við erlenda vöru. Brtt. mín mundi stuðla að því, að varlega yrði í þetta ráðist, og gæti forðað frá gönuhlaupum og óskynsamlegum tilkostnaði.

Sveinn Ólafsson: Jeg á 2 brtt. við frv. þetta, við 34. og 38. gr. þess. Skal jeg ekki fjölyrða um þær, því háttv. frsm. (ÞórJ) hefir lýst því yfir, að nefndin væri mjer sammála um þær. Held jeg að háttv. þdm. muni líka vera mjer sammála um, að þær sjeu til bóta.

En jeg vildi fara nokkrum orðum um ákvæði 27., 28. og 29. gr. frv., um rjett leiguliða til að láta jarðabætur koma upp í landskuldina.

Jeg er ekki allskostar ánægður með ákvæði þessara greina, en treysti mjer þó ekki alveg fyrirvaralaust að koma fram með brtt., sem mjer líkuðu fyllilega. Tel jeg líka óvíst, að brtt. hv. landbn. sjeu að öllu heppilegar.

Það, sem vakir fyrir mjer, er, að þessi heimild landsetanna til að vinna af sjer landskuldina kunni að verða misnotuð. Einkum sýnist mjer, að þetta geti orðið á afdalajörðum og andnesjabýlum, er liggja í eyði öðruhvoru, og enn fremur

á þeim jörðum, er liggja undir skemdum af náttúrunnar völdum. Í þær jarðir er eigi álitlegt að kasta opinberu fje til jarðabóta. Mundi heldur ekki gott að sannprófa, hvort jarðabætur á þessum jörðum væru svo sem vera ætti, þegar mjög eru afskektar. Er því athugavert að færa kvöðina niður, eins og háttv. landbn. leggur til á þskj. 397. Vil jeg vekja eftirtekt háttv. landbn. á þessu, ef vera mætti, að hún sæi sjer fært að gera brtt. um þetta til 3. umr., sem tryggði það betur, að heimild þessi yrði ekki misnotuð. En það vil jeg taka fram, að jeg er meðmæltur þeirri stefnu, að heimila leiguliðum að greiða landskuld með jarðabótum þar, sem enginn vafi getur á því leikið, að jarðirnar verði bygðar áfram og jarðabæturnar verði að varanlegum notum.

Af því að jeg hefi á hendi umboð nokkurra þjóðjarða, þá þekki jeg nokkuð til þessara ólíku staðhátta. Sumar þessar jarðir, sem á afskektum stöðum eru, ganga oft úr byggingu og eru stundum í eyði. En þar, sem svo stendur á, er varnaglinn, sem sleginn er í 27. gr., „svo sem við getur átt“, tæplega nóg trygging þess, að hjer verði ekki óskynsamlega að farið og fje varið ófyrirsynju til bóta lítt nýtum jörðum.

Jón Auðunn Jónsson: Það er aðeins lítil fyrirspurn til háttv. frsm. (ÞórJ), um það, hvort orðin í 2. gr. frv.: „öðrum sjóði eða stofnun, sem er eign ríkisins“ eigi að ná til Landsbankans og útibúa hans.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg hefi litlu að svara, og um sumt af því, sem jeg vildi sagt hafa, hefir háttv. þm. Ak. (MK) tekið af mjer ómakið.

Háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði, að stundum hefði andað kalt frá landbúnaðinum til sjávarútvegsins. Jeg kannast ekki við, að þetta sje rjett, og í framsöguræðum mínum hefi jeg verið alveg hlutlaus, enda tel jeg rjett og sjálfsagt, að þeir styðji hvorn annan. Það er rjett hjá hv. sama þm., að jeg gleymdi að minnast á 2 brtt. hans, 3. og 4. brtt. Háttv. þm. Ak. (MK) hefir nú minst á þær báðar, og er jeg honum sammála. En um 3. brtt. var raunar óþarfi af mjer að geta, því að auðsjeð var, að landbn. mundi vera á móti henni, þar sem hún hefir fært þetta ákvæði úr þeim skorðum, sem það áður var í, en sem hv. þm. (MJ) vill nú aftur færa það í. Álítur landbn. rjett, að 5 dagsverk hjá fátækum einyrkjum jafngildi 10 dagsverkum hjá öðrum, er betur stendur á fyrir. Er það auðsætt, að þó um einyrkja sje að ræða, geta sumir verið svo efnum búnir, að þeir eigi hægt með að kaupa mikla vinnu að, sem aðrir geta ekki. Og þó að mat sje á þessu, eru meiri líkur til, að minni órjettur yrði heldur en eftir brtt.

Fjórða brtt. hv. þm. (MJ), sem á að tryggja það, að ekki sje til fyrirtækisins stofnað, nema það sje skynsamlegt að áliti Búnaðarfjelagsins, er óþörf. Búnaðarfjelagið hefir alla umsjón með fyrirtækinu og hefir trúnaðarmann í hverjum hreppi; er það næg trygging þess, að það fái að vita um öll fyrirtæki áður en þau eru byrjuð. Hann taldi rjettara, að atvinnumálaráðherra skæri úr ágreiningi, sem verða kynni út af fyrirtækjum þeim, er ræðir um í 7.—12. gr., heldur en Búnaðarfjelagið. Hefi jeg áður svarað því. En þótt svo væri fyrir mælt, þá mundi það í framkvæmdinni verða Búnaðarfjelagið, því að atvinnumálaráðherra mundi

altaf fara eftir tillögum þess. Annars mun sjaldan koma til úrskurðar um þessi mál, en það sýnist rjettast, að Búnaðarfjelagið hafi úrskurðarvaldið, því að það verður ávalt hlutlaust og getur enga tilhneigingu haft til að halla á annanhvorn aðilja.

Háttv. þm. (MJ) sagði, að auðvelt mundi að fá fje úr ríkissjóði til þúfnabana, ef nauðsyn þætti til. Það má vel vera, en þó getur það verið vafasamt, hvort það mundi ætíð. Sýnist mjer rjett, að veitt sje ákveðin upphæð til þessa, svo að full reynsla fáist á þessum tækjum. Er víst, að ekkert tæki er jafnstórtækt til að auka ræktunina sem þetta, og er því full ástæða til að afla sjer fullrar reynslu um það.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) mintist á ákvæði 27., 28. og 29. gr. frv., og þótti þar ekki nægilega tryggilega um búið.

Nefndin vill gjarnan athuga þetta betur í samráði við hann. En hins vegar fæ jeg ekki sjeð annað en að hjer sje vel um búið.

Í 27. gr. er sá varnagli, að þetta verði aðeins svo, sem „við getur átt", og er því lítil hætta á því, að þetta verði á þeim jörðum, sem skemdir vofa yfir eða hætt er við að leggist í eyði, einkanlega þegar þess er gætt, að Búnaðarfjelagið hefir alstaðar eftirlitsmann, sem lítur eftir þessu. En eins og jeg sagði áðan, er nefndin fús til að athuga þetta með hv. þm. (SvÓ).

Háttv. þm. Ísaf. (JAJ) beindi þeirri spurningu til mín, hvort 2. gr. frv. næði til Landsbankans og útibúa hans.

Orðin í 2. gr. eiga einungis við veðbankann, og nefndin hefir ekki ætlast til eða skilið það svo, að fjelagið ætti aðgang að öðrum bönkum ríkisins. Er þetta aðeins miðað við IV. kafla frv., um ræktunarlán úr ræktunarsjóði, eða veðbanka, þegar sjóðurinn hefir runnið inn í hann.

Magnús Jónsson: Það eru ekki mörg orð; jeg geri þetta ekki að kappsmáli, en vil aðeins, ef 3. brtt. mín yrði feld og þetta stæði um einyrkjana í frv., benda nefndinni á tvent til athugunar: fyrst, hverjir eru fátækir einyrkjar, og í öðru lagi, hvort ekki sje fullrúmt orðað þetta ákvæði, að 5 dagsverk sjeu jafngildi 10 dagsverka hjá öðrum. *(ÞórJ*: Jeg þarf ekki að svara þessu). Nei, jeg skýt því til nefndarinnar til athugunar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 423 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 407,I samþ. með 20 shlj. atkv

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 407,II samþ. með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SSt, ÞorlG, ÞorstJ, EÞ, HK, JakM, JAJ, JB, JS, MJ, MK, MP, BSv.

nei: PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, BH, GunnS, IngB, JÞ, LH, PO.

Fjórir þm. (BJ, EE, MG, ÓP) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 407,III samþ. með 14:1 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 407,IV feld með 13:5 atkv.

12. gr., óbreytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 407,V samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 407,VI feld með 14:5 atkv.

— 420,1 tekin aftur.

15. gr., óbreytt, samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 407,VII tekin aftur.
— 420,2 tekin aftur.
16. gr., óbreytt, samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 420,3 tekin aftur.
17.—19. gr. samþ. með 16:1 atkv.
20.—24. gr. samþ. með 19:1 atkv.
25.—26. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 397,1 a—b samþ. með 16 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
28.—30. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 397,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 418,1 (ný 34. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
35.—37. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 418,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
39.—40. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
41.—42. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470, 420).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg mun ekki fara mörgum orðum um þetta mál nú. Þess er ekki þörf, því engar nýjar brtt. hafa komið fram. Jeg skal taka fram, fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir borið sig saman við háttv. flm. brtt. á þskj. 420. Nefndin gerir þær brtt. ekki að neinu kappsmáli, en hann hefir gengið inn á það að taka aftur 2. lið brtt.

Jón Sigurðsson: Jeg get verið stuttorður; skal aðeins í fám orðum skýra hv. deild, hvað fyrir mjer vakir með brtt. mínum á þskj. 420. Það er fyrst og fremst að lækka útgjöld ríkissjóðs til vjelayrkju og dreifa þeim á fleiri ár. Ef reiknaðir eru frá vextir, sem höfuðstóll vjelasjóðs gefur af sjer, þá lækkar það, sem ríkissjóður leggur til. Ef t. d. 50000 krónur eru lagðar fram árlega, þá gefur það með 4% vöxtum af sjer á næstu 5 árum 2000 til 10000 krónur árlega, sem dragast frá ríkissjóðstillaginu eftir mínum tillögum. Að þeim tíma liðnum fara að koma afborganir af því fje, sem lánað hefir verið úr vjelasjóði, en það þarf jeg ekki að taka með í reikninginn nú, því áður 5 ár eru liðin á að endurskoða lögin, og verður þeim þá breytt eftir þeirri reynslu, sem þá er fengin.

Annað atriði, sem fyrir mjer vakti, var það, að ekki væri ráðist í kaup á dýrum vjelum án samþykkis þingsins. Í þriðja lagi, að markmið vjelasjóðs sje ekki að kaupa, heldur útvega og gera tilraunir með nýjar vjelar, sem hjer gætu komið að haldi. Væri að líkindum hægt að fá slíkar vjelar með því að verksmiðjurnar lánuðu þær til reynslu, en ekki væri skylt að kaupa þær, nema reynslan sýni, að búhnykkur sje að þeim, eftir að nægilegar tilraunir hefðu verið gerðar með þær. Og ef þetta lægi undir ákvæði þingsins, þá yrði ekki lagt í slíkt, nema viss og örugg reynsla væri fengin. Brtt. miða aðallega að því að breyta hlutverki vjelasjóðsins þannig, að fje hans sje eingöngu varið til þess að gera tilraunir með landbúnaðarvjelar og starfrækja þær, en þó ekki nema brýn þörf krefji, því að jeg álít mikið heilladrýgra, að einstaklingar sjái um rekstur vjelanna en ríkið.

Það varð að samkomulagi við nefndina, að jeg tæki aftur 2. lið brtt., því þeim ákvæðum má eins ná í reglugerð.

Þetta mál hefir nú fengið svo góðar og almennar undirtektir í háttv. deild, að jeg þarf víst ekki að mæla með því sjerstaklega. En það er mín sannfæring, að ef þetta frv. verður að lögum, sje stigið stærra spor til eflingar jarðræktinni en með nokkrum öðrum lögum, er Alþingi hefir áður samþykt, og þótt þau leggi nokkra byrði á ríkissjóð, mun það sannast, að það mun margfaldlega endurgreiðast ríkissjóði með auknum tekjuskatti úr sveitunum, er fram líða stundir.

Magnús Jónsson: Jeg skal vara háttv. þm. við að láta sjer verða bilt við, þó að brtt. komi við þetta frv., eftir að það er afgreitt frá deildinni. Jeg hefi sem sje gert brtt. við 10. gr., en þær eru ekki komnar úr prentsmiðjunni. Mjer finst greinin óviðkunnanlega orðuð, að binda hlunnindi þau, sem einyrkjar fá þar umfram aðra menn, við *fátæka* einyrkja. Öll lögin miða að framkvæmdum, og eru engin önnur ákvæði bundin við efnahag. Því orðaði jeg brtt. mína svo, að í stað „fátækir einyrkjar" komi: einyrkjar.

Þá þykir mjer orðalagið á niðurlagi greinarinnar nokkuð rúmt, og vildi jeg breyta því á þá leið, að það kæmi ljóst fram, að þessi hlunnindi ættu einungis við ákvæði greinarinnar sjálfrar. Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta; jeg býst ekki við, að hæstv. forseti sjái, með allri sinni speki, nokkur ráð til þess að koma brtt. að, og jeg vil ekki fara fram á að fá að koma með skriflega breytingartillögu.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það ætti að vera óþarfi að ræða þessa brtt.; jeg býst ekki við, að hún geti komið undir atkvæði, þar sem henni hefir ekki verið útbýtt. Jeg vil þó taka fram, að jeg þykist geta fullyrt, að nefndin muni ekki geta fylgt þessari brtt. Það eru til einyrkjar, sem hafa góðar ástæður og eru vel efnum búnir, og er langt á milli þeirra og fátækra einyrkja. En hverjir geta talist fátækir, er auðvitað ekki hægt að ákveða í lögum; það verður að vera komið undir áliti og dómi þeirra trúnaðarmanna Búnaðarfjelagsins, sem falið er að meta það. Allir hljóta að sjá, að það er fjarstæða að gefa öllum einyrkjum hlunnindi í þessu atriði. Sumir gera það beinlínis af praktiskum ástæðum að hafa ekki hjú, en þeir geta oft auðveldlega leigt menn til jarðræktarvinnu, og þá menn er engin ástæða til að verðlauna sjerstaklega.

ATKVGR.

Brtt. 420,1 samþ. með 16:9 atkv.

— 420,2 tekin aftur.

— 420,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 494).

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jón Magnússon: Þegar svona merkilegt mál er á ferðinni, þykir mjer hlýða að minnast nokkrum orðum á það. Jeg vænti þess fastlega, að deildin taki greiðlega í þetta mál, svo það nái fram að

ganga á þessu þingi. Jeg geri ráð fyrir, að það fari til landbn. Vona jeg, að hv. 1. þm. Húnv. (GÓ) taki það ekki illa upp fyrir mjer, þótt jeg hafi sagt þessi fáu orð.

Guðmundur Ólafsson: Það er nú sama sem kallað á mig að standa upp. Jeg hafði annars ekki ætlað að taka til máls við þessa umræðu. Jeg get fullvissað hv. 4. landsk. þm. (JM), að landbn. hefir nokkuð athugað mál þetta og mun gera sitt ítrasta til þess, að það verði að lögum á þessu þingi. Og er okkur háttv. 4. landsk. þm. kemur svo vel saman um þetta, þá skulum við vona, að það gangi greiðlegar fram í deildinni en gert hafa þau mál, sem við höfum verið ósammála um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 494, n. 540).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Sigurður Jónsson): Jeg vænti þess, að háttv. deild greiði svo fyrir þessu máli, að það komist fram.

Jeg geri ráð fyrir því, að allir háttv. þdm. hafi svo kynt sjer þetta mál, að óþarft sje að fara um það mörgum orðum. Frv. var útbýtt fyrir alllöngum tíma, og hefir það litlum breytingum tekið síðan. Nefndin leggur til, að það gangi fram óbreytt, og leggur það fyrir háttv. deild með von um það, að þessi bálkur verði einna helst talinn þingi þessu til gildis, ef að lögum verður.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg verð að halda því sama fram hjer í hv. Ed., sem jeg gerði í hv. Nd., að frv. þetta væri gott og gagnlegt í öllum atriðum, nema um fyrirkomulag Búnaðarfjelagsins og samband þess við ríkisstjórnina, og það var einmitt þetta atriði, ásamt því, að forseti Búnaðarfjelagsins fór til Noregs svo stjórnin gat ekki borið sig saman við hann, sem var ástæða til þess, að þetta frv. var ekki borið fram sem stjórnarfrv., sem best hefði átt við.

Búnaðarfjelagsstjórninni var eftir frv. gefið afarmikið og nær ótakmarkað vald, bæði um framkvæmdir, ráð á fje og eftirlit framkvæmda. Þetta þótti mjer gengið alt of langt. Eftir minni skoðun átti Búnaðarfjelagið, ef þetta fyrirkomulag kæmist á, að verða undirskrifstofa í stjórnarráðinu, eða sjerstök deild. Þetta tjáði jeg landbn. Nd., og fanst mjer hún vera nokkuð líkrar skoðunar, en hún kvaðst þó mundu láta sjer nægja að breyta þannig til um stjórn fjelagsins, að meiri hluti Búnaðarfjelagsstjórnarinnar skyldi vera skipaður af atvinnumálaráðherra. Þetta þótti mjer að vísu bót, og samkvæmt þessu hefir Búnaðarfjelagið breytt sjerlögum sínum á þá leið, að ráðherra skipi tvo menn í stjórn þess, eftir till. landbúnaðarnefnda Alþingis, — og sama ákvæði er nú komið inn í 2. gr. þessara laga. Það hefir nú áður verið talsvert um það þrátt að, hverju þýðingu bæri að leggja í orðin „eftir tillögu“, hvort það þýði sama sem að leita tillagna, og gæti þá stjórnin úrskurðað eins og henni þykir best henta, ef hún aðeins hefir leitað álitsins, eða hún sje skyld að fara eftir tillögunni. Það

er nú alveg víst, að landsstjórnin hefir iðulega skilið þessi orð þannig, að þau þýddu sama sem „að fengnum tillögum“, en jeg er ekki alveg viss um, að þennan skilning megi leggja í 2. gr., af því að í 15. gr. eru höfð orðin „að fengnum tillögum“. En sje það meiningin, að ráðherra sje skyldur til að fara eftir tillögum nefndanna og hafi ekkert annað að gera en skrifa nafnið sitt undir útnefningarskjalið, þá er það alveg á móti þeirri skoðun, sem kom fram í landbúnaðarnefnd Nd., en jeg hafði ekki tíma til að athuga breytinguna í þessa átt, sem mun hafa komið fram við 3. umr. í Nd. á síðasta augnabliki.

En þar sem þetta er mjög merkilegt mál, og á auk þess að endurskoðast á 5 ára fresti, þá er jeg ekki á móti því, að það gangi fram, þótt jeg hefði frekar kosið 2. gr. öðruvísi orðaða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7.—14. gr. samþ. með 12:1 atkv.
15.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
25.—30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
31.—40. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
41.—42. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj atkv.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 494).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi..
(Sjá A. 591).

---

32. Skemtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um skemtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 171).

Á 26., 29. og 31. fundi í Nd., dagana 22., 26. og 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg vona, að hv. deild taki þessu frv. vel, því að nú er svo komið, að það fer líklega algerlega eftir afdrifum þess, hvort leiklistin deyr út hjer á landi eða henni verður leyft að þrífast hjer og blómgast ekki síður en öðrum listum. Alþingi hefir talið sjer skylt að hlúa að íslenskum listum og það hefir engan veginn haft leiklistina útundan. Það mundi líka verða erfitt fyrir íslensku þjóðina að halda fullri virðingu annara menningarþjóða, ef hún ljeti leiklistina verða úti á gaddinum. Merkur maður útlendur, mikill vinur okkar, sagði í brjefi til eins kunningja síns hjer fyrir nokkrum árum, að sjer væri

ómögulegt að bera virðingu fyrir þjóð, sem bristi kappsmuni eða þjóðarmetnað til að koma sjer upp leikhúsi og halda því við.

Það er enginn vafi á því, að leiklistin er elsta listin, er mennirnir hafa iðkað. Það er sennilegt, að þeir hafi iðkað hana áður en þeir lærðu að tala. Sumir segja, að samband leiklistarinnar við aðrar listir sje eins og sagnorðsins við aðra parta ræðunnar. En það mætti ef til vill eins segja, að leiklistin væri móðir annara lista. Enda hafa þegar hinar elstu menningarþjóðir haft hana mjög í hávegum. Nokkrum öldum fyrir Krists fæðingu bygðu Grikkir hið mikla leikhús í Aþenuborg, er rúmaði 30 þúsundir manna. Og auðvitað var það gert á ríkisins kostnað. Var og vandað meira til leikhúsbyggingar í þann tíð en nokkurra annara opinberra bygginga, annara en hofanna. Og leikhúsin voru að öllu leyti rekin á ríkisins kostnað. Það er því síður en svo, að leikhús eða leiklist sjeu ávextir ljettúðar eða spillingar síðari tíma. Fyrrum var leiklistin iðkuð jöfnum höndum guði til dýrðar og mönnunum til skemtunar, eins og raunar segja má, að enn sje gert. Því að þótt það sje fyrir löngu lagt niður að nota hana beinlínis í þarfir guðsdýrkunarinnar við guðsþjónustur, sem áður tíðkaðist, þá má með sanni segja, að ýms skáldrit hinna bestu höfunda, sem hlutverk leikhúsanna er að „leggja út af" fyrir söfnuðinum, sjeu ekki síður guði til dýrðar en mörg guðsþjónustan.

Það er nú líka svo, að það er ekki aðeins fornöldin, sem hefir leiklistina í hávegum. Enn þann dag í dag eru leikhúsin meðal veglegustu bygginga í stórborgum menningarþjóðanna. Og í flestum, ef ekki öllum, löndum eru þjóðleikhús, sem eru rekin fyrir eða styrkt af almannafje. Þetta er eins gert þar, sem auður er nógur og skemtanafýsn meira en nóg til þess að mörg leikhús geti þrifist og gefið góðan arð án opinbers styrks. Því menningarþjóðir líta svo á, að ekki sje nóg að hafa bara leikhús af einhverju tægi, leikhús, sem rekin eru í gróðaskyni eða eiga fyrst og fremst að bera sig. Slík leikhús eru ekki líkleg til að verða jafnframt slík uppeldisstofnun fyrir fólkið, sem góð leikhús geta orðið. Leiklist, sem iðkuð væri í því skyni fyrst og fremst að afla sem mestra tekna, myndi hætt að afvegaleiðast. Það er enginn vafi á því, að ef illa er með leiklistina farið, þá getur hún ekki síður spilt en bætt. Þess vegna verður það opinbera að hafa hönd í bagga með því, hvernig leiklistin er iðkuð. Og það er hlutverk þjóðleikhúsanna að varðveita smekk manna fyrir góðri leiklist og hefja leiklistina á hærra stig.

Leikhúsið á að vera ekki aðeins til skemtunar, heldur og jafnframt skóli fyrir almenning. En þó að það ætti að vera aðeins til skemtunar, þá fer því fjarri, að það væri einskisvert fyrir því. Mennirnir eru nú eitt sinn svo gerðir, flestir að minsta kosti, að skemtanir eru þeim nauðsynlegar eins og matur og drykkur. Og það er ekki lítils um það vert, hvernig þær skemtanir eru, sem almenningi er gefinn kostur á. Það varðar einkanlega afarmiklu að því er til æskulýðsins kemur, hvort slíkar skemtanir eru mentandi og göfgandi eða heimskandi og jafnvel siðferðislega spillandi. — Það ætti því beinlínis að vera *viðurkend skylda* þess opinbera að sjá fyrir því, að almenningur eigi kost góðra og göfgandi skemtana.

En eins og jeg drap á í upphafi, þá er það í raun og veru viðurkent hjer, að því opinbera beri að gera þetta, að minsta

kosti með því að styðja leiklistina. Leikfjelagi Reykjavíkur hefir nú áratugum saman verið veittur nokkur fjárstyrkur, bæði úr ríkissjóði og bæjarsjóði, til að halda uppi sjónleikum hjer í bænum. En nú er svo komið, að sá styrkur nægir ekki. Leikendur hafa lagt á sig mikla vinnu öll þessi ár, sem Leikfjelagið hefir starfað, og verkalaunin hafa verið lítil. En það er þó ekki krafa um meiri laun, sem hjer er um að ræða. Það er ekki það, að leikendurnir ætli nú að gera verkfall, nema þeir fái hærri laun, sem veldur því, að fjelagið er nú að gefast upp. Það er húsnæðislaust. Leiklistin stendur að því leyti ver að vígi en aðrar listir, að hún getur ekki þroskast og þróast, nema til sje húsnæði, sem hún getur ráðið yfir. Leikfjelagið hefir öll þessi ár, sem það hefir starfað, orðið að notast við Iðnaðarmannahúsið. Það er svo ljelegt leikhús, að ekki er samboðið höfuðstað fullvalda ríkis. Og það er ekki samboðið þeirri *leiklist*, sem skapast hefir þó innan veggja þess. Því enda þótt leiklistin hafi átt hjer við örðug kjör að búa, þá er það þó viðurkent, að hún hefir náð miklu meiri þroska en vænta mátti. Og það er sannað, ekki aðeins með vitnisburði okkar sjálfra, heldur og ýmsra erlendra listmentaðra manna, sem þykjast hafa sjeð hjer svo vel leikið, að sambærilegt sje við jafnvel það besta erlendis. En það er þó ekki aðeins það, að leikhúsið sje ljelegt og ósamboðið höfuðstaðnum og þeirri list, sem þar er iðkuð, það er ekki aðeins þetta, sem veldur því, að óhjákvæmilegt er orðið að reisa hjer leikhús, ef íslensk leiklist á ekki að deyja út. Það, sem því veldur, er, að Leikfjelagið hefir ekki lengur þau umráð yfir þessu húsi, sem því er nauðsynlegt að hafa, til að geta starfað svo, að því fari ekki aftur ár frá ári. Húsið er nú orðið einstaks manns eign, keypt svo háu verði, að eigandinn verður að nota hvert tækifæri, sem gefst, til þess að leigja það fyrir hverskonar samkomur og skemtanir. Leikfjelagið fær því ekki að vera í húsinu nema rjett þau kvöldin, sem leikið er. Æfingar allar verða að fara fram annarsstaðar, í smáherbergjum úti í bæ. Er slíkt vitanlega allsendis ófullnægjandi, þótt ekki væri nema vegna þess, að beiting raddarinnar þarf að vera alt önnur í leikhúsinu, og auk þess verður ekki æft nema að hálfu leyti utan leiksviðsins. Hjer við bætist svo, að leiktjöld öll og aðra muni verður að fá geymda hjer og hvar úti í bæ, því húsráðandi má af engu rúmi sjá í húsinu fyrir slíkt.

Hjer er því ekki nema um tvent að ræða, að Leikfjelagið leggi niður starf sitt og leiklistin hjer lognist út af með því, eða þá að reisa leikhús. Það verður væntanlega eitthvað leikið eftir sem áður þarna í þessu sama húsi, því að eigandinn verður að hafa einhverjar tekjur af því. En jeg hefi enga trú á því, að sú leiklist verði þjóðinni til uppbyggingar, enda verður þá tilgangurinn alt annar en verið hefir með starfi Leikfjelagsins. Og það er nú líka alment viðurkent, að enginn kunni þeim tveim herrum að þjóna, guði og mammoni.

Jeg vona því, að háttv. deild verði mjer sammála um það, að það verði ekki lengur komist hjá því að reisa hjer leikhús. Og það því fremur, sem slík bygging vrði ekki aðeins til eflingar leiklistinni, heldur myndi líka t. d. söngllistin geta átt þar athvarf. Einnig mætti halda þar fræðandi fyrirlestra og fleira. Það er aðeins merkilegt, að ekki skyldi vera unnið að þessu þegar í stað, er mönnum flaug í hug það snjallræði, að leggja mætti skatt á skemtanirnar, og ríkissjóður var þó talinn

yfir það hafinn að lúta að svo litlu. Það virðist þó svo, sem það hefði átt að liggja næst, úr því að ríkissjóður gat sjeð af þessum tekjum, að nota einmitt þennan skatt á skemtanafýsn manna til þess að bæta skemtanirnar, nota skattinn af hinum ljelegri skemtunum til þess að styrkja þær betri. En þegar skemtanaskattslögin voru samþykt, var mönnum ekki eins ljóst orðið og nú, hve óhjákvæmilegt það er að koma upp leikhúsinu. Menn munu ekki heldur hafa gert sjer von um svo miklar tekjur af þessum skatti, að hann myndi koma að nokkru liði í því skyni. En það, að skatturinn var lagður undir bæjar- og sveitarsjóði, mun að nokkru leyti hafa stafað af misskilningi. Sú ástæða var færð fyrir því fyrst og fremst, að bæjarsjóður Reykjavíkur hefði ekki þær tekjur af kvikmyndahúsunum, sem honum bæri. En vitanlega var honum innan handar að ná hæfilega miklum tekjum af þeim með útsvarinu. Í raun og veru er skatturinn þannig algerlega órjettmætur sem bæjarskattur. Og bæjarstjórninni var það heldur ekki neitt áhugamál að fá að leggja þennan skatt á, sem sjá má af því, hve seint hún notaði sjer heimildina. Og eins er um aðra bæi. — Nú er það komið í ljós, að tekjur af þessum skatti eru töluvert meiri en ætlað var í fyrstu. Hann mun nú vera áætlaður um 30 þús. krónur hjer í Reykjavík. En ekki veit jeg til þess, að það sje fastákveðið enn, til hvers honum skuli varið, nema hann á ekki að notast til venjulegra bæjarþarfa. Það er ráðgert að láta hann renna í sjerstakan sjóð, sem síðar verði varið til einhverra nytsamra fyrirtækja. En nú er það alkunnugt, að slíkir sjóðir verða venjulega að eyðslufje, bæði hjá bæjarsjóðum og ríkissjóði. Og þar sem skatturinn á í raun og veru engan rjett á sjer sem bæjarskattur, þá virðist það ekki vera mikil synd að taka hann af bæjunum. Og hvað Reykjavík snertir, þá er svo sem ekki um það að ræða að svifta hana öllum notum skattsins, ef reist verður fyrir hann veglegt leikhús í bænum. En augljóst er, að ef leiklistin er þess verð, að hún sje styrkt, þá nýtur Reykjavíkurbær fyrst og fremst góðs af því. En ef leiklistin nær vexti og viðgangi hjer á höfuðstaðnum, þá getur heldur ekki hjá því farið, að alt landið njóti góðs af því, því hingað koma menn til dvalar um lengri og skemri tíma úr öllum hjeruðum landsins og ber í því sambandi ekki síst að minnast skólafólksins.

Að lokum skal jeg taka það fram, að ráðgert er, ef þetta frv. verður samþykt, að hægt verði að fara að byrja að reisa leikhús eftir 2—3 ár. Eftir 3—4 ár yrði þá komið upp sæmilegt leikhús hjer í bænum, þannig gert, að það mætti gera fullkomnara síðar, er efni leyfðu. Jeg hefi orðið þess var af viðræðum við menn, að þetta muni þykja ærið loftkastalakendir draumórar. En mjer virðist þessi loftkastali fagur, og jeg veit, að ef ekki brestur viljann, þá er það á valdi háttv. þm. að koma honum á fastan grunn. Og jeg er sannfærður um, að ef það verður úr, þá verður þessa þings minst með virðingu og þakklæti löngu eftir að öll önnur störf þess eru gleymd.

Jeg geri ráð fyrir því, að háttv deild vilji, að umr. lokinni, vísa málinu til nefndar, og lít jeg svo á, að best eigi við, að það verði þá falið mentamálanefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. at-

kv. og til mentamálanefndar með 15 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 171, n. 277).

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Mentamálanefnd hefir samþykt að mæla með frv. þessu, þar sem henni hefir ekki blandast hugur um, að um menningarmál sje að ræða og að hjer muni seint verða reist þjóðleikhús, nema þetta frv. verði samþykt.

Bæði flm. og nefndin líta svo á, að þetta mál sje jafnmikilsvert fyrir alt landið, þar sem hingað til Reykjavíkur streymir fólk úr öllum landshlutum til dvalar, um lengri eða skemri tíma, á öllum tímum ársins.

Nefndin hefir gert 3 brtt. við frv. — Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv. Í frv. er svo ákveðið, að aðeins þeir kaupstaðir, sem hafi 2000 íbúa eða fleiri, gjaldi skemtanaskatt. Verða það alls aðeins 4 kaupstaðir á landinu. Nefndin leggur til, að sú breyting verði gerð á frv., að allir kaupstaðirnir og þau þorp, sem hafa 1000 íbúa eða fleiri, borgi skemtanaskatt í þjóðleikhússjóð. Nefndin byggir þessa brtt. sína á því, að kauptún og þorp af þessari stærð hafi skilyrði til að halda uppi leikum. Þjóðleikhús á að verða nokkurskonar háskóli leikenda um alt land, því að leikendur frá hinum minni kauptúnum munu koma þangað og sjá, hvað þar fer fram og taka sjer til fyrirmyndar. Sömuleiðis eiga þeir og hin smærri leikhús að geta fengið leiðbeiningar um leikaval og fleira, er að leiklistinni lýtur. Er því ekki nema rjettmætt, að minni kauptúnin greiði einnig í þennan sjóð, enda þótt sá skattur, sem þau mundu greiða, nemi aldrei nema litlu. Önnur brtt. er við 3. gr. frv. Þótti nefndinni ákvæði a-liðs 3. greinar eigi nógu skýr, nema nokkru ljósar væri kveðið að orði um, hvaða fyrirlestrar ættu að vera skattfrjálsir, og leggur því til, að það sjeu allir þeir fyrirlestrar, sem styrktir eru af opinberu fje.

Þá er það lóðin undir þjóðleikhúsið; þriðja brtt. er um hana. Í frv. er til tekið, að hún skuli vera á Arnarhólstúni neðanverðu, norðan Hverfisgötu. Þetta vill nefndin ekki taka á sig að ákveða, þar eð hún gat ekki rannsakað það atriði til hlítar. Það þarf að hafa í huga ýmsar aðrar byggingar, sem á að reisa þarna. Vill hún því ekki ákveða staðinn nánar en að leikhúsið verði reist á Arnarhólstúni, og lítur nefndin svo á, að það saki ekki, þótt ekki sje nánar kveðið á um þetta atriði í lögunum, ef frv. verður samþykt.

Það eru nú þegar komin fundarlok, og ætla jeg því eigi að reifa þetta mál meira að sinni, enda hefi jeg fundið, að undirtektirnar muni verða svo góðar, að þess mun því ekki þörf.

ATKVGR.

Brtt. 277,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, EÞ, IngB, JakM, JB, JÞ, MJ, BSv.

nei: StSt, SvÓ, BH, HK, JAJ, JS, LH, MG, PO.

Sjö þm. (SSt, EE, GunnS, MK, MP, ÓP, PÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 13:3 atkv.

Brtt. 277,2 samþ. með 15:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj atkv.

4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 277,3 samþ. með 14:3 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 47. fundi í Nd., laugardaginn 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 346, 380).

Pjetur Ottesen: Jeg á brtt. við frv. þetta, sem jeg þarf að láta nokkur orð fylgja úr garði. Það er kunnugt orðið, og fer víst framhjá fæstum háttv. þm., hversu afarerfitt það er orðið í hinum ýmsu bæjar- og hreppsfjelögum að jafna niður hinum óhjákvæmilegustu gjöldum, og hversu fáar leiðir þau geta farið til að auka tekjur sínar, í hlutfalli við útgjöldin, sem fara vaxandi árlega. Flestir tekjustofnarnir eru svo mylktir í ríkissjóð, að lítið eða ekkert er eftir til annara þarfa, það er til bæjar-, sýslu- og hreppsþarfa. En þar sem þessu er nú þannig varið, þá þarf líka að gæta þess, að fara varlega í það að svifta bæjar- og sveitarfjelögin þeim tekjustofnum, sem þau hafa og fyrir eru. Þetta frv. fer fram á að svifta þau kauptún og kaupstaði, sem ákvæði þess ná til, skemtanaskattinum. Eins og þetta frv. var úr garði gert af hendi flm., þá átti skemtanaskatturinn að koma niður á kaupstöðum, sem hafa 2000 íbúa eða fleiri, og var því, eftir því sem annar flm., hv. 1. þm. Reykv. (JakM), hefir skýrt mjer frá, hagað svo vegna þess, að slíkir bæir eru þeir stærstu og þeir, sem svo eru settir, að þeir verða miðstöð, hver í sínum landshluta, miðstöð samgangna úr þeim landshluta. Skatturinn gæti með því móti á þessum stöðum orðið nokkuð almennur, nokkurskonar landsskattur. Einmitt með þetta fyrir augum vildu flm. frv. ekki ganga lengra, og jeg veit, að háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) leit svo á, að það væri að seilast um hurðina til lokunnar, að fara að færa skattagrundvöllinn lengra út. En háttv. mentamálanefnd hefir lagt til að breyta þessu þannig, að hún lætur skattinn ná til allra þeirra kauptúna og kaupstaða, sem hafa 1000 íbúa og fleiri. Þó þau kauptún sjeu nú raunar ekki mörg, sem hafa þessa íbúatölu, þá er sá munur á þeim, sem hafa lægri íbúatöluna, og stærstu bæjunum, að í þeim fyrnefndu eru skemtanirnar nær eingöngu sóttar af þeim mönnum, sem heima eiga þar á staðnum, og kemur þá skatturinn eingöngu niður á kauptúna- eða kaupstaðabúum.

Það er einmitt þessi aðstöðumunur, sem getur rjettlætt það nokkuð að verja skemtanaskatti stærstu bæjanna til þjóðleikhúsbyggingar, þó það sje aftur á móti alveg fráleitt að fara svo að hvað snertir smærri kaupstaði og kauptún.

Auk þess skapar þetta ærið misrjetti og er beinlínis hjákátlegt, að kauptún eða kaupstaðir, sem hafa eða hanga í að hafa 1000 íbúa, verði að láta allan skattinn af hendi rakna til þjóðleikhússins, en önnur kauptún, sem aðeins eru nokkru fólksfærri, geta notað hann til eigin þarfa, en eru þó alveg jafnt sett hvað alla aðstöðu snertir.

Með lögunum frá 1918 um skemtanaskatt er bæjarfjelögum, eins og kunnugt er, gefin heimild til þess að leggja skemtanaskatt á til eigin þarfa, og eru ýms þeirra farin að nota sjer þetta. Fer auðvitað eftir atvikum, hvað vinst; en stundum getur það þó orðið dálítill styrkur fyrir hreppana, þó lítið mundi

muna fyrir það fyrirtæki, sem hjer á að fara að stofna til. Auk þess, sem eins og jeg hefi áður tekið fram, verður að fara mjög varlega í það að kippa í burtu þessum litla tekjustofni, sem kauptúnahrepparnir úti um landið hafa fest hönd á, þá er sannarlega heldur ekki eftir miklu að slægjast eða varla ómaksins vert að vera að seilast eftir þessu. Enda kemur ranglæti fram í því að vera að elta kauptúnin, í stað þess að verja skattinum í þessu augnamiði, úr því menn endilega vilja gera það, í þeim kaupstöðum, þar sem svo er hagað um samgöngur, að aðsókn af fólki úr nærliggjandi hjeruðum til dvalar um lengri eða skemri tíma, að hann getur orðið almennur skattur. Nú kem jeg með brtt. um, að ákvæði frv. um þessa ráðstöfun á skattinum nái aðeins til bæja, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Er það miðlunarvegur milli þess, er flm. ætluðust til í upphafi, og tillagna mentamálanefndar, og tel jeg þeim sæmilegt að fallast á þetta, sem á annað borð vilja fara að breyta lögum um skemtanaskatt og aðhyllast þessa stefnu. Raunar hefi jeg borið fram varatillögu um, að íbúatalan verði hækkuð upp í 1500.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Það er alment álitið, að skemtanir, eins og t. d. leiklist, sje ekki heppilegur tekjustofn til handa hinu opinbera. Ef skatt ætti að leggja t. d. á sjónleika til opinberra þarfa, þá mætti eins leggja skatt á skóla og aðrar mentastofnanir. Því er þetta alveg röng leið, nema aðeins í því formi sje, að efla listina sjálfa, eins og þetta frv. fer fram á.

Viðvíkjandi brtt. frá háttv. þm. Borgf. (PO), þá skal jeg geta þess, að við flm. höfum ákveðið að verða með tillögu hans, svo að frv. verði þeim mun vissara að ná samþykki deildarinnar. Lítum við svo á, að þetta muni ekki miklu fyrir þjóðleikhúsið. Jeg hefi raunar ekki átt kost á því að kalla mentamálanefnd saman á fund, en hins vegar talað við nefndarmenn hvern í sínu lagi, og eru þeir ekki allir á sama máli um þetta. En mín skoðun er sú, að það skifti ekki svo miklu máli, við hvaða íbúatölu sje miðað, að vert sje að stofna málinu í hættu með því að vekja sundrung um það. Mun jeg því, eins og jeg hefi tekið fram, til samkomulags ganga inn á brtt.

Jakob Möller: Jeg geri ráð fyrir því, að hv. nefnd hafi viljað koma með brtt. í besta tilgangi. Jeg hygg, að fyrir henni hafi vakað að gera öllum jafnt undir höfði og beita ekki neinar sveitir eða kauptún misrjetti. En jeg vona, að þetta verði ekki til þess að vekja neina sundrung um málið, og jeg fyrir mitt leyti get fallist á till. hv. þm. Borgf. (PO), þó hún sje ekki í samræmi við það, sem upphaflega var talað um. Að lokum skal jeg geta þess, að jeg veit ekki betur en að skemtanaskatturinn sje alstaðar erlendis landsskattur, eins og hjer er farið fram á

Pjetur Ottesen: Jeg þakka fyrir þær undirtektir, sem brtt. mín hefir fengið hjer. Jeg skal ekki lengja umr. að sinni, þó jeg þyrfti að gera nokkrar athugasemdir. En af því að jeg sje nú eftir á, að með 8. gr. eru feld niður ákvæðin úr lögunum frá 1918, um það, að heimila sveitarfjelögum, sem ekki koma undir ákvæði þessa frv., að nota skemtanaskatt til sinna þarfa, ef þau vilja, verð jeg að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið nú út af dagskrá, svo

mjer gefist kostur á að koma fram með brtt. til lagfæringar á þessu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 346, 380, 415, 419).

Pjetur Ottesen: Eins og menn rekur minni til, benti jeg á það á laugardaginn, er mál þetta var hjer til umræðu, að 8. gr. frv. væri svo orðuð, að heimildin í lögunum frá 1918, um skemtanaskatt, fyrir þá kaupstaði og kauptún, sem ekki koma undir ákvæði þessa frv., til þess að taka sjálfir skemtanaskattinn, var felld niður. Jeg fjekk því málið tekið út af dagskrá til þess að leiðrjetta þetta, og er það gert í brtt. þeirri, er jeg hefi nú borið fram um þetta efni. Þarf jeg svo ekki að fjölyrða meira um málið, en vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekki skift mjer af þessu máli fyr, þó það fari allmjög í bága við hagsmuni Reykjavíkur. Jeg viðurkenni sem sje fyllilega þörfina á þjóðleikhúsi hjer, og það munu allir gera, sem komið hafa hjer í leikhúsið og vita, að það er einhver ljelegasti samkomustaður bæjarins. Jeg viðurkenni líka þá menningarhlið þessa máls, sem hjer hefir verið talað um. Þess vegna ljet jeg kyrt um málið, þó jeg sæi, að verið væri að svifta Reykjavík allverulegum tekjustofni, sem átti að nota í ákveðnum gagnlegum tilgangi. Hins vegar get jeg ekki setið hjá lengur, þegar jeg sje, hvaða stefnu er nú farið að taka við 3. umr. Jeg hjelt sem sje í upphafi, að ætlast væri til þess, að þessi lög ættu að ganga jafnt yfir alt landið og öll hjeruð ættu jafnt að leggja sinn skerf til þess að koma upp þessu leikhúsi. En nú er þvert á móti farið fram á það, að undanþiggja skattinum mikinn hluta landsins, svo að hann kæmi í reyndinni aðallega niður á Reykjavík einni, og henni einni væri því ætlað að koma upp þessu leikhúsi, en aðrir ætli að skerast úr leik. Nú er það vitanlegt, að þær tekjur, sem Reykjavík missir á þennan hátt, verður að vinna upp á einhvern annan hátt, með auknum álögum á bæjarbúa, ef á annað borð á að vera unt að framkvæma þau fyrirtæki, sem til var stofnað. Jeg vil t. d. benda á það, að fyrir skemtanaskatt fyrsta ársins, um 30 þús. kr., var komið upp verkamannahúsi hjer við höfnina og að ákveðið hefir verið að nota þennan tekjustofn framvegis til ýmsra slíkra fyrirtækja, svo sem til bygginga barnahælis og gamalmennahælis. Allir menn viðurkenna, að þetta sjeu góð og nauðsynleg fyrirtæki og að skemtanaskattinum væri vel varið til þess að koma þeim upp. Og úr því að svo er, að Reykjavíkurskattinum er ekki ætlað það, að vera aðeins einn liður í því, sem landið alt leggur af mörkum til þessa leikhúss, en sumir ætla að skerast úr leik, virðist mjer sanngjarnast, að eins og þeir fá að ráðstafa sínum skatti sjálfir, fái Reykjavík það líka. Það má að vísu vera svo, að hjer í þinginu sje flokkur, sem ekki sjái eftir því að láta Reykjavík blæða einni fyrir þetta og þykist hafa himin höndum tekið, þar sem ríkissjóður þurfi ekki annað af mörkum að leggja en lóðina. En mjer virðist samt stefnt hjer alveg rangt, eins og málið er nú komið, ef brtt. verða samþyktar. Jeg get því ekki greitt þeim atkvæði mitt, eða frv. svo breyttu, hvað sem kann að verða, ef þær falla.

Hefir nú verið lögð fram áskorun frá bæjarstjórn Reykjavíkur, þess efnis, að láta heimildarlögin standa óhögguð.

Get jeg vel skilið, að bæjarstjórnin óski þess ekki, að bærinn verði sviftur stórum tekjustofni, sem hann hefir haft ráð yfir, einkanlega þegar þess er gætt, að allmörgum af kauptúnum landsins er ekki ætlað að leggja neitt af mörkum.

Sveinn Ólafsson: Jeg á brtt. við frv. á þskj. 419, við 3. gr. þess. Legg jeg til, að a-liður gr. orðist svo, sem stendur í brtt. minni, og feld verði burtu úr greininni orðin „sem styrktir eru af opinberu fje“. Er innskot þetta sett inn í frv. eftir till. mentmn. En jeg get ekki verið því sammála, að þeir fyrirlestrar, sem styrktir eru, eigi að njóta skattfrelsis framar hinum, sem jafnt eru fræðandi, en þó ekki styrktir af opinberu fje.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) þótti stoðum kipt undan fyrirtækinu með því að undanþiggja skattinum kauptún og kaupstaði, er hefðu lægri íbúatölu en 1500. Er nokkuð til í þessu, en aðgætandi er, að Reykjavík, sem mun koma til að bera mestan kostnaðinn af þessu, hefir margfaldlega meiri not af stofnun þjóðarleikhússins en aðrir kaupstaðir eða kauptún landsins. Er og aðgætandi, að þessi bær hefir mikið seiðmagn og dregur fólk að sjer úr öllum landshlutum, ýmist til langdvalar eða gistingar, og taka þannig flestir landsmenn beinan eða óbeinan þátt í stofnkostnaði þessa fyrirtækis.

Jón Þorláksson: Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) gat um, að áskorun hefði komið frá bæjarstjórn Reykjavíkur út af þessu máli. Þykir mjer rjett að lofa háttv. deild að heyra hana. Var hún samþykt með shlj. atkv. 20. þ. m. og hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur leyfir sjer að vekja athygli Alþingis á því, að ákveðið er með samþykt, staðfestri af ráðuneytinu, að nota skuli skemtanaskattinn í Reykjavík til að koma upp barnahæli og gamalmennahæli. Er slíkra hæla afarmikil þörf, en vansjeð, að unt sje í náinni framtíð að fá fje til framkvæmda, ef skemtanaskatturinn verður tekinn til annars.

Skorar bæjarstjórnin því á Alþingi að láta heimildarlögin um skemtanaskatt standa óhögguð.“

Er því hjer meira um að ræða en fyrirætlun bæjarstjórnarinnar um það, hvernig fjenu skuli varið, því að reglugerð, staðfest af stjórnarráðinu, er þegar sett.

Er mikil þörf á þessum líknarstofnunum, og verð jeg að segja, að jeg á bágt með að greiða frv. atkv. mitt, þegar taka á fjeð frá þessum nauðsynjafyrirtækjum, þótt jeg hins vegar viðurkenni nauðsynina, sem er á því að fá gott þjóðleikhús, og vilji ljá því máli liðsinni mitt. En hræddur er jeg um, ef frv. verður samþykt, að þá drægist að koma upp hælunum, og væri það illa farið.

Jeg vil líka vekja athygli á öðru atriði í þessu máli. Það varð ágreiningur milli bæjarstjórnarinnar og íþróttamanna um skilning á þessum lögum. Bæjarstjórnin heimtaði skatt af kappleikum áhugamanna, en þeir kvörtuðu og fengu stuðning Alþingis um það, að íþróttir, sem áhugamenn stunduðu, væru undanþegnar skattinum. En nú mun vafasamt um þetta eftir frv. — Vil jeg beina því til háttv. flm. (JakM) og háttv. frsm. (ÞorstJ), hvort þeir vilji ekki hlutast til um, að frv. verði tekið af dagskrá nú og athuga þetta og reyna einnig, hvort ekki verði náð samkomulagi um það, að lögin gangi ekki í gildi fyr en Reykjavík er búin að fá

stofn til byggingar barna- og gamalmennahæla, svo að þeim verði ekki skotið á frest. Þarf ekki svo ýkjamikla fjárhæð til þessa og skatturinn er talsvert mikill.

Jakob Möller: Jeg skal vekja athygli á því, að jeg hefi haldið því fram, og fært full rök fyrir því, að skemtanaskatturinn sje þannig vaxinn, að hann eigi ekki að vera sveitarskattur. Þótt þingið 1918 heimilaði bæjarfjelögum að nota þennan tekjustofn, þá er því engu síður heimilt að svifta þau honum og nota fjeð öðruvísi. Hafa líka bæjarfjelögin verið mjög sein á sjer að nota þessa heimild. Lögin voru samþykt á þinginu 1918, en fyrsta reglugerðin var sett í árslok 1921 hjer í Reykjavík, og var hún samþykt af bæjarstjórninni með hangandi hendi. Meiri var áhuginn ekki. Jeg vil líka vekja athygli á því, að frv. hefir legið hjer fyrir þinginu í einn mánuð og það verið alkunnugt, að það var búið að ganga hjer í gegnum tvær umræður, en nú fyrst við 3. umr. þess er komið með þetta mótmælaskjal, og það er ekki einu sinni, að það komi rjetta boðleið til forseta, heldur hefir því verið skotið inn nú í fundarbyrjun.

Svona er nú áhugi bæjarstjórnarinnar. Þetta kemur fyrst nú. Er heldur ekki að undra, þótt hann sje lítill, því að mótmælin munu aðallega komin fram vegna gremju bæjarstjórnarinnar út af afdrifum annars máls.

Hefi jeg og átt tal við borgarstjóra og ýmsa bæjarfulltrúa, síðan frv. kom fram, og hefir enginn hreyft andmælum gegn því.

Annars mun þessi skattur hrökkva skamt til að koma upp þessum hælum og reka þau, og mun líka sú verða reyndin á, að hann rennur inn í bæjarsjóðinn og verður þar að eyðslueyri, líkt og landhelgissjóðurinn er kominn inn í ríkissjóðinn og eyddur. Er þetta gangurinn bæði hjá ríkinu og bæjarstjórn. Ef nauðsyn er á að koma upp þessum hælum, þá munu önnur ráð til en þetta. Er þegar komið upp gamalmennahæli hjer fyrir áhuga einstakra manna. Eru þessar stofnanir víðast hvar svo til orðnar. Um barnahælið verð jeg líka að segja það, að jeg veit ekki, hversu ákjósanlegt það er að koma því upp. Hefi jeg aldrei heyrt nema ilt um þesskonar hæli. Mega það vera auma heimili, sem ekki sjá betur um börnin en þessar opinberu stofnanir. En sje þörfin brýn, mun hægt að fá fje með aðstoð almennings. Öðru máli gegnir með leikhúsið. Því er ómögulegt að koma upp nema með aðstoð þess opinbera, annaðhvort með beinu framlagi eða á þann hátt, sem frv. fer fram á.

En verði ekkert aðgert, fellur leiklistin niður og aðrar skemtanir koma í staðinn, sem fólkið vill eins vel, en þörfin á leikhúsi gleymist.

Jeg get ekki orðið við tilmælum háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), um að taka málið af dagskrá, því að eigi þessi skattur að koma bænum að nokkru gagni til að byggja hæli fyrir, þá þyrfti hans í raun og veru altaf með, til að starfrækja það. Geri jeg því ráð fyrir, að sömu andmæli kæmu síðar, er ætti að fara að svifta bæinn tekjustofninum.

Um íþróttaskattinn vil jeg taka það fram, að það er víst, að íþróttir eru undanþegnar. Eru lögin frá síðasta þingi alveg fullnægjandi lögskýring hvað það snertir. Vona jeg, að háttv. deild láti frv. ná fram að ganga.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Það sýnist ekki blása byrvænlega fyrir frv. þessu, er bæjarstjórn Reykjavíkur vill ekki, að málið gangi fram og 2 af hv. þm. Reykv. mótmæla því.

Hv. 2. þm. Reykv. (JB) taldi, að frv. færi í bága við hagsmuni Reykjavíkur. Jeg hjelt, að þetta mál væri fyrst og fremst fyrir Reykjavík. Auðvitað eru Reykjavík ekki beint rjettir peningar, þótt frv. þetta verði að lögum, en óbeint er það svo, þar sem ætlast er til, að aðrir kaupstaðir leggi líka fje fram til leikhússins og að leikhúsið verði reist hjer.

Auðvitað hefir alt landið gagn af þessu, því að leikhúsið mun verða nokkurskonar háskóli leiklistarinnar á landi hjer. Er löngun til að sýna sjónleika sem víðast á landinu altaf að aukast. Get jeg nefnt sem dæmi, að kona frammi í Eyjafirði hefir samið leikrit, sem hefir verið leikið þar í vetur 14 sinnum. Er nú verið að leika það á Akureyri og mun bráðlega verða leikið einnig út við Eyjafjörð.

Sýnir þetta, hversu mikil nauðsyn er á því að koma upp þjóðleikhúsi, sem sje til fyrirmyndar og leiðbeiningar fyrir leikendur og leikhús annarsstaðar á landinu. Að þessu leyti nyti alt landið góðs af leikhúsi í Reykjavík.

En vitanlega hefir Reykjavík best notin að því, því að almenningur utan af landi á sjaldan kost á að sjá leikið hjer. Er því einkennilegt, að mótspyrna gegn málinu skuli hafa komið hjeðan frá Reykjavíkurbæ eða stjórn hans. Er reynt að rökstyðja þessi mótmæli með því, að með þessu sje verið að taka fje frá barna- og gamalmennahælum. Vantar ekki, að notað sje það vopnið, sem haldið er að bíti best á háttv. þm.

Mundum við flm. heldur ekki hika við að taka frv. aftur, ef við hjeldum, að fátækum börnum eða gamalmennum mundi líða ver, ef það yrði samþykt. Reykvíkingar geta auðvitað einlægt sagt, að þeir hafi nóg að gera við skemtanaskattinn, þótt honum verði ekki varið til þjóðleikhúss, en annaðhvort er bærinn að þrotum kominn eða hann getur reist hælin, þótt þetta fje sje ekki til þess notað.

Það getur verið, að sumum virðist ekki mikil nauðsyn á að koma upp þjóðleikhúsi, einkum þeim, sem líta á leikhús sem skemtanastað, sem hafi fremur lítið gildi. En jeg lít svo á, að þjóðleikhús eigi að verða einskonar skóli fyrir leiklistina í þessu landi og að leiklistin hafi mjög víðtæk, fræðandi og örvandi áhrif á þjóðfjelagið alt. Jeg álít því þessu fje vera varið bæði til menningarbótar og andlegrar heilsubótar. Því miður geri jeg eigi ráð fyrir, að þetta frv. nái að ganga fram, er þingmenn þeirra kjördæma, er mest not mundu hafa þessarar stofnunar, mæla svo mjög á móti þessu. Jeg hafði fremur vænt mótmæla af hendi háttv. þm. Ak., Ísaf. o. fl. Jeg get ekki orðið við þeim tilmælum að taka málið af dagskrá, en læt arka að auðnu um það, hversu þessu máli reiðir af við atkvgr.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) hafa tekið allóstint upp hógværar aðfinslur við þetta mál, og jeg get tekið undir með till. háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) um að skjóta þessu máli á frest. Jeg tel það algerlega ófært, að teknar verði þegar hálfar tekjur þessa árs, eins og til er ætlast samkvæmt þessu frv., þar sem bæjarstjórnin hjer mun nú nýlega hafa ráðstafað þeim.

Það er ekki rjett hjá hv. 1. þm. Reykv. (JakM), þó þingið sje búið að veita einhverjum bæjar- eða sveitarfjelögum rjettindi með heimildarlögum til að búa sjer

til nýja tekjustofna, að þá megi svifta þau þessum rjetti aftur. Því neitar að vísu enginn, að Alþingi hefir vald til þessa, en jeg álít ekki rjett, að þingið neyti þess valds. Þá sagði háttv. 1. þm. Reykv., að áhugi bæjarstjórnar hefði verið lítill á þessu máli, þegar skemtanaskattslögin voru fyrst samþykt. Það getur vel verið rjett; en svo var og þá á Alþingi, og hefir þetta oft komið fyrir. Þá sagði sami háttv. þm., að bæjarstjórnin hefði ekki farið rjetta boðleið til þingsins með þessa áskorun, en jeg veit nú samt, að hún lá hjer til aflestrar á skrifstofu Alþingis. Það má vel vera, að þessi háttv. þm. hafi orðið var við gremju hjá borgarstjóra og öðrum, vegna þess, hve seint gengur að fá afgreidd frá Alþingi lögin um bæjargjöldin o. fl. Jeg og fleiri erum einnig sárir út af þessu. Hann sagði enn fremur, að þetta hrykki skamt til að koma upp þessum hælum; þetta eru þó um 30 þús. kr. á ári, og það ætti því ekki að ganga svo afarseint. Þá var háttv. þm. á móti barnahælum, og það er gild ástæða fyrir sjálfan hann, en ekki fyrir aðra. Það er talsvert erfitt að koma börnum hjeðan úr Reykjavík í sveit, og þá álít jeg að þessi hæli gætu komið að gagni. Þingmaðurinn (JakM) taldi þetta geta orðið að eyðslufje bæjarstjórnarinnar, eins og fór um landhelgissjóðinn hjá ríkisstjórninni. En þetta er alls engin ástæða.

Háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) fór geyst ur mjög og rasandi vegna þeirra ummæla, er fram hafa komið gegn þessu frv., en það, sem hneykslaði mig mest af öllu, voru þau ummæli hans, að hann, og þeir flm., skyldu vera með brtt. þm. Borgf. (PO), ef hann aftur lofaði frv. fylgi sínu. Þá sagði hann, að bæjarstjórn Reykjavíkur notaði þau vopn, er hún hygði best mundu bíta. Jeg skil alls eigi þessi ummæli háttv. þm., því bæjarstjórnin hefir ekkert annað sagt en það, sem satt er og rjett, að búið er að ráðstafa fje því, sem inn kemur fyrir skemtanaskatt. En sú aðferð flutningsmanna þessa máls er algerlega óviðeigandi, að undanþiggja hin stærri kauptún frá því að leggja fje til leikhússins, sem landið alt á að kosta.

Jeg er því á móti þessum brtt., en um frv. sjálft get jeg ekki fullyrt neitt, hvernig jeg muni snúast við því, er til atkvgr. kemur. En eins og nú stendur vildi jeg helst fresta þessu máli.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins koma með leiðrjettingar á því, sem háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) sagði í þessu kasti sínu. Hann hjelt, að jeg væri að andmæla mjög þessu frv., en jeg gerði það ekki. Jeg spurði aðeins hv. flm. (JakM og ÞorstJ), hvort þeir vildu láta taka málið af dagskrá, en þeir kváðu nei við því, og þá nær það ekki lengra; málið gengur þá til atkvæða.

Það er nú nýbúið að setja heimildarlög um, að bæjarfjelög megi notfæra sjer þennan skatt, og svo á nú að fara að hringla í þessu aftur og breyta þessum heimildarlögum. Það hefði átt að vera hið fyrsta verk þessarar nefndar að rannsaka það, hvernig þessi breyting kæmi niður, til þess að komist yrði hjá að ónýta þær ráðstafanir bæjarfjelaganna, sem þegar er byrjað á samkvæmt heimild laganna um skemtanaskatt, eins og þau eru nú.

Bjarni Jónsson: Jeg vil fylgja því fast fram, að öll þorp, sem hafa um 500 íbúa, gjaldi þennan skatt, til þess að allir sjeu með, og jeg sje alls ekki eftir því, þó að Reykjavíkurbær missi í við þetta og verði

af þessu fje, sem bærinn hefir fengið alveg að ófyrirsynju og farið illa með. Það hefir verið lagður skattur á íþróttamenn með rangindum, svo að Alþingi varð að taka í taumana, til þess að varðveita þá fyrir ásælni bæjarstjórnar. Svo vita menn og, að hún tekur árlega um 2 milj. kr. úr vösum bæjarbúa. Hlýtur bærinn því að eiga einhversstaðar fje á vöxtum eða í sjóði, þar sem hann getur ekki hafa eytt þessu öllu. Nú tekur t. d. bærinn mörg hundruð krónur árlega fyrir að hirða sorp og ösku frá húsunum. Þetta gat maður áður fengið gert fyrir fáa aura á mánuði; en nú hefir þrifnaður allur stórum versnað, síðan bærinn tók þetta í sínar hendur.

Jeg veit eigi, hvernig bæjarstjórn Reykjavíkur getur dirfst að senda Alþingi hnútur og skeyti, þar sem það er vitanlegt, að bæjarstjórn Reykjavíkur er hin alversta stjórn í heimi. Hún gat t. d. alls ekki sett reglur um húsnæði í Reykjavík, sem Alþingi þó trúði henni fyrir. Barnahæli hjer yrði aðeins til ills eins; börnin yrðu drepin úr kvöl og volæði, og svo er um allar framkvæmdir þessarar bæjarstjórnar. Hún skyldi því ekki vera að seilast til þess fjár, sem hún á engar rjettmætar kröfur til, og kann heldur ekki með að fara.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) hneykslast á því, að jeg hafi fallist á þá tillögu háttv. þm. Borgf. (PO) að undanþiggja kauptún með 1000—1500 íbúum. Þetta á jeg bágt með að skilja hjá þessum háttv. þm. Jeg fjellst á þessa tillögu háttv. þm. Borgf. til samkomulags, vegna þess að hún er smátt atriði í máli þessu, og því fanst mjer ekki rjett að standa á móti henni og eiga það þá á hættu, að málið yrði felt. Þá sagði hann, að með þessari brtt. væri meiri hluti landsins undanskilinn skattinum. En því skýtur nokkuð skökku við hjá háttv. þm., þar sem það eru aðeins ein 2 kauptún, Bolungarvík og Akranes, sem undan skattinum falla, ef till. verður samþykt. Þess vegna fjellst jeg á þetta, að jeg taldi skattinn frá þessum stöðum eigi geta munað miklu, og mjer þótti því órjett að láta málið stranda á þessu einu.

Um hina brtt. háttv. þm. Borgf. (PO) hefi jeg engu heitið; en mentamálanefndin taldi það ekki mundu svara kostnaði að innheimta minni skatt en sem til fjelli í 1000 manna þorpum og þar yfir.

Jón Auðunn Jónsson: Það væri ekkert á móti því að samþykkja þetta frv., ef bæjar- og sveitarfjelögin þyrftu ekki skemtanaskattsins við til eigin þarfa.

Allir verða að viðurkenna, að bæjar- og sveitarfjelög þurfa þessara tekna við, og lög um skemtanaskatt voru búin til í því skyni að afla þeim tekna. Eigi að fara að hringla í þeim aftur, þá er Alþingi komið inn á skakka braut. Meðan sjúkrahús vantar víðast hvar, álít jeg að leikhús verði að bíða. Jeg hefi ekki spurst fyrir um þetta hjá bæjarstjórn Ísafjarðar, en jeg hygg, að þar muni eiga að nota skattinn til að styrkja fátækt fólk, sem þarf spítalavistar með. Jeg trúi því ekki, að frv. þetta nái samþykki þingsins, og þó svo færi, mega menn vita, að meiri kostnaður mun koma til en húsbyggingin.

Erlendis eru þjóðleikhús einn hinn þyngsti baggi á ríkissjóðunum, og eru menn víða í vandræðum með að finna þær miljónir, sem þau þurfa árlega. Mjer finst eðlilegt, að Borgfirðingar vilji losna við að greiða þennan skatt, því menn hafa nú nóg að gera með fje sitt á þessum tímum.

Það væri nærri því óhæfa að kippa þessum tekjustofni af bæjar- og sveitarfjelögunum á sama tíma og verið er að leita eftir föstum tekjustofnum til að draga úr þeim óhemjufjárhagsvandræðum, sem flest þeirra eiga við að stríða.

Pjetur Ottesen: Það er ekkert undarlegt, þó að Reykvíkingar kveinki sjer við að missa af þessum tekjum, sem frv. sviftir þá; sjerstaklega þó, þegar tilgangurinn hefir verið að verja þessu fje til bráðnauðsynlegra mannúðarfyrirtækja, eins og háttv. 2. þm. Reykv. (JB) hefir þegar upplýst. Það sýnir og, hversu varhugaverð þessi breyting er í raun og veru, þegar Reykjavíkurbúar, sem fyrst og fremst munu njóta þessa leikhúss, eru þessu frv. mótfallnir. Af þessu getum við nokkuð sjeð, hvernig á þetta mál muni verða litið á þeim stöðum úti um land, sem sviftir væru þessum tekjustofni og ekki fengju annað í staðinn en eins og þar stendur: reykinn af rjettunum.

Þegar nú þess er gætt, hve mikill hluti manna úr öðrum landshlutum dvelur hjer um lengri og skemri tíma, og leggur þannig af mörkum mikið fje í skemtanaskatti, og er það framlag einmitt í rjettu hlutfalli við not og þýðingu þessa þjóðleikhúss fyrir aðra en Reykjavíkurbúa, þá sjest það ljóst, hversu ástæðulaust og órjettmætt það er að vera að seilast eftir skemtanaskatti þeim, sem til kann að falla á öðrum stöðum.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) hefir leiðrjett þann leiða misskilning háttv. 2. þm. Reykv. (JB), að samkvæmt frv. ætti þetta að verða almennur skattur, sem ætti að ná til allra hreppsfjelaga landsins. Það var ekki hægt að skilja háttv. 2. þm. Reykv. (JB) öðruvísi. Mentamálanefndin gekk þó ekki lengra í sínum tillögum en það, að skatturinn næði ekki nema til þeirra kauptúna eða kaupstaða, sem hefðu 1000 íbúa. Þeir, sem hefðu færri íbúa, slyppu við hann. Með þessu — þó ekki væri lengra farið — var of langt gengið, eins og jeg hefi hjer áður fært rök að, og flm. hafa fallist á og mentamálanefnd sömuleiðis.

Þó að því sje haldið fram, að rjettmætt sje og í sjálfu sjer eðlilegast að nota skemtanaskattinn til eflingar leiklistinni í landinu, þá getur verið, að þetta sje rjett, hvað snertir skatt af leiksýningum, að þá sje eðlilegra að verja slíkum skatti til þess en venjulegra útgjalda hreppseða bæjarfjelaganna, en þá held jeg því hiklaust fram, að skattur, sem fenginn er af dansskemtunum og öðrum skemtunum á borð við það, er að minsta kosti ekki óeðlilegri eða órjettmætara að nota hann til almennings þarfa en til dæmis að taka skatt af hverjum bita og sopa, sem maður lætur ofan í sig, og efni í hverja spjör utan á kroppinn á sjer.

Háttv. frsm. (ÞorstJ) kvaðst vera í vafa um, hvort hann ætti að ganga inn á mína brtt. á þskj 415. En jeg vil benda á, að sú brtt. stendur í svo nánu sambandi við hina brtt. við 1. gr., að það sama hlýtur að ganga yfir þær báðar.

Og að lokum vil jeg benda á, hversu órjettmæt sú hugsun er, sem fram kom hjá háttv. þm. Dala. (BJ), að rjettast væri að láta öll hreppsfjelög, sem hefðu 500 íbúa og fleiri, gjalda skemtanaskatt til þjóðleikhússins, og nægir mjer í því efni að benda til þess, sem jeg hefi áður um það sagt. Og því ástæðulausara væri þetta auðvitað, ef það er nú svo, sem háttv. þm. Dala. (BJ) heldur fram að hljóti að vera, að Reykjavíkurbær eigi nú fleiri miljónir króna í sparisjóðsbók.

Jakob Möller: Áður en til atkvæða verður gengið, verð jeg að vekja athygli háttv. þingdm. á því, að mótmæli þau, sem fram eru komin frá bæjarstjórn, eru ekkert annað en málamyndamótmæli. Hafa þau komið fram nú á 11. stundu, sökum þess, að bæjarstjórn hefir fundist, að hún gæti ekki látið málið fara fram hjá sjer alveg þegjandi. Ef nokkur alvara fylgdi, hefðu mótmælin vafalaust komið fyr fram og þeim verið fylgt fastara. Annars skal jeg taka það fram viðvíkjandi barnaheimilinu, að það getur alls ekki verið rjett hjá hv. 2. þm. Reykv. (JB), að tilgangurinn sje að nota slíkt hæli bæði sem hæli fyrir munaðarlaus börn og sem sumarheimili fyrir börn Reykvíkinga. Það verður eingöngu notað fyrir munaðarlaus börn. En jeg staðhæfi, að munaðarlausum börnum sje betra að fá vist á góðum heimilum heldur en á slíku hæli. Hefi jeg heldur ekki heyrt þess getið, að nokkur vankvæði sjeu á því að koma slíkum börnum fyrir á góðum stöðum, svo þess vegna er engin ástæða til þess að fara að koma upp barnaheimilinu. En yrði því komið upp, þá geri jeg ráð fyrir því, að sú yrði reynslan af því, að eftirsókn yrði ekki mikil eftir því að koma þangað börnum til sumardvalar, þó að rúm leyfði.

Til árjettingar skal jeg enn fremur vekja eftirtekt á þeim orðum í ræðu hv. þm. Ísaf. (JAJ), að Ísafjörður sje ekki enn farinn að ráðstafa þessum tekjum, heldur gangi þær beint í bæjarsjóð. En þessi skattur á engan rjett á sjer til þess að vera almenn tekjulind bæjarsjóðanna. Á þeim stöðum, þar sem miklar tekjur eru af skemtunum, svo sem þar, sem kvikmyndahús eru, má ná fullum skatti af þeim með öðru móti, nefnilega aukaútsvari. Og vil jeg benda háttv. þm. Borgf. (PO) á það, að venjulega eiga þorpin sjálf húsin, sem skemtanirnar eru haldnar í, og geta tekið þetta gjald með húsaleigunni.

Ætla jeg svo að lokum að minna háttv. þdm. á, hve góðar undirtektir þetta frv. fjekk hjer í deildinni í upphafi, og vona jeg, að þeir fari ekki að bregðast því nú. Og jeg ætla að biðja þá að gera sjer ljóst, hvaða verk þeir eru að vinna, ef þeir fella þetta frv. Þeir eru þá að kveða upp dauðadóm yfir íslenskri leiklist og að fremja menningarmorð.

ATKVGR.

Brtt. 380(aðaltill.)samþ. með 14:10 atkv.

— 380 (varatill.) sjálffallin.

— 419 vísað frá af forseta, af þeirri ástæðu, að hún væri um atriði, er áður hefði verið felt í deildinni.

— 415 samþ. með 13:10 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: MP, PO, SSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EE, GunnS, HK, IngB, JakM, LH, MG, BSv.

nei: MK, PÞ, StSt, JAJ, JÞ, MJ.

JB greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (EÞ, JS, ÓP) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 432).

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 530).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Karl Einarsson): Aldrei þessu vant hefi jeg skrifað langt nál. og er því ekki þörf á langri ræðu. Eins og sjest á upplýsingum í nál., hefir Leikfjelagið átt við þröngan kost að búa og við margskonar erfiðleika að stríða frá því það var stofnað. Leikendur hafa lítið borið úr býtum og haft mjög vond húsakynni og haft við ótrúlega örðugleika að búa. Nú hefir á síðustu árum keyrt úr hófi fram, svo að Leikfjelagið er við það að gefast upp. Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um það, hvernig Leikfjelaginu hafi tekist að sýna hjer góða leiklist; það mun öllum kunnugt, sem hjer eru. Þeir munu allir hafa átt kost á að njóta ánægju af að horfa á sjónleika hjer, en jafnframt fundið til óánægju yfir því að sitja í leikhúsinu. En það er ekki við betra að búast, þar sem fjárhagurinn er eðlilega mjög þröngur, þar sem hjer eru komin 2 kvikmyndahús, sem hafa sýningar á hverju kvöldi og miklu betri húsakynni. Og mörgum finst, að þeir fái þar þægilegri skemtun á einni klukkustund en þeir fá í leikhúsinu á þrem stundum í vondri vistarveru. En verulegir smekkmenn í þessum efnum munu þó fljótlega finna mun á góðri leiklist og því, sem oftast er sýnt í kvikmyndahúsum. Nefndin hefir tekið fram í nál., að hún sje óánægð með það, að frv. er eigi nógu víðtækt, en hún hefir eigi treyst sjer til þess að breyta því í hið upprunalega horf, sem það var í í Nd., sökum þess, að nefndin var hrædd um að tefla málinu í hættu með því. En er Reykjavík hefir fengið leikhús, býst jeg við því, að þm. verði svo víðsýnir, að þeir láti hina kaupstaðina njóta skemtanaskattsins til þess að byggja leikhús við þeirra hæfi. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 432).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 569).

---

33. Sandgræðsla.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um sandgræðslu (þmfrv., A. 181).

Á 26., 29. og 31. fundi í Nd., dagana 22., 26. og 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17:1 atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Gunnar Sigurðsson):* Jeg hefi lofað að stofna ekki til neinna umr. um þetta mál að sinni, og skal jeg efna það. Jeg vil aðeins minnast þess með þakklæti, hve vel háttv. deild hefir hingað til tekið í þetta mál. Inn á einstaka drætti málsins fer jeg ekki, en skal geta þess, að aðalefni frv. er að gera hægara fyrir að taka fyrir sandgræðslu í stórum stíl. Það er með þessum hætti, að taka land eignarnám ýmist til að græða það eða stöðva sandfok.

Jeg vil svo leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 19 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 460).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg verð að kannast við, að þetta mál var nokkuð óþekt í landbúnaðarnefnd, þegar það kom þar fyrst fyrir. Enginn nefndarmanna er vel kunnugur í þeim hjeruðum, sem sandgræðsla er helst stunduð í. Jeg geri ráð fyrir, að svo sje ef til vill ástatt um fleiri deildarmenn, að þeir sjeu málinu lítt kunnugir, og vil jeg því fara lauslega yfir það, sem skiftir mestu máli í sambandi við frv.

Svo sem kunnugt er, hefir sandgræðsla hjer á landi ekki verið reynd að marki fyr en 15 síðustu árin. Þessi 15 ár hefir sami maðurinn stýrt þessum tilraunum, fyrst undir yfirstjórn skógræktarstjóra, til 1915, og síðan undir stjórn Búnaðarfjelags Íslands. Það er einnig kunnugt, að fje hefir verið veitt árlega í fjárlögunum til þessara framkvæmda, og eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir afl að sjer, hefir fje þessu verið vel varið. Aðalframkvæmdirnar hafa verið í Árnes- og Rangárvallasýslum, sjerstaklega víða í Rangárvallasýslu, og einkum á Skeiðum, Eyrarbakka og Kaldaðarnesi í Árnessýslu. Enn fremur hafa tilraunir verið gerðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, nálægt Bolungarvík. Reynslan hefir sýnt, að þessar tilraunir bera víða góðan árangur og gefur von um, að vel sje þess vert að halda tilraununum áfram. En sem við má búast, hafa komið fyrir nokkrar hindranir gegn því, að æskilegum árangri yrði náð og komið yrði í veg fyrir, að tjón hlytist af, þar sem sandfok og uppblástur er í byrjun. Þessi vandkvæði eru aðallega fólgin í því, að landeigendur hafa verið tregir á að leggja fram fje til þess að verjast voðanum.

Jeg skal einnig geta þess, að maður sá, sem um 15 ár hefir stýrt þessu verki, er maður með sjerþekkingu í þessum efnum, Gunnlaugur kennari Kristmundsson í Hafnarfirði. Hann er áhugasamur mjög

---

* Þm. (GunnS) hefir ekki yfirlesið ræður sínar í þessu máli.

og líklegur til að koma miklu til leiðar í þessu efni framvegis, svo sem hingað til.

Þá skal jeg snúa mjer að frv. sjálfu, og má fara fljótt yfir sögu. Það gerir aðeins fáar breytingar á núgildandi lögum, 2 aðalbreytingar og nokkrar smávægilegar orðabreytingar. Fyrri breytingin er fólgin í 4. gr. frv., þar sem ákveðið er, að kostnaður við sandgræðsluframkvæmdir skuli greiddur að helmingi úr ríkissjóði, en að helmingi af landeiganda, en í lögunum er ákveðið, að ríkissjóður greiði ¾ af þeim kostnaði, sem er umfram það, sem landeigandi leggur fram. Í framkvæmdinni hefir þetta orðið eins og kveðið er á í frv., og má því segja, að hjer sje ekki gerð efnisbreyting, heldur sje aðeins orðalaginu breytt í samræmi við það, sem lögin hafa verið framkvæmd. Því það er svo í raun og veru, að þetta er ekki breyting á skipulagi, þótt það sje breyting á lögunum.

Hin aðalbreytingin er fólgin í 5. og 6. gr. Það er ákvæði um það, að heimila ríkisstjórninni að taka eignarnámi land manna, ef nauðsyn krefur, til að girða fyrir uppblástur og sandfok. Er þetta heimilað er svo stendur á, að hlutaðeigandi landeigendur vilja ekki leggja neitt af mörkum til að fyrirbyggja þessi landspell. Skal stjórninni þá heimilt að taka landið án vilja þeirra og gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja, á kostnað ríkisins. Hefir verið skýrt frá því í nál., hver nauðsyn beri til þessa, og svo einnig í greinargerð fyrir frv. Hefi jeg og aðrir nefndarmenn nýlega átt tal við mann, sem haft hefir sandgræðslu með höndum, og kveður hann þessi ákvæði nauðsynleg í lögunum, til þess að fyrirbyggja, að einstakir menn geti að engu gert nauðsynlegar jarðabætur og sett slíkum framkvæmdum stólinn fyrir dyrnar. Jeg skal t. d. nefna, að í Holtunum er um eitt slíkt landsvæði að ræða, sem heitir Kambsheiði. Þeir landeigendur, einn eða fleiri, sem búa í fjarlægð, hafa leigt landið og vilja ekki sinna neinum sandfoksvörnum. En hins vegar er nauðsynlegt, vegna annara jarða, að hafast þarna eitthvað að. Sama er að segja um ýmsar landspildur uppi í Landsveitinni og víðar.

Auk þessara breytinga eru svo auðvitað nokkrar breytingar í sambandi við þær breytingar á núgildandi lögum, sem þessar aðalbreytingar hafa í för með sjer. En þær breytingar eru sjálfsagðar, ef hinar breytingarnar verða samþyktar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Vænti jeg þess, eftir að nefndin hefir athugað málið rækilega og komist að þessari niðurstöðu, að háttv. deild fallist á frv. og samþykki það með þeim breytingum, sem nefndin hefir gert á því. Þessar smærri breytingar eru svo lítilvægar, og aðallega orðabreytingar, að ekki er nein ástæða til að tala fyrir þeim sjerstaklega. Það er engin þeirra efnisbreyting, nema ef vera skyldi ein setning í 1. brtt., við 4. gr., þar sem ákveðið er, að ríkissjóðurinn veiti ekki lán til að greiða þann kostnað, sem landeigandi á að leggja fram.

Vil jeg svo eindregið mæla með því, að málið fái greiða afgreiðslu í háttv. deild, svo að það megi afgreiðast sem lög frá þessu þingi.

Gunnar Sigurðsson: Jeg ætla aðeins að tjá háttv. landbn. þakkir fyrir það, hve vel hún hefir tekið í þetta mál. Jeg vil einnig taka það fram, að jeg get gengið inn á allar brtt. hennar, sem flestar eru aðeins orðabreytingar og til bóta. Efnis-

breytingar eru ekki nema þetta litla atriði, sem háttv. þm. Mýra. (PÞ) gat um. Jeg skal taka það fram, að þetta frv. er samið í fjelagi af austanþingmönnunum og Búnaðarfjelagi Íslands. Hefir forseti Búnaðarfjelagsins sýnt hinn mesta áhuga í því, og kann jeg honum þakkir fyrir. Jeg skal taka það fram, að mjer er þetta ekki einasta áhugamál af þeim praktisku ástæðum, heldur er mjer það líka beint tilfinningamál. Hefi jeg nú horft upp á svo marga góða landspilduna leggjast í eyði þarna austur frá af sandfoki, að mjer væri það mjög kært, að jeg þyrfti ekki oftar að vera sjónarvottur að slíkum landspellum. Tel jeg jafnvel, að sandgræðsla þessi eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir túnrækt, áveitum og öðrum slíkum jarðræktarfyrirtækjum. Hjer þarf fljótt við að bregða, því ekki verður lengur að gert, er jarðvegurinn er allur fokinn burt.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta meira, og vona jeg, að þetta mál nái skjótri og góðri afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 460,1 (ný 4. gr.) samþ. með 19:1 atkv.

5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 460,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 460,3 samþ. án atkvgr.

11. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 460,4 samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 460,5 samþ. með 17 shlj. atkv

13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

14.—16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 497).

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal ekki tefja umr., en við vorum svo óheppnir, háttv. frsm. landbn. (PÞ) og jeg, þegar frv. þetta var hjer til 2. umr., að fjárlögin voru undir hamrinum í Ed., svo að fáir voru viðstaddir hjer í deildinni. Annars get jeg þakkað fyrir, hvað góðar undirtektir málið hefir fengið hjer í háttv. deild og að það hefir verið hafið yfir allan flokkadrátt, og er það vel. Aðalatriðið er það, að hjer er um landnám að ræða í víðtækum skilningi; það er bæði verið að nema nýtt land og vernda það, sem fyrir er. Og þó ekki sje farið fram á meira fje til þessara framkvæmda nú á þessu þingi, þá vænti jeg, að háttv. þm. verði síðar örari á fje, þegar þeir sjá, hve mikilvægt mál hjer er um að ræða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 497).

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed. miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 599).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Nál., sem fylgir máli þessu, er fáort, eins og nú er venja, enda fleiri nefndir en fjhn., sem þykjast hafa nauman tíma.

Þetta frv. gerir ekki miklar breytingar á lögunum frá 1914 um sama efni. Aðeins er því bætt við, að hjer eftir á stjórnin, eða Búnaðarfjelagið, að hafa mann í sinni þjónustu, sem hefir sjerþekkingu í sandgræðslu, og er það auðvitað gott. Þá ætlast frv. til, að minna verði borgað úr ríkissjóði til sandgræðslu nú en áður, eða ½ í stað ¾ kostnaðar. Reyndar hefir það komið í ljós undanfarið, að ríkissjóður hefir sjaldan greitt meira en helming, svo að frv. gerir litla raunverulega breytingu í þessu efni. Þá eru nokkur ákvæði um eignarnám á landi til græðslunnar, ef á þarf að halda, og loks eru sektir fyrir brot hækkaðar að mun frá því, sem áður var.

Landbn. telur enga þessara breytinga varhugaverða, en margar nauðsynlegar, og leggur því til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 497).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 630).

---

34. Eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum (þmfrv., A. 481).

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skamt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 15:1 atkv.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 481, n. 537).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Frv. þetta mun komið fram að tilhlutun hæstv.

stjórnar. Bjóst jeg við, að hæstv. stjórn mundi vera hjer viðstödd til að gera grein fyrir frv., en hún sjest ekki sem stendur í deildinni. Læt jeg mjer nægja að vísa til nál., en vil þó geta þess, að stjórnir bankanna munu ekki allskostar ánægðar með frv. Telja bankastjórnirnar, að ekki sje þörf á eftirlitsmanni við bankana, þar sem eru 2 stjórnskipaðir bankastjórar við annan þeirra en 3 við hinn. Það mun heldur ekki venja, að bankaeftirlit nái til stofnana, sem svo er ástatt um.

Jón Þorláksson: Jeg vil, sem flm. frv., gefa þær upplýsingar, að frv. er flutt eftir beiðni hæstv. forsrh. (SE), svo að frv. mætti koma fyrir í þessari hv. deild. Gat jeg gert þetta með góðri samvisku, því jeg álít, að ef nokkurt frekara eftirlit eigi að vera, þá sje best, að því sje skipað með lögum á þennan hátt, er frv. fer fram á.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Hæstv. forsrh. (SE) verður að vera við umr. í hv. Ed. sem stendur, og getur því ekki verið hjer viðstaddur. Vil jeg mælast til, að málinu verði frestað þar til síðar í dag.

Forseti: Samkvæmt ósk hæstv. atvrh. (KlJ) mun jeg færa til málið á dagskránni og taka það til umr. síðar í dag.

Umr. frestað um stund.

Forsætisráðherra (SE): Jeg þakka hv. 3. þm. Reykv. (JÞ) fyrir að hafa flutt þetta mál fyrir stjórnina. Jeg vil um leið taka það fram, að jeg skoða þetta hvorki sem stuðning nje ekki-stuðning við stjórnina, að hv. þm. (JÞ) hefir orðið við þessum tilmælum hennar. Ástæðan er aðeins sú, að hann hefir átt samleið við hana í þessu máli. Og óneitanlega gengi það nokkuð langt, ef andstæðingar stjórnarinnar ættu ekki að mega fylgja fram sínum eigin áhugamálum, einungis ef svo stæði á, að stjórnin fylgdi þeim. Jeg er sömuleiðis þakklátur háttv. fjárhagsnefnd fyrir það, hvernig hún hefir tekið í málið, og skal jeg taka það fram, að jeg felst á allar brtt. hennar. Þó þykir mjer launin helst til lág.

Í tilefni af ýmsum getgátum um, að ákveðnum manni hafi verið ætlað þetta starf, lýsi jeg því nú yfir, að jeg hefi ekki haft neinn sjerstakan mann í huga, enda heyrir sú veiting undir atvrh., en ekki mig. Endurtek jeg svo af nýju þakklæti mitt til háttv. flm. (JÞ) og fjárhagsnefndar.

Eiríkur Einarsson: Jeg skal greiða atkvæði með þessu frv. til 3. umr., en með þeirri athugsemd, að jeg áskil mjer rjett til þess að koma fram með brtt. við þá umræðu.

Stefán Stefánsson: Af hinu innilega þakklæti hæstv. forsrh. (SE) til háttv. flm. og fjárhagsnefndar finst mjer mega ráða það, að honum sje þetta mikið áhugamál. En hvernig stendur á því, að honum er þetta svo mikið áhugamál? Því verður líklega dálítið örðugt að svara. Jeg veit satt að segja ekki til þess, að sparisjóðirnir hafi nú neina sjerstaklega vaxandi þörf á endurskoðun. En væri svo, þá býst jeg við, að hæstv. stjórn væri í lófa lagið að sjá um, að endurskoðunin, sem nú er, yrði þá gerð enn tryggilegri. Að vísu mun hæstv. stjórn ekki hafa beint eftirlit með sparisjóðum úti um land, en á hverjum stað eru valdir þeir færustu menn til þeirra hluta, sem kostur er og sem undantekningarlítið hefir

reynst óhætt að reiða sig á. Eða hvaða sparisjóðir eru í verulegri óreiðu? Aðeins mun eitthvað í þá átt hafa heyrst um einn einasta sparisjóð. En ef þess eina sparisjóðs vegna á að stofna embætti upp á 12 þúsund króna föst laun, auk dýrtíðaruppbótar, væntanlegs skrifstofufjár og svo ferðakostnaðar, embætti, sem að líkindum myndi kosta landið árlega 40—50 þúsund kr., þá verður naumast annað sagt en að það verði ærið dýr sparisjóður fyrir alla heildina. Maður skyldi þó ætla, að hæstv. stjórn hafi nú samið þá reglugerð um endurskoðun sparisjóða, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum frá 1915. En mjer er ekki kunnugt um, að þessi reglugerð sje komin út; í það minsta hefir hún ekki verið send öllum sparisjóðum; það eitt er víst. Og hafi nú hæstv. stjórn vanrækt að framfylgja þessu sjálfsagða ákvæði í sparisjóðslögunum, þá fer hann að verða dálítið einkennilegur þessi áhugi hennar á því að stofna þetta dýra embætti í því skyni að sjá sparisjóðunum borgið. Nú er því svo varið, að hagstofan hefir sent út til allra sparisjóða á landinu leiðbeiningar eða eyðublöð fyrir reikningum þeirra, sem er mjög glögt og gott að fara eftir og ljettir mjög endurskoðunarstarfið. En nú vil jeg spyrja, hvað býst hæstv. stjórn við, að hann dvelji lengi á hverjum stað við endurskoðunina þessi nýi eftirlitsmaður? Þar sem nú allir þessir sparisjóðir eru aðeins lánsstofnanir, sje jeg ekki, að sje mikil þörf þessa „kritiska" endurskoðara eða að hann geti gert neitt sjerstakt gagn. Álít jeg þá endurskoðun, sem til þessa tíma hefir átt sjer stað, fullsæmilega. Ef sparisjóðirnir hefðu „spekúlerað" með fje sitt, væri nokkuð öðru máli að gegna; þá væri sennilega ástæða til að skipa þennan eftirlitsmann, til þess að koma í veg fyrir viðsjála eða varhugaverða meðferð á því fje, sem sparisjóðunum er trúað fyrir. En þetta veit jeg alls ekki til, að eigi sjer stað, og þar af leiðir, að jeg sje enga nauðsyn á þessu afardýra embætti. Þess vegna álít jeg, að ef aðeins er um venjulega töluendurskoðun að ræða, þá sje hún nægilega trygg í höndum þeirra, sem nú hafa hana og eru nákunnugir öllu því, er að tryggilegri endurskoðun lýtur. Eða hver vill trúa því, að ókunnur maður af öðru landshorni sje betur fær um að kynna sjer tryggingar sjóðanna en innanhjeraðsmenn, sem jafnan eru til þess valdir og kynna sjer að sjálfsögðu einmitt þetta atriði vendilega? Jeg hefi í það minsta enga trú á því.

Forsætisráðherra (SE): Á fyrri þingum hafa komið fram tillögur um aukið eftirlit með sparisjóðum, en náði þá ekki fram að ganga. Þá mun þetta hafa átt að vera aukastarf, og átti aðeins að launa það lítið. En nú eru bankarnir teknir með og einum manni ætlað að hafa þetta að lífsstarfi.

Háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) álítur endurskoðun þá, sem nú á sjer stað við banka og sparisjóði, nægilega. Af stjórnarinnar hálfu er nú sama sem ekkert eftirlit með sparisjóðum, og í bönkunum fer aðeins fram töluendurskoðun. Sú endurskoðun, sem hjer er gert ráð fyrir, er „kritisk" endurskoðun. Háttv. þm. gerir lítið úr þekkingu þessa manns á efnahag manna víðs vegar um land. Jeg geri nú ráð fyrir, að þar sem maður á að gera þetta að lífsstarfi, þá muni hann brátt kynnast efnahag manna; en í byrjun verður hann auðvitað að njóta aðstoðar kunnugra og áreiðanlegra manna á hverjum stað.

Jeg geri ráð fyrir, að eftirlitsmaðurinn muni snúa sjer fyrst þangað, sem hann telur, eftir upplýsingum, sem kynnu að liggja fyrir, að eftirlitsins sje mest þörf. Og þegar hann einu sinni er búinn að endurskoða alla sparisjóði á landinu, þá á hann sjálfsagt ljett með að gera sjer ljóst, hvernig framvegis muni best að haga eftirlitinu. Annars minni jeg á, að í reglugerð á að ákveða nánar starfsvið eftirlitsmannsins.

Sveinn Ólafsson:* Jeg stend upp aðallega til þess að leita mjer upplýsinga, annaðhvort hjá háttv. flm. þessa frv., eða þá hjá hæstv. stjórn, um ýms atriði þessa máls, sem mjer eru næsta óljós. Jeg er helst á þeirri skoðun, að ef það verður úr ráðið að skipa þennan eftirlitsmann, þá þurfi að breyta í einhverju því eftirliti, sem nú er með bönkum og sparisjóðum. Hvaða aðstöðu á þessi bankaeftirlitsmaður t. d. að hafa gagnvart bankaráði Íslandsbanka? Á hann að vera undirmaður þess, aðstoðar- eða kannske yfirmaður bankaráðsins? Og hvernig verður afstaða hans gagnvart Landsbankanum? Á hann að verða vikadrengur Landsbankastjóranna? Alt þetta er á huldu í frv., því hvergi er á þetta drepið. Þá mætti og spyrja, hvaða hæfileika þessi maður ætti að hafa til þess að verða kjörinn til stöðunnar. Á hann að vera lögfræðingur, guðfræðingur skraddari eða skóari? Þannig mætti halda áfram að spyrja um margt, því að alt er þetta á huldu í frv., og mundi því verða langur upp, ef öllu slíku ætti að svara strax. Nei, jeg álít frv. þetta alls ekki þann veg vaxið, að það sje hæft til þess að verða að lögum, að þessu sinni að minsta kosti. Til þess vantar það allan nauðsynlegan undirbúning. Aðalkjarni þessa frv. virðist vera að ákveða laun þessa eftirlitsmanns, sem enginn þekkir eða veit, hvað hann eiginlega á að gera

Háttv. 1. þm. Eyf. (StSt) tók það rjettilega fram, að eftirlitið væri best komið hjá þeim endurskoðendum, sem nú eru, og um sparisjóðina er það að segja svona yfir höfuð, að þar er hægur nærri samkvæmt núgildandi lögum að láta rannsaka þá, ef þörf þykir vera til þess, en þessi nýi eftirlitsmaður er bæði alt of dýr, og auk þess, eins og nú hefir verið sýnt fram á, allsendis óþarfur.

Jeg stóð nú upp til þess að óska þessara upplýsinga, sem jeg því vænti, að verði á reiðum höndum og sem ljósastar, enda þótt jeg vart geti vænst þess, að þær verði þannig, að jeg sjái mjer fært að snúast í lið með þessu frv. að svo komnu máli.

Forsætisráðherra (SE): Mjer virðist ádrepa háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) koma úr hörðustu átt. Jeg hefi skilið hann svo, að hann legði mikla áherslu á að hafa sem besta vitneskju um hag peningastofnananna í landinu, sbr. áhuga hans á að fá Íslandsbanka rannsakaðan. Sú rannsókn, sem átti að framkvæmast af þingnefnd á 15 dögum, gat auðvitað ekki komið að neinu gagni. En þar sem nú stjórnin kemur með frv., sem tryggir ítarlega rannsókn bæði á bönkum og sparisjóðum í landinu, þá bjóst jeg við, að því mundi tekið fegins hendi og háttv. þm. mundi hlaða hróðri á stjórnina. En því er nú ekki að fagna; þvert á móti kemur háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) með fyrirspurnir, sem anda mjög kalt á móti frv., eins og þær t. d., hvort þessi maður eigi að vera skraddari eða skóari, guðfræðingur eða

* Þm. (SvÓ) hefir ekki yfirlesið ræðuna.

eitthvað annað. Háttv. þm. mun nú ekki ókunnugt um, að samskonar eftirlit er víða annarsstaðar, og að heldur er seilst til þeirra manna, sem kunna að bera skynbragð á bankamál, heldur en annara, sem hafa mjög annarleg störf með höndum. Annars má vel vera, að til væru skraddarar eða skóarar, sem gætu annað þessu starfi.

Jeg get ekki ímyndað mjer, að bankarnir amist við þessum eftirlitsmanni. Að minsta kosti hefir stjórn Íslandsbanka tjáð mjer, að hún væri honum mjög meðmælt, sem eðlilegt er, því þegar tortrygnisöldur rísa gegn bankanum, þá er gott að þær geti brotnað á þekkingu þessa sjerfróða eftirlitsmanns, sem á að skipa með þessum lögum.

Ekki þarf annað en að líta á sparisjóðslögin til þess að reka augun í það, að sama sem ekkert eftirlit er með þeim af hálfu hins opinbera. Íhlutunin byrjar þá fyrst, þegar þeir eru komnir svo á knje, að þeir þarfnast hjálpar. En með því eftirliti, sem hjer er á ferðinni, er meiningin að byrgja brunninn áður en barnið er fallið í hann, koma með rækilegu eftirliti í veg fyrir, að sparisjóðurinn komist á knje.

Með þessu frv. sýnir stjórnin ljóslega, að hún vill hafa eftirlit, sem öruggast eftirlit með bönkum og sparisjóðum, en eftirlit, sem ekki spillir lánstraustinu, en er sem liður í þeim sjálfsögðu öryggisráðstöfunum, sem hyggnir menn og gætnir vilja alstaðar hafa um þessar stofnanir.

Jón Baldvinsson: Jeg vildi skjóta því til hæstv. stjórnar og fjárhagsnefndar, hvort margumrædd skýrsla frá bönkunum sje komin í hennar hendur. (*MG*: Hún er komin fyrir nokkru síðan). Hæstv. forsrh. (SE) getur ekkert hrakið af því, sem sagt hefir verið um eftirlit með bönkunum, og er það vitanlegt, að bankaráðið á að hafa hönd í bagga með rekstri þeirra. Jeg á heldur ekki gott með að skilja, að rannsókn þingnefndar á hag bankans geti orðið til þess að veikja álit hans, ef alt er með feldu. Held jeg og, að þessi fyrirhugaði bankaeftirlitsmaður yrði litlu betri en þingnefnd, síst ef henni væri ætlaður nægur tími til starfa. Sýnist mjer það sitja illa á þessu sparnaðarþingi, sem nú situr á rökstólum, að fara nú að stofna nýtt og hálaunað embætti, sem vafasamt er mjög um, hversu sje nauðsynlegt. (*Forsrh. SE*: Þetta eru alls ekki há laun). Jæja, það má vel vera, að þau sjeu ekki úr hófi fram, en há eru þau samt, miðuð við kaup annara. En jeg tel þetta brot á stefnu þingsins, og þetta ekki svo mikils varðandi, að eigi mætti bíða til næsta þings. Enda tel jeg ýmsa þá annmarka á þessu frv., að eigi sje fært að samþykkja það nú.

Lárus Helgason: Þegar jeg las þetta frv., bjóst jeg við, að flestir gætu orðið með því, sjerstaklega af því að eftirlitið með bönkunum er talið að vera ófullnægjandi — í það minsta af nokkrum hluta landsmanna. Þá er eigi síður þörf á, að eftirlit með sparisjóðunum í landinu yrði betra hjer eftir en hingað til. Betra skipulag ætti að komast á starfsemi bankanna og sparisjóðanna, og meira samræmi, og kæmi auk þess í veg fyrir mikið af þeirri tortrygni, sem hingað til hefir ríkt í garð peningastofnana landsins. Mjer finst þó einstaka atriði athugavert viðvíkjandi kostnaðinum við þetta eftirlit, en því ætti að vera auðvelt að breyta í frv. Jeg álít t. d. ekki rjett, að sparisjóðirnir taki á sig allan ferðakostnað eftirlitsmannsins. Bankarnir ættu að bera hann líka. En þó

tel jeg þetta frv. svo nauðsynlegt, að jeg tel sjálfsagt, að það nái nú að verða að lögum, og greiði því með ánægju mitt atkvæði.

Sveinn Ólafsson:* Jeg hefi nú að vissu leyti fengið svör við spurningum mínum, en óbeint, enda bjóst jeg ekki við, að þau yrðu ítarleg. Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að jeg hefði fremur ástæðu til að þakka stjórninni en vanþakka það, að hún hefir látið þetta frv. koma fram. En það er misskilningur, að jeg hafi vanþakkað stjórninni; jeg hefi hvorugt gert, en jeg benti á það, að mjer fanst undirbúningur málsins harla lítill og ekki heldur koma skýrt fram, í hverju starf þessa eftirlitsmanns ætti að vera fólgið. Hann segir, að þessi ummæli mín komi úr hörðustu átt, þar sem jeg hafi óskað eftir rannsókn á Íslandsbanka. En það er alt annað, hvort þessi stofnun er athuguð af nefnd eða einum manni er ætlað að hafa alla umsjón með bönkum og sparisjóðum um alt land. Vitaskuld gæti sá maður orðið svo vel valinn, að allir geti borið traust til hans. En það, sem gerir mig myrkfælinn við þetta, er að mjer finst tryggingin með þessu ekki vera eins góð og með bankaráði. Þá sagði hæstv. forsrh. (SE), að eftirlit endurskoðenda Landsbankans og bankaráðsmanna Íslandsbanka væri aðeins töluendurskoðun. Jeg hefi satt að segja litið töluvert öðruvísi á og hefi haldið fram að þessu, að eftirlit bankaráðsmanna Íslandsbanka væri alt annað og meira. Að öðru leyti vil jeg ekki leggja neitt kapp á að fella þetta frv.

Jakob Möller: Jeg vil aðeins leiðrjetta misskilning á störfum bankaráðs Íslandsbanka. Það er ekki skipað sem eftirlit eða „revision", heldur er það í venjulegum skilningi æðsta stjórn bankans. Starf þessa eftirlitsmanns myndi því verða að hafa eftirlit með störfum bankaráðsins. Annars hefi jeg skilið frv. svo, að með því væri verið að efna loforð, sem stjórnin hefði gefið um eftirlit með bönkunum. Jeg vil ekki leggjast á móti því, að þetta loforð verði efnt, en læt mig það að öðru leyti litlu skifta. Þetta ætti raunar að vera óþarft, þar sem bankastjórar eru nú stjórnskipaðir í báðum bönkunum; en sparisjóðirnir eru á hinn bóginn eftirlitslausir, og getur vel verið, að eitthvað sje athugavert við fleiri af þeim en t. d. Eyrarbakkasparisjóðinn.

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Það var aðeins viðvíkjandi fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. (JB) um trygginguna fyrir enska láninu. Jeg skal upplýsa það, að skýrslur yfir veðið, sem bankinn hefir sett ríkinu, eru komnar frá Ed. fyrir tveim dögum, en nefndinni hefir enn ekki unnist tími til þess að vinna úr þeim, en það verður væntanlega gert á morgun. *(JB*: Verða skýrslurnar ekki birtar?). Skýrslurnar verða ekki birtar. Það er ekki leyfilegt, nema með leyfi skuldunauta bankans.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að minna væri að byggja á eftirliti eins manns en fleiri; en svo er einmitt ekki í þessu tilfelli. Að minsta kosti varð önnur raunin á um þetta í Danmörku í sumar. Þar reyndist það svo, að meira var að byggja á skýrslu bankaeftirlitsmannsins en bankastjórnar Þjóðbankans. Enda er þetta skiljanlegt, því sá maður, sem hefir eftirlit með fleiri stofnunum, fær með því víðtækari reynslu og þekkingu á starfi bankanna yfirleitt. En eftirlit þessa manns, sem frv. gerir ráð fyrir, á að vera í því

*) Þm. (SvÓ) hefir ekki yfirlesið ræðuna.

fólgið að rannsaka raunhæfilega peningastofnanirnar, og ekki hlaupa til stjórnarinnar með alt það, sem hann fær vitneskju um, nema sjerstaklega sje ástæða til þess að grípa inn í starf einhverra þessara stofnana.

Stefán Stefánsson: Hæstv. forsætisráðherra (SE) talaði um það, að endurskoðun þessa eftirlitsmanns ætti að vera „kritisk" endurskoðun. En ef alókunnur maður á að hafa slíka „kritiska" endurskoðun með höndum á sparisjóðum úti um land, þá kemur mjer það líkt fyrir sjónir og um bankarannsóknina á dögunum, að það gæti ekki orðið að miklu gagni, og langt frá því, að það geti orðið eins þýðingarmikið eins og þegar þaulkunnugir menn heima í sveitunum, þar sem sparisjóðirnir eru, hafa eftirlitið á hendi.

Þá sagði hæstv. forsætisráðherra, að við vissum ekkert um sparisjóðina. En hvers vegna þarf að koma nú með þessa yfirskoðun á þeim, ef ekkert er við þá að athuga? Og hverjum ætti að vera annara um, að sparisjóðirnir væru í lagi, en stjórnum þeirra og ábyrgðarmönnum? Á hverjum sparisjóðsfundi, þar sem jeg þekki til, eru lagðar fram skýrslur um allar lántökur og tryggingar fyrir þeim, og er farið yfir þær af öllum ábyrgðarmönnum, og jafnvel að endurskoðendunum viðlátnum. Og sje þeirri venju fylgt, þá hefir þessi maður nauðalitla þýðingu, að því er mjer skilst. Og enn minna verður að byggja á eftirliti hans, ef rannsóknin á hverjum sparisjóði á ekki að taka nema einn eða tvo daga, eins og hæstv. forsrh. (SE) virtist gera ráð fyrir. Jeg er hræddur um, að hann yrði þá að sjá margt með annara augum. En ef fyrirbyggja ætti alla hugsanlega tortrygni, þá hygg jeg, að mundi þurfa nokkra nýja embættismenn á voru landi. Og ekki fæ jeg skilið, að það geti breytt nokkuð áliti manna í sveitunum, þó þessi maður líti þangað öðruhverju.

Loks vil jeg spyrja hæstv. stjórn að því, hvort fyrirmælum laga frá 1915, um sparisjóði, hafi verið fylgt, og þá sjerstaklega ákvæðum 19. gr. og sektarákvæðum laganna.

Forsætisráðherra (SE): Það er misskilningur hjá háttv. 1. þm. Eyf. (StSt), að jeg ætlist til, að eftirlitið með hverjum sparisjóði fari fram á einum degi. Hitt sagði jeg, að þegar þessi maður væri kominn vel inn í sitt starf og kunnugt orðinn víðs vegar á landinu, þá þyrfti það ekki að taka langan tíma. Hins óskar jeg auðvitað, að sparisjóðirnir reynist vera í sem bestu lagi. En það er mikið fje, sem landsmenn eiga í þeim, og því áríðandi, að stjórn þeirra fari ekki í ólestri. Það má vel vera, að engin þörf sje á auknu eftirliti í Eyjafirði. Auðvitað þekki jeg aðeins örfáa sparisjóði á landinu og get ekkert sagt af eigin reynd um þá.

Hvað viðvíkur því, hvort reglunum um sparisjóði frá 1915 hafi verið fylgt, þá skal jeg viðurkenna, að mjer er ókunnugt um það, enda heyrir það mál ekki undir mitt embætti. En steinhissa er jeg á því, eftir allar þær umræður, sem orðið hafa hjer á þinginu, að nú, þegar fara á að setja peningastofnanir landsins undir verulegt (effektivt) eftirlit, þá skuli rísa upp stormur á móti því.

Jón Baldvinsson: Jeg geri ráð fyrir, að traust stjórnarinnar sje svo mikið, að frv. þetta nái fram að ganga. En þá

langar mig til að spyrja: Á Landsbankinn að vera háður samskonar eftirliti? Jeg veit ekki, hvernig þessu er háttað annarsstaðar, en eðlilegt þætti mjer, að þjóðbankinn væri ekki settur á borð við stofnanir einstakra manna.

Annað, sem jeg vildi fá vitneskju um, er það, hvort fulltrygt sje, að slíkur maður sem þessi fái aðgang að öllum skjölum og skilríkjum þeirra banka, sem hann á að rannsaka. Það gæti átt sjer stað, að einhver stofnunin neitaði slíku, og er þá tryggara, að um þetta sje ákvæði í sjálfum lögunum.

Forsætisráðherra (SE): Það stendur beint í frv., að samskonar eftirlit sje einnig með Landsbankanum. Jeg veit ekki, hvort jeg hefi skilið hv. 2. þm. Reykv. (JB) rjett, en brosleg viðkvæmni fyrir hönd þess banka finst mjer það vera, ef hann má ekki vera háður slíku eftirliti. Enda býst jeg við, að stjórn bankans myndi mjög vel sætta sig við það. Ástæðulaust væri að skoða það móðgun við Landsbankann, þó eftirliti með honum væri hagað á líkan hátt og með Íslandsbanka.

ATKVGR.

Brtt. 537,1 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 537,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv.

Brtt. 537,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 13:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, ÞorstJ, BJ, EÞ, EE, HK, JakM, JAJ, JÞ, LH, MG, MJ, MK, PO, PÞ, BSv.

nei: SvÓ, ÞórJ, BH, GunnS, IngB, JB, StSt.

Fimm þm. (ÞorlG, JS, MP, ÓP, SSt) fjarstaddir.

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 575, 584).

Afbrigði um brtt. 584, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Eiríkur Einarsson: Jeg hefi brtt. á þskj. 584, og vil þess vegna segja nokkur orð. Jeg er sömu skoðunar og forgöngumenn þessa frv., að ástæða sje til að hafa eitthvert eftirlit með bönkum og sparisjóðum, umfram það, sem nú á sjer stað. Geri jeg ráð fyrir, að frv. sje til orðið vegna þessarar eftirlitsþarfar. En jeg get ekki fallist á, hvernig þessu á að koma fyrir eftir frv., og hefi jeg því borið fram brtt.

Að skipa einn allsherjareftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum í landinu er ekki heppileg aðferð. Jeg hygg, að þetta eftirlit væri betur trygt með því að semja heimildarlög, þar sem ríkisstjórninni sje heimilað að láta framkvæma nauðsynlegt eftirlit, þegar henni sýnist ástæða til, og á þann hátt, sem hún telur best henta í hvert sinn. Jeg get hugsað mjer, að eftirlitið verði veikt í höndum þessa eina allsherjareftirlitsmanns. Það þarf að vanda betur til þessa starfs en svo, ef almenningur á að geta treyst því. Þó að stjórnarvöldin velji manninn forsvaranlega vel, þá er ekki hægt að gera slíkar kröfur til eins manns, að starf hans geti komið að tilætluðum notum; það gæti ekki orðið að sama skapi nákvæmt, sem það yrði víðtækt og yfirgripsmikið.

Peningamálin eru viðkvæm málefni og vekja oft tortrygni; og tortrygnin getur gert starf þessa yfirskoðunarembættismanns verra en ekki neitt, þó hann væri mjög vel valinn. Ef landsstjórnin sjálf, sem hefir yfirumsjón með peningamálunum og bönkunum, telur þörf á að endurskoða og athuga bankana, þá hefir hún þau mál í eigin höndum og má ekki aðeins, heldur á að rannsaka bankana sjálf. Eins og mönnum er kunnugt, þá er mörgum sparisjóðum þannig stjórnað, að ekkert er við þá að athuga. En því miður eru til sparisjóðir, sem brýn ástæða er til að endurskoða, og hefir áður verið nefnt dæmi þess úr mínu kjördæmi. Það er sparisjóður Árnessýslu á Eyrarbakka. Væri nú kominn ákveðinn yfirskoðunarmaður, sem þekti lítið til staðhátta og fjárhags manna í Árnessýslu, og væri t. d. Norðlendingur, þá ætti hann mjög erfitt með að framkvæma eftirlit með sparisjóðnum þar eins vel og kunnugur maður gæti gert. Að mínu viti væri heppilegra að heimila stjórninni gaumgæfilega rannsókn, er hún láti framkvæma á sparisjóðum, er ástæða þykir til, á sem tryggilegastan hátt í hvert sinn. Þar hefir einmitt kunnugleiki á hverjum sparisjóði um sig mikið að segja, og eins og jeg nefndi til dæmis, að Norðlendingur, ókunnugur öllu hjer syðra, væri látinn rannsaka Eyrarbakkasjóðinn, gæti samskonar annmarki dregið úr gildi rannsóknar á sparisjóðum t. d. á Húsavík eða Sauðárkróki, ef þessi eftirlitsmaður yrði Sunnlendingur, ókunnur öllu þar nyrðra. Nei, það þarf að framkvæma sparisjóðaeftirlitið af manni eða mönnum, sem eru vel kunnugir í því hjeraði, sem rannsókn er framkvæmd í, sínum í hvert skiftið, eftir því er tryggilegast þykir, ef slíkt á að koma að verulegum notum og vera meira en embættistildur.

Stjórnmálin eru svo mjög á hverfanda hveli, að þó að sú stjórn, sem nú er við völd, skipi, ef til vill, góðan mann í þetta starf, þá getur næstkomandi stjórn litið öðruvísi á manninn og starfið, enda þótt samviskusamlega væri að farið í öllum atriðum.

Eins og brtt. ber með sjer, þá eiga stofnanirnar sjálfar að greiða kostnaðinn við eftirlitið, í hvert sinn sem það fer fram. Um bankana er það að segja, að jafnaðarlegt og sjálfsagt sem það er, að nákvæmt og víðtækt eftirlit sje haft með allri stjórn þeirra og framkvæmdum, eins sjálfsagt er það, svo sem jeg drap fyr á, að það sje sjálf landsstjórnin, sem framkvæmir eftirlitið, hvort heldur bankarnir eru 2 eða fleiri. Það er ekki það langt milli bankanna og stjórnarráðsins, að þetta ætti að vera vandkvæðum bundið. Eða hvað er til fyrirstöðu, að stjórnin framkvæmi þetta sjálf og milliliðalaust? Reynslan hefir sýnt, að því fleiri, sem blandast inn í slíkt mál, því vitlausara verður það.

Það var felt hjer í háttv. deild frv. um að fækka ráðherrum, svo að búast má við að þeir verði 3 áfram fyrst um sinn, og ætti þá ekki að vera þörf á því að vera að ljetta af þeim störfum, sem jafnsjálfsögð eru sem þessi, eftirlit með peningastofnunum í landinu, störfum, sem þeim eru tvímælalaust ætluð. Eins ætti það að vera með sparisjóðina, að ekki sje stofnað neitt nýtt embætti til þess að framkvæma eftirlitið með þeim, heldur á að nefna til þess menn í hvert skifti, sem þörf krefur.

Þá var annað atriði, sem vakti fyrir mjer, og það var kostnaðarhlið málsins. Ef brtt. mínar yrðu samþyktar, væri það mikill beinn sparnaður fyrir ríkissjóð.

Með frv. er gert ráð fyrir nýju, hátt launuðu embætti, og enda þótt sá kostnaður endurgreiðist af þeim stofnunum, sem eftirlitið er haft með, þá ber alveg að sama brunni með það, því fje banka og sparisjóða er líka fje landsmanna, og hvort tekið er úr hægri eða vinstri vasanum, kemur í sama stað niður. Jeg geri ráð fyrir því, að enda þótt til og frá sje nú pottur brotinn, þá þurfi þó ekki að rannsaka svo mikið árlega, að kostnaður myndi nema þessu háa árskaupi, og svo er sjálf landsstjórnin hjer í Reykjavík og hefir eftirlit með bönkunum. Þó ekki væri nema þessi fjársparnaður, þá álít jeg það verulega ástæðu til þess að hallast að brtt. minni nú á þessum tímum, er menn vilja stuðla sem mest að því að fækka embættum, hvað þá að fjölga þeim ekki.

Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvort stjórnin getur nú, samkvæmt ákvæðum sparisjóðslaganna 1915, látið framkvæma svo ítarlega rannsókn á sparisjóðum, sem þörf kann að krefja. Ákvæði þeirra laga eru að minsta kosti ekki ótvíræð í þeim efnum. Mjer er líka kunnugt um, að þegar erfiðleikarnir komu fyrir sparisjóð Árnessýslu, þá var leitað aðstoðar hæstv. stjórnar, en þar sem hún hefir enn þá ekkert gert til að rannsaka sparisjóðinn eða bæta úr vandræðum hans, þá geri jeg ráð fyrir því, að þessi frestun, sem orðið hefir, sje með fram af því að stjórnin telji sjer ekki heimilt að láta fara fram rannsókn samkvæmt gildandi lögum, og væri því ákveðnari heimild síst úr vegi.

Forsætisráðherra (SE): Þessar brtt. háttv. 1. þm. Árn. (EE) eru í raun og veru alveg nýtt frv., og er þar skemst frá að segja, að jeg ræð háttv. deild eindregið til að greiða atkv. gegn þessum breytingum. Það er nú ákveðin heimild í lögum fyrir stjórnina til að rannsaka hag Landsbankans, og í reglugerð Íslandsbanka er einnig heimild til hins sama að því er þann banka snertir. Þetta ákvæði í brtt. háttv. 1. þm. Árn. (EE) er því óþarft. Þessi háttv. þm. drap á tvö atriði aðallega gegn frumvarpinu í þeirri mynd, sem það er nú: Fyrst og fremst, að það væri erfitt fyrir einn eftirlitsmann að rannsaka hag allra banka og sparisjóða landsins, og í öðru lagi væri svo mikill kostnaður því samfara, ef stofnað yrði þetta embætti. Það skal játað, að fyrst í stað yrði þetta starf erfitt, en þar sem ætlast er til, að sá maður, sem þetta verk hefir á hendi, geri það að lífsstarfi sínu, þá mundi hann brátt fá svo mikla þekkingu og komast svo inn í allan hag þessara stofnana, að verkið yrði honum fljótt auðveldara.

Heimildin fyrir stjórnina til þess að athuga bankana stendur auðvitað óbreytt, þó þetta frv. yrði samþ., en það liggur í hlutarins eðli, að tryggingin fyrir ítarlegri rannsókn er meiri, þegar maður er látinn gera hana, sem hefir ríkulegt tækifæri til þess að afla sjer allra upplýsinga um fjárhag viðskiftamanna stofnananna og þekkir, hvað hver viðskiftamaður í einni stofnuninni er einnig bundinn í hinum. Og að því er sparisjóðina snertir, þá mundi stjórnin fyrst eftir núgildandi lögum geta látið rannsaka þá, þegar þeir eru komnir á knje, en það er betra að taka fyrir meinsemdina strax í byrjun heldur en að fá skurðlækni, þótt góður sje, þegar hún er orðin lítt læknandi.

Háttv. þm. (EE) kom inn á það, að stjórnin yrði máske óánægð með þennan mann. Já, en það getur gilt um alla embættismenn. Stjórninni getur mishepnast skipun mannsins eins og hverjar aðrar embættaskipanir geta mishepnast, en það er vonandi, að til þess komi ekki.

Þá er hitt atriðið, með kostnaðinn. Ef eftirlitið ætti að verða nokkuð annað en til málamynda, þá yrði kostnaðurinn margfalt meiri, ef senda ætti menn út um land til þess að rannsaka sparisjóðina. Mundi kostnaðurinn við að senda nefndir koma hart niður á smáum sparisjóðum, en samkvæmt frv. kæmi niðurjöfnun sú á banka og sparisjóði, sem ætlað er að bera kostnaðinn, mjög ljett niður. Kostnaðurinn yrði sáralítill, í samanburði við það, sem með þessu gæti unnist. Fáein happatök hjá þessum eftirlitsmanni gætu borgað laun hans fyrir lífstíð.

Að því er snertir Eyrarbakkasparisjóðinn, skal jeg ekki fara neitt inn á það mál í þessu sambandi. En samkvæmt sparisjóðslögunum frá 1915, þá mun vera full heimild fyrir stjórnina til að láta rannsaka sparisjóði, þegar þeir eru á því stigi, sem sá sparisjóður er nú. En ýms atvik munu liggja að því, að sú rannsókn er ekki byrjuð enn, er jeg mun ekki fara út í að þessu sinni.

Hákon Kristófersson:* Jeg ætlaði mjer ekki að ræða um þetta frv. nú, en það voru nokkur ummæli hjá háttv. 1. þm. Árn. (EE) og brtt. hans á þskj. 584, sem í rauninni er alveg nýtt frv., sem gefa mjer tilefni til að fara um það nokkrum orðum.

Háttv. 1. þm. Árn. (EE) sagði, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, sje aðallega stílað upp á sparisjóði. Það get jeg nú ekki fallist á, því í frv. stendur, að það eigi bæði við banka og sparisjóði, og eru skýr ákvæði um það.

Sami háttv. þm. (EE) hjelt því fram, að ef hans brtt. yrðu samþyktar, þá mundi eftirlitsstarfið síður vekja tortrygni. En jeg verð að taka undir með hæstv. forsrh. (SE), að ef brtt. háttv. þm. næðu fram að ganga, þá er síður en svo, að komið verði í veg fyrir tortrygni. Það yrði illur uggur í mönnum, sem fje ættu í sparisjóðum eða bönkum, ef stjórnin sendi rannsóknarnefnd á þá, en þó að lögboðinn eftirlitsmaður kæmi og rannsakaði sparisjóðinn eða bankann, þá vekti það engan grun um, að illa væri ástatt. Það er ekki langt síðan mikill hluti þm. var sammála um, að rannsaka þyrfti hag Íslandsbanka, og ætla jeg ekkert að ámæla þeim fyrir það. En hefði lögboðinn eftirlitsmaður verið til, sem þing og stjórn bæru fult traust til, þá hefði hann getað gefið upplýsingar um það, hvort rannsókn væri nauðsynleg eða ekki. Nú er von á nýjum banka bráðum, ef til vill, og sá banki þarf að vera undir eftirliti. Er því auðsætt, að þörfin muni fremur vaxa en minka, að settur verði eftirlitsmaður; en fari illa um val á þeim manni, þá er vitanlega ver farið en heima setið.

Ef á að skipa eftirlitsmann í hvert skifti, er þurfa þykir, eins og háttv. 1. þm. Árn. (EE) fer fram á, þá mundi oft skorta á það öryggi, sem 2. gr. frv. tilskilur, að eftirlitsmaðurinn sje alveg óháður peningastofnununum og hafi ekki önnur störf á hendi. En það er brýn nauðsyn, að eftirlitsmaðurinn sje öllum óháður.

Háttv. flm. brtt. (EE) hjelt því fram, að þetta yrði hálaunað embætti. Jeg skal ekki neita því, en tek undir með hæstv. forsrh. (SE), að ef vel tekst með valið á manninum, þá muni það gott af starfinu leiða að það borgi sig. Og kostnaðurinn mundi heldur ekki verða mjög tilfinnanlegur, þar sem hann dreifðist yfir á margar stofnanir. En samkvæmt brtt. hv. 1. þm. Árn. (EE) yrði hann aftur mjög tilfinnanlegur fyrir þær stofnanir, sem

*) Þm. (HK) hefir ekki yfirlesið ræðuna.

rannsakaðar yrðu, þar sem hver stofnun á sjálf að bera allan kostnað við eftirlit og rannsókn, sem fram kemur við hana, og yrði það tiltölulega þyngst á smæstu stofnununum. Jeg er ekki að halda því fram, að það sje nauðsynlegt með alla sparisjóði, að hagur þeirra sje rannsakaður. En víst er, að nauðsyn er til þess með suma, og að minsta kosti veit jeg af einum, sem máske hefði ekki farið eins illa fyrir, hefði hann verið undir góðu eftirliti.

Hvað það snertir, að með brtt. sje stjórninni gefin heimild til þess að rannsaka hag banka og sparisjóða, þá ætla jeg, að sú heimild sje nú þegar til og að hæstv. stjórn geti beitt henni, þegar hún vill og álítur þörf vera á.

Jeg verð að segja það, að svo framarlega sem nokkuð á fram að ganga, þá er það frv., því þar er ákvæði, sem felur í sjer öryggi, en í brtt. háttv. 1. þm. Árn. (EE) er það ekkert, nema síður sje. En ef stjórninni mishepnaðist að velja mann í þessa stöðu, ef frv. næði fram að ganga, þá væru þó miklu meiri líkindi til þess, að hinum ýmsu stjórnum mundi fremur mishepnast eftirlitið samkvæmt brtt. hv. 1. þm. Árn. (EE). Mest verður undir því komið, að valið á eftirlitsmanninum hepnist vel, og skýrir hann þá yfirboðara sínum, landsstjórninni, frá, ef einhverstaðar fer aflaga. Slæ jeg því föstu, að hvorki verði örygginu nje kostnaðinum komið betra horf með brtt., heldur þvert á móti.

Jón Baldvinsson: Þegar rætt var hjer um athugun á Íslandsbanka, var hæstv. forsrh. (SE) því máli mótfallinn og till. um það var feld. Jeg hefi svo skoðað þetta frv. nokkurskonar afsökun á framkomu þeirra þá og sem yfirlýsingu um það, að ráðherranum hafi ekki þótt sá málstaður góður, sem hann og þeir fjelagar vörðu þar.

Jeg hefi ekki heyrt þess getið, að það væru nema tvær peningastofnanir í landinu, sem nokkur ástæða væri til að athuga, einn sparisjóður og svo Íslandsbanki, og þykir því, sem eftirlitið muni verða nokkuð dýrt, þegar til lengdar lætur, að hafa fastan, hálaunaðan embættismann til þessa. Því varla verður kostnaðurinn við þetta minni en 20—30 þús. kr. á ári. Jeg hreyfði því líka við 2. umr., að óviðkunnanlegt væri að setja þjóðbankann á bekk með þeim öðrum peningastofnunum, sem þannig ætti að rannsaka og eru einkafyrirtæki, en allir starfsmenn Landsbankans eru í rauninni í þjónustu ríkisins. Er þetta þó ekki svo að skilja, að jeg sje að mæla Landsbankann undan eftirliti. Þar sem þetta frv. er fram komið aðeins vegna umtalsins um Íslandsbanka, virðist mjer það óþarft, og álít, að ná hefði mátt sama tilgangi með þeirri till., sem var hjer á ferðinni um daginn. Mun jeg því greiða atkvæði á móti bæði frv. og brtt. háttv. 1. þm. Árn. (EE).

Forsætisráðherra (SE): Jeg heyrði ekki byrjunina á ræðu hv. 2. þm. Reykv. (JB). En mjer skildist á honum, að frv. þetta væri fram komið vegna umtalsins um Íslandsbanka og sparisjóðsins á Eyrarbakka. En þetta er rangt. Frv. er borið fram með tilliti til allra sparisjóða og banka á landinu. Svo undarlega fjellu orð háttv. þm. (JB), að svo leit út, sem hann vildi ekki hafa Landsbankann undir eftirliti. En hví skyldu trúnaðarmenn landsstjórnarinnar ekki mega líta eftir honum eins og hinum bankanum? Vegna sparisjóðsins á Eyrarbakka, sem hv. þm. (JB) talaði um, er heldur ekki sjerstaklega ástæða til að setja þennan eftirlitsmann

nú, því stjórnin getur, á því stigi, sem hann er, látið rannsaka hann.

Jeg vísa svo að öðru leyti til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál.

Eiríkur Einarsson: Jeg skal ekki deila við hæstv. forsrh. (SE) um það, hvaða heimildir stjórnin hafi til þess nú að láta rannsaka sparisjóði. En í lögum frá 1915 er slíkt ákvæði ekki til, svo ótvírætt sje.

Um þennan eftirlitsmann er það annars að segja, að hvernig svo sem valið á honum tækist, þá er starfið þannig vaxið, að það er víst, að megn óánægja mun hljótast af þeirri embættisskipun, og það fyr en varir. Þegar þess er enn fremur gætt, að það eru engar horfur á, að gagn verði að þessum embættismanni, meira eða tryggilegra en mundi verða eftir mínum brtt., þá er síst ástæða til þess að fara að setja slíkt nýgræðingstoppfígúruembætti á laggirnar. Þar að auki yrði kostnaðurinn af þessu nýja embætti mjög mikill, en miklu minni samkvæmt mínum till., og þó eins vel eða betur frá sparisjóðamálunum gengið. Rannsóknir myndu varla verða svo tíðar samkvæmt heimildarlögum, að kostnaðurinn yrði annað en smámunir hjá þessum embættislaunum; það myndi ásannast, hvað sem hver segir.

Annars álít jeg, að viðkomandi ráðherra sjálfur sje skyldur til þess að hafa stöðugt vakandi auga á þessum peningastofnunum. Honum er það sjálfum nauðsynlegt, til þess að geta rækt starf sitt, og það er skylda hans gagnvart þjóðinni. Og þetta ætti að mega gera alveg millimannalaust að því er bankana snertir. Eru lagafyrirmæli alveg ótvíræð fyrir hendi að því er snertir slíkt ráðherraeftirlit í Landsbankanum, í lögum bankans frá 1885, og heyrir hann því beinlínis undir ráðherrann, en ekki neinn embættismann, valinn til eftirlits af handahófi, sem færi í vísitatíuferðir um sveitirnar; ferðir, sem síst mundi verða meira gagn að en vísitatíum biskupsins, sem allir vita, að gera ekkert gagn. Jeg verð því enn á ný að mælast eindregið til þess við háttv. deild, að brtt. minar verði samþyktar. Tel jeg ekki ástæðu til að svara öðru er hjer hefir sagt verið.

Forsætisráðherra (SE): Mjer fanst, að það kendi fullmikils trausts á stjórninni hjá háttv. 1. þm. Árn. (EE), þó að jeg ætti nú síst að lasta það. Talaði hann svo, sem henni gæti aldrei skjátlast. En þess er að gæta, að stjórnirnar skifta oft. Einn fjármálaráðherra kemur eftir annan, og þá er margt, sem þarf að setja sig inn í. Er heldur ekki hægt að krefjast þess af einum fjármálaráðherra, að hann hafi „speciella" þekkingu á bankamálum. Ef eftirlitið með sparisjóðum á að vera í höndum stjórnanna, þá verður eftirlitið ávalt lítið sem ekkert og hætt við, að of seint yrði þá gripið inn í, þar sem óhugsandi væri, að stjórnin gæti stöðugt fylgst með sparisjóðunum.

Það er alveg rjett hjá háttv. þm. Barð. (HK), að með brtt. þessum, ef samþyktar yrðu, yrði lagður mikill kostnaður á smærri sparisjóðina, þar sem yrði oft að senda nefnd manna til að rannsaka þá, eða þá að fá meiri eða minni aðstoð á staðnum. Er þessi mikli kostnaður einn nægilegur til þess, að óráðlegt er að samþykkja brtt. Hitt, sem háttv. 1. þm. Árn. (EE) stakk upp á, að ráðherrar gætu litið eftir með sparisjóðum, er þeir færu eftirlitsferðir um landið til að líta eftir hjá sýslumönnum, það er fjarstæða. Annaðhvort yrði það eftirlit að engu gagni, eða tíminn og kostnaðurinn við það yrði feykimikill. Auk þessa er aðgætandi, að

ráðherrar fara þetta oft ekki sjálfir, heldur skrifstofustjórarnir.

Skil jeg ekki, hvað þessi hv. þm. (EE) vill leggja lítið í sölurnar til þess, að eftirlitið með sparisjóðum geti orðið „effektivt", jafnnauðsynlegt og það er. Hann undrar sig yfir því, að jeg skuli vilja stofna hjer nýtt embætti. Jeg er alls ekki á móti því, að ný embætti verði stofnuð, þar sem nauðsyn krefur, og fer það ekkert í bága við þá stefnu mína, að vilja leggja niður óþörf embætti. Verður vel að gæta þess, að mistökin hjer geta orðið dýr, þar sem um margar miljónir er að ræða.

Hann kallaði þennan mann handahófsmann. Jeg veit ekki hvaða ástæðu hann hefir til þess. Stjórnin skipar þennan embættismann sem aðra, og það val getur auðvitað tekist bæði vel og illa, en það er ástæðulaust að halda það fyrirfram, að víst sje, að það mistakist. En auðvitað er það, að alt veltur á því, að valið takist vel; og takist það illa, getur það orðið til mikils tjóns. En stjórnin mun gera alt, sem í hennar valdi stendur, til að vanda til þess.

Skal jeg svo ekki lengja umr. meira, því jeg veit, að háttv. deild er það vel ljóst, hvað gera á í þessu máli. Það mun atkvgr. sýna.

Eiríkur Einarsson: Hæstv. forsætisráðherra (SE) taldi, að kostnaðurinn yrði mikill eftir brtt. mínum, en hann getur þess ekki, hver hann verður eftir frv. Þessi maður á samkvæmt því að hafa 10000 kr. + dýrtíðaruppbót af því öllu, og svo ferðakostnað. Það verður álitleg summa. Allur þessi kostnaður hlýtur að lenda á sparisjóðunum, hvað sem frv. segir, því að bankaeftirlitið er eftir sem áður í höndum stjórnarinnar, og á þar að vera.

Hæstv. forsrh. (SE) viðurkendi það, að alt væri undir því komið, hvernig valið tækist, og ef það tækist illa, gæti það orðið til stórtjóns. En er það þá ekki nokkuð viðurhlutamikið að samþykkja þetta frv. áður en nokkur maður er hafður í huga til að taka við starfinu? Þetta eitt er nægilegt til þess að sýna fram á, að frv. á ekki fram að ganga, heldur brtt mínar.

ATKVGR.

Brtt. 584,1 feld með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, IngB, JB, ÞorlJ, EÞ, EE.

nei: HK, JakM, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MK, ÓP, PO, PÞ, SSt, StSt, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, BH, BSv.

Þrír þm. (MP, SvÓ, ÞórJ) fjarstaddir.

Brtt. 584,2—3 teknar aftur.

Frv. samþ. með 14:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 575).

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Jeg geri ekki ráð fyrir því að þurfa að mæla lengi með frv. þessu, og jeg vona, að það verði ekki til þess að vekja upp aðrar umræður, sem nú ættu að fá að liggja í dái. Málið fjekk, svo sem kunnugt er, mjög greiðan gang gegnum háttv. Nd., og hjer vona jeg, að það hljóti ekki verri viðtökur.

Eins og kunnugt er, hefir eftirlit landsstjórnarinnar með sparisjóðum verið mjög lítið, en mjer virðist ekki lengur mega við svo búið sitja, þar eð mjög miklir hags-

munir allrar þjóðarinnar eru í húfi. En úr þessu eftirlitsleysi á nú að bæta, og að sjálfsögðu mun þessi maður einnig hafa eftirlit með bönkum landsins. Að síðustu mælist jeg til þess, að frv. megi ganga nefndarlaust til 2. umr., því að jeg tel óþarft að tefja þetta mál, sem hlýtur að liggja öllum ljóst fyrir.

Jónas Jónsson: Hæstv. forsætisráðherra (SE) mæltist til þess, að frv. þetta yrði látið fara nefndarlaust gegnum Ed., en jeg mótmæli því, að veitt verði afbrigði frá þingsköpum, og að frv. þetta, sem fer fram á talsverð útgjöld og gerir allmiklar breytingar, verði ekki látið fara í nefnd. Jeg legg því til, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

Forsætisráðherra (SE): Ósk mín var einungis borin fram í þeim tilgangi að tefja ekki tímann, en ef málið kæmi brátt aftur frá nefnd, þá hefi jeg ekkert við það að athuga, þótt ósk minni verði ekki sint.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa því til fjárhagsnefndar felld með 8:4 atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 575).

Jónas Jónsson: Jeg leyfi mjer að endurtaka það, sem jeg hefi áður haldið fram, að mál þetta geti gjarnan beðið næsta þings, vegna þess, hve seint það kom fram, og eins hins, að ekki hefir verið sannað fyllilega gildi þessarar ráðstöfunar. Þó að eftirlit með bönkum og sparisjóðum sje að vísu nauðsynlegt, þá hafa ekki verið leidd nægileg rök að því, að þetta fyrirkomulag sje heppilegt. Ef þessi eftirlitsmaður á bæði að líta eftir bönkum og sparisjóðum, þá virðist það ósamrýmanlegt. Maður, sem trúað yrði fyrir að líta eftir bönkunum, hlýtur að verða roskinn maður og reyndur, líklega ekki minna en fimtugur. Mundi torvelt að fá slíkan mann, ef hann jafnframt ætti að vera á sífeldum ferðalögum milli sparisjóðanna. Þannig hygg jeg, að stærsti gallinn á frv. sje, að ekki verður unt að sameina þetta tvent, eftirlit með bönkum og sparisjóðum. Til þess að framkvæma eftirlit með sparisjóðum væri heppilegast að hafa mann á ljettasta skeiði, sem ætti gott með að ferðast mikið og jafnt sumar sem vetur.

Annars var tekið fram í háttv. Nd., að tvískinnungur væri í frv. þessu, þar sem því er ætlað að ná til Landsbankans, sem er lögum samkvæmt háður daglegu eftirliti stjórnarinnar. Má því segja, að frv. komi að formi til ofan í eldri lög að þessu leyti.

Verð jeg að álíta, að æskilegast væri, að þetta dýra embætti yrði ekki stofnað nú á þessu þingi, nema full vissa væri um mjög mikinn árangur.

Jeg get ekki greitt frv. atkv., af því að jeg er óviss um, að það nái tilgangi sínum, en ekki af því, að jeg álíti ekki nauðsyn á auknu eftirliti með bönkum og sparisjóðum; enda hefi jeg með öðru frv. sýnt fram á betri leið til að ná því marki.

Ef frv. þetta er fram komið vegna sparisjóðsins á Eyrarbakka, þá vil jeg benda því til hæstv. forsrh. (SE), að enginn vafi er á því, að stjórnin getur framkvæmt þar eftirlit án sjerstakra laga, og væri nóg, ef hún sendi einhvern trúnaðarmann sinn

austur í þeim erindagerðum, og best sem fyrst.

Þætti mjer æskilegast, að hæstv. stjórn legði ekki sjerstakt kapp á að koma frv. þessu fram nú, en rannsakaði málið til næsta þings.

Forsætisráðherra (SE): Frv. þetta er ekki komið fram vegna sparisjóðsins á Eyrarbakka, enda heimila lög frá 1915 stjórninni að grípa í taumana og hefja rannsókn, þegar sparisjóðir eru komnir á það stig, sem þessi er á.

Sú mótbára, að sami maðurinn geti ekki litið eftir hvorutveggja, bönkunum og sparisjóðum, vegna ferðalaganna, getur ekki komið til greina. Hann mundi skifta sparisjóðunum niður og koma til þeirra við og við, en ekki allra sama árið. Fyrir það verða ferðalögin ekki svo ýkjamikil. Það er rjett, að stjórnin getur látið rannsaka báða bankana, ef hún sæi þess þörf. En það má nærri geta, að stjórnin hefði aldrei þá sjerþekkingu í þessum efnum, sem væntanlegur eftirlitsmaður hlýtur að fá, og sem einmitt er svo nauðsynleg.

Það er mikið rjett, að hjer er verið að stofna nýtt embætti. En launin eiga hlutaðeigandi bankar og sparisjóðir að greiða í sameiningu, og skiftir það litlu máli fyrir hvern, í samanburði við gagn það, sem þeir geta haft af slíku eftirliti. Mjer finst mál þetta svo einfalt, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að það fái fram að ganga á þessu þingi.

Jón Magnússon: Það lætur að líkindum, að jeg sje fylgjandi þessu frv., því jeg hefi áður lýst yfir því, að þessi leið myndi hin heppilegasta. Það er rjett hjá hæstv. forsrh., að eftirlit það, er hjer er haft fyrir augum, sje mjög nauðsynlegt, en þess verður að gæta, að það kemur því aðeins að gagni, að valinn verði til starfans maður, sem nýtur almenningstrausts, maður, sem er bæði glöggur og einarður og ekki síst óháður peningastofnunum landsins og öðrum. Ef vel tekst valið, getur orðið ómetanlegt gagn að eftirlitinu, en aftur á móti ef illa tekst val mannsins, verður þetta að engu liði, nema síður sje.

Forsætisráðherra (SE): Jeg ersammála háttv. 4. landsk. þm. (JM) í því, að gagnsemi þessa frv. fer eftir því eingöngu, hvernig val mannsins tekst.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi nokkru minna álit á þessu frv. en hæstv. forsrh. (SE) og hv. 4. landsk. þm. (JM). Það er undarlegt, að hæstv. forsrh. (SE) skuli ekki hafa lagt frv. fyr fyrir þingið, ef um svo mikla nauðsyn er að ræða á stofnun þessa embættis, sem heyra má á honum. Eða hefir nokkuð komið fyrir á þinginu, sem ýtt hefir undir frv. þetta? Það er rjett, að stjórnin getur athugað banka og sparisjóði, ef henni þurfa þykir. En þessi maður á víst að rannsaka jafnt þá sparisjóði, sem ekkert er athugavert við — og hefir aldrei verið — sem hina, svo þeir geti tekið þátt í að borga hin háu laun.

Hæstv. forsrh. (SE) tók það fram, að þetta væri mjög einfalt mál. Þetta sama tók hann fram við 1. umr. Það er líka venja, að frá hans sjónarmiði sjeð sjeu málin mjög einföld. En það er það nú líka frá mínu sjónarmiði um þetta mál. Það er bara að stofna nýtt embætti, taka í það mann og láta hann fá laun.

Þá var það hv. 4. landsk. þm. (JM), sem sagði, að hann væri mjög ánægður með þetta, enda væri það gamalt flokksmál. En þó virtist mjer koma fram hjá honum, að ekki væri vert að dást svo mjög að þessu, fyr en maðurinn væri val-

inn í það. En það er nú einmitt það, sem jeg er hræddur um, að stjórninni geti tekist það í meðallagi vel í fyrsta, annað eða jafnvel þriðja sinn. Það er vaninn, að það gengur sæmilega að stofna embættin, og eins býst jeg við að verði um þetta. En á hitt vill fremur bresta, að í þau sje skipað meira en í meðallagi vel oft og tíðum.

Forsætisráðherra (SE): Þótt frv. kæmi ekki fyr fram en þetta, þá hefir það þó lengi verið undir yfirvegun, og á einkafundi, sem hv. 1. þm. Húnv. (GÓ) var kunnugt um, í þinginu í vetur, talaði jeg um þetta eftirlit. En að það kom ekki fyr fram, var af því, að sá ráðherra, sem nú er farinn, var lítið hvetjandi til þess, að málinu yrði þannig skipað. Hv. þm. sagði, að gert væri ráð fyrir ákveðnum manni í þetta embætti. *(GÓ*: Jeg sagði það alls ekki!). En það er rangt; annars er gott, að þetta kom fram, því að jeg hefi heyrt, að reynt hafi verið að spilla fyrir málinu með því að nefna til hina og aðra, sem stjórnin ætti að hafa fyrirhugað embættið. Þá kom fram hjá sama háttv. þm. (GÓ), að hann treysti stjórninni ekki til að skipa í þetta embætti. Það liggur nú fyrir vantraust á stjórninni, svo það er nú tækifæri til að losa sig við hana, og kæmi þá væntanlega ný stjórn, sem betur mætti treysta. *(JJ*: Það er best að bíða eftir nýju stjórninni!).

Guðmundur Ólafsson: Jeg vitna um það til háttv. deildar, að þetta er algerlega rangt haft eftir mjer. Þetta, sem hæstv. forsrh. (SE) sagði, kemur mjer því ekkert við. En það má geta þess til, að ýmsir verði til að þiggja svona vel launaða stöðu, og þeir ekki allir ágætir.

Jeg sje ekki betur en að stjórnin hefði getað lagt frv. fram um þetta í þingbyrjun. Það var að vísu nefnt í vetur, en þá í sambandi við bankana. En nú er það upplýst, að stjórnin hefir fult vald til að láta athuga bankana og einnig sparisjóðinn á Eyrarbakka, sem vera mun illa stæður; og sama er um aðra sparisjóði, ef nokkur ástæða virtist til þess. Þetta eftirlit verður því einkum gert vegna þeirra sparisjóða, sem ekki hefir heyrst annað um en að væru vel stæðir. En það er tæplega rjett að skattleggja þessa smáu sparisjóði um 6—8 þúsund kr., þó ekki sje nema 2.—3. hvert ár.

Jeg hafði alls ekki neitt vantraust í huga, en embættaveiting getur auðvitað mistekist hjá hverri stjórn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:4 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 575).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Jeg kann ekki við, að mál þetta gangi hjer í gegnum 3. umr. án þess nokkuð sje um það rætt, þó að umræður muni reyndar lítil áhrif hafa á úrslit þess.

Mjer sýnist frv. þetta vera knúð fram meira af kappi en forsjá. Það kemur seint fram og án annars sýnilegs undirbúnings en þess, að meiri hl. þingsins leit svo á, að þingið ætti sem allra minst að vita

um Íslandsbanka. Önnur ástæða er sú, að einn sparisjóður hefir komist í vandræði og ekki verið rannsakaður enn. Þetta er alt og sumt, sem gefur tilefni til stofnunar þessa embættis nú.

Þau ummæli mín hafa ekki verið hrakin, að erfitt muni verða að fá mann, sem fær væri um að hafa eftirlit bæði með bönkum og sparisjóðum. Þannig ber frv. í sjer meingalla, sem gerir það gagnslítið í framkvæmd.

Annaðhvort verður að taka roskinn mann og reyndan, sem verður þá stirður til ferðalaga, eða þá ungan mann, sem fær væri um að ferðast mikið, en sem þætti aftur á móti ekki hafa nægilega lífsreynslu til þess, að örugt mætti virðast að fela honum svo vandasamt starf sem eftirlit með bönkunum.

Þá er ein röksemd, er gerir frv. ekki fýsilegra. Þessi embættismaður hlýtur aðeins að hafa neikvætt eða „negativt" vald og viðvörun hans nýtur sín ekki fyr en löngu eftir á, þannig að það, sem hann kynni helst að finna að, verður ekki læknað, aðeins gagnrýnt eftir á, og það jafnvel þó að maðurinn verði mjög hæfur í þetta embætti.

Fyrirmyndin að frv. þessu er sennilega komin frá Danmörku, eins og svo margt annað, og af því að þar hefir Green bankaeftirlitsmaður getið sjer frægðarorð fyrir hlutdeild þá, sem hann átti í því að koma upp ólagi því, sem var á fjárreiðum Landmandsbankans. En þess er vert að gæta, að þrátt fyrir það, að þessi maður var óvenjufær um að hafa þetta eftirlit á hendi, þá tókst bankanum samt að fá sjúkdóm sinn svo þroskaðan, að slíks eru engin dæmi á Norðurlöndum.

Við skulum hugsa okkur, að embætti þetta hefði verið stofnað hjer 1918. Eru nokkrar líkur til, að hrun Íslandsbanka hefði verið fyrirbygt fyrir því? Eru nokkrar líkur til þess, að enda þótt eftirlitsmaður hefði komið við og við í bankann, þá hefði fiskhringnum, Helga Zoëga & Co., Lofti frá Sandgerði o. s. frv. ekki verið lánaðar allar miljónirnar? Jeg held ekki. Þessi eftirlitsmaður getur ekki gert við ráðstöfunum bankastjórnarinnar, heldur aðeins „kritiserað" eftir á, og getur það eitt vitaskuld komið að gagni; en aðallega vantar oss skynsamlega gætni, en þó skapandi afl í sjálfar stjórnarráðstafanir bankanna. Og þó að bankastjórnirnar vildu nú bera ýmsar ráðstafanir undir eftirlitsmann þennan, þá verður ekki svo gott að koma því við, ef hann á að vera á sífeldum ferðalögum. Ef Íslandsbanki t. d. hefði í hyggju að lána fje í einhverja stórfelda „síldar-spekulation" og vildi bera það undir eftirlitsmanninn, en hann væri þá að endurskoða sparisjóð austur í Hornafirði, þá verður ekki þægilegt að ná í hann, svo að hann fái sagt álit sitt, bygt á nauðsynlegum rannsóknum. Sem sagt, bankastjórnirnar myndu ekki leita álits eftirlitsmannsins fyrirfram, heldur hefði hann sitt orð að segja eftir á. Hann mundi verða, eins og Green var í Danmörku, nokkurskonar brunavörður, er fyrst kemur á vettvang, þegar kviknað er í.

Jeg skal þá geta þess í þessu sambandi, að þegar Green kærði Landmandsbankann, þá áleit hann fyrst, að tapið næmi ekki nema 25 milj. kr., en við nánari rannsókn hefir komið í ljós, að það er ekki undir 300 milj. kr. Ber alt að sama brunni: eftirlitið verður aðeins meira og minna ónákvæm „kritik" eftir á, en nær ekki til aðalmeinsins, sem er að finna í framkvæmdum bankastjórnanna. Jeg álít það óþarft, enda er það jafnvel ábyrgðarhluti að stofna þetta embætti að órannsökuðu máli, — og sjerstaklega, ef það

yrði aðeins bitlingur í höndum stjórnarinnar.

Fjármálaráðherra (KlJ): Út af þeim ummælum hv. 5. landsk. þm. (JJ), að ekki væri farið að rannsaka sparisjóðinn á Eyrarbakka, skal jeg geta þess, að fyrir viku síðan gerði jeg ráðstafanir til þess, að farið væri að byrja á þeirri rannsókn. Síðan hefi jeg ekki, vegna anna, getað grenslast eftir því máli, en ef rannsóknin er ekki byrjuð, þá byrjar hún alveg á næstunni.

Viðvíkjandi vali fyrirhugaðs eftirlitsmanns, skal jeg geta þess, að mjer þykir óhugsandi, að embættið verði haft að bitlingi, og aldrei höfum við ráðherrarnir vikið að því einu orði hvor við annan, hver ætti að fá embættið, enda hefi jeg ekki komið auga á neinn mann enn, sem jeg teldi sjálfsagðan. Þetta vildi jeg taka fram út af ummælum bæði hjer í þessari hv. deild og eins í hv. Nd.

Jón Magnússon: Jeg mintist á frv. þetta við 2. umræðu og veit ekki, hvort miklar umræður hafa nokkra þýðingu svona á síðustu stundu. En af því að jeg tel frv. horfa til mikilla bóta, þá vil jeg mæla örlítið með því. Það er hvorki vegna Íslandsbanka nje sparisjóðsins á Eyrarbakka, að jeg fylgi þessu máli. Heldur er það áhugamál mitt, sem flestra annara gamalla heimastjórnarmanna, frá fyrri tíð.

Slíkt eftirlit, sem hjer um ræðir, er ekki aðeins í Danmörku, heldur víða annarsstaðar — og að ekki var forðum hugsað um eftirlit nema með sparisjóðum, kom af því, að menn hjeldu, að þess þyrfti ekki, þar sem bankarnir eru undir eftirliti þings og stjórnar. En í seinni tíð hefir það eftirlit sýnst ónógt. Það er satt, að þessi eftirlitsmaður á ekki að vera nokkurskonar bankastjóri, og að því leyti er hægt að segja, að hann verði meir „kritiskur" endurskoðandi en að hann ráði nokkru um framkvæmdir, t. d. hvort víxlar sjeu keyptir eða þess háttar. En sem tap bankanna kemur venjulega ekki alt í einu, heldur smátt og smátt, þá hlýtur slíkt eftirlit að geta haft mikla þýðingu.

Jeg fer ekkert út í það, hvort skynsamlega gætni vanti hjá peningastofnunum vorum, enda nær það mál lengra en til einnar stofnunar. Jeg hygg, að það sje ekki rjett hjá háttv. 5. landsk. þm. (JJ), að roskinn maður, t. d. 50—60 ára, sje hann heilsugóður, geti ekki ferðast eins mikið og þetta embætti mun krefja. Auðvitað má ekki velja örvasa mann í embættið, en sæmilega hraustur maður mun vissulega þola þau ferðalög. Hann á vitanlega ekki að skoða alla sparisjóðina á hverju ári, heldur skiftir hann þeim niður, þannig, að hann komi hæfilega oft til hvers þeirra.

Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur sú ábyrgð fylgi því að samþykkja frv. þetta, sem þessi háttv. deild þarf að óttast. Hjer á að vísu að stofna nýtt embætti, sem kostar nokkuð, en ábyrgðin síst meiri en við stofnun til annara nýrra útgjalda, og hefir þetta þing ekki verið hrætt við þau.

Það er rjett, og það hefi jeg tekið fram áður, að verði ekki valinn vel hæfur, fjárhagslega óháður og einarður maður í þetta embætti, þá er til lítils að samþykkja frv., en hæstv. forsætisráðherra hefir lýst því yfir við 2. umr., að ekki verði öðrum veitt staðan en vel hæfum manni í hvívetna.

Hæstv. fjrh. (KlJ) sagðist ekki hafa komið auga á neinn, sem hann treysti til að takast þetta embætti á hendur. Jeg trúi því reyndar, að hann hafi ekki ákveðið

neinn, en hins vegar býst jeg við, að hann geti hugsað sjer einhvern vel hæfan mann, sem hægt væri að treysta. Mjer er óskiljanlegt, hvers vegna hv. 5. landsk. þm. (J-J) er á móti þessu frv. Frv. hans um bankaráð Íslands fór í svipaða átt. Það bankaráð hefði aldrei haft annað verulegt vald en „negativt", eða „kritiskt" eftirlit, einkum eftir því, hvernig það átti að vera saman sett.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. 4. landsk. þm. (JM) byrjaði ræðu sína á því, að ekki myndi þýða að lengja mikið umræður um þetta mál nú á síðustu stundu, en talaði þó alllengi sjálfur, að mjer fanst.

Mjer þykir nú hálfkynlegt, ef ekki er ástæða til að tala um mál, sem ekki hefir mátt athuga í nefnd, en svo virðist sem sum mál sjeu þess eðlis, að þau megi ekki nálægt nefnd koma, ef ske kynni, að þar mætti varpa á þau nokkru ljósi.

Jeg tek það enn fram, að mjer finst undarlegt, að hin mikla þörf á þessu embætti skyldi ekki láta bóla á sjer fyr en nú í þinglokin. Og mjer þætti vænna um að fá einhverjar betri upplýsingar í málinu en þær, að deildin þurfi ekki að óttast, þó að hún samþykki frv. Jeg er sammála háttv. 4. landsk. þm. í því, að þingið hefir engan veginn reynst sparsamt, en ekki bætir það úr skák, að fara nú í þinglokin, athugunarlaust, að samþykkja að setja á stofn dýrt embætti, ef það er ekki bráðnauðsynlegt. Og það hefir ekki verið sannað, að embætti þetta sje svo nauðsynlegt, að ekki megi bíða næsta þings og frekari rannsókna.

Þessi eftirlitsmaður á meðfram að líta eftir sparisjóðum, sem fæstir þurfa eftirlits með. En ekkert hefir verið áætlað, hversu marga sparisjóði hann eigi að endurskoða árlega, og hefði þó ekki verið úr vegi að láta fylgja frv. áætlun um það. Að mig minnir eru um 50 sparisjóðir í landinu, og þó að eftirlitsmaðurinn kæmi svo sem fjórða eða fimta hvert ár til hvers þeirra, þá hafa þeir tímann fyrir sjer að fara yfir um, þrátt fyrir það eftirlit. En sem betur fer er alt slíkt mjög fátítt um sparisjóði.

Þá fer þingið oft raunalegast út úr málum, þegar stofna þarf ný embætti, og sama verður líklega tilfellið í þetta sinni.

Það er nú að vísu sagt, að í þetta embætti verði skipaður vel fær maður. En jeg hefði ekki kunnað því illa, að búið væri að hugsa sjer manninn, sem fyrst ætti að skipa, svo að þingmenn vissu, að hverju þeir gengju, ef þeir samþyktu frv., en samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjrh. (KlJ) hefir stjórnin ekki hugsað sjer neinn, og verður ekki sagt, að hún hafi gert sjer málið ljóst, að öðru en launahæðinni.

Yfirleitt finst mjer hjer eiga að fara líkt að og svo oft áður. Embættið á að stofna áður en þörf er á því og áður en vissa er fyrir, að hæfur maður fáist til að gegna því.

Forsætisráðherra (SE): Jeg á erfitt með að svara því, hversu marga sparisjóði væntanlegur eftirlitsmaður myndi skoða á ári.

Það mundi fara mjög eftir atvikum, en varla mundi það valda neinum vandkvæðum. Fyrst yrði auðvitað farið þangað, sem grunur ljeki á, að eitthvað væri athugavert. Það er að vísu satt, að þegar sparisjóðir eru komnir á víst stig, þá getur stjórnin látið rannsaka þá. En kjarni málsins er, að þeir sjeu rannsakaðir áður en fer að hallast á fyrir þeim, og mætti með því oft koma í veg fyrir, að svo færi.

Jónas Jónsson: Það hefir nú komið í ljós undir umr. í dag, að hæstv. lands-

stjórn hefir enn ekki komið auga á neinn hæfan mann í þessa stöðu. En einn af þeim listamönnum, sem sæti eiga hjer á Alþingi, hefir gert teikningu af þessu hugarfóstri hæstv. forsætisráðherra, og hefir þetta ófædda embætti hlotið nokkra frægð af því. Þar sem hæstv. fjrh. (KlJ) hefir lýst yfir því, að hann sæi engan mann, sem til þess væri fallinn, þá er það ilt. Því eins og það er vont að stofna embætti vegna manns, eins er það og ilt að stofna embætti, sem enginn hæfur maður finst í. Jeg skal taka það fram, að talað hefir verið um, að einn af prófessorum háskólans hafi í hyggju að fara burt, til útlanda, og að vandræði muni verða um að fylla sæti hans. Hefir þá komið til orða, að embættið yrði lagt niður um stund, fremur en að setja í það lítt hæfan mann. Sjest af þessu, að ekki er nóg að hafa embættin, ef mennina vantar. Í þessu sambandi má minna hæstv. forsrh. (SE) á, að embættaveiting er stundum ekki svo auðvirðilegur hlutur nje skjótgerður. T. d. hefir dregist að skipa í bankastjórastöðurnar í Íslandsbanka í 2 ár. Fyrst drógst það heilt ár áður en þeim var slegið upp, og svo, þegar margir eru búnir að sækja, skriflega og símleiðis, þá telur stjórnin engan hæfan, og setur því menn í stöðurnar, og varð að taka annan manninn úr þýðingarmikilli stöðu í stjórnarráðinu. Jeg vildi því skjóta þeirri spurningu til hæstv. forsrh. (SE), hvernig hann hugsar sjer að ganga muni að finna hæfan mann í þessa stöðu, þar sem skipun bankastjóranna í Íslandsbanka varð honum jafnmikil krossferilsganga, sem óleyst er enn.

Ræða háttv. 4. landsk. þm. lýsti aðeins góðri trú á þessari embættisstofnun. Hann var þó sammála mjer um það, að vel þyrfti að skipa í embættið. En nú er málinu flaustrað í gegn undirbúningslaust. En jeg vildi gjarnan fá skýringu á því hjá háttv. þm. (JM), hvers vegna hann álítur heppilegt, að þetta eftirlit nái til Landsbankans, sem samkvæmt öðrum lögum er háður miklu fyllra eftirliti, þar sem landsstjórnin er. Enn fremur vil jeg spyrja sama háttv. þm. (JM), hvort slíkt eftirlit sje látið ná til þjóðbankans danska þar í landi. Jeg held, að þetta eftirlit verði miklu ljelegra hjá manni, sem er hingað og þangað úti um land, heldur en eftir gildandi lögum, þar sem eftirlitið má framkvæma daglega.

Jeg er háttv. 4. landsk. þm. (JM) að nokkru sammála um það, að gagn gæti orðið að eftirliti með sparisjóðum, en þá athugun mætti framkvæma án þess að stofna fast embætti. Og í þessari embættisstofnun felst engin sönnun fyrir því, að það brot af eftirliti, sem bankar og sparisjóðir fá, verði að nokkrum notum. Að vísu býst jeg við, ef stofnaður verður nýr banki, að hann þurfi eftirlits við; ef framhaldið verður eins glæfralegt og meðferð málsins hjer í gær, þá má vera, að hann verði líkur sínu foreldri.

Viðvíkjandi því, sem hv. 4. landsk þm. (JM) sagði um, að hættan væri þá bara laun mannsins, ef illa tækist um valið, þá er slíkt tal ærið fávíslegt. Landið munar um hver 17 þús. í launum, ef lítið eða ekkert kemur í staðinn. Jeg býst við, eftir allri reynslu, að veita yrði manni þessum eftirlaun, ef hann reyndist óhæfur.

Hvað starfsemi þessa manns við bankana áhrærir, þá getur hann naumast lagt neinar línur um starfsemi þeirra; til þess hefði slíkt bankaráð, sem jeg lagði til í vetur að stofnað væri, verið betur fallið.

Forsætisráðherra (SE): Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var að draga upp mynd af þessum bankaeftirlitsmanni, en það verður

varla málefninu til falls, því að það er alkunnugt, að listamenn „karigera“ aðeins þá menn, sem mikið er varið í. Og þessi teikning sýnir því, hvað stórum augum strax er litið á þetta embætti. Það hefir eitt atriði komið hjer fram, sem er merkilegt. Í einu orðinu er sagt, að stjórnin sje að stofna embætti fyrir einhvern ákveðinn mann, en í öðru orðinu er henni ámælt fyrir það, að hún sje ekki búin að ákveða manninn.

Viðvíkjandi setningu bankastjóranna í Íslandsbanka vil jeg benda á það, að það er víðar en hjer, sem seinlegt er að finna menn. Í Danmörku var marga mánuði verið að fá nýja bankastjóra í Landmandsbankann. Aðalatriðið er, að mennirnir sjeu góðir, og veit jeg ekki annað en að setning þessara tveggja manna hafi mælst vel fyrir.

Þá var eitt, sem líka bólaði á í hv. Nd., að það væri goðgá, að þessi eftirlitsmaður ætti líka að líta eftir Landsbankanum. En jeg vil alvarlega vara menn við að láta þetta koma fram, því svo mætti þá álíta, að eitthvað það væri við Landsbankann, sem þyldi ekki rannsókn. (*JJ*: Það er betra eftirlit með honum!). Jeg tel þetta mjög varhugavert. (*JJ*: En ríkisbankinn í Kaupmannahöfn?). Þó það sje þar, þá þarf ekki að vera svo hjer.

Til þess að hægt sje að rannsaka hag einhvers banka „kritiskt“, þá þarf til þess mann, vel kunnugan högum þeirra manna, sem eiga skifti við stofnunina. En slíkrar þekkingar verður naumast krafist af landsstjórnum, sem koma og fara, oft með mjög stuttu millibili, og þótt þær kunni að hafa sjerþekkingu á þessu sviði, þá er tími þeirra þó svo takmarkaður af öðrum stjórnarstörfum, að útilokað er, að þær geti sökt sjer svo djúpt niður í slíka rannsókn, sem með þyrfti, ef að fullum notum ætti að koma. En þetta mundi fastur eftirlitsmaður eiga hægt með. Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði í ræðu sinni, að hann hefði getað verið landsstjórninni sammála, hefði hún byrjað með því að ráða mann um skemmri tíma með samningi, og sýnir þetta berlega, að hann er í raun og veru hliðhollur frv., og það verður heldur ekki sagt um neinar þær mótbárur, sem hjer hafa fram komið gegn frv., að þær sjeu þungar á metunum. Og satt að segja undrast jeg mjög yfir þeim ummælum, sem háttv. 5. landsk. þm. hefir nú frammi, eftir að hann áður hefir barist fyrir rannsókn á einni peningastofnuninni hjer, því að tilgangur minn með þessu frv. er einmitt sá, að tryggja nákvæmt eftirlit með öllum peningastofnununum.

Guðmundur Ólafsson: Jeg tek það enn einu sinni fram, að það getur ekki verið langt síðan hæstv. forsrh. (SE) datt þetta nauðsynjamál í hug, því að þá hefði hann flutt frv. fram í byrjun þingsins. En í stað þess hefir hæstv. stjórn nú í þinglok fengið einn hv. þm. í Nd. til þess að flytja það, og enda þótt málið sje alveg nýtt og sannað sje, að það er illa undirbúið, fjekk það þó ekki að fara til nefndar, svo að engin nákvæm rannsókn hefir farið fram á frv. hjer í hv. Ed.

Hæstv. forsrh. (SE) hefir látið ósvarað þeirri spurningu minni, hversu marga sparisjóði hann hugsaði sjer, að eftirlitsmaðurinn gæti rannsakað á ári hverju. Ef þeir yrðu aðeins fáir, þá tel jeg, að eftirlitið muni verða mjög ófullnægjandi og ekki ná tilgangi sínum, en auk þess álít jeg, að þetta eftirlit sje algerlega óþarft, hvað flesta sparisjóði snertir. Jeg veit ekki betur en að hin besta regla sje á stjórn sparisjóða hjer á landi yfirleitt,

að einum eða tveimur undanteknum, og landsstjórnin hefir í lögum heimild til þess að hefja rannsókn, hve nær sem henni þurfa þykir eða óskað er eftir.

Jeg fjekk enga skýringu á þessu, og bendir það óneitanlega í þá átt, að hæstv. stjórn hafi ekki hugsað málið mikið.

Hæstv. fjrh. (KlJ) lýsti því yfir, að hann hefði ekki enn fengið augastað á neinum, sem hann vildi veita þennan starfa, og bendir það, ásamt öðru, í þá átt, að þetta þjóðráð og mikla nytjamál sje aðeins nýskeð komið inn í höfuðið á hæstv. stjórn. Hæstv. forsrh. (SE) sagði, að maður sá, sem hefði þetta eftirlit með höndum, þyrfti að vera sjerstaklega vel kunnugur hag þeirra manna, sem við stofnanirnar skiftu. En þegar farið var fram á, að rannsakaður yrði hagur Íslandsbanka, þá var talið nægilegt, að fleygt yrði í eina hv. þingnefnd skýrslu, þar sem taldir væru upp víxlar þeir, sem enska lánið er tryggt með, en talið algerlega óþarft, að þingið fengi nokkra vitneskju um, hvernig þeir menn, sem selt hafa þessa víxla, standa að öðru leyti við bankann. Jeg get því hvorki sjeð, að þetta mál sje nauðsynjamál, nje heldur, að hægt sje að búast við góðum árangri, ef það nær fram að ganga. Það helsta, sem upp úr því hefst, verður að skattleggja tilfinnanlega alla minni sparisjóði í landinu.

Jón Magnússon: Það er fyrst út af ummælum háttv. 5. landsk. þm. (JJ), að jeg ætla að segja örfá orð. Hv. þm. sagði, að jeg talaði nokkuð alment um málið, og er það rjett, því að það er hlutverk hæstv. stjórnar að skýra einstök atriði þess eins nákvæmlega og þörf krefur og krafist verður; en jeg þykist ekki hafa neina sjerstaka ástæðu til þessa. Þá kom háttv. 1. þm. Húnv. (GÓ) inn á atriði, sem snertir sjálfa deildina, nefnilega það, að málið hefði ekki verið látið fara í nefnd. En honum er vitanlegt að það var af því, að tíminn var orðinn naumur, og í þessu sambandi get jeg mint hv. þm. á, að áður hafa miklu stærri mál fengið að fara gegnum deild nefndarlaust, og má þar til dæmis nefna samvinnufjelagalögin. Hafi það mál ekki þurft athugun í nefnd, þá er síður ástæða til þess um þetta mál, sem er svo miklu einfaldara og óbrotnara.

Býst jeg svo við, að nægar umræður hafi orðið um þetta mál.

Forsætisráðherra (SE): Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Húnv. (GÓ) tók fram, þá hefi jeg áður skýrt frá því, að ástæðan til þess, að frv. þetta kom ekki fyr fram, er sú, að stjórnin var ekki sammála um þetta efni meðan ráðherrarnir voru þrír.

Annars held jeg, að jeg hafi þegar tekið alt fram, sem máli skiftir, og svarað aðfinslum við frv., og er ástæðulaust fyrir mig að endurtaka það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, GGuðf, HSn, IHB, JóhJóh, J-M, KE, SE, SHK, HSt.

nei: GÓ, JJ.

Tveir þm. (EÁ, SJ) farnir af þingi.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 643).

35. Póstmeistara- og stöðvarstjóraembætti á Akureyri og Ísafirði.

Á 39. fundi í Ed., föstudaginn 13. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að sameina póstmeistara- og stöðvarstjóraembættið á Akureyri og Ísafirði (þmfrv., A. 342).

Á 42. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Frv. það, sem hjer lá fyrir deildinni um að sameina ritsímastjóra- og póstmeistarastörfin á Akureyri, var ekki fært að framkvæma. Hjer á landi er aðeins einn ritsímastjóri, og hann er í Reykjavík, svo að ekki var þægilegt að gera hann að póstmeistara á Akureyri. Flutningsmenn hafa sem sje ekki athugað það, að maðurinn, sem við er átt í frv., heitir stöðvarstjóri, en ekki ritsímastjóri.

Eins og nál. ber með sjer, þá hefir allsherjarnefnd rætt þetta mál við aðalpóstmeistara og sömuleiðis borið það undir ritsímastjóra. Og í samræmi við álit þeirra hefir nefndin borið þetta frv. fram.

Aðalpóstmeistari hefir ekki viljað ganga inn á þessa samsteypu, nema hann fengi póstafgreiðslumann á Akureyri. Landssímastjóri hefir líka farið fram á að fá aukningu á sínu starfssviði, eins og sjá má á þskj. 371. Þar er farið fram á, að fenginn sje símafulltrúi, með sömu launum, sem ákveðin eru varðstjóra við ritsímann.

Hjer dragast því 400 kr. frá þeirri upphæð, sem gert var ráð fyrir, að frv. sparaði. En það er samt sparnaður, og því rjett að láta þetta ganga fram. En auk þess, að rjett er að gera þetta á Akureyri, þá þótti allshn. líka rjett, að það næði til Ísafjarðar, og hefir því komið fram með frv. til heimildarlaga.

Nefndin hefir tekið það fram, að henni þykir ástæða til að ætla, að sameina mætti þessar stöður víðar á landinu. En um það þyrfti þá að vera samkomulag milli aðalpóstmeistara og landssímastjóra. Finst nefndinni því ástæða til að reyna þetta.

En ef þetta kæmi víða til framkvæmda, þá væri nauðsynlegt, að landið ætti hús á stöðunum fyrir þessar stofnanir. Að því myndi verða sparnaður, er til lengdar lætur, því flutningur á tækjum landssímans á milli húsa er bæði dýr og erfiður, þegar nýr maður tekur við.

Jeg álít því æskilegt, að póst- og símastöður þessar sjeu sameinaðar, er annað sætið losnar, og vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvrh. (KlJ), hvort hann muni ekki nota slík heimildarlög nú, þegar póstmeistarastarfið á Akureyri losnar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg heyrði ekki fyrri hluta ræðu háttv. frsm. (SIIK), en jeg skil ekki annað en að stjórnin noti fúslega slík heimildarlög. Og þar sem báðar þessar stofnanir eru nú fluttar í sama húsið, þá ætti það að vera innan handar að sameina þessar stöður. Eins og jeg gat um um daginn, þá hefir gefist vel að hafa þessar stöður sameinaðar, nema í einu tilfelli, og þar stóð alveg sjerstaklega á. Ætti því að mega sameina þarna og sennilega miklu víðar.

Jónas Jónsson: Jeg er ekki alveg viss um, að breyting hv. allshn. sje til bóta,

því vel gæti hugsast, að sú stjórn færi með völd, sem ekki vildi sameina þessar stöður.

Að titillinn var ekki nógu nákvæmur, má saka fullveldismennina um. Þeir hefðu eins átt að geta búið til fleiri ritsímastjóraembætti eins og póstmeistaraembætti.

En í sambandi við þetta mál vil jeg minna hv. allshn. á orðalagið á þskj. 342. Eftir því má helst skilja frv. svo, að sameina skuli undir einn mann tvær stöður, aðra á Akureyri, en hina á Ísafirði.

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg sje ekki, að hægt sje að láta slíka sameiningu fara fram, nema landssímastjóri og aðalpóstmeistari sjeu því samþykkir.

Eftir yfirlýsingu hæstv. atvrh. (KlJ) sje jeg ekki annað en fyrri flm. megi vera vel ánægðir með þetta frv. Jeg álít því, að það, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) sagði, hafi bara verið til þess gert að finna að einhverju, án þess að hafa nokkra ástæðu til þess.

Þá skildi jeg ekki, hvað hann átti við með þeim orðum sínum, að frv. allshn. færi fram á að sameina þetta alt í eitt embætti. Orðalagið á frv. er mállega sjeð alveg rjett og orðað eins og í fyrra frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 342, 371).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 371 samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 390).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 390).

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 390, n. 529).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Mál þetta er upprunnið í Ed., þar sem 2 háttv. þm. fluttu frv. um sameiningu þessara embætta á Akureyri. Í Ed. voru síðan samsvarandi embætti á Ísafirði dregin inn í þetta og gerð úr þessu heimildarlög. Sparnaður af þessu myndi verða sem svarar símastjóralaunum, þó þannig, að á Akureyri dregst frá þessu munurinn, sem er á launum varðstjóra og símritara, því að varðstjórastaða yrði þá tekin upp þar. En munurinn er 400 kr. Þess skal getið, að bæði landssímastjóri og aðalpóstmeistari álíta, að stöðurnar megi sameina, þó þær sjeu annars allólíkar. Horfur eru taldar á því, en ekki vissa, að póstmeistaraembættið á Akureyri losni bráðum, og af því mun upphaflega frv. hafa komið fram. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 390).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 572).

---

36. Útflutningsgjald.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga um útflutningsgjald (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg sje enga ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Eins og tekið er fram í aths. við það, þá er það fram komið sökum fjárhagsnauðsynja ríkissjóðsins. Hann er nú svo staddur, að ekki virðist beint aðgengilegt að svifta hann þessum tekjum, enda myndi það þá verða að koma niður á öðrum stað, t. d. tekjuskattinum, og óvíst, að það væri til bóta. Má fremur búast við, að ljetta verði á þeim lið frekar en auka hann.

Skal jeg svo ekki fara frekar orðum um þetta mál, en leyfi mjer að leggja það til, að því, að umr. lokinni, verði vísað til fjárhagsnefndar.

Jakob Möller: Mjer kom alls ekki á óvart, þótt hæstv. stjórn kæmi fram með þetta frv. Það hefir nú farið svo þing eftir þing, að altaf hafa verið gefin hálfgerð loforð um að afnema þetta óþokkaða gjald, en enn þá hefir það ekki komist lengra en að verða loforð. Nú var ekki einu sinni gefið neitt loforð. Er það í fyrsta skifti, og mætti af því ráða, að lögum þessum sje nú ætlað að verða hjer landlæg. Jeg hefi altaf greitt atkvæði á móti þessu gjaldi frá því er það kom fyrst til umr. hjer á þinginu. Mjer finst það bæði óviðeigandi og ranglátt, og þó fremur nú en í byrjun. Eins og menn vita, er það til orðið á mestu gróðaárunum. Þótti mörg-

um þá sjálfsagt, að ríkissjóðurinn yrði aðnjótandi þess mikla gróða, sem rann þá inn á hendur einstakra manna, og skyldu þeir því gjalda þessar prósentur í ríkissjóð af útfluttum afurðum sínum. Nú ætti öllum að vera það kunnugt, að ekki er lengur um neinn gróða að ræða á þessu sviði, svo óþarft er að leggja gjaldið á þess vegna. En að leggja gjald á tap virðist hvorki hyggilegt nje rjettlátt.

Hæstv. fjrh. (MagnJ) sagði, að ríkissjóðurinn mætti síst við því nú að missa þessar tekjur. Jeg býst við, að ríkissjóður Íslendinga verði seint svo fjáður, að hann hafi ekki fulla þörf á tekjum sínum. En hjer er þetta spursmálið, hvort ekki megi fá þessar tekjur á einhvern annan aðgengilegri hátt.

Sem kunnugt er, hefir hæstv. stjórn nú líka lagt fram frv. um breyting á tekjuskattinum, sem fer fram á allverulega hækkun tekjuskatts á hinum hærri tekjum. Þar ætti þá ríkissjóðnum að vinnast fje, sem gæti komið fyrir útflutningsgjaldið. Er þeim mun síður ástæða til að láta þetta tvent fara saman, að báðir þessir skattaliðir koma einmitt til að skella á sömu mönnunum. Skal jeg að minsta kosti ekki verða með hækkun tekjuskattsins, ef þetta rangláta gjald verður samþykt. Annars var það ekki ætlun mín að vekja umræður um málið að þessu sinni, þar eð jeg hvort sem er býst ekki við að það verði felt við þessa umr.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Jeg skal taka það fram, að jeg hefi ekkert á móti því, að þau frumvörp, sem hjer er um að ræða, verði að einhverju leyti sett í samband hvort við annað. Ætti það líka að vera auðvelt, þar sem sama nefndin kemur til með að fjalla um þau. Það er ekki aðalatriði, þó eitthvað sje breytt til um þau innbyrðis, eitt gjald lækkað og annað hækkað, heldur hitt, að ríkissjóðurinn fái þær tekjur, sem hann þarf með.

ATKVGR

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til fjárhagsnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 532, 539).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 539. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Það hefir staðið alllengi á þessu máli frá fjárhagsnefnd. Ástæðan er sú, að hún vildi sjá, hvernig færi um önnur tekjuaukafrv., sem hafa legið fyrir þinginu; en nú er útsjeð um forlög þeirra, og auk þess svo áliðið þingtímans, að ekki er fært að bíða lengur. Niðurstaða meiri hl. nefndarinnar hefir orðið sú, að óhjákvæmilegt sje, fjárhagsins vegna, að leggja til, að lög þessi verði framlengd enn um 1 ár. Brtt. hefir komið fram um það, að lækka gjaldið um helming, og mundi það nema 250—300 þús. kr. tekjulækkun, og mun reynast fullerfitt að halda í horfinu, þótt ríkið sje ekki svift meiri tekjum en þegar er orðið. Meiri hluti nefndarinnar verður því að vera á móti brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (JakM).

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg ætla að draga brtt. mína til baka til 3. umr. En jeg er enn á sömu skoðun og áður um það, að gjald þetta sje óhæfilegt, þó jeg hafi viljað gera það til samkomu-

lags að fara ekki fram á meira en helmings lækkun, en ekki algert afnám, að þessu sinni.

Björn Hallsson: Jeg hefi altaf verið á móti útflutningsgjaldinu, því það er óhapparáð að íþyngja svo framleiðslunni um of. En það hefir teknanna vegna reynst óhjákvæmilegt að framlengja gjaldið ár eftir ár, þar sem það gefur af sjer um 700 þús. kr. Jeg held líka, að það verði ekki hjá því komist að framlengja það enn, þó ilt sje í sjálfu sjer. Og ef svo er gert, er rjettast að framlengja það eins og það er, en ekki með brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (JakM); því hvar á þá að taka þær tekjur, sem þannig misssst? Hann mun benda á beina skatta, en jeg er nú ekki eins trúaður á þá og hann, og önnur tekjuaukafrv. hafa gengið hjer heldur treglega, svo sem vörutollurinn, en þar álít jeg, að ýmislegt hafi verið rjettmætt. Jeg verð því að neyðast til að greiða atkvæði með framlengingu útflutningsgjaldsins, þar sem á annan hátt verður ekki sjeð fyrir tryggilegum tekjum.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Út af ræðu háttv. 2. þm. N.-M. (BH) skal jeg geta þess, að líklegast er, að vörutollslögin dagi uppi hjer í deildinni, því að menn eru svo ósammála um þau. Er líka ómögulegt að innheimta eftir þeim, eftir frv. háttv. Ed., nema tollskoðun fari fram.

Út af ræðu háttv. frsm. minni hl. (JakM) vil jeg geta þess, að það er rjett, að það er enginn tekjuhalli eftir fjárlagafrv. fyrir árið 1924, ef það reynist svo sem hann segir. En þar er ekkert áætlað fyrir gjöldum, sem leiðir af lögum, fjáraukalögum og þál., og munu þau gjöld ekki of hátt reiknuð 1 miljón kr. Kemur þar þá sama upphæð til útgjalda sem sú, er varið er til afborgunar lánum, og er þó ekkert hægt að fullyrða um, nema útgjöldin kunni að verða meiri, svo að tekjuhalli verði. En það er slæmur búskapur, að bæta altaf við skuldirnar. Er það aðeins forsvaranlegt á krepputímum, en alls ekki ella.

Hæstv. fjrh. (KlJ) getur ekki verið hjer við umr., en hann gaf mjer heimild til að segja það, að hann teldi algerlega óhjákvæmilegt, að frv. yrði samþykt. Veit jeg líka, að svo muni verða.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Mjer þætti gaman að mega vænta þeirrar stjórnar, sem hefði á móti tekjunum. Er það ætíð viðkvæðið hjá stjórn, að það þurfi að fá tekjur, svo að það er lítil sönnun þess, að þörf sje á svona háu útflutningsgjaldi.

Háttv. 2. þm. N.-M. (BH) sagði, að óhjákvæmilegt væri að auka tekjurnar, því að tekjuskatturinn hefði minkað. En þetta er ekki rjett. Ef athuguð eru fjárlögin, þá sjest, að 1922 var hann áætlaður 700000 kr., 1923 900000 kr., en nú er hann áætlaður 1000000 kr. Mun það hafa ruglað háttv. þm. (BH), að tekjuskatturinn fór fram úr áætlun 1922 og varð 1500000 kr. Er auðsætt að ef þessi áætlun tekjuskattsins stenst, þá er öllu óhætt.

En þó það sje fagur búmannsbragur að hafa tekjuauka, þá tel jeg það algerlega óforsvaranlegt, ef það fæst ekki með öðru en að íþyngja landsmönnum með svo miklum sköttum, að þeir fá ekki undir risið.

Háttv. frsm. meiri hl. (MG) sagði, að menn yrðu að athuga, að í fjárlögum væri ekki áætlað fyrir óhjákvæmilegum útgjöldum eftir fjáraukalögum, öðrum lögum eða þál., og taldi, að þau mundu verða minst 1 miljón kr. En hjer er þess að gæta, að

þessi útgjöld eru áætluð alt of hátt, og auk þess er aðgætandi, að þessi útgjöld fara mest eftir því, af hve miklum tekjum er að taka. Tel jeg sjálfsagt, að þessi útgjöld sjeu spöruð sem mest.

En annars þætti mjer vænt um, að hv. frsm. meiri hl. (MG) vildi segja mjer, hvaða lög og þál. það eru, sem öll þessi útgjöld á að borga eftir, og ekki eru þá áætluð fyrir í fjárlögum.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg get auðvitað ekki sagt háttv. 1. þm. Reykv. (JakM), hvaða lög það muni verða, sem valda útgjöldum 1924. En jeg veit, að það eru mörg lög nú, sem ýmist heimila eða skylda ríkissjóð til að borga ákveðinn kostnað með vissum skilyrðum, en hvað þetta kann að verða mikið, er ekki gott að segja.

Eitt af því, sem til útgjalda kemur á næsta ári, er kostnaðurinn við bygginguna á Kleppi, sem verður að færa undir 24. gr. (*MP*: Það er fyrirskipað með lögum að taka lán til þess). Ef þá leið á altaf að fara, að taka lán, ef eitthvað er framkvæmt, verður það til þess, að tekjur landsins ganga að síðustu allar í afborganir og vöxtu.

Háttv. þm. (JakM) sagði, að það væri aðhald fyrir stjórnina, að fjárlög væru með tekjuhalla, og þá mundi ekki verða miklu varið til að borga eftir einstökum lögum. En þetta er ekki rjett; það er jafnrík skylda til að greiða þau útgjöld, er sjerstök lög mæla fyrir um, hvort sem fjárlög eru með tekjuhalla eða ekki.

Háttv. þm. (JakM) sagði, að það væri rangt hjá háttv. 2. þm. N.-M. (BH), að tekjuskatturinn hefði lækkað. En þetta er rjett, eftir því sem háttv. 2. þm. N.-M. (BH) skýrði það. Tekjuskatturinn verður lægri í ár en hann var síðastliðið ár. Má vera, að hann nái áætlun, en aðalatriðið er það, að skatturinn fer ekki fram úr áætlun. Er það mjög hættulegt, ef tekjurnar eru áætlaðar svo háar, að þær fara ekkert fram úr áætlun, því að altaf má búast við, að gjöldin geri það; og hvar á þá að taka mismuninn? Flaut lengi á því, að tekjurnar fóru fram úr áætlun, en nú er engin von til þess. Er það mjög varhugavert að áætla ekkert fyrir útgjöldum eftir 24. gr., er hljóta að koma.

Grunar mig, að á næsta þingi verði samin fjáraukalög fyrir 1924, sem verði ekki lægri en þau, sem nú eru á ferðinni.

Björn Hallsson: Háttv. 1. þm. Reykv. (JakM) vildi reyna að hrekja það, sem jeg sagði um, að tekjuskatturinn hefði verið lækkaður á þessu þingi. En þetta er rjett hjá mjer. Skattstiginn er lægri nú á lágu tekjunum, og auk þess kemur nú til frádráttar bæði útsvör og tekju- og eignarskattur, sem ekki komu áður. Hefi jeg líka heyrt, að skatturinn mundi lækka um ⅓ eða meira hjer í Reykjavík. Auk þess hefi jeg sannfrjett það utan af landi, að við þessa breytingu hafi skattur lækkað um helming þar, sem búið var að reikna hann út, og var svo endurskoðaður eftir lögum þessa þings. Þess vegna greidd jeg atkvæði á móti þessari skattlækkun nú, að jeg sá, að skattur hyrfi að mestu í sveitum, og það kærði jeg mig ekki um. Skiftir hins vegar minstu, hvað tekjuskatturinn er á pappírnum, heldur hvað mikill hann reynist innheimtur. Þegar jeg kom til Reykjavíkur, var óinnheimtur helmingur tekjuskattsins hjer, og gefur þetta bendingu um það, að mikil afföll verði á innheimtu hans. Með þessu, sem jeg hefi nú sagt, hefi jeg sýnt háttv. 1. þm. Reyk. væntanlega fram á, að jeg hafði rjett fyrir mjer hvað tekju- og eignarskattinn

snertir. Held jeg megi neita gott, ef skatturinn nær áætlun, eftir því sem hann kemur út nú eftir þessa breytingu, því afföll verða eflaust á innheimtu hans, þótt hann lækki, eins og áður var.

Háttv. þm. (JakM) sagði, að jeg vildi auka tekjurnar. Auðvitað vil jeg það þótt jeg segði það nú ekki. En mig undrar, að háttv. þm. skuli vilja lækka útflutningsgjaldið um helming, án þess að stuðla að því, að fram komi tekjuaukafrv. það, sem er í fjhn. Hefði verið hægt að lækka útflutningsgjaldið, ef það hefði komið, en nú er það ófært. Hann taldi, að það væri óvíst, hvort heppilegt væri, að stjórnin hefði tekjuhallalaus fjárlög, því að hætt væri við, að hún yrði þá ógætnari Má vera, en annars er það nú þingið, er undirbýr þetta í hendur stjórnarinnar. En varhugavert sýnist það að skila fjárlögum ár eftir ár með tekjuhalla. Hve nær komumst við úr skuldum með því lagi?

Háttv. frsm. meiri hl. (MG) gaf þær upplýsingar sem lögfræðingur og vel kunnugur tollmálum, sem fyrv. sýslumaður, að frv. háttv. Ed. væri svo úr garði gert, að tollskoðun þyrfti að fara fram, ef það yrði að lögum. Jeg skal nú ekki fullyrða um þetta, en jeg skal játa það, að mjer líkaði frv. betur, er það fór hjeðan. Andinn í því nú er allur annar.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Hv. frsm. meiri hl. (MG) spurði, hvar það endaði, ef altaf væri haldið áfram að safna skuldum. En hvar endar það, ef altaf er haldið áfram í því að íþyngja atvinnuvegunum með sköttum? Það endar svo, að ríkissjóður fær engar tekjur, því að enginn stofn verður til að leggja á. Held jeg, að þetta sje hættulegri braut að fara inn á heldur en þótt lítill tekjuhalli verði eitt ár.

En það er ekki rjett, að ríkissjóður safni skuldum, þótt farið sje hjer að till. mínum, því að tekjurnar munu samt hrökkva fyrir útgjöldum, þegar þess er gætt, að 1200 þús. eru lögð til hliðar í fjárlögunum. Annars verð jeg að efast um, að stjórnin hafi heimild til þess að byggja Klepp fyrir þessa árs tekjur. Er lögin um húsabyggingar voru samþykt, var heimilað að taka lán til þess, en ekki að verja venjulegum árstekjum ríkissjóðs til þess.

Háttv. frsm. meiri hl. (MG) sagði, að það væri bæði rjett og rangt hjá háttv. 2. þm. N.-M. (BH), að tekjuskatturinn hefði lækkað. En þetta er algerlega rangt hjá hv. 2. þm. N.-M. Tekjuskattsáætlunin hefir hækkað, en ekki lækkað, og við það eitt er hægt að miða. Auk þess hefir allur starfrækslukostnaður ríkisins minkað, og er því full ástæða til að ætla, að skattarnir gætu lækkað.

En ef aðeins er hugsað um það, að hafa tekjurnar sem líflegastar, en engar hömlur lagðar á eyðsluhvöt stjórnarinnar, þá er ekki góðs að vænta. Hv. frsm. meiri hl. (MG) hafði það eftir stjórninni, að óhjákvæmilegt væri að halda útflutningsgjaldinu, en jeg hygg, að svo reynist ekki, því að gjöldin fara nú sífelt minkandi, og það bjargaði afkomu síðasta árs, sem sjá má af því, að tekjuhalli á fjárlögunum 1922 var áætlaður 2.5 milj., en varð ekki nema 1 miljón, eða minni, samkvæmt skýrslu stjórnarinnar. Held jeg fast við skoðun mína um þetta og mun bera fram brtt. við 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg flutti þessi skilaboð frá hæstv. fjrh. (KlJ) og er honum sammála um þau. Annars er ekki ástæða til að ræða þetta mál meira nú, er hv. 1. þm. Reykv.

(JakM) hefir tekið brtt. sína aftur og mun greiða frv. atkv. til 3. umr.

Hv. þm. (JakM) taldi vafasamt, hvort stjórnin hefði heimild til að byggja Klepp fyrir þessa árs tekjur. Jeg skal ekki svara því, en það skiftir minstu, fyrir hvað hann er bygður, hvort það er lán eða tekjur, því að skuldirnar safnast engu að síður, og þær þarf að borga. Tel jeg forsvaranlegt að taka lán til framkvæmda, ef um leið er samsvarandi borgað af skuldum, en sje það ekki gert, tel jeg óforsvaranlegt að taka lán.

Hann talaði um, að skattarnir hefðu hækkað. Þetta er ekki rjett. Það hefir verið dregið úr beinu sköttunum. Það, sem hann sagði um, að atvinnuvegunum væri íþyngt, er því alls ekki á rökum bygt. Það hefir verið ljett á þeim.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Hv. frsm. meiri hl. (MG) talaði um, að óforsvaranlegt væri að taka lán, nema borgað væri tilsvarandi af öðrum lánum á sama tíma. Jeg get nú ekki verið á sama máli, því ætti að fylgja því, mætti aldrei framkvæma neitt, aldrei ráðast í neitt nýtt fyrirtæki, nema fyrir sem svaraði tekjuafgangi ársins. Yrði því harla lítið um framkvæmdir. Og ef háttv. þm. (MG) heldur þessu fram sem rjettri stjórnmálastefnu, þá hefir hans fjármálastjórn að minsta kosti verið algerlega óforsvaranleg.

Háttv. frsm. meiri hl. (MG) talaði einnig um, að landið hefði flotið langan tíma á því, að tekjurnar hefðu farið fram úr áætlun. Þetta er rjett, en af því gjöldin hafa líka farið fram úr áætlun, þá þurfti þess við; annars hefðu safnast skuldir. En á „normal" ári er vitanlega auðvelt að áætla tekjur og gjöld svo nákvæmlega, að slíkt þurfi ekkert að óttast. Og þó að nú sje ekki „normal"-árferði, þá er vitanlegt, að alt verðlag er yfirleitt lækkandi, svo að það, sem væntanlega skakkar á ársreikningum, verður vafalaust ríkissjóði í hag.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Hv. 1. þm. Reykv. (JakM) hefir misskilið það, sem jeg sagði. Að ekki mætti undir neinum kringumstæðum taka lán, lá ekki í mínum orðum, hvorki beint nje óbeint. Það, sem jeg sagði, var það, að í venjulegu árferði mætti ekki taka meira lán en borgað væri af. Enda hlýtur háttv. þm. (JakM) að sjá það, að af öllum lánum verður að borga. Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. þm. (JakM) sje mjer samdóma í því, að þó þingið 1919 gæti ekki gert nákvæma áætlun, þá megi alls ekki kalla árin 1920 og 1921 venjuleg ár. Öll samjöfnun frá árum er því villandi

ATKVGR.

Brtt. 539 tekin aftur.

Frvgr. samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5 maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 5. 539).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18:1 atkv

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg á hjer brtt. um það, að lækka þetta útflutningsgjald um helming. Jeg þarf ekki að gera grein fyrir skoðun minni á málinu sjálfu. Það er kunnugt, að jeg hefi verið og er mótfallinn gjaldinu yfirleitt, en hefi nú viljað gera það til samkomu-

lags að leggja aðeins til helmingslækkun á því. Jeg álít líka, að þetta sje fullkleift fjárhagsins vegna. Því þó nú sje í fjárlögum reikningslegur etkjuhalli, er í sjálfu sjer um raunverulegan tekjuafgang að ræða, fulla miljón króna, þar sem lagðar eru til hliðar um 1200 þús. kr., og þar við bætast svo ýmsir liðir í 13. gr. fjárlaganna, eða um 191 þús., sem stjórninni er að mestu í sjálfsvald sett, hvort hún greiðir eða ekki. Annars ætla jeg ekki að mæla frekar með till. minni. Gjaldið er sjálft ósanngjarnt, og því auðvitað sanngjarnt að lækka það, þegar ríkissjóður má líka við því.

Frsm. meiri hl. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal ekki fara að hefja kappræður hjer um málið aftur nú. Jeg vísa aðeins til þess, sem jeg hefi áður sagt. En út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (JakM) sagði um fjárlögin í þessu sambandi, verð jeg að minna hann á það aftur, sem hann ekki hefir hrakið, að þar er ekkert áætlað fyrir ca. 1 milj. gjöldum. Býst jeg því við, að flestir sjái, að ekki er mögulegt að samþykkja brtt. á þskj. 539.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Út af þessari einu miljón, sem ekkert á að vera áætlað fyrir, þarf ekki að segja annað en það, að þetta er alveg út í bláinn. Ef hjer er um byggingar að ræða, eða slík fyrirtæki, þá er vitanlegt, að til þeirra á að fá sjerstakt lán. Og um Klepp er það að segja, að stjórnin hefir í raun inni enga heimild til þess að byggja hann fyrir þessa árs fje.

ATKVGR.

Brtt. 539 feld með 13:5 atkv.

Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 5).

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed. miðvikudaginn 9. maí var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 5, n. 615).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það er ekki óvanalegt, að lög um útflutningsgjald komi til atkvæða. Lög þau, sem hjer á að framlengja, voru sett 1921 og giltu aðeins 1 ár; voru þau svo framlengd á þinginu í fyrra og góðar líkur eru til, að svona verði því fram haldið þing af þingi fyrsta sprettinn. Reynslan sýnir, að ekki er hægt að sleppa þessu gjaldi, þó að margir álíti óheppilegt að þurfa að hafa þennan tekjustofn, og með því leggja beinan skatt á alla framleiðslu í landinu. En þarfir ríkissjóðs eru miklar, og litla gætni sýnir þingið í ýmsum fjármálum nú eins og oft áður. Jeg get lokið máli mínu og vísað til nál. á þskj. 615

ATKVGR.
Frvgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 60. fundi í Ed., langardaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 5).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 641).

---

37. Friðun á laxi.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886 (þmfrv., A. 284).

Á 46. og 47. fundi í Nd., dagana 20. og 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18:1 atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Þorleifur Guðmundsson): Hv. deild er það kunnugt, hvað frv. þetta, sem er flutt eftir áskorun bænda þeirra, er veiði eiga við Ölfusá og Hvítá, fer fram á. Þeir, sem veiði eiga í Ölfusá, verða nú að taka upp net sín á helgum, 36 stundir, en bændur þar fara nú fram á undanþágu frá þessu ákvæði laxveiðilaganna. Kann sumum að þykja það viðurhlutamikið, sem ókunnugir eru þarna. En þó horfir þarna öðruvísi við en annarsstaðar; áin er breið og djúp og laxgangan stöðvast alls ekki, þó netin fái að liggja óhreyfð, en það er bændum til mikils hagræðis. Jeg hefi einnig leitað álits þeirra, sem búa ofar við árnar, t. d. talað við hreppstjórann í Gnúpverjahreppi, Pál Lýðsson, sem býr á einni mestu veiðijörðinni þar efra, og telur hann þetta allsendis hættulaust. Það er líka öllum ljóst, sem til þekkja, að sá lax, sem veiðist í Ölfusá, er þetta frá 1—2 þúsund á ári, og er það ekki nema lítið brot af öllum laxi, sem gengur upp eftir ánni, svo að netin gera enga stöðvun á göngunni. Jeg vona því, að háttv. deildarmenn sjái, að hjer er um sanngjarna málaleitun að ræða, sem öllum er hættulaus, en laxveiðibændum þarna til hagræðis og getur orðið til þess að auka útflutning landsafurða, og með því hjálpað til að hækka gildi íslenskrar krónu.

Þórarinn Jónsson: Mjer kemur þetta frv. alleinkennilega fyrir sjónir og get naumast skilið, að rjett sje að láta það ganga fram. Með því væri þeim gert rangt til, sem ofar búa við árnar. Og svo er annað það, að ef þessi undanþága frá lögunum á þessum stað er leyfð, má sjálfsagt búast við því, að aðrar sams-

konar kröfur komi annarsstaðar frá, og þá er misboðið friðun laxins og kipt burtu úr lögunum helstu öryggisráðstöfunum. Hinu á jeg bágt með að trúa, sem hv. flutningsm. (ÞorlG) sagði, að laxinn væri veiddur þarna helst á haustin, því þá sýnist veiðitíminn vera settur mjög óheppilega af sýslunefndinni og koma í bága við laxveiðilögin, því óheimilt er að veiða lax á niðurgöngu. En sjerstaklega eru þetta rjettarspjöll fyrir þá, sem búa við smærri ár, sem falla í Ölfusá, og hjer liggur ekkert fyrir um samþykki þeirra, enda að líkindum ekki unt að fá það, og því fráleitara er frv.

Gunnar Sigurðsson*: Jeg hygg, að mótstaðan gegn frv. þessu hjá hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) stafi af ókunnugleika. Jeg er nákunnugur þarna og get sagt, að netin í Ölfusá líkjast einna mest slýi við bakkana og laxagöngunni stafar engin hætta af þeim. Það mætti líka takmarka undanþáguna, svo að hún nái ekki nema upp í Sogið t. d., eða þvílíkt.

Flm. (Þorleifur Guðmundsson): Hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) talaði um það, að þetta yrði til þess að misbjóða friðun laxins. En þetta er misskilningur, eins og jeg hefi áður bent á, því að þegar um friðun í lögum er að ræða, þá er það auðvitað gert til þess að efla framleiðsluna, en ekki til þess að laxinn geti leikið lausum hala, aðeins til þess að geta spriklað upp og niður árnar aðeins sjer til skemtunar. Hann talaði um það, að við værum lögbrjótar við laxveiðarnar, en það er aðeins af því, sem hann segir slíkt, að hann þekkir ekki friðunartímatakmörkin, sem sett hafa verið fyrir austan, því haustveiðarnar, sem jeg talaði um, eru engin lögbrot. Þá er engin hætta á því, sem hann talaði um, að þetta skapaði hættulegt fordæmi fyrir aðra, því hjer stendur alveg sjerstaklega á og er hvergi svipað, nema í Þjórsá kannske, en þar er aðeins veitt á Urriðafossi. Jeg vil því endurtaka það, að það er allsendis hættulaust og sjálfsagt að samþykkja þetta frumvarp.

Pjetur Þórðarson: Mjer þykir það heldur hart aðgöngu, ef þetta frv. á ekki að fá að ganga til 2. umr. Þá agnúa, sem kynnu að vera á frv., mætti laga í nefnd. Annars álít jeg, að yfirleitt sje undanþága sú, sem hjer er um að ræða, hættulítil; en vegna þess að allar þessar veiðistöðvar, sem hjer koma til greina, eru innan takmarka einnar sýslu, þá væri sjálfsagt rjettara að heimila sýslunefnd að ráða þessu máli út af fyrir sig.

Þórarinn Jónsson: Hv. 1. þm. Rang. (GunnS) talaði um það, að netin væru svo í Ölfusá, að engin hætta stafaði af fyrir laxgönguna, og sagði, að þau væru eins og slý við bakkana og að undantekning væri, ef lax kæmi í þau. Greinargerðin skýrir frá þessu, en jeg hjelt, að ekki yrði gerð sú krafa til neins að trúa því. Og það er lítill greiði við hlutaðeigendur, að gera það líklegt, að ekki sje meiri mannræna í bændum þar en svo, að þeir reyni ekki að láta veiðina verða sjer að fullum notum, heldur en að fá lagavernd til þess að brjóta skýlausan rjett annara. Og mikið væri þeim nær að gera ráðstafanir til þess að stunda veiðar þessar af meiri manndómi innan takmarka gildandi laga. Annars

*) Þm. (GunnS) hefir ekki yfirlesið ræður sínar í þessu máli.

sýnast þeir ekki hafa upp úr þessum veiðum nema netaslit, og líklega ekki það. En þetta á sunnudagsveiðin að bæta upp og er því frv. þetta jafnnýstárlegt á allan hátt og fráleitt því að geta orðið samþykt.

Flm. (Þorleifur Guðmundsson): Jeg vil aðeins skýra frá því, til viðbótar því, sem jeg hefi áður sagt, að samkv. sýslufundarákvæði er leyfileg laxveiði í Árnessýslu fram í september, svo að umræðlin um lögbrot manna þar í þessu efni eru alveg ástæðulaus. *(ÞórJ*: Það er undarleg ráðstöfun). En hún er sönn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:3 atkv. og til allsherjarnefndar með 13:7 atkv.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 476).

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg skal reyna að gefa ekki tilefni til langra umræðna. Allshn. gerði sjer far um að íhuga þetta mál vel, en það þurfti ekki langrar athugunar, því að við 2 nefndarmenn erum nákunnugir á þessum slóðum og þekkjum alla aðstöðu. Þó að jeg sje meðflutningsmaður frv., leit jeg strax svo á, að hentugra mundi að breyta frv. á þann hátt, er nefndin leggur til. Breytingin er sú, að undanþágan, sem felst í frv., nái til Ölfusár einnar, en sem kunnugt er, er það heiti Hvítár fyrir neðan Sog. Þetta er tiltölulega stuttur spölur. Er svo háttað neðst frá árósum, að þar eru miklar grynningar og rennur áin þar í kvíslum; er algerlega óhugsandi að stöðva þar lax í göngu, enda veiði engin, þó að lax slæðist þar einstaka sinnum í net. Um miðbik þessa kafla, í kringum Selfoss, hagar þannig til, að áin fellur ýmist í hávöðum eða hyldjúpum kaststrengjum, svo að ógerningur er að hemja net, nema við blábakkann, út að strengbrúninni. Það er fyrir ósk þeirra bænda, er stunda veiði þarna, að frv. er komið fram. Veiði er þar að vísu ekki mikil, en þetta ákvæði laganna, sem þeir biðja um undanþágu frá, veldur þeim talsverðum óþægindum. Þar sem þessi undanþága gerir engum öðrum baga, en þessir menn telja hana mikilsverða, þykist jeg viss um, að hv. deild muni samdóma nefndinni, að rjett sje að samþykkja frv.

Jeg skal taka það fram, að háttv. 1. þm. Skagf. (MG) var ekki á nefndarfundi vegna lasleika, þegar frv. var rætt; tjáði hann mjer, að hann mundi ekki gera ágreining um þetta í nefndinni, en auðvitað er atkvæði hans óbundið.

Þórarinn Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að gera þá tillögu, að þessu frv. verði vísað til stjórnarinnar. Byggi jeg þessa till. fyrst og fremst á þeim rökum, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls. Hjer er verið að draga út úr laxveiðilögunum fylstu og mestu öryggisákvæðin, og er ekki nema tvent til. Annaðhvort er þessi undanþága þýðingarlaus, eða hún gæti orðið til þess að hindra laxgöngu. Sje hún þýðingarlaus, er engin þörf á að frv. verði að lögum, en ef hún spillir fyrir laxgöngu, er rangt að samþykkja hana. Hv. Ed. hefir haft til meðferðar frv. um breytingu á sömu lögum. Hefi jeg sjeð nefndarálit í því máli, og er þar lagt til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá og skotið til álits og umsagnar sýslunefnda. Sýslunefndirnar hafa nú svo mikinn rjett í þessu efni, þar sem þær

einar setja ákvæði um veiðitímann, að jeg tel rangt að breyta lögunum án þess, að þeim sje gefinn kostur á að segja álit sitt. Og þó að frv. fengi að ganga í gegnum þessa deild, eru mikil líkindi til, að hv. Ed. muni láta það sæta sömu örlögum sem frv., er jeg nefndi, og væri því mikill tímasparnaður að vísa frv. strax frá. Það er líka mikilsvert atriði, að engin yfirlýsing hefir komið frá þeim mönnum, sem eiga veiðirjett í ám, sem renna í Hvítá, og tel jeg rangt að gera þetta frv. að lögum án þess að hafa leitað umsagnar þeirra.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg sje, að hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) hefir ekki sannfærst af rökum, sem jeg tel góð og gild. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu að vísa þessu frv. til stjórnarinnar. Það gegnir alt öðru máli um hitt frv., sem hv. þm. nefndi; þar var farið fram á að banna kistuveiði í einni á, og er þetta ekki sambærilegt. Jeg er þess fullviss, að frv. hefir engin áhrif á göngu laxins í Hvítá, en það mundi vera mörgum manni til þæginda. Því tel jeg óviturlegt að leyfa ekki þessa undanþágu, þegar hún kemur engum manni að baga. Jeg tel óþarft að skjóta málinu til sýslunefnda. Samþykki þeirra mundi fást þegar í stað, og er því ástæðulaust að draga málið, enda kostar það fje, að taka það upp aftur. Jeg hefi engan persónulegan áhuga á þessu máli, því að það er ekki fyrir mitt kjördæmi, en mjer er það kappsmál, af því að það er sanngirnismál, sem jafn sjálfsagt er að taka til greina sem önnur rjettmæt mál. Jeg verð því að óska, að málið fái að ganga áfram, og geta þeir, sem eru hræddir við frv., huggað sig við, að það muni ef til vill verða drepið í háttv. Ed.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 17:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, JS, MG, ÓP, SSt, StSt, SvÓ, ÞórJ, BJ, HK, JAJ.

nei: JÞ, LH, MJ, MK, MP, PO, PÞ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, BH, EÞ, EE, GunnS, IngB, JakM, BSv.

Brtt. 476,1 samþ. með 23:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 476,2 (2. og 3. gr. falli burt) samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 16:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:5 atkv.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 496, 503).

Eiríkur Einarsson: Jeg á brtt. við frv. þetta, og vil jeg því fara nokkrum orðum um afstöðu mína til þessa máls. Jeg greiddi atkv. með frv. til þessarar umræðu, og mun gera svo enn, án tillits til brtt. minnar. Jeg kom með hana aðallega í samræmisskyni.

Þeir, sem mæltu á móti frv. síðast, gerðu það vegna þeirrar höfuðástæðu, að veiðirjettur þeirra, sem ofar búa með Ölfusá, yrði fyrir borð borinn. En jeg held, að ekki sje gerandi mikið úr þessu. Ölfusá er svo mikið vatnsfall, að lagnetaveiðin stöðvar aldrei gönguna að ráði. En það er önnur hindrun, sem er verri, og það er selurinn, sem liggur í ósunum.

Á hinn veginn þótti mjer ósanngjarnt, að þeir, sem ofar búa með ánni, fengju ekki eins að njóta undanþágunnar, og því kom jeg með mína brtt. Mjer finst, að

það sje enn þá minna í húfi, þótt undanþágan verði veitt þeim fáu bændum, er stunda lagnetaveiði hið efra með Hvítá, en Ölfusárveiðieigendum. Og eins og jeg hefi áður sagt, flyt jeg brtt. einungis til að koma í veg fyrir misrjetti með þeim, er búa neðar og ofar með ám þessum, er mjer finst eigi laust við, að eigi sjer stað, ef gert er upp á milli þeirra með þessari undanþágu. Annars mun jeg ekki halda þessari brtt. fast fram, ef einhverjum skyldi vera það kappsmál, að undanþágan næði til Ölfusár einnar, og þessi brtt. yrði frv. til falls, og vona jeg, að ef svo væri, þá ljeti hann til sín heyra. En það vil jeg þó fullyrða, að slíkar mótbárur væru ástæðulausar.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Sem frsm. allshn. í þessu máli vil jeg taka það fram, að við 2. umr. lýsti jeg því yfir, að nefndin sæi sjer eigi fært að fara lengra en þetta, að láta undanþágurjettinn ná til Ölfusár einnar. Álitum við það hættulaust með þá á, en alt öðru máli er að gegna með árnar, sem renna í hana, því þær eru svo miklum mun vatnsminni. Þar sem nú háttv. 1. þm. Árn. (EE) er ekki kappsmál með þessa brtt., þá óska jeg eftir, að hann taki hana aftur, svo að hún verði því eigi til fyrirstöðu, að frv. gangi í gegn.

Pjetur Ottesen: Jeg greiddi atkv. með frv. til 3. umræðu, og það sjerstaklega vegna þess, að felt var burt úr frv. undanþáguákvæðið að því er snertir þær ár, sem falla í Ölfusá.

Því hefir verið lýst yfir, og færð rök að því, að svo hagaði til með Ölfusá, að það mundi ekki hafa mikil áhrif á laxgöngu í henni, þótt undanþágan væri veitt með hana. Vitanlega hefir það þó nokkur áhrif, því á þessum tíma mundi altaf meiri veiði verða, ef netin mættu altaf liggja, en ef þau eru tekin upp, eins og nú er ákveðið, 36 stundir í viku, og mundi þetta valda því, að laxganga upp eftir ánum yrði þó altaf nokkru minni en ella.

En nú er komin brtt. frá háttv. 1. þm. Árn. (EE), að þessi upphaflegu ákvæði sjeu tekin upp aftur, og kemur þar fram, að sá ótti, sem fram hefir komið, að fleiri sigldu í kjölfarið, er rjettmætur. Á nú undanþágan, eins og brtt. háttv. 1. þm. Árn. er orðuð, ekki aðeins að gilda um þær ár, sem renna í Ölfusá, heldur einnig um allar veiðiár í Árnessýslu. Mjer er nú ekki svo kunnugt um það, hvort fleiri laxveiðiár eru í Árnessýslu en þær, sem renna í Ölfusá. En það er þó altaf helmingurinn af Þjórsá, sem tilheyrir sýslunni. Getur komið fram hið mesta ósamræmi í því, þar sem laxveiðiár aðskilja sýslur, eins og víða er, ef veita skal annari sýslunni svona lagaða undanþágu, en hinni ekki. Þessi krafa, sem hjer kemur frá háttv. 1. þm. Árn. (EE), gefur fulla ástæðu til þess að ætla, að slíkar kröfur komi víðar frá. Og það verður að gjalda varhuga við því að leiða inn ákvæði, sem veita þeim, sem við árósana búa, alla hagsmunina við laxveiði í ánum. Þetta er því allvarhugavert mál, og getur það haft alvarlegar afleiðingar að ganga inn á þessa braut. Fyrir því vil jeg ekki ganga inn á það að veita þessi undanþágurjettindi, og það hlýtur að vera gert með hagsmuni þeirra manna einna fyrir augum, sem búa við ósa þeirra laxveiðaáa, sem í Ölfusá falla, að háttv. 1. þm. Árn. flytur þessa brtt. Hinum, sem ofar búa við árnar, er þessi undanþága vitanlega til tjóns.

Það er því af þessum ótta, að samskonar kröfur um undanþágur komi víðar að, að jeg get ekki fylgt frv. lengra, og er það sökum framkomu brtt. hv. 1. þm. Árn. (EE);

með henni er sýnt, hvað á eftir muni koma. En jafnvel þótt hún yrði ekki samþykt, eða þótt hún yrði tekin aftur, þá mun jeg þó ekki geta fylgt frv.

Eiríkur Einarsson: Út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði skal jeg taka það fram, að enginn af þeim, sem hlut á að máli, hefir beðið mig að koma fram með þessa brtt. Jeg tók það upp hjá sjálfum mjer, af því mjer virtist það vera sanngirniskrafa. En annars finst mjer málið smávægilegt, og get jeg upplýst háttv. þm. Borgf. (PO) um það, sem jeg hygg, að hann viti ekki, að hin aukna undanþága samkvæmt minni brtt. mundi varla ná til fleiri jarða en svo sem þriggja til fimm, og er þar hvergi mikil veiði. Er þetta því óþarft veður í háttv. þm. Borgf. Er þar líkt á komið með aðstöðu sem hið neðra við Ölfusá, og lendir vitanlega langminst af þeim laxi, sem upp eftir ánni gengur, í netunum. Það er, eins og tekið hefir verið fram, selurinn, en ekki lagnetin, sem spillir mest laxveiðinni. Það var rjett hjá hv. þm. Borgf. (PO), að í Árnessýslu er ekki að ræða um aðrar laxár en Ölfusá og Hvítá, árnar, sem renna í þær, og svo Þjórsá.

Um efstu árnar, þær sem renna í Hvítá, má segja það, að þar er alls ekki um neina lagnetaveiði að ræða, en Hvítá er svo vatnsmikil, að lagnetin stöðva laxinn í henni ekki að mun.

Þjórsá fylgir Árnessýslu að hálfu leyti, en þar er aðeins um eina laxveiðijörð að ræða, Urriðafoss. Mundi því undanþágan hvorki gera til nje frá viðvíkjandi þeirri á.

Er það því augljóst, að hv. þm. Borgf. (PO) notar brtt. mína aðeins sem yfirvarpsástæðu, til þess að hverfa nú frá skoðun sinni, og álít jeg, að hún hafi ekki verið föst hjá honum, ef hann breytir henni nú.

Háttv. allshn. lagði með því við síðustu umr. málsins, að frv. næði fram að ganga, og er hennar dómur óhaggaður eftir sem áður, þrátt fyrir þessa brtt. En til þess að leggja ekki stein í götu málsins, þá tek jeg hjer með brtt. mína aftur. (*JS*: Þá leyfi jeg mjer að taka hana upp). Hv. þm. tekur hana upp aftur einungis til þess, að hægt sje að hafa hana að yfirvarpsástæðu gegn frv. Er þar eins á komið með þeim tveim háttv. þm., og vona jeg, að aðrir háttv. þm. feti ekki í fótspor þeirra að þessu leyti.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg verð að þakka háttv. 1. þm. Árn. (EE), að hann hefir tekið brtt. sína aftur, og vænti jeg því þess, að hún geti ekki lengur haft áhrif á skoðanir þeirra, er greiddu atkvæði með frv. við 2. umr. Ástæðurnar eru enn þá hinar sömu, og vona jeg, að háttv. deild trúi því, að allsherjarnefnd gangi ekki annað en gott eitt til að leggja með frv. Í nefndinni eru 2 menn nákunnugir staðháttum þar eystra, jeg og háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), og er nefndin samþykk okkur, að sjálfsagt sje að veita þessa undanþágu, enda fjelst hv. þm. Borgf. (PO) á, að rök okkar væru rjett. Það má að vísu segja, að þær laxakindur, sem slæðast í net, gangi ekki lengra, en þessi undanþága getur ekki haft nein áhrif á göngu laxins yfirleitt.

Pjetur Ottesen: Þegar jeg andmælti frv. vegna þess ofurkapps, er háttv. 1. þm. Árn. (EE) leggur á að láta undanþágu þessa ná til allra ánna í Árnessýslu, var hann að gera sjer í hugarlund eitthvað samband milli mín og háttv. 2. þm. Skagf.

(JS) á móti frv. Mjer er ekki kunnugt um, að neitt samband sje á milli afstöðu minnar og þess, að háttv. 2. þm. Skagf. (JS) hefir nú tekið upp brtt. á þskj. 503. Að Ölfusá einni undantekinni, mundi auðvelt að hamla laxgöngu í þessum ám, sem í hana renna, að miklum mun, ef engin friðun væri. Þeir menn, sem búa nálægt árósum, mundu standa miklu betur að vígi en aðrir, ef þessari friðun væri algerlega kipt burtu. Jeg vona, að menn sjái, hve hvumleitt það mundi verða, ef margskonar ákvæði gilda þar, sem ár skifta sýslum, og netin mættu altaf liggja við annan bakkann, en hinu megin yrði að taka þau upp um hverja helgi, samkvæmt lögum. Það er vegna kapps háttv. 1. þm. Árn. (EE), sem jeg get ekki fylgt frv., og engu fremur þó hann taki nú brtt. sína aftur.

Jón Sigurðsson: Jeg ætlaði ekki að taka til máls, en þar sem háttv. 1. þm. Árn. (EE) sveigði því að mjer, að jeg væri að taka upp brtt. hans til þess að fá tylliástæðu til að vera á móti frv., þá vil jeg lýsa yfir því, að jeg hefi í engu breytt skoðun minni, og þarf því ekki á tylliástæðum að halda, og mun háttv. þm. geta sjeð það við atkvæðagreiðsluna, að jeg er á sama máli sem við 2. umr., en frv. og brtt. eru þannig vaxnar, að um þær má segja: því vitlausara, því betra.

Eiríkur Einarsson: Hv. 2. þm. Skagf. (JS) rýkur upp á nef sjer að ástæðulausu. Jeg nefndi yfirvarpsástæðu, og er það rjett, bæði í hans garð, er hann tekur brtt. mína upp, málinu til falls, og einnig í garð hv. þm. Borgf. (PO). Hitt sagði jeg aldrei, að hann, þm. Skagf. (JS), hefði breytt um skoðun, en það hefir hv. þm. Borgf. gert. Vil jeg skírskota til hv. deildar, hvort það er ekki tilraun til að spilla fyrir málinu, þegar hv. þm. Skagf. (JS) tekur upp tillögu, er hann telur gera frv. óaðgengilegra, og býður brtt. þannig fram sem yfirvarpsástæðu móti frv. handa öðrum þingmönnum. Annars furðar mig á því, hve fljótur hv. þm. Borgf. (PO) er að skifta um skoðun, af þeirri ástæðu einni, að jeg, vegna minnar persónulegu skoðunar, ber fram brtt. um að láta undanþáguna ná lengra, án þess að tilmæli hafi komið um það frá þeim, sem eiga hjer hlut að máli, og án þess að jeg legði nokkurt kapp á, að brtt. næði samþykki háttv. deildar, eins og jeg hefi nú látið á sannast með því að taka hana aftur.

Þórarinn Jónsson: Jeg tel ástæðulaust að lengja þessar umræður. Jeg hefi áður látið þá skoðun í ljós, að óhæfilegt væri að samþykkja þetta frv. Jeg get bætt einni ástæðu við, sem áður hefir ekki verið tekin fram, að hjer er einstökum mönnum heimilaður atvinnurekstur á helgidögum þjóðkirkjunnar, sem öðrum er bannaður. En það mun ekki þykja nema smáræði með öðrum fjarstæðum, sem í frv. felast.

Frsm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg fæ ekki skilið, að það geti talist helgidagsbrot, þó að net liggi á lögboðnum hvíldardögum. Það hefir hingað til ekki verið talið helgidagsbrot, þó að róið væri á sjó á sunnudögum, þegar fiskur er, eða hey hirt undan rigningu.

Magnús Jónsson: Af því að jeg á sæti í þeirri nefnd, sem mælir með undanþágu þessari, mætti segja, að það sæti síst á mjer að samþykkja það, sem gæti talist helgidagsbrot. En jeg tel ekki, að hjer sje

um helgidagsbrot að ræða. Jeg hefi altaf skilið svo, að helgidagsbrot ætti við þá vinnu, er menn trufla hvíldardagshelgina og vekja hneyksli meðal þeirra, er hvíla sig eða sækja kirkju, en ekki þó að net liggi í sjó eða ám á þeim tíma. Annars minnir mig, að lögin ákveði ekki friðunartíma um helgar, heldur 36 tíma einhverntíma í vikunni.

Þórarinn Jónsson: Jeg vil aðeins minna háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) á, að lögin mæla svo fyrir, að net skuli tekin upp kl. 9 á laugardagskvöldum og ekki lögð aftur fyr en kl. 9 að morgni á mánudag. Með þessu er, jafnframt því sem þetta er friðunarákvæði, sjálfsagt helgidagshvíldin ákveðin.

Þorleifur Guðmundsson: Mjer þótti dálítið verra, að brtt. á þskj. 503 skyldi koma fram, þó að hún sje í samræmi við upphaflegu ákvæðin í frv., þar sem háttv. deild feldi það niður úr frv. nýlega. Jeg geri lítið úr helgidagsbroti því, sem hv. 2. þm. Húnv. (ÞórJ) var að tala um. Jeg veit ekki betur en að menn verði að stunda margvíslega vinnu á hvíldardögum. Sjávarútvegurinn stendur og fellur með því, að unnið sje á hvaða tíma sem er, þegar vel aflast. Mundi háttv. deild t. d. treysta sjer til að banna algerlega vinnu á togurum eða við afgreiðslu skipa á helgum dögum, og mundi sjávarútvegurinn þola það? Á þetta ekki einnig við um hinn aðalatvinnuveginn, heyskapinn? Mundi ekki heyskapurinn í Húnavatnssýslu verða lítill og búskapurinn bágur, ef aldrei mætti vinna á helgum dögum á rosasumrum? Jeg vona því, að þeir háttv. deildarmenn, sem álitu rjett að fylgja þessu frv. við 2. umr., láti ekki í sjer hræra, heldur haldi fast við sannfæringu sína, jafnvel þó að 2 dagar sjeu liðnir síðan.

ATKVGR.

Brtt. 503 tekin aftur af flm. (EE), en tekin upp af 2. þm. Skagf. (JS) og feld með 14:4 atkv.

Frv. samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MK, MP, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BH, EE, GunnS, IngB, JakM, JÞ, ÞorlJ.

nei: ÓP, PO, StSt, ÞórJ, HK, JAJ, JB, JS, MG.

Fimm þm. (BSv, BJ, EÞ, LH, SSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 496).

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 559).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Nefndin leggur til, að frv. þetta verði

samþykt óbreytt. Það er aðeins smábreyting á lögunum frá 1886 og fer fram á, að í Ölfusá þurfi ekki að taka laxanet upp þær 36 stundir í viku, sem nú eru ákveðnar. Upprunalega var frv. þetta víðtækara. Átti það að gilda bæði um Ölfusá og allar þverár hennar, en hv. allshn. Nd. hefir fært frv. í það form, sem það nú er í. Nefndin vill engan veginn, að þetta verði fordæmi, en ástæðurnar fyrir því, að sanngjarnt er að undanskilja Ölfusá gömlu ákvæðunum, eru þær, að ekki er hægt að þvergirða hana, bæði vegna þess, hve breið hún er og eins vegna hins, að straumur er í henni miðri.

Guðmundur Ólafsson: Mjer þykir álit landbn. um hitt laxafriðunarfrv. svo gott, að ekkert liggi á að samþykkja frv. þetta. Því ef dagskrá nefndarinnar í því máli verður samþykt, þá verður þetta mál að bíða hvort sem er, enda ekki óviðkunnanlegt, að álits sýslunefnda sje leitað um þessi efni. *(Forseti*: Á að skoða þetta sem ósk um, að mál þetta verði líka tekið af dagskrá?). Nei. Jeg var aðeins að ræða um málið eins og það lá fyrir og láta í ljós það álit mitt, að ef lög um þessi efni verða endurskoðuð í heild fyrir næsta þing, þá má þetta frumvarp gjarnan bíða.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg skal aftur geta þess, að frv. þetta á ekki að vera fordæmi í þessum efnum, og svo hins, að engin óánægja ríkir þar austur frá yfir frv. þessu; miklu fremur hefir þess verið óskað af þeim, sem búa við Ölfusá og þverár hennar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 496).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 629).

---

38. Rjettindi og skyldur hjóna.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:
Frumvarpi til laga um lögfylgjur hjónabands (stjfrv., A. 172).

Á 22. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (SE): Þetta frv. var af fyrverandi stjórn lagt fyrir þessa hv. deild árið 1922, og var því þá vísað til allshn. Hún gat ekki gengið frá því að fullu þá, enda þótti eigi ástæða til að hraða framgangi málsins svo mjög. Löggjöf um þessi efni hefir verið rannsökuð af nefndum á Norðurlöndum og fengið mikinn undirbúning. Með þessu frv. verið að upphefja þann mismun, sem verið hefir á fjárforræði hjónanna, og þykir

það því vera í fullu samræmi við jafnrjettishugsjónina milli karla og kvenna, en vitanlega eru sumir þeir hnútar, sem hjer eru leystir, allörðugir, þar sem taka verður tillit til beggja hjónanna og til þriðja manns. Frv. er samið af hæstarjettardómara Lárusi H. Bjarnason, og hefir því fengið góðan undirbúning. Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 240).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Forsætisráðherra (SE): Jeg hefi leyft mjer að biðja um orðið á undan háttv. frsm. (JM), vegna þess, að jeg verð nú að taka þátt í umræðum í háttv. Nd., en vildi ekki láta hjá líða að votta nefndinni þakkir mínar fyrir fljóta og góða meðferð á frv. Jeg get fallist á allar brtt. nefndarinnar, og jeg veit, að höfundur frv. hefir ekkert sjerstakt við þær að athuga. Jeg vona því, að frv. nái fram að ganga.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að orðlengja um frv. að sinni. Frv. er kunnugt frá þinginu í fyrra, og þó að ekki hafi verið til nægilega mörg eintök frá í fyrra til þess að útbýta meðal þm., þá hafa verið lögð fram þingtíðindin, svo þetta kemur í sama stað niður.

Nefndin hefir fallist á frv. að efni til, aðeins gert lítilfjörlegar orðabreytingar, en þó er einnig í orðabreytingunum frv. sjálfu yfirleitt fylgt, eins og háttv. þm. geta sjeð, ef þeir bera brtt. saman við frv. Frv. fylgir skýr greinargerð, og er því óþarfi að fara nánar út í einstök atriði. Þetta frv. er einnig samið af hæstarjettardómara Lárusi H. Bjarnason, og hefir hann samið öll sifjafrv., og mega menn vera honum þakklátir fyrir það mikla verk, sem hann hefir lagt í frv.; sjerstaklega má kvenfólkið vera honum þakklátt. Sem sagt, jeg sje ekki ástæðu til þess að fara út í einstök atriði, en af því að þetta er merkilegt mál, þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um það frá almennu sjónarmiði.

Jeg held jeg megi segja, að konur hafi yfirleitt haft góða aðstöðu tiltölulega hjer á landi. Og hvað sem annars um Alþingi má segja, þá er óhætt að fullyrða, að það hafi yfirleitt tekið liðlega í það að jafna rjett karla og kvenna. Nú er ekki annað eftir af þessu verki en þetta frv., og jeg treysti því, að það verði nú að lögum. Flest atriði í frv. eru þannig vaxin, að varla verða að deiluefni. En eitt atriði aðeins gæti ef til vill orðið deiluefni, og það er um fjármálin. Áður var það talið, að konur væru ófærar til þess að fara með fjármál sín, og var því mönnum þeirra eða frændum falið að vernda þær. Síðar rjeðu eiginmenn eigum kvenna sinna að öllu leyti. En þegar farið var að losa um, fengu ekkjur fyrst lögræði, síðan ógiftar konur, og svo loksins seint og síðar meir giftar konur. En með lögræði giftra kvenna fylgdu ekki umráð yfir fjármálunum, og gat það því að ýmsu leyti orðið hermdargjöf. En nú getur það ekki lengur talist forsvaranlegt, að löggjafinn verndi fullvita og lögráða konur fyrir

erfiðleikum og freistingum atvinnulífsins fremur en ógiftar konur. Það svarar ekki til þess, sem nútíminn krefst. Konur hafa nú fengið jöfn ráð á við karlmenn á ýmsum sviðum, sem ekki eru vandaminni, t. d. í þjóðfjelagsmálum, og það er ekki gott að sýna fram á, að á fjármálasviðinu eigi að gera undantekningu.

En það gæti verið spursmál, hvort setja eigi sjerstaka löggjöf um hjónaband, í stað þess að láta þar gilda þær almennu reglur, sem eru um annan fjármálafjelagsskap, t. d. verslun o. s. frv. En þjóðfjelaginu er þannig háttað, að það er bygt að miklu leyti á hjónabandinu, og það er miklu nánari fjelagsskapur en annar, og er því rjett, að þar gildi sjerstakar reglur. Það er sjerstaklega nauðsynlegt vegna barnanna, og auk þess vegna þess etiska atriðis, sem kemur svo mjög til greina í hjónabandinu. Eins er það heppilegast fyrir þriðja mann, því hjón munu yfirleitt hafa meiri tilhneigingu en aðrir til þess að flytja fje sín á milli, og gætu á þann hátt oft skotið undan. Það er því sjálfsagt, að um þessa samsteypu gildi sjerstakar reglur. Frv. gerir ráð fyrir að setja hjónin jafnt yfir fjelagsbúið. Nú er, eins og menn vita, að hjón geta haft sameign að sumu eða öllu leyti, og eins sjereign að sumu eða öllu. En frv. fer fram á, að hjónin eigi í raun og veru jafnt, því ef til skifta kemur, þá er gert ráð fyrir, að eignirnar skiftist jafnt, eða hvort hjóna fái helming af eign hins. Menn kunna að halda, að þetta sje flókið, en jeg hýst ekki við, að ástæða sje til að óttast það. Jeg geri ráð fyrir, að menn finni sáralítið til þessara laga, nema þar sem þess gerist þörf, en þar eru þau líka nauðsynleg. Jeg held því, að óhætt sje að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg ætla að leyfa mjer að flytja fáein orð í sambandi við þetta frv., en háttv. frsm. (JM) hefir tekið flest það fram, sem jeg vildi segja. Jeg er ekki lögfræðingur, aðeins leikmaður, en þó vil jeg fara nokkrum orðum um frv. frá almennu sjónarmiði og lýsa áliti mínu á því.

Eins og kunnugt er, þá er lögmælta skipulagið á fjármálum hjóna það, að bæði hjónin eiga að vísu jafnmikið í búinu, en að maðurinn *ræður* yfirleitt beggja hluta jafnt, hluta konunnar eins og sínum.

Jeg skal að vísu játa það, að þessi umráðaregla er handhæg, miklu handhægari en að heimta samþykki beggja til hverrar ráðstöfunar. En hún er að sama skapi ósanngjörn, og því ósanngjarnari, sem konan hefir lagt meira í búið eða leggur meira fram til þess. Það er kátlegt, að kona, sem lagt hefir fram megnið af eigum búsins, skuli þurfa að nauða fje út úr manni sínum í hvert skifti, sem hún þarf að kaupa t. d. tvinnakefli eða aðrar smánauðsynjar.

Þessa agnúa gætir náttúrlega lítið í góðum hjónaböndum, og hjónin geta leyst sig undan þessum reglum með kaupmála. En fyrst og fremst er hart að þurfa sjerstaklega að hefjast handa til samninga, til þess að losna við *úreltan* ójöfnuð, og svo hefir þessi heimild víst verið sáralítið notuð, að minsta kosti utan kaupstaðanna.

Ekki hafa heldur sjálfsaflareglurnar og aðrar hömlur á einkaumráðarjetti mannsins í lögunum frá 1900, um fjármál hjóna, komið að nægu haldi. Og það er ekki von. Reglan, að láta annan ráða eign beggja, er óhæf, af því að hún er ranglát. Það verður að kasta henni og finna aðra rjettlátari, helst *rjettláta*.

Og sú regla skilst mjer vera í frv., að láta hvort hjóna ráða sínu, eða því, sem lögin kalla „hjúskapareign", en það merkir þá muni, sem hvort um sig leggur í búið. Það er gert í 18. gr. þessa frv., og konunni jafnframt í 12. gr. heimilað sama samningafrelsi til nauðsynja heimilisins sem bónda hennar.

Að vísu dylst mjer ekki, að nýju reglnanna muni gæta meir í orði en á borði. Það kemur til af því, meðal annars að í langflestum hjónaböndum mun lítið um annað verðmæti að ræða en vinnukrafta hjónanna. Reglunnar mun í framkvæmdinni aðallega gæta þar, sem konan leggur eitthvað að marki í búið; en þar er líka þörfin brýnust til breytinga.

Auk annara nýmæla í frv. þessu má geta þess, að ekkju er með 61. gr. gert jafnhátt undir höfði og ekli, til þess að halda búinu óskiftu eftir lát mannsins, með ófjárráðum börnum beggja, (konan á ekki að þurfa leyfi til þess fremur en ekkillinn, eins og nú er), og að erfðarjettur beggja hjónanna, hvors eftir annað, er aukinn í 87. og 88. gr., sjerstaklega þegar hið látna hefir ekki látið eftir sig afkomendur. Og býst jeg ekki við, að nokkur amist við þeim reglum.

En jeg vona, að karlmennirnir amist heldur ekki við breytingunum á umráðarjettinum, svo sanngjarnar og sjálfsagðar sem þær eru, og það því síður, sem þær samkvæmt 90. gr. taka ekki til þeirra hjóna, sem gifst hafa fyrir daga nýju laganna. Og samkv. aths. við 29. og 90. gr. geta þau hjón, sem síðar giftast og þess óska, búið við gamla lagið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um frv. þetta, sem er eðlileg fylgja sifjalaganna frá 1921 og konur leggja almeni mikið upp úr, og ekki síst þessu frv. og lögunum um óskilgetnu börnin, sem má telja merkilegustu „sociallögin", sem landið hefir eignast.

Að síðustu leyfi jeg mjer í nafni íslenskra kvenna að þakka hæstv. landsstjórn fyrir það, að hafa lagt frv. þetta fyrir háttv. deild nú, og þannig gert það unt, að afgreiða á þessu þingi síðasta frv. í lagabálki þeim, sem kallast sifjalög. Enn fremur fyrir sifjalögin; af þingmönnum sjerstaklega hv. 4. landsk. þm. (JM), bæði sem ráðherra og þingmanni, og svo hv. þm. Seyðf. (JóhJóh).

Vona jeg svo, að frv. fái þá meðferð hjer í deildinni, að það verði án breytinga afgreitt sem lög frá þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 240,1 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 240.2 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 240.3 samþ. með 12 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

8.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 240,4 a—b samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

13.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 240.5 samþ. með 13 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

17.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 240.6 samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 240.7 samþ. án atkvgr.

21 gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

22.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

25.—28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 240,8 samþ. án atkvgr.
33. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
34.—35. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 240,9 samþ. án atkvgr.
36. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
37.—38. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
39.—42. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 240,10 samþ. án atkvgr.
43. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
44.—46. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
47.—51. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 240,11 samþ. með 9 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
53.—55. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 240,12 (ný 56. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
57.—60. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
61.—63. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 240,13 (ný 64. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 240,14 samþ. með 11 shlj. atkv.
65. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
66.—77. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
78.—79. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 240,15 samþ. án atkvgr.
80. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
81.—82. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 240,16 samþ. án atkvgr.
83. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj atkv.
84. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
85.—89. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
90.—91. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 240,17 samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn kafla frv. samþ. án atkvgr.
Brtt. 240,18 (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv. með fyrirsögninni:
Frumvarp til laga um rjettindi og skyldur hjóna.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 265, 269).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 269 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., laugardaginn 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 287).

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 596).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að vera margorður um frumvarp þetta, þótt það sje bæði langt og

merkilegt. Nefndin hefir engar brtt. gert við það, en óskar eftir því, að það verði samþ. óbreytt.

Frv. þetta er búið að ganga gegnum háttv. Ed., og hafa litlar breytingar verið gerðar á því þar. Hafa þær helst gengið í þá átt að færa frv. til betra máls, en efnisbreytingar litlar. Enda þótt nefndinni fyndist nú, að ganga hefði mátt dálítið lengra með orðabreytingar, þá vildi hún þó ekki gera það og hætta á með því, að frv. nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Telur nefndin mikla bót á því að fá þennan bálk inn í sifjalögin í viðbót við það, sem áður var komið, og ræður háttv. deild til að samþykkja hann.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
17.—24. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
29.—38. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
39.—46. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
47.—60. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
61.—77. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
78.—84. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
85.—89. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
90.—91. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 11 maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 287).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 646).

---

39. Fátækralagabreyting.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905 (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það má segja það sama um þetta frumvarp og hin, að það er komið fram fyrir áskorun frá síðasta þingi og fleirum þingum.

Nú á síðari tímum hafa allháværar raddir heyrst um það, að breyta þyrfti fátækralögunum, og þá sjerstaklega um það, að stytta þurfi sveitfestistímann, og hafa þær gengið svo langt, að talað hefir verið um, að dvalarsveit yrði látin vera framfærslusveit þurfalingsins. En jeg lít svo á, að þessi lög, sem mjög er vandað til í upphafi og eigi eru orðin nema 15—16 ára gömul, sjeu alls ekki orðin svo úrelt, að þau þurfi gagngerðrar breytingar með.

Í þingsályktuninni frá 1921 er sjerstaklega bent á 4 atriði, sem taka þurfi til greina. En stjórnin hefir ekki getað tekið til greina þriðja atriðið, af því að það virðist sprottið af misskilningi, eins og tekið er fram í athugasemdunum við frv.

Um annað atriði þál.: „Að þurfamannaflutningi verði hagað svo, að mannúðlegri verði en áður“, er það að segja, að mjer er ekki kunnugt um, að þurfamannaflutningi sje hagað ómannúðlega. Þurfamannaflutningur í sjálfu sjer er altaf ómannúðlegur, en hann verður ekki alveg afnuminn að svo stöddu. En jeg veit, að hreppstjórar og þeir, sem flutninginn eiga að annast, framkvæma hann á svo mannúðlegan hátt sem unt er. Þó er þetta atriði tekið að svo miklu leyti til greina, að skilyrði fyrir flutningi eru allmikið hert.

Fyrsta atriði þingsályktunarinnar, um að styrkur til manna, er þurfa að þiggja sökum slysa eða ómegðar, skuli ekki talinn sveitarstyrkur, hefir stjórnin tekið til greina í 1. gr. frv. Þótt sumum kunni að þykja þar of skamt farið, þá er það þó áreiðanlega í áttina.

Aðalþungamiðja þessara breytinga er þó sveitfestistíminn, og um hann býst jeg við, að verði mikill ágreiningur. Að gera dvalarsveit skilyrðislaust að framfærslusveit, tel jeg alveg ógerning. En að stytta hann ofan í tvö ár, er að vísu sýnu nær, en samt tel jeg það alt of stórt stökk, því að það kæmi mjög hart niður á kaupstaðina og sjávarsveitir, úr því öllum er frjálst að setjast að þar, sem þeir vilja, og sveitarfjelögin hafa engan rjett til að meina innflutninginn. Yrðu þau því að hafa einhverja tilhlutun um innflutninginn ef gera ætti dvalarsveit að framfærslusveit.

Fjölyrði jeg svo ekki frekar um þetta mál nú, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og til allsherjarnefndar.

Jón Magnússon: Jeg stend upp til að beina fyrirspurn að hæstv. atvrh. (KlJ), um það, hvort þörf sje á 3. gr. frv., því að eftir núgildandi fátækralögum er það á valdi atvinnumálaráðuneytisins, hvernig skýrsla sú er útbúin, sem taka á af utan sveitarþurfalingi áður en honum er veittur styrkur.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi minnast á. Það er viðvíkjandi fátækraflutningnum. Eftir núgildandi lögum má engan flytja fátækraflutningi, nema hann hafi áður þegið 100 kr., enda sje hann kominn á stöðugt sveitarframfæri. Jeg sje ekki, að í 4. gr. frv. sje farið lengra en í gildandi lögum; þvert á móti. Þá vil jeg geta þess, að mjer hefði fundist eðlilegast í þessu sambandi, að styrkur, sem veittur er og eigi á að hafa sömu verkanir á rjettindamissi og sveitarstyrkur alment, væri undanskilinn þessu ákvæði fátækralaganna.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg skal játa það, að 3. gr. frv. er ekki nauðsynleg, þar sem atvinnumálaráðuneytið hefir leyfi til að haga eyðublöðunum undir skýrslurnar eins og því sýnist. En hún hefir verið sett að tilhlutun þeirra manna, sem um þetta fjalla í stjórnarráðinu, og hefir þeim því þótt æskilegt að fá ákvæði um þetta atriði lögfest, en annars vænti jeg, að bæði þetta atriði og samband 4. gr. við gildandi lög verði tekið til athugunar af væntanlegri nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., föstudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 61, 74).

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg ætla ekki að halda langa tölu að þessu sinni, en ver-

ið getur, að jeg fari um málið fleiri orðum, þegar aðrir hafa látið til sín heyra. Jeg vil aðeins benda á, að ef háttv. deild fellst ekki á brtt. nefndarinnar, þá verður að gera talsverðar breytingar á 4. gr. Jeg sje ekki betur en að hún sje í mótsögn við það, sem tekið er fram í athugasemdunum; hún hefir líklega ruglast eitthvað á einhverju stigi málsins. Í athugasemdunum er sagt, að herða eigi á skilyrðum gagnvart sveitarstjórnum, en 4. gr. herðir þau gagnvart þurfalingum, því þar er skilyrðislaust leyft að flytja þurfaling, ef framfærslusveit krefst þess, og skilyrðin fyrir dvalarsveit eru gerð rýmri en nú er.

Jeg vil einnig geta þess, að það varð ofan á í nefndinni, að fallast á till. stjórnarinnar um 5 ára sveitfestistíma, en þó var því þegar hreyft, að sá tími mætti vera styttri, og einn nefndarmaður, hv. 2. þm. Rang. (GGuðf), var ekki viss um, að hann gæti fylgt till. um 5 ár, ef till. um styttri tíma kæmi fram. Atkvæði hans um þetta atriði er því óbundið. Jeg vil ekki fara hjer út í þetta atriði, en mikið hefir verið um það deilt. Það er ofsagt, að óteljandi till. hafi komið fram síðan um aldamót, en fjarska margar hafa þær verið. Munurinn á 5 og 3 árum er í raun og veru ekki svo mikill í þessu sambandi; það er fyrst þegar fært er niður í 1 ár, að um verulegan mun er að ræða, því þá má nærri því segja, að dvalarsveit ráði um framfærsluskyldu. Sumir hafa jafnvel viljað fara svo langt að binda þetta ekki einu sinni við lögheimili, heldur staðinn sem maðurinn er staddur á, en út í þá sálma vil jeg ekki fara hjer. Jeg mun fylgja till. stjórnarinnar, enda er sanni næst, að hún ætti að fá helst fylgi manna.

Jeg vil svo ekki ræða þetta mál meira að sinni, heldur bíða þar til aðrir hafa látið álit sitt í ljós.

Einar Árnason: Jeg er hæstv. stjórn þakklátur fyrir að hafa flutt þetta frv. Jeg býst við því, að fátækralögin hafi verið mjög vel undirbúin á sínum tíma og hafi átt vel við það ástand, sem þá var. En nú eru þau eðlilega orðin úrelt á margan hátt, því tímarnir breytast og mennirnir með. Jeg álít, að frv. þetta stefni í rjetta átt, þó að vitanlega megi altaf um það deila, hverju á að breyta og hverju ekki.

Jeg sje það í nál. allsherjarnefndar að hún vill gera þá verulegu breytingu, að fella niður 1.—4 gr. Jeg verð að taka það fram, að mjer er talsvert sárt um 1. og 2. gr. og get tæpast fallist á að fella þær niður. Jeg sje ekki, að hægt sje að vísa á bug þeirri sjálfsögðu sanngirni og rjettlæti, sem þar kemur fram. Það er ekki sanngjarnt að taka mannrjettindi af fátækum fjölskyldumanni vegna þess, að hann verður fyrir því óláni að missa heilsuna um lengri eða skemri tíma. Sama er að segja um gamalmenni, sem lítið hafa borið úr býtum annað en stríð og erfiði, að taka af þeim mannrjettindi, ef þeir geta ekki bjargað sjer sjálfir. Ástæða nefndarinnar er sú, að útgjöld sveitarsjóða aukist svo mjög við þessa breytingu. Jeg sje ekki, að svo muni vera. Þetta eru útgjöld, sem hljóta að leggjast á sveitarsjóði hvort sem er, því jeg geri ekki ráð fyrir, að þessi styrkur sje veittur nema brýn nauðsyn beri til. Munurinn er aðeins sá, að sveitarsjóðir eiga nú heimtingu á að fá þetta fje endurgoldið ef unt er, en vænkvæmt þessum breytingum verður fjeð ekki talið til skuldar. Í raun og veru er þetta sáralítill munur, þó svo sje á pappírnum. En hitt er unnið, að bæta úr órjettu, sem of lengi hefir staðið óhreggaður.

Um 3. og 4. gr. ætla jeg ekki að fjöl-

yrða. Jeg tel þær ekki nauðsynlegar. Aftur á móti er jeg sammála nefndinni um það, að sjálfsagt sje, að maður fari að vinna sjer sveit þegar hann er 16 ára gamall, en ekki 21 árs, eins og í frv. stendur.

Þá kemur aðalatriðið, sem er sveitfestistíminn. Jeg hefi ásamt þremur öðrum hv. deildarmönnum gert brtt. við frumvarp stjórnarinnar, að sveitfestistíminn verði 3 ár, í stað 5 ára, sem er í frumvarpi stjórnarinnar. Jeg hefði fyrir mitt leyti gjarnan getað farið neðar, jafnvel niður í 1 ár, sem yrði sama sem að dvalarhreppurinn yrði framfærslusveit. En þá yrði óhjákvæmilega að heimila sveitarstjórnum íhlutunarrjett um innflutning í hreppana. En jeg fór ekki lengra, vegna þess að jeg býst við, að það hafi ekki byr sem stendur.

Hv. frsm. (JM) sagði, að það gæti verið álitamál, hvort sveitfestistíminn ætti að vera 5 eða 3 ár, og um það mætti ávalt deila. En ef sú skoðun er rjettmæt, að menn þurfi að *vinna sjer sveit*, sem kallað er, þá væri eðlilegast, að hver maður ætti þar sveit, sem hann hefði unnið lengst, en það mundi reynast svo vafningasamt og erfitt til framkvæmda, að sú leið væri ófær.

Eftir núverandi ákvæðum um sveitfestistímann, þá verður niðurstaðan venjulega sú, að einstaklingarnir vinna sjer hvergi sveit, og verður þá fæðingarhreppurinn venjulega að taka við, er sjúkdóma eða fátækt ber að höndum. En þetta er mjög ósanngjarnt, og þess vegna get jeg fyrir mitt leyti fylgt öllum þeim tillögum, er fara í þá átt að stytta sem mest sveitfestistímann.

Þá er það 3. brtt. á þskj. 74. Háttv. frsm. (JM) mintist ekkert á hana. En verði 2. brtt. nefndarinnar samþykt, sú að færa aldurstakmarkið, 21 ár, niður í 16 ár, þá er sjálfsagt, að síðasti málsliður 7. gr. frv. falli burt, enda er jeg sammála hv. nefnd, að rjett sje að færa þetta aldurstakmark niður, og gerðum við því þessa brtt.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þingsályktunartillagan frá neðri deild Alþingis 1917 fór fram á, að sá styrkur, sem veittur væri þurfamönnum vegna ómegðar, slysa, sjúkdóma og elli, yrði eigi talinn sem sveitarstyrkur.

Stjórnin gat nú ekki farið svo langt; hún hefir ekki tekið til greina ómegð, eða fyrsta atriðið, en hitt kemur fram í frv. Um slys og sjúkdóma fjallar 1. gr., og 2. gr. um styrk veittan vegna elli.

En nefndin telur, að þurft hefði að fara enn lengra, taka bæði ómegð og atvinnuleysi með, en leggur þó til að þeir liðir þingsályktunartill., sem teknir eru til greina í frv. stjórnarinnar, um slys, sjúkdóma og elli, sjeu feldir niður. Ástæður nefndarinnar fyrir þessum till. sínum eru þær, að enn lengra hefði þurft að ganga, og til þess þyrfti að gerbreyta fátækralögunum. Framkvæmdin yrði líka alt of kostnaðarsöm.

Jeg get nú ekki verið sammála hv. nefnd, að rjett sje að fella þetta niður af þessum ástæðum, því breytingar, sem fara í þessa átt, hafa þegar verið gerðar. Lög nr. 61, 27. júní 1921, ákveða, að styrkur til sjúklinga, er leita sjer læknishjálpar í sjúkrahúsi að læknisráði, skuli eigi talinn sveitarstyrkur. Hið sama gildir og um berklaveikissjúklinga. Hjálp til þeirra skal ekki teljast sveitarstyrkur samkv. l. nr. 43, frá 27. júní 1921. Það er því alveg eðlilegt að halda áfram á þessari braut, og það er ein-

mitt ósamræmi, sje ekki haldið áfram í þessa stefnu. Sá sjúklingur, sem kemst í sjúkrahús, missir engin rjettindi við það. En hinn, sem liggur heima og fær ekki afborið kostnaðinn við leguna, missir þau.

Ástæður nefndarinnar um kostnaðinn við framkvæmd fyrgreindra laga eru að vísu á miklum rökum bygðar. Byrðin er þegar orðin mjög mikil, meiri en nokkurn grunaði. Legst hún mest á ríkissjóð og fer mjög hækkandi. Þetta liggur í því, að eftir gamla fyrirkomulaginu, þegar einstaklingurinn eða hreppurinn átti að borga læknishjálp, þá var það síður gert, að notuð væru sjúkrahúsin. Fátæklingarnir dóu þá bara heima. Þessi lög eru því hvöt til, að sjúklingarnir fari í sjúkrahúsin, en þar er jafnaðarlega meiri von um líf og bata, og er það hagur fyrir sveitarfjelögin að fá mennina aftur heim heila og vinnufæra. Sama gildir og, ef fátæka menn kostar það ekki rjettindamissi að leita sjer læknishjálpar. Það verður líka hagur fyrir sveitarfjelögin, og er því rökrjett framhald af hinu. En einhversstaðar verður að nema staðar, því þar kemur 29. grein stjórnarskrárinnar til greina. Stjórnarskráin gerir ótvíræðlega ráð fyrir óendurgoldnum sveitarstyrk, og hann er til, ef ómegð og atvinnuleysi, er krefur styrks úr fátækrasjóði, hefir rjettindamissi í för með sjer; annars þarf stjórnarskrárbreytingu.

Jeg vil því mjög nauðugur sleppa 1. gr. Eins er um þá næstu (2. gr.). Það er hart, að 65 ára gamalt fólk, fátækt og útslitið, tapi rjettindum sínum. Ummæli hv. frsm. (JM) um ellistyrktarsjóðina eru að vísu falleg, en hætt er við að sú hugsjón, að ellistyrkurinn dugi til framfærslu allra hjálparþurfandi gamalmenna, eigi langt í land.

Fyrir nokkrum árum vissi jeg, að ellistyrktarsjóðir smærri hreppa voru innan við þúsund krónur. Til dæmis átti Grímseyjarhreppur þá innan við 1000 kr., en er reyndar svo heppinn að eiga annan sjóð; en slíkt er sjerstakt fyrir hann.

Nú munu fáir hreppar eiga mikið yfir 2000—3000 kr., nema þá kauptún og kaupstaðir. Og styrkurinn, sem gamalmennin fá, er meira til glaðningar einu sinni á ári heldur en verulegur styrkur sje að honum.

Jeg vil því eindregið mælast til þess, að 1. og 2. gr. frv. fái að halda sjer, en 3. gr. frv. má falla niður.

Þá er það 4. gr. frv., sem hv. nefnd hefir ekki viljað láta standa, fremur en hinar fyrri. Hv. frsm. (JM) gat þess, að eitthvað í greininni muni hafa fallið úr eða ruglast. Skal jeg athuga það til 3. umr., ef greinin verður samþykt; annars hefir það enga þýðingu.

Í 69. gr. fátækralaganna stendur:

„Nú hefir maður, sem framfærslurjett á annarsstaðar, þegið 100 kr. styrk eða meira í dvalarsveit sinni og bersýnilegt er, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri, og hefir þá dvalarsveit hans og framfærslusveit hvor um sig rjett til að krefjast þess, að hann sje fluttur fátækraflutningi á framfærslusveit sína".

Þetta gildir jafnt, þó viðkomandi maður hafi dvalið 8—9 ár í hreppnum, að bæði dvalarhreppur og framfærsluhreppur hafa leyfi til að flytja þurfamanninn.

Í 4. gr. frv. er breyting til bóta á þessu ákvæði. Skilyrðin fyrir því, að

flutningur megi fram fara, eru allmikið hert. Ef maðurinn hefir dvalið 3 ár eða lengur, þá þarf úrskurð frá lögreglustjóra, um að flutningur megi fara fram, ef framfærslusveit hefir óskað þess, en dvalarsveit hefir ekkert um það að segja. Þetta bætir kjör þurfamanna.

En eins og hv. 2. þm. Eyf. (EÁ) tók rjettilega fram, þá verður greinin óþörf, ef sveitfestistíminn er færður niður í 3 ár eða neðar, og er mjer þá ekkert kappsmál að halda í hana.

Þá kemur stytting sveitfestistímans, sem er aðalatriðið í frv. Jeg skal eigi vera fjölorður um það, fremur en aðrir, enda er þetta ákvæði svo í eðli sínu, að um það má deila til eilífðar. Jeg tók til 5 ár í frv. og gat um ástæður fyrir því við 1. umr. Nú er komin brtt. við þessa áratölu, á þskj. 74, um að færa tímann niður í 3 ár. Jeg er nú alls ekki á móti því, að tíminn sje færður þetta niður, en tel nauðsynlegt, ef það er gert, að heimila sveitarstjórnunum vald til að hafa hemil á innflutningi í hreppana. Nú er ekki um slíkt vald að ræða. Hverjum manni er heimilt að setjast að þar, sem hann vill, án leyfis sveitarstjórna, sem hafa engan myndugleik til að neita um aðsetur. Áður höfðu sveitarstjórnir þetta vald, enda var þá óspart neitað um aðsetursleyfi, og það þótt duglegir menn ættu í hlut, af ótta fyrir því, að þeir yrðu byrði fyrir sveitarfjelagið, eða þá börn þeirra, sem fæddust í hreppnum. Þetta þótti ómannúðlegt, og var talið sjálfsagt að afnema það um sama leyti og vistarbandið var leyst.

En verði sveitfestistíminn ákveðinn 3 ár, þá verður að gefa sveitarstjórnunum einhvern íhlutunarrjett um innflutninginn.

Verði sveitfestistíminn færður niður í 3 ár, þá verður brtt. á þskj. 74, um að „2 árin“ komi fyrir „3 árin“, sjálfsögð. Enn fremur ef aldurstakmarkið verður fært niður, þá verður niðurlag 7. gr. að falla burt. Þessu hefir nefndin ekki tekið eftir.

Jónas Jónsson: Jeg vildi bæta fáum orðum við, viðvíkjandi sveitfestistímanum. Stjórnin hefir lagt til, að hann yrði 5 ár, og nefndin hefir látið það afskiftalaust. Síðan hefir komið fram brtt. um að færa hann niður í 3 ár, og mun jeg greiða atkvæði með því við þessa umr. En jeg hefi hugsað mjer að koma fram með brtt. til 3. umr. um að sveitfestistíminn verði færður niður í 2 ár.

Jeg skal þá í fáum orðum skýra frá því, hvers vegna jeg álít, að stytta þurfi tímann, án þess þó að ganga eins langt í því eins og sumir hv. þingdeildarmenn virðast vilja. Skal jeg nefna dæmi, sem ekki er hjer langt undan, en það er Álftanesið. Sýnir það dæmi glögglega, hversu ranglátt 10 ára ákvæðið var.

Álftanesið var áður mjög fjölmennur hreppur. Ólst því margt af fólki þar upp, sem síðar fluttist á burt, mest til Reykjavíkur. Þegar svo þessir menn gefast upp, verða hinir fáu, sem eftir eru, að taka við þeim. Jeg hefi það frá skilríkum manni, bónda á Álftanesinu, að sveitargjöldin eru þar orðin lítt bærileg. T. d. hefir þessi maður útsvar, sem svarar meðlagi 4 niðursetninga.

Þetta sýnir, að ástandið, sem verið hefir, er ófært, er liggur í því, að fólkið þyrpist í burtu úr sveitum landsins til kauptúnanna. Þarf ekki annað en benda á vöxt Reykjavíkur, sem hefir sexfaldast á fáum árum, eða íbúatalan hefir aukist

frá 3000 upp í 18000. Til þessarar fjölgunar hafa allir lagt, og því tel jeg rjett að lækka sveitfestistímabilið niður í 2 ár, en veita á móti bæjar- og sveitarfjelögum íhlutunarrjett um innflutninginn.

Jeg tel það algerlega frágangssök að leggja þá byrði á sveitarfjelögin, að þeim sje skylt að taka á móti öllum sonum sínum og dætrum, sem farið hafa á brott hraust og þróttmikil mörgum árum áður, en koma svo heim á efri árum, útslitin og veik, og hafa unnið alla sína manndómstíð í öðrum sveitarfjelögum, sem kasta svo fólki þessu á fæðingarhreppinn, þegar eitthvað bjátar á. Sveitarfjelögin eiga að bera ábyrgð á sjálfum sjer. Því kysi jeg helst, að sveitfestistíminn væri lækkaður niður í 2 ár og að jafnhliða því væri sveitarfjelögunum heimilað að loka úti fólk það, er það vildi eigi, að flyttist inn. Jeg held, að eigi sje ráðlegt að stytta sveitfestistímann enn þá meira, því að það þarf að vera hægt að henda reiður á, hvar menn eiga sveit. Jeg skal taka það fram, að í nágrannalöndum vorum e. haft mjög strangt eftirlit með heimilisfangi manna, sem þangað flytjast, og skal jeg sem dæmi nefna eitt tilfelli, sem mjer er kunnugt um. Danskur maður, sem hafði verið búsettur í Bergen í 1—2 ár, kyntist íslenskri stúlku og bað hana að koma til Bergen og vera hjá sjer. Maður þessi lenti í betrunarhúsinu í Bergen, af því að hann hafði eigi látið þessa ógiftu stúlku segja til heimilisfangs. Stúlkan braut lög með því að vera þarna án þess að segja til heimilisfangs síns. Er alveg óhjákvæmilegt að herða á löggjöfinni um þetta atriði, svo menn svíkist eigi undan að segja frá, hvar þeir eigi heimilisfang.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram aftur, að jeg mun greiða brtt. atkvæði mitt við þessa umræðu, en áskil mjer rjett til þess að koma fram með brtt. við 3. umr., þess efnis, að sveitfestistíminn verði styttur niður í 2 ár.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg tek undir með hæstv. ráðherra, að það er eigi ástæða til að halda langar tölur um mál þetta. Enda býst jeg við, að hv. deildarmönnum muni það fyllilega ljóst, hvernig þeir ætla að taka í málið. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að jeg tel hæstv. stjórn ekki hafa tekið rjett í þetta mál, að því er snertir styrkveitinguna. Held jeg, að rjettara hefði verið að ganga lengra, eða láta við hið sama sitja að sinni.

Það er tvent, sem talið er óþægilegt við sveitarstyrkinn, en það er missir borgaralegra rjettinda og það að vera að meira eða minna leyti undir fátækrastjórnina gefinn, að því leyti, að hún hafi rjett til þess að haga styrkveitingunum eftir sínu höfði, til dæmis að taka börn og setja þau í uppeldishæli og gamalmenni og setja þau í gamalmennahæli. Að svifta sveitarstjórnir valdi yfir þurfamönnum eða týra það, tel jeg mjög varhugavert. Það hefir ekki verið gert neinstaðar, svo að jeg viti, að minsta kosti eigi í nágrannalöndum vorum. En jeg veit til þess, að það hefir nýlega í einu af nágrannalöndunum, Noregi, verið numið brott úr stjórnarskránni, að menn missi atkvæðisrjett sinn við slíka styrkþágu, og tel jeg það rjettari leið, án þess að segja nokkuð um, hvort það sje fært að gera hjer. En vald fátækrastjórnar yfir þurfamönnunum á að haldast. Álít jeg, að eigi sje um neitt harðræði gagnvart þurfalingum að ræða hjer á landi nú orðið, að minsta kosti hefi jeg eigi orðið var við slíkt. Norðmenn námu ákvæðið um atkvæðisrjettarmissinn úr stjórnarskrá sinni 1919, en deildar eru meiningar manna um það,

hvernig sú ráðstöfun hefir gefist. Mjer finst annars, að frv. hæstv. stjórnar sje mjög óskýrt, þar eð mjer virðist hún blanda mjög saman líknarstarfsemi og ríkishjálp. Jeg get eigi verið samdóma hæstv. ráðherra (KlJ) um samanburðinn á sjúkrahjálpinni, sem um ræðir í þessu frv., við sjúkrahúskostnaðinn, sem um getur í frv. frá 1921, því hjer er gert ráð fyrir, að sveitarfjelögin beri hann ein, en sjúkrahúskostnaðinn beri bæði ríkið og framfærslusveitin. Er það mjög í samræmi við stefnu löggjafarinnar í þessum efnum, enda tel jeg, að það geti verið mjög hættulegt að auka byrði smárra sveitarfjelaga. Annarsstaðar hefir verið reynt að stækka fátækrafjelögin, t. d. hefir þeim í Englandi verið steypt saman í hjeruðum. Voru þau upphaflega sóknir, en hefir nú verið steypt saman 4 og upp í 70—80, og jafnast þannig gjaldabyrðin miklu betur. Tel jeg eigi frágangssök, að þessi leið sje farin í máli þessu.

Tel jeg áreiðanlegt, að ef frv. þetta verður samþ., þá verður ekki hægt að nema hjer staðar; þá verður að taka ómegðina með. Jeg hygg, að stjórnarskráin mundi ekki vera því til fyrirstöðu.

Það er misskilningur, að þetta frv. sje áframhald af lögum frá 1921. Það er alt annað, og ef eigi er tekin með ómegðin alment, þá er þar með numið staðar á miðri leið.

Hvað viðvíkur styrk vegna elli, þá skal jeg geta þess, að jeg tel áreiðanlegt, að fjöldi uppgefinna manna, 65 ára að aldri, eða þar yfir, sem njóta framfærslu hjá einstökum mönnum, muni, ef frv. nær fram að ganga, sækja um styrkinn sjálfir eða framfærslumenn þeirra. Mundi það verða mikil byrði, t. d. fyrir Reykjavíkurbæ. Það hefir heyrst talað um það, að takmarka innflutning manna í kaupstaðina eða t. d. sjávarsveitir. En jeg er hræddur um, að það sje lítt framkvæmanlegt. Það átti sjer stað áður, en nú mun það hvergi eiga sjer stað.

Hæstv. ráðherra (KlJ) álítur, að það muni eigi kosta sveitarsjóð meira að útvega manni lækning en það mundi kosta hann sjálfan. Það er nú svo. Öðruvísi held jeg, að reynslan sje um kostnað af almannafje gagnvart kostnaði einstakra manna. (*Atvrh. KlJ*: Ef hann á að fá bót). En þess ber þó að gæta, að lækning í heimahúsum getur oft verið tiltölulega ódýr fyrir sjúklinginn sjálfan.

Jeg tek það fram aftur, að heldur en að taka til þetta atriði þingsályktunartillögunnar, sem hjer hefi jeg sjerstaklega rætt um, mætti gera breytingu á stjórnarskránni, nema burtu ákvæðið um missi kosningarrjettar og kjörgengis, en þá ætti sú breyting að vera ein sjer, svo að hægt væri að bera hana eina út af fyrir sig undir kjósendur. Hjer er um svo þýðingarmikið atriði fyrir þjóðfjelagið að ræða, að hlýðir ekki að gera þessa breytingu fyr en skýrt svar er fengið frá kjósendum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. frsm. (JM) sagði, að rjettara væri að taka ákvæðið úr stjórnarskránni, en leyfa sveitarstjórnum að haga styrkveitingum eins og þeim þóknaðist. Á þetta mintist jeg einmitt, er málið var til meðferðar í háttv. Nd. í fyrra, og var mjer þá svarað því, að eigi væri auðgert að gera slíkt, enda er ávalt varhugavert að fara út í breytingar á stjórnarskránni, þótt eitthvert tilefni sje, en annars vill svo vel til, að nú gefst einmitt tækifæri til að athuga hvort eigi væri gerlegt að afnema 29. gr. í stjórnarskránni, þar sem háttv. Nd. hefir einmitt í meðförum aðra breytingu á henni.

Háttv. frsm. (JM) hjelt því fram, að

frv. væri óskýrt, að með því væri blandað saman líknarstarfsemi og ríkishjálp. En hvað segir háttv. þm. (JM) þá um berklavarnalögin? Ef í nokkrum lögum er blandað saman líknarstarfsemi og ríkishjálp, þá er það í þeim. Því þau ganga í þá átt, að þeir, sem eigi hafa efni á að leita sjer lækninga sjálfir, fá til þess hjálp frá ríkinu. Er það í fullu samræmi við það, sem jeg hjelt fram áðan, að frv. þetta væri beint áframhald af þeim lögum og hinum, er fjalla um sjúkrahúsvist. Það er nú líka í fullu samræmi við það, að það er nú orðin föst regla hjá sveitar- og bæjarfjelögum að reyna að velta öllum slíkum kostnaði yfir á ríkissjóð. Þá mintist hv. frsm. (JM) á það, að rjett væri að gera fátækrafjelögin stærri. Þetta getur verið álitamál, og má vel vera, að þetta sje heppileg ráðstöfun, t. d. að hver sýsla væri fátækrafjelag fyrir sig. Sumir hafa jafnvel viljað, að landið væri eitt fátækrafjelag alt, og væri með því rutt úr vegi þeim örðugleikum, sem fátækraflutningur oft hefir í för með sjer. En auðvitað mundi slík breyting þurfa mikinn og góðan undirbúning.

Enn fremur mintist háttv. frsm. (JM) á það, að ef styrkur sá, sem gamalmennum, 65 ára og þar yfir, yrði veittur, skyldi eigi skoðast sem fátækrastyrkur, þá mundu þau gamalmenni, sem nú eru styrkt af einstökum mönnum, þegar er þeim væri heimill styrkurinn án þessa rjettindamissis, sækja um hann. Það má vel vera, að til sjeu einstaka menn, sem þetta mundu gera. En þó hygg jeg, að eigi mundu svo mikil brögð að því, sem háttv. frsm. vildi vera láta, því að flestir manna þessara njóta framfærslu vina sinna og vandamanna, og veit jeg það af þeim, sem jeg nú hefi í huga, að flest mundu gamalmenni una því illa að þurfa að njóta framfærslustyrks af almannafje, og þá vandamenn þeirra eigi sækja um slíkan styrk á móti skapi þeirra.

Jeg skal svo eigi fara nánar út í mál þetta að sinni.

Guðmundur Guðfinnsson: Jeg skal eigi lengja umr. mjög mikið; en mig langaði til að minnast ofurlítið á 2. gr. frv.

Eins og mönnum mun vera kunnugt, hefi jeg ávalt haft mikinn áhuga fyrir því, að gamalmennum væri sem best trygt lífsuppihald. En jeg vil, að það sje á öðrum og heilbrigðari grundvelli en þeim, sem í frv. ræðir um. Jeg vil að það verði á þeim grundvelli, að menn þegar á unga aldri hafi huga á því að tryggja sjer ellistyrk, svo að þeir þurfi ekki að eiga það á hættu að eiga uppeldi sitt undir hreppseða ríkissjóði. Og einkum virðist mjer, þegar litið er á los og eyðslusemi unga fólksins nú á dögum, að ákvæði þetta sje mjög óheppilegt, enda þótt það að vísu líti mannúðlega út í svipinn. Frakkar hafa haft svipað fyrirkomulag hjá sjer, og hefir það gefist illa. Annars álít jeg, að þetta eigi frekar heima í ellistyrktarsjóðslögunum. Er jeg því eindregið á því, að þetta falli burtu. En um sveitfestistímann hefi jeg óbundnar hendur. Jeg mun því greiða till. háttv. 2. þm. Eyf. (EÁ) atkvæði mitt.

Sigurður Jónsson: Við flutningsmenn breytingartill. höfum hugsað okkur, að til þess þyrfti eigi að koma, að þrengt yrði mjög athafnafrelsi manna, þó brtt. okkar verði samþykt. Það er auðvitað hægra að rekja æfiferilsstaðina, ef sveitfestistíminn er 3 ár, en ekki 5. Get jeg tekið undir með háttv. 5. landsk. þm. (JJ), þar sem hann talaði um ókyrðina í þjóðlífi voru. Í minni sveit er það nú orðið nær undantekningarlaust, að þurfamenn og ómagar sveitarinnar verða ekki sveitinni til þyngsla fyr-

ir aðra skuld en þá, að þeir hafa átt þar fæðingarhrepp.

Frsm. (Jón Magnússon): Það er rjett að síðasta brtt. á þskj. 74 er nauðsynleg í sambandi við brtt. nefndarinnar og aðrar brtt. Nefndinni hafði sjest yfir þetta.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Aðeins örstutt athugasemd. Háttv. 2. landsk. þm. (SJ) spurði, hversvegna væri nauðsynlegt, þó sveitfestistíminn yrði styttur, að sveitarstjórnirnar hefðu einhverjar hömlur til þess að sporna við of miklum innflutningi. Ástæðurnar fyrir þessu eru auðsæjar. Ef sveitfestistíminn er 10 ár, er lítil eða jafnvel engin ástæða fyrir sveitarstjórnirnar að amast við innflutningi. Það er ómögulegt fyrir þær að sjá svo langt fram í tímann, hvernig fara muni; efnaður maður getur orðið öreigi á þeim tíma, og öreiginn hins vegar bjargálnamaður. Ef tíminn er svona langur, þá er ekki gott að reikna út, hvernig fara muni. En ef tíminn er styttri, 3 eða kanske 2 ár, þá er hættan meiri fyrir sveitarstjórnirnar, þar sem mikill er innflutningur. Þá er nauðsynlegt fyrir þær að hafa einhverjar hömlur, ef t. d. óreglumaður kemur, eða ómagamaður, sem bersýnilegt er um, að falla muni sveitarfjelaginu til þyngsla svo að segja þegar í stað. Jeg skil það vel, að háttv. 2. landsk. þm. (SJ) þyki ekki þurfa þessa við, því að hann hefir ekki átt því að venjast, að sveitarstjórnirnar þyrftu að beita hömlum. Það er fátíðara í sveitunum, en í kaupstöðum og sjávarþorpum er oft nauðsynlegt að hafa hönd í bagga með innflutningnum.

ATKVGR.

Brtt. 61,1 a (1. gr. falli burt) samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 61,1 b (2. gr. falli burt) samþ. með 9:3 atkv.

— 61,1 c (3. gr. falli burt) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 61,1 d (4. gr. falli burt) samþ. án atkvgr.

— 74,1 þar með fallin.

— 61,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 74,2 samþ. með 9:4 atkv.

5. gr., svo breytt (verður 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 74,3 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt (verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

9. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., mánudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 90, 104).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 104 feld með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, JJ, EÁ.

nei: HSn, IHB, JóhJóh, JM, KE, SHK, SJ, BK, GGuðf, HSt.

Einn þm. (SE) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 11:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, HSn, IHB, JM, JJ, SHK, SJ, BK, EÁ, GGuðf, HSt.

nei: JóhJóh, KE.

Einn þm. (SE) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 90).

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg býst við, að það þyki hlýða, að jeg skýri nokkru nánar frá frv. þessu og drögum þeim, er til þess liggja. Eins og háttv. þm. mun reka minni til, kom hjer fram í deildinni í fyrra ítrekun um að taka upp þál. frá 1917, og var það samþykt. Þál. frá 1917 fór fram á breytingu á núgildandi fátækralögum í 4 aðalatriðum:

1. Að styrkur, sem mönnum væri veittur vegna slysa, elli, sjúkdóma eða ómegðar, væri ekki sveitarstyrkur (þ. e. hefði ekki rjettindamissi í för með sjer).

2. Að þurfamannaflutningi yrði mannúðlegar hagað en áður hefði átt sjer stað.

3. Að frestur sá, sem 66. gr. laganna ræðir um, verði lengdur.

4. Stytting sveitfestistímans.

Þýðingarmesta atriðið er stytting sveitfestistímans. Mönnum hefir virst sveitfestistíminn alt of langur; hafa borist raddir að, víðs vegar af landinu, í þá átt í þingmálafundargerðum, og sama hefir oft heyrst hjer í þinginu. Um það aftur á móti, hversu stytting sveitfestistímans eigi að vera mikil, hafa menn ekki getað orðið ásáttir, og það hefir jafnvel komið til tals, að dvalarsveitin yrði að framfærslusveit.

Um 3. atriðið í þál. frá 1917 er það tekið fram í aths. við þetta frv., að það er fram komið af misskilningi. 66. gr. fátækralaganna má alls ekki breyta; er það því ekki tekið upp í þessu frv.

Hvað 2. atriði þál. viðvíkur, um að þurfamannaflutningur yrði mannúðlegri, var það tekið til greina að nokkru leyti í frv. stjórnarinnar, í 4. gr., en nú hefir háttv. Ed. felt það burtu, enda eru ákvæðin nú orðin ónauðsynlegri, ef sveitfestistíminn verður styttur niður í 3 ár, eins og hv. Ed. hefir gert.

Þá er 1. atriði þál., um að veittur styrkur vegna slysa, elli, sjúkdóma o. fl., skuli ekki hafa rjettindamissi í för með sjer. Hefir það verið tekið til greina; en lengra sá jeg mjer ekki fært að fara; sá ekki fært að telja þar til styrk vegna ómegðar, atvinnuleysis eða þess háttar. Þar er stjórnarskráin þröskuldur í vegi, að afnema megi alla styrki sem sveitarstyrki. Stjórnarskráin gerir ótvíræðlega ráð fyrir, að óendurgoldinn sveitarstyrkur eigi sjer stað, er hún gerir það að skilyrði fyrir kosningarrjetti, að ekki sje staðið í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Það er í mínum augum vafasamt, hvort heimilt sje að afnema þennan og þennan styrk, sem valdandi rjettindamissi. Miklu hreinlegra er þá að afnema alveg ákvæðið í 29. gr. stjórnarskrárinnar. Það liggur einmitt nú fyrir þinginu frv. um stjórnarskrárbreytingu, og væri þá ekki úr vegi að koma

því þar að, og mjer hefir hálft um hálft hugkvæmst að bera fram brtt. um þetta efni við stjórnarskrárfrumvarpið, en er ekki búinn að fullráða það enn.

Jeg kem þá að aðalatriðinu í málinu, nefnilega stytting sveitfestistímans. Jeg hafði fært hann niður um 5 ár, eða um helming, en hv. Ed. færði hann enn lengra niður — í 3 ár. Nú hefði verið rjett, samkvæmt þingvenju, að þetta frv. hefði komið fram hjer í Nd., er það var hjer í deildinni, sem áskorunin til stjórnarinnar hafði verið samþykt, um að bera þetta frv. fram. En því vjek svo við í þingbyrjun, að langflest málin voru þess eðlis, að þau hlutu að koma fyrst fram hjer nema mín frv., og því lagði jeg þetta frv. fyrir Ed. ásamt frv. um vinnuhjúalögin. Þetta frv. hefir ekki fundið náð fyrir augum háttv. Ed. Hún feldi burtu 1.—4. gr. úr frv. Var mjer þó sjerstaklega sárt um tvær fyrstu greinarnar, vegna þeirra rjettarbóta, sem þær höfðu í sjer faldar. Jeg vil halda því fram, að þar hafi verið haldið áfram inn á þá braut, sem rudd var áður með samþykt sjúkrahælis- og berklavarnalaganna, að styrkur, þeginn fyrir þá sök, hefði engan rjettindamissi í för með sjer, og þar er greiddur úr ríkissjóði. Hjer var farið fram á, að engir sjúklingar, hvort þeir færu í sjúkrahús eða ekki, mistu borgaralegra rjettinda, þótt þeir yrðu styrkþegar, og að allir sjúkdómar væru jafnrjettháir í því efni. Þetta ætti og að verða mörgum manni fremur hvöt til að leita sjer læknishjálpar, er hann veit, að hann missir einskis rjettar í við það að verða styrkþegi, og jeg veit, að margur maðurinn veigrar sjer við að leita sjer mjög nauðsynlegrar læknishjálpar einungis af þessum ástæðum. Álít jeg því breytingu þá, sem að þessu leyti hefir verið gerð á frv., mjög órjettláta.

Jeg ætla ekki að hafa fleiri orð um það, að þar sem búið er að færa sveitfestistímann niður í 3 ár, þá má alls ekki fara lengra. Hefði verið rjettara að ákveða hann 5 ár. Það er ekki hægt að sjá að svo stöddu, hvaða áhrif þetta hefir á viðskifti sveitarfjelaga, fyr en reynslan er búin að skera úr því, og hefði jeg því kosið, að hann hefði aðeins verið færður niður í 5 ár, áður en stærra stökk var tekið. Hefi jeg svo ekki fleiru hjer við að bæta, en vænti þess, að hátttv. deild taki frv. þessu vel og að því verði vísað til allshn., um leið og það verður samþ. til 2. umr., því á síðasta þingi hafði þessi nefnd þetta mál til meðferðar.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla að nota tækifærið, um leið og frv. þetta er hjer í deildinni til 1. umr., til þess að fara nokkrum orðum um fátækramálið, eins og það horfir við frá mínu sjónarmiði.

Verstu annmarkana á löggjöfinni um fátækraframfærslu álít jeg vera þessa:

Í fyrsta lagi skriffinskan og rekistefnan út af sveitfestinni og endurgreiðslu á veittum styrk, öll sú óskapavinna, sem í það fer, bæði hjá hreppsnefndum og bæjarstjórnum, sýslumönnum og stjórnarráðinu. Í öðru lagi misrjetti það, er á sjer stað, að því leyti, hvernig sumar sveitir verða ver úti en aðrar um kostnað af ómögum; sumir hreppar rísa naumast undir fátækraframfæri sínu, og er eins og það sjeu álög á sumum sveitum, en aftur eru til þeir hreppar, sem því nær engu þurfa til framfærslu að kosta, og stendur það venjulega í öfugu hlutfalli við gjaldþol manna í þessum sveitum. Afkoma manna er venjulega hvað verst í þeim

hreppum, þar sem mest eru sveitarþyngslin af ómögum.

Til þess að ráða bót á þessum annmörkum, yrði að gera gagngerða breytingu á allri fátækralöggjöfinni. Það má hugsa sjer hana svo í aðaldráttum:

Landið verði gert að sameiginlegu framfærsluumdæmi og sveitfesti hverfi úr sögunni, en til þess að koma í veg fyrir hóflausa bruðlun í styrkveitingum og tryggja eitthvert íhald í þeim efnum, mundi vera heppilegt og nauðsynlegt, að hinn sameiginlegi framfærslusjóður greiddi ekki nema ¾ hluta af öllum framfærslukostnaði þurfamanna í landinu, en ¼ hluta bæri dvalarsveit styrkþega, eða sú sveit, sem hann er staddur í, þegar hann verður styrkþurfi, hvort sem hann á þar lögheimili eða ekki. Þó greiði framfærslusjóður að fullu allan sjúkrahúskostnað þurfalinga, og jafnframt hverfur þá úr sögunni tillag landssjóðs, og enn fremur að fullu úrskurðuð barnsmeðlög, sem dvalarsveit verður að greiða barnsmóður sökum vanskila af hálfu föður.

Tekjur framfærslusjóðs fást með niðurjöfnun á hvert sýslu- og bæjarfjelag á landinu, að fjórðungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sýslunni eða kaupstaðnum, að fjórðungi eftir tölu verkfærra karlmanna, að fjórðungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, og að fjórðungi eftir samanlagðri aukaútsvarsupphæð þeirri, sem niður er jafnað í bæjarfjelaginu eða samtals í öllum hreppsfjelögum hverrar sýslu. Greiðslu þeirri, er á hvert sýslufjelag kemur á þennan hátt, jafnar síðan sýslunefnd niður á hreppsfjelögin eftir sömu reglu, sem um niðurjöfnun sýslusjóðsgjalda, þannig, að tillag hreppsins til framfærslusjóðs verði fólgið í sýslusjóðsgjaldinu, en framfærslugjald úr allri sýslunni verði liður í sýslusjóðsreikningunum.

Sveitar- og bæjarsjóðir leggi fram allan árskostnað til þurfamanna í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfjelagi, en í lok hvers reikningsárs sendi sveitar- eða bæjarstjórn sýslumanni skrá um framfærsluna, sannaða með nægum skilríkjum, ásamt kröfu um endurgjald að lögmæltum hluta úr framfærslusjóði landsins. Sýslumaður gerir framfærsluskrá úr allri sýslunni og sendir stjórn framfærslusjóðs.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn framfærslusjóðsins og öll störf, er því fylgja, svo sem niðurjöfnun framfærslugjalds á sýslurnar og kaupstaðina, greiðslu á hluta sjóðsins til ársframfærslu til sveitar- og bæjarfjelaganna, innheimtukröfur á barnsfeður fyrir ógoldin meðlög, sem framfærslusjóður hefir orðið að greiða, o. s. frv.

Endurgreiðsla frá þurfamönnum á skuld fyrir þeginn sveitarstyrk renni að ¾ í framfærslusjóð og að ¼ í sjóð dvalarsveitar þeirrar, er styrkur var þeginn í, nema styrkur sá, sem endurgreiddur er, hafi verið veittur áður en þessi skipun var gerð, en þá renni endurgreiðslan óskift til sveitar þeirrar, sem styrkinn veitti.

Með þessari skipun fátækramálanna mætti sníða af verstu annmarkana, sem eru á löggjöf okkar um þetta efni og jeg nefndi í upphafi.

En hins vegar má ganga að því vísu, að með því að gera landið að sameiginlegu framfærsluhjeraði, er það hvergi nærri eins tryggilegt og með núverandi fyrirkomulagi, að stilt sje í hóf með styrkveitingar og gætt sje fullrar hagsýni og varfærni um þá hluti.

Það þarf því fyrst og fremst, ef slík breyting yrði gerð, að búa svo vel og hyggilega um þá hnúta, sem kostur er á,

að þetta valdi eigi aukinni fjáreyðslu á þessu sviði.

Það getur náttúrlega verið álitamál, hvort það sje næg trygging fyrir varfærni í styrkveitingum, að dvalarsveitin fái endurgreidda ¾ hluta útlagðs framfærslukostnaðar, og verði þannig æfinlega að bera ¼ kostnaðarins sjálf, en hins vegar skapar þetta, ásamt því, sem ákveðið er, að samanlögð upphæð aukaútsvara allra hreppa innan sýslufjelagsins sje höfð einn liður í niðurjöfnun á greiðslu í framfærslusjóðinn, þó óneitanlega mikið íhald.

En sje hægt að búa svo um hnútana, að þetta fyrirkomulag hafi ekki í för með sjer enn meiri eyðslu, má hiklaust telja breytinguna mikla og nauðsynlega rjettarbót. Það er ekki svo að skilja, að mjer komi til hugar, að slík breyting á fátækralöggjöfinni sem þessi geti orðið gerð nú á þessu þingi. Hún krefst að sjálfsögðu miklu meiri og rækilegri undirbúnings en tími vinst til nú. En jeg vildi nota tækifærið til þess að drepa á þessa hlið málsins.

Á þessu stigi ætla jeg ekki að ræða neitt um frv. það um breyting á fátækralögunum, sem hjer liggur fyrir, en vil þó geta þess, að jeg tel rjett og til bóta að stytta sveitfestistímann, og það meðal annars sakir þess, að mjög mikil breyting hefir orðið á ýmsum háttum í þjóðfjelagi okkar síðan þetta 10 ára núgildandi ákvæði um sveitfestistímann var sett. Og það verður tæplega um það deilt, að það sje eðlileg afleiðing þessara breytinga, að sveitfestistíminn sje styttur, og það að mun, en um hitt má náttúrlega deila, hve langt eigi að ganga í breytingunum á þessu eina atriði út af fyrir sig.

Jón Baldvinsson: Jeg vil ekki láta þetta frv. fara svo fram hjá til 2. umr., að fara ekki nokkrum orðum um það ásamt breytingum þeim, er gerðar hafa verið á því í háttv. efri deild. Enda þótt svo sje, að jeg telji ekki frv. fullnægjandi eins og það kom frá hendi hæstv. stjórnar og að jeg álíti, að hún hafi ekki gengið eins langt í breytingum sínum sem þingsályktunin frá 1917 gaf tilefni til, þá tel jeg þó breytingarnar til bóta, svo langt sem þær ná. En eins og frv. kemur nú frá háttv. Ed., með breytingum frá allsherjarnefnd þeirrar deildar, þá tel jeg ekkert nýtilegt í því lengur. En í trausti þess, að þessum breytingum verði hrundið hjer, vil jeg ekki setja mig á móti því, að frv. gangi til 2. umr. Háttv. allsherjarnefnd Ed. gerir grein fyrir í nefndaráliti sínu við frv., á þskj. 61, ástæðum þeim, er til þess liggja, að hún feldi niður rjettarbætur þær, er í stjfrv. voru. Þessar ástæður eru svo einkennilegar og fáránlegar, að þeim má ekki vera ómótmælt. Aðalrökin fyrir niðurskurðinum eru þau, að rjettarbæturnar nái eigi nógu langt, og því beri að láta alt sitja í sama horfinu sem áður. Ums hægt sje að taka öll fátækralögin til gagngerðrar breytingar, sem hún huggar sig þó við, að ekki verði gert í fljótu bragði. Má af þessu glögt sjá, hvað þeir vilja, og er merkilegt, að þeir skuli bjóða þinginu þessi rök sín sem góða og gilda vöru, því vita máttu þeir, að hinn sanni tilgangur þeirra skín þar alstaðar í gegn.

Sem dæmi upp á rök þeirra má nefna það, að þeir vilja eigi leyfa mönnum, er leita sveitarstyrks sökum veikinda, að halda fullum rjettindum sínum, sökum þess, að þá ættu menn, er leita sveitarstyrks vegna ómegðar, einnig að halda þeim. Þá telur nefndin eigi rjett að láta þá menn, er leita styrks vegna elli, halda rjettindum sínum, því ellistyrktarsjóðirnir

geti sjeð fyrir þeim. Eins getur háttv. nefnd ekki fallist á 1. gr. frv., því þar er einungis gert ráð fyrir styrkveitingu sökum ómegðar, en háttv. nefnd telur eins mikla þörf fyrir atvinnulausa menn að hafa sömu rjettindi. Þannig reynir háttv. nefnd að koma fram með eintómar manngæskuástæður fyrir þessum brtt. sínum, en tekst eigi betur en það, að tilgangur hennar, að standa á móti umbótum á þessu sviði, skín alstaðar í gegn. Jeg vil því vona, að þessi háttv. deild geri gagngerðar breytingar á frv. hv. efri deildar, því ef svo verður eigi gert, væri betra að fella frv. alveg, því eins og það er nú, er það sáralítils virði.

Hákon Kristófersson: Sökum þess að jeg hefi haft talsverð afskifti af þessu máli á undanfarandi þingum, vil jeg fara nokkrum orðum um þetta frv., eins og það liggur nú fyrir frá stjórninni, ásamt breytingum þeim, er á því hafa verið gerðar í hv. Ed. Jeg þakka hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir afskifti sín af málinu og að hann hefir lagt frv. þetta nú fyrir þingið. Álít jeg, að enda þótt breytingar hv. Ed. sjeu nokkuð víðtækar, þá sjeu þó í frv. eins og það liggur nú fyrir deildinni svo miklar rjettarbætur, að háttv. þm. muni hugsa sig vel um áður en þeir fella frv., eins og mjer skildist háttv. 2. þm. Reykv. (JB) helst vilja gera. Vil jeg skjóta því til þeirrar háttv. nefndar, er frv. fær hjer til meðferðar, að heppilegast mundi vera að mínu áliti að láta frv. ganga fram eins og það liggur nú fyrir.

Það, sem jeg tel mestan kost við frv., er ákvæðið um sveitfestistímann. Fyrir mjer hefir ávalt vakað að ljetta sem mest á fæðingarhreppnum. Jeg hefi margsinnis áður tekið það fram í sambandi við þetta mál, hve herfilega ranglátt það er að láta hreppsfjelag gjalda þess, að einhver, sem verður þurfamaður, hefir aðeins fæðst í hreppnum, og farið svo strax þaðan, en eftir máske 30—40 ár fær viðkomandi hreppur tilkynningu um, að hlutaðeigandi, sem á þá máske 7—8 börn, sje orðinn styrkþurfi og muni kominn á stöðugt sveitarframfæri. Hvaða rjettlæti er nú í því, að fæðingarhreppurinn taki við erfiðleikunum af slíkum mönnum, frekar en sá eða þeir hreppar, sem þeir hafa unnið eitthvað í mestan sinn aldur? Jeg get tekið undir það með hæstv. atvrh. (KlJ), að það er ef til vill nokkuð stórt stökk að færa sveitfestistímann úr 10 árum niður í 3 ár, en líklegt er þó, að í framkvæmdinni verði þetta ekki til baga, að minsta kosti í flestum tilfellum.

Viðvíkjandi atriðinu um þurfamannaflutninga vil jeg taka það fram, að alstaðar þar, sem jeg hefi þekt til, hefir sá flutningur farið fram á mannúðlegan hátt og án þess að þurfalingarnir sættu illri meðferð á nokkurn hátt. Tel jeg því aukaatriði, þótt ákvæði um þetta væri ekki tekið í stjórnarfrv. Það, sem jeg hefi lagt mesta áherslu á, að breyta þurfi í sambandi við fátækralöggjöfina, sveitfestistímabilið, er enn eftir í frv., og teldi jeg illa farið, ef orð háttv. 2. þm. Reykv. (JB) yrðu til þess, að háttv. deild feldi frv. (*Gunnl*: Það má breyta því). Jú, að vísu má það, ef það verður til bóta, en fyrir því hefir maður enga tryggingu, nje heldur líkur, að það verði þá samþykt í háttv. Ed. Legg jeg því til, að það verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá þeirri deild. Vona jeg, að háttv. deild verði mjer sammála um það, að þó frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir, að þá megi síðar lagfæra þá galla, sem á því kunna að vera, þegar reynslan fer að tala

í máli þessu. Þess má einnig geta, að ekki er nein von um það, að sú breyting á þessum lögum sje hugsanleg, sem allir gætu tjáð sig sammála, og að með það fyrir augum samþykki þeir nú frv., sem eru að sumu leyti óánægðir, svo málinu verði ekki teflt í tvísýnu.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Umræður þær, sem orðið hafa um frv. hjer í deildinni, gefa ekki tilefni til langrar ræðu. Háttv. þm. Barð. (HK) ljet í ljós þá ósk sína, að frv. næði fram að ganga, þrátt fyrir breytingar þær, er orðið hafa á því í hv. Ed. Jeg er alveg sammála þessum hv. þm. (HK) um það, að þurfamannaflutningi hefir eigi verið hagað þannig um undanfarin ár, að þörf sje á að breyta núgildandi lagaákvæðum um það efni. Hvergi, sem jeg þekki til, hefir sá flutningur farið fram á ómannúðlegan hátt, og minnist jeg ekki að hafa sjeð nokkra blaðagrein, að minsta kosti síðastliðin 20—30 ár, þar sem yfir því hefir verið kvartað.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) gat þess í ræðu sinni, að stjórnarfrv. fullnægði ekki þingsályktunartillögunni frá 1917. Það fullnægir þó tveim atriðunum (fyrsta og fjórða) að miklu leyti. Um 2. atriðið var talsverð rjettarbót í 4. gr. frv. stjórnarinnar, sem nú er fallið. Þá er eftir 3. atriði þingsályktunarinnar, en um það er skemst að segja, að það er byggt á misskilningi, og hefir þegar verið sýnt fram á það. 66. grein fátækralaganna segir aðeins, að þegar sveitarstyrkur er veittur utanhreppsmanni, skuli viðkomandi sveitarstjórn *senda* skýrslur innan hálfs mánaðar og krefjast endurgjalds af framfærslusveit, og sje þessa eigi gætt, missi sveitarsjóður rjett til endurgjaldsins. Jeg vil spyrja: Hvar hagar svo til hjer á landi, að ekki sje unt að koma slíkum skýrslum og tilkynningum frá sjer innan fjórtán daga? Að þetta ákvæði var sett í fátækralögin 1905, kom til af því, að dvalarhreppurinn, sem veitt hafði styrk, dró það oft óhæfilega lengi að tilkynna framfærslusveitinni styrkveitinguna, og varð það eðlilega oft til stórskaða fyrir hana. Sökum þess var það orðin venja hjá umboðsvaldinu fyrir 1905 að láta endurgreiðslurjett falla niður, ef mjög lengi drógst að tilkynna hinum framfærsluskylda hreppi styrkveitinguna. Sökum þessa var ákvæðið sett, og engin ástæða til að breyta því nú, þar sem 14 daga fresturinn er nægilega langur.

Þá vík jeg að ræðu háttv. þm. Borgf. (PO). Hann talaði lítið um sjálft frv., en kom fram með ýmsar almennar athugasemdir um fátækralöggjöfina og tillögur til að bæta úr þeim annmörkum hennar, er hann telur versta. Vill hann gera róttæka breytingu á allri löggjöfinni um fátækramál. Er það rjett, að margt má bæta og draga úr ýmsum annmörkum, svo sem skriffinskunni o. fl., en jeg tel óvíst, þótt breytt yrði löggjöfinni samkvæmt tillögum hans, að bætt yrði úr þeim galla. Samkvæmt tillögum hans eiga hrepparnir eftir sem áður að framfæra að ¼, og helst þá gamla fyrirkomulagið að því er þá upphæð snertir, auk þess, að nýtt umstang kemur til sögunnar.

Að öðru leyti þarf að athuga þetta mál vel frá öllum hliðum, og get jeg ekki dæmt um tillögu háttv. þm. Borgf. (PO) að svo stöddu, því fyrirkomulag það, er hann stingur upp á, er talsvert flókið og erfitt að henda reiður á í fljótu bragði, en jeg vona, að ræða hans verði komin í lestrarsal fyrir 2. umr., svo að jeg geti þá verið búinn að athuga hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj atkv.

Á 51. og 52. fundi í Nd., dagana 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 90, n. 336 og 437, 164, 429, 457).

Frsm. meiri hl. (Björn Hallsson): Nú loksins kemur þetta mál til 2. umr. Vegna anna nefndarinnar hefir það tafist meira en hún hefði viljað. Meiri hl. álitið er dagsett 11. apríl, en minni hl. 24. s. m. En til nefndar mun frv. hafa komið 17. mars. En nú hefir frv. hvað eftir annað dagað uppi á dagskránni. Nefndin hefir rætt það ræki lega, en ekki orðið alls kostar á eitt mál sátt. Eins og kunnugt er, lagði hæstv. stjórn frv. fyrir háttv. Ed. í byrjun þings. Var stjfrv. breytt þar allmikið; feldar úr því 4 fyrstu gr. Voru í 1. gr. ákvæði um það, hvaða undantekningar skuli vera frá því, hvað kalla beri sveitarstyrk, t. d. skuli það ekki teljast sveitarstyrkur, sem veittur er vegna ómegðar, heilsubrests eða elli. Þetta feldi hv. Ed. úr frv., og hefir nefndin hjer ekki viljað taka þessi atriði upp aftur. Því þó ýmislegt mæli með sumum þessum breytingum, þá er svo auðvelt að misbrúka þetta, t. d. er ekki æfinlega ómegð um að kenna, ef menn verða þurfandi; þar getur atvinnubrestur og fleira valdið. Þá feldi hv. Ed. líka niður 2. gr., sem ákvað, að sveitarstyrkur teldist ekki, þótt maður yrði þurfandi eftir 65 ára aldur. Nefndin telur rjettara að efla ellitryggingarsjóðina sem mest heldur en fara þessa leið. Þetta atriði var því ekki svo tæmandi, að nefndin vildi taka það upp aftur, á móti hv. Ed. Eitt af því, sem breytt var í hv. Ed. frá því, sem var í stjfrv., var það, að aldurstakmarkið, þegar menn byrjuðu að vinna sjer sveit, byrjaði við 16 ár, en ekki 21, eins og stjórnin lagði til. Nefndin í heild fjelst á þessa breytingu.

Þá kem jeg að því atriðinu, sem mestum ágreiningi hefir valdið fyr og síðar; og það er lengd sveitfestistímans. Stjfrv. ákvað hann 5 ár, en hv. Ed. breytti honum í 3 ár. En meiri hluti nefndarinnar hjer hallaðist að því, að varlegra væri að fara ekki lengra niður en í 5 ár, en minni hl., eða hv. 1. þm. Rang. (GunnS), vildi samþykkja frv. Ed. óbreytt. Þar skildu leiðirnar. Þessi ágreiningur um sveitfestina er ekki nýr, eins og kunnugt er. Millilandanefndin í fátækramálunum frá 1901 klofnaði á þessu atriði. Vildi meiri hl. hafa sveitfestina 2 ár, en minni hl. 10 ár. Samt samdi nefndin þá frv., þar sem sett voru 2, og var það lagt fyrir þing 1905 og samþykt. En stjórnin getur þess í athugasemdunum, að hún sje ekki samþykkí þessu atriði, en vildi bera sig saman við þingnefndir um þetta. En þær lögðu báðar til, efri og neðri deildar nefndir, í þessu máli, að sveitfestin yrði sett 10 ár.

Eins og kunnugt er, hefir verið mikið los og hringl á fólki nú undanfarin ár. Fara menn nú svo að segja landshornanna á milli til þess að leita sjer atvinnu, og þá einkum að sjávarsíðunni, vegna þess, að landbúnaðurinn hefir ekki getað kept við sjávarútveginn með kaupgjald nú undanfarið. Fólki hefir því fækkað í sveitunum að sama skapi, sem því hefir fjölgað í kaupstöðum. Þeim hefir því fækkað, sem

vistfastir eru, og einnig þeim, sem vinna sjer sveit með 10 ára sveitfesti. Þess vegna fjelst öll nefndin á það, að rjett væri að stytta sveitfestistímann að mun, til þess að ekki kæmi eins oft til kasta fæðingarhreppsins og nú er. Hins vegar telur meiri hlutinn varlegra að fara ekki lengra í bili en ofan í 5 ár. Það er hægra að bæta við síðar, ef þetta reynist of stutt farið, heldur en að lengja hann aftur, ef nú væri of langt farið í einu. Meiri hl. álítur líka, að ekki yrði unt að komast hjá því, að bæjar- og sveitarfjelög setji skorður við innflutningi, ef sveitfestin yrði færð niður í 3 eða 2 ár. En það verður meiri hl að telja mjög athugavert, vegna afkomu fátækra manna, því hann vill ógjarnan verða til þess að hindra þá frá að leita sjer atvinnu þar, sem þeir geta best fleytt sjer og sínum áfram. Hins vegar telur meiri hlutinn, að fólksstraumurinn úr sveitunum í kaupstaðina sje of mikill, og því sje rjett, að nokkur afturkippur komi í hann. En þar sem hins vegar er nú deyfð yfir atvinnuvegum sveitamanna, telur meiri hl. sveitirnar tæplega færar til að taka við öllu því fólki, sem yrði bolað úr kaupstöðunum, ef hömlur yrðu settar á veru manna þar og innflutning. Gæti það jafnvel leitt til nýs útflutnings úr landinu, og að því vill meiri hl. ekki stuðla. Hins vegar getur enginn sagt með vissu um það, hvort 3 eða 5 ár muni reynast betur, en gætilegra virðist að fara ekki alt of langt í einu eða í svip, enda gæti það valdið of mikilli byltingu. En kapp legg jeg ekki á þetta, fyrir mitt leyti, því að jeg vil stytta sveitfestina, og helst á þessu þingi. En hvað svo sem því líður, virðist mikil bót að því fyrir sveitirnar að fá sveitfestistímann styttan um helming. Mundu þá margir vinna sjer sveit, sem nú eiga aðeins fæðingarhrepp. En ef menn fá hinsvegar ekki að njóta nægilegs frelsis til þess að leita sjer atvinnu, getur það bæði skaðað sjálfa þá og leitt til þess aftur, að sveitarþyngslin aukist, ef sveitfestin er færð of langt niður.

Versta agnúann, sem um er að gera í lögunum, telur nefndin þó hrakning fátæklinganna, sem ekki er samboðinn þeim tíma, sem nú er og vinnur eins mikið að mannúðarmálum og hann gerir. Jeg þekki mörg dæmi þess með 10 ára sveitfestinni, að sveitarstjórnirnar fara að reyna að sporna við fátæklingunum, þegar þeir eru að því komnir að vinna sjer sveit, og mundi þetta verða enn þá meira, ef sveitfestistíminn yrði styttur mikið. Vafningaminst fyrir sveitarstjórnir yrði það auðvitað, ef sá siður yrði upp tekinn, að láta dvalarhreppinn ráða sveitfesti. En af því gæti aftur leitt það, að ýmsir menn mundu alls ekki fá neitt heimilisfang, en verða blátt áfram á flækingi.

Háttv. minni hl. telur það heppilegast og affarasælast fyrir þjóðfjelagið, að hafa sveitfestina sem stysta, 3 ár eða minna. En af því, sem jeg hefi tekið fram hjer að framan, tel jeg mikinn vafa á því, hvort hann er þar ekki á villigötum. En um það getur hvorugur okkar dæmt til fulls; aðeins dregið ályktanir eftir líkum. Ýmsir sveitamenn vilja alls ekki stytta sveitfestina. Telja þeir, að þetta sje að eins tímaspursmál, þar til afturkippur kemur í þetta aftur. Nú er fólkið flest við sjóinn, og þar eiga börn nú fæðingarhrepp, sem þau lenda þá á seinna, ef með þurfa.

Svo skal jeg leyfa mjer að víkja stuttlega að því, sem eitt blað hjer í bænum (Tíminn) hefir verið að narta í mig út af þessu máli. Það sagði, að eini bóndinn,

sem í allsherjarnefnd væri, hefði látið „hafa sig til þess að vera framsögumaður meiri hl. nefndarinnar“. Jeg er að vísu ekki vanur að skifta mjer af því, hvernig það blað eða önnur dæma um mig, en það vil jeg segja þeim, sem þetta hefir skrifað, hvort sem ritstjórinn hefir gert það eða annar, að ef hann hefði aldrei látið hafa sig til meiri ósvinnu en þetta er, mundi blað þetta vera vinsælla en raun ber vitni. Annars hefi jeg litið öðruvísi á skyldur þm. við þingstörfin en svo, að þeir gætu neitað að hafa framsögu í málum í deildinni eða önnur nefndarstörf, ef kosnir væru til þess. Jeg tel mig heldur ekki þingmann bænda eingöngu, heldur verði jeg að líta á hag alls landsins jafnframt og á þeirra hag.

Um einstakar brtt. skal jeg ekki fjölyrða mjög að sinni. Þess er getið stuttlega í nál. um brtt. háttv. þm. Str. (MP), að nefndin geti ekki fallist á þær. En hún hefir athugað þær jafnframt frv. sjálfu. Þær fara meðal annars fram á það, að taka Kleppshælið og gamalmennahælið undir sama lið og önnur sjúkrahús. Meginástæða þess, að nefndin getur ekki fylgt þessu, er sú, að meiri hl. vill ekki ganga inn á þá braut, að taka framfærsluskyldu af sveitarfjelögum og einstaklingum, sem hafa nú skyldu til að framfæra gamalmennin. Landssjóður hefir nóg á sinni könnu samt, og auk þess er hjer um að ræða unga og óreynda stofnun, þó í góðum tilgangi sje. Hitt er rjett og nauðsynlegt, að efla ellitryggingarsjóðina sem mest að unt er.

Þá er geðveikrahælið. Ef það er tekið undir ákvæði sveitarstjórnarlaganna á sama hátt og venjuleg sjúkrahús, kemur fram allmikið misrjetti gagnvart þeim sjúklingum, sem ekki komast í geðveikrahælið, en verða að dvelja heima. Með þeim verður oft að borga miklu meira heima en greiða þarf í hælinu. Slík breyting gæti því þá fyrst komið til greina, þegar búið væri að stækka hælið, svo að það fullnægði kröfunum, en yfirleitt verður þó að teljast vafasamt, hversu langt á að ganga í þessa átt. Þar sem nú líka á að borga á þennan hátt fyrir 4 sjúklinga mest úr hverjum hreppi samkvæmt lögum frá 1921, þá er augljóst, að misrjetti kemur þar fram á milli lítilla og stórra sveitarfjelaga og kaupstaða, og er það ein af ástæðunum móti þessari breytingu.

Þá eru 2 aðrar brtt. Önnur á þskj. 457, frá háttv. 2. þm. Reykv. (JB), og hin frá háttv. þm. Dal. (BJ), á þskj. 429. Jeg hefi ekki átt kost á því, að bera mig saman við nefndina um brtt. háttv. þm. Dala., en sjálfur hallast jeg að henni, því að eins og nú standa sakir, er næstum því ómögulegt að fá þurfaling fluttan á sveit fátækraflutningi, og verða svo sveitarfjelögin þar, sem þeir eiga sveit, að borga oft með þeim margfalt gjald við það, sem væri, ef þau fengju þurfalingana heim. Hafa læknar fengið ámæli fyrir það, að vera of fúsir á að gefa vottorð sín um það, að þurfalingar sjeu ekki ferðafærir.

Um brtt. háttv. 2. þm. Reykv. er ekki margt að segja. Hann hefir aðeins tekið þar upp 2 fyrstu greinar stjfrv., er feldar voru úr því í háttv. Ed. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallist á þær og hefir áður skýrt frá því, hvers vegna honum er það ekki hægt.

Mun jeg svo ekki orðlengja meira um þetta. Hefi jeg forðast að vekja deilur, og vonast jeg til, að umr. fari hóglega fram og þm. haldi sjer við efnið.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg gat þess í nefndaráliti mínu á þskj. 437, að jeg teldi rjettara að gera ítarlega

grein fyrir skoðun minni í þessu merkilega máli í framsögu en í nefndaráliti, og rökstyð það með því, að málið sje svo yfirgripsmikið, að illmögulegt sje að skýra það greinilega nema í afarlöngu nefndaráliti, og þar sem þingskjölin eru nú orðin hátt á 5. hundrað, þá hygg jeg, að menn sjeu orðnir þreyttir á að lesa löng nefndarálit, auk þess sem prentunin er peninga eyðsla fyrir ríkissjóð.

Eins og jeg tók fram í nál., tel jeg það miklu miður, að háttv. Ed. hefir felt úr frv. stjórnarinnar það spor, sem stigið var í þá átt að svifta menn ekki mannrjettindum fyrir atvik, sem þeim eru ósjálfráð. Það hljóta að opnast augu manna fyrir því, að það er bæði *afar*-*vanglátt* og óhyggilegt að svifta menn almennum mannrjettindum fyrir t. d. veikindi og ómegð. Jeg hefi ávalt fylgt og mun ávalt fylgja breytingu á þessu.

Það má því segja viðvíkjandi brtt. á þskj. 457, frá háttv. 2. þm. Reykv. (JB), að höggur sá, sem hlífa skyldi, þar sem jeg er. En svo er mál með vexti, að flokkur sá, sem jeg heyri til, vill nær óskiftur, að stytting sveitfestinnar nái fram að ganga, og óttast, að nýjar breytingar við frv. verði til þess, að þessi breyting verði ekki að lögum. Sama máli skiftir því um brtt. háttv. þm. Str. (MP), á þskj. 164.

Eina deiluefnið, sem er milli meiri og minni hl. nefndarinnar, er sveitfestistíminn: meiri hlutinn vill hafa 5 ár, en minni hl. 3. Það skal jeg viðurkenna, að 5 ára sveitfestin er til *stórbóta*. Tíu ára sveitfestin hefir, satt að segja, verið skammarlega lengi í lögum hjer. Þetta er löngu úrelt fyrirkomulag í nálægum löndum. Í Noregi er sveitfestin t. d. 2 ár en í Danmörku 5 ár.

Jeg er nú þeirrar skoðunar, að heppilegast væri í framtíðinni að hafa dvalarsveitina að sveitfesti; að hverjum manni yrði veittur styrkur þar, sem hann þarfnast styrks. Jeg er um þetta atriði á sviparaðri skoðun og háttv. þm. Borgf. (PO), sem hann hjelt fram við 1. umr. þessa máls, um það, að fátækraframfærslu ætti að kosta að einhverju leyti af ríkinu en að meiri hluta af hreppunum. Enda hefir þessi skoðun áður komið fram á þingi, hjá Magnúsi sál. Andrjessyni, þáverandi þm. Mýr., er hann átti sæti í milliþinganefnd um þetta mál. Jeg get þó fallist á það, að mál þetta sje ekki svo undirbúið, að hægt sje að taka svo stórt stökk nú, en hins vegar legg jeg það eindregið til, að háttv. deild fallist á skoðun Ed. í því, að færa sveitfestistímann niður í 3 ár. Jeg mun síðar fara nánar inn á það atriði, en mun nú með nokkrum orðum minnast á það, sem mælir með því að stytta sveitfestistímann, og það jafnvel sem mest, frá almennu sjónarmiði.

Eins og jeg tók fram í nefndaráliti mínu, er það fyrir mjer aðalatriðið, að vinna að því að menn hlúi frekar að þurfalingum þar, sem þeir verða styrkþurfar, en stjaka við þeim. Jeg býst við, að flestir verði sammála mjer í því, að hrakningar þurfalinga sveit úr sveit hafi verið þjóðarböl. Að vísu er nú svo, þrátt fyrir okkar úreltu löggjöf, að þetta hefir breyst með vaxandi mannúð og menningu. Mjer eru kunnug mörg fögur dæmi þess, bæði úr mínu kjördæmi og annarsstaðar, að menn hafa hlaupið drengilega undir bagga með þeim, sem hafa orðið fyrir slysum eða slíku; menn hafa lánað þeim vinnukraft, efnt til samskota og því um líkt. Það má svo

sem geta nærri, hvort það vekur ekki frekar sjálfsbjargarfýsn manna, að stuðla til þess að rjetta þá við heldur en troða þá niður. Það væru að minsta kosti einkennilegir menn. Mörg dæmi þekki jeg þess, að þurfalingar, sem hafa, ofan á það að vera sviftir mannrjettindum, orðið fyrir hrakningum sveit úr sveit, hafa mist kjarkinn, hafa mist heilsuna, bæði á líkama og sál, og orðið þjóðfjelaginu til margfaldrar byrði við það, sem þeir hefðu annars orðið. Aftur eru líka þess dæmi, að menn hafa eftir slíka meðferð hatast við þjóðfjelagið; og get jeg satt að segja mjög vel skilið þá tilfinningu hjá þeim. En það vita allir, að slíkir menn geta orðið þjóðfjelaginu til allra mestrar byrði og óþurftar. Það er einsætt, að meðan þetta gamla, úrelta sveitfestisfyrirkomulag er, þá hljóta hrakningar á fólki og þurfamannaflutningur að haldast við líði, jafnvel þótt samúð með þurfalingum og mannúð vaxi; að minsta kosti er það ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að sveitahjeruðin óski eftir þurfalingum, sem þeim er skylt að framfæra í sjávarhjeruðum, þar sem framfærslan er venjulega hálfu dýrari, auk þess sem sveitirnar munu að jafnaði ekki vera eins kværilátar með styrkveitingar til manna, þegar þær vita, að það er baggi, sem þær seinna geta lagt á aðra framfærslusveit. Úr þessu atriði yrði ómótmælanlega bætt með styttingu sveitfestistímans, og það eftir því meira, sem sveitfestistíminn yrði styttur meira. Það er líka öllum skiljanlegt, að eftir því sem sveitfestistíminn er styttur, eftir því styttist tími sá, sem sveitarfjelögin hafa hvöt til að koma manninum af sjer. Og vildi jeg í þessu sambandi benda á eitt atriði, sem sje það, að við að stytta sveitfestistímann, þó ekki væri nema niður í 3 ár, mundu menn miklu síður sveitfestast vegna ómegðar. Því þegar ómegð hlæðist á mann í sveitarfjelagi, þar sem vitanlegt væri, að hann yrði styrkþegi, ef út að bæri, þá myndi sveitin bæði sjá hag sinn og sóma í því að hlynna að honum, og það er einmitt ein helsta bótin við lagabreytingunni, eins og áður er tekið fram, auk þess sem það myndi draga úr þeirri miklu skriffinsku og vafningum, sem af löngum sveitfestistíma leiðir.

Það skal nú tekið fram, að að flestra áliti mun það fremur vera hagsmunaspursmál sveitanna að stytta sveitfestistímann. Þótt jeg telji mig nú fyrst og fremst þingmann alls landsins, þá virðist mjer hjer um svo mikið atriði að ræða, ekki einasta fyrir sveitirnar, heldur fyrir alt landið, og þá sjerstaklega frá menningarlegu sjónarmiði. Það er alkunna, að sveitirnar hafa verið og eru enn í dag í eyðingu: fólki í flestum sveitahjeruðum fækkar árlega. Það er óþarft að fara mörgum orðum um það, ef í það horf færðist, að sveitirnar eyddust, hver áhrif það hefði á menningu landsins. Þjóðfjelaginu ber skylda til þess að gera tilraun til að stöðva þennan tilgangslausa straum til kaupstaðanna. Og eitt af þýðingarmestu atriðum í þessa átt er að stytta sveitfestistímann.

Allir hafa nú sömu sögu að segja. Fólk hefir farið úr sveitunum á unga aldri, eytt bestu árum sínum í sjávarhjeruðum og komið síðan aftur í sína fæðingarsveit með meiri og minni ómegð. Jeg er þessu manna kunnugastur, þar sem það hjerað, sem jeg er fulltrúi fyrir, Rangárvallasýsla, hefir orðið fyrir allmikilli blóðtöku af flutningi ungs fólks til Reykjavíkur og Vestmannaeyja.

Ræðu hv. frsm. meiri hl. (BH.) er í raun

og veru litlu að svara, öðru en því, sem þegar er fram tekið. Jeg veit það, að skoðanamunur okkar á sveitfestisatriðinu er lítill, enda kom það ljóslega fram í ræðu hans. Hann segist ekki leggja kapp á þetta og vill stytta sveitfestistímann á þessu þingi. Aðeins gengur honum gætni til, að vilja ekki stytta sveitfestina eins mikið í einu og frv. Ed. fer fram á. Já, það er nú svo með gætnina, að hún er því aðeins góð, að hún sje á viti bygð. Gætnin getur líka orðið að heimsku. Sjerstaklega á þetta sjer stað, þegar um þjóðfjelagsmein er að ræða, sem skera þarf burt. Menn eru hræddir við að rífa niður, en athuga það ekki, að til þess þarf oft mest vit og áræði, að rífa fyrst niður, til þess að geta bygt upp aftur á heilbrigðum grundvelli.

Sá ótti hefir komið í ljós, bæði hjá háttv. frsm. meiri hl. (BH) og fleirum, að reisa þyrfti skorður við því, að fólk flytti inn, sjerstaklega í sjávarþorpin. Jeg sje nú ekki, að þörf væri á því, en þótt svo væri, tel jeg það þó betra en að ástand það haldist, sem nú er. Sumar sveitir afbera ekki núverandi ástand. Háttv. þingmönnum er kunnugt ástandið í Gerðahreppi af erindi því, sem liggur fyrir þinginu. Svipað má segja um Álftaneshrepp, og svo er víðar, sjerstaklega þar, sem fólki hefir mjög fækkað á seinni árum.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara að tefja tímann með því að hrekja hvert atriði í ræðu háttv. frsm. meiri hl. (BH), þar sem okkur, eins og áður er sagt, ber í rauninni ekkert verulegt á milli, en vænti þess aðeins, að hv. deild samþykki frv. eins og það kom frá Ed.

Bjarni Jónsson: Brtt. mín er borin fram eftir ósk manna í Rangárvallasýslu. Eru hreppar þar, er beðið hafa 1500—2000 kr. tjón af þessum lögum eins og þau hafa verið framkvæmd.

Hv. frsm. meiri hl. (BH) tók fram, að sjálfsagt væri að fella lög þessi úr gildi. Er einungis farið fram á þetta til að verja hreppana áföllum, sem þeir verða fyrir, er það hendir, að ekki er hægt að flytja sjúkan mann á framfærslusveit hans sökum þess, að hann telst ekki, að skoðun læknis, ferðafær. Verður svo oft, að maðurinn fer ekki, enda þótt hann sje orðinn svo heill, að fært væri að flytja hann, og lendir svo allur þessi kostnaður, er af dvöl mannsins leiðir, eftir að læknirinn gaf vottorðið, á framfærslusveit mannsins. Er því sjálfsagt að fella burtu lög þessi, til að bót verði ráðin á þessu vandkvæði.

Magnús Pjetursson: Mjer kom það dálítið undarlega fyrir sjónir, er jeg sá það af nál. meiri hl. allshn., að hún lagði á móti brtt. mínum, einkanlega er engin rök voru að því færð, hvers vegna meiri hl. nefndarinnar væri á móti þeim. Jeg hjelt, að þessi rök myndu nú koma fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. (BH), en þau fyrirfundust ekki, og hann gekk algerlega fram hjá stærsta atriðinu í brtt. mínum.

Held jeg, að hv. nefnd — sem henni er vorkun, því að hún hefir mikið að starfa — hafi alls ekki verið ljóst, hvaða rök lágu fyrir hjá mjer. Á jeg ef til vill þá sök á því, að jeg talaði aldrei við nefndina, en jeg áleit, að þess væri ekki þörf, sökum þess hve ástæðurnar voru augljósar.

Það, sem fyrst er að athuga hjer, er það, hve þörfin á sjúkrarúmum er mikil. Er þetta kunnugt frá umr., sem urðu hjer um landsspítalann.

Er hin mesta þjóðarnauðsyn á þessu og má ekki dragast úr hömlum, ekki síst þegar hægt er að auka sjúkrarúmin með litlum eða jafnvel engum tilkostnaði.

Er það mjög oft, að sjúklingar eru lagðir í sjúkrahús, þótt engin brýn nauðsyn sje á því. Sjúklingarnir eru hafðir þar vegna þeirra ákvæða fátækralaganna, sem kveða svo á, að ríkissjóður greiði meðlagið, ef sjúklingurinn er í sjúkrahúsi, en hlutaðeigandi sveitarfjelag skuli greiða hann, ef hann er tekinn þaðan, og það enda þótt hann haldi áfram að vera undir læknishendi.

Í fyrra komu ýmsir merkustu læknar hjer í Reykjavík sjer saman um að bera fram brtt. við fátækralögin þessa efnis, sem myndi hafa haft það í för með sjer, að sjúklingar þeir, er nú eru í sjúkrahúsum eingöngu vegna mannúðar eða vorkunsemi við hlutaðeigandi sveitarfjelag, myndu fara þaðan og rýma með því fyrir öðrum, er meiri hafa þörfina.

Heyrði jeg ekki, að hv. frsm. meiri hl. (BÍ) mintist á, að ríkissjóður skyldi kosta að jöfnu þá menn, sem utan spítala eru, sem hina. Er þetta nú tekið upp í berklavarnalögin og er mjög nauðsynlegt meðan sjúkrastyrkur er ekki nógur. Er sjálfsögð skylda að laga þetta og tilkostnaðurinn er mjög lítill.

Getur hæstv. stjórn upplýst, að þetta er rjett hvað berklavarnalögin snertir. Eru sjúklingar samkv. þeim lögum jafnstyrkhæfir, þótt þeir sjeu ekki í sjúkrahúsi, ef þeir eru til lækninga utan heimilis síns, t. d. til ljóslækninga hjer í Reykjavík.

Skil jeg ekki, að hv. þm. verði á móti brtt. minum, eins og jeg nú hefi skýrt hana, því að með þessu móti væri hægt að bæta úr sjúkrarúmaþörfinni í landinu.

Þá kem jeg að öðru atriði þessa máls, því, að jeg tel rjett vera, að sjúklingar á Kleppi og Litla-Kleppi njóti sömu rjettinda að lögum og aðrir sjúklingar, sem þurfa sjúkrahúsvistar með. Mjer kemur rökfærsla háttv. nefndar allundarlega fyrir sjónir, að vilja ekki láta þessa sjúklinga njóta sömu rjettinda og öðrum sjúklingum eru heimiluð í sjúkrahúsum að lögum, og svo þetta, að nefndin telur það misrjetti, ef þeim yrðu veitt þessi rjettindi. Það er sýnilega þessi gamla hugsun, að ef einn maður hefir orðið illa úti, þá þurfi að beita alla aðra órjetti, til þess að breiða með því yfir, hvernig um þennan mann hefir farið. Þetta hefir oft komið fyrir áður, og jeg verð að telja þennan hugsunarhátt algerlega óþinghæfan og óviðeigandi, hvar sem hann kemur fram. Þetta misrjetti hefir átt sjer stað síðan Kleppsspítalinn var stofnaður. Þá var ákveðið í lögum, að meðlag með sjúklingum þar væri 50 aurar á dag, þótt hærra gjald væri greitt með þeim áður, og eins þeim, sem ekki komust þar að eftir að spítalinn var stofnaður. Þegar um aðra sjúklinga hefir verið að ræða, hefir sveitarfjelögunum verið gert að greiða með þeim um 200 kr. á ári, en með lögunum um Klepp þurfti nú ekki að greiða eins mikið með sjúklingunum þar. Nú ætlast jeg til þess, að allir verði jafnhart úti, eða með öðrum orðum, allir verði í þessu efni jafnt settir, einn hvorki betur nje miður en annar.

Jeg veit, að þessi röksemdafærsla nefndarinnar fær alls ekki staðist dóm deildarinnar. Jeg treysti mjer ekki til að fara út í lagaskýringar, þar sem jeg er ólögfræðingur maður, en jeg veit hitt, að Alþingi [illegible] ekki lækkað ákvæði laganna í þessu

atriði með fjárlagaákvæðum. Þó tilraun yrði gerð til þess, mundi Alþingi aldr sjá sjer fært að gera það nema með sjerstökum lögum. Nægir að benda á launalögin þessu til sönnunar. Það er því ekki hægt að breyta þessu niður á við, til lækkunar, öðruvísi en með lögum. Jeg er ekki lögfróður, eins og jeg hefi þegar tekið fram, en þó þyrði jeg að fara í mál við ríkisstjórn um það, að sveitarfjelögin þyrftu ekki að greiða nema 50 aura á dag með sjúklingunum, því jeg álít, að eigi sje hægt að trássast við gildandi lög um þetta. (*MG*: En fjárlögin eru líka lög). Að vísu, en önnur lög eru þó ríkari, og jeg veit ekki til, að það sje venja, að þau nemi úr gildi eldri lög. Sýnist mjer því þetta vera dómstólamál, eða geta orðið það, ef menn vildu. En til þess að hægt sje að koma fullri sanngirni að í þessu, vil jeg binda enda á þessa deilu og lögfesta þetta í fátækralögunum, eins og um alla aðra sjúklinga.

Þá kem jeg að gamalmennahælunum. Hv. frsm. meiri hl. (BH) virðist mjer hafa misskilið þetta atriði og tilgang minn með því. Háttv. deildarmenn munu hafa sjeð, að það er gert ráð fyrir því, að þeir, sem eru í gamalmennahælunum, geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, ef þeir hafa verið sendir í hælin að læknisráði. Á að láta gilda sömu reglur um þá, sem í gamalmennahælunum eru, og um önnur gamalmenni, sem tekin eru í sjúkrahús vegna þess að þau hafa ekki átt kost á nauðsynlegri aðbúð í heimahúsum. Ættu þau frekar að eiga vist í gamalmennahælum, ef þau eru ekki öðruvísi sjúk en það, að þau þurfi góðrar hjúkrunar við; þetta gæti því sparað rúm í sjúkrahúsunum. Það er oft, að þau gamalmenni, sem í sjúkrahús koma, eru þar á kostnað sveitarfjelaganna, en yrðu þessi ákvæði sett inn í fátækralögin, ætti þetta eigi að teljast til sveitarstyrks. Það eitt hygg jeg ætti að nægja mörgum háttv. þm. til þess að samþykkja þetta, að með þessu losa þeir mörg vesalings gamalmenni, sem búin eru að þræla meiri hluta ævi sinnar baki brotnu, við það að verða sveitlæg síðustu ár ævinnar. Það vita allir, hversu það mundi gera þeim ellina ljettbærari.

Háttv. frsm. minni hl. (GunnS) kom með dálítið nýstárlegar upplýsingar í þessu máli, sem jeg var allhissa á að heyra, þegar hann sagði, að hann og flokksmenn hans hefðu bundist samtökum um að láta ekki fleiri breytingar ná fram að ganga á þessu þingi, nema stytting sveitfestistímans. Þesshättar hlutir hafa að vísu skeð hjer áður, t. d. nú nýlega í stjórnarskrármálinu. En nú skil jeg ekki, hvernig hv. þm., móti sannfæring sinni, geta bundist samtökum og greitt atkvæði móti brtt., sem þeir eru sannfærðir um, að fela í sjer miklar rjettarbætur. (*HK*: Svo getur þó staðið á stundum). Já, svo segir háttv. þingmaðurinn, en þeir ættu þá að eiga víst að eiga setu hjer á næsta þingi, ef þeir ætla að láta þetta bíða þangað til. Jeg skil ekki þennan hugsunarhátt háttv. þm., að vilja sporna á móti breytingum á lögunum, sem þeir telja þó vera rjettmætar. Jeg get ekki sjeð, að mínar brtt. eigi minni rjett á sjer en stytting sveitfestistímans; mjer finst hann mætti þá eins bíða eins og annað. Jeg skil heldur ekki þann hringlandahátt, að vilja vera að breyta lögunum á hverju ári. Þá er og þetta, að þora ekki að vera með þessum brtt. mínum af ótta við Ed. Jeg greiði atkvæði samkvæmt sannfæringu minni, en eigi eftir vilja eða óskum Ed. „Kosningarnar" sagði einhver háttv. þm. Það kann að vera það, að þeir vilji aðeins taka þeim breytingum, sem mest ber á í augum

kjósenda. Jeg held nú, að það yrði lítið betra afspurnar en hitt, að svo eigi að fara að grauta í þessu aftur á næsta þingi. Jeg vænti þess, að ef ekki kemur til atkvgr. um þetta mál fyr en að loknu næsta fundarhljei, að háttv. 1. þm. Rang. (GunnS) kalli saman flokksfund til þess að taka aftur þessa ákvörðun þeirra.

Um brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (JB) gæti jeg hugsað, að hæstv. forseti teldi, að hana mætti samþykkja án atkvgr., að minsta kosti fyrri liðinn.

Jón Baldvinsson: Þegar ríkisstjórnin lagði þetta frv. fyrir þingið, var hún að framfylgja þjóðarviljanum og þingsins, sem oftar en einu sinni hefir komið fram um þetta. Að minsta kosti tvisvar á árunum 1917—21 var samþykt áskorun til stjórnarinnar um þetta í Nd. Alþingis, og því tel jeg það misráðið af hæstv. stjórn. að leggja þetta frv. fram í Ed.

Nú lítur út fyrir, að hv. Ed. hafi ekki verið samþykk ályktunum þessarar deildar. Það sýna ljóslega breytingar hennar á frv. stjórnarinnar. Þegar jeg nú ber fram brtt. mínar á þskj. 457, sem háttv. þm. Str. segir, að eigi að samþykkjast án atkvgr., geri jeg það til að framfylgja kröfum Nd. Það er því óþarft að mæla langt mál með þessum brtt. mínum, og jeg á bágt með að skilja þá hv. þm., sem hulda því fram, að enginn tími sje til að afgreiða þetta mál. Þetta er aðalmótbáran hjá háttv. 1. þm. Rang. (GunnS), og eins hitt, að Ed. muni þá ef til vill fella brtt. Jæja; þótt svo færi, þá er alveg víst, að meiri hl yrði með þessum brtt. mínum í Sþ.

Jeg hefi farið skemra í brtt. en jeg hefði á kosið, en það, að jeg stilti svo í hóf, var af því, að jeg þóttist viss um það, að háttv. Nd. mundi samþykkja þessar brtt. í e. hlj. eins og þær eru nú, og því vildi jeg ekki fara lengra að svo stöddu, þar sem jeg vildi ekki eiga á hættu, að þær yrðu mótspyrnu. Þess vegna voru það aðeins þessi tvö atriði, sem jeg tók til meðferðar, að fjölskyldumenn eða þeir, sem vegna slysa og óhappa hefðu orðið að leita styrks, yrðu ekki sviftir rjettindum. Alþingi hefir viðurkent, að þetta er ranglæti, eins og nú er farið með þessa menn, og jeg efast því ekki um, að það muni vilja bæta þetta ranglæti. Þá ætti enn síður hitt atriðið að orka nokkurs tvímælis, að það sje rangt, að styrkþurfar, eldri en 60 ára, teljist til sveitarlima, enda veit jeg og, að allflestir háttv. þm. samþykkja þetta í hjarta sínu, hvað sem höndin gerir. Jeg hefi í þessum brtt. lítið brugðið út frá frv. hæstv. stjórnar; þar er svo ákveðið, að þeir, sem vegna slysa hafa orðið ófærir til vinnu um tveggja mánaða skeið, skuli, þó þeir þurfi styrks við, eigi sviftir rjettindum. Jeg hefi aðeins breytt frá 2 mán. til eins mánaðar, því mjer þótti 2 mánuðir of langur tími. Þá er 2. liðurinn, að styrkur til þeirra, sem eldri eru en 60 ára, verði eigi talinn sveitarstyrkur; og þar hefi jeg farið eftir því, sem áður hefir verið viðurkent að væri rjett, t. d. í ellistyrkslögunum, og því set jeg þau sömu aldurstakmörk hjer og miðað er við í þeim.

Það hafa ekki komið verulegar mótbárur enn móti þessum brtt. mínum, nema helst frá háttv. 1. þm. Rang. (GunnS), sem er svo hræddur við Ed., og svo verð jeg að segja þeim háttv. þm. það, að þótt það sje í sjálfu sjer gott að stytta sveitfestistímann, þá álít jeg það atriði ekki svo mikilsvert, að vert sje að samþykkja frv., ef engar aðrar umbætur fást. Jeg get skilið ástæður þessa háttv. þm., t. d. að aðstreymi úr sveitum til sjávarhjerað-

anna geti valdið sveitarþyngslum hjá sveitunum. Og jeg álít það alls ekki rjett, að hreppur beri þyngsli af manni, sem allan sinn starfsaldur hefir dvalið annarsstaðar. En sem sagt, þær ástæður eru þó ekki svo mikilsverðar, að vert sje að leggja kapp á breytingarnar á lögunum þeirra vegna. Þá eru meiri rjettarbætur, sem felast í brtt. háttv. þm. Str. (MP); það eru tillögur um persónurjett manna, og eiga því meiri rjett á sjer en sveitfestistíminn, sem hjer hefir verið lögð mikil áhersla á og er aðeins miðaður við hag einstakra kjördæma. Jeg þykist fullviss um, að háttv. deild sýni staðfestu sína við hinar fyrri ályktanir sínar, með því að samþykkja allar okkar tillögur, — mínar og hv. þm. Str. (MP), og læt jeg svo útrætt um þetta að sinni.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Háttv. 2. þm. Reykv. (JB) tók fram í ræðu sinni, að rangt hefði verið að leggja þetta frv. fyrir háttv. Ed., þar sem Nd. hefði óskað þessara breytinga á fátækralögunum. Jeg tók það skýrt fram, þegar jeg lagði þetta frv. fram, að jeg hefði ætlað mjer að leggja það fyrir hv. Nd., en það stóð svo einkennilega á, að flest frv. stjórnarinnar voru þess eðlis, að þau varð að leggja fyrir Nd. fyrst, en hins vegar varð þó að skifta þannig verkum milli deilda þingsins, að þau yrðu sem jöfnust. Jeg varð því að leggja þetta frv. fyrst fram í Ed. Nú liggur mjer við að iðrast þess, að svo var gert, því það er enginn vafi á því, að frv. hefði verið betur tekið hjer. Háttv. Ed. hefir felt burtu 4 fyrstu gr. frv.; 3. og 4. gr. voru nú reyndar orðnar óþarfar eftir breytingum Ed., en í 1. og 2. gr. er mikil eftirsjá. Nú er frv. komið í þá mynd, að ekki er eftir nema ákvörðun sveitfestistímans, sem líka er og hefir altaf verið aðalatriðið í öllu þessu máli. Jeg tók það fram um sveitfestistímann við 1. umræðu málsins, að mjer þætti eigi rjett, að tekin væru of stór stökk í þessu efni, og mæltist til, að hann yrði látinn standa við 5 ár, eins og stóð í frv. mínu. Mjer þótti ósýnt, hver áhrif meiri stytting sveitfestistímans gæti haft á viðskiftin milli sveitarfjelaganna, eða hvaða áhrif þetta gæti haft á innflutning fólks til sumra sveitarfjelaga, og sama hjelt jeg fram í Ed. Þessa var nú ekki gætt, og tíminn var færður niður í 3 ár, og þó mjer þyki það fulllangt farið, mun jeg þó sætta mig við það, ef þar verður þá numið staðar. Jeg hefi orðið þess var, að það er talsverður uggur hjá þm. við það, að samþykkja nokkra brtt. við frv., vegna þess, að Ed. muni ekki fallast á þær, og geti þá svo farið, að það dagaði uppi í þinginu. Jeg sje enga ástæðu til að óttast slíkt. Býst jeg við, að Ed. setji sig ekki upp á móti skynsamlegum breytingum. En enda þótt svo færi, þá ætla jeg, að ekki væri svo mikill skaði skeður, þótt málið biði til næsta árs. Það mætti þá undirbúa frv. á ný og jafnframt taka til yfirvegunar í sambandi við það brtt. háttv. þm. Str. (MP), og þá einkanlega tillögur háttv. þm. Borgf. (PO), sem hann kom með í ræðu sinni við 1. umr. þessa máls hjer í deildinni, og sem gengu út á það að gera landið alt að einu framfærsluumdæmi.

Jeg skal ekki ræða þetta frekar út frá almennu sjónarmiði en þegar hefir gert verið, en jeg ætla að minnast lítilsháttar á einstakar brtt., sem fram hafa komið.

Það er þá fyrst brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JB), og get jeg verið stuttorður um þær, því svo má heita, að þær sjeu orði til orðs samhljóða 1. og 2. gr. í hinu upphaflega

frv. stjórnarinnar. Það er aðeins sá munur, að fyrir 2 mánuði í 1. gr. frv. stjórnarinnar kemur 1 mánuður í brtt., og í stað 65 ára aldurs í 2. gr. frv. koma 60 ár í brtt. Þetta, hvort tiltekinn er 1 mánuður eða 2, skiftir engu verulegu máli, og ekki heldur það, að aldurstakmarkið sje fært niður í 60 ár. Er það líka oft svo, að menn, sem unnið hafa erfiða vinnu alla æfi, eru orðnir bilaðir að heilsu um sextugt. Get jeg því vel fallist á þessar brtt., en hitt skil jeg ekki, sem háttv. þm. Str. sagði, að þær mætti skoða samþyktar án atkvgr., en vitanlega dæmir hæstv. forseti um það.

Þá er það brtt. háttv. þm. Dala. (BJ), um að nema úr gildi lög nr. 33, 20. okt. 1913, sem gerbreytir hinni upphaflegu 63. gr. fátækralaganna, og er meining hans, að það sje gert án þess nokkuð komi í staðinn, því ekki mun það vera meiningin, að gamla 63. gr. fátækralaganna komi aftur í gildi svona af sjálfu sjer. En þetta getur ekki staðist. Eitthvað verður að koma í stað þessarar greinar. Jeg skil, hvaða ákvæði það eru í greininni, sem hann vill nema burt, en önnur ákvæði eru í greininni, sem ógerningur er að nema í burtu án þess að eitthvað komi í staðinn. Álít jeg, að þessi háttv. þm. (BJ) gerði rjettast í því að taka þessa till. aftur nú og laga hana fyrir 3. umr.

Þá er það næst háttv. þm. Str. (MP), sem kemur með merkilegar viðauka- og breytingartillögur. Sem atvinnumálaráðherra get jeg verið með þessum brtt., en sem settur fjármálaráðherra verð jeg að gera nokkrar athugasemdir við þær. Það dugir ekki að einblína á hagnað sveitanna eingöngu í þessu máli, heldur verður einnig að taka tillit til útgjalda ríkissjóðs. Ef brtt. ná fram að ganga, þá má heita svo, að allir sjúklingar, sem eftir læknisráði dvelja utan heimila sinna, sjeu kostaðir af landssjóði. Jeg tel ekki þessa $^2/_5$, sem gert er ráð fyrir, að framfærslusveitirnar greiði, þar sem það má aldrei nema meiru en 400 krónum á ári, en sjúkravist kostar eftir þeirri reynslu, sem fengin er, um 2—3 þúsund krónur á ári, og fer heldur vaxandi.

Samkvæmt þessum breytingartillögum á að bæta við sjúkrahúsin geðveikrahælum og gamalmennahælum. Þetta er nú að vísu alveg rjett, hvað það fyrra snertir, því í raun og veru eru geðveikrahæli ekki annað en sjúkrahús, og er það misgáningi að kenna, að það var ekki tekið með sjúkrahúsum 1921, er lögin voru sett. En alt öðru máli er að gegna með gamalmennahæli. Er nú eitt komið upp hjer í Reykjavík, eins og kunnugt er, og búast má við, að þau komi í fleiri kaupstöðum landsins. Má búast við, að margir fari í þessi hæli, sem ekki þurfa þess veikinda vegna. Er oft örðugt að koma gamalmennum fyrir, sökum skapsmuna þeirra; myndi þá hlutaðeigandi læknir að sjálfsögðu leggja með því, að þau færu í gamalmennahælið, og væru þau þar með komin á landssjóðinn. Þetta mundi auka mjög kostnað fyrir landssjóðinn, og er hætt við, að bæta mætti við það fje, sem ætlað er til þessa, nú í fjárlögum, og það jafnvel svo skifti hundruðum þúsunda, ef þessar brtt. yrðu samþyktar óbreyttar. Jeg sje heldur enga ástæðu til þess að taka þessi gamalmenni alveg upp á arma ríkisins, því það mundi draga úr þeirri eðlilegu skyldu, sem nákomnir venslamenn hafa hingað til talið sjer skylt að uppfylla, nefnilega að veita sjer náskyldum gamalmennum framfærslu. Þau eru oft ekki sjúklingar, og svo eru heldur engin ákveðin takmörk fyrir því, hve nær beri að telja mann gamalmenni. Máske má miða það við 60 ár, en margir

eru orðnir útslitnir og ófærir til vinnu yngri. Jeg hefi t. d. oft sjeð í kirkjubókum tekið svo til orða um menn milli 50 og 60 ára, að þeir hafi dáið af ellisjúkdómum. En einhver takmörk verður að setja. Jeg vil benda háttv. flm. þessara brtt. (MP) á það, að í 1. gr. brtt. eru tvítalin lyf og læknishjálp sem hluti meðlagskostnaðar; stendur bæði í 1. og 3. málsgrein.

Um b-lið 1. gr. brtt., að styrkur samkvæmt a- og b-lið sje ekki afturkræfur, vil jeg gera þá athugasemd, að vel getur komið fyrir, að styrkþegarnir verði síðar færir um að endurgreiða fenginn styrk, t. d. ef þeim áskotnaðist arfur, og væri þá eðlilegt, að þeir borguðu styrkinn aftur.

Að öðru leyti hefi jeg ekki frekara fram að færa að svo stöddu.

Frsm. meiri hl. (Björn Hallsson): Jeg hefi ekki mörgu að svara, en þarf þó að gera nokkrar athugasemdir. Það er þá fyrst ræða háttv. frsm. minni hl. (GunnS). Hann getur þess í nál., að hann telji rjettara að rökstyðja skoðun sína í framsögu hjer í deildinni en í nál., enda rökstyður hann skoðun sína ekkert í nál., og er í rauninni lítið við það að athuga. Hann er sjálfráður, hvernig hann rökstyður skoðanir sínar. En eðlilegt virðist, að í svona máli sje það gert nokkuð í nefndaráliti. En það var eitt í ræðu háttv. þm. (GunnS), sem ekki er rjett, þar sem hann taldi mig hafa lýst því yfir fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að mjer skildist, að við mundum ekki taka tillit til neinna breytinga á frv. Þetta er ekki rjett, því jeg skýrði aðeins frá því, að meiri hlutinn mundi verða á móti brtt. hv. þm. Str. (MP) og eins brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JB), en hins vegar tók jeg fram, að við hefðum ekki rætt brtt. háttv. þm. Dala. (BJ), og hefði meiri hlutinn því óbundnar hendur um hana. Þá tók háttv. frsm. minni hl. (GunnS) það fram sem sönnun fyrir því, að heppilegt væri að stytta sveitfestistímann sem mest, að nágrannaþjóðir vorar, Danir og Norðmenn, hafa hann stuttan, eða Danir 2 ár og Norðmenn 5 ár. En menn, sem fróðir eru um þá hluti, hafa sagt mjer, að Norðmenn sjeu óánægðir með að hafa sveitfestistímann svona stuttan.

Þá sagði hann, að það væri hagsmunaspursmál fyrir sveitirnar, að sveitfestistíminn sje hafður stuttur. Það kann að vera rjett að sumu leyti, en hversu langt á að ganga með það að stytta hann? Mjer er líka kunnugt um, að margir sveitamenn eru mótfallnir því. Það er líka betra, meðan reynsla er ekki fengin, að ganga heldur of stutt en of langt, og þurfa svo máske að lengja hann aftur seinna.

Þá sagði hann, að ekki væri hægt að byggja upp, nema fyrst sje rifið niður. Þetta á alls ekki hjer við, og á ekki við yfirleitt. Það má t. d. gera hús sem nýtt, þótt það sje ekki rifið niður til grunna fyrst, og eins má bæta þessi lög, þótt þeim gömlu sje ekki kipt í burtu fyrst.

Þá var hann að tala um, að gætni væri því aðeins góð, að á viti væri bygð, en þar sem hann talaði um, að hann væri ekki að skensa meiri hlutann með því, þá þarf jeg í rauninni ekki að svara því, því að jeg tel till. meiri hl. gætilega og á viti bygða. Vilji meiri hluta nefndarinnar er einmitt sá, að stytta sveitfestistímann, en fara þó ekki svo geyst, að við kunnum ekki fótum okkar forráð.

Þá sagði hann, að hættulegt gæti verið fyrir framgang málsins, að breytingar

væru nú gerðar á frv., því að líkur væru til, að Ed. samþykti það þá ekki. Jeg benti einmitt á það, að af því að meiri hl. vildi framgang málsins, þá vildi hann sem minst breyta því í trássi við hv. Ed.

Þá kem jeg að háttv. þm. Str. (MP). Hann byrjaði á því, að jeg hefði engin rök fært gegn brtt. hans. (*MP*: Síðustu brtt.). Já, síðustu brtt. sjerstaklega; en það skein í gegn hjá honum, að öll ræðan heyrði undir þennan dóm hans. Þetta er aðeins venjulegur sleggjudómur, sem ekki þarf að svara. Háttv. þm. gat um, að hann hefði ekki heyrt mig tala um þá breytingu hans í niðurlagi 1. gr., að koma sjúklingum utan heimilis, þó ekki væri í sjúkrahúsum, undir sömu ákvæði og í sjúkrahúsum, þ. e. að það teljist ekki sveitarstyrkur, sem þeir fái. En jeg benti á, að þetta kæmi ekki rjett niður, því þeir, sem heima sitja, verða þá hart úti og yrðu beittir misrjetti. Þetta kallaði hv. þm. óþinglega sagt! Jeg álít ekki óþinglegt að benda á misrjetti, sem kemur fram í frv., og reyna að draga úr því, eða fella brtt., sem ganga í þá átt. Hann sagði, að þeir sjúklingar, sem væru í ljóslækningastofunni, mundu falla undir þetta ákvæði. En það er ekki þörf á því að setja þetta ákvæði vegna þeirra, því þeir munu flestir komast undir berklavarnalögin, því að sjúkdómar þeirra munu mest vera berklar.

Hv. þm. (MP) vill, held jeg, koma allri ómagaframfærslu á landið, en því er jeg alveg mótfallinn. Um það er aðalágreiningurinn. Það er þegar búið að stíga stórt spor með berklavarnalögunum, en jeg er alveg á móti því, að kostnaði við öll möguleg tilfelli sje komið yfir á ríkissjóð. Það verður áreiðanlega miklu dýrara en ef á að sjá um þurfamenn heima. Vitanlega er nokkuð öðru máli að gegna um berklasjúklinga, vegna þess, að þar er um þjóðarnauðsyn að ræða, vegna hættu þeirrar, sem slíkri veiki fylgir.

Okkur háttv. þm. skilur á um það, hvort það sje lögum samkvæmt að hækka meðlag með sjúklingum á Kleppi með fjárlögum einum. En þar sem fjárlögin eru árleg lög, þá gera þau þar með árlega breytingu á hlutaðeigandi lögum hvað þessu atriði viðvíkur, og býst jeg við, að til þess sje heimild, þótt lögunum sje ekki breytt að öðru leyti. En auðvitað getur hvorugur okkar skorið úr þessu. Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. sagði um það, að fría þyrfti gamalmenni, sem fara í gamalmennahæli, við að þiggja af sveit, þá vil jeg taka það fram, að jeg álít betri leið að styrkja meira og efla ellistyrktarsjóðina. Hann sagði, að gamalmennin væru oft kostuð af sveitarsjóðum á hælið. Getur vel verið, að svo sje, en lítil reynsla er víst fyrir því enn þá, þar sem þetta eina hæli, sem til er, er alveg nýstofnað. Hins vegar tel jeg, að hlutaðeigendur, hvort sem eru einstakir menn eða sveitarfjelög, eigi að kosta þessa menn, en ekki ríkissjóður. Það er altaf verið að ganga lengra og lengra á þeirri braut, að kasta öllu á herðar ríkissjóðs, og hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað langt á að ganga í því efni. Jeg held það sje þegar nógu langt gengið.

Jeg þarf ekki að svara háttv. 2. þm. Reykv. (JB) miklu. Jeg hefi þegar gert það. Hann sagði aðeins, að hann vildi ekki vinna til, að frv. gengi fram vegna þeirrar einu umbótar, að sveitfestistíminn yrði styttur. En þar sem jeg tel það aðalatriðið, þá vil jeg ekki bíða með það að frv. komist í gegn, enda er ekki víst, að jeg verði á næsta þingi, en nú á jeg hjer atkv., nje aðrir, sem nú fylgja þeirri breytingu; samt heyrðist mjer á háttv. 2.

þm. Reykv., að hann hefði góða von um, að hann yrði áfram og geti tekið málið upp á næsta þingi. Fleira þarf jeg víst ekki að taka fram.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg hefi ekki miklu að svara, því deilur hafa orðið litlar.

Háttv. þm. Str. (MP) var að undra sig á því, að jeg hefði bundist samtökum við Framsóknarflokkinn að láta engar brtt. ná fram að ganga, sem aðrir kynnu að koma með. Þetta er alls ekki rjett. Jeg átti við nokkra flokksbræður mína. Þetta mál var rætt á flokksfundi, og hneigðust skoðanir manna yfirleitt í þessa átt. Sje jeg ekkert merkilegt við það, þótt flokkur ræði og bindist samtökum, eins og hjer var gert, um áhugamál. Við álítum, að þýðingarlaust væri að koma með brtt.; þær yrðu einungis til að fleyga málið. Annars hefir því verið yfir lýst, bæði af mjer og fleirum, svo sem hæstv. atvrh. (KlJ), að nauðsynlegt sje að taka fátækramálin til nákvæmrar yfirvegunar sem allra fyrst, og þá geta þessar breytingar komið til greina.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að endurskoða þyrfti fátækralöggjöfina, þá er jeg honum sammála um það. En það er eins hægt að endurskoða hana, þótt sveitfestistíminn verði ákveðinn 3 ár. Annars skal jeg taka það fram, að það er ekki alveg rjett hjá hv. frsm. meiri hl. (BH), að jeg hafi ekki tekið afstöðu til brtt. hv. þm. Str. (MP), nema aðeins á þessum grundvelli. Háttv. frsm. (BH) var líka að tala um kosningarnar. Fyrir mjer er ekkert kosningaflesk að mæla með þriggja ára sveitfestistíma, heldur fylgi jeg þar einungis sannfæringu minni. Sjest það berlega af því, að jeg mun ganga á móti brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JB), til þess eins, að þessi breyting nái fram að ganga nú á þessu þingi.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi tekið eftir því, að á hefir orðið um samningu brtt. minnar. Jeg fjekk einn hv. þm., sem er vel kunnugur þessu máli, til þess að orða brtt. fyrir mig, en hann hefir tekið of mikið með. Ætla jeg því að taka hana aftur og lagfæra til 3. umr.

Magnús Pjetursson: Mjer þótti gæta mikils misskilnings í ræðu hæstv. atvrh. (KlJ), þegar hann sagði, að sú afleiðing mundi verða af brtt. mínum, að allir sjúklingar í landinu, sem væru utan heimilis síns, yrðu kostaðir af ríkissjóði. Þetta getur ekki náð nokkurri átt, þar sem hjer er aðeins að ræða um sjúka þurfalinga, eins og stendur í brtt. Ef þetta væri rjett hjá hæstv. atvrh. (KlJ), ættu allir sjúklingar á landinu nú að njóta styrks að 3/5 hlutum úr ríkissjóði. Það er ekki heldur rjett, sem mjer skildist hæstv. atvrh. vilja halda fram, að jeg vildi bæta á ríkissjóð kostnaðinum við sjúklingana í geðveikrahælinu, því að eftir núgildandi lögum ber ríkissjóður hita og þunga dagsins, kostar sjúklingana að mestu leyti. Hv. deild samþykti þessa skoðun mína með atkvæðagreiðslu um meðlagið með sjúklingum á Kleppi, þar sem hún lækkaði það frá því, sem var í frv. stjórnarinnar. Hún vildi því leggja meira af þeim útgjöldum á ríkissjóð. *(PO:* Hitt hefði komið í bága við lögin). Það kemur eins mikið í bága við lögin, ef taka á nokkurt tillit til þeirra í þessu sambandi, hvort meðlagið er kr. 1.50 eða 2 kr.

Um takmarkanir á aldri þeirra, sem kallast mega gamalmenni, þarf jeg ekki að svara hæstv. atvrh. (KlJ). Jeg geri ráð fyrir, að gamalmennahælin mundu sjálf ákveða aldurstakmarkið, svo að engin

vandræði mundu af því hljótast, þó að ekki væri ákvæði um þetta í frv. Mjer finst, að hæstv. atvrh. (KlJ) hefði átt að geta verið samþykkur þessu ákvæði, þar sem hann vildi beina fátækralögunum inn á þá braut með frv. sínu, að gamalmenni yrðu ekki skoðuð sem þurfalingar. Þar sem hæstv. atvrh. (KlJ) taldi, að styrkurinn væri ekki afturkræfur samkvæmt brtt. minni, vildi jeg benda á, að jeg hefi ekki gert annað í þessu efni en að fylgja lögunum frá 1905. Þar stendur í 78. gr. um slíkar styrkveitingar: „Landssjóðsstyrkur samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan er ekki afturkræfur.“ Jeg hefi aðeins tekið þetta ákvæði upp í brtt. mína. Því er við þá löggjafa að eiga, sem þá sátu á þingi, ef þetta er rangt. Sjúkrahússtyrkur, sem nú er veittur styrkþurfum, er ekki afturkræfur samkvæmt lögum.

Hv. frsm. meiri hl. (BH) virðist hafa misskilið mig, þegar jeg talaði um rök, sem væru ekki þinghæf. Jeg taldi það aldrei óþinghæft að beita menn ekki misrjetti. Þetta veit jeg, að hv. þm. hefir skilið, þó að hann ljetist ekki gera það. Hitt taldi jeg ekki þinghæft, að tala um, að menn væru beittir misrjetti, til þess að breiða yfir misrjetti, sem áður hefir komið fram við miklu fleiri, og koma í veg fyrir, að úr því yrði bætt eftir föngum. Hv. frsm. (BH) sagði, að jeg vildi gera alt landið að allsherjarframfærslusveit. En jeg vil einungis bæta úr því misrjetti, sem er á milli þeirra, sem eru svo heppnir að komast í sjúkrahús, og hinna, sem ekki eiga því að fagna. Jeg hygg, að þetta ákvæði mundi ekki baka ríkissjóði mjög tilfinnanleg útgjöld, en hins vegar munu núgildandi lög baka sumum sjúklingum talsvert tjón.

Þá drap háttv. frsm. meiri hl. (BH) á það, hvort unt væri að breyta ákvæðum gildandi laga með fjárlagaákvæðum. Jeg geri ráð fyrir, að þó að kaffi- og sykurtollurinn yrði feldur niður úr tekjubálkinum, mundi það ekki þykja nægilegt, ef hann væri ekki afnuminn með lögum, og ekki heldur, þó að ákvæðið væri í fjárlögum, að tollurinn skyldi lækka um ákveðinn hundraðshluta. Jeg gæti nefnt mörg fleiri dæmi þess, að ekki þyki nægilegt að breyta gildandi lögum með fjárlagaákvæðum.

Hv. frsm. minni hl. (GunnS) gat þess, sem mjer þótti vænt um, að hann hefði tekið of djúpt í árinni í fyrri ræðu sinni er hann talaði um flokkssamþykt, heldur hafi það verið í samráði við nokkra flokksmenn hans, er hann hjelt þessu fram. Þetta gleður mig, því að þessi ummæli komu mjer á óvart, enda er mjer kunnugt um, að sumir samflokksmenn hans urðu hissa, er þeir heyrðu yfirlýsinguna í fyrri ræðunni.

Þá var það ein ástæða hv. frsm. minni hl. (GunnS) fyrir því, að hann vildi ekki láta breyta öðru en sveitfestistímanum, að því var lýst yfir af honum og hæstv. atvrh. (KlJ), að lögin þyrfti að endurskoða á næsta þingi. Mjer finst þetta vera sjerstaklega gild ástæða fyrir þingmenn að koma nú fram með þær breytingar, sem þeir vilja gera á lögunum. Alt, sem kemur fram á þennan hátt, er góð bending til stjórnarinnar, þegar hún fer að endurskoða lögin. Veit jeg, að hæstv. atvrh. muni skilja þetta fullvel.

Þó að nú sje altaf verið að ógna þessari hv. deild með hv. Ed., þá vil jeg minna á, að það er til hlutur, sem heitir sameinað þing, og jeg hefi ekki orðið var við það enn þá hjá þessari háttv. deild, að henni væri ljúft að láta undan við fyrstu tilraun, þegar hún er ósamþykk háttv. Ed. Mig furðar á því, að hv. frsm. minni

hl. (GunnS), sem er kunnur að því að fylgja jafnan sinni eigin sannfæringu, skuli nú ætla að greiða atkvæði gegn brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JB), sem hann greiddi atkv. með fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var um breytingar á stjórnarskránni. Það var af þeirri ástæðu, að jeg skaut því í gamni til hæstv. forseta, hvort ekki mætti telja þessa brtt. samþykta án atkvgr., þar sem deildin hefir nýlega með miklum meiri hluta lýst yfir fylgi sínu við hana.

Jeg skal játa, að það er rjett, sem hæstv. atvrh. (KlJ) benti á, að í 1. brtt. minni er 4—5 orðum ofaukið, en þessu mætti breyta við 3. umr.

Jeg vænti þess, að hv. deildarmenn athugi vel, hve brtt. mínar gera litlar breytingar á lögunum frá 1921. Jeg er ekki að skapa nýtt fyrirkomulag með brtt. mínum, því að það var gert á þinginu 1921, heldur vil jeg samræma fleiri atriði við það fyrirkomulag, sem þá var ákveðið. Vænti jeg því, að brtt. mínar fái góðar undirtektir, ekki síður en fátækralagabreytingin fjekk hjer á þingi 1921.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Í tilefni af því, sem háttv. þm. Str. (MP) sagði, að jeg hefði haldið því fram, að allir sjúklingar á landinu utan heimilis síns kæmust undir ákvæði þessara laga, ef brtt. hans yrðu samþyktar, skal jeg geta þess, að hafi jeg sagt þetta, þá hefir mjer auðvitað orðið mismæli, sem jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta hjer með. Jeg átti við alla þá sjúklinga, sem væru styrks þurfandi og færu í sjúkrahús eftir læknisráði.

Það er rjett hjá háttv. þm., að ákvæðið um, að þessi styrkur sje ekki afturkræfur, er ekki frá honum, heldur er það tekið upp úr 78. gr. fátækralaganna frá 1905, en athugasemd mín var jafnrjettmæt fyrir því. Er það eitt af þeim atriðum, sem nauðsynlega þarf að breyta, ef lögin verða endurskoðuð.

Frsm. meiri hl. (Björn Hallsson): Það eru aðeins fáein orð í garð háttv. þm. Str. (MP), og skal jeg reyna að vera hógvær og reita hann ekki til reiði. Hann ljet á sjer skilja, að jeg hefði talað á móti betri vitund, hefði þóst misskilja það, er jeg hafi hlotið að skilja, þegar hann talaði um óþinghæf rök. Jeg sagði um geðveikrahælið, að nefndin gæti ekki samþykt að taka með þá sjúklinga, sem komið er fyrir utan heimila sinna, því að það væri misrjetti gagnvart þeim, sem yrðu að vera heima hjá sjer. Háttv. þm. vildi ekki kannast við, að stefna sín væri að gera landið að allsherjarframfærslusveit. Jeg vil benda honum á, að einn liðurinn í þeirri viðleitni er að færa gamalmennahælið nú þegar undir þessi ákvæði. Þó að það yrði ekki þungbært nú, gæti það orðið stórt atriði með tímanum. Jeg játa það hins vegar, að það er mannúðlegt og að ýmsu leyti gott að gera sem mest fyrir sjúka menn, en hagur ríkissjóðs þolir ekki öll hugsanleg útgjöld, og verður líka að taka tillit til þess.

ATKVGR.

Brtt. 457,a feld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JB, MK, MP, PÞ, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, EÞ.

nei: IngB, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞórJ, BH, GunnS, HK, ÞorlJ.

Þrír þm. (ÓP, EE, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 457,b feld með 14:7 atkv.

— 437 samþ. án atkvgr.

— 336,a samþ. með 14:10 atkv.

— 336,b fellur niður.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16:3 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 164,1 a—b feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JB, LH, MK, MP, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BJ, EÞ, JakM.

nei: JS, JÞ, MG, MJ, PO, SSt, StSt, ÞórJ, BH, GunnS, HK, IngB, JAJ, ÞorlJ.

Þrír þm. (ÓP, EE, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 164,2 sjálffallin.

— 429 tekin aftur.

4. gr. samþ. með 15:1 atkv.
5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:3 atkv.

Á 56. fundi í Nd., fimtudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 505, 506, 513, 514).

Magnús Pjetursson: Jeg skal ekki tefja tímann með langri ræðu. Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við þetta frv., og eins og háttv. deildarmenn muna, mættu þær talsverðum mótmælum. Það voru ákvæðin um gamalmennahælin, sem mesta mótspyrnu vöktu. Menn vildu ekki láta sjúkrahúsákvæðin ná til þeirra sjerstaklega, vegna þess, að þm. óttuðust, að málið mundi daga uppi í hv. Ed., ef það færi þangað aftur. Nú hefi jeg felt þennan agnúa burtu úr brtt. mínum, og þar sem frv. verður nú hvort sem er að fara til Ed., ættu þessar breytingar, sem jeg hefi lagt til, að gerðar yrðu á því, að vera aðgengilegri.

Frsm. minni hl. (Gunnar Sigurðsson): Jeg gerði grein fyrir því við 2. umr. þessa máls, að jeg væri með því, að styttur yrði sveitfestistíminn, og úr því frv. á að fara aftur til Ed., geri jeg það að till. minni, að sveitfestistíminn verði færður niður í 4 ár. Jeg vænti því, að háttv. þm. taki þessari tillögu vel, og þar sem rök mín fyrir þessu eru kunn frá 2. umr., þarf jeg eigi að endurtaka þau nú. Jeg mun greiða atkvæði með brtt. háttv. þm. Dala. (BJ), og legg til, að hún nái fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi nú lagað brtt. mína að nokkru, frá því sem hún var við 2. umr. Það var fundið að henni þá, að hún væri ekki rjettilega orðuð, og því vænti jeg nú, að háttv. deild fallist á hana, þar sem mjer hefir virst, að fleiri væru henni fylgjandi en háttv. 1. þm. Rang. (GunnS). Vil jeg nú þakka honum fyrir hönd kjósenda hans, er hann nú er kominn til viðurkenningar þess, sem rjett er, og vill veita þeim þau hlunnindi, er brtt. mínar fara fram á.

Frsm. meiri hl. (Björn Hallsson): Nú hafa ræðurnar orðið nokkuð í styttra lagi undanfarið, og er það gott til eftirbreytni. Vil jeg minnast lítið eitt á brtt., sem fram hafa komið, og mun reyna að vekja ekki miklar umræður.

Það er fyrst brtt. frá háttv. þm. Str. (MP); er hún næstum því hin sama og kom fram frá honum við 2. umr. þessa máls, og því kunn þaðan. Aðeins hefir verið felt úr henni nú ákvæðið um sjúkrahúsrjett gamalmennahælisins. Jeg tel óþarft að ræða þessa brtt., bæði vegna þess, sem jeg sagði um hana við 2. umr., og vegna þess, að jeg hefi ekki átt kost á að tala um hana eins og hún er nú við 2. umr. Að öðru leyti býst jeg við, að nefndin greiði atkvæði um hana á sama hátt og

áður, því þó að felt hafi verið úr henni það ákvæðið, sem jeg lagði mest á móti, eru þó ýmsir annmarkar eftir enn, og vil jeg í því vísa til ástæðna minna, sem jeg færði fram við 2. umr., og svo hins, að meiri hl., og líklega öll nefndin, vill breyta frv. sem minst, til þess að stríða ekki Ed. um skör fram. Og þó mjer sje í rauninni ekki kappsmál um þessa breytingu, vil jeg ekki láta málið stranda í Ed. þess vegna Er því óþarft að fara fleiri orðum um þetta.

Þá er brtt. frá háttv. þm. Dala. (BJ) á þskj. 514, og er þar sama að gegna um hana, að nefndin hefir ekki rætt hana, en jeg greiði henni atkvæði, eins og jeg var búinn að taka fram við 2. umr., þar sem jeg er þessu máli hlyntur, vegna þess, að mjer er kunnugt, hversu oft er erfitt að fá þurfaling fluttan fátækraflutningi. Hafa læknar jafnvel fengið ámæli fyrir það, að vera of greiðugir á að gefa vottorð um það, að þurfalingar væru ekki flutningsfærir. Verða svo sveitir þær, sem eiga að sjá um framfærslu þeirra, oft að greiða tvöfalt meðlag með þeim í aðrar sveitir eða bæi, við það sem væri, ef þurfalingurinn fengist fluttur. Mun jeg því greiða þessari till. atkvæði. Geri jeg ekki ráð fyrir, þótt þessi brtt. verði samþykt, að það geti orsakað árekstur milli deildanna.

Þar næst kem jeg að brtt. frá háttv. 1. þm. Rang. (GunnS), og er hún miðlunartillaga milli atkvgr. Ed., um sveitfestistímann, og Nd., við 2. umr. Um hana hefir nefndin óbundnar hendur. Jeg fyrir mitt leyti er henni hlyntur og vil hana heldur en frv. Ed., og legst því ekki á móti henni. Það er að mínu áliti ekki auðvelt að segja, hvað er best, 3—4 eða 5 ár; úr því verður reynslan að skera, hvað best reynist í þessu efni, er enginn getur um það sagt fyrirfram. Fari svo, að þetta mál komi fyrir Sþ., býst jeg við, að þá yrði samþykt að færa sveitfestistímann niður í 3 ár, eftir fylgi því, sem sú stefna hefir í Ed. En í Nd. var 5 ára sveitfesti samþykt með litlum atkvæðamun. En jeg er sömu skoðunar og áður, og þykir mjer því of langt farið að stíga niður í 3 ár. En jeg vil fá framgang þessa máls á þessu þingi, og legg minna kapp á það, hver áratalan verður ofan á hjá þinginu. Held jeg því fram sem fyr, að ekki sje stigið of langt spor í einu, og þykir því hugsanlegt, að það geti skeð, að Ed. fallist á að hafa sveitfestistímann 4 ár, og verði það ofan á þar, þarf málið ekki að koma fyrir Sþ. Er þá girt fyrir það, að sveitfestin verði færð í 3 ár, og því þykir mjer þessi breyting skárri en frv. Ed.

Jón Þorláksson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð. Nefndin hefir fjallað um brtt. hv. þm. Str. (MP), og þar varð það ofan á, að vilja ekki raska þeim lagaákvæðum, sem nú gilda um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði á framfærslu sjúkra þurfalinga. Því hefir verið hreyft áður hjer í deildinni, — jeg held það hafi verið hæstv atvrh., — að hlutfallið í þessari þátttöku ríkissjóðs væri óeðlilegt, er það er einskorðað við 4 þurfamenn úr hverju sveitarfjelagi, án tillits til fólksfjölda. Nú vildum við ekki breyta þessu, vegna þess að í ráði er að gera víðtækari breytingar á fátækralögunum, og vildum við því bíða átekta til næsta þings.

Viðvíkjandi niðurfærslu sveitfestistímans vil jeg taka það fram, úr því enginn þm. fyrir kaupstaðarkjördæmi hefir drepið á það, að jeg held, að aðalástæðan fyrir því að vilja ekki færa hann niður í

3—4 ár sje fólgin í því, að í kaupstöðum og sjóþorpum fari menn að amast við fólksflutningum þangað, ef þetta yrði úr, að hann yrði styttur svo mjög. Menn mundu óttast, að fólksstraumurinn úr sveitunum legðist of þungt á þá, sem fyrir eru í sjávarþorpunum, og gerði þeim mönnum þar erfiðara fyrir, sem berjast í bökkum, að bjarga sjer. Þetta álít jeg að væri ekki rjett, ef það kæmi fyrir, að hömlur yrðu lagðar á flutninga manna milli hjeraða, enda þótt það væri ef til vill hægt að gera það á löglegan hátt. Jeg álít, að það eigi ekki að stytta tímann meira í einu en svo, að sveitarfjelögin í raun og veru sætti sig við það, án þess að leita undanbragða til að skjóta sjer undan afleiðingunum.

ATKVGR.

Brtt. 513 samþ. með 14:13 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MP, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, BH, EE, GunnS, HK, IngB, JS, LH, ÞorlJ,

nei: MJ, MK, ÓP, SSt, StSt, ÞórJ, BJ, EÞ, JakM, JAJ, JB, JÞ, MG.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 506,1 a feld með 14:6 atkv.

— 506,1 b tekin aftur.

— 514 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlG, BJ, BH, EE, GunnS, HK, IngB, JS, LH, MJ, ÓP, PO.

nei: StSt, SvÓ, ÞorstJ, ÞórJ, EÞ, JakM, JAJ, JB, JÞ, MG, MK, MP, PÞ, SSt, ÞorlJ.

Einn þm. (BSv) fjarstaddur.

Brtt. 506,2 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:7 atkv. og endursent Ed.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 543).

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jón Magnússon): Jeg leyfi mjer aðeins að lýsa því, fyrir hönd nefndarinnar, að hún leggur til, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 570).

---

40. Þjóðvegabreyting.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 1. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57 (þmfrv., A. 45).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Aðalástæðurnar fyrir þessu frv. eru teknar fram í greinargerðinni, og því óþarft að fara mörgum orðum um það nú.

Það er, sem vænta má, allerfitt að gera vegalögin hjer á landi svo úr garði, að þau sjeu allskostar rjettlát, enda er ekki hægt að segja, að það hafi tekist. Það verður ekki borið á móti því, að ýmsir

landshlutar hafa verið mjög miklu misrjetti beittir í þessu tilliti. Um sum hjeruð landsins liggja vegir þvert og endilangt, en önnur mega heita svo að segja vegalaus. Enginn landshluti er eins gersamlega án þjóðvega sem norðausturhluti landsins. Tvær víðáttumiklar sýslur, Norður-Múlasýsla og Norður-Þingeyjarsýsla, mega heita þjóðvegalausar. Um bygðarlög þessa landshluta er enginn þjóðvegarspotti alla leið úr Reykjadal og sem póstleið liggur með bygðum alt austur á Fljótsdalshjerað. Sá hluti sýslnanna, sem þjóðvegurinn liggur um, er að mestu óbygður, og hafa þessi hjeruð harla lítið gagn af þeim öræfavegi. Er það í rauninni reglulegur fjallavegur, og að mestu sjálfgerður af náttúrunni, enda hefir lítið fje verið lagt til hans af hálfu þess opinbera. Aðgerðir koma og varla til greina, þar sem honum er svo farið. Ár eru að vísu á þessari leið, en engin stórá nema Jökulsá á Fjöllum; en ekki hefir hún til þessa verið brúuð á núverandi þjóðvegi, og mun varla verða það. Niðri í Öxarfirði hefir hún aftur á móti verið brúuð, og einmitt þar, sem flm. þessa frv. ætlast til, að þjóðvegur verði lögákveðinn. Við höfum ekki tekið fram í frv., að fjallvegurinn verði lagður niður, af þeim sökum, að ekki þarf að búast við, að fje verði lagt til viðhalds honum úr ríkissjóði að neinum mun. Og því síður til að leggja þarna nýjan veg, þar sem vegurinn er að mestu leyti sjálfgerður af náttúrunnar hálfu.

Það er að mínu áliti tæplega hægt fyrir háttv. þm. að rísa gegn þeirri sanngjörnu kröfu, sem frv. fer fram á. Þess eru engin hliðstæð dæmi hjer á landi, að svo stór og fjölbygð hjeruð sjeu með öllu þjóðvegalaus. Það opinbera hefir líka þrásinnis viðurkent þetta, með því að brúa ýmsar ár á bygðaleiðinni, að mestu leyti á kostnað ríkisins, þrátt fyrir það, þótt ekki væri þar um landssjóðsvegi að ræða. Mun það hafa verið gert til að bæta það misrjetti, sem þessi hjeruð hafa orðið hjer fyrir og sem nú virðist kominn tími til að bæta að fullu.

Að lokinni þessari umr. óska jeg, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, 51, 55, 69, n. 147 og 179).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Jónsson): Samgöngumálanefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. þetta. Öll hefir nefndin þó orðið á móti brtt., en meiri hlutinn vill láta frv. ná fram að ganga, en minni hl. leggur á móti því. Eins og getið er um í greinargerð nefndarinnar, þá hefir nefndin leitað álits vegamálastjóra, og vill hann ekki láta frv. ná fram að ganga á þessu þingi, sökum þess kostnaðar, sem af því mundi leiða, þó hann hins vegar teldi breytinguna ekki ósanngjarna. Auðvitað var oss, bæði flm. og meiri hl. nefndarinnar, altaf ljóst, að þetta yrði kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, en á hinn bóginn væri það svo mikið sanngirnismál og rjettlátt, að sjálfsagt væri að samþykkja það.

Þá eru það brtt., sem jeg vil víkja að nokkrum orðum. Hvað Hafnarfjarðarveginum viðvíkur, þá er hann þegar lagður,

og yrði það því aðeins viðhald, sem kæmi til greina. Um veginn á Barðaströndinni, sem háttv. þm. Barð. (HK) vill gera að þjóðvegi, er það að segja, að hann liggur víða yfir fjöll, sem eru slæm yfirferðar, og vegagerð er þar því mjög erfið, enda mun ekki verða miklu til hennar kostað, nema að brúa nokkrar ár. Þá er það vegurinn frá Bitrufirði til Steingrímsfjarðar; hann liggur allur með ströndum fram og er ekki annað í eðli sínu en sýsluvegur. Báðir þessir vegir þræða alveg strandlengjuna, en það hefir aldrei verið ætlunin að láta þjóðvegina ná út á öll annes. Annars vona jeg, að háttv. deild sjái sjer fært að greiða atkvæði með frv. og henni verði ljós sú sanngirni, sem í því felst. Meira finn jeg ekki ástæðu til að taka fram, því aðalatriði málsins tók jeg fram við 1. umr. þess.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal lofa hv. deild því að vera ekki langorður. Aðalmunurinn, sem skilur meiri hlutann og minni hlutann að, er sá, að meiri hlutinn metur einskis álit vegamálastjóra, en minni hlutinn telur rjettast að taka tillit til álits hans, eins og vera ber, þar sem enginn hefir vitanlega betra tækifæri til að kynna sjer slík mál en hann. Minni hlutinn lítur svo á, að þó nokkur sanngirni kunni að mæla með þessu, þá er svo margt í landi voru, sem svo er ástatt um, en þó verður að bíða betri tíma. En ef frv. væri samþykt, þá myndi líka ef til vill vera sanngirniskrafa, að brtt. næðu fram að ganga. En það er ekki talið fært að leggja út í þann kostnað, sem leiðir af upptöku þessara nýju vega í vegakerfið, eins og fjárhag okkar nú er farið. Það er líka nokkurn veginn víst, að hefði þetta frv. ekki komið fram, þá hefðu brtt. ekki borist að heldur. Og þótt vegamálastjóri telji ef til vill einhverja sanngirni mæla með þessari viðbót í þjóðvegakerfið, þá hefir hann sjeð, að því verði að fresta sökum fjárhagsástæðnanna. Mig minnir, að í fyrra væri hjer í þinginu sá hugsunarháttur ríkjandi, að fara bæri sem varlegast í nýjar útgjöld, en ekki hefir fjárhagsástandið batnað frá því, sem þá var. Brýn nauðsyn í samgöngumálum er það, að halda við þeim vegum, sem þegar eru lagðir. Og þó leitt sje að geta ekki haldið í horfinu, þá er það fjárhagurinn, sem neyðir oss til að fresta þeim framkvæmdum, sem hjá verður komist, meðan ástandið batnar ekki. Á þetta jafnt við um ríkið og einstaklingana, að þeir verða að sníða sjer stakk eftir vexti. Annars vil jeg ekki fjölyrða frekar um þetta að svo stöddu.

Einar Þorgilsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 51. Eins og háttv. þm. geta sjeð, er farið fram á það, að vegarspottinn frá Hafnarfirði að Garðskaga sje tekinn upp í þjóðvegatölu og viðhaldið af ríkisfje. Samgöngumálanefnd hefir lýst yfir áliti sínu, og er heyranlegt, að erindið hefir ekki fundið náð fyrir augum hennar. Það er ekki nauðsynlegt nú að fara að endurtaka ástæðurnar fyrir brtt., þar sem sýslubúar hafa krafist þessa árlega undanfarin ár og samskonar erindi verið flutt hjer í hinu háa Alþingi undanfarin þing, og þá tilgreindar ástæður. En mjer þykir þó tilhlýðilegt að fara nokkrum orðum um málið. Það er þá fyrsta ástæðan, hinn óbærilegi kostnaður fyrir sýslubúa af lagningu vega og viðhaldi þeirra. Síðastliðin 20 ár hefir verið unnið að vegalagningu og fje lagt fram af sýslunni móts við ríkissjóð, og auk þess kostað viðhald hinna eldri vegaspotta, sem eðlilega hafa þurft talsverðs viðhalds við eftir svo langan tíma

og vegna hinnar miklu umferðar um vegina. Þar af leiðandi er sýslan komin í svo miklar skuldir, að vextir og afborganir af lánunum er mjög tilfinnanlegar útgjaldaliður. Eftir því sem jeg veit best, munu skuldir sýslunnar fyrir vegakostnað nema um 90000 kr., sem liggur mest í víxlum og öðrum þeim skuldum, sem mjög kalla að. Sýsla þessi á heldur engan þjóðvegarspotta, eða sem ekki getur talist, og mun hún vera sú einasta sýsla á landinu í þeirri grein, og má telja það sem eina ástæðuna fyrir efni brtt.

Kostnaður við lagningu nýrra vega og viðhald hinna lögðu vega, ásamt vöxtum og afborgunum af skuldum fyrir eldri vegalagningar, eru sýslubúum svo um megn, að þeir geta ekki undir risið.

Eitt atriði, sem taka verður til greina, er það, að á þessum vegarkafla mun vera nær því mesta umferð, sem er um nokkurn sýsluveg á landinu, og það á þeim ferðafærum, sem mest slíta vegunum, sem sje mannflutninga- og vöruflutningabílum, ekki minna af utansýslubúum í þeirra þarfir en sýslubúum sjálfum. Sýslubúar fara ekki fram á neinn samgöngustyrk á sjó, og ætti það fremur að styðja þennan málstað þeirra, þar sem margar eða flestar sýslur landsins verða aðnjótandi styrks frá ríkinu sjávarsamgönguleiðina, en sýslubúum finst þeir leggja sinn drjúga skerf til ríkissjóðs móts við aðrar sýslur, og ættu því tilkall til þess, að ríkissjóður styrkti þá til samgangna þess ríflegar á þeim sviðum, sem þeim er það nauðsynlegast og haganlegast, og það er með vegum og viðhaldi þeirra. Það er því næsta furðanlegt, að háttv. samgöngumálanefnd og vegamálastjóri líta svo á, eftir nefndarálitinu að dæma og ræðu háttv. frsm., að eigi beri að taka þessa breytingartill. til greina, og það þó furðanlegra, að vegamálastjóri, sem er kunnugur öllum ástæðum, skuli leggja á móti því, að brtt. nái fram að ganga, jafnvel þótt hann ætli sjer í ár, eins og hann síðastliðið ár hefir gert, að beina hluta af bílaskattinum til viðgerðar á umræddum vegi, þá er það gott, það sem það nær, en bæði er bílaskatturinn óviss í framtíð og ekki svo mikill, að af honum sje hægt að veita í margar áttir, svo verulega um muni; en viðurkenning er það af vegamálastjóra fyrir þörf til þessa vegar, það sem hann hefir til vegarins veitt, og góðra gjalda vert. Leyfi jeg mjer að vænta þess, að háttv. deild sjái það, að þrátt fyrir álit háttv. samgöngumálanefndar og umsögn vegamálastjóra, er hjer um að ræða svo mikla nauðsyn og svo sanngjarna beiðni, að henni verði ekki til lengdar synjað. Enda mun svo fara, hversu sem um málið fer að þessu sinni, að því verði framvegis haldið fram af sýslubúum og erindrekum þeirra, ef ekki nær fram að ganga nú, uns það verður viðurkent sem sanngirniskrafa og því verður sigurs auðið.

Jón Þorláksson: Jeg ætla ekki að fara að tala á móti þessu frv., því það er erfitt að leggja með rökum á móti því, að vegir verði bættir í þessu veglausa landi. En jeg ætla að leyfa mjer að gera dálitla athugasemd við álit meiri hl., þar sem hann talar um það, að gloppa sje í vegalögunum frá 1907, því þetta er bygt á misskilningi. Við ákvörðun þjóðveganna þá var það ekki haft fyrir augum, að reyna að fullnægja þörfinni innan einstakra sýslna, heldur var reynt að koma á nokkurn veginn samfeldu vegakerfi á aðalleiðunum kringum alt landið, milli landshlutanna. Þjóðvegakerfið er samkvæmt vegalögunum einn aðalhringur umhverfis meginhluta

landsins, og svo nokkrar álmur út frá þessum hring, þar sem mest var þörf. Aðalhringurinn er alstaðar einfaldur, en bygðin hins vegar oft löng milli afdala og annesja, svo að ekki var um það að gera, að fullnægja vegaþörfinni á því svæði innansveita með þessari einföldu aðallínu. Hjer er nú um það að ræða, að gera hringinn tvöfaldan á vissu svæði, en með því er gengið burt frá þeirri grundvallarreglu, sem vegalögin voru bygð á. Og ef þetta er gert á einu svæði, að tvöfalda línuna, er í sjálfu sjer alt eins mikil ástæða til þess að gera það á ýmsum öðrum svæðum líka, svo sem vesturhluta Suðurlandsundirlendisins. En þetta er hins vegar enn þá ekki nægilega undirbúið. Þetta vildi jeg aðeins taka fram, til þess að sýna, að hjer er ekki um að ræða neina gloppu í vegalögunum. Um önnur einstök atriði í þessu sambandi skal jeg ekki fjölyrða, þó ýmislegt mætti þar athuga, t. d. hvort ekki væri rjett að sleppa þá í staðinn úr þjóðvegatölu veginum frá Einarsstöðum í Reykjadal að Fossvöllum, en það er að mestu leyti fjallvegur og litlu til hans kostað. Líka er rjett að geta þess, að ein af álmunum út frá aðalhringnum er tvöföld á kafla, þar sem vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn hafði með sjerstökum lögum verið tekinn í tölu þjóðvega áður en vegalögin 1907 voru sett. En aðalatriðið í þessu, sem er nýbreytni og afbrigði frá meginhugsun vegalaganna, er það, hvort landssjóði sje yfirleitt fært að ráðast í slíka tvöföldun vegakerfisins því lítið er að sjálfsögðu í það varið að hafa titilinn einan, þannig, að vegir sjeu að nafninu einu ráðgerðir þjóðvegir, en ekki er unt að fylgja því eftir í framkvæmdinni.

Benedikt Sveinsson: Þetta vegamál, sem hjer er um að ræða, er orðið mikið áhugamál manna norður þar og hefir oft verið vakið áður, þótt ekki hafi það náð fram að ganga. Nú hafa komið áskoranir til Alþingis úr öllum sveitum norðan við Smjörvatnsheiði og alt til Reykjadals um upptöku þessa þjóðvegar, og sýnir það best nauðsynina á honum. Viðvíkjandi því, að ekki hafi verið nein „gloppa“ í vegalögunum í þessu atriði, þar sem meiningin hugsun þeirra hafi verið sú, að hafa einfalda þjóðvegalínu umhverfis landið, þá vil jeg aðeins segja það, að slíkt getur tæpast verið neitt grundvallaratriði, að hafa vegalínuna aðeins einfalda, enda hefir þessari frumreglu alls ekki verið fylgt, því að línan er þegar frá upphafi tvöföld sumstaðar, og sje jeg engin missmíði á, þótt svo sje, þar sem það er nauðsynlegt sakir staðhátta. Annars mun jeg alls eigi leggjast á móti því, að vegurinn frá Reykjahlíð og austur á Jökuldal sje tekinn í tölu fjallvega, og þá kemur nýi þjóðvegurinn á engan hátt í bága við „frumreglu“ vegalaganna.

Að öðru leyti er það ekki samar berandi, hversu þessi nyrðri vegur er langtum fjölfarnari en öræfavegurinn, sem hverjum manni er augljóst, þar sem hann liggur allur um bygðir eða þá fjallvegi bygða á milli, en hinn um sanda og öræfi, fjarri mannabygðum. Hjer eiga þrjú sýslufjelög hlut að máli. Það er alls ekki tiltektlun þeirra að heimta þegar dýra vegi á þessari leið, heldur að fá veginn lagaðan þar, sem nauðsyn krefur, og torfærur brúaðar, eins og vegalögin mæla fyrir.

Jeg vona því fastlega, að þegar háttv. deildarmenn hafa athugað málið, veiti þeir því fylgi sitt.

Magnús Pjetursson: Mjer virðist svo sem háttv. meiri hluta hafi verið allmjög mislagðar hendur. Jeg get skilið þá, sem ekki vilja gera neinar breytingar á vegakerfinu, en ekki hina, sem aðeins vilja taka út úr einhvern einstakan veg, en láta hina sitja á hakanum, sem þó kunna að eiga eins mikla sanngirniskröfu. En þetta mun koma af því, hvernig nefndin er skipuð. Jeg þarf að öðru leyti ekki að fjölyrða um málið alment, því jeg er að mestu leyti sammála hv. minni hl. og ræðu háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) um það, að það, sem aðallega veltur hjer á, er þetta, hvort ríkissjóður er yfirleitt fær um að leggja fram nokkurt fje til nýrra þjóðvega, þó samþyktar væru nýjar breytingar, sem sjálfsagt eru æskilegar, ef á annað borð er unt að framkvæma þær. Jeg hefði því ekki að fyrra bragði átt frumkvæði að breytingum á þessum lögum, en úr því um það er talað á annað borð að breyta, vildi jeg jafnframt benda á það, að nauðsyn ber til fleiri breytinga, þar á meðal þarna á Vesturlandinu, eins og brtt. mín sýnir. Og jeg vona, að sú leið fái að fylgjast með, ef á annað borð verður farið að breyta, enda mjög sanngjarnlega í sakirnar farið, að mjer virðist. Það er sjálfsagt árangurslaust að ætla sjer að lýsa staðháttum þarna fyrir þeim, sem ekki eru kunnugir þar á annað borð, enda hefir allmikils ókunnugleika gætt í því, sem hjer hefir verið um þetta sagt, svo sem í því, að það eigi að vera ástæða á móti þessu, að vegirnir liggi með sjó fram. En það er nú ekki gott að sjá, hvernig öðruvísi á að vera, eftir því sem landslagi háttar á Vestfjörðum. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta, en vænti þess, að hv. deild taki þetta til sanngjarnrar athugunar.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þegar jeg sá fyrstu tillöguna, sem fram kom í þessu máli, sagði jeg við sjálfan mig, að hún ætti að ganga fram. Jeg er talsvert kunnugur á þessum slóðum og hefi farið þessar leiðir, sem nú er ætlast til, að teknar verði í þjóðvegatölu. Það er líka alveg eðlilegt, að þjóðvegirnir liggi sem mest um bygðir, og það mælir líka með þessari nýju leið, að þá verður hægt að nota í sambandi við hana brúna á Jökulsá, sem er hið versta vatnsfall, sem jeg þekki. En sem sagt, þó mjer virtist svo í upphafi, þegar fyrsta tillagan kom fram, að hún ætti fram að ganga, þá var mjer það um leið ljóst, að ef margar slíkar kæmu á eftir, sem við búið væri, þá myndi hún eiga það á hættu að standa, eða öllu heldur falla, með þeim. Það hefir nú komið á daginn, að margar viðaukatillögur hafa komið fram, og þannig veikt aðaltillöguna. Jeg áleit það nú skyldu mína að bera mig saman við vegamálastjóra um þetta mál, og hefir hann sagt mjer álit sitt um það, sem ber alveg saman við það, sem hann hefir tjáð nefndinni, svo sem vænta mátti. Honum reiknast svo til, að leiðin um Grímsstaði væri um 180 km., en hin fyrirhugaða alt að því 270 km. Það má því búast við, þar sem svo miklu munar á vegalengd, að nýja leiðin verði aldrei langferðavegur, heldur aðeins innansveitarvegur. Samt sem áður verð jeg eindregið að hallast að því, að nýja leiðin verði tekin fram yfir þá gömlu.

Hvað snertir brtt. háttv. 1. þm. G.-K. (EÞ), þá skal jeg geta þess, að vegamálastjóri leggur alveg á móti því, að sá vegur verði gerður að þjóðvegi. Er það af þeim sökum, að þegar hafi verið mikið gert fyrir þennan veg, er 10000 krónum af bifreiðaskattinum var varið til hans árið

sem leið, mót 5000 úr sýslusjóði. Eru það 15000 kr. alls, og er það allsæmileg upphæð. Háttv. flm. brtt. tók það fram, að sýslan risi vart undir þessum kostnaði, sem hún hefði að bera af þessu og ýmsu öðru, og væri hún nú komin í sökkvandi skuldir. Það mun rjett vera. En alt um það eru ekki tiltök að gera þennan veg að þjóðvegi. Hvað það snertir, að mest umferð sje um þennan veg af öllum vegum landsins, þá skal jeg játa, að umferðin um hann er geysimikil, en þó býst jeg við, að finnast muni vegir, sem verða að sæta jafnmikilli umferð. Það, sem líka mælir móti þessu, er það, að það myndi óefað draga dilk á eftir sjer, ef farið væri að gera slíka vegi sem þennan að þjóðvegum. Aðrir myndu ugglaust koma á eftir, og svo koll af kolli. Háttv. flm. brtt. sagði, að haldið myndi verða áfram að biðja um þetta, ef því yrði nú neitað, þar til er það hefðist fram. Já, ef háttv. þing ætlaði sjer að taka upp þá stefnu að láta undan einni saman þrábeiðni, þá væri eins ljett að gera það strax. En jeg efast um það, að sú stefna verði tekin, og býst jeg því við, að langt verði þangað til þessi bón verði veitt.

Að því er snertir brtt. háttv. þm. Barð. (HK), skal jeg taka það fram, að vegamálastjóri kveður mjög litla umferð um þenn veg, og því litla ástæðu til að gera hann að þjóðvegi. Hins vegar kvað hann þurfa að byggja nokkrar brýr yfir smáár, sem þar væru, og væri ekkert á móti, að sýslubúum væri veittur nokkur styrkur til þess síðar.

Þá hefir og komið fram viðaukatill. frá háttv. þm. Str. (MP). Jeg verð að taka það fram, að jeg hefi farið yfir Bitruháls, og er það einhver hinn versti vegur, sem jeg hefi farið. Og hafi ekki verið gert við hann síðan jeg fór þar um, þá er sjálfsagt engin vanþörf á að fara til þess, hvort sem landið lætur gera það eða sýslan. Samt er vegamálastjóri á móti því, að þessi vegur sje gerður að þjóðvegi, af þeirri ástæðu, að vegagjöld sýslunnar sjeu svo ljett, að þetta sje eini vegurinn, sem hún þarf að kosta viðhald á.

Það er yfirleitt sú aðalástæða, sem vakir fyrir vegamálastjóra og mjer, að ekki sje kleift að taka aðra eins vegi upp á arma ríkissjóðsins, nema þá að jafnframt sje aukið tillagið til vegagerða í fjárlögunum. Ella yrðu slík lög sem þessi hreint pappírsgagn. Því hvað þýðir að gera lög um, að ríkið haldi við þessum vegum, ef tugir ára verða svo að líða án þess það sje gert? Afleiðingarnar af slíkum breytingum á vegalögunum yrðu aðeins þær, að fram kæmu fleiri beiðnir, og myndi það því aðeins verða til að auka umr. á háttv. Alþingi.

Jeg tel því í rauninni rjettast, að engar breytingar sjeu gerðar nú á þeim lögum, en hitt heppilegra, að taka alt vegakerfið til athugunar í heild og leggja það fyrir Alþingi síðar.

Ólafur Proppé: Vegna veikinda minna hefi jeg ekki haft tækifæri til að koma fram með brtt. við þetta frv. Jeg vil því geta þess til athugunar, að jeg hefi í hyggju að koma fram með brtt. við 3 umr., þess efnis, að vegurinn frá Ísafirði um Breiðdalsheiði og Gemlufallsheiði til Rafnseyrar og frá Bíldudal um Fossheiði að Þorskafjarðarbotni verði tekinn upp í tölu þjóðvega.

ATKVGR.

Brtt. 51 feld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlG, BJ, EÞ, EE, JB, MG, MP, ÓP, PO.

nei: SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BH, GunnS, IngB, JakM, JAJ, JS, JÞ, LH, MJ, MK, PÞ, BSv.

Einn þm. (HK) fjarstaddur.

Brtt. 55 feld með 14:6 atkv.

— 69 feld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BJ, EÞ, EE, GunnS, JakM, JB, MP, ÓP, PÞ, ÞorlG.

nei: ÞórJ, BH, IngB, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, MJ, MK, PÞ, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlJ, ÞorstJ, BSv.

Einn þm. (HK) fjarstaddur.

Frvgr. (óbreytt) samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MK, ÓP, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BH, EE, GunnS, IngB, JakM, JB, JÞ, BSv.

nei: MG, MJ, MP, SSt, EÞ, JAJ, JS.

Einn þm. (HK) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:4 atkv.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 45, 225, 232).

Ólafur Proppé: Vegna ýmsra upplýsinga, sem von er á, en ekki eru komnar fram, leyfi jeg mjer að mælast til, að mál þetta verði tekið af dagskrá.

Forseti **tók málið af dagskrá.**

Á 47. fundi í Nd., laugardaginn 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti **tók málið af dagskrá.**

Á 48. fundi í Nd., mánudaginn 23. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 45, 225, 232, 377, 378, 392, 406).

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Jónsson): Það eru komnar fram margar brtt. við þetta frv. Í morgun hjelt samgöngumálanefnd fund með vegamálastjóra og ræddi þar við hann um þær brtt. við frv., sem nú liggja fyrir til umræðu. Nefndin var sammála um brtt. frá háttv. þm. N.-Þ. (BSv), um að nema úr þjóðvegatölu veginn frá Fossvöllum að Gilsárbrú á Jökuldal, og að sýslunefnd Norður-Múlasýslu taki þann vegarkafla í sýsluvegatölu, að leiðin frá Breiðamýri til Reykjahlíðar falli úr tölu þjóðvega og að gerð sje að fjallvegi leiðin þaðan um Grímsstaði og Möðrudal yfir Gilsárbrú. Eins og jeg tók fram áður, þá er þessi vegur í eðli sínu fjallvegur. Jeg sje því ekki, að Norðurland og Austurland missi nokkuð að ráði við þessa breytingu. Það er aðeins vegarkaflinn frá Fossvöllum að Gilsá, sem Norður-Múlasýsla mun þurfa að leggja nokkuð til viðhalds á ári hverju, ef hún tekur við honum.

Þá er brtt. á þskj. 378, frá háttv. þm. N.-Þ. (BSv), um að í stað „Reykjaheiði" í frv. komi: Tunguheiði. Að við settum Reykjaheiði í frv. upphaflega stafaði af því, að við álitum betra að leggja veg yfir hana heldur en yfir Tunguheiði. Hún er sljettari og lægri en Tunguheiði. Þó að Tunguheiði sje hærri og erfiðari, þá er hún styttri, og sá vegur, sem að henni liggur, er meira í bygð. Að öllu þessu athuguðu hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu að mæla með þessari brtt.

Hv. þm. Borgf. (PO) hefir tjáð nefndinni, að hann tæki sína brtt. aftur.

Þá er og brtt. frá hv. þm. S.-Þ. (IngB)

á þskj. 406, um að Reykjadalsbraut verði gerð að þjóðvegi, einnig tekin aftur. Nefndin vildi ekki taka þessa braut upp í þjóðvegatölu, heldur fylgja tillögum vegamálastjóra, og hefir háttv. flm. (IngB) sætt sig við það.

Um hinar aðrar brtt. hefir nefndin í heild ekki tekið neina bindandi afstöðu. En þær geta þrátt fyrir það haft einhvern byr hjá sumum nefndarmönnum.

Jeg vona nú, að þetta mál gangi fram, þar sem ekki er hægt að berja því við lengur, sem gert var við 1. umr., að löghelgaðir þjóðvegir milli Norður- og Austurlands yrðu tveir, ef frv. yrði samþykt óbreytt. En nú legst annar þeirra niður, ef farið verður að ráðum samgöngumálanefndar, og kemur hjer eftir í tölu fjallvega.

Um þennan nýja fyrirhugaða þjóðveg er það að segja, að hann liggur miklu meira um bygðir en gamli vegurinn, og að allir þeir fjallvegakaflar, sem eru á þeirri leið, sem hann liggur um, eru miklu styttri. Allur nýi vegurinn verður í heild sinni nokkru lengri en sá gamli, en kemur margfalt fleiri hjeruðum og mönnum til nota.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hefi ekki miklu að bæta við það, sem háttv. frsm. meiri hl. (ÞorstJ) sagði. Hann hefir lýst því yfir, að nefndin hafi borið sig saman við vegamálastjóra og tekið ákvarðanir sínar í samræmi við hann. Þessu er jeg einnig sammála.

Þetta mál var tekið af dagskrá á dögunum, vegna þess, að mönnum var þá ókunnugt um, hvernig hann mundi líta á þessar tvær brtt. á þskj. 225 og 232, en nú mælir hann á móti báðum, og vona jeg, að þingmenn muni fallast á það.

Hvað snertir till. á þskj. 225 segir vegamálastjóri, að þeim vegi, sem þar er talað um, sje viðhaldið með fjallvegafje. Það er fjallvegur um Brekkuháls og Gemlufallsheiði á þessari leið, sem hann álítur óráðlegt að gera að þjóðvegi, en telur engan vafa á, að fje muni fást úr ríkissjóði þeim til viðhalds.

Sama máli er að gegna um síðari till. á þskj. 232, sem í raun og veru er sama till. og áður hefir verið feld hjer í deildinni. Það er fjallvegur, sem haldið er við af ríkisfje. Enn fremur taldi vegamálastjóri sjálfsagt, að samkvæmt till. á þskj. 392 yrði sýslunefnd Norður-Múlasýslu að ákveða sýsluveg frá Fossvöllum upp að Skjöldólfsstöðum. Á sama hátt var hann fylgjandi þeirri brtt., að vegurinn frá Einarsstöðum að Reykjahlíð yrði feldur úr tölu þjóðvega og gerður að sýsluvegi. Sem sagt, jeg vænti að háttv. deild hagi sjer eftir till. vegamálastjóra.

Magnús Pjetursson: Hv. frsm. meiri hl. (ÞorstJ) lýsti yfir því, að nefndin hafi ekki getað tekið afstöðu til viðaukatillögu minnar, en þó skilst mjer, að jeg muni eiga von á liðstyrk í þeirri nefnd. Hv. deild kann að koma það undarlega fyrir sjónir, að þessi till. skuli koma fram aftur, þar sem hún var þó feld við síðustu umræðu. En ástæðan er sú, að þegar hún var feld, kom það skýrt fram, að hv. þm. höfðu misskilið hana og tekið það svo, sem vegurinn ætti að enda frammi í dalbotni, en ekki að liggja milli sýslna. Jeg vildi því láta það koma skýrt fram, að hjer er um póstleið að ræða milli landsfjórðunga.

Þá var það ekki rjett, sem fram var haldið hjer við 2. umr., að Strandasýsla hefði lagt tiltölulega lítið af mörkum til

vegagerðar, samanborið við aðrar sýslur. Jeg hygg, að svo sje einmitt ekki, er tekið er tillit til fjölda verkfærra manna í þeirri sýslu og öðrum. Og þó þessi vegarspotti, sem hjer ræðir um, verði tekinn inn í vegakerfi landsins, þá eru samt óravegir eftir, sem sýslan hefir allan veg og vanda af og þarf að sjá fyrir. Jeg hefi ekki leitað álits vegamálastjórans, en ætla mjer að láta deildina skera úr því, hvað hún telji ráðlegt eða sanngjarnt í þessu máli. En þó vil jeg enn minnast á, að mjer finst mótbára hæstv. atvrh. (KlJ) harla ljettvæg, sem sje það, að vegur þessi væri fjallvegur að nokkru leyti, sem hvort sem er væri kostaður af ríkissjóði Mjer sýnist einmitt þetta styðja tillögu mína og gera það sjálfsagt að taka veginn upp í tölu þjóðveganna. Óhætt er líka að segja, að ekkert örlæti getur það talist af hinu háa Alþingi, þó þetta verði samþykt. Því það er sönnu næst, að Vestfirðingar hafa ekki verið ásælnir í fje úr ríkissjóði til vega sinna, og þó gert ýmsar framkvæmdir í þessum efnum. Og án þess, að jeg vilji ásaka háttv. deild, þá verð jeg þó að segja, að ýmsir háttv. þm. hafa komið fram breytingum, sem engu meiri sanngirni mælir með en sú, að unna Vestfirðingum þessa vegarspotta. En það er skaðlegt, er menn fara að taka einn landshluta svo út úr við fjárveitingar, sem í eðli sínu eru svo vaxnar, að þær ættu að koma sem jafnast niður. Annars vænti jeg þess, að Vestfirðingar sjeu ekki svo illa kyntir, að hv. þm. sjái sjer ekki fært að verða við þessari sanngirniskröfu.

Ólafur Proppé: Jeg þykist sjá fram á, að viðaukatillaga mín á þskj. 225 eigi ekki miklum byr að fagna í hv. deild. Raunar tók háttv. frsm. meiri hl. (ÞorstJ) það fram, að háttv. samgöngumálanefnd hefði ekki getað tekið neina afstöðu til hennar, en mjer skildist þó, að hún hafi heldur verið mótfallin till. Hitt þykir mjer þó enn lakara, að vegamálastjóri og landsstjórn skuli hafa snúist á móti henni. En að fengnum ýmsum upplýsingum og loforði vegamálastjóra um það, að veita ríflega af fje til fjallvega til þessa vegar, þá leyfi jeg mjer að taka tillöguna aftur, en býst þó við, að ekki muni langt líða, þangað til málið verður tekið upp af nýju.

Pjetur Ottesen: Þar sem mjer þótti svo við horfa á fyrra stigi þessa máls, að það væri, miðað við þær undirtektir, sem það fjekk, líklegt til þess að ná fram að ganga, en flm. hafa hins vegar ekki komið fram með neinar tillögur um að fella þennan gamla veg úr þjóðvegatölu, en alls óviðeigandi að hafa þarna tvöfaldan þjóðveg, þá hefi jeg flutt hjer brtt. á þskj. 377, sem jeg hefi samið í samráði við vegamálastjóra. Þá er og síðan einnig komin fram samskonar brtt. frá háttv. þm. N.-Þ. (BSv), sem er einn af flm. þessa frv., og er hún aðeins frábrugðin minni till. í því, að samkvæmt henni fellur vegurinn frá Breiðamýri til Reykjahlíðar úr tölu þjóðvega, án þess að hann sje tekinn upp í sýsluvegatölu. Jeg hefi átt tal um þetta við vegamálastjóra, og hefir hann ekki fundið neitt við það að athuga og lýst yfir því, að hann gæti vel fallist á það, þar sem nú er verið að leggja sýsluveg samhliða þessum vegarkafla. Jeg tek því tillögu mína aftur.

Þórarinn Jónsson: Jeg stend upp til að hughreysta þá háttv. þm., sem hjer eiga

brtt. Býst jeg við, að þær viðauka- og breytingartillögur, sem enn hafa ekki verið teknar aftur, muni verða feldar, og er það í sjálfu sjer eðlilegt, þar sem margskonar ósamræmi getur myndast, ef einstaka þingmenn beita sjer fyrir því að fá vegaspotta fyrir sín kjördæmi, gegn tillögum vegamálastjóra. Jeg hafði eftir áskorun úr mínu kjördæmi hugsað mjer að koma með brtt., sem var alveg sjálfsögð og í samræmi við fyrirhugaðar breytingar vegamálastjóra á vegalögunum. En við nánari athugun fundum við þó, að þetta hafði þó ekki fengið nægilegan undirbúning. Og eru það venjulega sýslunefndirnar, sem jafnframt breytingunni þurfa að segja sitt orð um hana. Hætti jeg því við brtt., en fjekk í þess stað loforð hjá vegamálastjóra um það, að endurskoða vegalögin og búa þau undir næsta þing, með þessari og fleirum sjálfsögðum breytingum. Finst mjer það eðlilegra og þingmenn geti vel sætt sig við það og beðið eitt ár eftir breytingunni. Jeg get þó greitt frv. atkvæði mitt, þar sem samþykki sýslunefnda þarf til þess, að það komi til framkvæmda.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að minni hluti nefndarinnar hefir ekki breytt aðstöðu sinni í þessu máli, og greiðir því atkvæði á móti, eins og við 2. umr. Eins og öllum er kunnugt, eru ýmsar brtt. fram komnar, en vegamálastjóri hefir lýst yfir því, að hann muni leggja vegalögin endurskoðuð fyrir næsta þing. Hann mundi því helst hafa kosið, að þetta frv. hefði ekki komið fram. Sömuleiðis tók hann það fram, að þó frv. yrði samþykt, þá myndi samt ekkert fje verða fyrir hendi til þessara framkvæmda í sumar, og líklega ekki á næsta sumri. Jeg get því ekki sjeð, hver ágóðinn verður af því, að frv. nái fram að ganga, og skil ekki, hvers vegna ekki mega bíða með þessar breytingar við vegalögin þar til lögin verða öll endurskoðuð á næsta þingi. Það eru fjárhagsörðugleikar ríkisins, sem hafa knúið mig og fleiri til þess að vera á móti því, að svona sje verið að grípa inn í vegamálakerfi landsins og stofna til nýrra útgjalda um skör fram. Vegna fjárhagsörðugleikanna verður að fresta ár frá ári nauðsynlegum brúa- og vegagerðum, en til þess að halda þeim vegum við, sem þegar eru gerðir, verður auðvitað að leggja fram nokkurt fje árlega, hvernig sem fjárhagurinn er. Til þess hefir ríkið brýna skyldu. Því minni ástæða er nú til þess að fara að koma með þennan veg, sem frv. á þskj. 45 ræðir um. Hann liggur um strjálbygt hjerað, svo að þó hann sje býsna langur, þá er aðeins nokkuð á annað þúsund manns, sem við hann býr. Auk þess er engin áætlun fyrir hendi, um hvað hann kostar. Viðvíkjandi brtt. get jeg annars lýst yfir því, að við, minni hluti nefndarinnar, höfum óbundin atkv. um þær. Fyrir mjer eru það eingöngu fjárhagsörðugleikarnir, sem valda því, að jeg mun ekki geta ljeð þeim fylgi mitt Það er raunar skemtilegt fyrir háttv. þm. að geta haft eitthvað nýtt heim með sjer í vasanum, til að gæða kjósendum á. Og auðvitað er þörf á því, sem hjer er farið fram á, en að hún sje verulega brýn, tel jeg vafamál. Og það vil jeg að lokum láta um mælt, að hvaða þm. svo sem hefðu flutt þessar brtt., þá hefði jeg samt verið á móti þeim, af sömu ástæðum.

Frsm. meiri hl. (Þorsteinn Jónsson): Jeg þarf ekki að svara mörgu því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (SSt) ljet um mælt. En þar sem hann **kveður** vegamálastjór

hafa gefið þær upplýsingar, að aðeins á annað þúsund manns hafi vegarins no. þá tel jeg mjer skylt að leiðrjetta þann misskilning. Vegamálastjóri hefir aðeins sagt, að þegar þeir einir sjeu taldir, sem við veginn búa, þá sjeu það 1995 menn, en þar á ofan er skiljanlega fjöldi manns, sem vegarins nýtur, þar sem hliðarbrautir margar liggja frá veginum. T. d. er ekki talin með nema nokkur hluti Vopnafjarðar eða Norður-Þingeyjarsýslu. En eins og jeg áður hefi látið í ljós, þá var það misráðið, þegar vegalögin voru samþykt, að leggja þjóðveg yfir fjöll og firnindi milli Austurlands og Norðurlands, langt fyrir innan margar stórar sveitir og jafnvel heilar sýslur, í stað þess að leggja hann þá leið, sem frv., sem hjer er um rætt, gerir ráð fyrir. Sama átti sjer stað með símann, þegar hann var fyrst lagður um þessar slóðir. Fyrst var hann lagður frá Vopnafirði þvert yfir Dimmafjallgarð, Hólsfjöll og Mývatnsöræfi til Reykjahlíðar. Seinna varð að leggja hann um sveitirnar fyrir norðan, þar sem við flm. frv. ætlumst til, að þjóðvegurinn verði lagður, og því varð síminn tvöfaldur í þessum landshluta fyrir bragðið.

Eins og áður hefir verið tekið fram, þá hefir ríkið viðurkent óbeinlínis, að þarna ætti að vera þjóðvegur, í stað sýsluvegar, því viðgerð á vegum á milli þessara hjeraða hefir ríkissjóður kostað. Hann hefir lagt fje til allra fjallvega á þessari leið. Þingið hefir þannig viðurkent órjettmæti vegalaganna í þessu tilfelli, og veit jeg ekki, hvað betur sýni sanngirni þessarar vegalagabreytingar.

Þá eru það nokkur orð í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (SSt), sem þurfa athugunar við. Hann talaði um, að ríkissjóði bæri fyrst og fremst skylda til að halda við þeim vegum, sem þegar væru lagðir, en ekki hitt, að leggja áherslu á lagning nýrra vega. En jeg vil vekja eftirtekt á því, að hjer er ekki farið fram á, að nokkur nýr vegur sje lagður, heldur aðeins, að skift sje um þjóðvegastæði. Og jafnvel þó hjer væri um nýjan veg að ræða, þá fæ jeg ekki annað sjeð en full sanngirni mælti með honum. Og þar sem Norðausturland hefir verið misrjetti beitt áður um fje til vegagerða, þá er tími kominn til þess nú að bæta úr því og taka þennan umrædda veg upp í tölu þjóðvega.

Þá var það enn eitt atriði, sem sami hv. þm. (SSt) færði gegn því, að breytingin næði fram að ganga, sem sje það, að engin kostnaðaráætlun um verkið væri fyrir hendi. En geta má þess, að þegar vegalögin voru gerð, þá mun engin kostnaðaráætlun hafa verið gerð yfir þá vegi, sem leggja skyldi. Og þó slík áætlun væri nú til, þá er samt þess að gæta, að allar slíkar áætlanir eru mjög óábyggilegar, ekki hvað síst nú á tímum, þegar verðbreytingar eru svo mjög tíðar.

Enn er það, að þó að í vændum sje að leggja frv. til nýrra vegalaga fyrir næsta þing — og jeg efast ekki um, að vegamálastjóri láti verða úr því, — þá er hitt alveg ósannað mál, hve nær þingið afgreiðir það. Og þar sem hjer mun að allra dómi, sem til þekkja, vera um alveg rjettmæta breytingu að ræða, þá sje jeg ekki neina ástæðu til þess að fara að slá henni á frest, vegna þessarar fyrirhuguðu endurskoðunar á vegalöggjöfinni, sem enginn veit, hvað úr verður. Enda er mjer nær að skoða þessa röksemd sem tilraun til þess að fá hv. þm. til að greiða atkvæði á móti frv. Læt jeg svo útrætt um þetta mál að sinni, en vona, að hv. deild verði ekki vilt sýn í máli þessu.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg vildi geta þess, að brtt. sú, sem jeg á, á þskj. 406, er flutt vegna þess, að brtt. var fram komin á þskj. 377, um að nema veginn frá Einarsstöðum að Reykjahlíð úr tölu þjóðvega. Áleit jeg sjálfsagt, að þjóðvegurinn lægi óslitinn austur í gegnum sýsluna, og fór því fram á, að vegarkaflinn frá Einarsstöðum til Húsavíkur yrði gerður að þjóðvegi. En nú hefi jeg átt tal um þetta við vegamálastjóra, og hefir hann heldur lagst á móti brtt. minni, að hún verði samþykt nú, einkum vegna þess, að vegalögin í heild muni endurskoðuð fyrir næsta þing. Með tilliti til þessa, og þar sem jeg hins vegar finn, að brtt. mín muni eiga litlum byr að fagna í hv. deild, þá vil jeg hjer með taka hana aftur.

Þá vil jeg lítillega minnast á brtt. á þskj. 378, að í stað „Reykjaheiði" komi: Tunguheiði. Jeg vil upplýsa, að það ákvæði komst inn í frv. af athugaleysi. Póstvegurinn liggur nú yfir Tunguheiði, og þar liggur símalínan einnig yfir. Hefir vegur yfir heiðina verið ruddur fyrir fjallvegafje. En þegar kemur niður í Keldhverfi, tekur við akfær vegur austur yfir sveitina, að brúnni á Jökulsá. Væri nú þjóðvegur ákveðinn og lagður yfir Reykjaheiði, þá lægi hann um óbygðir austur að Jökulsá, samhliða alfaraveginum. Er sjáanlega fráleitt að hafa tvöfaldan veg á þessum kafla, enda mundi Reykjahlíðarvegurinn sáralítið notaður. Vona jeg, að ekki þurfi að fara fleiri orðum um þetta, og jeg veit, að hv. þm. sjá, hvað hjer er um að ræða, og samþykkja þessa sjálfsögðu brtt., sem hjer liggur fyrir.

Björn Hallsson: Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál, enda var það mikið rætt við 2. umr. En jeg vil aðeins minnast á brtt. frá hv. þm. N.-Þ. (BSv), á þskj. 392, við brtt. á þskj. 377, um það, að gamli þjóðvegurinn um Jökuldal og Fjöll falli niður, og ætti þá aðalbrtt. þar með að vera úr sögunni, ef þessi gengur fram. Verður þá sýsluvegur frá Fossvöllum að Gilsárbrú og fjallvegur þaðan í Reykjahlíð. Jeg geri fyrir mitt leyti ekki mikið úr því atriði tillögu þessarar, hvort takmörkin eru sett, eins og þar er, við Skjöldólfsstaði eða Gilsárbrú. Það er ekki um langan veg að ræða milli þeirra staða. En með þessari brtt. er sá agnúi fallinn í burtu, sem hjer var mest færður á móti frv. við 2. umr., þar sem nú á að fella þann þjóðveg, sem nú er, úr þjóðvegatölu, ef frv. verður samþykt.

Þá þarf jeg að víkja fáeinum orðum að háttv. þm. N.-Ísf. (SSt). Hann sagði, í sambandi við það, að ekki mundi verða veitt fje til þessa vegar á næsta ári, að aðalhvöt okkar flm. myndi vera sú, að við vildum kasta glansi á okkur gagnvart kjósendum okkar í þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti mótmæli þessu fyrir okkar hönd. Við flytjum þetta mál eftir sannfæringu okkar; teljum það sanngjarnt í alla staði. En þar sem skoðanir okkar falla þar alveg saman við álit kjósenda okkar, þá erum við því fúsari að verða við þeirri ósk Norðmýlinga og Þingeyinga, að fá þessum þjóðvegi breytt. Jeg fyrir mitt leyti tel þingsetu heldur ekki svo eftirsóknarverða, að jeg vilji flytja mál fyrir kjósendur, sem jeg tel alrangt, svo jeg tel þessa hnútu háttv. þm. N.-Ísf. alveg ástæðulausa. En það er ekki óvanalegt, að slíku sje kastað hjer fram.

Annars þarf ekki annað en að líta í þær fundargerðir, sem hjer liggja frammi í lestrarsalnum, til þess að sannfærast um vilja kjósendanna í þessu efni. Þar eru til sýnis fundargerðir úr öllum hlutaðeigandi hreppum.

Vænti jeg svo þess, að frv. þetta verði nú samþykt fyrirstöðulaust.

Frsm. minni hl. (Sigurður Stefánsson): Því fór fjarri, að jeg væri með neinar aðdróttanir um kjósendadaður út af þessu máli. En jeg sagði og segi enn, og er þar í samræmi við vegamálastjóra sjálfan, að þessi vegalagning megi bíða, þó hún geti verið góð í sjálfu sjer. Og þingið verður að fara varlega í allar breytingar, sem geta haft aukin útgjöld í för með sjer. Þetta er heldur engan veginn eina krafan, sem kemur um breytingu. Þær koma margar, og margar sann gjarnar, en verður samt að skjóta þeim á frest, vegna fjárhagsörðugleika þeirra, sem yfir standa.

ATKVGR.
Brtt. 377 tekin aftur.
— 406 tekin aftur.
— 225 tekin aftur.
— 378 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 392 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 232 feld með 14:12 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BH, HK, IngB, JakM, JB, LH, MK, PO, PÞ, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorlJ, ÞorstJ, ÞórJ, BJ, BSv.
nei: EÞ, JAJ, JS, JÞ, MG, MJ, MP, ÓP, SSt.

Tveir þm. (EE, GunnS) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 431).

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 8 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 431, n. 548).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg get látið mjer nægja að vísa til nál. í málinu um það, hvernig nefndin lítur á það. Kemur þar fram, að nefndin er frv. samþykk að efni til og telur það víst, að við endurskoðun laganna verði þessi þjóðbraut tekin upp. Er það líka álit vegamálastjóra. Hitt er vitanlega álitamál, hvort legið hefir á þessu nú. Þó hefir nefndin eigi viljað sporna á móti því, að frv. nái fram að ganga í þetta sinn. Býst hún eigi við, að þetta verði nema á pappírnum hvort eð er. Var því samkomulag um það í nefndinni að leggja til, að frv. yrði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi..

(Sjá A. 590).

41. Vegalagabreyting.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 19. mars, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 41, 11. júlí 1911, um breyting á lögum nr. 57, frá 22. nóv. 1907, um vegi (þmfrv., A. 165).

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 22. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 24 mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Jeg skal reyna að fara svo í þetta mál, að ekki þurfi að spinnast langar umr. út af því. Eins og frv. ber með sjer, er þar farið fram á, að viðhaldinu á veginum, sem liggur um Ölfus og Flóa og austur að Þjórsárbrú, verði ljett af Árnesingum. Svo sem sjá má af greinargerðinni, hafa sýslufundir Árnesinga hvað eftir annað farið þessa á leit, en hingað til árangurslaust; málið fleirum sinnum komist inn í þingið, en fallið þar. Nú er svo komið, að Árnesingar telja sjer ekki aðeins ofraun að annast þann veg, sem hjer er óskað, að af þeim verði ljett, heldur hefir og síðasti sýslufundur þeirra beiðst þess, að Eyrarbakkaflutningabrautinni, kaupstaðarleiðinni frá Selfossi til Eyrarbakka, um 11 km. langri, verði komið á ríkisviðhald. Er sá vegur mjög úr sjer genginn og að dómi vegamálastjóra nauðsyn á að endurbyggja hann. Er síst furða, þótt sýslufjelagið mæltist nú undan slíkum byrðum, er það fær alls ekki rönd við reist.

En við flm. viljum ekki biðja nema nokkurs af því nauðsynlegasta, í þeirri von, að háttv. þm. sinni máli okkar því fremur, sem skemra er farið.

Jafnframt vegarviðhaldinu tel jeg sjálfsagt, að landssjóður taki að sjer brýrnar á Ölfusá og Þjórsá; hin síðari er nú á framfæri Rangárvallasýslu. Það er ríkisins, en ekki fátækra sýslufjelaga, að gæta svo dýrra mannvirkja og standa straum af nauðsynlegum viðgerðum.

Jeg álít ekki neina þörf að fara hjer nákvæmlega út í fjárhagsástæður sýslunnar. Málinu verður væntanlega vísað til nefndar, og þar gefst tækifæri að athuga slíkt. Jeg vil þó drepa lítið eitt á einstöku atriði.

Þegar litið er á skýrslu vegamálastjóra þá er það ljóst, að Árnesingar bera langhæst vegagjöld af öllum sýslum landsins. Eru þau jafnaðarlega nú síðustu árin um 50% af öllum gjöldum sýslunnar, og er auðsætt, hver baggi það er, þegar þess er gætt, hve þungar aðrar byrðar sýslunnar eru. Það er nú líka svo komið, að sýslufjelagið er algerlega að sligast undir þessu. Þetta er svo viðurkent, að það þarf í rauninni engrar staðfestingar. Á þinginu 1921 komst samgöngumálanefnd Nd. að þeirri niðurstöðu, að vegagjöld Árnessýslu væru alveg einstök og ekki saman-

berandi við vegagjöld nokkurrar annarar sýslu. Ætti þetta eitt að vera nægileg staðfesting á orðum mínum. Eru sumir þeirra háttv. þm. enn í samgöngumálanefnd og fá nú tækifæri til að staðfesta skýrslu sína.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg geta þess, að sú ívilnun, sem kemur fram í frv. um sýsluvegasjóði, sem nú er á ferðinni, kemur ekki Árnesingum að þeim notum, sem æskilegt væri. Er það af þeim sökum, að fasteignamat þar í sýslu er tiltölulega mjög hátt, og alt tekið til greina sem lágmarksupphæð áður en landssjóðsstyrkur byrjar, húsaverð og umbætur síðustu ára, sem hvorttveggja er tiltölulega hærra í Árnessýslu en nokkurri annari sýslu á landinu. En það væri ómaklegt, að bændur yrðu aðnjótandi því minni ríkishjálpar til vegabóta, sem þeir hafa meir eytt fjárþoli sínu til húsabóta og jarðabóta, og er rangt að láta menn á þann hátt gjalda framtakssemi sinnar. Jeg vildi aðeins benda á þetta, svo að nefndin, sem kemur til að fjalla um málið, geti tekið það til athugunar. Annars tel jeg nægja að vísa til greinargerðarinnar, því að þar eru ástæður að öðru leyti teknar fram, þar á meðal hverjir það eru, sem nota veginn, og er það ekkert aukaatriði.

Að síðustu vil jeg víkja að þessu, sem jeg veit að sumir háttv. þm. setja fyrir sig, hvort varlegt sje að fara að hreyfa nokkuð við vegalögunum, af ótta við, að aðrar sveitir og sýslur komi á eftir, ef ein ríður á vaðið. Hvað það snertir, álít jeg ekkert að óttast. Og það af þeirri einföldu ástæðu, að augljóst er, að við Árnesingar erum allra manna verst settir í þessu efni, og háttv. þm. veita okkur tvímælalausan rjett án alls ótta við þá, er á eftir koma. Slíkt má ekki aftra framgangi góðs máls.

Það hafa að vísu nú þegar komið fram brtt. við frv., en þar sem nú er 1. umr. málsins, tel jeg það ekki tímabært að hreyfa við þeim nú, og verður betra tækifæri til þess síðar. Jeg skal svo leyfa mjer að leggja það til, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv. og til samgöngumálanefndar með 16 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 165, n. 317, 195).

Frsm. (Lárus Helgason): Eins og nál. á þskj. 317 ber með sjer, hefir samgöngumálanefnd athugað frv. það, sem hjer liggur fyrir, og leitað álits vegamálastjóra, sem háttv. þm. er kunnugt.

Vegamálastjóri hefir eindregið lagt með því, að frv. verði samþykt, og hefir rökstutt þá tillögu sína, sem kunnugt er. Nefndin hefir komist að sömu niðurstöðu sem vegamálastjóri. Hún viðurkennir þörfina á því, að sýslufjelög þau, sem hjer eiga hlut að máli, losni við viðhald þessara vegakafla og brúa.

Það er kunnugt, að þessir vegakaflar eru óvenjulega mikið notaðir af utanhjeraðsmönnum. Það sannar líka skýrsla vegamálastjóra hvað Flóaveginn snertir og

brýrnar á Ölfusá og Þjórsá. Hið sama mun mega segja um vegarkaflann frá Borgarnesi að Haugum, sem brtt. á þskj. 195 á við, sbr. álit vegamálastjóra.

Þar sem nál. á þskj. 317 tilgreinir glöggar ástæður fyrir niðurstöðu nefndarinnar, virðist engin þörf á langri framsögu. Álit nefndarinnar ber með sjer, að hún leggur einróma til, að hv. deild samþykki frv. með brtt. á þskj. 195.

Eiríkur Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. samgöngumálanefnd fyrir ágætar undirtektir undir frv., og vona, að með einróma meðmælum nefndarinnar og vegamálastjóra verði frv. sigurs auðið.

ATKVGR.

Brtt. 195 samþ. með 16:1 atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., föstudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 376).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 376).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 9 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 524, 536).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Í nefndarálitinu á þskj. 524 er flest það tekið fram, sem nefndin vill segja um þetta mál. Nefndin álítur, að vegalögin eigi að endurskoðast í heild sinni fyrir næsta þing. Vegamálastjóri hefir tjáð nefndinni, að hann hafi ekkert á móti því frá sinni hálfu. Hann álítur einmitt, að viðhaldi flutningsbrautanna verði að ljetta af sýslunum, því þeim sje það bæði um megn fjárhagslega, og auk þess sje ólag á viðhaldinu.

Landssjóður hefir ekki sjeð sjer fært að afhenda sumar flutningabrautirnar, vegna þess að vegamálastjóri hefir ekki treyst sýslunum til að annast viðhaldið, svo í lagi væri. Þess vegna verði breytingar óumflýjanlegar.

Að vísu mundi þetta hafa aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, en það verður þó minna en virðast mætti, vegna þess að tillag ríkissjóðs hækkar mjög eftir frv. því, sem nú nýlega er orðið að lögum. Enda gætu þá sýslurnar notað það fje, sem sparast á viðhaldinu, til þess að auka sýsluvegina. Það yrði meira gert af vegum. Nefndin er á einu máli um, að þetta eigi að ná samþykki. Hjer eru sjerstakar ástæður fyrir hendi. Umferðin t. d. frá Reykjavík austur um sveitir er orðin afarmikil, en sýslu-

sjóður Árnessýslu mjög ausinn. Viðhald er mikið og lán hefir verið tekið. Auk aðalvegarins hefir Árnessýsla 3 aðra vegi, Grímsnesbraut, Skeiðaveg og álmu til Eyrarbakka; svo í mörg horn er að líta.

Sama gildir og um Borgarnesbrautina. Þar er mikil umferð norðan og vestan, auk Reykvíkinga. Er því sjálfsagt, að frv. þetta nái fram að ganga.

Jeg hefi ekki viljað tefja mál þetta með því að koma með brtt. um, að Holtavegurinn verði tekinn upp í frv., en þar sem vegurinn er nú í endurbyggingu, verður það heldur að bíða þar til lögin verða endurskoðuð, en jeg tel þá sjálfsagt, að Holtavegurinn verði tekinn upp, enda er það álit vegamálastjóra, að þessi vegur verði sá næsti, er ríkissjóður taki við viðhaldi á.

Þá er brtt. á þskj. 536, frá háttv. 2 þm. S.-M. (SHK), um að ljetta líka af viðhaldi á brautinni frá Reyðarfirði til Egilsstaða. Nefndin er í sjálfu sjer ekki á móti þessu og hefir óbundin atkvæði um till. En jeg get þó ekki verið með till., vegna þess að jeg vil ekki tefja málið. Jeg tel rjett, að þetta bíði endurskoðunarinnar og gangi sama yfir það og aðrar flutningabrautir.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Háttv. frsm. (GGuðf) mintist á brtt. mína á þskj. 536.

1911 var sú breyting gerð á vegalögunum, að viðhaldi vegarins yfir Hellisheiði var með öllu ljett af Árnessýslu, en ríkissjóður hefir annast hann síðan. Nú er önnur till. komin fram um að ljetta vegaviðhaldi af sömu sýslu, þó ekki sje um fjallveg að ræða. En hjer finst mjer tvisvar höggið í hinn sama knjerunn, ef Múlasýslurnar eiga ekki að fá ljetti viðhalds á fjallvegi þeim — Fagradalsbrautinni — er þær eiga fyrir að sjá. Mjer finst, að það væri sanngjarnt, að Múlasýslurnar fengju þann rjett árið 1923, sem Árnessýsla fjekk árið 1911. Um þetta er annars það að segja, að vegirnir í Múlasýslunum eru í mjög slæmu ástandi. Þar er frá náttúrunnar hendi mjög illa fallið til vegagerðar, einkum í Suður-Múlasýslu. Sýsluvegirnir eru óruddir og sýsluvegafjeð hefir alt gengið í viðhald þessa eina vegar. Hjer er því um mikla þörf að ræða. Brtt. fer ekki fram á, að ríkið kosti viðhald alls vegarins. Vegurinn frá Reyðarfirði að Egilsstöðum er um 35 km. En þessi kafli er hjer um bil $^2/_3$ af allri leiðinni, eða tæplega þó. Það er ekki ósennilegt, að við endurskoðun vegalaganna verði komist að þeirri niðurstöðu, að ríkið kosti viðhald flutningabrautanna að öllu. En hjer er farið fram á minna í bráðina. En þó að endurskoðun fari fram, er óvíst, hve nær slík breyting, sem af leiddi, kæmi til framkvæmda.

Á hverju þingi eru gerðar 2—3 breytingar á vegalögunum, því margt þykir þurfa að laga. Mjer finst því öll sanngirni mæla með því, að þessum sýslum sje veitt nokkur línkind, fyrst nú er verið að breyta vegalögunum á annað borð.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Á þskj. 376 eru til teknar 2 flutningabrautir, sem lagt er til, að ríkissjóður kosti. Um fyrri brautina, Reykjavík—Þjórsárbrú, er það að segja, að það munu allir vera á þeirri skoðun, að rjettmætt sje, að ríkissjóður kosti þá braut. Hún kemur hjeraðsbúum í heild sinni að tiltölulega litlum notum, en það mætti með nokkrum rjetti segja, að hún væri miklu fremur fyrir Reykjavík. Hygg jeg því, að það sje tvímælalaust

rjett, að sú braut komi á ríkissjóð. Aftur á móti er eigi hægt að segja hið sama um brautina frá Borgarnesi að Haugum. Sú braut er að mestu leyti fyrir hjeraðsbúa eina, enda byrjun á braut, sem nú er komin fram í Reykholtsdal og inn í Hálsasveit. En um þá braut er þó svo mikil umferð, að jeg verð einnig að telja það sanngjarnt, að hún sje tekin á ríkissjóð. Þá hefir komið fram þriðja brtt., frá háttv. 2. þm. S.-M. (SHK), um viðhald á flutningsbrautinni frá Reyðarfirði til Egilsstaða að nokkru leyti. Jeg skal taka það fram, að jeg er ókunnugur á þessum slóðum og veit eigi, hversu mikið af flutningabrautinni er hjer um að ræða, og jeg hefi því miður eigi haft tækifæri til að bera mig saman við vegamálastjóra í þessu efni. En það veit jeg þó, að hvorki þessi braut nje Borgarnesbrautin þola neinn samanburð við Þjórsárbrautina hvað snertir það, að taka þær upp á ríkissjóð. Mun braut sú, er háttv. 2. þm. S.-M. hefir komið með till. um, vera nokkuð hliðstæð Holtavegi-num, en það hefir eigi verið farið fram á það enn, að hann væri tekinn upp á arma ríkissjóðs. Er það rjett, eins og háttv 2. þm. Rang. (GGuðf) tók fram, að Holta-vegurinn og þessi braut standa líkt að vígi. Annars er það meiningin að taka alt vegamálið til gagngerðrar endurskoðunar fyrir næsta þing. Vegamálastjóri hefir lát-ið uppi það álit sitt, að slík endurskoðun væri nauðsynleg, og er það ætlunin, að hann semji nýtt frv., sem lagt verði fyrir þingið. Af því að mál þetta er eigi rann-sakað sem skyldi, þá legg jeg til, að mál-inu verði frestað og háttv. þm. taki till. sína aftur nú, í trausti þess að gagngerð endurskoðun fari fram á lögunum fyrir næsta þing, og að óskir hjeraðsbúa verði þá uppfyltar að nokkru eða öllu leyti.

Jón Magnússon: Það var eiginlega ekkert verulegt, sem jeg hefi við það að bæta, sem háttv. frsm. (GGuðf) tók fram. Nefndin var sannfærð um það, að eigi væri rjett gagnvart öðrum landshlutum að taka upp á ríkissjóð viðhald að öllu leyti á þeim 2 flutningsbrautum, sem um er að ræða, nema viðhaldinu af öðrum flutningsbrautum væri ljett af sýslufjelög-unum að miklu eða öllu. Er það eigi rjett, sem hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að flutningsbrautin austur væri hjeraðsbúum til lítilla nota. Það er alkunna, að þeir, sem þar eystra eiga heima, nota þennan veg mjög mikið og að umferðin er mjög mikil af hjeraðsbúum, og munur sá, er hæstv. ráðh. (KlJ) vildi gera á umræddum tveim brautum, er alls eigi rjettur, sennilega þvert á móti, því að Borgarfjarð-arbrautin er sennilega notuð tiltölulega meira (til bílferða) af Reykvíkingum en Flóabrautin.

Annars ætla jeg mjer ekki að fara að deila frekar um þetta atriði, en skal að-eins geta þess, að nefndin viðurkendi nauðsynlegt, að ríkið tæki viðhaldið á veg-inum austur, og áleit, að jafnvel ætti að fara lengra og taka Holtaveginn með, enda hefir vegamálastjóri skýrt samgöngumála-nefndum í báðum deildum frá því, að það væri óhjákvæmilegt. En nefndin í heild vildi samt eigi, að þessu frv. yrði stofnað í hættu með því að breyta því. Jeg skal taka það fram, af því að jeg er kunnugur í Múlasýslu, að jeg álít rjett að taka þann kafla, sem háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) fer fram á, upp á ríkissjóð, og jeg mun því greiða þeirri till. atkvæði mitt. En ef til vill getur háttv. 2. þm. S.-M. látið sjer nægja loforð hæstv. stjórnar, um að flutn-ingabrautin verði tekin upp á ríkissjóð við endurskoðun vegalaganna. Við þessa lof-

uðu endurskoðun býst jeg við, að eigi sje um annað að gera en að taka viðhald allra flutningabrauta á ríkissjóð.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal taka það fram, að jeg kann eigi vel við frv. eins og það er. Þykir mjer það næsta undarlegt af vegamálastjóra að leggja til, að taka aðeins tvær flutningabrautir á ríkissjóð. Ef nauðsynlegt er að taka nokkrar þeirra upp nú, þá vildi jeg spyrja, af hverju þær eru eigi allar teknar upp. Hjer er aðallega verið að tala um þau hjeruð, sem fengið hafa fyrst brautir, sem ríkissjóður hefir nú hjálpað til að endurleggja, og kvartað hafa undan viðhaldinu á þeim. Nú á að láta líta svo út, að þau hjeruð sjeu sjerstaklega hart leikin, sem fyrst fengu flutningabrautir. En það er alls eigi minst á þau hjeruð, sem nú fyrst eru að fá flutningabrautir. Það hefir komið fram brtt. frá háttv. 2. þm. S.-M. (SHK), og geri jeg ráð fyrir, að ef hún verður samþykt, þá verði von á fleirum. Jeg get ekki sjeð neinn mun á því, hvort viðhaldið á brautunum verður tekið upp einu árinu fyr eða seinna. Vænti jeg þess, fyrst háttv. Alþingi tekur upp þessa stefnu í vegamálunum nú, þá taki ríkissjóður að sjer viðhald annara brauta jafnóðum og þær eru fullgerðar, eftir tillögum vegamálastjóra, og því mun jeg ekki amast við frumvarpinu eins og það er.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg er hæstv. stjórn þakklátur fyrir þau fögru loforð, sem hún hefir gefið um það að taka ósk sýslubúa til greina við væntanlegar breytingar á lögunum fyrir næsta þing. Jeg á að vísu bágt með að skilja það, að till. mín geti orðið til þess, að málið verði eigi afgreitt á þessu þingi. Jeg býst eigi við, að það fari öðruvísi en svo, að ef till. mín verður samþykt, þá fer frv. aftur til háttv. Nd. Að vísu er nokkur hætta á því, að halinn lengist, en það ætti eigi að þurfa að verða frv. að fjörlesti. Jeg skal þó, í trausti til yfirlýsingar hæstv. atvrh. (KlJ), taka till. mína aftur, í þeirri von, að efndirnar verði eftir yfirlýsingunni. (*HSt*: Jeg tek till. upp aftur).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi eigi miklu við að bæta það, sem jeg sagði í framsögunni. En mjer fanst kenna nokkurs misskilnings hjá hv. 2. þm. S.-M. (SHK) um það, að það hafi svo sjerstaklega verið ljett undir með Árnessýsluvegunum 1911. Það var meira í orði en á borði, því að 1911 var aðeins bætt við 10 km. Vegalögin frá 1907 hafa hingað til þótt sem helgur dómur, er eigi mætti hræra við, og hafa þau því verið sá Akkillesarhæll, sem allar breytingar hvað viðhald flutningabrauta snertir hafa strandað á. Sýslufjelögin hafa eigi ráð á því að afla sjer nýtísku vjela til vegagerðar, og geta því eigi annast viðhaldið sem skyldi. Nefndin leggur áherslu á það, að endurskoðun laganna fari sem fyrst fram og að þá yrði viðhaldið á öllum flutningabrautunum sett inn í þau í einu lagi. Nú er annað frv. á ferðinni hjer í þinginu, um þjóðvegi, sem kemur til greina í þessu sambandi.

Háttv. 2. þm. Húnv. (GÓ) gat þess, að þær brautir yrðu síðastar hvað viðhald snertir, sem síðast yrðu fullgerðar. Það er nú svo, að enn er eigi búið að afhenda mörgum sýslufjelögum flutningabrautirnar, og því hefir viðhald þeirra eigi lent á viðkomandi sýslufjelögum. Jeg mun því greiða atkvæði með frv., þrátt fyrir eftirkaupin við næsta þing og stjórn, ef brtt. háttv. 2. þm. S.-M. kemst eigi inn í frv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Eins og jeg tók fram áðan, þá er það alveg nauðsynlegt að breyta vegalögunum. Og jeg skal hjer með gefa þá yfirlýsingu, að ef jeg verð í stjórninni fram til næsta þings, þá skal jeg sjá um, að slík breyting komi fram. Jeg álít, að eigi geti hjá því farið, að ríkissjóðurinn taki að sjer viðhald á Holtaveginum, og hvað snertir flutningabrautina frá Reyðarfirði til Egilsstaða, þá mun jeg mæla með því, að ríkissjóður taki að sjer viðhald hennar innan þeirra takmarka, sem till. fer fram á. Jeg veit að vísu eigi, hvernig vegamálastjóri mun taka í þetta mál, en þó að hann yrði tregur til þess, þá skilst mjer, að stjórnin hljóti að taka kröfu Múlsýslinga til greina. Jeg get því heitið háttv. flm. (SHK) því, að stjórnin muni mæla með því, að þetta verði gert við væntanlega breytingu á lögunum. Vænti jeg, að háttv. 2. þm. S.-M. (SHK) taki þessa yfirlýsingu mína gilda, og taki þar með till. sína aftur.

Út af ummælum háttv. 4. landsk. þm. (JM) um brautina austur skal jeg taka fram, að nákunnugur maður þar eystra skaut því að mjer í þessu, að einungis 4 hreppar af 16 í Árnessýslu hefðu not af akbrautinni austur.

Forsætisráðherra (SE): Þegar jeg var sýslumaður í Mýrasýslu stundi sýslan undir vegaviðhaldinu. Viðhaldið var svo mikið, að það fór svo að segja alt fje sýslunnar í það. Jeg sá það þá, að það var óhjákvæmilegt, að ríkissjóður tæki kostnaðinn á herðar sjer. Hvað snertir hinn liðinn, þá þarf jeg eigi að tala um hann. Jeg mundi hafa greitt atkvæði með till. háttv. 2. þm. S-M., ef jeg hefði eigi heyrt hæstv. atvrh. (KlJ) segja það, að með henni væri frv. stefnt í voða. En þar sem hæstv. atvrh. hefir gefið þá yfirlýsingu, að krafan skuli tekin til greina á næsta ári, þá virðist mjer, að hv. 2. þm. S.-M. megi vel við una.

Jónas Jónsson: Jeg mundi eigi hafa tekið til máls, ef málið hefði eigi verið flækt með því að taka till. háttv. 2. þm. S.-M. upp aftur. Jeg er samdóma vegamálastjóra um það, að nauðsynlegt sje, að landssjóður taki að sjer viðhald veganna. Það er enginn vafi á því, að öll sanngirni mælir með því, að brautinni frá Reykjavík til Þjórsár verði haldið við á landssjóðs kostnað. Um braut þessa fara um 200—250 bifreiðar á sumri, og stundum um vetur, og er hún því sú braut, sem einna erfiðast væri að láta hvíla á hjeraðsmönnum einum. Það má fullyrða, að ef Suðurlandsbrautin hvíldi eigi svo þungt á hjeraðsbúum, þá mundu eigi hafa verið umr. um þetta hjer í dag. Hinar brautirnar, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi, halda hver annari í skák. En þó held jeg, að mest sanngirni mæli með því, að landið taki að sjer viðhald Fagradalsvegarins. Jeg á því erfitt með að greiða atkvæði á móti till. hv. 2. þm. S.-M. En þar sem útlit er fyrir, að þá komi fleiri brautir á eftir og að frv. dagi við það uppi í hv. Nd. og verði orsök til nýrrar deilu á næsta þingi, þá held jeg, að þeir, sem eru hlyntir Fagradalsveginum, geri málinu ógagn með því að greiða atkvæði með till. nú.

Sigurður Jónsson: Mjer þykir eigi víst, að eitt verði látið ganga yfir allar flutningabrautir á landinu í þessu efni og að 2 flutningabrautir verði látnar ganga fyrir, sem sje Fagradalsbrautin og Borgarnesbrautin. Þó að langt sje í land enn, að sú hugsun verði framkvæmd að leggja bílfæran veg milli Akureyrar og

Reykjavíkur, þá bætist þó þar við þörfina á sínum tíma. Jeg álít, að Fagradalsbrautin og Hellisheiðarvegurinn sjeu nokkuð hliðstæð í þessu efni. Jeg tek undir með háttv. 5. landsk. þm. (JJ), að mjer er erfitt að greiða atkvæði á móti till., sem hv. þm. Snæf. (HSt) hefir tekið upp aftur; en jeg treysti loforði því, er hæstv. stjórn hefir gefið um þetta mál, og mun því greiða atkvæði á móti till. að svo komnu máli.

Jóhannes Jóhannesson: Mjer er ekki ljóst, hvað hv. þm. Snæf. (HSt) gengur til að taka upp till. þá, sem hv. flm. (SHK) hefir tekið aftur. Jeg mun, úr því sem komið er, greiða atkvæði á móti till., í trausti til loforðs stjórnarinnar. Þykir mjer og gott, að tveir hv. landsk. þm., sem sæti munu eiga á næsta þingi, hafa tjáð sig málinu fylgjandi, þótt þeir nú greiði atkvæði á móti þessari brtt.

ATKVGR.

Brtt. 536 tekin aftur, en tekin upp af þm. Snæf. (HSt) og feld með 9:1 atkv.

Frvgr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 376).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi litlu við að bæta það, sem jeg sagði síðast um þetta mál, en jeg vil leggja sjerstaka áherslu á endurskoðunina á vegalögunum í heild, eins og nefndin óskaði eftir að yrði framkvæmt fyrir næsta þing. Svo vona jeg, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 568).

---

42. Fjáraukalög 1920 og 1921.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1920 og 1921 (stjfrv., A. 23).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Frv. það til fjáraukalaga, sem hjer ræðir um, byggist á landsreikningunum fyrir árin 1920 og 1921 og aths. endurskoðenda við þá. Jeg sje því enga ástæðu til að fjölyrða neitt um það að sinni, en leyfi mjer að leggja það til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar með 23 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 351, 352).

Frsm. (Jakob Möller): Það er gerð nokkur grein fyrir áliti nefndarinnar á þskj. 351, og hefi jeg ekki miklu við það að bæta almenns efnis. Jeg vil þó vekja athygli háttv. deildar á því, að það virðist ekki heppilegt fyrirkomulag við endurskoðun landsreikninganna, að enginn af hinum þremur yfirskoðendum, sem bæði eiga að framkvæma kritiska og tölulega endurskoðun þeirra, skuli eiga sæti á Alþingi. Því að því leyti sem hægt væri að koma við „kritiskri revision", þá yrði það fyrir aðstoð þess endurskoðandans, sem sæti ætti á Alþingi, því að ómögulegt er fyrir þingnefnd, sem er önnum kafin, að framkvæma slíka rannsókn; það yrði einungis málamyndaverk, því á reikningnum sjest einungis, hvað greitt hefir verið úr ríkissjóði, hvað áætlað hefir verið og hvað ekki hefir verið áætlað. Þarf það því meiri rannsóknar en hægt er að gera af einni þingnefnd.

Hvað snertir fjáraukalögin fyrir 1920 og 1921, sem svo mjög hafa verið gerð að umtalsefni, sökum þess, hve háar aukafjárveitingar þar er farið fram á, sem ekki eru minni en kr. 5382100,31, þá hefir aðalniðurstaða nefndarinnar orðið sú, að ekki væri ástæða til að gefa þeirri stjórn, er þá fór með fjármálin, sök á þessu, því að þessir tímar voru óvenjulegir.

Á þinginu 1919 var t. d. búist við, að alt verðlag mundi lækka að miklum mun, af því að stríðið var þá nýlega úti, og voru fjárlögin samin í því trausti. En það fór í öfuga átt, því að þá fór alt fyrir alvöru fyrst að hækka í verði, og má best sjá það á dýrtíðaruppbótinni, sem altaf fór stórhækkandi, þangað til í fyrra. Hlutu því öll gjöld að fara langt fram úr áætlun. Þetta er einungis sagt um heildina, en á ekki við um einstakar greiðslur. Um einstakar greiðslur má vitanlega deila, hvort meira hefði mátt halda í en gert hefir verið. Á það leggur nefndin í heild sinni engan dóm, og um það er erfitt að dæma svo löngu síðar. Að öðru leyti hafa og allir hv. þm. í raun og veru jafna aðstöðu til þess að vanda um slíkt.

Upphæðin í frv. er óneitanlega há. En nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að hún sje þar hærri en hún þurfti að vera í raun og veru; því að þar er leitað aukafjárveitinga fyrir upphæðum, er greiddar hafa verið í fullri heimild, svo sem fyrir lögákveðnum greiðslum, sem farið hafa fram úr áætlun. Er slíkt alveg óþarft.

Líka er leitað aukafjárveitinga á greiðslum, sem heimilaðar hafa verið árið áður; en það er ekki venja.

Jeg get nú búist við, að háttv. deildarmenn eigi erfitt með að átta sig á brtt. nefndarinnar. En óþarft er þó að eyða löngum tíma í að gera grein fyrir þeim, þar sem í raun og veru eingöngu er um formsatriði að ræða. Þar sem upphæðir frv. eru lækkaðar eða feldar burt, er sú ástæða til, að nefndin hefir talið lagaheimild til frekari greiðslu en í frv. er gengið út frá. En þar sem við er bætt, hefir yfirskoðunarmönnum sjest yfir umframgreiðslu.

Ef hv. þdm. óska frekari upplýsinga um einstakar till. nefndarinnar, skal jeg að sjálfsögðu gera þá grein fyrir þeim, sem jeg kann best. En í sjálfu sjer mætti vitanlega alveg eins samþykkja frv. óbreytt, úr því að ekki kemur til

mála að vefengja heimild stjórnarinnar til að inna greiðslurnar af hendi eða koma fram ábyrgð á hendur henni út af þeim.

Fjármálaráðherra (KlJ): Jeg stend nú upp sem fjrh. Jeg skal byrja á því að taka undir með hv. frsm. (JakM), að það er mjög óheppilegt, að enginn endurskoðendanna skuli eiga sæti á Alþingi. Væntanlega verður það ekki oftar. Jeg skal taka fram, þó það sje hv. deildarmönnum kunnugt, að jeg hefi engan þátt átt í samning þessa fjáraukalagafrv., því að ef svo hefði verið, hefði það verið öðruvísi og svipað því, sem hv. frsm. benti á. Alla þá tíð, er jeg var landritari og bjó út fjáraukalagafrumvörpin, fylgdi jeg þeirri reglu að taka ekki neinar fjárupphæðir upp í þau, ef þær fóru ekki fram úr því, sem heimilað var fyrir bæði árin. Það kom iðulega fyrir, að meira fje var notað t. d. til vegagerða fyrra árið en það síðara, en jafnframt var þess gætt að fara ekki fram úr áætlun í heildinni. Stæði upphæðin alveg heima, kom mjer ekki til hugar að sækja um nýja fjárveitingu, þótt meira væri notað fyrra árið. Það var altaf töluverður reipdráttur milli endurskoðenda og stjórnarinnar. Endurskoðendur vildu leita aukafjárupphæðar til margs, sem var hrein áætlunarupphæð, eða enda lögboðin. Jeg get ekki neitað, að mig furðaði dálítið á, að þeirri reglu skuli vera fylgt í frv., að taka blint athugasemdir endurskoðara til greina.

Þegar jeg las yfir brtt. nefndarinnar og sá, hvaða liðir höfðu verið burt feldir, þá var jeg háttv. frsm. fyllilega samdóma um það, að óþarfi sje að leita sjerstakrar aukafjárveitingar, þegar um lögákveðin laun starfsmanna landsins er að ræða. Sjerstaklega á það við um brtt. 17, við 4. gr. 29. c, d og e, um bólusetningarkostnað, því að það eru fullkomlega lögboðin útgjöld, og það þarf ekki sjerstakt samþykki þingsins til umframgreiðslu í því skyni. Hins vegar er stjórnin skyldug að lögum að kosta til í þessum efnum, hvað sem það svo verður mikið. Jeg hefi tekið eftir því, að nefndin hefir felt burtu liði, þar sem farið er fram á aukafjárveitingu fyrir eldivið og ljós í skólum, t. d. 45. brtt., og tel jeg það rjettmætt.

Aftur á móti minnist jeg ekki, að hv. frsm. hafi minst á eina brtt., sem sje 56. brtt. Mjer er það ekki fyllilega ljóst, hvort sá liður ætti að falla. Svo hefi jeg ekki frekar að athuga við brtt. nefndarinnar, en vildi ráðleggja háttv. deild að samþykkja þær.

Magnús Guðmundsson: Jeg stend ekki upp til þess að ræða um brtt. þær, sem hjer liggja fyrir. Það hefir háttv. frsm. (JakM) gert.

Ástæðan til þess, að jeg hefi kvatt mjer hljóðs, eru árásir þær, sem blaðið „Tíminn" hefir hafið gegn mjer og fjármálastjórn minni. Vona jeg, að enginn háttv. deildarmaður lái mjer, þótt jeg vilji bera hjer hönd fyrir höfuð mjer, því hjer er hið rjetta varnarþing slíkra mála, ekki síst þar sem ritstjóri þessa blaðs hefir reynst svo göfuglyndur að neita mjer um rúm í blaðinu fyrir svar við þessum árásum. Mun slíkt einsdæmi. Hvort þessi drenglyndi ritstjóri hefir álitið, að svarið mundi eyða árásunum og hann hafi viljað búa einn að blekkingunum, veit jeg ekki, en vera má, að jeg geti komið vörn minni til almennings, þótt lokuð sje þessi leið.

Blaðið heldur því fram, að jeg hafi

gefið þinginu villandi skýrslur um útgjöld ríkissjóðs 1920 og 1921, og þegar jeg rak þetta ofan í blaðið og sýndi með tölum, hversu fjarri öllum sanni þessi ásökun var, bætir það aðeins við nýjum blekkingum og telur sig hafa sannað mál sitt með því, að tölur þær, sem jeg gaf upp í skýrslum mínum um útgjöldin, komi ekki heim við tölur þær, sem landsreikningarnir sýna. Þetta kemur mjer síst á óvart, því að jeg tók það fram í skýrslum mínum til þingsins 1921 og 1922, að svo myndi fara, enda ættu allir að geta sjeð, að það er ómögulegt fyrir hvaða ráðherra sem er að segja í miðjum febrúar, en þá gaf jeg skýrslurnar, hver útgjöld verða árið næsta á undan með fullri vissu, þar sem sú ófrávíkjanlega regla gildir, að halda áfram útborgunum úr ríkissjóðnum til heyrandi síðastliðnu ári til aprílloka næsta ár á eftir. Allir sjá því, að það er gersamlega ómögulegt að segja í miðjum febrúar upp á eyri, hver útgjöld koma á næstu 2½ mánuði.

Mjer kemur ekki til hugar, að ritstjórinn hafi ekki vitað þetta, og er því í engum efa um, að hjer er um vísvitandi blekkingu að ræða, sem er útreiknuð eftir þeirri Jesúítasiðfræði, að tilgangurinn helgi meðalið og altaf verði einhverjir til að trúa ósannindunum, þótt vísvitandi sjeu þau fram borin.

Um hluta ríkissjóðs af enska láninu er þess að geta, að jeg ætlaðist ekki til, að ríkissjóður tæki af því nema 1½ miljón kr., og nægði það til þess, að tekjur og gjöld samkvæmt landsreikningunum 1920—'21 stæðust á. En fyrv. fjrh. (MagnJ) hefir talið rjett að taka 1 milj. kr. í viðbót, sem hann hafði vitanlega heimild til. Sýnir það væntanlega, að hann hefir talið þetta hentugra ríkissjóði. Jeg er ekki enn þá sannfærður um, að þetta hafi verið rjett, en af því að mjer er sagt, að fyrv. fjrh. (MagnJ) hafi verið fjármálaaðstoðarmaður „Tímans" og gefið honum þær leiðbeiningar, sem hann gat, um árásir á mig sem fyrirrennara sinn, vil jeg benda á þetta og eins hitt, að óvandari verður eftirleikurinn. Úr því að hann og blað þetta hafa talið rjett að ráðast þannig á mig, án þess að gefa mjer tækifæri til svara á sama vettvangi, þá hefi jeg heimild til að greiða í sömu mynt. Og lofa skal jeg fyrv. fjrh. (MagnJ) því, að verði jeg ofanjarðar næsta ár, hvort sem jeg verð þingmaður eða ekki, þá skal jeg bera saman tölur þær, sem hann gaf þinginu nú í þingbyrjun og hinar, sem koma til að standa í landsreikningnum fyrir árið 1922. Jeg veit fyrirfram, að þær koma ekki heim. Tölurnar í landsreikningnum hljóta að verða hærri, og er þá fyrv. fjármálaráðherra (MagnJ) kominn í sama gapastokkinn, sem hann og blaðið hans ætluðu að setja mig í.

Blaðið segir, að jeg hafi ekki þorað að láta þingið vita um hið raunverulega fjárhagsástand ríkisins og að jeg hafi falið það fyrir því í fyrra, og þess vegna ekki lagt fyrir það fjáraukalagafrv. fyrir árið 1922. Þetta hefir verið símað út um alt land og tölublaðinu, sem hafði þennan prestslega sannleika ritstjórans að geyma, hefir verið stráð út yfir landið. En allir háttv. þingdeildarmenn vita vel, að þetta er uppspuni frá rótum, enda hefi jeg sannfrjett, að á flokksfundi í Framsóknarflokknum hafi því verið hreyft, að árásir þessar væru rangar og myndu spilla fyrir flokknum, ef hið sanna kæmi í ljós. Í raun og veru þarf jeg ekki aðra vörn en þessa, að samflokksmenn blaðsins löðrunga það og afneita því. En benda vil jeg þó á það, að það hljóta að vera vísvitandi ósannindi, er blaðið segir, að jeg hafi viljað

blekkja þingið, þar sem vitanlegt er: *að* landsreikningurinn fyrir árið 1920 lá fyrir þinginu í fyrra, *að* jeg gaf samskonar skýrslu fyrir 1921 og nú í þingbyrjun var gefin fyrir árið 1922, og *að* fjáraukalög fyrir árið 1922 eru alt annað en fjáraukalög fyrir árin 1920 og 1921, og get jeg ekki talið það annað en vísvitandi blekkingu, að blanda þessu saman, enda vita flestir, að það er ómögulegt í miðjum febrúar 1922 að leggja fyrir þingið fjáraukalög um greiðslur tilheyrandi árinu 1921, þar sem greiðslur þessa síðastnefnda árs standa yfir til aprílloka 1922.

„Tíminn" segir sjálfur, að dómur hans um fjármálastjórnina 1920—'21 sje þungur, og það hefir hann líka ætlað að láta hann verða, en skyldi ritstjórinn hafa athugað það, að dómur hans mun enn þyngri, er hann stendur frammi fyrir alþjóð manna, sannur að sök fyrir að fara með vísvitandi ósannindi og blekkingar, til þess að reyna að svívirða og ófrægja pólitískan andstæðing.

Jeg vík þá í fáum orðum að hinum einstöku liðum, sem blaðið hefir gert að umtalsefni. Er því meiri ástæða til þess fyrir mig, þar eð nefndin hafði ekki tíma til að athuga hvern einstakan lið, eins og hv. frsm. (JakM) tók fram, enda er það verk yfirskoðunarmanna, en ekki þingnefnda. Jeg verð að vera stuttorður um hvern lið, því þeir eru margir, og tek jeg þá í sömu röð og blaðið:

1. Blaðið spyr, með hvaða heimild risnufjeð hafi verið hækkað hjá forsætisráðherra. Því er fljótsvarað: Með heimild í lögum nr. 37, 28. nóv. 1919. Hefði ritstjórinn ekki átt að spyrja að þessu, þar sem „positivt" lagaboð liggur fyrir, en spurningin sýnir einkar vel, hversu ritstjóranum er ant um að forðast blekkingar.

2. Umframgreiðslan til aðstoðar- og skrifstofukostnaðar stjórnarráðsins. Fjhn. leggur nú til, að liður þessi falli niður í frv. því, sem hjer um ræðir, og ætti því ekki að vera ástæða til að fjölyrða um það. Greiðslan stafar vitanlega af launalögunum, er bein afleiðing af dýrtíðaruppbótinni, og mun enginn álíta, að jeg nje aðrir, sem með ráðherraembætti fara, geti neitað að hlýða lögum landsins En fyrst ritstjórinn vill rifja upp hin gömlu skrif sín um fjármáladeildarstarfsmennina, væri ekki úr vegi, að jeg minti hann á, að stjórnin hans, sem nú situr að völdum, hefir ekki fækkað starfsmönnum í stjórnarráðinu, jafnvel þó skrifstofustjórinn í fjármálaráðuneytinu sje orðinn fullfriskur nú, en hann var veikur og alveg frá verki mest af árunum 1920 og 1921. Hann er mjög duglegur maður, og má því nærri geta, hvílíkur missir var að honum bæði þessi ár. Má í raun og veru segja, að fyrv. fjrh. (MagnJ) hafi haft einum manni fleira en jeg hafði.

3. Þá er stjórnarráðshúsið. Jeg viðurkenni, að viðgerðin á því varð dýr, en húsið er ákaflega gamalt og óhjákvæmilegt var að gera við það á þessum árum. „Kvisturinn frægi", sem blaðið nefnir svo, er mjer óviðkomandi. Hann var settur árið 1917, þegar jeg var norður í Skagafirði, m. a. fyrir tilstilli þáverandi atvinnumálaráðherra Framsóknarflokksins, Sigurðar Jónssonar.

4. Það er rjett, að umframgreiðslur til hagstofunnar voru miklar. En hver getur láð það, þegar tillit er tekið til, hversu alt starf hefir þar aukist, m. a. vegna manntalsins 1920. Annars fer þar lang-

mest í pappír og prentun, og er öllum kunnugt, hversu alt slíkt margfaldaðist í verði.

5. Um hina erlendu sendimenn er það að segja, að þeir hafa allir verið sendir að tilhlutun þingsins, og þar hefir ekkert farið fram úr áætlun nema skrifstofukostnaðurinn í Kaupmannahöfn, og er það að vonum, þar sem vinnulaun og húsaleiga hækkuðu þar eins og hjer. — Hvað mundi hafa verið sagt, ef laun sendiherrans þar hefðu verið hækkuð um 12000 kr. á ári upp á væntanlega aukafjárveitingu, eins og núverandi stjórn hefir gert á síðastliðnu ári? En þetta nefnir blaðið ekki, og sýnir það sanngirni þess og hversu gjarnt því er að gera mönnum jafnhátt undir höfði. Jeg er ekki að álasa stjórninni fyrir þetta, en get þess til samanburðar.

6. Um ritgerðina um skrifstofukostnað lögreglustjórans og bæjarfógetans í Reykjavík er það fyrst að segja, að þingið 1919 ákvað, að allir starfsmenn þeirra skyldu hafa uppbót samkvæmt launalögunum, auk þess sem sjálf launin voru hækkuð, en við þetta jókst kostnaður við mannahald í þessum skrifstofum um meira en helming. Húsaleiga lögreglustjóra var ákveðin eftir dómkvaddra, óvilhallra manna mati, og var ekki völ á öðru húsnæði. Ritstjórinn er svo vingjarnlegur að álíta, að tollvörðunum hjer í bænum hafi verið greiddar alt að 10000 kr. hverjum á ári, en gætir þess auðvitað ekki, að tollverðirnir eru 5, í stað þriggja, sem hann telur. Heimildin fyrir stofnun þessarar tollgæslu er í lögum nr. 26, 26. okt. 1917, en um þörfina vita allir, og síst mun ríkissjóður hafa tapað á þessum ráðstöfunum, heldur hefir hann haft drjúgar tekjur einmitt vegna hinnar auknu tollgæslu hjer í bænum.

7. Blaðið undrast mjög, hversu prentunarkostnaður Stjórnartíðindanna fari fram úr áætlun. Jeg minnist þess, að blað þetta hækkaði á sjer verðið um helming og gat þess um leið, að hækkun sú samsvaraði ekki nándarnærri þeirri hækkun, sem orðið hefði á öllum prentunarkostnaði. Þessu hefir blaðið nú gleymt og telur hækkunina á útgáfukostnaði Stjórnartíðindanna skriffinsku stjórnarinnar að kenna. Veit blaðið ekki, að það er lögskipað, bæði að gefa út Stjórnartíðindin og eins hvað þar á að birtast að mestu leyti?

8. Það er að vonum, að blaðið gleymir ekki umframgreiðslunni til Vífilsstaðahælisins. En hinu furðar mig á, að blaðið skuli ekki geta þess, að ca. 200000 kr. voru greiddar til Klepps umfram áætlun. Nú vita allir, að ráðsmaðurinn á Kleppi er einhver allra sparsamasti, hagsýnasti og hyggnasti ráðsmaður í þjónustu landsins, og þó gat hann ekki annað en notað ca. 200000 kr. umfram fjárveitingu fjárlaganna 1920—1921. Er þetta ágætt dæmi þess, hversu afarfjarri lagi allar áætlanir fjárlaganna fyrir þessi ár reyndust, og er því síst að undra, þótt fjáraukalögin sjeu há. Þegar fjárlögin fyrir þessi ár, 1920—'21, voru samin, var stríðinu lokið og bjuggust allir við verðlækkun. Voru því áætlanir miðaðar við næstu fjárlög á undan. En í stað lækkunar hækkaði alt svo gífurlega, sem raun varð á. Mega því allir sjá, að eigi var að undra, þótt áætlanir fjárlaganna reyndust fjarri sanni. Til samanburðar má geta þess, að í fjárlögunum fyrir árið 1922 var áætlað jafnmikið til spítala eins og gert hafði verið árið 1919 í fjárlögum beggja áranna 1920—'21 til samans.

9. Þá eru laun aðalpóstmeistara. Það er rjett, að þau voru 13500 kr. hvort árið,

og er ástæðan sú, að þessi embættismaður hafði samning frá byrjun sinnar embættistíðar, sem ákvað honum víst „promille"-gjald af póstávísunum, og varð þessum samningi vitanlega eigi riftað. Þess vegna samdi þáverandi atvrh., Pjetur sál. Jónsson, við aðalpóstmeistara um að fastákveða gjald þetta 4000 kr. árlega, og var það minna en tekjur hans af þessu gjaldi voru áður.

Þá telur blaðið laun póstmeistarans á Akureyri yfir 11600 kr. árið 1921. Ástæðan er sú, að aðstoðarkostnaður hans er talinn með, og til þess að vera ekki ósanngjarn í garð ritstjórans, gat hann haft hjer afsökun vegna orðalags landsreikningsins fyrir árið 1921, en ekki er hægt að saka mig um það, því það er eftirmaður minn, fyrv. fjrh. (MagnJ), sem hefir gert þann reikning. Ef hjer er eitthvað aðfinsluvert, þá er best fyrir blaðið að beina broddunum að sinni eigin stjórn.

10. Þá er löng romsa um vegamál, og telur ritstjórinn óforsvaranlegt að láta þau fara fram úr áætlun. Annars er sá ljóður á ráði hans þar, að hann tekur ekkert tillit til, þótt fjárveitingar sjeu færðar milli ára, eins og altaf hefir verið talið heimilt. Og fyrir þessa sök telur hann meiri umframgreiðslur en hafa verið í raun og veru.

T. d. telur hann 30—40 þús. kr. umframgreiðslu til Norðurárdalsvegarins. Þar athugar hann ekki, að fjárveiting beggja áranna er notuð fyrra árið. Var það gert til þess að fá veginn áfram upp úr hrauninu, enda hefði hann annars verið ónothæfur með öllu. Annars er enginn leikur að láta fje til vegagerða og viðhalds vega standast áætlun, þegar t. d. vinnulaun þre- og fjórfaldast, því eigi mun það hafa verið tilætlunin, að láta vegamálin dragnast upp. Þykist jeg þess viss, að ekki hefði það þótt betri búhnykkur. En annars má benda á það, að til viðhalds vega má alls ekki klípa svo fje við neglur sjer, að vegirnir fái ekki sæmilegt viðhald, því að þá verður viðgerðin síðar miklu dýrari. Vinnulaun hækkuðu stórkostlega á þessum árum og alt, er til vegalagninga þurfti. Áhaldaliðurinn hefir farið mjög mikið fram úr áætlun, vegna kaupa á vjelavögnum til þess að flytja ofaníburð í vegi, og hefir það áreiðanlega borgað sig vel, því að hestaleiga var afskaplega há. Til að sýna rangsleitnina í þessum skrifum, vil jeg benda á, að 1921 var felt niður að gera þessa vegi, sem fjárveiting var þó fyrir: Hróarstunguveg, Vallaveg, Krossárdalsveg, Öxnadalsveg og Kjalarnesveg. Um Norðurárdalsveginn er fyrst og fremst skýrt rangt frá um umframgreiðslurnar á fjárhagstímabilinu, og í öðru lagi mátti til að koma veginum upp úr hrauninu, og við það var fjárveitingin miðuð í byrjun, því að ella var hinn nýi vegur að engum notum. Og hver, sem þann veg fer, sjer, að hann er ekki fullgerður, og það var eingöngu gert af sparnaðarástæðum. Hefði vegurinn endað í miðju hrauninu, var hann ónýtur fyrir ferðamenn.

Annars segir blaðið, að gætt sje sparsemi að því er snertir 13. gr. fjárlaganna, og á það víst að vera plástur, til þess að draga úr árásum þessa sprengvirðulega blaðs á Pjetur sál. Jónsson, en heilindin í þessu sjást best, þegar það er athugað, að umframgreiðslurnar í þessari grein einni nema, samkvæmt frv. stjórnarinnar, hjer um bil jafnmiklu og í öllum hinum greinum fjárlaganna til samans, enda ekkert undarlegt við það, þar sem þar eru talin gjöld öll til póstmála, vega, strandferða, síma og vita.

Kvennaskólinn í Reykjavík gat ekki starfað nema að fá aukna fjárveitingu, en ófært þótti að leggja hann niður.

Styrkurinn til Jóh. L. L. Jóhannssonar var hækkaður eftir ákvörðun þingsins, vegna þess, að styrkurinn til Jakobs Smára. sonar hans, til að vinna að hinni íslensku orðabók, fjell niður.

Þá fjargviðraðist blaðið yfir hinum óvissu útgjöldum, og telur undarlegt, að þau fara mjög fram úr áætlun. Til þessa var áætlað 20 þús. kr. á ári, árin 1920 og 1921, en til þess að sýna, að umframgreiðsla á þessum liðum er óhjákvæmileg, nefni jeg nokkra liði, sem telja má lögákveðna, eða sama sem, og er það alt tekið eftir landsreikningnum:

1. Fjárkláðakostnaður	kr.	21180,41
2. Eyðublöð, bókband o. fl.	—	25772,49
3. Fyrir eignarnám (þessi upphæð er endurgreidd)	—	15000,00
4. Vextir og afborgun af Landsbankahúsinu	—	7187,37
5. Vextir af lánum hjá útflutningsnefnd	—	31200,00
6. Stimpilgjald á ríkissjóðsláni 1919	—	45000,00
7. Greiðslur samkv. reikningsúrskurðum	—	4093,85
8. Endurgreiddur tollur samkvæmt tolllögum	—	16841,98
9. Kaup á síld handa bændum til fóðurbætis	—	95261,00
Samtals kr.		261537,10

Þetta er alt á árinu 1920, og ætti hver maður að sjá, að ekki er gott að láta 20 þús. krónur nægja til þessara greiðslna allra. Svipað er að segja um árið 1921.

Tíðrætt er blaðinu um „legátana", sem það kallar, en allir hafa þeir verið sendir eftir ráðstöfun þingsins, svo jeg get ekki orðið um slíkt sakaður. Meinilla er blaðskæklinum við, að íslenski fáninn skuli vera dreginn við hún á bústöðum sendimanna þeirra, sem fara með umboð okkar erlendis. Jeg sleppi því alveg að fást um, að ritstjórinn vill ekki láta fóðra stjórnarráðshesta, og við reiðtýgi og klifsöðla má stjórnin alls ekki láta gera(!!).

Vísvitandi ósannindi fer blaðið með, er það segir, að fálkaorðan hafi verið stofnsett ofan í vilja Alþingis. Í fyrra var blaðið altaf að klifa á krossum þessum, en síðan þess stjórn settist á laggirnar hefir það ekki nefnt þá, þó krossum hafi rignt eins og skæðadrífu. Er það skiljanlegt, að blessuðum ritstjóranum komi það betur að þegja um þetta nú sem múlbundinn rakki, því að tengdafaðir hans, hæstv. atvrh. (KlJ), mun nú vera mestur krossberi þessa lands. (*Atvrh. KlJ*: Ekki satt). Hver þá? (*Atvrh. KlJ*: Fyrverandi forsætisráðherra (JM)). Hæstv. atvrh. (KlJ) verður þó áreiðanlega næstur. (*Atvrh. KlJ*: Já, það vona jeg).

Aðdróttun blaðsins um byssukaup út af rússneska drengs málinu tel jeg naumast svaraverða, því að flestir munu vita, að ríkissjóður keypti enga byssu. Að öðru leyti tel jeg ekki ástæðu til að fara út í það mál, nema sjerstakt tilefni sje gefið til þess, en þá skal ekki standa á mjer um svör. Að blaðið níðir mig og meðstjórnendur mína út af því máli, kemur mjer vitanlega ekki á óvart, en vart mun núverandi stjórn fá betri dóm hjá almenningi fyrir það mál en hin fyrverandi.

Tollaendurgreiðslan, sem blaðið gerir að umtalsefni, hefir farið fram samkvæmt skýlausum fyrirmælum tolllaga og vörutollslaga. Skilagreinir fyrir þessu hafa yfirskoðunarmenn landsreikninganna haft með höndum og ekkert fundið að athuga.

Blaðið lætur það líta svo út, að mörg hundruð þúsund króna tekjuhalli hafi orð-

ið af símanum hjer í Reykjavík, en þetta er annaðhvort blekking eða vanþekking, því að allar tekjur af síma þessum eru taldar tekjumegin, eins og af öðrum símum, en kostnaðurinn gjaldamegin. Það er þessi einkennilega Laufásrjettsýni, sem þykir það sanngjarnt, að líta aðeins á aðra hliðina.

Lengra en þetta er blaðið ekki komið enn í athugunum sínum, en von mun á framhaldi, og skal jeg þá við tækifæri taka það til bænar. En út af tveimur fyrirspurnum, sem blaðið hefir beint til mín, skal jeg taka það fram, að jeg hefi ekki fundið ástæðu til að svara þeim í blaðinu, fyrst ritstjórinn neitar mjer um rúm þar til andsvara, en hjer get jeg tekið það fram, að tekjuskattsmál það, er hann spyr um, var á sínum tíma borið undir fjárveitinganefnd þessarar háttv. deildar, og samþykti hún allar mínar gerðir í því, og er því best fyrir ritstjórann að spyrja sína eigin stjórn, hvað málinu líði. Hann segir reyndar, að málið muni aldrei hafa verið borið undir þingið, en þetta er hans venjulega meðferð á sannleikanum. Hitt atriðið, sem hann spyr um, er um það, hvers vegna jeg hafi tekið að mjer að verja ýmsa menn hjer í tekjuskattsmálum, og telur það óhæfilegt af mjer, sem höfundi tekjuskattslaganna. En þessu get jeg mjög vel svarað, og svarið er á þá leið, að einmitt vegna þess, að jeg er höfundur tekjuskattslaganna, er mjer ant um, að þeim sje rjett beitt, en svo var ekki í sumum atriðum, og snerta þau fyrverandi fjármálaráðherra dálítið óþægilega, því að hann hefir orðið þessa valdandi með drætti sínum á útgáfu tilsk. 1. apríl í fyrra, og með þessu hefir hann bakað ríkissjóðnum tap, sem enn er ósjeð, hversu mikið verður.

Meira held jeg, að jeg þurfi ekki að taka fram að sinni út af ummælum oftnefndrar patentblekkingarverksmiðju hæstv. stjórnar.

Jeg vil þó aðeins bæta því við, til að sýna heilindi ritstjórans, að í fyrra, um það bil, sem stjórnarskiftin urðu, fjekk jeg boð frá ritstjóranum með þingmönnum, sem sitja hjer í þessum sal, að ef jeg vildi vera fjármálaráðherra áfram, skyldi „Tíminn“ styðja mig eindregið, en þegar jeg kærði mig ekki um að hafa það starf lengur á hendi, sneri hann strax við blaðinu og hefir altaf síðan haft mig milli tannanna. Þessi aðferð minnir á það, sem sagt er um einstaka menn — en þeir eru sjálfsagt örfáir, — er biðja sjer kvenna og fá hryggbrot, en gera síðan alt til að níða þessa konu, er þeir vildu fá; en þá sjaldan þetta kemur fyrir, er það talinn sjerstakur ódrengskapur.

Það hefir komið í minn hlut að standa fyrir fjármálum þessa lands þau árin, sem erfiðust hafa verið um langa hríð. Ef jeg hefi gert það illa, sem jeg ekki skal um dæma, er það næsta undarlegt, að harðsnúnasti andstæðingurinn vildi hafa mig áfram í þeirri stöðu, og jeg fæ ekki betur sjeð en að með þessu hafi þessi andstæðingur minn viðurkent, að undangengnar árásir hans allar sjeu að alls engu hafandi — vægast talað út í bláinn og gerðar af hvötum, sem auðsæjar eru, en jeg hirði ekki að nefna.

Þorsteinn Jónsson: Hjer hefir nú við umræðu þessa máls verið haldin löng ræða af háttv. 1. þm. Skagf. (MG), sem að mestu leyti hefði átt heima í blaði því, er styður hann, heldur en hjer á Alþingi, því að hún var svar við greinum, sem komið hafa út í Tímanum. Mjer finst nú

sú aðferð ærið hæpin, ef menn tækju upp þann sið að eyða tíma þingsins í að svara blaðagreinum.

Það er fjarri mjer, að jeg ætli að fara að svara nokkru af því, sem hann var að deila á ritstjóra Tímans, því að bæði mun ritstjórinn geta svarað fyrir sig sjálfur, og í öðru lagi myndi þingið verða óendanlegt, ef þingmenn ætluðu að taka allar ádeilugreinar blaðanna til rækilegrar rökræðingar. En það var aðeins eitt í ræðu hv. þm. (MG), sem jeg vildi svara, en það var þar, sem hann kom að Framsóknarflokknum í þessari deilu hans og Tímans. Hann sagði, að flokkurinn hefði á einhverjum flokksfundi í vetur deilt á blaðið fyrir þessi skrif þess. En jeg veit nú sannast að segja ekki, hvernig háttv. þm. (MG) veit það, sem gerst hefir á fundum flokksins í vetur, því að hann hefir aldrei komið á fund hjá honum. En aftur á móti ætti mjer að vera allkunnugt um fundi flokksins, því að jeg hefi verið skrifari hans. Get jeg því, að þessu gefna tilefni, upplýst það, að flokkurinn hefir aldrei haft þessa deilu þingmannsins og Tímans á dagskrá, og ekkert stendur um það í gerðabók flokksins, að á hana hafi verið minst. Og mjer er heldur ekki kunnugt um, að það hafi nokkru sinni verið gert; hefi jeg þó verið á flestum fundum flokksins. Annars finst mjer vart viðeigandi að vera að eyða tíma þingsins til þess að svara blaðagreinum. Þeim á vitanlega að svara á hinum rjetta vettvangi, sem er í blöðunum.

Magnús Guðmundsson: Jeg skil vel, að háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ) vill helst, að þessum greinum Tímans sje ekki svarað. *(ÞorstJ*: Jú, í blöðum). Mjer hefir verið neitað um rúm í Tímanum til andsvara þessum greinum hans. En jeg hefi ekkert blað, sem sjerstaklega styður mig. Hvar ætti jeg þá að svara þeim í blöðum? En hins vegar sje jeg ekki annað en það sje rjett að ræða þau mál hjer á Alþingi, sem koma dagskránni við, og jeg veit ekki betur en nú sjeu til umræðu fjáraukalögin fyrir 1920 og 1921, og þetta mál kemur þeim beinlínis við. Vil jeg ráða þessum háttv. þm. að vera ekki að sletta sjer fram í störf hæstv. forseta. Hann mun segja til, þegar farið er út fyrir efnið. En annars skil jeg vel þessa framkomu háttv. 1. þm. N.-M. (ÞorstJ), því hann telur blað sitt hafa einkarjett til að flytja rangar frjettir út um land.

Háttv. þm. neitaði því, að árásir Tímans á mig hefðu verið á dagskrá í Framsóknarflokknum eða neitt um það bókað. Þessu hefi jeg alls ekki haldið fram. Jeg hefi aðeins sagt, að um þetta hafi verið rætt á flokksfundi, og það get jeg sannað, að er rjett. Hins vegar varðar háttv. þm. ekkert um, hvernig jeg veit þetta. Og aðrir Framsóknarmenn, sem hjer sitja, vita, að jeg fer með rjett mál. Það er mjer nóg. Um orð hv. þm. (ÞorstJ) hirði jeg ekki hið allra minsta.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að það er föst venja hjá Framsóknarflokknum að bóka öll þau mál, sem til umræðu eru.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 352,1—3 samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 352,4—11 samþ. með 22 shlj. atkv.

3 gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 352,12—18 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 352,19—41 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 352,42—55 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 352,56—58 samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 352,59—60 samþ. með 22 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 462).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 462).

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 462, n. 600).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Karl Einarsson): Eins og hv. þingdeildarmönnum er kunnugt, þá voru gerðar verulegar breytingar á frv. þessu í hv. Nd., og get jeg ekki látið hjá líða að gera grein fyrir þeim breytingum, einkum þar sem nefndin hefir fallist á þær og þær ástæður, sem færðar voru fyrir þeim, jafnframt því, sem jeg vísa til nál. á þskj. 600. Jeg ætla því að ganga í gegnum þessar brtt. á þskj. 352, sem allar voru samþyktar í háttv. Nd. Þá skal jeg fyrst geta þess við 1. brtt., að mismunurinn á upphæðunum hefir sparast frá fyrra ári. Um 2. brtt. má geta þess, að upphæðirnar falla niður, og er það viðbót launa og dýrtíðaruppbót á launum starfsmanna stjórnarráðsins. Sömu reglu hefir verið fylgt alstaðar í frv. Sama er að segja um 3., 4. og 5. brtt., en jeg vil þó geta þess við brtt. þessar, að þar vantaði inn fjárveitingu fyrir síðara árið, en úr þessu var bætt, en svo dregin frá launaviðbót og dýrtíðaruppbót. Sama er að segja um 6. brtt., að þar er dregin frá dýrtíðaruppbót. 7. brtt. gengur út á það að draga frá laun og dýrtíðaruppbót fangavarða við hegningarhús. Þá er 8., 9. og 10. liður; þar vantaði fjárveitingu síðara árið. 11. brtt. kemur af því, að upphæðin hafði sparast fyrra árið. 12. brtt. er um skrifstofukostnað landlæknis; þar vantaði aukafjárveitingu. Við 13. brtt. er rjett að geta þess, að upphæðir þær, sem þar eiga að falla niður, hafa ekki verið borgaðar fyr en síðasta ár. Þá eru 14., 15. og 16. brtt.; upphæðirnar lækka um laun og dýrtíðar-

uppbót læknanna. Í liðunum, sem taldir eru upp í 17. brtt., um að upphæðirnar falli niður, er um lögákveðin gjöld að ræða, og er ekki venja að leita aukafjárveitingar fyrir þeim. Sama er að segja um j-liðinn í 18. brtt., en á g-liðnum hafði sparast fyrra árið, svo aukafjárveiting var óþörf. Í Reykjavík eru laun póstmanna lögákveðin eftir launalögunum, og því eiga liðirnir eftir 19. brtt. að falla niður. 20. og 21. brtt. stafa af því, að báðar upphæðirnar vantaði í hið upphaflega frv. Samkvæmt 22. brtt. er fjárveitingin lækkuð; mismunur sparaður fyrra árið. Aukafjárveitingin fyrir fyrra árið er lækkuð um 100000 kr. eftir 23. brtt., sem svarar því, sem borgað hefir verið út vegna brunans í Borgarnesi, en megnið af þessu kvað vera endurgreitt, enda sjálfsagt að borga skaðann. Eftir 24. brtt. er fyrri fjárhæðin lækkuð, en bætt inn vantandi fjárveitingu síðara árið, og svo dregin frá laun og dýrtíðaruppbót. 25.—33. brtt. eru allar þannig tilkomnar, að það, sem sparast hefir fyrra árið, færir fjárveitinguna niður síðara árið, eða það, sem sparað er síðara árið, færir fjárveitinguna niður fyrra árið, eða öll aukafjárveitingin fellur burt af sömu ástæðum. Brtt. 34 fellir niður fjárveitingu, sökum þess, að engin framkvæmd varð, sem greiða átti fyrir með fjárveitingunni til Þorsteins Jónssonar & Co., en svo var nokkru af þessu fje varið til annara skipa, til strandferða. Þ fellur einnig dýrtíðaruppbót til símamanna niður með 35. brtt. Brtt. 36 er þannig til komin, að síðara árið vantaði inn fjárveitingu, en aftur á móti dregin frá dýrtíðaruppbótin. Með brtt. 37 er bætt við 400 kr., til að leiðrjetta prentvillu í frv. Viðvíkjandi 38. brtt. get jeg tekið það fram, að fyrra árið sparaðist meira en nemur upphæð þeirri, sem feld er niður. Fjárhæðin er með 39. brtt. færð niður síðara árið, því að afgangur varð af símamannadýrtíðaruppbót fyrra árið, og auk þess voru í fjárlögunum veittar 49000 krónur hvort árið til launauppbóta, og það þess vegna dregið frá. Eftir 40. brtt. fellur liðurinn niður, og er það aðstoðarmannslaunauppbót og dýrtíðaruppbót. Um 41. brtt. má geta þess, að annað árið vantaði 59000 kr., en hitt árið sparaðist um 15000 kr. 42. og 43. brtt. eru leiðrjettingar á prentvillum. 44. brtt. er fram komin vegna þess, að mismunurinn sparaðist fyrra árið. 45. brtt. leggur til, að liðurinn falli niður. Upphæðin sparaðist fyrra árið. Eftir 46. og 47. brtt. eru settar inn upphæðir, sem vöntuðu. 48. og 49. brtt. stafa af því, að upphæðir spöruðust síðara árið. 50. brtt. er fram komin af því, að þar vantaði aukafjárveitingu fyrra árið. 51. brtt. er fram komin af því, að þar sparaðist fyrra árið. 52. brtt. gengur út á að bæta við 800 kr. fyrra árið, sem vöntuðu. 53. og 54. brtt. eru fram komnar af því, að tilsvarandi upphæðir höfðu sparast hitt árið. Eftir 55. brtt. eru lækkaðar upphæðir, því að dregin er frá dýrtíðaruppbót kennara. 56. brtt. er til komin af því, að stjórninni var heimilað af þinginu að borga 1200 kr. hvort árið af launum Smára, en þau komu ekki til útborgunar, þar eð hann varð kennari við mentaskólann. 57. brtt. er fram komin af því, að mismunurinn hefir sparast fyrra árið, og sama er að segja um 58. og 59. brtt. Og loks er 60. brtt., sem fer fram á, að liðurinn falli niður. Lögskipuð útgjöld.

Læt jeg svo úttalað um hinar einstöku breytingar, sem gerðar hafa verið á hinu upprunalega frv., sem lagt var fyrir þingið. Yfir höfuð má segja, að fjhn. felli sig vel við till., enda tíminn nú orðinn naumur til þess að

koma fram með breytingar. Engin ákveðin regla var viðhöfð í frv. eins og það kom frá hæstv. stjórn, en samræmisins vegna hefir hv. fjhn. Nd. lagfært ýmislegt, sem illa gat samrýmst hvað öðru, og hefir fjhn. Ed. fallist á það. Enda þótt reynt hafi verið að spara alt, sem hægt var, þá var það vitanlegt, að gjöldin mundu verða mjög mikil umfram áætlun, og er þetta skiljanlegt, því að dýrtíðin fór altaf sívaxandi, árlega, mánaðarlega og jafnvel vikulega, og því aldrei hægt að vita, ekki einu sinni með mánaðar fyrirvara, hvað eitthvað mundi kosta. Eitt er það, sem altaf má deila um, hvort rjett hafi verið að framkvæma ýmislegt, sem framkvæmt var, en jeg vil ekki fara út í það hjer. Jeg álít, að hinn mikli tekjuhalli stafi sumpart af lagafyrirmælum, sumpart af ýmsum till. nefnda og þingsályktunum, svo að hv. þing eigi ekki minsta sök á því, hversu mikið fje var notað þetta fjárhagstímabil. Mæli jeg svo að endingu með því, að frv. verði samþykt svo sem það hjer liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 462).

Jónas Jónsson: Jeg hefði gert ýmsar athugasemdir við frv. þetta, ef það hefði komið hjer til umræðu fyr á þinginu og tími verið nægur. En þar sem hjer er aðeins um sögulegan atburð að ræða, og sú meðferð, sem þingið hefir á þessu frv., breytir því í engu, þá tel jeg óþarfa að ræða um frv. nú, en síðar gefst mjer máske tími til að víkja nokkuð að efni þess í öðru sambandi.

Jón Magnússon: Mjer þykir leitt, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) skyldi ekki segja það nú um frv. þetta, sem honum býr í brjósti. Hins vegar er vel skiljanlegt, að honum finnist örðugt að gera sínar athugasemdir, því að það mun standa ómótmælt, sem hv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði um frv. þetta við 2. umr. í hv. Nd.

Jeg vildi líka segja nokkur orð um frv., en sleppi því af sömu ástæðum og hv. 5. landsk. þm. (JJ); jeg vil ekki með því tefja þingið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 632).

---

43. Landsreikningurinn 1920 og 1921.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Nd.:

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum 1920 og 1921 (stjfrv., A. 25).

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (MagnJ): Það er eins um þetta mál og það fyrsta,*) að nægilegt er að vísa til landsreikninganna og aths. við þá, ásamt svörum stjórnarinnar. Legg jeg svo til, að því verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 19 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 122).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil biðja hæstv. forseta að taka þetta mál út af dagskrá, þar sem það getur ekki gengið í gegnum þingið á undan fjáraukalögunum 1920—1921.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 25, n. 122).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og nál. ber með sjer, leggur nefndin til, að frv. verði samþykt óbreytt. Það er aðeins viðvíkjandi tveim atriðum, sem hún kemur með tillögur, og er það samkvæmt athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna.

Fyrst leggur nefndin til, að stjórninni sje falið að rannsaka, hvort Íslandsbanki hafi greitt það, sem honum bar að greiða í ríkissjóð árið 1921, og ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að það hafi ekki verið gert, þá innheimti hún hið vangoldna. Að öðru leyti tekur nefndin enga frekari afstöðu til þessa atriðis.

Þá eru enn fremur tekjueftirstöðvar hjá ýmsum gjaldheimtumönnum ríkisins, og munu sumar þeirra vera orðnar nokkuð gamlar. Vill nefndin einnig fela stjórninni að innheimta þessar eftirstöðvar sem allra fyrst, ef þær eru eigi þegar greiddar, sem jeg býst þó við, að vera muni að mestu leyti.

Þær tölur, sem þessi landsreikningur sýnir, eru mjög háar, og hefi jeg áður rætt það mál hjer í öðru sambandi. Hefir mikið verið um það rætt og ritað, hve mjög gjöldin fóru fram úr áætlun. Skal jeg ekki fara mikið inn á það mál nú, aðeins drepa á helstu atriði.

Tekju- og gjaldahlið hefir hjer um bil þrefaldast frá því, sem ráð var gert fyrir í fjárlögunum. Er þetta nokkurn veginn í samræmi við það, hvað dýrtíðin óx á þessum árum frá því 1919, er fjárlögin voru samþykt, til ársloka 1921. En jeg geri ráð fyrir, að háttv. þdm. hafi rekið sig á það, að greitt hefir verið þessi ár um 6½ miljón króna samkvæmt lögum, er áætlun var ekki gerð fyrir í fjárlögunum. Get jeg þessa af því, að í nál. fjhn. hefir það áður af misgáningi verið talið 5 milj. Enn fremur má nefna það, að í fjárlögunum var ekki áætlað neitt fyrir þeirri

*) Fjáraukalagafrv. 1920 og 1921.

hækkun útgjalda, sem leiddi af launalögunum 1919, en sú hækkun nam um 3 milj. króna á árunum 1920 og 1921. Þá eru greiðslur af lánum ríkissjóðs, sem hækka útgjaldaliðinn gífurlega. Eru þær á 7. miljón króna, en í fjárlögunum er gert ráð fyrir rúmlega 2 miljónum til þeirra gjalda. Kemur því þarna 4 miljón króna hækkun, sem ekki er gert ráð fyrir, enda eru þessar 4 milj. afborganir á skuldum.

Á fjárhagstímabilinu hafa verið tekin tvö lán, annað innlent, en hitt hluti af enska láninu. Nema þau til samans um 5700000 kr. En þess ber að gæta, að í lok fjárhagstímabilsins eru eftir af þessum lánum 1200000 krónur, svo að ekki hefir eyðst af þeim nema 4500000 krónur. Þegar svo þess er gætt, að af skuldum ríkissjóðs voru afborgaðar 4 miljónir, eins og jeg hefi áður tekið fram, þá kemur í ljós, að skuldir ríkissjóðs hafa ekki aukist nema um sem næst ½ miljón króna á fjárhagstímabilinu.

Því hefir verið haldið fram af einu blaði hjer, að skuldir landsins hafi aukist um 6 miljónir króna á þessum árum. Veit jeg ekki, hvort jeg tók rjett eftir því, að fyrv. fjrh. (MagnJ) hjeldi þessu sama fram hjer í þinginu, en hafi svo verið, þá skýtur mjög skökku við, samanborið við það, sem jeg hefi nú skýrt hjer frá og tilfært rjett eftir landsreikningnum, sem ekki verður móti mælt.

Þá get jeg enn tilfært það, að af fje því, sem landsverslunin greiddi inn í ríkissjóð á árunum 1920 og 1921, kom til eyðslu 1½ miljón. Þegar við það er bætt þessari ½ miljón, sem jeg hefi áður nefnt, þá sjest, að á landsbúskapnum hafa árin 1920 og 1921 tapast sem næst 2 miljónir, eða um 1 milj. hvort árið. Svarar það á ári til rúmlega 10 kr. á hvern mann í landinu, eða um 50—60 kr. á hverja fjölskyldu. Ætla jeg, að margir einstaklingar og fjölskyldur hefðu talið sig sleppa vel þessi ár, hefðu skuldir þeirra ekki aukist meira, eða eignir þeirra ekki gengið meira saman.

Þá hefir því einnig oft verið haldið fram, að innanríkislánið 1920 hafi alt verið uppeytt í árslok 1921. Til þess að sýna fram á, að þetta er ekki rjett, nægir að benda á landsreikninginn sjálfan, þar sem stendur, að eftir sjeu í árslok 1921 1200000 krónur. En þó má geta þess, að af innanríkisláninu var varið á árunum 1920 og 1921 um 1360000 krónum til ýmsra verklegra framkvæmda, svo sem brúagerða, símalagninga og húsabygginga. Var því um 400000 krónum af því varið á annan hátt en ráð var gert fyrir, þegar lánið var tekið.

ATKVGR.
Tekjubálkur samþ. með 20 shlj. atkv.
Gjaldabálkur samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 25).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 25).

Á 52. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 554).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það, sem nefndin vildi segja um mál þetta, er tekið fram í nál. á þskj. 554. Hún hefir athugað reikninginn nokkurn veginn nákvæmlega, eftir því sem kostur er, og leggur til, að hann verði samþyktur eins og hann liggur fyrir.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 25).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 633).

---

44. Lífeyrir handa Einari Þorkelssyni.

Á 53. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. maí, var útbýtt:

Frumvarpi til laga um lífeyri handa fyrverandi skrifstofustjóra Alþingis Einari Þorkelssyni (þmfrv., A. 518).

Á 54. fundi í Ed., fimtudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skamt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg hefi fátt um þetta að segja. Fjvn. hefir orðið ásátt um að taka eftirlaunaupphæðina til Einars Þorkelssonar út af fjárlögunum og bera svo fram sjerstakt frv. um lífeyri handa honum, og hefir hún gert þetta í samráði við háttv. fjvn. Nd. Að öðru leyti vísa jeg í greinargerðina fyrir frv. og vænti þess, að deildin leyfi því að ganga óbreyttu áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., föstudaginn 4. maí var frv. tekið til 2. umr. (A. 518).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., laugardaginn 5 maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 518).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 518).

Á 59. fundi í Nd., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 518, 580).

Jakob Möller: Jeg á hjer ásamt hv. þm. Dala. (BJ) brtt. við frv., á þskj. 580. þar sem við förum fram á, að hækkaður verði lítið eitt lífeyrir Einars Þorkelssonar fyrverandi skrifstofustjóra. Jeg þarf ekki að tala langt mál um þessa brtt. Hv. deild eru svo kunnugir allir málavextir, að slíkt ætti að vera óþarft. Það er kunnugt, að Einar Þorkelsson er orðinn farlama maður og er allsendis ófær til að vinna fyrir sjer á nokkurn hátt. Hann hefir nú verið starfsmaður landsins nær 20 árum, og unnið hjer við þingið, fyrst sem skrifstofumaður og síðan sem skrifstofustjóri, um mörg ár. Má rekja veikindi hans til áfalls, er hann varð fyrir við starf sitt hjer í þinghúsinu, við að bjarga því frá skemdum. Býst jeg við, að háttv. þdm. sje kunnugt um, hvað það var. Það var nefnilega vetur einn, er vatnsæðar hjer í húsinu sprungu, og hann gekk vel fram í því að bæta úr því, en veiktist við það, og hefir ekki fengið heilsuna aftur. Vænti jeg því, að háttv. deild taki þessu máli vel og geri sómasamlega við þennan mann.

ATKVGR.

Brtt. 580,1 feld með 14:9 atkv.

Frvgr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 580,2 tekin aftur.

— 580,3 feld með 13:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 518, 613, 616).

Afbrigði um brtt. 613 og 616, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 17:5 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 616 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JB, MJ, MK, MP, PÞ, ÞorlJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, BSv.

nei: IngB, JAJ, JS, JÞ, LH, MG, ÓP, PO, SSt, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ.

Einn þm. (BH) fjarstaddur.

Brtt. 613 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MK, MP, PÞ, SSt, ÞorlJ, BJ, EÞ, EE, GunnS, HK, JakM, JB, LH, BSv.

nei: MG, ÓP, PO, StSt, SvÓ, ÞorlG, ÞorstJ, ÞórJ, IngB, JAJ, JS, JÞ.

Einn þm. (BH) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:4 atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 624).

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Jónas Jónsson: Hv. Nd. hefir hækkað lífeyrinn upp í 2500 kr., og vill fjvn. ekki gera það að neinu kappsmáli að lækka styrkinn aftur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 642).

---

45. Vatnalög.

Á 1. fundi í Sþ., mánudaginn 19. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frumvarpi til vatnalaga (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þetta frv. er stutt á pappírnum, en er í raun og veru stór bálkur. Stjórninni þótti það rjettara, eins og fyrv. stjórn, að leggja ekki í þann kostnað að prenta frv. af nýju. Þetta frv. er enginn nýr gestur; það hefir verið hjer á döfinni á 4 þingum án þess að komast mikið lengra áfram en í upphafi. Þessi mál, — jeg tek hjer bæði frv. um þetta efni, sem á dagskrá eru í einu, — hafa altaf verið til umr. í háttv. Nd., en eru þessari háttv. deild að mestu ókunnug, og þess vegna taldi jeg rjett að lofa henni að hafa þau til meðferðar nú. Jeg geri mjer samt ekki mikla von um, að frv. nái hjer endanlegum úrslitum, þó að jeg teldi það æskilegast; en hins vegar vona jeg, að þessi háttv. deild sýni málinu betri skil en háttv. Nd. í fyrra. Nefnd sú, sem þar var í það skipuð, klofnaði þegar í stað um gamla deiluefnið, eignarrjett á fossum og vatnsföllum. Jeg vil engu spá um, hvort eins verður hjer eða ekki, en jeg vona, að háttv. deild sýni málinu alúð.

Í háttv. Nd. var kosin sjerstök nefnd í fyrra til þess að íhuga þessi mál. Jeg veit ekki, hvort mönnum sýnist svo hjer. Jeg vil enga till. gera um það atriði, en heppilegast teldi jeg, að þessum frv. yrði vísað til allsherjarnefndar.

Jón Magnússon: Jeg get ekki haft á móti allsherjarnefnd, en jeg vona, að nefndin fái að bæta við sig mönnum vegna þessa máls. Ef sú von mín rætist — og jeg veit, að slíkt hefir oft tíðkast áður —, þá held jeg, að rjettast væri að reyna að komast hjá sjerstakri nefnd, því svo er til ætlast, að fastanefndirnar eigi að vera fullnægjandi að mestu leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 22. febr., skýrði form. allshn. (JM) frá, að nefndin hefði bætt við sig tveim mönnum, þeim

Hirti Snorrasyni og
Guðmundi Ólafssyni,

til þess að eiga hlut í meðferð vatnamálanna, en að öðru leyti tækju þeir ekki þátt í störfum nefndarinnar.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 236).

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Nefndin hefir starfað mikið að þessu vatnalagafrv., sem lagt var fyrir þingið í þingbyrjun. Hún hefir gert nokkrar breytingar á því; þó hafa fáar þeirra verið efnisbreytingar, heldur mestmegnis til skýringar. Yfir höfuð aðhyllist nefndin í aðalatriðunum frv. stjórnarinnar, sem lagt var fyrir Alþingi 1921 og aftur nú fyrir þetta þing. Frv. byggist á þeim grundvelli, að vatnsrjettindin sjeu látin fylgja landinu. Því næst koma fram ýmsar takmarkanir, æðinærgöngular á því, sem nefnist eignarrjettur, og ganga þær í þá átt að takmarka vatnsrjettindi, sem fylgja einstakra manna eignum. Hefir nefndin gert nokkrar breytingar á þá leið, að færa frv. nær þeirri stefnu, enda komi fult endurgjald fyrir. Það getur komið fyrir, að þessi vatnsrjettur sje látinn af hendi handa einstökum mönnum, sbr. kaflann um áveitur. Þó að frv. hafi verið lagt fram óbreytt, hefir hæstv. landsstjórn gert tillögu til breytingar út af rjetti landeiganda gagnvart leiguliða, en það hefir nefndin ekki fallist á að öllu leyti. Það er í frv. ákvæði um, að landsdrottinn sje skyldur að kaupa öll mannvirki af leiguliða, þau er hann hefir látið gera. Nefndin hefir ekki gengið inn á það og hefir komið fram með breytingartillögu í þá átt að tryggja rjett landsdrottins. Landsstjórnin taldi rjettast, að greinin fjelli niður, en nefndin hefir aðeins viljað lagfæra hana þannig, að hvorki geti af því hlotist skaði fyrir landeiganda nje sje leiguliða gert ókleift að sinna slíkum framkvæmdum. Þá er að geta brtt. við 67. og 101. gr. Um hana sjálfa er fátt að segja frá nefndarinnar hálfu, enda gerð nánari grein fyrir henni í nefndarálitinu.

Brtt. frá nefndinni er aðallega við 8. grein, og svo sú, er jeg nefndi áðan, að vatn væri ekki tekið af einstökum mönnum, nema það yrði notað til almenningsþarfa. Viðvíkjandi 49. grein þótti rjett, að í stað orðanna „200 eðlishestöfl" kæmu 500 eðlishestöfl. (65. gr. hefði þurft að breyta, en nefndinni hefir láðst að láta þess getið). 67. gr. hefir stjórnin viljað láta fella burt, en við höfum aðhylst þar brtt. frá meiri hluta fossanefndarinnar, og gengur hún, eins og jeg hefi sagt áður, í þá átt að tryggja rjett landsdrottins gagnvart leiguliða. Brtt. við 101. gr. fer í líka átt; stjórnin vildi fella 4. lið niður, en nefndin áleit rjettast að láta hann standa, en bæta við, að ákvæði það nái ekki til annara mannvirkja en þeirra, er metin verða jörðinni „til varanlegra bóta." Brtt. við 126. gr. eru teknar bæði frá minni og meiri hluta og miða að því að tryggja þeim mönnum, sem lönd eiga að veiðivatni, frekari veiðirjett þar en öðr-

um. Sömuleiðis þar sem menn leggja eitthvað í kostnað við klak eða annað, þá fái þeir forrjettindi nokkur og njóti ávaxtanna af starfi sínu. Það er ekki nema mjög sanngjörn krafa. Nefndin hefir felt burt öll ákvæði frv. um vatnamálastjóra, en ætlast til, að vegamálastjóri verði ráðunautur landsstjórnarinnar í þeim efnum.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg finn ástæðu til að þakka háttv. allshn. fyrir meðferð þessa máls. Eins og öllum háttv. þm. er kunnugt, hefir mál þetta legið fyrir Nd. á 4 síðustu þingum án þess hún leiddi það til lykta, og á síðasta þingi kom ekki einu sinni fram nál. Þessi nefnd hefir hins vegar lagt mikið verk í að athuga frv., samið ítarlegt nál. og komið fram með margar brtt. Jeg lít svo á, að þetta sje mjög svo þýðingarmikið mál og það sje sómi þingins að koma því nú frá sjer. Og þó að mönnum hafi ef til vill skotist yfir eitthvað og ósamræmi geti átt sjer stað í svo stórum lagabálki, þá ber ekki svo mjög að líta á það nú. Reynslan mun leiða í ljós gallana, og er þá hægt að bæta úr. Þetta mál hefir fengið góðan undirbúning, og það eru öll líkindi til þess, að það geti komist hjeðan úr deildinni í þessari viku, og þá er nægur tími fyrir háttv. Nd. að afgreiða það á þessu þingi, ef hún á annað borð vill sinna því.

Eftir þessar almennu athugasemdir skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtt. nefndarinnar. Breytingar hennar eru, eins og háttv. frsm. (GGuðf) tók fram, ekki efnisbreytingar, heldur orðabreytingar og skýringar, og flestar til bóta. Jeg gerði ekki margar brtt. við frv., en mjer þykir leitt, að nefndin hefir ekki að öllu leyti getað tekið þær til greina. Það er þýðingarlaust að fara að rekja allar brtt.; háttv. frsm. gerði það ekki, og jeg mun ekki heldur gera það, en víkja að nokkrum. 1. brtt. nefndarinnar álít jeg til verulegra bóta, um það að tiltaka ákveðið tímatakmark til að vinna verkið. Við 5. brtt. kemur orðalagið eitthvað undarlega fyrir, ef a-liðurinn verður samþyktur. Þar er lagt til, að orðin „eftir fyrirmælum 22. gr.“ falli burtu. En þá hljóðar greinin svo: „Rjett er eiganda eða notanda þeirrar landareignar, sem vatn er tekið úr samkvæmt 1. lið, að leggja til sín og á sinn kostnað vatnsæðar úr vatnsveitu kaupstaðarins, enda greiði hann kaupstaðnum aukakostnað af því, nema öðruvísi semji.“ Þetta kemur ekki vel fyrir. Jeg held, að eitthvað hafi fallið úr, og væntanlega lagfærir nefndin þetta til 3. umr. Þá er 6. brtt. nefndarinnar. Það er sama og 2. brtt. stjórnarinnar, og þarf jeg ekki að tala um hana. Þá er 8. brtt. við 49. gr. Þar vil jeg gera sömu aths. og háttv. frsm. Það þarf að setja 500 eðlishestöfl í stað 200 í 65. gr. líka, og væntanlega lagar nefndin það til 3. umr. Þá er 13. brtt., við 67. gr. Nefndin vill bæta þessu aftan við greinina: „og sje kostnaður við heimtaugar ekki meiri en yfirleitt fyrir aðra notendur orku frá því veri.“ Stjórnin hafði í 5. brtt. sinni lagt það til, að 67. gr. fjelli burt. Jeg held því fram, að það hefði verið heppilegast, en ef háttv. deild getur ekki fallist á það, þá álít jeg, að viðbót nefndarinnar sje til stórra bóta. En mig minnir, að það sje ákveðið einhversstaðar annarsstaðar í frv.; jeg var að leita að því, en fann ekki, en það mun þó vera þar. Sama er að segja um brtt. við 101. gr. Ef háttv. deild getur ekki fallist á brtt. stjórnarinnar, að 4. liður falli burt, þá er það til bóta að ákveða, að landsdrottni sje því aðeins skylt að kaupa mannvirkin, að þau sjeu metin jörðinni til varanlegra

bóta. Þá er 20. brtt., við 126. gr. Þar gat háttv. frsm. (GGuðf) um, að vantaði skilgreining á hugtakinu „almenningur". Það er rjett; það er gengið út frá, að það sje áður nefnt í frv., en í 4. gr. frv. er talað um netlög. Því er rjettast að láta þennan lið halda sjer eins og hann er, nema gerð sje breyting á 4. gr. Minni hlutinn hefir gert það; hjá honum er talað um almenning. En nú er ekki getið um almenning í frv., og því er annaðhvort að halda þessu óbreyttu eða taka upp skilgreining minni hlutans.

Viðvíkjandi brtt. stjórnarinnar, þá furðar mig á því, að nefndin skuli ekki hafa getað aðhylst 1. brtt. Það er engin efnisbreyting, en bara til skýringar. Sama er að segja um 3. brtt. Jeg get ekki skilið, hvers vegna nefndin hefir ekki treyst sjer til að vera með þeim, og vil biðja hana að athuga það nánar til 3. umr.

Þá er ein breyting, sem gera mætti, en hvorki stjórnin eða nefndin hafa lagt til, sú að fella burt 84. gr. Hún er gersamlega óþörf; í henni er ekkert, sem ekki er tekið fram í 83. gr.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta mál. Það er nú komið á betri rekspöl en nokkurntíma áður, og jeg vænti þess fastlega, að þetta þing komi því frá sjer.

Einar Árnason: Aðeins örfáar athugasemdir. Jeg hafði strikað við einstaka greinar í frv. þessu, en sumt af því, sem jeg hafði hugsað mjer að minnast á, hefir þegar komið fram við þessar umræður, svo jeg þarf ekki að fara út í nema fá atriði. Mjer virðast brtt. nefndarinnar flestar eða allar til bóta, en þó hygg jeg, að henni hafi sjest yfir á stöku stað að nema burt óþarfa endurtekningar í frv. Jeg hafði hugsað mjer að gera aths. við 4. gr., en hæstv. atvrh. (KlJ) hefir þegar gert það, og þess vegna get jeg leitt það hjá mjer.

Þá kem jeg að 7. gr. lið c. Jeg skil hann ekki, ef ekki er formgalli á honum eins og hann er í frv. Mjer skilst, að c-liðurinn eigi ekki að vera lengri en „að veita jarðvatni úr landi sínu á annara land." Það, sem eftir er, skoða jeg sem almenna umsögn um alla liðina, a, b og c. Vil jeg fá að vita hjá háttv. nefnd, hvort þetta er misskilningur hjá mjer, því ef svo er ekki, þá þarf að breyta þessu.

Þá er 9. gr. Í henni er talið upp, hvað manni er heimilt að gera við vatn. En greinin er óþörf, vegna þess að í 7. gr. er búið að segja, hvað sje óheimilt. Rjettara tel jeg að telja ekki upp nema annaðhvort, því ef hvorttveggja er tekið fram, geta auðveldlega fallið úr einhver atriði, sem svo síðar meir gætu valdið ágreiningi. 9. gr. ætti því að falla burt.

Þá er 65. gr. Jeg er sammála hæstv. atvrh. (KlJ), að sú grein ætti að falla burt. Það er óeðlilegt, að hægt sje að taka lögnámi rjettindi til handa einstaklingum; annað mál er, þegar ríkið á í hlut. Með þessu er gengið of nærri rjetti einstaklingsins.

Þá er 67. gr. Hún er óaðgengileg í frv., en með breytingum nefndarinnar er hún kannske ekki til skaða, en óþörf er hún og rjettast hygg jeg væri að fella hana.

Um 84. gr. hefir hæstv. atvrh. talað. Í henni er ekkert nýtt, og mætti hún því að skaðlausu missa sig.

Þá er 123. gr. Þar stendur í 2. lið: „*Öllum* er veiði heimil" o. s. frv. Það má vera, að það sje vanþekking minni að kenna, að jeg veit ekki vel, hvað við er átt. Jeg álít, að ekki geti hjer verið um

aðra menn að ræða en íslenska ríkisborgara. Og ef svo er, þá er orðalagið ekki nógu tryggilegt. Jeg óska upplýsinga um, hvort einnig sje átt við útlendinga.

Þá er 126. gr. Þar hefir allshn. bætt við um veiðirjett í almenningi og tekið fram, hverjir eigi hann. En mjer finst vanta, að tryggður sje rjettur þeirra, sem ekki eiga land að almenningnum. Þeir sem land eiga að almenningnum, gætu bannað hinum uppsátur, og þar með komið í veg fyrir, að þeir gætu hagnýtt sjer veiðina. Mætti laga þetta við 3. umr.

Þá eru talin helstu atriðin, sem jeg vildi hafa tekið fram.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg þarf ekki miklu við að bæta, því að litlu er að svara. Jeg býst við, að nefndin geti ekki fallist á, að engin ástæða sje að veita leiguliðum þann rjett, sem getið er um í 101. gr. Það er hart að meina leiguliða að taka þátt í orkunýtingu. Nefndinni þótti hæfilega í farið, ef hennar brtt. yrði samþykt.

Hæstv. atvrh. (KlJ) þótti undarlegt, að nefndin skyldi ekki geta fallist á 3. brtt. stjórnarinnar. En það var af þeim ástæðum, að nefndin vildi sem mest hliðra sjer hjá því að komast inn á eignarrjettarspursmálið, en þótti þar óþarflega langt gengið, að tala um eignarrjett á vatni. Þá mintust þeir hæstv. atvrh. (KlJ) og hv. 2. þm. Eyf. (EÁ) á 65. gr. og þótti langt gengið, að heimila einstöku mönnum að taka vatn lögnámi. En það er áskilið með leyfi ráðherra, og kemur þá nokkuð í sama stað niður og þegar stjórnin getur gert það. Þá leitaði háttv. 2. þm. Eyf. upplýsinga um 7. gr. Jeg get ekki svarað því nú, en nefndin mun taka það til athugunar. 84. gr. mætti kanske falla í burt, af því að ekkert nýtt er í henni, en hún er líka meinlaus. Þá er 123. gr. Það gæti virst sem greinin væri nokkuð ógætilega orðuð, en jeg get ekki skilið, að útlendingum væri heimilaður rjettur til veiða uppi í landi. Fleira var það víst ekki sem jeg þurfti að athuga.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er út af brtt. við gr. 54,3. Það er rjett, að fyrir mjer vakti, að það kæmi greinilega fram, að eigandi vatnsrjettindanna yrði sá fyrsti, sem nyti skaðabóta. Nefndin hefir fallist á þann grundvöll, að einstaklingar sjeu eigendur rjettindanna, og hefði því átt að geta fallist á þessa brtt., sem tekur það skýrt fram.

Hin aths. er út af 123. gr. Það er satt, að hún er nokkuð ógætilega orðuð, en það mun ekki meiningin, að útlendingum sje heimiluð veiði. Orðið „öllum“ er þar víst í mótsetningu við „hjeraðsmenn“.

Jón Magnússon: Jeg vil leggja áherslu á það, sem háttv. frsm. (GGuðf) sagði, að nefndin mun athuga þær athugasemdir, sem fram hafa komið, til 3. umr. Jeg held, að það þurfi ekki að skýra, hvað almenningur í vatni sje. Það er ákveðið hugtak, sem ekki mun valda misskilningi. Hvað veiði í almenningum snertir, þá býst jeg ekki við, að útlendingum, sem eru á ferðalagi á fjöllum, verði meinað að veiða silung þar sjer til matar. En annars þarf ekki að taka það fram, að þegar talað er um rjettindi í lögum, þá eru þau fyrir landsbúa. Þá skal jeg taka það fram, að þó svo sýnist, að einhverju sje ofaukið, þá er ekki víst, að bót sje að fella það í burtu. 84. gr. kemur t. d. eðlilega fyrir í 9. kafla, þar sem talað er um óhreinkun vatna. Þess vegna vil jeg vara háttv. þingdeildarmenn við að fella mikið í burtu; það leiðir af heildar**löggjöfinni**, að stund-

um er það tekið upp, sem nóg væri að vísa til í öðrum kafla. Jeg ætla ekki að fara neitt út í eignarþrætuna nú; það má vera, að jeg geri það við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

11.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

14.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,4 a—b samþ. með 10 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

17.—24. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,5 a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 236,5 b samþ. með 9 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

26.—29. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,6 samþ. með 10 shlj. atkv.

30. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

31.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,7 samþ. án atkvgr.

33. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

34.—35. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

36.—48. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,8 samþ. með 9 shlj. atkv.

49. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

50.—53. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 236,9 samþ. með 10 shlj. atkv.

54. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

55.—56. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,10 samþ. án atkvgr.

57. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

58.—60. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,11 samþ. með 10 shlj. atkv.

61. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

62. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,12 samþ. án atkvgr.

63. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

64. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

65. gr. samþ. með 8:2 atkv.

66. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,13 samþ. með 9 shlj. atkv.

67. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

68.—74. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

75.—77. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

78. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 236,14 samþ. án atkvgr.

79. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,15 samþ. án atkvgr.

80. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,16 samþ. með 10 shlj. atkv.

81. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

82. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

83.—85. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

86.—98. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

99. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,17 b samþ. án atkvgr.

— 236,17 a samþ. með 9 shlj. atkv.

100. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 236,18 samþ. með 10 shlj. atkv.

101. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

102.—110. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 236,19 samþ. án atkvgr.
111. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
112.—114. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
115.—120. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
121.—125. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 236,20 a (nýr 1. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 236,20 b (nýr 3. liður) samþ. með 10 shlj. atkv.
126. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
127.—130. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
131.—132. gr. samþ með 10 shlj atkv.
Brtt. 236,21 samþ. með 10 shlj. atkv.
133. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
134.—136. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,22 samþ. með 10 shlj. atkv.
137. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,23 (138. gr. falli burt) samþ. með 10 shlj. atkv.
139. gr. (verður 138. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
140.—142. gr. (verða 139.—141. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,24 samþ. með 9. shlj. atkv.
143. gr., svo breytt, (verður 142. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
144.—149. gr., (verða 143.—148. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,25 samþ. með 10 shlj. atkv.
150. gr., svo breytt, (verður 149. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
151. gr. (verður 150. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 236,26 samþ. með 10 shlj. atkv.
152. gr., svo breytt (verður 151. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 236,27 (153. gr. falli burt) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 236,28 (154. gr. falli burt) samþ. með 9 shlj. atkv.
155. gr. (verður 152. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,29 samþ. án atkvgr.
156. gr., svo breytt (verður 153. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
157. gr. (verður 154. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 236,30 samþ. með 10 shlj. atkv.
158. gr., svo breytt (verður 155. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 236,31 samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 258, 268, 271).

Afbrigði um brtt. 271, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál nú. Nefndin hefir borið fram 4 brtt. á þskj. 268.

1. brtt. er við 22. gr. frv. Nefndinni þótti, við nánari athugun, sú grundvallarregla tryggari, að miða vatnsskatt við fasteignamatsverð en brunabótavirðingu.

Þá er 2. brtt., sem er við 23. gr. Þar er lagt til, að í stað orðanna í 1. lið: „er liggur að lóð hans“ komi: er lóð hans telst til. Þetta þótti nefndinni skýrara, ef um bakhús væri að ræða.

Þá hefir nefndin gert brtt. við 65. gr., að í stað „200 eðlishestöflum“ komi: 500 eðlishestöflum.

Síðasta brtt. er við 89. gr. Í stað orðanna „notkun þeirra“ komi: gerð þeirra

og notkun. Nefndinni þótti nauðsynlegt, að haft væri einnig eftirlit með gerð holræsa, því að vel gætu þau annars verið svo úr garði gerð, að þau væru beinlínis heilsuspillandi.

Þá eru brtt. hv. 2. þm. Eyf. Hin fyrri er um skýrari skilgreiningu á almenningum. Nefndin telur þá breytingu ekki nauðsynlega, en vel má vera, að einhver hluti nefndarinnar fylgi henni.

Hið sama er að segja um 2. brtt. háttv. þm., við 7. gr. Nefndin telur hana ekki nauðsynlega og telur vafasamt, hvort sá skilningur, sem háttv. þm. leggur í 7. gr., sje rjettur.

Hefi jeg svo ekki fleira að taka fram þessu viðvíkjandi, en óska, að frv. verði samþykt.

Einar Árnason: Jeg mintist á örfá atriði þessa máls við 2. umr. þess hjer í deildinni, sem jeg vildi, að háttv. allsherjarnefnd tæki til greina. En nú hefi jeg orðið þess var, að hún hefir ekki sjeð sjer fært að taka þau upp. Jeg hefi því flutt 2 brtt., sem eru á þskj. 271.

Hin fyrri er við 1. gr. frv. og gengur í þá átt, að skýra betur, hvað sje almenningur í vötnum. Jeg skildi háttv. frsm. svo, að nefndin væri hlynt þessari tillögu, og því tel jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um hana, en vænti, að háttv. deild taki henni vel.

Önnur brtt. er við c-lið 7. gr., og lít jeg svo á, að þar sje um efnisbreytingu að ræða. Má því vel vera, að menn verði ekki sammála um hana.

Því er slegið föstu í þessu frv., að landeigendur eigi að hafa umráð yfir því vatni, sem rennur í landi þeirra, með þeim takmörkunum, sem í því greinir. En eftir því, sem c-liður 7. gr. er fram settur í frv., er þessi regla brotin. Til þess að gera ljósa grein fyrir því, hver áhrif brtt. mín hefir á 7. gr., verð jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 2. tölulið greinarinnar. Hann hljóðar svo:

> 2. „Óheimilt er manni, nema sjerstök heimild eða lagaleyfi sje til þess,
>
> a. að breyta vatnsbotni, straumstefnu eða vatnsmagni o. s. frv.
>
> b. að gerstífla straumvatn eða gera mannvirki í vatni eða yfir því.
>
> c. að veita jarðvatni úr landi sínu á annars land, ef tjón eða hætta er af því búin eign annars manns eða rjettindum, óhæfilegar tálmanir almennri umferð eða tjón eða hætta að nokkru ráði fyrir hagsmuni almennings."

Það er því augljóst, eins og greinin er framsett í frv., að þá er landeiganda skilyrðislaust bannað samkvæmt a- og b-lið að gera nokkuð við vatn á hans eigin landi, nema sjerstök lagaheimild komi til í hvert skifti, þrátt fyrir það, þó að breytingin á vatninu geri engum mein. Eftir því ætti mönnum að vera óheimilt að nota vatn í sínu eigin landi til áveitu, smávirkjunar eða annara gagnlegra hluta, jafnvel þó að vatnið renni aldrei inn í annara land. Þetta er hið mesta ranglæti, enda þori jeg að staðhæfa, að löggjöfin hefir aldrei ætlast til, að það væri svo. Úr þessu á brtt. mín að bæta. Hún tekur aftan af c-lið alt nema fyrstu setninguna, og flytur til orðin: „ef tjón eða hætta .. hagsmuni almennings", svo að þau eiga við alla stafliðina þrjá. Með því er það unnið, að menn geta notfært sjer vatn í sínu eigin landi eftir vild, samkvæmt öllum stafliðunum, ef þess er gætt, að rjettindum annara stafi ekki hætta af því.

Til sönnunar því, að jeg hafi rjett fyrir mjer og að brtt. mín sje nauðsynleg, skal jeg benda háttv. deildarmönn-

um á vatnalagafrv. bæði meiri og minni hluta fossanefndar frá 1918. Þar er þessu fyrir komið með sama hætti og í brtt. minni. Þá hefi jeg einnig athugað greinargerð minni hl. fossanefndar um þetta atriði. Þar segir meðal annars svo — með leyfi hæstv. forseta: „Eins og greinin ber með sjer, eru umráð landeigandans *því aðeins* takmörkuð, að tjón geti stafað af ráðstöfunum hans".

Til frekari fullvissu spurði jeg svo háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um þetta í morgun. Ætla jeg, að hann viti manna best skil á þessu máli, þar sem hann mun vera aðalhöfundur þeirrar eignarrjettarstefnu, sem þetta frumvarp er bygt á. Var hann mjer algerlega sammála um þetta.

Jeg þykist fullviss, að þetta atriði hefir ruglast við uppskrift eða prentun á einhverju stigi málsins, og því sje það komið hjer í þessari mynd í frumvarpinu.

Jeg vænti því, að háttv. deild leiðrjetti þetta með því að samþykkja brtt. mína.

Jón Magnússon: Mjer þykir rjett að láta enn af nýju uppi skoðun mína um það atriði í þessu máli, sem mestum deilunum hefir valdið, um hinn svo nefnda „eignarrjett" landeiganda yfir vatninu.

Af annari hálfu er því haldið fram, að landi fylgi eignarrjettur, eða annar nokkurn veginn hliðstæður rjettur, yfir vatni því, sem á landareigninni er, ef ekki er frá skilinn.

Af hinni hálfunni er það kent, að vatn geti eftir eðli sínu ekki verið eignarrjetti undirgefið, en að afnot, afnotarjettur eða umráðarjettur á vatni fylgi ekki eignarrjettinum á landinu, nema að því leyti, sem lögin sjerstaklega heimila. Með öðrum orðum, annar hlutinn segir: Landi hverju fylgir umráða- og hagnýtingarrjettur á vatni, sem á því er, með þeim takmörkunum, sem lög o. s. frv. ákveða. Hinir segja: Landareign hverri fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á vatni, sem á henni er, á þann hátt, er lög heimila.

Það er auðsætt, að báðir hlutar gætu vel komist að sömu niðurstöðu um löggjöfina í þessu efni, þrátt fyrir þennan skoðanamun. Þeir fyrnefndu telja heimilt, að fornum og nýjum lögum, að takmarka mjög afnotarjett landeiganda, en hinir viðurkenna afnotarjett eða hagnýtingarrjett hans á ýmsan hátt, sömuleiðis að fornum og nýjum lögum.

Það sýnir sig og, að niðurstaðan í frumvörpum stjórnarinnar og nefndanna, er um málið hafa fjallað á þingum og milli þinga, er mjög svipuð, nema er um orkunýting vatns er að ræða, og þá einkum orkunýting í stórum stíl. Að minsta kosti er það einkum hjer, að munurinn kemur fram.

Ef alt væri óbundið nú, eða ef vatnsrjettindin væru nú eins og meiri hluti milliþinganefndarinnar í fossamálunum heldur fram, þá er jeg ekki í neinum efa um það, að rjett væri að skipa vatnamálunum á þann hátt, eða í samræmi við það, sem sá hluti fossanefndarinnar lagði til.

Ef einhverntíma kemur að því, að tekið verði fallvatn til orkunýtingar í stórum stíl hjer á landi, þá er það alls ekki sjálfsagt, að landeigandi eigi að græða á því stórfje; það er miklu nær, að sá gróði komi í almanna þarfir. Orkunýting fallvatna í stórum stíl er yfirleitt svo óviss möguleiki, að landeigandi má ekki byggja á honum við búreikn

inga sína. Sala eða leiga á fossum, sem fram hefir farið síðustu árin, er ekki yfirleitt svo vaxin, að til greina þurfi að koma í þessu sambandi. Við opinbert mat á jörðum hefir víst aldrei, að nokkru ráði, verið tekið tillit til slíkrar orkunýtingar.

Það sýnist til að mynda ekkert ósanngjarnt, ef viðurkent er, að landeigandi eigi yfirráðarjett vatns á landi sínu til orkunýtingar í smærri stíl, að ríkisvaldið mætti nota endurgjaldslaust vatnið sjálft í hans landareign í almannaþarfir eða til einstakra fyrirtækja, og þurfi eigi að greiða gjald fyrir annað en landspjöll eða önnur spjöll, til að mynda á veiði.

Því er það ekki einungis eðlilegt, heldur sjálfsagt, að hjá þeim, sem undirbúið hafa frumvarp til heildarvatnalaga, og hjá þingmönnum, sem málið eiga að afgreiða, vakni sú spurning, hvort lög vor að fornu og nýju og rjettarvenjur sjeu því til fyrirstöðu, að málinu megi svo skipa, sem á er bent. Einkum hlýtur þessi spurning að koma fram, þegar til samanburðar er tekin vatnalöggjöf annara ríkja og því er veitt eftirtekt, að vatnapólitík flestra annara ríkja stefnir að því marki að gera vatnsföll að almenningum eða láta þau koma undir yfirráð ríkisins. Það er út frá þessum skoðunarhætti, að sumir þingmenn hafa getað fylgt meiri hluta fossanefndarinnar, þótt þeir hafi ekki verið samdóma um rjettargrundvöllinn í teóríunni. Svo er um háttv. 3. landsk. þm. (HSn). Hann hafði fylgt meiri hl. áður að málum og var í nokkrum efa um, hvort hann vildi skrifa undir nefndarálitið athugasemdalaust. En það varð úr, að hann gerði það, af því að hann hafði stöðugt við meðferð málsins í nefndum á undangengnum þingum tekið það fram, að hann væri þeirrar skoðunar, að vatnsrjettindin fylgdu landinu að lögum, en á hinn bóginn tók nefndin nú upp mikið af breytingartill. meiri hl. þeirrar nefndar, sem sjerstaklega hafði áður starfað að málinu (1921) og hann var í. Þar að auki hefir því verið haldið fram, jafnvel frá báðum hliðum, að hjer væri í rauninni meira deilt um kenningar en raunverulega hluti.

Meiri hluti fossanefndarinnar hefir rannsakað löggjöfina mjög grandgæfilega, með aðstoð Einars prófessors Arnórssonar, og komist að þeirri niðurstöðu, er hjer segir:

1. Vatnið er alment eigi undirorpið eignarrjetti þeirra, sem land eiga undir því.
2. Landi því, sem vatn flýtur um eða vatn liggur á, fylgir undantekningarlaust tilkall til að nota vatnið til heimilisþarfa.
3. Sama tilkall til þess að nota vatn á því til jarðræktar (áveitu), þó því aðeins, að eigi sje þar með spilt vatnsbóli eða tekið vatn t. d. þess, er neðar býr við vatnsfall, sem annar maður þarf eða notar til heimilisþarfa (brunnur, brunnlækur).
4. Sama tilkall til vatns til að nota það til iðnaðar eða iðju í þarfir landsins beinlínis, með þeirri undantekningu, sem sagt er undir 3.
5. Vatn, sem löglega er tekið til iðnaðarnota eða iðju eða áveitu, verður eigi endurgjaldslaust tekið til annarar iðju, iðnaðar eða áveitu.
6. Það vatn, er eigi er notað samkvæmt 2.–5., er öðrum frjálst til notkunar endurgjaldslaust.

Þetta er niðurstaða Einars Arnórssonar í ritgerð hans um vatnsrjettindi, sem prentuð er í nefndaráliti meiri hl fossanefndarinnar.

Jeg get alls ekki fallist á þessa niðurstöðu, af þeim ástæðum, sem greina skal.

Þar sem svo er háttað, að sundurskifting lands í einstaklingseign er sprottin upp úr sameign, t. d. ættbálks, þjóðflokks, þorpsbúa, og ekki síst, er sjernotkun hefir komið í milli, þá er það mjög eðlilegt, að vatnsrjettindin haldi fremur áfram að vera almenningar eða fjelagseign að meira eða minna leyti. Sjerstaklega á þetta við í þeim löndum, þar sem allur almenningur frá fornu fari hefir þurft á vatninu, vatnsföllunum, að halda, svo sem til skipaferða, áveitu í stórum stíl o. þ. h.

Hjá oss er sagan alt önnur. Landnámið byrjar ekki á því, að þjóð eða þjóðflokkur nemi landið í fjelagi og skifti því síðan milli landnámsmanna til sjernotkunar eða í einstaklingseignir, með meira eða minna takmörkuðum rjetti vegna þjóðfjelagsins. Hjer nemur landið hver landnámsmanna fyrir sig, helgar sjer það land venjulega, þar sem hann getur auðveldast náð í það. Í þessu efni gerir það enga breytingu, að höfðingjar, sem hingað komu, námu stundum land handa fylgdarmönnum sínum eða gáfu vinum eða frændum af landnámi sínu. Það er ekki efasamt, að hver landnámsmaður hefir skoðað sig helga sjer landnám sitt með öllum rjettindum óskorað yfir landi og vatni. Á þessu gat engin breyting hafa orðið að lögum fyrir 930. Af hinni almennu sögu þjóðveldistímans eða þar á eftir verður víst ekki ráðið, að nein breyting hafi orðið á þessu, svo að hægt sje að segja, að rjettargrundvellinum sje breytt. Það er að vísu sagt frá því, að einstaka á hafi verið notuð lítið eitt til skipagöngu, en varla hefir þetta verið svo, að menn hafi alment fundið til nauðsynjarinnar, að vatnsföll væru almenningar. Fyrir áveituþörf höfðu menn að vísu opin augu, en varla svo, að menn teldu vötn þurfa að vera almenninga. Samáveitur í stórum stíl hefir varla verið um að ræða. Ákvæði vorra fornu laga um áveitur og brúagerð og til heimilisþarfa breyta engu hjer í, fremur en t. a. m. ákvæði um áning í haga breyta rjetti eiganda lands.

Fyrir lögum þjóðveldistímans um þetta efni, ákvæðum Jónsbókar og hinum yngri lögum um sama efni, er gerð nákvæm grein í áðurnefndri ritgerð og nefndaráliti. Býst jeg við, að þar sje tínt, sem til er. Þessi lagaákvæði eru yfirleitt öll svo orðuð, að eðlilegast er að skilja þau á þann veg, að þau byggi á því, að rjetturinn til afnota af vatni eða vatnsfalli fylgi landinu, sem að því liggur. Sum ákvæðin gera það svo ljóslega, að ómögulegt er að misskilja. Það kann að vera, að skýra megi einstaka ákvæði í hinum yngri lögum — til að mynda um vatnsveitu til neyslu eða áveitu — svo, að segja megi, að nær sje hinni skoðuninni; en fyrir niðurstöðuna um það, hvað lög sjeu nú um þetta efni, hefir það að minni skoðun alls enga þýðingu. Það merkir ekkert annað en það, sem allir eru sammála um, að rjettur landeiganda eða afnot hans af vatni er og hefir verið mjög takmarkaður.

Enn skal aðeins drepið á það, að löggjafarvaldið hefir, með fossalögunum frá 1907 sjerstaklega, viðurkent hinn sama rjettargrundvöll sem þetta frumvarp er á bygt, og landsstjórnin og yfirvöld landsins hafa í aðgerðum sínum hvað eftir annað gert hið sama.

Jeg hikaði því ekki við það að fallast á það á sínum tíma, að frumvarpið væri bygt á þessum grundvelli, er það var lagt fyrir þingið af fyrverandi stjórn. Og þess vegna greiði jeg því nú atkvæði mitt.

Það hefir komið fram tillaga um miðlun á þrætunni um rjettargrundvöllinn, sú nefnilega, að væntanleg lög skeri ekki úr henni, heldur verði þau þannig samin, að til dómstólanna kæmi úr að skera. Þetta má orða. Jeg tel þó rjettast, að alþingismenn skeri hjer sjálfir úr, hver eftir sinni skoðun. Það er ekki meiri ábyrgðarhluti að gera það í þessu máli en í svo mörgum öðrum.

Jeg verð nú að orðlengja svolítið um eða út af ummælum í blaði einu, sem flytur svo einstaklega rjettar og óhlutdrægar þingfrjettir. Þar segir frá því, að fossamálinu muni verða hraðað og „þvegið af því mesta vatnsránskámið".

Þar er ekkert „vatnsránskám" að þvo af, svo að þetta eru ósannindi hjá blaðinu. En það er ekkert tiltökumál. Jeg nefni það ekki þess vegna, heldur af því, að það minti mig á fyrri ásakanir í þessa átt.

Þegar þáverandi atvinnumálaráðherra, Pjetur heitinn Jónsson, quem honoris causa nomino, var að búa út frumvörp þau, er leggja átti fyrir Alþingi 1921, þá komu vatnamálin til umtals. Komum við þáverandi ráðherrar okkur þá saman um það að bera fram frumvarpið til vatnalaga á þeim sama grundvelli, sem ráðuneytið áður hafði fallist á, nefnilega svo, að vatnsrjettindin fylgdu landinu. Að öðru leyti var frumvarpið samið eftir frumvörpum meiri og minni hluta fossanefndarinnar, og það tekið úr hvoru, sem hallkvæmara þótti, og auk þess kaflar úr frumvarpi meiri hlutans, sem ekki voru í frv. minni hlutans.

Atvinnumálaráðuneytið fjekk Einar Arnórsson, sem er einhver hinn besti lögfræðingur vor og manna færastur til að semja lagafrv. og færa í góðan búning, til að setja frv. saman og stíla svo, að í samræmi væri við rjettargrundvöll þann, er byggja átti á. Þetta gerði hann. Þegar frumvarpið kom fram, var gert hróp að ráðuneytinu, bæði utan þings og innan, fyrir það, að láta þennan mann, sem lýst hafði annari skoðun á rjettargrundvellinum, semja frumvarpið. Það var sagt, að í orði kveðnu væru viðurkend rjettindi landeiganda, en vatnsránið gægðist alstaðar út úr frumvarpinu. Meira að segja var sagt, að ráðuneytinu hefði hlotið að vera það ljóst, að maður svona gagnstæðrar skoðunar gæti ekki samið frumvarpið án þess að hans skoðun kæmi þar fram. Þetta síðastnefnda var auðvitað svo heimskulegt, að ekki tekur að mótmæla því; og allar voru þessar ásakanir annaðhvort vísvitandi ósannar og rangar eða sprotnar af misskilningi og vankunnandi. Líklega hvorttveggja. En hvað sem um það var, þá tók Pjetur heitinn þær afarnærri sjer. Það var maður, sem sannlega mátti segja um, að ekki mátti vamm sitt vita. Hann var allra manna heilastur og einlægastur við menn og málefni. Honum þótti sem hann væri hjer sakaður um óeinlægni og óheilindi, og jeg held líka, að það hafi einhverntíma verið sagt með berum orðum. Hann kvartaði oft um það við mig, að sjer þætti það sárast, að hann væri ekki nógu mikill lögfræðingur til þess að hann gæti sjeð glögglega,

hvort þessar ásakanir væru á rökum bygðar eða ekki. Jeg reyndi að vísu að telja honum trú um, að svo væri ekki og að hann þyrfti ekki að taka þetta nærri sjer; en jeg hafði þá ekki athugað frv. eins grandgæfilega eins og jeg hefi gert það síðan.

En eftir að jeg hefi nú margskoðað hvert einasta ákvæði frumvarpsins, hefi jeg sannfærst um það, að ásakanir þessar eru á alls engum rökum bygðar.

Jeg ætla mjer eigi að amast við brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (EÁ) við 7. gr. Hún kemur eigi rjettargrundvellinum við. En hvað fyrri brtt. snertir, þá er hún eigi allskostar heppileg, — ætti betur heima í 4. gr. en 1. gr. — og skilgreiningin er eigi allskostar nákvæm, þegar af þeirri ástæðu, að mörg vötn eru öll almenningar, og þyrfti hún því að orðast á annan hátt.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg skal fyrst leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtt. þær við frv. þetta, er hjer liggja fyrir. Um brtt. háttv. allshn. hefi jeg eigi mikið að segja: 2 þeirra eru sjálfsagðar, sem sje 1. og 3. brtt. Er það einsætt, að eðlilegra er, eins og 1. brtt. fer fram á, að miða skattinn við fasteignamatsverð en brunabótavirðingu. Hvað snertir 3. brtt., þá leyfi jeg mjer að skírskota til þess, er jeg sagði við 2. umræðu þessa máls. Hinar tvær brtt. eru vafalaust til bóta, eða að minsta kosti meinlausar.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (EÁ) á þskj. 271. Er jeg á sama máli og hv. 4. landsk. þm. um fyrri brtt., sem sje að hún hefði átt betur heima í 4. gr., en þó að brtt. þessi verði samþykt og kunni að reka sig eitthvað á aðrar skilgreiningar í frv., þá er hægt að laga það í háttv. Nd. Annars er jeg ekki viss um, að hún reki sig neitt á. Brtt. við 7. gr. kom fyrst fram nú á fundinum, og hefi jeg eigi haft tækifæri til þess að athuga hana.

Jeg skal þá að endingu líka leyfa mjer að fara nokkrum orðum um málið yfirleitt, og þá aðallega víkja máli mínu að ræðu háttv. 4. landsk. þm. Fór hann inn á spursmálið í heild sinni og kvað aðalatriðið vera ágreining meiri og minni hluta fossanefndarinnar um það, hvort eignarrjettur yfir vatni fylgdi landinu að lögum eða eigi, og er það auðvitað alveg rjett.

Hjer er greinilega um tvær stefnur að ræða. Háttv. 4. landsk. þm. (JM) áleit, að munurinn væri ekki mikill í raun og veru, og hægt væri að sameina stefnurnar. En jeg held, að munurinn sje meiri en á pappírnum. Hann er praktiskur; og ef svo hefði ekki verið, þá hefði þetta mál ekki átt eins erfitt uppdráttar. Málið var undirbúið af milliþinganefnd og hefir síðan verið þvælt á 4 þingum, en hefir altaf strandað á þessu atriði, og jeg skil ekki, að svo hefði orðið, ef munurinn hefði ekki verið meiri en háttv. þm. (JM) vildi telja. Jeg er sammála háttv. þm. (JM) um eignarrjettinn. Jeg hefi haft tækifæri til þess að rannsaka þetta atriði, og mín skoðun er sú, að eftir gildandi lögum í gegnum aldirnar hafi vatnsrjettindin fylgt landinu. Og mig furðar á því, að nokkur lögfræðingur skuli vera á annari skoðun. Þessi skoðun hefir síðan verið beint viðurkend af Alþingi með lögum 1907. Jeg held, að ástæðan til þess, að meiri hlutinn hjelt fram gagnstæðri skoðun, hafi verið óskin um, að það væru lög, sem þeir vildu að væri lög. Þeir hafi blandað þessu tvennu saman. Og það er eðlilegt, þegar vatnsrjettindin voru orðin dýrmæt og verðmikil, að sú ósk kæmi fram, að ríkið ætti þau. Þessi ósk er eðlileg, en hins

vegar má hún ekki brjóta lög á mönnum. En það er samt enginn vafi á því, að ríkið á mikið af vatnsrjettindum, því að það á alla almenninga, og þessi rjettindi á það samkvæmt sömu reglu og landeigendur eiga þau á sínu landi.

Þá skýrði háttv. 4. landsk. þm. (JM) frá því, að sá meðalvegur hefði komið fram, að vísa málinu til aðgerða dómstólanna, og hann var því mótfallinn. Jeg er honum sammála þar. Jeg sje enga ástæðu til þess, að þingið reyni að koma af sjer þessari ábyrgð. Mjer finst málið vera ljóst og er sannfærður um, að sá grundvöllur, sem frv. er bygt á, er rjettur. Það væri óviðfeldið, ef skoðun meiri hlutans væri lögð til grundvallar og dómstólarnir úrskurðuðu það síðan á annan veg. Landeigendur mundu eflaust fara í mál við ríkið, og þá vafalaust vinna það.

Þá tók háttv. þm. (JM) sjer nærri vatnsránstalið, en jeg held, að það hafi verið óþarfi af honum, og eins Pjetri heitnum Jónssyni, því að því tali mun nær eingöngu hafa verið beint til meiri hlutans, en ekki til stjórnarinnar. En þó verð jeg að telja, að stjórnin hafi hagað sjer ógætilega, þegar hún valdi prófessor Einar Arnórsson til þess að semja frv. Hann hafði mjög svo haldið fram skoðun meiri hlutans, og hefir líklega verið höfundur hennar. Því var eðlilegt, að litið væri með nokkurri tortryggni á valið. Það hefði verið heppilegra, að mínu áliti, að velja annan lögfræðing, sem var alveg hlutlaus í málinu, og það var hægt að fá fleiri en einn skýran og lærðan lögfræðing. Jeg get t. d. nefnt hæstarjettardómarana Eggert Briem og Lárus H. Bjarnason. Jeg held, að allir hefðu getað borið fult traust til þessara manna, og meira, í þessu tilfelli, en til mannsins, sem valinn var, því hann gat ekki talist óvilhallur.

Jeg vil svo að endingu lýsa yfir ánægju minni yfir því, að málið er komið svo langt, að það fer í dag úr deildinni. Jeg vona, að því auðnist að verða að lögum á þessu þingi, en jeg er dálítið hræddur um það í háttv. Nd., vegna ágreiningsins.

Sigurður Jónsson: Tilefni til þess, að jeg stend upp, er það, að hæstv. atvrh. (KlJ) og háttv. 4. landsk. þm. (JM) hafa látið í ljós þá hugsun, að ekki hafi verið tekið tillit til fossanna við fasteignamatið síðasta. Jeg vil votta það, að það var ekki gert nema á einum stað, en þar hafði foss verið leigður til langs tíma.

Einar Árnason: Háttv. 4. landsk. þm. (JM) gat þess, að jeg hefði farið með rangt mál viðvíkjandi höfundi frv. Jeg held, að hann hafi misskilið mig. Jeg sagði, að frv. væri bygt á þeim eignarrjettargrundvelli, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefði lagt.

Þá er það brtt. mín við 1. gr., sem sumir hafa talið betra að setja við 4. gr. Jeg ætlaði upphaflega að fella hana inn í þá grein, en við nánari athugun hvarf jeg frá því. Mjer fanst hún koma dálítið óþægilega í 4. gr., því þar er um annað óskylt atriði að ræða, sem ekki má blanda saman. Almenningar er getið í 123. gr., og af brtt. minni ætti það að vera ljóst, að það væru almenningar, ef býli eða lönd lægju ekki að vatninu. Jeg sje svo ekki ástæðu til að segja meira. Brtt. hefir yfirleitt verið vel tekið.

Jónas Jónsson: Jeg vildi við þessa síðustu umr. tala örfá orð um málið í heild, en sje ekki ástæðu til að blanda mjer inn í umr. um einstakar gr. Það lítur út

fyrir, að menn sjeu hjer alment á þeirri skoðun, að meiri hlutinn hafi ekki haft rjett fyrir sjer. Jeg held, að allir þeir, sem talað hafa, hafi litið svo á, að vatn væri að íslenskum lögum eign landeigenda. Jeg þarf því ekki að tala um þetta, en ætla heldur að koma inn á aðra hlið málsins, sem hingað til hefir verið lítill gaumur gefinn. Það hefir verið ósk meiri hlutans og margra annara, að ríkið ætti vatnsrjettindin, en þessari ósk er hægt að fullnægja í aðalatriðum á annan hátt en að brjóta lög á mönnum. Það hefir verið ljóst tekið fram af háttv. 4. landsk. þm. (JM) og hæstv. atvrh. (KlJ), að hvort sem heldur er litið á sögulega eða lagalega hlið málsins eða farið eftir rjettarvitund þjóðarinnar, þá verður svarið altaf, að sá á vatnið, sem á botninn.

Ósk meiri hlutans um að ná vatnsrjettindunum undir þjóðfjelagið hefir því ráðið tillögum þeirra.

En þá kem jeg að þessari nýju hlið málsins, sem er greiðfærari og sanngjarnari leið, og það er skattaleiðin. Hin leiðin, að lýsa yfir eignarrjetti ríkisins, yrði þýðingarlaus, því að dómstólarnir mundu úrskurða það á annan veg landeigendunum í vil. En hitt er áreiðanlegt, að ríkið getur eignast, eða sama sem eignast, fossana með breytingu á skattalöggjöfinni, með því að leggja verðhækkunarskatt á stærstu fossana. Það er nauðsynlegt fyrir ríkið að fá umráð fossanna, því það getur komið til mála, að erlendir keppinautar kaupi þá til þess að láta þá vera ónotaða, og útiloka þannig samkepnina frá hálfu Íslendinga. Það hefir þegar bólað á ugg í þessu efni, og hann er líklega ekki með öllu ástæðulaus. Jeg ætla ekki að ræða þetta frekar nú, aðeins skjóta því fram til athugunar.

Þá vil jeg víkja að örfáum aukaatriðum. Háttv. 4. landsk. þm. (JM) kunni illa við, að blað eitt hafi talað um vatnsránskenningar; en hvað var hægt að kalla það annað en vatnsrán, sem meiri hlutinn gerði ráð fyrir. Og af því að háttv. þm. (JM) er á sama máli og jeg viðvíkjandi eignarrjettinum, þá skil jeg ekki, hví honum fellur þetta svo illa.

Viðvíkjandi því, hver sje höfundur frv., get jeg vitnað til orða háttv. 2. þm. Eyf. (EÁ). Orðalag frv. skiftir minstu í þessu atriði, heldur hugsun þess, og það er á allra vitorði, að hana hefir háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) borið fram öðrum fremur og barist fyrir. Það er því sögulega rjett að kenna frv. við hann.

Jeg tek undir það með hæstv. atvrh. (KlJ), að það var í alla staði óviðeigandi að láta prófessor Einar Arnórsson undirbúa frv. Þetta liggur í augum uppi, og jeg á erfitt með að skilja afstöðu hv. 4. landsk. þm. (JM), sem hefir altaf verið í andstöðu við lagalegar skýringar þessa manns á þessu máli. Og það hefði verið óeðlilegt að ætlast til, að maðurinn gæti samið frv. sjer þvert um geð.

Þá mintist háttv. 4. landsk. þm. (JM) á Pjetur heitinn Jónsson og hve illa hann hefði kunnað andstöðunni gegn frv. Mjer er ekki svo sjerstaklega í minni sú „kritik“, sem þá kom fram, en það var víst ekki nema eðlilegt, að hún kæmi fram, eins og á stóð.

En fyrst háttv. 4. landsk. þm. (JM) fór að bera skjöld fyrir minningu þessa mæta manns, þá hefði ekki virst minni ástæða til fyrir hann að minnast á ritling, sem út kom á síðastliðnu hausti, eftir einn af þingmönnum þessarar deildar. Í þeim ritlingi var gefið í skyn, að frv. um einkasölu á kornvöru, sem Pjetur heitinn Jónsson, þá ráðherra, bar fram á þingi, hefði verið borið fram í miður lofsverð-

um tilgangi og af óhreinum hvötum. Er undarlegt, að þessi ræðumaður skuli ekki hafa fundið hvöt hjá sjer til að bera blak af sínum látna vini.

Viðvíkjandi því, sem sami háttv. þm. (JM) sagði um óábyggilegar þingfrjettir, sem bærust blöðunum, þá vil jeg segja það, að það mun nú einmitt eiga sjer stað, að einn þingskrifari, þó ekki í efri deild, hefir flutt einu dagblaði hjer í bænum rangar skýrslur um það, sem gerist á þinginu. Er það mjög óviðeigandi, að þingskrifarar, sem launaðir eru af landsins fje, fari með slíkar ósannar fregnir í blöðin, og vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, að þeir láti slíkt eigi viðgangast.

Jón Magnússon: Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði, að ef munurinn á skoðunum meiri og minni hluta fossanefndar hefði verið svo lítill, sem jeg hjelt fram í minni ræðu, þá hefðu þessir andstæðu partar brætt sig saman. En svo þarf eigi að vera. Smámunir geta oft valdið hvað mestum deilum. Er þetta því ekki sönnun fyrir því, að mikið hafi borið á milli í raun og veru. Annars sagði jeg ekkert um það, hvort jeg teldi muninn mikinn eða ekki. Jeg sagði aðeins, að því hefði verið haldið fram, að svo væri ekki.

Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir mint mig á, hvað munurinn á skoðunum er í raun og veru lítill, en að því get jeg komið síðar, ef jeg lengi ræðu mína.

Hæstv. atvrh. (KlJ) sagði í ræðu sinni, að hann ætlaði ekki að blanda sjer í það mál, hvernig stjórninni hefði tekist að semja frv. Til þess var heldur engin ástæða fyrir hann, en hann gerði það þó. Jeg skil ekki þann hugsunarhátt, sem kom fram, að lögfræðingur geti ekki samið lög, ef hann er ekki sjálfur samþykkur grundvallarskoðun þeirra. Þetta kemur þó oft fyrir. T. d. verða nefndir að semja lög, eftir því sem fyrir þær hefir verið lagt, án þess að hægt sje að ætlast til, að þær sjeu ávalt að öllu leyti samþykkar þeim skoðunum, er þau byggjast á.

Hver einasti lögfræðingur á að geta samið frumvarp, er sje samkvæmt ákveðinni stefnu, án tillits til þess, hverjar skoðanir hann hefir sjálfur á henni.

Það er rjett, sem hæstv. atvrh. (KlJ) tók fram, að okkur greinir ekkert á um eignarrjettarspurninguna. Við erum þar sammála, bæði hvað snertir hina rjettarlegu og sögulegu hlið málsins. Enda tók hann ekkert fram um það atriði, sem jeg hafði eigi áður haldið fram.

Háttv. 5. landsk. þm. (JJ) var að tala um vatnsrán, en jafnframt að tala um að skattleggja fallvötnin.

Í raun og veru er það heimska ein að tala um vatnsrán. Öll skattalög ganga í raun og veru út á það að taka af mönnum tekjur og eignir þeirra. Á síðari tímum hefir t. a. m. á Englandi verið farið svo langt, að taka af mönnum ¾ hluta tekna eða meira.

Það er ofurauðvelt, eins og háttv. 5. landsk. þm. (JJ) talar um, að leggja svo háan skatt á vötnin, að eigendur þeirra verði fegnir að láta þau af hendi. En þetta er mesta vatnsrán. Hjer mun hafa verið lagður skattur á eitt fjelag, er átti hjer vatn. En í raun og veru eru ónotuð vötn ekkert verðmæti og ekki hægt að meta þau til verðs.

Þessu marki má auðvitað líka ná á annan hátt, sem sje með því, að sá, sem vill virkja vatn, verður að sækja um leyfi til þess til stjórnarinnar. Er þá hægt að láta hann borga fyrir það leyfi, og má jafnvel setja gjaldið svo hátt, að ekki borgi sig að taka vatnið til virkjunar.

Umtalið um vatnsrán er algerlega van-

hugsað, og við þingmenn erum allir í meira og minna mæli ræningjar eftir þeirri kenningu, þegar við erum að leggja á skatta.

Jónas Jónsson: Háttv. 4. landsk. þm. (JM) taldi það árás á lögfræðingana, að efast um það, að þeir gætu bygt frv. á annari skoðun en sinni eigin.

Það má vera, að jeg skilji þetta ekki, að þeir geti gert þetta, af því jeg er ekki lögfræðingur. En jeg vildi ekki gefa mig til þess að semja frv. fyrir fje. frv., sem jeg yrði að gera gagnstætt sannfæringu minni. Jeg efast líka um, að margir lögfræðingar vildu gera það, og verður þá spurning, hvort jeg hefi óvirt lögfræðingana með þessari skoðun minni. Heldur tel jeg þá menn óvirða stjettina, sem telja slíka vinnu sæmilega.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 4. landsk. þm. (JM) sagði um það, að ræna mætti á fleiri hátt en einn eignum manna þá má geta þess, að í Englandi hefir verið eitt sinn lagður svo þungur skattur á, að hann nam 80% af tekjum manna. Þessi skattur var ekki kallaður rán, enda þótt menn væru óánægðir með hann. En það er andlega sjeð rangt og vítlaust að ætla sjer að láta landið eignast fallvötnin með aðferð meiri hlutans. Um þetta býst jeg við, að allir sjeu sammála, að ef landið til dæmis tæki Gullfoss á þennan hátt, þá myndi það tapa málinu, sem af því risi.

Þeir, sem ekki eru lögfróðir, líta svo á, að framkvæmd á kenningu meiri hlutans sje fjarstæða og óframkvæmanleg, en viðurkenna aftur, að ríkinu sje rjett að taka skatta. Og það er ekki rangt, þó fossar, sem ganga kaupum og sölum fyrir hundruð þúsunda króna, sjeu skattlagðir, og það jafnvel svo hátt, að eigendurnir verði fegnir að losa sig við þá. Í þessu efni er sjálfsagt fyrir okkur að fylgja þeim rjettargrundvelli, sem alviðurkendur er.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Mjer fanst háttv. 4. landsk. þm. (JM) taka mjer fremur óstint upp það, sem jeg sagði í ræðu minni. Telur hann mig hafa farið móðgandi orðum um aðgerðir fyrverandi stjórnar í málinu. Jeg get samt ekki sjeð, að hægt væri að fara vægari orðum um það en jeg gerði, úr því jeg mintist á það.

Jeg benti á það, að val stjórnarinnar á lögfræðingi til að semja frv. þetta hefði ekki verið heppilegt, og benti jafnframt á aðra mjög merka menn sem heppilegri, þar sem þeir höfðu ekki verið áður við málið riðnir. En þetta er sjálfsagt viðkvæmt kýli, sem jeg skal ekki kreista meira.

Viðvíkjandi því, að lögfræðingar geti undirbúið lög, þó að þeir sjeu ekki samþykkir efni þeirra, þá má vera, að það sje ekki óhugsandi undir vissum kringumstæðum. T. d. eru skrifstofur í stjórnarráðinu látnar undirbúa lagafrv., án þess máske, að skrifstofumennirnir sjeu samþykkir efni þeirra. En það verk er þeim þó erfitt. Miklu hægara er fyrir þá menn að undirbúa lög, sem eru samþykkir efni þeirra. Það er ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að þeim, sem býr til lög, er hann sjálfur vildi hafa öðruvísi, verði hætt við að smeygja inn ákvæðum, sem hann vildi sjálfur hafa, eða fella úr atriði, er aðrir vildu eigi missa.

Háttv. 4. landsk. þm. (JM) gat þess, að ekkert nýtt hefði komið fram í ræðu minni og að við værum sammála. Þetta

er heldur engin furða. En þar sem svo leit út fyrir, að jeg hefði aðeins endurtekið hann, þá myndi jeg geta sannað honum, að svo er ekki, ef jeg hefði tækifæri til að sýna álit mitt í þessu máli, sem er orðið 5 ára gamalt og hefir að geyma hin sömu rök og jeg nú hefi drepið á.

Jón Magnússon: Mjer er vel kunnugt, að hæstv. atvrh. (KlJ) hefir mikið fengist við þetta mál, og jeg er glaður yfir því, að við erum samdóma í því. En jeg get ekki horfið frá því, að mjer fanst það óþarft af honum að fara að blanda sjer í það hróp, sem gert var að fyrv. atvrh., bæði innan þings og utan, út af þessu máli.

Þá er jeg hissa á þeirri kenningu, að lögfræðingi sje eigi hægt að semja frumvarp hvað sem hans eigin skoðunum á því líður. (*Atvrh. KlJ*: Það er erfitt). Jeg skal þó geta þess, að hv. 5. landsk. þm. (JJ) hefir gert tillögu um, að nefnd gamalla manna sje látin stílfæra lög, sem máske ungir og framgjarnir menn leggja til efnið í. Sýnist það þó eigi liggja nær.

Þá skal jeg enn bæta því við, að það er ný skýring á ránum, ef það, sem taka á, en ekki tekst að ná í, kallast rán. En ef sama eign er tekin með því að skattleggja hana svo hátt, að eigandinn verði feginn að afhenda hana endurgjaldslaust, þá er það ekki kallað rán. Þetta er ný skýring á þessu hugtaki, sem jeg skil ekki, en skal athuga það nánar síðar.

ATKVGR.

Brtt. 271,1 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 271,2 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 268,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 268,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 268,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 268,4 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., föstudaginn 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 282).

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er nú í 5. sinn, sem þetta mál kemur fyrir háttv. deild, og í fyrsta skifti, sem það hefir komist svo langt, að verða afgreitt úr annari deild þingsins. Eftir að hv. Nd. hafði svo oft fjallað um málið, fanst mjer rjett að leita háttv. Ed. að líta einu sinni framan í það. Hefir hún gert á því nokkrar breytingar, sem frekar mega skoðast sem orðabreytingar en efnisbreytingar. Get jeg fallist á sumar þeirra, en aðrar ekki, en skal ekki fara neitt frekar út í það við þessa umr. málsins.

Jeg vildi nú óska þess, að háttv. deild fagnaði vel svo gömlum og góðum gesti, sem þetta frv. er, gerði vel við hann meðan hann dvelur í deildinni og fylgi honum síðan með öllum veg úr hlaði. Jeg vænti þess, að málinu, að lokinni umr., verði vísað til þeirrar sjerstöku nefndar, sem stofnuð hefir verið með það fyrir augum. Vona jeg sömuleiðis, að hún geri vel við málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til vatnamálanefndar með 15 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að mjer hefir borist krafa frá 6 háttv. deildarmönnum, svo hljóðandi:

„Vjer undirritaðir leyfum oss að fara þess á leit við forseta Nd., að hann taki vatnamálið á dagskrá til 2. umr. 27. þ. m.“

SvÓ, ÞorstJ, HK, ÞorlJ, PÞ, SSt.

Bjarni Jónsson: Jeg vil láta þess getið við háttv. deildarmenn, að jeg hefi boðað til fundar í vatnamálanefndinni, en þó ekki orðið neitt úr fundahöldum vegna fjárlagafundarhalda, sem eigi þótti rjett að tefja. Hafði jeg því ákveðið fund næsta dag, en er sá dagur rann, var þegar búið að kljúfa nefndina og koma fram með meiri hluta nál., enda þótt nefndin hefði enn eigi komið saman til annars en að kjósa sjer formann og ritara. Nú er sýnilega verið að reyna að koma í veg fyrir, að minni hluta nefndarinnar vinnist tóm til þess að átta sig á því, sem orðið er, og koma með sínar till. og svara þessu nál. meiri hl.

Annars vil jeg geta þess, ef háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir haldið, að jeg hafi dregið þetta mál á langinn af hrekkvísi við hann, að heimilisástæður mínar eru þannig, að mjer er eigi kleift að vera að heiman að morgni dags til hádegis, og get því eigi haldið fundi á þeim tíma dagsins.

Forseti (BSv): Þá vil jeg geta þess, að mjer hefir enn borist ný áskorun, um að taka frv. um hinn nýja fyrirhugaða banka á dagskrá. Áskorun þessi er og undirrituð af 6 háttv. deildarmönnum og hljóðar þannig:

„Vjer undirritaðir leyfum oss að fara þess á leit við forseta Nd., að hann taki á dagskrá til 2. umr. þ. 27. þ. m. frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka.“

JakM, PO, MG, ÞórJ, SSt, MP.

Sveinn Ólafsson: Það eru aðeins örfá orð til háttv. þm. Dala. (BJ). Jeg verð að vekja athygli háttv. deildar á því, að nú eru liðnir 20 dagar síðan þetta frv. kom frá Ed. Hefi jeg oft farið þess á leit við háttv. þm. Dala., sem er formaður nefndarinnar, að hann kallaði oss nefndarmenn á fund um vatnamálið, en það aldrei tekist, og þó stundum verið ráðgert. Framan af töfðu annir í fjárveitinganefnd, en nú eru nokkrir dagar síðan þeim lauk, og hefir fundur þó ekki fengist. Vitanlegt er oss meiri hluta mönnum það líka, að tafirnar á fyrirtekt málsins eru ekki einvörðungu vegna annríkis, og þetta fundarboð hjá háttv. formanni kemur nú fram, þegar opinberlega er kvartað og ákvörðun tekin út úr neyð. Vjer höfum tilknúðir borið fram álit vort utan funda af því að vjer fundum, að drátturinn stefndi til eyðingar málsins. Hitt var oss einnig löngu ljóst, að einskis samkomulags var að vænta við háttv. minni hluta um undirstöðuatriði málsins, deilumálið gamla, og því var biðin enn hættulegri og líkari til að koma málinu í strand.

Jón Þorláksson: Mjer finst þetta alleinkennileg aðferð með vatnamálið, og er það miklu líkast, að einhver ólga sje hjer á bak við; líklega er það eitthvað, sem ekki þykir vel til þess fallið, að það sæti venjulegri meðferð þingmála.

Jeg var kosinn í þessa vatnamálanefnd af kosningabandalagi nokkru hjer í deild-

inni, og var mjer allnauðugt að taka þar sæti. Þó hefi jeg ekki viljað vanrækja þessi störf mín þar, fremur en önnur þingstörf, sem koma undir mig og jeg hefi verið kosinn til að gegna.

Um vatnamálanál., sem nú er fram komið, get jeg ekki rætt hjer, er ekki hefir unnist tóm til þess að halda fund í nefndinni, og verði nú þetta samþykt, að þetta langstærsta mál þingsins, sem legið hefir fyrir á seinni árum, verði tekið á dagskrá næsta fundar, 27. þ. m., án þess að oss öðrum nefndarmönnum gefist ráðrúm til að ráða ráðum okkar um það mál, ber jeg fram þau tilmæli til háttv. vinnunefndar deildarinnar, að jeg verði leystur frá nefndarstörfum í vatnamálanefndinni.

Jeg vil taka það fram, að það er öldungis óþarft fyrir meiri hluta þessarar nefndar að hafa þessa aðferð í máli þessu, sem þegar hefir verið samþykt í Ed., og er því vitanlegt um, að hægt er að afgreiða með fullu og öllu á þessu þingi, enda þótt frestur yrði gefinn, svo að minni hluti fái tóm til að semja sitt nál.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) heldur fram, að nægur tími hafi verið til að halda fundi í vatnamálanefndinni, vil jeg segja, að jeg veit alls ekki, á hvaða tíma það hefði átt að verða. Jeg á sæti í einni hinni allra erfiðustu nefnd þingsins, og þar eru sífeld fundahöld alla daga, og sama á við um fjvn., auk hinna löngu dag- og næturfunda í þingdeildinni; hygg jeg því, að enn sem komið er hafi verið fremur lítill tími afgangs. Þeir, sem nú vilja fá þetta mál tekið á dagskrá 27. þ. mán., eru að leitast við, að þetta stórmerkasta mál þingins fái eigi að sæta venjulegri meðferð mála hjer á þinginu.

Forseti (BSv): Jeg vil taka það fram, að jeg mun alls ekki af sjálfsdáðum taka þessi mál á dagskrá þ. 27. þ. mán. En jeg mun þá í fundarbyrjun bera kröfur þessar undir atkvæði umræðulaust samkvæmt 43. gr. þingskapa.

Bjarni Jónsson: Viðvíkjandi sannleiksræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vil jeg taka það fram, að hann kom ekki með allan sannleikann fremur venju, eða rjettara sagt aðeins lítið af honum. Fjáraukalögin voru fyrst afgreidd í gær, og hafa því altaf verið fundir þangað til í fjvn. Þetta er allur sannleikurinn. Hafi honum fundist nægur tími til þess að halda fundi í vatnamálanefndinni, hefir það líklega verið eitthvað annað en fossaniður, sem hefir látið í eyrum þessa háttv. þm. Hann sagði, að hann hefði oft beðið um fárra mínútna fund. Sagði hann það vera nægan tíma til þess að kljúfa nefndina og til þess að leggja fram þetta nál. sitt, er hann hafði þegar klofið nefndina fyrirfram. Fundi til þess að ræða málið sameiginlega í nefndinni hefir þessi þm. því alls eigi viljað.

Á 51. fundi í Nd., föstudaginn 27. apríl, áður en gengið var til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Mjer hefir borist skjal, dags. í dag, undirritað af 5 háttv. deildarmönnum, þeim SvÓ, PÞ, SSt, ÞorlJ og ÞorstJ, og hljóðar það svo:

> „Með því að minni hluti vatnamálanefndar hefir á deildarfundi 25. þ. m. látið í ljós, að hann hefði eigi fengið tíma til að koma fram með álit sitt um vatnamálið, þá tökum vjer aftur kröfu vora frá 25. þ. m. um töku málsins á dagskrá í dag, þó að því tilskildu, að málið verði tekið til 2. umr. 30. þessa mánaðar.“

Enn fremur skal jeg geta þess, að þeir 6 þm., sem komu fram með kröfu um það á fundi 25. þ. m. að taka „Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka“ á dagskrá í dag, hafa sagt mjer, að þeir taki þessa kröfu sína aftur.

Þar sem báðar þessar kröfur eru teknar aftur, koma þær eigi til atkvæða.

Skildaga þann, er fimm háttv. deildarmenn hafa sett fyrir því, að þeir falli frá kröfu sinni, tel jeg vafasamt, að unt sje að taka til greina. Vil jeg engu þar um heita, en háttv. þm. geta endurtekið kröfu sína síðar um að fá málið á dagskrá, ef þeim þykir þörf á.

Á 52. fundi í Nd., laugardaginn 28. apríl, mælti

forseti (BSv): Mjer hefir borist krafa frá 6 hv. deildarmönnum, þeim SvÓ, HK, GunnS, StSt, BH og ÞorlG, svo hljóðandi:

> „Í framhaldi af erindi, framkomnu hjer í deildinni 25. þ. m., um að taka vatnamálafrv. til 2. umr. 27. þ. m., og út af frestun þeirrar umræðu, leyfum vjer oss að óska þess, að málið verði tekið til 2. umr. mánudaginn 30. þ. m.“

Jón Þorláksson: Jeg ætla aðeins að gera þá stuttu athugasemd, að jeg býst við, að nál. minni hl. vatnamálanefndar verði skilað til prentunar á mánudag.

Sveinn Ólafsson: Jeg býst við, að við tillögumenn getum sætt okkur við, að málið verði ekki tekið á dagskrá fyr en á þriðjudag, ef nál. verður útbýtt á mánudaginn. Tilgangur okkar var aðallega sá að knýja fram álit minni hl., og úr því að því hefir nú verið heitið, getum við vel við unað.

Hákon Kristófersson: Þar sem jeg er einn af tillögumönnunum, þá lýsi jeg því yfir sem minni skoðun, að verði nál. skilað til prentunar á mánudag, er það ekki nema að sýna fulla sanngirni gagnvart minni hlutanum að bíða til þriðjudags með að það verði tekið á dagskrá.

Bjarni Jónsson: Það er synd að lofa ekki háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) að koma þessu fram. Hann hefir nú sýnt með þingskjölum, að hann er strokumaður úr nefndinni, og ef þeim þykir þetta skifta svo miklu máli, þá mótmæli jeg ekki atkvæðagreiðslunni.

Jón Þorláksson: Jeg gleymdi víst áðan að taka fram fyrirvarann fyrir því, að hægt sje að skila nál. á mánudaginn, en hann er sá, að háttv. þm. Dala. (BJ) vinni með mjer til mánudags. Geri jeg þá ráð fyrir, að nál. verði tilbúið.

Forseti (BSv): Jeg skal lýsa yfir því, að jeg mun í byrjun næsta fundar bera kröfu þessa undir atkvæði deildarinnar umræðulaust samkvæmt 43. gr. þingskapanna.

Á 53. fundi í Nd., mánudaginn 30. apríl, mælti

forseti (BSv): Jeg skal leyfa mjer að skýra háttv. deild frá, að þeir sex þingmenn, sem á síðasta fundi komu fram með ósk um, að frv. til vatnalaga yrði tekið til 2. umr. á þessum fundi, hafa tjáð mjer, að þeir falli frá þessari beiðni sinni.

Á 55. fundi í Nd., miðvikudaginn 2. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., fimtudaginn 3. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 485, n. 436 og 486, 487).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Það má með sanni segja, að vatnamálið sje gamall gestur á þingi. Það hefir gist hvert þing frá 1917, að einu undanskildu, þinginu 1918. Ekkert annað mál hefir verið hjer jafnþaulsætið, ekkert mál jafnþungt í vöfum og vandhæfismikið, enda er meðferð þess orðin dýrari en nokkurs annars máls á þessu tímabili. Jeg hygg, að jeg fari rjett með, þegar jeg giska á, að meðferð þessa máls hafi kostað 90—100 þús. kr. fram að þessu. Það mun ekki misminni hjá mjer, að störf milliþinganefndarinnar og utanför hennar hafi kostað 60—70 þús. kr., og það mun ekki of mikið í lagt, að meta kostnaðinn og alla fyrirhöfn við þetta mál á þeim 5 þingum, sem það hefir legið fyrir, 20 þús. kr. Vitaskuld er þetta mál fyrirferðarmikið og margþætt og margs að gæta við afgreiðslu þess. Svo hefir líka farið í öllum nágrannalöndunum, að svipuð vatnalöggjöf hefir tekið langan tíma. Hjer hefir drátturinn á afgreiðslu þessa máls ekki stafað svo mjög af þeim erfiðleikum, sem þar hafa tafið, því að frá öndverðu höfðum vjer fyrirmyndir í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þess vegna gat starfið orðið auðveldara hjer, að styðjast mátti við lög þeirra í þessu efni.

Það, sem valdið hefir mestum drætti, er hinn óheillavænlegi ágreiningur, sem kom upp í milliþinganefndinni 1919, þegar hún hafði starfað á annað ár í sátt og samlyndi. Svo sem kunnugt er, var þessi ágreiningur þannig vaxinn, að meiri hluti milliþinganefndarinnar hvarf að því ráði að neita umráðarjetti landeigenda yfir vatni á landi þeirra og synja fyrir, að sá rjettur hefði nokkurn tíma verið lögfestur. Minni hl. hjelt fram hinum alviðurkenda umráða- og eignarrjetti landeigandans, sem hvarvetna kemur fram í allri eldri löggjöf landsins, og bygði hvor nefndarhlutinn á sinni niðurstöðu mjög ólíka lagabálka. Komu þeir báðir fyrir þingið 1919, bornir fram af nefndarhlutunum sjálfum, en hvorugur af stjórninni. Var mjög um þessar stefnur þráttað, en hvorugt frv. náði að ganga fram. Síðan hefir stjórnin borið fram á hverju þingi frv. til vatnalaga og jafnan bygt á stefnu minni hluta milliþinganefndarinnar.

Þótt undarlegt megi virðast, þá er það samt svo, að hvergi á Norðurlöndum hefir komið upp ágreiningur um þetta efni, nema hjer á Íslandi. Hvergi í nágrannalöndunum hefir nokkur ágreiningur v[illegible] um það, að landeigandi ætti umráðarjett yfir vatni á landi sínu. Og ágreiningurinn hjer er því eftirtektarverðari, sem engin Norðurlandaþjóð önnur hefir jafnskýlaus ákvæði um rjett landeiganda til vatnsins í fornum lögum sem vjer Íslendingar. Þessi fyrirmæli hinna fornu laga vefengdi meiri hl. milliþinganefndarinnar og hártogaði á ýmsa vegu. Þó veit hver maður, sem kominn er til vits og ára, að þessi eignarumráð landeiganda að vatninu eru hliðstæð eignarumráðum yfir landinu, en vitanlega takmörkuð, eins og þau.

Ótvíræðar bendingar um lögfestingu þessa rjettar má finna í Grágás, kap. 191, 208, 422, 438, 439 og víðar. Hvarvetna er þar talað um vatnið, ár, læki og stöðuvötn eins og eign landeiganda, svo sem eðlilegt er, því að landið námu landnáms-

menn eins og það var frá hendi náttúrunnar, *með gögnum og gæðum,* eins og enn er kveðið að orði, og skildu vitanlega ekkert undan, hvorki handa ríkinu, sem þá var aðeins óljóst hugtak hjá þeim, eða nokkrum öðrum. Þetta var því eðlilegra nám á vatnsrjettindunum, sem þau voru þá í föðurlandi þeirra, Noregi, eign landeiganda. Grágás er nú að vísu úr lögum numin, eða var með Járnsíðu og síðar með Jónsbók á 13. öld, en ákvæðin um vatnsrjettindin koma aftur fram í Jónsbók með líkum hætti og í Grágás, og jafnvel ákveðnari. Má þar finna þau í 24. og 26. kap., en ljósust þó í 56. kap. Ákvæði hans gilda enn í dag, og eru þess vegna þau gildandi vatnalög. Vil jeg ekki eyða tíma í að lesa upp úr þeim nema fáar setningar. Þar stendur meðal annars:

„Hverr maðr *á* vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok *á* sem at fornu hefir verit". .... „Nú ef á brýtr af annars þeira jörð, þá á sá *á*, er jörð átti. .... En ef hon brýtr meirr, þá á sá, er jörð átti, bæði á ok granda". .... „Engi skal fara í annars á, nema hann vili þeim veiða, er ána *á*."

Þessar setningar og margar aðrar af sama tægi sýna, hvernig þessu var háttað á 13. öld. Á þessu hefir altaf verið bygt. Á þessu var bygt 1905, er lög voru sett um Glerá — lögnámslögin. — Á þessu var bygt sama ár, er lög voru sett um forkaupsrjett leiguliða að fossum í landi þeirra, er gengju kaupum og sölum. Á þessu var bygt árið 1907, er sett voru svo nefnd fossalög, eða lög um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum o fl., sem áttu að fyrirgirða, að fossarnir lentu í höndum útlendinga. Í 7. gr. þeirra er það fram tekið, að ef kona eigi foss (þ. e. vatnsrjettindi) og giftist manni, sem eigi hefir rjett til að eiga fossa hjer á landi, þá skuli fossinn sjereign hennar. 12. gr. sömu laga sýnir einnig, að Alþingi hafði þá þennan skilning á ákvæðum Jónsbókar. Þar er talað um það, að sá, er eigi fossa, skuli skyldur að láta þá af hendi, er hið opinbera þarfnist þess, gegn fullu endurgjaldi. Á þessu bygði þingið 1913, er það gaf út vatnsveitulögin. Þar er t. d. sagt, í 3. gr., að ef áveituvatn sje tekið úr landi annars manns, þá skuli koma fyrir það endurgjald og bætur eftir mati. Yfirleitt má alstaðar sjá það, að í síðari löggjöf hefir jafnan verið bygt á vatnalögum Jónsbókar.

Ávalt og alstaðar hefir stefnan verið sú sama, og ætíð viðurkend umráð landeiganda yfir vatninu á landi hans, eins og húseiganda yfir húsi eða skipseiganda yfir skipi. En í öllum síðari tíma lögum er þessi rjettur meira og minna takmarkaður að eðlilegum hætti, og löglega þó, vegna þarfa fjelagsheildarinnar.

Aldrei hefir nokkur maður á þessu landi vefengt þennan rjett landeiganda, fyr en á því herrans ári 1919. Hinir færustu lagamenn síðustu aldar, svo sem Vilhjálmur Finsen og Jón Pjetursson, töldu hann óyggjandi. Um þetta gamla ágreiningsatriði milliþinganefndanna virðist annars lítil þörf að ræða, því að bæði er það þingheimi kunnugt, og svo er öldungis víst, að allur þorri landsmanna telur stefnu meiri hluta milliþinganefndarinnar fjarstæðu og lögleysu. Auk þess er það víst, að sjálfir meirihlutamennirnir 1919 voru gersamlega sammála minni hlutanum um eignarrjett að vatni meira en árlangt áður en nefndin klofnaði, og svo hitt, að stefna meiri hl. var tekin upp — eftir því, sem þeir sögðu, og segja enn — af praktiskum ástæðum, eða af einskonar vafasamri umhyggju fyrir þjóðarhag. En þá þótti líka nauðsynlegt að afneita þeim fornu

lagasetningum, því ella var stefnan orðin að beinni árás á 63. gr. stjórnarskrárinnar.

Um þetta mál hafa nú fjallað margir lögfræðingar utan þings og innan, auk þingnefnda á undanförnum 4 þingum, og veit jeg ekki til þess, að nokkur lögfræðingur, að undanteknum ráðunaut millilþinganefndarinnar, hafi fallist á kenningu meiri hl. um það, að vatnsrjettindin hefðu aldrei verið lögfest landeigendum til handa. 7 lögfræðingar eiga nú sæti hjer á Alþingi, og veit jeg ekki betur en að þeir líti allir á þetta atriði eins og jeg lít á það. Það er því þýðingarlaust að halda því fram, svo sem oft hefir gert verið, að kenningin um eignarumráð landeiganda á vatni sje sjerviska úr mjer, eða minni hl. milliþinganefndarinnar, og tekin upp af eigingjörnum hvötum. Votturinn er harla ljós í þessu efni, því að öll þau 4 skifti, sem stjórnin hefir borið vatnamálið fram, hefir hún bygt það á stefnu minni hl. milliþinganefndarinnar og viðurkenningu eignarumráða landeiganda. Engin stjórn og enginn ráðh., sem setið hefir að völdum frá 1917, hefir nokkurn tíma treyst sjer til að bera fram andstæðu stefnuna.

Þegar litið er á undirbúning þessa máls, eins og honum er nú komið, þá má segja, að hann sje talsvert ítarlegur. Málið hefir gengið í gegnum hvern hreinsunareldinn af öðrum hjá stjórn og þingnefndum og verið samræmt hliðstæðri löggjöf nágrannalandanna. En allar nágrannaþjóðir vorar hafa skipað vatnamálum sínum á líkan hátt og hjer er lagt til í frv. og allar hafa þær viðurkent og virt rjett landeigandans, en að sjálfsögðu takmarkað hann misjafnlega mikið eftir þjóðarþörf, vatnsskorti, vatnsgnægð og öðrum ástæðum. Allar reisa þær skorður við of miklu einræði landeigandans með sjerleyfislagaákvæðum, þar sem hugsast gat, að það kæmi of nærri hagsmunum fjelagsheildarinnar.

Það verður því ekki með rökum sagt, að frv. þessu hafi verið flaustrað saman eða að undirbúningur þess sje ónógur. Andstæðurnar, sem um það hafa barist, hafa líka átt sinn þátt í því að skýra efnið, að minsta kosti aðalágreiningsatriðin.

Háttv. Ed. hefir nú afgr. frv. hingað fyrir tæpum 4 vikum og gert á því talsverðar breytingar, alls um 40. Allmargar af þessum breytingum eru teknar frá nefndarhlutum vatnanefndarinnar 1921, en hinar flestar komnar fram við meðferð málsins í Ed. Allar eru breytingar þessar til bóta, og er frv. þess vegna miklu aðgengilegra en áður, enda má heita, að deildin hafi afgreitt málið einróma eins og það liggur nú fyrir. Í því út af fyrir sig liggur mikil trygging fyrir vönduðum og vel athuguðum undirbúningi þess, en mestu tryggginguna tel jeg þó liggja í því, að háttv. 4. landsk. þm. (JM) hefir lagt svo mikla alúð við undirbúninginn og unnið svo kappsamlega að honum. Hann er, eins og menn vita, manna kunnugastur málinu fyr og síðar, og auk þess sá maður, sem enginn kunnugur efar, að hafi til að bera sjerstaka glöggskygni um lögfræðileg efni.

Vjer, sem nú erum meirihl.menn vatnanefndar og berum fram álit vort á þskj. 436, álítum að vísu, að ýms ákvæði frv. mættu betur fara, ef breytt væri, og að ýmislegt fleira hefði mátt fella úr frv. en felt hefir verið, en þær breytingar teljum vjer ekki svo mikilvægar, að vjer þeirra vegna viljum stofna frv. í hættu eða láta það fjara uppi. Þess vegna leggjum vjer eindregið til, að það verði samþykt óbreytt eins og það kom frá háttv. Ed. Þess er alls ekki að vænta, að jafnyfirgripsmikill lagabálkur sem vatnalög-

in eru, sjeu samin svo, að gallalaus verði, meðan reynsluna vantar um mörg ákvæði þeirra. Þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að smíðalýti þau, sem á frv. kunna að vera, verði lagfærð síðar, þegar reynslan fer að skera úr.

Frv. er að öðrum þræði samdráttur gildandi laga um vatnsrjettindi og notkun vatns, en að hinum nýmæli um þessa hluti, og fer öllu meira fyrir nýmælunum. Þau eru að mestu tekin eftir hliðstæðum lögum nágrannaþjóðanna. Í 2. 3. og 4. kafla eru saman dregin og lítið breytt eldri ákvæði um vatnsrjettindi, um vatnsnotkun til heimila og um vatnsveitur. 5. kaflinn, um orkunot, er að mestu nýmæli. 6. kaflinn, um vatnsmiðlun, er að öllu leyti nýr og sniðinn eftir norskum lögum. Líkt er að segja um 8. (þurkun lands), 9. (um óhreinkun vatns), 11. (um vatnafjelög), 14. (um vatnsvirki), 15. (um skaðabætur), 16. (um meðferð vatnamála) og 17. (um stjórn vatnamála). Mjög lítið af efni þessara kafla hefir áður verið til hjer í lögum, og verður um margt af þeim nýmælum eigi sagt með vissu, hve vel þau eiga við, fyr en reynslan fer að tala.

Aðalatriðið hjer er þó það, að frv. er bygt á gildandi landsrjetti og á sjer öflugan stuðning í rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Að vísu gerir frv. óvenjumiklar takmarkanir á umráðarjetti vatnseiganda hvarvetna þar, sem hagsmunir heildarinnar krefjast þess, en að því leyti er það hliðstætt löggjöf annara germanskra þjóða; en þær viðurkenna allar, að meira eða minna leyti, eignarumráð landeiganda, og Norðurlandaþjóðirnar hafa þó allra víðtækastan rjettinn. Einnig er frv. að þessu leyti hliðstætt landsins eigin löggjöf um takmarkanir á eignarrjetti þar, sem þjóðarþörfin krefst þess, svo sem um skóg, sem enginn má höggva, þótt eigi, nema eftir ákveðnum reglum og undir opinberu eftirliti, og silfurberg, sem enginn má versla með, þótt námur eigi, nema við ríkið, og fleira mætti nefna.

Yfirleitt byggir frv. á sama grundvelli og grannþjóðirnar hafa gert. Það ætlar ríkinu með drottinvaldi sínu öll yfirtökin, ef hagsmunir vatnseiganda og almennings rekast á, og gengur jafnvel svo langt (sjá 65. gr.) að gera einstökum manni kleift, með stjórnarleyfi, að taka vatnsrjettindi annars manns lögnámi. En það lætur þó ósnertan insta kjarna eignarrjettarins, og rekur sig því ekki á 63. gr. stjórnarskrárinnar eða gildandi lög, og kemur því ekki af stað neinni byltingu í þjóðfjelaginu. Hins vegar er það nauðsynlegur undirbúningur og ómissandi fyrir sjerleyfislöggjöf þá, sem á eftir kemur og á að vera undirstaða að skynsamlegri þjóðnýtingu vatnsins og jafnframt vörn gegn útlendri ásælni og gerræði einstakra manna eða fjelaga, sem vötn kynnu að nota í stórum stíl. Vatnalöggjöfin, eins og hún er nú hjá oss, er öll í molum, ósamstæð og að mörgu úrelt, en auk þess á sumum sviðum svo einhliða og fábreytt, að óumflýjanlegt er að koma henni í samstætt kerfi, svo sem hjer liggur nú fyrir. Hefðu vatnalög verið hjer til um síðustu aldamót, og sjerleyfislög samræmileg við þau, þá hefði aldrei svo farið um fossasölu til útlanda sem fór. Útlendingarnir keyptu fossana í þeirri von að geta hagnýtt þá kvaðalaust, í skjóli lagaleysisins hjer, til stóriðju. En svo brá þessum kaupaðingum við, þegar milliþinganefndin birti frv. sín til sjerleyfislaga 1919, að allri fossasölu var jafnsnemma lokið.

Jeg vil ekki tefja tímann að óþörfu með mjög langri ræðu, og skal nú aðeins, áður en jeg lýk máli mínu, víkja lítið eitt að nál. háttv. minni hl. og brtt.

Jeg verð um það að segja, að jeg hefi ekki sjeð öllu kyndugra plagg en þskj. 486. Í gegnum það alt gengur einhver gremjuþrungin vandlætingarsemi yfir einhverjum sjálfstæðis- eða rjettindamissi, sem ríkið verði fyrir, ef frv. verði samþykt, og er líkast því, sem landráð væru á ferðinni. Er svo að sjá af nál. háttv. minni hluta, sem hann sje sendiboði æðri stjórnar, kominn fram til að aftra þessum ósóma og gera hina síðustu tilraun til þess að forða landinu frá þessum voða! Eru þessi ólíkindalæti háttv. minni hluta svo *gagnsæ* og innantóm, að engan eiga að geta blekt. Þeir látast ætla að gera þá ítrustu tilraun til að vernda mikilsverða þjóðarhagsmuni gegn hættulegri ásælni og lögleysu. Hverjir eru þeir þjóðarhagsmunir, sem stofnað er í hættu með frv.? Ef nú ætti að meta þjóðarhagsmuni annars vegar eftir frv., en hins vegar eftir gildandi lögum, þá eru þeir óneitanlega miklu miður tryggðir nú en þeir verða eftir frv. Því að ef háttv. minni hluti á við, að hætta stafi af því, hve víðtækur sje gerður umráðarjettur landeiganda í frv., þá er hann þó miklu víðtækari eftir gildandi lögum. Nú er hann sá, að ríkið getur ekki, þótt þörf sje á, hnekt honum nema með sjerstökum lögum um lögnám, sbr. Glerárlögin, en í frv. er heimilaður lögnámsrjettur almennt fyrir ríkið, hjeruð og einstaka menn, nær takmarkalaust. Háttv. minni hluti hefir því alger hausavíxl á hlutunum, með því að rjettur landeigandans er miklu takmarkaðri eftir frv. en hann er nú að lögum.

Háttv. minni hluti segir meðal annars, að með þessu frv. sje alerlendum og hálferlendum fjelögum gefinn víðtækari rjettur en áður hefir verið. Hjer eru höfð algerð endaskifti á sannleikanum, og getur það eigi verið óviljaverk. Skal jeg þar vísa í 49. gr. frv., máli mínu til sönnunar. Eftir þeirri grein getur enginn eigandi vatnsrjettinda án leyfis ráðherra virkjað meira en 500 hestöfl úr vatni því, er hann ræður yfir. Þótt hann jafnvel ætti vatnsrjettindi í allri Þjórsá, þá væri honum, eftir þessu frv., ekki heimilt að nota til orkunýtingar meira en ein 500 hestöfl, nema með leyfi ríkisstjórnarinnar eða jafnvel Alþingis. Má öllum auðsætt vera, hvernig þetta ákvæði frv. hittir útlend og innlend fossafjelög, sem nú geta að lögum hagnýtt svo mikið af vatnsorkunni, sem þeim sýnist.

Þá segir háttv. minni hluti, að með frv. sje gefin mikil uppörvun til fossaprangs, og engar hömlur á það lagðar. Þetta er jafnfjarstætt og fyrri kenningin. Lög nr. 63, 1919, banna útlendingum að eiga fasteignir hjer, og þar á meðal vatnsrjettindi, en hins vegar gerir þetta frv. alla fossasölu torveldari en áður var, með þeim víðtæku takmörkunum, sem þar eru gerðar hvarvetna á eignarumráðum yfir vatni.

Háttv. minni hluti þykist hafa gert oss mjög aðgengileg tilboð um samkomulag í þessu máli og fundar sig allan á því, að vjer skulum ekki hafa tekið þeim. Hver mundi geta skilið þetta eins og alvörutal? Hvernig á að semja um samleið fyrir 2 menn, sem stefna í gagnstæðar áttir? Þess var auðvitað aldrei að vænta, að sameinaðar yrðu þær tvær stefnur í vatnamálinu, að svifta landeiganda umráðum vatnsins og láta hann þó halda þeim. Samningatilraunirnar frá hendi háttv. minni hluta voru aldrei annað og gátu aldrei verið annað en tilraun til að brengla málið og villa heimildir á vatnsrjettindum, til þess að nálgast ögn dauðadæmda stefnu hans.

Allar kenningar háttv. minni hluta um

væntanlegt fossabrask með smáfossa, ef frv. verði lögfest, eru hugarburður. Hann veit eins vel og jeg, að allur fjöldinn af smáfossum og minni vatnsföllum er með öllu verðlaus og óútgengilegur, þótt falur væri. Enginn virkjar slík vötn að gamni sínu og enginn kaupir þau til annars en virkjunar. Til þess er notkun smávatna of dýr og erfið. Meginhluti slíkra vatna er í afskektum og strjálbygðum fjallahjeruðum, þar sem þeirra verða engin not, en auk þess eru mörg þeirra óbrúkleg vegna landslags og illrar aðstöðu. Það eina, sem hjer getur verið um að ræða, eru einstöku hentugar fallhæðir í vatnsmiklum þverám, sem nærri liggja þjettbýli eða þorpum. Slík vötn munu þorpin reyna að tryggja sjer, þar sem nokkuð verulegt er við þau, og eigendur þeirra munu oftast tregir til að láta þau af hendi, nema svo sje, að þeir jafnframt geti haft þeirra not. Verslun með slík rjettindi er alls eigi að óttast, öðruvísi en þá til ákveðinnar virkjunar þegar í stað eða fljótlega. Þau hafa ekkert slíkt seiðmagn sem stóru vatnsföllin, sem keypt voru með von um að geta bygt á þeim stóriðju, meðan henni voru engin takmörk sett með vatnalögum eða sjerleyfislögum.

Allar bollaleggingar háttv. minni hl. um þetta væntanlega fossabrall með smávötn er því hreinasti fyrirsláttur og yfirskinsvarnið. Hitt er sanni nær, sem hann segir um verðmun á hagstæðri og óhagstæðri vatnsorku, en við það er ekkert að athuga fremur en t. d. verðmun á góðri og frjórri lóð og hins vegar grýttri og óhagstæðri lóð.

Háttv. minni hl. fer eigi rjett með í nál. á þskj. 486, þegar hann talar um frv. þetta eins og einsdæmi í löggjöf þjóðanna, eða gefur í skyn, að eignarrjettur á rennanda vatni sje mjög óvíða viðurkendur. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. er í öllum aðalatriðum samhljóða vatnalögum Svía, Finna og Norðmanna, en allar þessar þjóðir viðurkenna hiklaust eignarrjett á rennanda vatni, og auk þeirra að meira eða minna leyti allar Evrópuþjóðir norðan Alpafjalla.

Um brtt. háttv. minni hl. á þskj. 487 má í fám orðum segja það, að þær lúta eindregið að því að hverfa við frv. og þeirri gildandi löggjöf um vatnsrjettindi og svifta landeiganda umráðarjettinum, og er það að vísu eðlileg tilraun til að bjarga þeirri gömlu villukenningu þeirra fjelaga. En geta má þó þess, að af þeim 25 brtt., sem þarna eru fluttar, eru 2 sem ekki meiða stefnu frv. eða mundu spilla því, sem sje 1. og 21. till., en hvorug þessi brtt. hefir neina verulega þýðingu, og er því ástæðulaust að hrekja frv. milli deilda þeirra vegna. Með samþykt á hinum öðrum brtt. er stefnt til stjórnarbyltingar í vissum skilningi, stefnt að því að nema úr lögum helgi eignarrjettarins á vissu sviði, stefnt að broti á 63. gr. stjórnarskrárinnar, sem vitanlega verndar jafneindregið eignarrjett að vatnsrjettindum sem að landi því sjálfu, sem vatnsrjettindin eru bundin við.

Háttv. minni hluti ber að vísu fram varatill. við 2. gr. frv., um það, að sami rjettur skuli landi fylgja til vatns sem verið hefir, án þess að tiltaka hann nokkru nánar. En svo ætlast hann til, að samþyktar verði brtt. þær, sem á eftir fara og sem færa þá frv. að öðru leyti í form og anda þeirrar stefnu um einkayfirráð ríkisins, sem hann heldur fram. Þetta má enginn láta villa sjer sýn. Þetta yrði hreinn vanskapnaður á lögunum og 2. gr. yrði í beinni mótsögn við lögin að öðru leyti. Og þá mundi verða uppfylt sú ósk háttv. flm. að koma lögunum til dóm-

stólanna, til þess að úrskurða það, hvar rjetturinn væri í raun og veru, er hver greinin æpti við annari. Slík lög væru í raun og veru „idiotisk“ og með öllu óframbærileg, en um það virðist háttv. minni hl. ekki hirða, ef hann aðeins getur vilt þær fornu heimildir til vatnsins. — Ákefð hv. minni hl. að koma ágreiningnum í þessu máli undir úrskurð dómstólanna er í raun og veru örþrifaráð. Alþingi hefir aldrei spurt dómstólana leyfis um það, hvort eða hvernig það mætti lög setja. Það hefir eðlilega ætíð ákveðið sjálft efni og form laganna, svo sem sjálfsagt er.

Segja má, að hjer sjeu 2 vegir fyrir hendi. Annar er sá, að afgreiða frv. óbreytt, eins og vjer meirihlutamenn leggjum til og vitandi þess, að með því hefir málið verið leitt til sæmilegra lykta og brautin rudd, svo hægt er að byggja upp viðeigandi sjerleyfislög á landsháttum bygð. Hinn er sá, sem hv minni hl. stefnir að, að brengla alla þessa vatnalöggjöf með breytingartillögum, sem leiða til þess, að málið gengur ekki fram að þessu sinni og verður að veltast fyrir þinginu framvegis í óskapnaði þeirrar lögleysu, sem minni hl. stefnan hefir bygt og byggir á.

Öllum verður að vera það ljóst, að breyting á einu atriði eftir till. minni hl., svo sem 2. eða 49. gr., leiðir hugsunarrjett til breytinga í öðrum efnum, því að allar eru breytingartill. minni hl. að svo miklu leyti samræmilegar. Hjer má því engin tilviljun eða teningskast ráða úrslitum, ef sómasamleg niðurstaða á að fást.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg ætla að hafa þann formála, að enda þótt þetta frv. hafi legið fyrir Alþingi síðan jeg fjekk þar sæti, þá hafa ýms atvik valdið því, að málið hefir aldrei verið rætt í Nd. Því það geta ekki umræður talist, þó byrjað væri á einni framsöguræðu um málið á þinginu 1921, en þeirri ræðu varð aldrei lokið. Nú kemur mál þetta þann veg fyrir deildina, að meiri hl. nefndarinnar vill varna því, að deildin taki það til efnismeðferðar. Frsm. meiri hl. (SvÓ) lýsir því yfir, að hann vilji ekki greiða atkvæði með þeim af framkomnum breytingartillögum, sem hann þó er samþykkur, heldur vill hann, að frv. sje keyrt fram óbreytt, eins og það kemur til deildarinnar, og er slíkt engin efnismeðferð á slíkum lagabálki.

Jeg verð að álíta þessa aðferð alveg óverjandi og alósæmandi, að deildarmenn hugsi til að afgreiða slík lög sem þessi án þess að taka frv. í heild til gagngerðrar efnismeðferðar. Það hefir nú atvikast þannig, að mál þetta kom seint fram, og nú er unnið á þinginu jafnt daga sem nætur við deildarfundi og nefndarstörf, og verð jeg því að játa, að jeg hefi ekki haft tíma til að búa mig svo vel undir framsögu mína, sem málið sjálft og minn góði málstaður verðskuldar.

Við háttv. þm. Dala. (BJ) erum nú í minni hl. í nefndinni og berum fram nokkrar breytingartill. á þskj. 487. Eins og menn muna, bárum við tveir, ásamt Guðm. Björnssyni landlækni, fram sameiginlegar tillögur í milliþinganefndinni í vatnamálum, og miða brtt. okkar nú að því að færa frv. nokkru nær þeim tillögum. En þótt við háttv. þm. Dala.(BJ) þannig höfum fylgst að um tillögur, bæði nú og þá, má vera, að við lítum á þetta mál frá nokkuð mismunandi sjónarmiði; þótt við sjeum ásáttir um efni

og orðun lagagreinanna, er ekki víst, að hið sama vaki fyrir okkur um framkvæmdir í þessum málum. En þar veit jeg mig vera í algerðu samræmi við fyrv. formann okkar í milliþinganefndinni, Guðm. Björnsson, og af því að þetta verður máske fyrsta og síðasta tækifærið til að gera grein fyrir sameiginlegri afstöðu okkar tveggja, þá ætla jeg nú að tala fyrir okkar hönd, en háttv. þm. Dala. getur gert grein fyrir sinni skoðun, ef hún er eitthvað frábrugðin því, sem jeg nú flyt, og hygg jeg, að svo muni ekki vera nema að mjög litlu leyti.

Eftir þennan formála vil jeg þá fyrst gera grein fyrir því, hvað við eigum við, þegar við tölum um fossabraskara og fossaprang.

Það má líta á fallvötn vor sem ónotuð landgæði, sem geti orðið að gagni síðar meir, til að auka lífsþægindi landsmanna. Fossabrask köllum við það, þegar reynt er að ná með kaupsamningum valdi yfir fallvötnum, í því skyni að selja þau aftur fyrir hækkað verð, án þess að nokkur viðleitni fylgi með eða vilji til að leggja á sig útgjöld eða vinnu til virkjunar þeirra. Þeir, sem kaupa eða leigja fallvötn til virkjunar og sýna fullan vilja og viðleitni á að framkvæma hana, eiga ekkert skylt við braskarana.

Það má líkja þessari ónotuðu orku vatnsfallanna hjer á landi við heimasætu í föðurgarði. Þeir, sem falast eftir orkunni til virkjunar, koma fram sem heiðarlegir biðlar heimasætunnar, og er sjálfsagt að taka þeim með fullri kurteisi og velvild, jafnvel þótt rjett þyki af einhverjum ástæðum að synja þeim ráðahagsins. En braskararnir vilja það eitt, að gerast friðlar þessarar heimasætu, hafa af henni stundarhagnað og skilja hana svo eftir spjallaða af verðhækkun, og þar með svifta því helsta yndi, sem hún hafði að bjóða heiðarlegum biðli.

Þá skal jeg reyna að gera í stuttu máli grein fyrir þeirri hugsjón, sem var leiðarstjarna okkar Guðmundar landlæknis við frumvarpasmíðina í milliþinganefndinni. Hún var sú, að sníða löggjöfina þannig, að sem greiðast yrði að taka vatnsorkuna til notkunar í þarfir landsmanna sjálfra, til þess að veita hita og ljósi inn á sem flest heimili landsins. Nýjar uppgötvanir á þessu sviði höfðu rutt úr vegi öllum verklegum erfiðleikum. Orkan er nóg til í landinu; allir erfiðleikarnir á að koma þessu í framkvæmd voru nú eingöngu fjárhagslegs eðlis. Fyrst kostar mikið að virkja fallvötnin, og svo er veitukostnaðurinn út um strjálar bygðir ekki síður erfiður, ef orkan er unnin í stórum verum og veita þarf yfir víðlend svæði. Okkur varð fljótt ljóst, að til orkunýtingar fyrir sveitaheimili þessa lands er einungis um tvær leiðir að ræða. Önnur er sú, að byggja smástöðvar fyrir einstök heimili, sem sleppa þá að mestu við veitukostnaðinn. Hin er sú, að sameina heil hjeruð um eitt stórt orkuver, með mjög ódýrri orku; þá hlýtur að vísu að koma mikill veitukostnaður á hvert býli, en úr því farið er að veita orkunni langleiðis á annað borð, verður veitukostnaður á hvert býli ekki mjög mismunandi, hvort sem svæðið er haft mjög stórt eða nokkru minna. Þó hefir þetta hvorttveggja, orkukostnaður og veitukostnaður, hingað til valdið því, að engin þjóð hefir treyst sjer til að koma þessu í kring að nokkru ráði, og verður hjer að leita allra ráða til að hafa kostnaðinn sem minstan, ef nokkur von á að vera um framkvæman-

leik. Nú er það svo um virkjunarkostnaðinn, að hann fer eftir því, hvað stór orkuverin eru. Hann verður því minni á hverja hestorku, sem verið er stærra. Til þess að gefa rjetta mynd af þessu, skal jeg minna á, að samkvæmt ítarlegri rannsókn á virkjunarkostnaði í Svíþjóð, var hlutfallið á milli stórra og smárra orkuvera þannig, að þegar hver hestorka kostar 680 kr. í 5000 hestafla veri, þá kostar hún einungis 205 kr. í 45000 hestafla veri, eða minna en þriðjung fyrra verðsins.

Í láglendishjeruðum þessa lands er nú alls ekki um það að ræða, að hvert heimili geti komið sjer upp orkuveri. Þau eiga ekki kost fallvatna til þess. Og það segir sig sjálft, að ef nokkur von á að vera um raforkuveitur fyrir þessi hjeruð, þá verður að byggja svo stóra stöð, t. d. 45000 hestöfl, að orkan geti orðið ódýr, miðað við hvert hestafl. En þetta er ókleift, nema unt sje að selja a. m. k. ⅔ af orkunni til einhverrar fastrar iðju, því enginn landshluti getur torgað meiru en ⅓ af þessari hestaflatölu til almenningsþarfa. Þar að auki er þess að gæta, að af orku þeirri, sem látin er í tje til almenningsnota, hagnýtist ekki nema ⅓, sökum misjafnrar notkunar, eftir árstímum og dagtímum. Fyrirtæki það, sem afgangsorkan væri seld til, þyrfti því að starfa árlangt og geta aukið og minkað starfræksluna eftir vild, til að þessi mismunur á orkunýtingunni fari ekki forgörðum. Það er reikningsleg niðurstaða, að ef bygt er stórt orkuver, þar sem ⅓ fer til almenningsþarfa þá stundina, sem sú notkun er mest, en afgangurinn er notaður til fastrar iðju, þá má búast við, að orkan kosti ekki nema $^1/_8$ eða $^1/_9$ af því, sem hún yrði að kosta, ef hún væri unnin í litlu veri og seld eingöngu til almenningsnota. Nú getur kostnaðurinn við bygging og viðhald orkuvera altaf breyst, en sjálft hlutfallið milli kostnaðarins við stóra stöð og litla breytist ekki, og engin líkindi til að muni breytast, í svo fastar skorður sem tilhögun slíkra mannvirkja er komin. Til þess að orka svona stórs vers verði sem ódýrust, útheimtist það, að þeir, sem orkunnar eiga að njóta, fái notið þeirrar hagkvæmustu aðstöðu um virkjun, sem kostur er á. Nú er það sjálfsagt svo, að þar sem eignarrjettur einstaklinganna yfir rennandi vatni er viðurkendur, þá láta eigendur hinnar hagkvæmu aðstöðu eðlilega borga sjer fyrir hana, og getur þetta komið hart niður á þeim, sem orkunnar eiga að njóta, og munað t. d. alt að 100 kr. á hvert hestafl. Það eru þá í stuttu máli þrjú höfuðatriði, sem útheimtast til þess, að orkan verði sem ódýrust:

1. Að fallvatnið sje sem hagkvæmast til virkjunar og virkjendur fái að njóta hagkvæmninnar, í stað þess að hún sje unnin upp með tilsvarandi háu verði á fallvatninu óvirkjuðu.
2. Að orkuverin sjeu sem stærst, svo virkjunarkostnaðurinn á hvert hestafl geti náð lágmarki eftir stærð orkuversins.
3. Að nægilega mikill hluti orkunnar sje frá upphafi seldur til fastrar iðju, sem geti borið fyrirtækið uppi fjárhagslega að sínum hluta, og stutt fyrirtækið að öðru leyti með því að nýta að nokkru leyti afgangsorkuna frá almenningsþörfunum.

Okkur landlækni var það ljóst, að þessi meginatriði verður fyrst og fremst að hafa fyrir augum, þegar setja skal íslenska vatnalöggjöf og sjerleyfislög-

gjöf. Og löggjöfin getur í tveim meginatriðum ráðið miklu um, hvort þessi skilyrði verða fyrir hendi í landinu eða ekki. Með hagkvæmri vatnalöggjöf má hindra, að ónotuð vatnsorkan hlaupi upp í braskverð. Og með hagkvæmum sjerleyfislögum má koma í veg fyrir, að aðrar þungar kvaðir sjeu lagðar á þá virkjendur, eða þau orkuver, sem láta af hendi ódýra orku til almenningsþarfa. Þá gerir löggjöfin það, sem hún getur gert fyrir sitt leyti, til þess að landsmenn geti fengið það hnoss, sem ljós og hiti inn á heimilin óneitanlega er.

Nú hafa orðið æðimargar hindranir í vegi fyrir þessum hugsjónum okkar landlæknis.

Fyrst og fremst höfum við rekist á fossabraskarana. Þeir hafa hafið óhlutvanda æsingabaráttu í sumum blöðum, fundið upp slagorðið „vatnsrán“ og reynt að slá á eiginhagsmunahvatir bændanna. Þeir hafa lagt kapp á að fá grundvelli vatnalöggjafarinnar breytt sjer í hag, en vitanlega þagað vandlega um almenningsþarfirnar, sem við landlæknir höfðum fyrir augum.

Önnur hindrunin var hræðslan við innstreymi útlendinganna, ef stóriðja væri hafin hjer (innilokunarstefnan). Hún stafaði að miklu leyti af því, að miðað var við miklu stærri fyrirtæki á þessu sviði en þörf er á og upphaflega var ætlast til. Það þarf varla að taka það fram, að sú hræðsla er algerlega ástæðulaus og óþarft að setja hana í samband við okkar fyrirætlanir.

Til að starfrækja orkuna, sem fullnægði einum landshluta, og tilheyrandi iðjuver, sem notaði $^2/_3$ orkunnar úr 45000 hestafla veri, myndi þurfa nærfelt 800 verkamenn, og þegar þess er gætt, að fólki hjer á landi fjölgar um 1000 á ári, þá ætti það að vera ljóst, að þetta getur ekki valdið neinu tjóni eða truflun, hvorki á atvinnuvegum vorum eða þjóðerni.

Þriðja hindrunin var breytt fjárhagsaðstaða fyrir vatnsorkuiðjuna. Er hún sprottin af nýjum uppgötvunum á sviði iðnaðarins og rafmagnsfræðinnar, þar sem tekist hefir að vinna áburð og fleiri nytsöm efni á annan ódýrari og hagkvæmari hátt en með notkun vatnsorku. Þessi hindrun er alveg afgerandi í svipinn, og eins og nú stendur vantar alt verkefni fyrir orkuna, og því engar líkur til, að sú iðja, sem þyrfti til notkunar orkunnar frá orkuveri því, sem jeg hefi miðað við, mundi geta risið upp í náinni framtíð. En auðvitað geta nýjar uppgötvanir áður en varir breytt þessu og skapað nýja möguleika með vatnsaflið. Og heimska væri það, að fresta löggjöfinni um þessi efni fyrir þær sakir, að skilyrðin sjeu ekki fyrir hendi í svipinn.

Nú var svo ástatt, að þegar fossanefndin sat að störfum, voru svo að segja öll stærstu og hagkvæmustu fallvötn landsins komin í hendur útlendinga, nema hluti landssjóðs og Reykjavíkurbæjar í vatnsrjettindum Sogsins. Ýmist voru vötnin seld eða leigð útlendum fjelögum til lengri eða skemri tíma. Af þessum ástæðum tókum við til athugunar, hvort fara skyldi eins að og Norðmenn 1880 og viðurkenna eignarrjettinn, og leggja síðan strangar sjerleyfishömlur á verslun þeirra. En okkur þótti of seint að fara þá leið. Við vorum búnir þegar að selja vatnsrjettindin í hendur útlendinga. Þegar Norðmenn settu sjerleyfislög sín, var búið að selja örfá fallvötn þar í landi til virkjunarfjelaga. Sjerleyfislög þeirra gátu ekki náð til

þeirra fallvatna, og þetta var nú orðin aðstaða okkar að því er snerti allan þorra fallvatna hjer á landi.

En nú vill háttv. meiri hluti fara þessa leið og gefa útlendingunum allan þann framtíðargróða, sem vjer getum haft af notkun fallvatnanna. Jeg er ekki fyrir að nota stór orð, en get þó ekki látið hjá líða að flytja þessari háttv. deild þá orðsendingu frá fyrv. forseta Ed. og fyrv. meðnefndarmanni mínum, Guðmundi Björnsyni landlækni, eftir beinum tilmælum hans, að hann geti ekki skoðað þetta öðruvísi en föðurlandssvik.

Höfuðmótbáran gegn okkar stefnu er sú, að með henni sje hinn forni rjettur landeigenda fyrir borð borinn. Þetta er sú eina ástæða, sem komið hefir fram opinberlega, og mun jeg víkja að henni síðar. En fyrst vil jeg svara annari mótbáru, sem jeg hefi heyrt koma fram hjá einstökum óvitrum mönnum. Hún er sú, að eins og eignarrjettur einstaklingsins yfir landi sje friðhelgur og viðurkendur, þá skuli hann eins vera það yfir vatninu, og afleiðingin af því að neita eignarrjetti á vatni hljóti að vera sú, að menn neiti þá líka eignarrjetti á landi. Jeg er nú enginn sameignarmaður, eins og háttv. deild mun kunnugt, en þetta gefur mjer tilefni til að draga fram hlið á málinu, sem rjett er að minnast á. Það hefir nefnilega frá öndverðu verið undirstaða vatnsrjettarins, að bakkabúar ættu einir þann rjett, sem þeir einir gætu notað, eða ættu miklu hægara með að nota en aðrir. En almenningur hefir á hinn bóginn frá öndverðu í öllum löndum átt rjett til þeirrar notkunar vatnsins, sem allir höfðu jafna aðstöðu til. Í mörgum löndum eru stór vatnsföll aðallega notuð til umferðar, og eru þá almenningar, og voru ákvæði um þetta tekin í Rómarjett og í þau landslög, sem þaðan eru leidd. Á Norðurlöndum er sú almenningsnotkun vatnsfalla tíðkuð, að flytja trjávið eftir þeim, og er þessi notkunarrjettur almennings lögverndaður í mörgum vatnsföllum í Svíþjóð, á þann hátt, að þriðjungur vatnsfallsins eftir miðju er almennings- eða ríkiseign (konungsáll), en bakkabúar eiga hvor sinn þriðjung. Alt er þetta í samræmi við grundvallarregluna, sem jeg nefndi.

Það hafa verið stór aldahvörf í sögu mannkynsins, er fyrst var tekið að fleyta bátum eftir vatni, því með því var grundvöllurinn lagður að skiftingu vatnsrjettarins, þeirri, að smávötnin urðu einkaeign, en stórvötnin almenningar. En nú hafa nýlega gerst önnur aldahvörf, engu ómerkari. Áður gátu þeir einir hagnýtt sjer orkuna úr fallvötnunum, sem lifðu og störfuðu á vatnsbakkanum. En uppgötvanir síðustu áratuga hafa gerbreytt þessu, svo að nú er enginn teljandi munur lengur á aðstöðu bakkabúa og annara um orkunýtinguna. Nú má veita orkunni svo langar leiðir, að hún getur orðið í fylsta mæli almenningseign, og því er eigi nema eðlilegt, að sama aðstaða skapist um þá notkun, sem um hina eldri, að almenningur fái rjett til þeirrar vatnsnotkunar, sem hann þarfnast, jafnt og bakkabúar, og á jafnhægt með að veita sjer og bakkabúar. Og er þessi hugsun í fullu samræmi við þá viðurkenningu eignarrjettar að löndum og lausafje, sem þjóðfjelag vort byggist á.

Það eru líka ýmsir sjerstakir eiginleikar hins rennandi vatns, sem valda því, að einstaklingseignarrjettur á því er óvíða lögtekinn. Því ef hjer er um eign að tala, þá er það eign, sem er á sífeldu hvíldarlausu iði frá einum eiganda til annars. Þar sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að í Noregi hefði engin deila verið um

þetta atriði, þá er það víst gleymska einber hjá honum, því að hann veit vel, að um þetta stóð snörp deila kringum 1880. (*SvÓ*: Alls ekki um þetta). Jú, einmitt um þetta. Jeg get sýnt honum heila kafla í lögfræðibókum frá þessum tíma, þar sem um það er rætt, hvort eignarrjetturinn geti náð yfir svo hverfulan hlut sem þennan.

Þá kem jeg að höfuðmótbárunni, þeirri, að með þessu sje jarðeigandinn sviftur nokkru af fornum rjetti sínum. Jeg ætla þó að biðja hv. þm. Dala. (BJ) að svara þeim hluta þeirra „röksemda", sem snerust um það í þessu efni að kalla álit okkar „kringilegt þingskjal", ólíkindalæti o. s. frv., því hann getur gert það betur en jeg. En þar sem hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) vitnaði í Grágás og Jónsbók, sínu máli til stuðnings, þá er það alveg gagnslaust. Því þar verður ekki fundið annað en það, að orðið „eiga" er notað um þann rjett landeiganda, sem hjer er um að ræða. En ágreiningurinn í þessu máli er nú fyrst og fremst um það, hvort rjettur landeiganda til vatnsins sje eignarrjettur eða takmarkaður hlutarjettur, og íslensk tunga, alt frá Grágás til vorra daga, notar sagnorðið „að eiga" um hvorntveggja þennan rjett, og þá segir það sig sjálft, að það eitt, að lögbækurnar nota þetta orð, getur ekki úr því skorið, um hvora tegund rjettarins þar sje verið að ræða. Því til sönnunar, að orðið „eiga" sje ekki notað eingöngu um eignarrjett í lagaskilningi, heldur líka um takmarkaðan hlutarjett, nægir að minna á t. d., að talað er um að eiga ítak, og er þar þó aðeins um að ræða takmarkaðan hlutarjett. Það er jafnvel talað um að eiga veðrjett og eiga ábúðarrjett. Af notkun orðsins „eiga" í Grágás og Jónsbók verður því ekkert ályktað um þetta.

Þá vísaði hv. þm. í lögin um eignarnám á Glerá í þessu sambandi. En hann fór þar villur vegar, því það var búið að virkja ána, og lögin voru einmitt sett af því að það var búið, og við í minni hlutanum mundum orða þetta enn á sama hátt og þar er gert, því við viðurkennum rjett manna til þess vatns, sem þeir hafa tekið til notkunar eða virkjað. Eins er það, að bætur fyrir landsspjöll á ætíð að greiða eftir okkar skilningi líka, svo að það var alveg óþarfi fyrir hv. frsm. meiri hl. (SvÓ) að vera að reyna að hártoga þetta í þessu sambandi. Annars yrði það of langt mál, ef jeg færi að rekja alt það, sem fram hefir verið fært með og móti því, hvort núverandi rjettur yfir vatni væri eignarrjettur eða ekki, enda mundi verða sagt svo um okkur leikmennina, að við bygðum þar meira á trú en þekkingu. Og jeg ætla því að fara fram á það við hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að hann sýni nú sína trú í verkum sínum og samþykki í dag að minsta kosti varabreytingartillögu okkar hv. þm. Dala. (BJ) við 2. gr. frv., en hún kveður svo á, að rjettur landeiganda til vatns skuli vera sá, sem nú er og verið hefir. Ef hann gerir það ekki, gengur hann af trú sinni, en við fyrir okkar leyti erum óhræddir við það, að láta setja þetta í lög.

Hv. þm. hafði einnig aðra ástæðu fram að færa gegn þessu, þá sem sje, að eftir okkar till. yrði 2. gr. í mótsögn við aðrar greinar frv., en frv. væri alt bygt á þeim grundvelli, sem hann telur rjettan, eignarrjetti landeiganda. Nú hljóðar aðaltillaga okkar á þá leið, að landareign hverri fylgi sá rjettur til vatnsumráða og hagnýtingar, *sem lög þessi heimila*. Hvernig þetta ákvæði, sem er tilvísun í allar aðrar greinar frv., geti verið í mótsögn við þær, fær víst enginn skilið. Það verð-

ur þá að vera varatillaga okkar, sú, að rjettur landeiganda skuli vera sá sami, sem nú er og verið hefir, sem að dómi þessa háttv. þm. (SvÓ) er í mótsögn við þau eignarrjettarákvæði, sem hann þykist finna í öðrum greinum frv. (*SvÓ*: Rangfærsla!). Já, jeg get óhikað skotið því undir dóm þeirra fáu, sem nentu að hlusta á ræðu hv. þm. (SvÓ), að hann sagði meðal annars, að lakara væri að samþykkja varatill. en hina. Annars er þetta að ýmsu leyti skiljanlegt um háttv. þm. (SvÓ), og ekki nema eðlilegt, að hann uggi nokkuð um sinn málstað. En sannleikurinn er sá, að það er fullkomlega gerlegt að samþykkja aðaltill. eða varatill. okkar við 2. gr., án frekari breytinga á frv., þó frv. verði hins vegar ekki vel orðað nema allar hinar einstöku brtt. okkar verði samþyktar líka. En þá mundi líka fást fram frumvarp, sem löggjafarvaldið gæti verið stolt af, þó það verði hins vegar líka nothæft með hinu mótinu, eða án samþyktar á hinum einstöku brtt. Reyndar sagði hv. þm. (SvÓ) í öðru sambandi, að 1. brtt. snerti ekki grundvöll frv., en gekk jafnframt svo langt að segja, að allar hinar miðuðu að því að gera stjórnarbyltingu í landinu. Og þá verður varla lengra komist í röksemdaþroti en þetta, að segja, að hein og einföld íhaldsákvæði, eins og varatillaga okkar við 2. gr. er, stefni að stjórnarbyltingu, og þarf jeg ekki að eyða fleiri orðum að því.

Jeg skal svo snúa mjer að því, sem hann sagði um störf milliþinganefndarinnar. Því það er ekki rjett, að hún hafi setið í marga mánuði sammála, þó hins vegar hafi liðið alllangur tími meðan hv. þm. (SvÓ) var að „fóta sig", sem hann kallaði, og áður en við vissum, að hann var á annari skoðun en hinir, þá talaði háttv. þm. um það, að óhætt væri að samþykkja frv. eins og það legði sig nú, af því að margir góðir menn í Ed. hefðu um það fjallað, þar á meðal hv. 4. landsk. þm. (JM), og ber jeg að vísu mikla virðingu fyrir vitsmunum og vinnudugnaði þess háttv. þm. En jeg verð þó að segja, að í þessu máli virðist mjer afstaða nefndarinnar, sem hann átti einnig sæti í, allfurðuleg. Því auk vatnalaganna hefir nefndin jafnframt sent frá sjer sjerleyfislög, þannig úr garði gerð, að mjer er alveg óskiljanlegt, hvernig mönnum dettur í hug að samþykkja þá lagasamstæðu saman, og jeg ber enga virðingu fyrir þeim vinnubrögðum, sem það hafa gert eða ætlast til þess. Þeir, sem það geta, eru áreiðanlega ekki búnir að átta sig til fulls á grundvallaratriðum málsins. Jeg efast líka um það, að nokkur lögfræðingur hjer á þingi hafi sett sig svo inn í þetta sem þarf og ekki heyrt neinn þeirra taka ákveðna afstöðu, og ekki heldur stjórnina, sem þó leggur málið fyrir þingið. Og út í frá munu skoðanir lögfræðinganna skiftar líka.

Út af nál. minni hluta, sem jeg nú að öðru leyti get vísað til, spurði háttv. þm. (SvÓ), hverjir væru þeir þjóðarhagsmunir, sem þar væri talað um að stofna í hættu. Já — það eru — ef farið er inn á rangar brautir — möguleikar sveitaheimilanna á því að fá raforku til ljósa og hitunar í framtíðinni. Og ummæli hv. þm. um þetta atriði, að kalla það öfugmæli og slíkt, eru ekki annað en ein af mörgum auglýsingum hans um það, að hann vanti röksemdir. Skal jeg svo láta útrætt um þessi atriði í ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), en snúa mjer aftur að því, sem jeg hvarf fyr frá og er aðalefni ræðu minnar, sem sje skoðanir okkar Guðmundar

Björnsonar landlæknis sjerstaklega í þessum málum í milliþinganefndinni. Við höfðum og höfum enn trú á því, að sá tími komi, að unt verði að ráða fram úr þeirri fjárhagslegu þraut að nota vatnsorkuna fyrir ljósgjafa og hitagjafa handa landsmönnum, og við förum því fram á það, að löggjafarvaldið sýni þá framsýni að taka tillit til nauðsynjarinnar á þessum framkvæmdum og leggja ekki stein í götu þeirra, og við förum fram á það, að þeir jarðeigendur, sem kynnu að hafa gert sjer von um að geta selt einhver vatnsrjettindi, sleppi þeim vonum vegna nauðsynjar eftirkomendanna.

Ef fulltrúar sveitakjördæmanna eru vissir um, að þeir með fullum heiðri geti jarðað þessa hugsjón okkar undir eignarákvæðum þessara vatnalaga, þá er okkur persónulega engin mótgerð sýnd með því. Hvorugur okkar býr í sveit, og við eigum ekki ljós eða hita undir ákvæðum þessara laga. En jeg bið þessa háttv. þm. áður en gengið er frá frv., að taka málið til raunverulegrar athugunar og íhuga, hvort það sje nokkuð, sem rekur eftir því að lögleiða nú slíkan eignarrjett á vatni, sem 2. gr. frv. fer fram á.

Í sveitunum hefir þetta mál mest verið flutt frá annari hliðinni, svo að sannleikurinn hefir dulist mörgum, og ættu þeir að íhuga, að þó að sannleikurinn eigi erfitt í bili, þá verður hann samt ávalt ofan á að lokum.

Ef háttv. þm. ljetu nú þennan einhliða málflutning villa sjer sýn, þá gæti svo farið, að þeim þætti það miður, er sannleikurinn hefir náð þeim yfirráðum hjer, er hann hlýtur að ná.

Vona jeg að minsta kosti, að bæði í nál. okkar og máli mínu hafi jeg sýnt það nægilega ljóst, að það tjáir ekki að samþykkja sjerleyfislögin eins og þau nú eru við hlið þessa vatnalagafrv. Eða ætla þeir að fara að dæmi Norðmanna? Sjá þeir sjer fært að fara þessa leið eftir að öll stórvötn eru komin í hendur útlendinga? Jeg sje ekki, að þetta sje fært, en það verður, ef 2. gr. vatnalagafrv. er samþykt eins og hún nú er. Verður þá ómögulegt að ráða bót á afleiðingum þessa, nema með því að setja í eitt skifti fyrir öll ákvæði, er hindri virkjun fallvatna, en þetta á ekki að vera markmiðið og er sannkallað öfugstreymi. Er það jafnóviturlegt sem að leggjast á móti því, að jörðin verði tekin til ræktunar. Jeg vil því enn biðja hv. þm. að athuga, hvort þeir geti að minsta kosti ekki greitt atkvæði með varatill. okkar við 2. gr.

Um aðrar brtt. okkar skal jeg ekki fara mörgum orðum, en háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ) fór ekki rjett með, hverjar þær brtt. væru, er snerta ágreiningsatriðið um rjettargrundvöllinn, og hverjar ekki. Vil jeg því geta þeirra, svo að þessi ummæli háttv. frsm. meiri hl. blekki ekki.

1. brtt. okkar er aðeins um, að skilgreiningin á orðinu „almenningur“ falli burtu. Teljum við hana óþarfa, því að hún er alkunn.

3. brtt. er þess efnis, að fyrir „vatni“ komi: jarðvatni. Er þetta aðeins rjetting, svo að rökrjett hugsun raskist ekki.

4. brtt. er líka leiðrjetting á ákvæði, er sett var inn í frv. í Ed. og raskaði hugsuninni.

6. brtt. snertir heldur ekkert rjettargrundvöllinn, heldur er aðeins leiðrjetting á prentvillu eða málvillu, er komist hefir í frv. hjá Ed.

21. brtt. er líka rjetting. Grein frv. er meinloka, en sett rjett meining í hana með brtt.

22. og 25. brtt. eru líka rjetting. Hinar brtt. snerta grundvöllinn. En þó snertir

ein hann ekki svo mikið, að ekki megi samþykkja hana sjerstaklega. Á jeg þar við 7. brtt., við 39. gr. Eru í henni ákvæði um skaðabótaskyldu fyrir töku áveituvatns. Er það reglan, að neysluvatn er látið ganga fyrir áveituvatni og áveituþörfin fyrir orkuþörfinni. Er víða skipað svo fyrir í frv., að ekki skuli krafist bóta, þótt vatn sje tekið til neyslu, og ekki heldur þótt orkuvatn sje tekið til áveitu.

Brtt. miðar að því, að ekki sje krafist bóta, þótt vatn sje tekið til áveitu, enda þótt það kunni að rýra orkunýting í framtíðinni.

Er þetta þess eðlis, að vel má samþykkja án þess rjettargrundvelli frv. sje raskað.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Þótt það sje sennilega óþarfi að fara nú að halda langar ræður frá almennu sjónarmiði um þetta mál, þar sem það er þrautrætt áður, einkum hjer í deildinni, þá verð jeg þó með nokkrum orðum að skýra afstöðu mína til þess, þar eð það hefir orðið mitt hlutskifti að leggja þetta frv. fyrir þingið.

Aðalágreiningurinn í þessu máli er sá, að sumir, þar á meðal háttv. meiri hluti vatnamálanefndar hjer í deildinni, halda því fram, að landeigendur eigi vatnið, sem rennur um landareign þeirra, en háttv. minni hl. nefndarinnar heldur því fram, að ríkið eigi vatnið, en hins vegar viðurkennir hann, að landeigendur eigi botninn og hafi, innan vissra takmarka, umráðarjett yfir vatninu, svo það virðist nú ekki mikið bera á milli, en jeg mun víkja að því síðar.

Jeg held, að það sje ekki ofmælt, þó jeg fullyrði, að engum manni í landinu hafi dottið annað í hug fyrir 1919 en að landeigandi ætti vatnið í ánni sinni eða læknum sínum, og þá líka orkuna, sem í vatninu lægi. Jeg hygg, að sannfæringin um þetta hafi verið rótgróin í meðvitund almennings alt frá byggingu landsins.

Grundvöllurinn fyrir þessari skoðun finst líka, að minni hyggju, alveg viss í fornum lögum, en meðan fossarnir voru lítils virði, var ekki von, að menn rannsökuðu eignarspurninguna sjerstaklega, heldur ljetu sjer nægja sannfæringuna um þennan rjett. En þegar það sást, að fossarnir fóru að verða verðmiklir, eins og komið hefir á daginn síðari árin, þá var eðlilegt, að vaknaði spurningin um það, hvort þessi rjettarmeðvitund manna væri rjett, hvort hún væri annað en vanahugsun, og hvort bæði eldri lög og núgildandi lög væru ekki bygð á röngum grundvelli, hvort útfallið yrði ekki annað, ef málið væri tekið upp til rannsóknar á vísindalegum grundvelli. Og þetta hefir verið gert og komist að þeirri niðurstöðu, að svo væri, að rennandi vatn væri þess eðlis, að það gæti ekki verið eignarrjetti undirorpið. En þessi skoðun kemur í bága við skýlaus fyrirmæli laga, bæði forn og ný.

Þegar fyrstu landnámsmenn komu hingað, tóku þeir landið algerlega til eignar, en ekki aðeins til vissra afnota. Var það líka eðlilegt, því að það var í fullu samræmi við þær venjur og löggjöf, er þeir áður höfðu búið við. Er hægt að vitna í fornlaganna í þessu efni, bæði til Grágásar og Jónsbókar, um að þessi skilningur sje rjettur. Það er að vísu rjett hjá hv. minni hluta, að ýms sagnorð í íslensku hafa margvíslegar þýðingar, þar á meðal t. a. m. sögnin að „eiga“. En almenningur skilur vel, hvaða merkingu orðið hefir í þessari og þessari merkingu. Hann skilur vel, að það er alt önnur merk-

ing í því að „eiga“ hlut eða „eiga“ samleið með einhverjum. Eru fjöldamörg ákvæði bæði í Grágás og Jónsbók, sem sýna það ótvírætt, að með orðinu „eiga“ er átt við eignarrjett og ekkert annað, og hafa ekki verið skilin öðruvísi og verða heldur ekki skilin á annan hátt. En þessu er ekki einungis slegið föstu í eldri lögum, heldur og nýjum; jeg skal aðeins minna á fossalögin frá 1907. Þau lög tala alveg ótvírætt um eignarrjett að fossum og gera ráð fyrir, að eigendaskifti geti orðið að þeim, þeir geti gengið kaupum og sölum og eigendaskifti geti orðið fyrir nauðungarráðstöfun. Þetta hefir nú líka verið viðurkent af þeim, er halda fram rjetti ríkisins, en þeir bæta því við, að lög þessi sjeu bygð á skökkum grundvelli og misskilningi á fornum lögum, og sjeu því ekki bindandi; en það er algerlega rangt. Jeg skal koma með annað dæmi, enn nýlegra Á þinginu 1916—1917 var borin fram þáltill., sem beinlínis gerir ráð fyrir eignarrjetti einstaklinga yfir fossum, sjá einkum niðurlagið, sem hljóðar svo: „þeim, er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð“.

Enn má nefna þingsályktunartillöguna frá 1918, er milliþinganefndin var skipuð. Þar er gert ráð fyrir, að nefndin rannsaki, hvort ekki væri ástæða til, að landið „keypti fossa“. Það þarf ekki að kaupa það, sem maður á.

Það var því ekki að furða, þótt mörgum brygði í brún, þegar kenningin 1919 kom fram. Þar var því haldið fram, að vatnið væri „res nullius“, háð umráðum ríkisins, en landeigendur hefðu aðeins takmarkaðan afnotarjett yfir því til búsþarfa, áveitu eftir þörfum jarðarinnar, og enn fremur til orkunýtingar innan vissra takmarka. Enn fremur, að eldri lög bæri að skilja svo, að þar væri gert ráð fyrir eignarrjetti ríkisins, og þau nýrri lög, er ákvæðu annað, væru bygð á misskilningi, og væri því ekkert á þeim byggjandi. En eins og jeg hefi þegar tekið fram, eru gömlu lögin alveg skýr, að mínu áliti, og veita einstaklingunum fullan eignarrjett að vatni, en þó svo væri, að eitthvað mætti draga út úr yngri lögum gegn fullum eignarrjetti, sem hæpið er, þá gilda engin sjerlög gagnvart almennum gildandi lögum, svo sem fossalögunum. Því hefir verið haldið fram, að athugasemdirnar við fossalögin væru bygðar á misskilningi um eignarrjettinn, en jeg, sem átti nokkurn þátt í undirbúningi þessara laga, neita því alveg, að svo hafi verið. Þau voru grundvölluð á þeirri almennu meðvitund og sannfæringu, að hver landeigandi eigi eins straumvatnið í sjálfri ánni sem botninn sjálfan.

Þegar þessar mismunandi skoðanir eru bornar saman, þá sýnist nú ágreiningurinn ekki vera svo ýkjamikill við fyrstu sýn, enda var því haldið fram í háttv. Ed., að munurinn væri aðeins „teoretiskur“. En jeg held nú, að munurinn sje meiri. Mundi þessi ágreiningur varla hafa valdið svo miklum töfum málsins sem orðið hefir, ef hann væri ekki annars eðlis og meiri.

Kemur þessi munur glögt fram í einstökum ákvæðum frv., eins og ljóst er, ef menn bera frumvörpin saman. Má líka sjá þetta af nál. minni hl., er heldur því fram, að ef frv. þetta verði samþykt í sambandi við sjerleyfislögin, þá muni það valda miklu tjóni.

Nú sje jeg, að komið hefir fram miðlunartillaga frá háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ), sem hann bar fram á fundi vatnamálanefndar á þinginu í fyrra. Í þessari miðlunartillögu, sem borin er fram sem varabrtt. við 2. gr. frv., er lagt til, að greinin orðist svo: „Landareign hverri fylgir sá rjettur, *sem nú er og verið hefir,* til um-

ráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem er á henni". Jeg vissi ekkert um þessa till. fyrri en jeg las hana í nefndarálitinu. En jeg fæ ekki sjeð, þó að þessi varabrtt. minni hl. verði samþykt, að nokkuð vinnist við hana; hún þokar ekki hóti nær takmarkinu. Hún segir: Landareign hverri fylgir sá rjettur, sem nú er og verið hefir", o. s. frv. Meiri hlutinn telur, að þessi rjettur til vatnsins, sem nú er og verið hefir, sje eignarrjettur, en minni hlutinn telur það aðeins vera takmarkaðan afnotarjett. Þetta þarf því úrskurðar við eftir sem áður. Það hefir komið fram áður á þingi, að rjett mundi vera að leggja þetta spursmál undir úrskurð dómstólanna. Jeg hefi í rauninni ekkert á móti því. Jeg veit mjög vel, hvernig færi; en jeg tel óviðkunnanlegt, að ríkissjóður fari í mál, sem er fyrirsjáanlegt, að hann tapar. Það hefir komið fyrir áður, að ríkinu hefir verið svo að segja skipuð málshöfðun, en hefir þó tapað, og það er leiðinlegt. En það er til annað vald en dómstólarnir, og það er Alþingi; það á að gefa lög og getur skorið úr, hvað hafi verið lög. Margir þingmenn hafa viljað varpa af sjer ábyrgðinni í þessu máli. En jeg sje ekki, að það geti komið sjer hjá því að greiða úr málinu. Það verður nú að koma til kasta þingsins. Það getur ekki þolað að láta málið þvælast lengur á dagskrá. Við verðum á þessu þingi að komast út úr þessu máli. En jeg sje ekki, að varabrtt. minni hlutans sje að neinu gagni nje aðgengileg til samkomulags. Aftur á móti virðist aðaltillaga háttv. minni hluta um breytingu á 2. gr. frv. geta verið nothæf, það er að segja, ef feldar eru þá allar aðrar brtt. hans við frv.

Munurinn milli beggja nefndarhlutanna er í rauninni djúpur, þar sem þeir byggja á svo mismunandi grundvelli, og það verður að fylgja honum stricte, hver sem hann er; þar má ekki blanda í greinum, er bygðar eru á öðrum grundvelli. Menn mega ekki láta blekkja sig á því, þótt einstaka breyting virðist vera til bóta. Slíkt er ekki auðvelt að sjá í fljótu bragði, einkum í svona stórum lagabálki. Jeg hefi frá upphafi verið á sömu skoðun og minni hluti fossanefndarinnar í þessu máli; og þess vegna þótti mjer rjett að leggja til grundvallar frv. minni hl. En til frekari fullvissu því, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, væri heilsteypt og ekkert kák, lagði jeg það fyrir einn besta lögfræðing á þessu landi, til að fá álit hans. (*BJ*: Hvern?) Það get jeg sagt háttv. þm. privat. Jeg treysti þessum manni best til þess að kveða upp rjett og hlutdrægn laust álit um frv. Hann taldi það vera samfelda heild og fullkomið samræmi í því. Og nákvæmlega á sama grundvelli stóð Ed. Þær breytingar, sem hún gerði við frv., eru bygðar á eignarrjetti einstaklingsins, svo frv. er nú ein samfeld og samræmd heild. Þó að vera kunni, að einhverjar smábrtt. á þskj. 487, frá minni hluta nefndarinnar, kunni að vera óskaðlegar og jafnvel nothæfar, þá vil jeg ekki „risikera" neinu með þær. Jeg vil því, að frv. verði samþykt óbreytt. Þá álít jeg, að Alþingi skilji vel við þetta mál. En þegar jeg athuga aðaltillögu minni hlutans við 2. gr., þá get jeg ekki sjeð, að hún komi að neinu leyti í bága við þá grundvallarreglu, sem frv. er bygt á, nefnilega eignarrjett einstaklingsins. Til samkomulags gæti jeg því fallist á hana, með því skilyrði, að allar aðrar brtt. væru teknar aftur, svo engin hætta væri á því, að mótsagnir væru í frv. Að vitað er ekki hægt að fortaka það í svo stórum lagabálki, að hvergi sje árekstur,

en jeg held þó tæplega, að mikil brögð verði að því.

Sómi þingsins liggur við, að þetta mál verði afgreitt sem lög; þá er mikið afrekað. Ef þinginu tækist þetta, mundi það verða talið merkisþing. En að öðrum kosti gæti jeg búist við, að það yrði kallað magra þingið.

Jeg sakna þess mikið, að sjerleyfislögin geta ekki komist líka fram á þessu þingi. En þó gerir það minna til; nú strandar hvort sem er mest á peningamálunum í heiminum. Jeg er á gagnstæðri skoðun við háttv. frsm. minni hl. (JÞ um sjerleyfislagafrv., og jafnvel líka hv. frsm. meiri hl. (SvÓ). Jeg álít, að sjerleyfislögin standi ekki að baki vatnalögunum. Ef þau hefðu verið til áður, þá hefði nú verið búið að virkja hjer vatnsföll í stærri stíl samkvæmt þeim, sem svo hefði haldið áfram smám saman.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að biðja hv. deildarmenn, sem hjer eru eftir inni, og eins þá stóla, sem auðir eru og ekki hafa verið teknir með á uppboðið, að fyrirgefa, þó að jeg haldi ekki langa ræðu. Jeg hafði ekki búist við því, en ætlaði háttv. frsm. minni hl. (JÞ) að bera þunga dagsins, eins og hann nú hefir gert. Þó var það eitt atriði í ræðu hans, sem jeg vildi minnast á, þar sem hann sagðist tala sjerstaklega fyrir sig og Guðmund Björnsson landlækni. Jeg sá ekki, að þar kæmi fram neinn mismunur á skoðunum mínum og þeirra í þessu máli. Ef þetta er síðasta tækifærið fyrir mig eins og hann til að tala í þessu máli, þá er rjettast, að jeg skýri mína afstöðu.

Það hefir frá upphafi vakað fyrir mjer að gera rjett í málinu, og þá um leið að gera það innan þess ramma, að þjóðarheildinni væri trygð varðveisla á rjettinum til vatnsorkunnar.

Þegar uppgangurinn var sem mestur og talað var um stóriðju hjer á landi, þá hjeldu menn, að þeir ættu vatnsorkuna, og höfðu selt mikinn hluta hennar út úr landinu.

Nú er mjer ljóst, að fámenn bændaþjóð má ekki við því, að stóriðja rísi hjer upp. Innflutningur fólks mundi aukast mjög, ef nokkuð yrði úr framkvæmdum, svo að máli og menningu þjóðarinnar yrði hætta búin.

Í öðru lagi vakti það fyrir mjer, ef fossabraskið hjeldi áfram, að þá mundu náttúrugæðin eða vatnsorkan verða of dýr fyrir bændur, svo að þeir gætu ekki notað hana til þess að lýsa og hita bæi sína.

En það vakti fyrir mjer, að eftir því sem tímar liðu fram, þá tæki þjóðin sjálf vatnsorkuna í sína þjónustu, þegar framkvæmanlegt þætti. En eftir 50 ár mætti t. d. hugsa sjer, að farið yrði að reisa smástöðvar, og þá er gott að geta gripið til vatnsorkunnar, og eins, ef menn vildu, til stærri iðju.

Jeg hefi aldrei verið innilokunarmaður, þó að það hafi verið sagt um mig í blöðunum. Í ritgerð, sem jeg birti í tímariti og nefndi: „Gaktu hægt um gleðinnar dyr", talaði jeg um virkjun á efri hluta Sogsfossanna; áleit það ekki geta leitt til hættulegrar stóriðju. Þetta var minn hugur; og frá upphafi var enginn mismunur á milli mín og Guðmundar Björnssonar, en eitthvað lítilsháttar bar á milli okkar Jóns Þorlákssonar, en þó var það ekki þessu viðkomandi.

Fyrir okkur öllum vakti sama framtíðarhugsjón, að innan ekki mjög langs tíma gætu býli þessa lands fengið birtu

og yl frá straumvötnum þess. Ekki frá stóriðjustöðvum, því að þá yrði veitan of dýr, heldur frá smærri stöðvum, fleiri og hagfeldari, þar sem orkuveitan gæti orðið ódýrari.

Það, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) þótti „kringilegt" í nefndaráliti minni hl., býst jeg við, að hafi verið þetta, að við viljum ekki leyfa mönnum að braska líka með smærri straumvötn og læki. Við viljum forða þeim, til þess að þau verði landsmönnum sjálfum að notum. Við viljum láta geyma orkuforða hinna stærri straumvatna, þangað til hagur þjóðarinnar er orðinn þannig, að hún sjálf er fær um að taka þau til notkunar.

Þegar við nefndarmenn höfum störf okkar í þessu máli, vissi jeg ekki annað en að sú torfæra yrði á vegi okkar, að einstakir menn ættu vötnin, nje hvernig hún yrði yfirstigin. Jeg bjóst ekki við, að þeir fossar, sem búið var að pranga út, yrðu teknir aftur undir landið, nema gegn því að greiða handhöfum þeirra skaðabætur.

En mjer til mikillar gleði, þegar jeg fór að rannsaka málið, sá jeg, að fyrir þessu var enginn fótur; hjer á landi hefi aldrei verið til eignarrjettur á rennandi vatni. Enda er það ekki eðlilegt, að svo sje.

Þá skal jeg minnast á þá ástæðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem hann ætlaði að dauðrota með allar okkar röksemdir. Á einum stað í Jónsbók, Llb. 56. kap., bls. 188, stendur þetta, sem jeg skal lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

> „Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefir verit".

Þetta þýðir aðeins, að hann eigi rjett til að veiða fyrir sinni jörðu, því að þetta eru veiðiákvæði.

Samkvæm þessum ákvæðum Jónsbókar eru þau, sem standa í Landabrigðisþætti Grágásar II 438, bls. 509—510, að „þar er menn eigu merkivötn saman, þá á hverr at veiða fyrir sínu landi". Það, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) heldur fram um þessa lagastaði, eru því tómir draumórar. Að jeg sje ekki einn um að skýra þetta „á" í 56. kap. Llb. Jónsbókar, nægir að benda á lög frá 19. febr. 1886, um friðun á laxi, 2. gr., þar sem svo er kveðið að orði: „Eigi einn maður *veiði* í á" etc. En hvernig stendur þetta nú í Grágás?: „Eigi eigu menn at leggja net um þvera á, nje gera teinor í eða gera garða (Í eigi gerða svá, at eigi sje hlið á) eða ker, nema einn maður *eigi alla ána*".

Þetta skildi löggjafinn 1886 svo, að þarna sje að eiga ána sama og að eiga veiðina í ánni. Voru þá á þingi lögfræðingar engu ósnjallari háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og eigi verri löggjafar. Mun svo vera, að hvert eitt atriði, er hann vill tilfæra sinni skoðun til stuðnings, mun jeg geta ósannað fyrir honum, með því að benda aðeins á lögbækurnar sjálfar og tilfæra álit löggjafa og lögfræðinga fornra og nýrra, sem alt styður mína skoðun, án þess að jeg nefni prófessor Einar Arnórsson, sem hefir komist að alveg sömu niðurstöðu. Hafði jeg gaman af því, hve skoðanir hans í þessu máli komu vel heim við það, er jeg hafði áður talið rjett, enda þótt jeg sje ekki lögfræðingur. Það er með þetta „vatn og veiðistöð", að það er það, er á grísku heitir ἓν διὰ δυοῖν, eða „eitt í tvennu". Er það algengt bæði í grísku og latínu og íslensku, og hefir þetta vilt þá bókstafsþræla, sem ekki kunna málið betur. Er það og alveg rjett, og sannar mitt mál, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JÞ) tók fram, að alstaðar þar, sem Grágás hefir „á", þar hefir Jónsbók „má" Sýn-

ir það, að hjer er ekki um eignarrjett að ræða, heldur takmarkaðan rjett, sem ríkið ljer eigendum jarðanna.

Þegar þessa er gætt, verður augljóst, hvað átt er við í þessu þskj., sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) kallaði kringilegt. Sökum þess, að menn hafa aldrei haft meira en afnotarjett yfir vatni, hafa þeir aldrei getað selt útlendingum meira. Og ef einhver útlendingur skyldi hafa álitið, að hann við kaupin fengi eignarrjett yfir vatninu, þá á hver við sinn sala, og rjettur hans verður engu að meiri fyrir það heldur en sá átti, er seldi. En fari svo, að frv. yrði samþykt óbreytt, þá fengju útlendingar meiri rjett en þeir hafa haft hingað til, því í 1. gr. frv. er hrein skilgreining á eignarrjettinum, eins og lagaprófessor háskólans kennir hana lærisveinum sínum.

Jeg heyrði hæstv. atvrh. (KlJ) tala um það, að maður kæmist eigi nær takmarkinu, þótt varatill. okkar minnihlutamanna yrði samþykt, því þá hjeldi hver fram sinni skoðun eftir sem áður á þessu atriði. Og þá slepti þingið úr höndum sjer úrskurðarvaldinu í málinu, og var sem hann teldi miður heppilegt, að þingið skæri eigi úr flóknum lagamálefnum. En þá finst mjer mikið færst í fang, ef vjer þingmenn eigum að gerast hæstarjettardómarar í svo flóknu máli, sem eingöngu heyrir undir vísindin og dómstólana. Jeg býst eigi við, að menn vilji taka á sig ábyrgðina á því, að láta svo mikinn rjett af hendi til einstaklinga, og þeim, sem svo væru gerðir, ætti ekki að hrjósa hugur við að greiða atkvæði með smáum styrkveitingum, er þeir vilja firra ríkið svo dýrmætum rjettindum. Til þess að forðast þetta er beinasta og besta leiðin að láta dómstólana skera úr málinu, og er það engin áhætta. Má vel vera, að úrskurðurinn falli meiri hluta nefndarinnar í vil. Að minsta kosti er jeg ekki sá maður, að taka á mig ábyrgð sem æðsti dómstóll í þessu máli. Þetta er það, sem skilur meiri og minni hlutann; minni hl. vill láta dómstólana skera úr þessu, en meiri hlutinn, með háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) í broddi fylkingar, heimtar sinn dóm staðfestan af Alþingi.

Jeg skal í þessu sambandi minnast á, að konungsríkið Saxland hefir látið sjer sama að fara sömu leið og minni hl. fer fram á, að farin verði. Þar var einnig deilt um rjettindi yfir vatni, og lagði stjórnin fyrir þingið frv. um það, að vatn skyldi vera alþjóðareign. En þingmenn sögðu, að þeir gætu ekki ákveðið neitt um þetta, heldur væri það vísindanna og dómstólanna að gera það. Er það og sannmæli, að þetta er dóms- og vísindamál, en ekki þingmál. Jeg býst heldur ekki við, að háttv. þm. vilji fara að veita útlendingum meiri rjett yfir vötnum hjer en verið hefir. Ef svo væri gert, yrði vitanlega ekkert þrot á vatnaprangi. Braskfjelög yrðu stofnuð og menn sendir út um lönd til þess að fá auðtrúa útlendinga til þess að kaupa hlutabrjef í vatnafjelögum. Við þetta yrði vatn svo dýrt hjer, að enginn gæti hagnýtt það, og ef ætti að taka það eignarnámi í almenningsþágu, yrði það ókleift sökum dýrleika, því taka yrði tillit til gangverðsins eða prangverðsins. Og eins og Einar Þveræingur spáði, að kotkörlum mundi þykja þröngt fyrir dyrum, ef Ólafur konungur fengi Grímsey, eins ætla jeg, að bændum mundi þykja ilt að þurfa að kaupa vatn á jörð sinni.

Það dugir ekki að hespa þetta og spinna lopann eins og ræður úr einu sæti hjer. Það er áreiðanlega ekki rjett af háttv. þm. að láta þetta ganga gegnum

greipar sjer án þess að gefa sjer nægan tíma til þess að hugsa og ræða málið og setja sig inn í hvert atriði. Það þyrfti meiri tíma og meira kapp en hægt er á þeim tíma, sem eftir er af þessu þingi, til þeirra hluta. Sannleikurinn er sá, að þótt þetta mál sje lengi búið að flækjast hjer, hefir það aldrei verið verulega rætt, nema þá helst á þinginu 1919. Árið 1921 var flutt hálf framsöguræða, og sofnaði það þá þar með. (*JÞ*: Hinn helmingurinn kom nú). Mætti gjarnan gefa frest í nokkur ár, meðan 3. ræðan væri samin.

Hæstv. atvinnumálaráðherra talaði um, að sómi þingsins væri undir því kominn, að frv. næði nú fram að ganga. Eftir því lítum við víst á málið hvor frá sínu sjónarmiði, því ekki vil jeg telja sæmd þingsins að meiri, þótt það ljeti vanhugsuð frumvörp ganga fram, illa undirbúin og lítið rædd, og síst þegar um annað eins framtíðarmál er að ræða sem hjer, þar sem er ljós og ylur í landinu. Munu margir hugsa til þess síðar, er þeir sitja í kulda og myrkri, að ljós- og ylgjafinn var burtu látinn fyrir ekki neitt. Er ekki samboðið sóma þingsins að hrapa svo að þessu. Er betra að gerhugsa málið en greiða þannig atkvæði um það nú, að iðrast þurfi þess síðar.

Háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ)), sá sem strauk úr nefndinni, taldi það vera „hugsanfræðilegan ómöguleglleika", að samkomulag yrði um þetta. En jeg vil biðja þennan háttv. þm. að benda mjer á þá hugsunarfræði, er hann hefir lesið, því samkvæmt mínum skilningi ætti þetta vel að geta gengið. Svo var hann að minnast á stjórnarbyltingu, sem jeg held, að hafi átt að skilja svo, að tillögur minni hl. mundu valda stjórnarbyltingu, ef þær næðu fram að ganga, og mun hann þar hafa átt við þá grein í stjórnarskránni, að eignarrjetturinn skuli vera friðhelgur. En ef ríkið hefir nú altaf átt vatnið, hver gerir þá byltinguna?

Hitt má til sanns vegar færa, að hluti, sem enginn einstaklingur getur helgað sjer, þá á ríkið. En hver er þá með byltingunni, við, sem viljum fá óvilhallan úrskurð dómstólanna um málið, eða hann, sem vill láta þingið setja lög um þetta efni, sem máske yrði til þess, að það afsalaði dýrmætum rjettindum úr hendi ríkisins?

Jeg vil enn benda á þessi orð úr Grágás og Jónsbók, *má* gera og *á* að gera. Hver leyfir slíkt annar en sá, sem valdið hefir, löggjafinn? Hjer kemur glögt fram, að það er ríkið, sem þessum hlut á að ráðstafa. Jeg get líka nefnt eitt dæmi, sem tekur af öll tvímæli. Það er, að ef á flytur sig úr farvegi sínum og yfir á annars manns land, þá er raunar eiganda beggja jarða heimilt að veita henni aftur í sinn forna farveg, en sje það ekki hægt, t. d. sökum jarðskjálfta eða annars slíks, þá missir sá, sem þá jörðina á, er áin flutti sig úr, allan rjett til hennar framvegis. Honum er ekki heimilt að veiða lengur einn fisk í henni, hvað þá meira. En hvað flyst svo annað yfir á annars manns land, að eigandinn geti ekki heimtað fult verð fyrir? Þetta er glögt dæmi þess, að hjer er ekki um eignarrjett að ræða, og betra dæmi en háttv. frsm. meiri hl. getur komið með á fornri eða nýrri íslensku. (*HK*: En það getur margt fleira flust yfir á annars manns land). Já, en þá er altaf hægt að heimta það aftur, eða fult verð fyrir. Jafnvel reka má sækja í land annars

manns, ef búið hefir verið að merkja hann rekamarki. (*PÞ*: En skriða?). Já, þarna kom það. Ef skriða væri eign, mætti sjálfsagt finna það út úr fasteignamatinu í Mýrasýslu, hvers virði hún væri.

Þá talaði háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ) um „idiotisk" lög. Af því að talsvert hefir verið rætt um grískukenslu hjer í háttv. deild, þá þykir mjer gott, að hann er farinn að leggja sig eftir henni og lætur hrjóta orð og orð á stangli.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um það, er háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ) vill reyna að telja þeim háttv. deildarmönnum, er ekki vita öll deili á málinu, trú um, að hvergi á Norðurlöndum hafi verið deila um eignarrjettarhugmyndina. Háttv. frsm. minni hl. (JÞ) hrakti þetta, og jeg vil leyfa mjer að benda á, þó ekki væri nema Konungsáll í Svíþjóð, er mál hafa risið af svo tugum skiftir. Það er einnig hárrjett hjá háttv. frsm. minni hl. (JÞ), að í norskum lögfræðiritum voru miklar deilur um þetta efni áður en Norðmenn tóku það óyndisúrræði 1887 að gefa vatnið. Þó var þeim nokkur vorkun í samanburði við oss, þar sem fornar lögbækur norskar hafa óskýrari ákvæði í þessu efni en lögbækur vorar. Sjest það berlega af því, að í Hákonarbók eða Járnsíðu eru þessi ákvæði helmingi styttri en í Grágás. Er bersýnilegt, að menn hafa ekki viljað una þessu, og eru því öll ákvæði Grágásar um þetta tekin upp í Jónsbók. Menn vildu ekki þola, að fyrirmæli lögbókarinnar væru ónákvæmari en áður. En í Noregi hafði margskonar nýting á vatni farið fram frá fornu fari, svo sem trjáfleyting, og ýmsar venjur verið í því efni, og dró það ásamt öðru Norðmenn til þess að gefa vatnið. En síðan hafa þeir altaf verið að berjast við að semja sjerleyfislög, til þess að taka aftur þessa gjöf sína.

Í kosningabaráttu minni síðast varð okkur háttv. 5. landsk. þm. (JJ) sundurorða um þetta mál, eins og margt annað. Hann taldi þá rjett, að öll vötn þyrftu að vera ríkiseign, en því mætti koma fram á annan hátt en með því að skilja rjett gildandi lög. Benti hann á þá leið, að leggja skatt á vatnið og taka það þann veg af mönnum. Þá var landfleygt að kalla oss vatnsræningja, sem vildum halda fram yfirráðarjetti ríkisins á vatni, en þá mætti kalla hina skattræningja. Munurinn á þessum tvennskonar ránsmönnum er sá, að þeir fyrnefndu telja landeigendur ekki hafa neinn eignarrjett, og taka því ekki neitt frá þeim, en hinir vilja taka það frá þeim, er þeir telja þá eiga að lögum. Býst jeg við, að telja megi háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ) í flokki þessara skattræningja.

Þá talaði háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ) um, að hann hefði aldrei sjeð kringilegra þingskjal en nál. minni hlutans. Þó að menn tali ýmislega um háttv. frsm. minni hl. (JÞ), hefi jeg aldrei heyrt um hann sagt, að hann væri svo heimskur, að hann byggi til kringileg skjöl. En það er ef til vill einhver sjerstakur lagaskilningur í þessu orði austur á fjörðum. En aldrei hefi jeg heyrt skringilegri ræðu en framsöguræðu háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ). Hvað sem annars má segja um gáfur þess hv. þm., hefir hann aldrei haft minsta vit á þessu máli, og fær aldrei. Það er spaugilegt að heyra hann halda langa ræðu, þegar hann sýnir í hverju orði, að hann er ekki fær um að fást við lagaskýringar.

Jeg á þá ótalað um eitt atriði, en það er, hve mikið kapp hv. frsm. meiri hl.

(SvÓ) og fjelagar hans leggja á að koma þessu frv. nú gegnum þingið. Satt er það að vísu, að aldrei hefir hnífur þeirra komið í jafnfeitt sem nú. Háttv. Ed. hefir nú afgreitt frá sjer þetta frv., sem lögfestir eignarrjett manna á rennandi vatni. Auk þess hefir sú hv. deild sent hingað annan lagabálk um vatnsorkusjerleyfi, þar sem ekki er sagt annað en: „gerðu svo vel og taktu mig". Það frv. er algerlega bygt á hinni stefnunni, að vatnið sje líkiseign, og getur því aldrei komið heim við þetta frv. eða samrýmst því. Úr þessari lagasamstæðu yrði hin fullkomnasta opingátt.

En af hverju liggur mönnum svo mjög á? Nú verður gengið til kosninga í haust. Til þessa hefir aldrei verið kosið um vatnamálið, og er það þó svo mikilvægt, að það væri vel þess virði. Jeg hygg, að minni samvisku yrði borgið, ef þjóðin fengi að leggja sinn dóm á málið í kosningunum. Þá er málið komið á hennar ábyrgð, og þurfa menn ekki að bera kinnroða, þó að þeim hafi á orðið einhver mistök. En það er næsta undarlegt, ef síðasta þing fyrir kosningar fer að hrapa að því að berja þetta mál í gegn. Það er eins og menn sjeu að reyna að forðast það, að þjóðin fái að láta uppi vilja sinn í málinu. Þessir menn, sem eru svo sannfærðir um, að þeir skilji rjett ákvæði Grágásar og Jónsbókar og eru svo hárvissir um eignarrjettinn yfir vatninu, þora hvorki að leggja málið undir dóm þjóðarinnar nje dómstólanna. Ætli eitthvað annað geti ekki búið undir þessari afstöðu?

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Hæstv. atvrh. (KlJ) hefir í raun og veru svarað flestu í framsöguræðu háttv. frsm. minni hl. (JÞ), og því tekið af mjer fyrirhöfnina um mörg þessi atriði. Reyndar er ekki mikil þörf að svara ýmsum atriðum í ræðu hans, því að þau voru ýmist afbakanir á því, sem jeg hafði sagt, eða nýgervingar, sem hann leiddi svo út af ýmsa skraddaraþanka eftir eigin geðþótta. Jeg skal því aðeins nefna örfá dæmi.

Háttv. frsm. minni hl. (JÞ) var fyrst og fremst að gera grein fyrir stefnu sinni og samverkamanns hans í millilinganefndinni, Guðmundar landlæknis Björnssonar, þeirri landsföðurlegu umhyggju, að losa landeigendur við ómráð vatnsrjettindanna. Eftir því, sem honum fórust orð, var tilgangur þeirra fyrst og fremst að útvega öllum almenningi kost á raforku til hitunar og lýsingar á heimilunum með góðu móti. Jeg verð að segja, að þetta eitt fyrir sig var ekki fremur stefna þeirra en annara nefndarmanna. Þetta var yfirleitt verkefni og stefna allrar nefndarinnar, að því leyti, sem því varð náð með lagasetningu, í samræmi við gildandi landsrjett. En þó að allir nefndarmenn hefðu þetta fyrir augum, gátu þeir ekki allir hugsað sjer sömu leiðina. Háttv. þm. (JÞ) hvað það hafa verið hugsun þeirra, að almenningur í sveitum landsins ætti að njóta ávaxtanna af þessari viðleitni þeirra tvímenninganna. Jeg fæ ekki skilið, að almenningur til sveita geti uppskorið nokkuð sjerstaklega við það, þó að vatnsrjettindin sjeu tekin af vatnseigendum og lögð undir ríkið. Það eitt fyrir sig getur ekki fært einstaklingum í sveitunum nein hlunnindi. Það er þó altaf betra hjá sjálfum sjer að taka en sinn bróður að biðja.

Hinu er ekki að neita, að þeir samherj-

ar hafa litið svo á, að þessi hlunnindi af vötnunum mundu verða að almennari notum, ef öll vatnsrjettindi væru í höndum eins vatnamálastjóra í höfuðstað landsins, sem væri einvaldur um meðferð allra vatna. Sú hugmynd var á sveimi hjá þeim fjelögum og í miklu eftirlæti. En jeg hefi ekki orðið var við eða sjeð neina hagsmuni fyrir almenning af þessu. Það má fullyrða, að bændur líta alment svo á, að vatnsrjettindunum, sem þeir hafa jafnan talið sig eiga eins og hluta af jörðum sínum, sje ekki betur borgið í höndum þessa einvalda vatnamálastjóra, sem þeir ættu að sækja leyfi til um alla notkun vatns, en hjá þeim sjálfum.

Háttv. frsm. minni hl. (JÞ) beindi til mín ýmsum skeytum, sem lítið komu við þessu máli og síst eru því til skýringar. Til dæmis kom hann með skilaboð til háttv. deildar, og líklega ekki síst til mín, frá fyrverandi samherja hans, Guðmundi landlækni Björnssyni, sem mjer virtust vera dálítið á annan veg en samboðið væri háttsettum embættismanni eða jafnvel sómdi að hafa eftir honum. Háttv. frsm. minni hl. (JÞ) sagði, að landlæknirinn teldi þá *föðurlandssvikara, sem hölluðust að stefnu minni hluta n[illegible] þinganefndarinnar og viðurkendu eignarrjett á vatni.* (*JÞ*: Ekki voru skilaboðin alveg svona). Þetta var þó meiningin. Jeg vil nú aftur á móti spyrja hv. frsm. minni hl. (JÞ) í áheyrn alls þingheims: Var landlæknir ölvaður, er hann sagði þetta, eða hafði hann cocain í nefinu? (*JÞ*: Hann var alls ekki ölvaður, enda hefir hann tvívegis beðið mig fyrir þessi skilaboð). Jeg vil þá biðja háttv. frsm. minni hl. (JÞ) að færa landlækni önnur skilaboð frá mjer, þau, að honum sómi best að strika yfir þessi stóru orð og hrópyrði, eða kingja þeim sjálfur. Ella er hætt við, að á honum og þeim fjelögum geti vaknað óþægilegur grunur um dálítið óæðri tilgang í vatnamálinu en þeir látast hafa haft. Annars þarf jeg alls ekki að tjá mig vegna neinskonar sektarmeðvitundar í þessu efni. Jeg óttast alls ekki neina hleypidóma um stefnu mína í málinu og virði að vettugi þessi skilaboð og meinfýsi minna gömlu samverkamanna og andstæðinga. Þetta var í raun og veru efninu óviðkomandi og óþarfa innskot hjá háttv. frsm. minni hl. (JÞ).

Þá vildi háttv. frsm. minni hl. (JÞ) gera þá grein fyrir orðunum í nál. minni hl. um þá þjóðarhagsmuni, sem minni hlutinn læst vilja varðveita og láta sjer svo ant um, að þessir þjóðarhagsmunir væru möguleikar fyrir almenning til að geta haft not af vötnum til þess að fá raforku, og átti sjálfsagt að skilja þau orð svo, að ef frv. næði fram að ganga með stefnu meiri hlutans, mundi þessi von glatast og verða að engu. Mikil er sú umhyggjusemi fyrir annara högum, sem lýsir sjer í þessum fullyrðingum hv. frsm. minni hl. (JÞ). En jeg veit ekki, hvernig hann ætlar að gera það skiljanlegt, að nokkur von týnist, þó að frv. verði samþykt. Eins og vötnin breyti eiginleikum eftir því, hver ræður yfir þeim, eða að þeirra yrðu meiri not fyrir almenning, ef einhver reykvískur vatnamálaráðherra, eftir því sem tvímenningarnir lögðu til, fengi færi á í nafni ríkisins að taka dálítinn toll af þeim. Hygg jeg, að hann hafi ekki íhugað þessi orð nógu vel, áður en hann ljet sjer þau um munn fara.

Háttv. frsm. minni hl. (JÞ) sagði, að jeg skyldi sýna trú mína í verkinu. Með því átti hann við, að jeg ætti að sýna

trú mína á þann ótvíræða rjett landeiganda til vatnsorkunnar, sem jeg teldi felast í ákvæðum fornra laga og nýrra, með því að greiða atkvæði með varabrtt minni hlutans við 2. gr. Jeg hefi reyndar tekið fram áður, að jeg gæti hiklaust gengið að þessari brtt., ef aðrar brtt. minni hlutans yrðu feldar, jafnvel þó að lögin yrðu þá ankannaleg og rjettargrundvöllurinn óljóslegar afmarkaður. En sú breyting getur á engan veg til bóta orðið, og á því alls ekki að koma til greina.

Jeg tók það einnig fram, að verði varatillagan samþykt og hinar aðrar brtt., sem fara á eftir, þá mótmæltu lögin sjer sjálf og yrðu ósamræmileg. Þá yrði sem sje í 2. gr. ákveðinn sami rjettur landeiganda til vatnsins sem nú er og verið hefir, en gengið í gegn þessum rjetti með öðrum ákvæðum frv. Það var þetta, sem jeg kallaði „idiotiska“ lagasetningu. Sneri háttvirtur þm. Dala (BJ) út úr þessu og reyndi að auglýsa grískukunnáttu sína um leið; hvað sem líður grískukunnáttu hans, þá tel jeg víst, að engan hafi hann getað sannfært um ágæti slíkrar lagasetningar.

Sami háttv. þm. sagði ennfremur, að með því að samþykkja frv. yrði opnuð leið til þess að braska með smávötn. Jeg hefi áður tekið það fram, að ef sú leið opnast með þessu frv., er hún enn þá opnari nú.

Þá vildi háttv. frsm. minni hl. (JÞ) halda því fram, eða reyna að telja hv. þingdeild trú um, að eiginhagsmunahvatir hefðu ekki ráðið því, að hann og meiri hluti milliþinganefndarinnar gengu á móti þeirri stefnu, sem þeir höfðu fylgt áður, og rjeðust á eignarrjett landeiganda. Á yfirborðinu lítur að vísu svo út, að þetta sje gert vegna hagsmuna almennings, og því hafa þeir haldið mjög á lofti. En ef betur er skygnst að þessari kenningu, þá vaknar óneitanlega efi um, að þessi landsföðurlega umhyggja hafi staðið mjög djúpt hjá þeim fjelögum, því að einkennilega var þeim ant um að ná sem algerðustu valdi yfir öllum nothæfum vötnum undir vatnamálaráðherra þann, sem þeir lögðu svo mikla áherslu á, að skipaður yrði.

Síðan háttv. frsm. minni hl. (JÞ) talaði hefir komið fram, að jeg hygg frá hans hendi, einskonar samkomulagstilboð um það, að minni hlutinn taki aftur allar brtt. sínar, ef aðalbrtt. við 2. gr. yrði samþykt. Jeg kannast fúslega við, að boðið er frjálsmannlegt og stór fórn int af hans hendi, það er að segja, þegar litið er á málið frá hans hlið. En í raun og veru er ekkert unnið við þetta fyrir stefnu meiri hluta milliþinganefndarinnar, annað en það, að lögin verða miklu óskýrari, og jafnvel ólöguleg. Verður þá að leita í síðari greinum laganna að því, sem þá væri tekið úr 2. gr. með brtt., og er það í raun og veru mjög ankannalegt og ólíkt því, sem aðrar þjóðir haga byggingu slíkra laga, og jafnframt torveldar þetta framkvæmd laganna og eftirbreytnina hjá þeim, sem undir þeim búa. Það er rjett, sem hæstv. atvrh. (KlJ) tók fram, að eftir öðrum greinum frv. má finna stefnu frv., og eignarrjetti landeiganda á vatninu er auðvitað bjargað, en lagasetningin verður, ef breytingin kemst að, mjög ankannaleg og hál. Jeg vil nú leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp þá grein í hliðstæðum lögum Svía, er gilt hefir að undanförnu, en hún hljóðar svo:

„Enhvar äger att det vatten, som å hans grund finnes, sig tilgodogöra, såvidt ej här nedan eller eljest i lag annarledes stadgas“.

Hjer er tekið fram alveg hið sama, sem stendur í 2. gr. frv., því að í sænsku lögunum koma líka ýmsar takmarkanir á vatnsrjettindunum fram í síðari greinum laganna.

Hins vegar hafa Norðmenn orðað þessi ákvæði á þennan veg:

„Med eiendomsretten til grund följer, naar ikke særlige retsforhold medförer noget andet, retten til at raade over og nyttiggjöre det vand, som findes paa grunden, være sig sjö, elv eller bæk, med den begrænsning, som följer av lov eller sedvane"

Af þessu er sýnilegt, hvernig þessar þjóðir haga vatnalöggjöf sinni. Þær setja fremst í lögin nákvæma skilgreining á eignarumráðum landeigandans og þeirri grundvallarstefnu, sem lögin byggjast á að öðru leyti. Þarf þá ekki að leita að skýringum á því, hver rjetturinn sje, innan um aðrar greinar laganna, en það þyrfti hjer, ef brtt. minni hl. við 2. gr. ætti að verða samþykt. Jeg álít því brtt. skemma frv. mjög, þótt ekki tortími hún þeim rjetti landeiganda, sem deilt hefir verið um. Hann helst eftir sem áður, aðeins óskýrari og óljóslegar ákveðinn. Og þótt jeg telji samþykt þessarar brtt. mikla skemd á frv., þá vil jeg þó ekki ámæla þeim, sem kunna að hallast að henni til þess eins að geta bjargað aðalstefnu frv. og komið málinu fram.

En það verður þá að skoðast eins og neyðarráðstöfun til þess að bjarga því, sem meira er vert, og binda enda á þessa langvinnu og kostnaðarsömu baráttu.

Háttv. þm. Dala. (BJ) sendi mjer að vanda nokkrar vingjarnlegar kveðjur, en þótt telja megi það óþarfa hæversku að svara honum ekki, þá er jeg að hugsa um að tefja ekki tímann, en leiða hjá mjer hnútukastið frá honum að mestu.

Hann talaði mikið um það, að vatnið gæti ekki verið eignarhæft, af því að það væri á sífeldri hreyfingu. Þessu hafa margir haldið fram áður, og er það engin nýlunda. Hafa rjettarfræðingar til og frá um þetta deilt, bæði í Noregi, Svíþjóð og víðar, þar sem eignarrjettur að vatni er lögfestur. En slíkar hyggjusetningar hafa ekkert gildi, því að rjettindin yfir vatninu eru jafneignarhæf, hvort viðurkendur er eignarrjettur í merkingu hlutarjettar yfir vatninu eða ekki. Þetta hefir hvarvetna orðið ofan á, þar sem deilt hefir verið um skilning á eignarhugtakinu forna.

Háttv. þm. Dala. (BJ) sagði, að Alþingi gerði sig að dómara, ef það kvæði svo upp úr um vatnsrjettindi sem við viljum gera láta. Það er þá nákvæmlega um sama dóminn að ræða og yfirleitt í hvert sinn, er Alþingi setur lög um ákvörðun eða takmörkun einhverra rjettinda. Satt að segja munu engin dæmi þess, að nokkurt löggjafarþing hafi spurt dómstólana um það, hvort það mætti setja lög um eitthvert efni og hvernig þau ættu að vera, svo sem háttv. minni hl. leggur svo mikla áherslu á, að hjer verði gert.

Hv. þm. Dala. (BJ) þóttist víst greiða kenningu okkar meiri hl. manna fullkomið rothögg, með því að benda á það, að bæði eftir fornum og nýjum lögum mistist rjettur til vatns, ef það brytist úr farvegi á einni landareign og flytti sig á aðra. Þetta virðist mjer einkar hæpin ályktun hjá honum. Þetta atvik er einmitt átakanleg sönnun þess, að landið helgar sjer vatnið, hvar sem það er, og er dæmið því stuðningur við mína stefnu, en ekki hans. Er jeg háttv. þm. þakklátur fyrir þennan stuðning, sem hann veitti mjer þarna, þótt óviljandi væri.

Háttv. þm. (BJ) sagði, að jeg hefði neitað því, að deilur hefðu orðið í ná-

grannalöndunum um eignarrjettinn á vatninu, og þóttist geta upplýst um það, að slíkar deilur sem hjer hefðu þar orðið. Jú, jeg neita því framvegis, að slíkar deilur sem hjer hafi nokkursstaðar komið upp hjá grannþjóðunum; þar hefir enginn dirfst að neita rjetti landeigenda til vatnsins. Hitt veit jeg vel, að deilt hefir þar verið um takmörkin milli eigna ríkis og einstaklinga, svo sem yfir vötnum, sem runnu úr óbygðum inn á lönd einstakra manna, þar sem landamerki vantaði við óbygðirnar. Einnig hefir þar deilt verið um takmörk milli rjettar ríkis og almennings í stórvötnum, eins og líka um það, hve langt mætti ganga í takmörkun á umráðarjetti landeigandans; en þessar þjóðir hafa alls ekki vefengt það, að landeigandinn ætti vatnsrjettindin eða að vatnið fylgdi landinu.

Jeg get að öðru leyti slept að svara háttv. þm. Dala. (BJ). Ræða hans var í aðalatriðunum sú sama og áður um þetta efni og alt á sandi bygt.

Jeg vil aðeins að leikslokum geta þess, að jeg tel þessa miðlunartilraun, sem fram hefir komið frá háttv. minni hl., og sem hæstv. atvrh. (KlJ) mælti svo eindregið með, að taka aftur allar brtt. sínar, ef þessi eina brtt. við 2. gr. verði samþykt, þarflausa skemd á frv. og aðeins til að lýta það. Auk þess getur hún orðið til þess að tefja málið, svo að það fjari uppi á þessu þingi. Hitt er annað mál, að ef vonlaust hefði verið um að koma málinu fram öðruvísi en með þessari breytingu, þá hefði jeg, ef til vill, gengið að henni sem síðasta úrræði, en jeg sje enga slíka nauðsyn hjer fyrir hendi. Þess vegna mun jeg sem fyr neita þessu boði og greiða atkvæði gegn tillögunni.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Það er aðeins út af þeim orðum, sem seinast fjellu, sem jeg vildi segja nokkur orð.

Jeg hefi nú athugað nákvæmlega þessa samningatilraun, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) gat um nú seinast í ræðu sinni, og hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að hún sje aðgengileg. Kemur hún og í engan bága við þá grundvallarskoðun í þessu máli, sem jeg fylgi. Tel jeg hana meira að segja fult eins góða og frv.-greinina, sem hún á við. Þar er sagt, að rjetturinn sje bundinn þeim takmörkunum, sem gildandi lög um þetta efni feli í sjer, en till. ákveður, að rjetturinn skuli bundinn þeim takmörkunum, sem *þessi lagabálkur* sjálfur felur í sjer, og hann er allur bygður á eignarrjetti einstaklingsins yfir vatninu. Að vísu skal jeg játa, að þetta er ekki eins vel orðað og í norskum og sænskum lögum, en þó lít jeg svo á, að vel megi una við þetta. Jeg tel ekki svo mikla hættu á því, að svo fari, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) óttaðist, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi, ef þessi till. yrði samþykt. Þetta mál getur hæglega komið inn aftur á laugardaginn, og er þá engin hætta á öðru en að tími vinnist til að afgreiða það. Geri jeg auk þess ráð fyrir, að tími sparist miklu fremur við þetta, er ágreiningnum lýkur og menn fara samhuga að vinna að því að hraða málinu. Verður þetta því besta leiðin fyrir þá, sem á annað borð óska eftir því, að málið komist sem fyrst frá.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það er nú komin á svo mikil kyrð og friður í þessu máli, að jeg er fús á að gera mitt til þess að raska honum ekki.

Jeg vil þó ekki láta standa með öllu

athugasemdalaust í Þingtíðindunum þau orð hæstv. atvrh. (KlJ), að engum hafi fyrir 1919 dottið í hug annað en að landeigandi ætti það vatn, sem rynni um land hans. Sjálfir fossasamningarnir sýna einmitt ljóslega, að svo er ekki. Þar er alstaðar talað um að selja eða leigja landið og vatnsrjettindin, en ekki vatnið. Svo er t. d. um Sogsfossasamningana. Það er fyrst á allra seinustu árum, sem farið er að taka upp í einstaka samning ákvæði um sölu á sjálfu vatninu, og mun það að kenna norskum áhrifum. Er óvíst, að fossabröskurunum hefði nokkurntíma dottið í hug, að vatnið rennandi gæti orðið eign einstakra manna, ef ekki hefði verið um þessi áhrif frá norskum lögum að ræða.

Jeg álít það annars rjett, sem hæstv. atvrh. (KlJ) tók fram, að hjer sje um annað meira en teoretiskan skoðanamun að ræða. Deilurnar hafa að vísu verið nokkuð fræðikendar. En það stendur annað og meira á bak við þennan skoðanamun, og það mun vaxa annað og meira upp af honum en deilur um rjettarfræði.

Það gladdi mig annars, er hæstv. atvrh. (KlJ) kom fram með samkomulagstilraun sína. Hjer hefir einmitt ræst það, sem jeg hefi um hríð haft á tilfinningunni, að það, sem nú vantaði helst í þessu máli, væri samkomulagstilraun utan frá. Eins og oft vill verða, hefir ágreiningurinn náð svo föstum tökum á þeim mönnum, sem mest hafa um málið fjallað, bæði á þingi og í nefndum, að þeim er erfiðara um samkomulag en þeim, er utan við hafa staðið. Þótt jeg því bæri fram þessa samkomulagstilraun, þá var mjer það í upphafi ljóst, að hún hefði fremur átt að koma úr annari átt. Kom þetta líka brátt í ljós, er háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) lýsti yfir því, að hann gæti ekki átt neinn þátt í slíku. En nú, eftir að hæstv. atvrh. (KlJ) tók að reyna að miðla málum, hefir þessi háttv. þm. (SvÓ) lýst yfir því, að hann gæti að vísu gengið að því að hafa 2. greinina svo orðaða, en sá ljóður væri þó á því, að um leið yrði að breyta ýmsu í lagabálkinum til samræmingar breytingunni, en það gæti hæglega valdið því, að frv. fjaraði uppi á þessu þingi. Svo langt hefir þá háttv. þm. nú gengið áleiðis móti okkur minnihlutamönnum, og sýnir þetta best, að rjett var hugboð mitt um það, að það gagnlegasta fyrir málið væri nú samkomulagstilraun utan frá. Hvað snertir þessa miðlunartillögu hæstv. atvrh. (KlJ), þá hefi jeg þegar sagt honum, að jeg myndi sjá mjer fært að ganga að henni. Má þó hver maður vita, að það er ekki af því, að jeg sje ánægður með þau úrslit málsins. Jeg finn vel, að rjett er það, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði áðan, að við hefðum ekki fengið alt það, sem við vildum, ef ekki yrði samþykt nein önnur efnisbrtt. okkar en þessi eina. En jeg er nú orðinn þreyttur á þessu þrefi og hefi enga löngun til þess að halda lengur uppi deilum í landinu um það, eftir að möguleikar eygjast til að afgreiða málið í þolanlegu formi. En það hlýti jeg þó að gera, ef ekki fengist þessi rjetting á 2. gr. frv. Því enginn skyldi ætla, þótt frv. í því horfi næði samþykki þessa þings, að það væri þar með á enda kljáð. Við myndum þegar vekja það upp á ný á næstu þingum, eftir að kosningar hafa farið fram, og er þá mjög óvíst, hver úrslitin yrðu að lokum. En jeg vil nú taka það fram, að fáist þessi rjetting á 2. gr., þá mun jeg eftirleiðis láta málið í friði.

Út af ræðu háttv. frsm. meiri hl. (SvÓ) þarf jeg annars ekki margt að segja. Mjer

þykir leiðinlegt, ef mjer hefir orðið það á að snúa út úr fyrir honum áðan, og er það óviljandi gert. Jeg skal taka það fram, að jeg heyrði hann ekki segja neitt í þá átt, að frv. yrði afkáralegt, ef varatill. okkar yrði samþykt, en hin ekki. Er jeg fús, háttv. þm. til hugarhægðar, að gefa honum þessa skýringu.

Annars minti háttv. þm. (SvÓ) mig í svarræðu sinni á eitt atriði, sem jeg gleymdi að svara áðan. Hann hjelt því fram í framsöguræðu sinni, að tekið hefði fyrir fossabraskið, er frv. til sjerleyfislaga var lagt fyrir þingið. Jeg vildi, í því tilliti, aðeins taka það fram, að það var ekki bara þetta, sem olli þeirri stöðvun. Um þetta leyti kom upp meiri hluti milliþinganefndar í fossamálum, sem hjelt fram langtum óaðgengilegra skilningi á lögunum fyrir fossabraskarana en gert var í Noregi, og auk þess tóku menn um þessar mundir að efast um það, að einsýnn gróði yrði að því að virkja fossana.

Þeim getsökum, sem háttv. þm. (SvÓ) bar fram algerlega órökstuddar á hendur mjer og landlækni, að afstaða okkar í málinu hafi lotið eigin hagsmunum, þeim svara jeg aðeins með einni neitun. Slíkum dylgjum er ekki hægt að hnekkja með rökum. Þær ganga sjálfar óstuddar, og mun jeg því ekki fara að ganga með rökstaf í hönd á móti þeim, heldur aðeins mótmæla, að nokkuð sje hæft í þeim.

Jeg get svo látið útrætt um málið. Aðeins vil jeg sýna hæstv. atvrh. (KlJ) þá viðurkenningu fyrir samkomulagstilraun hans, að taka aftur 1. brtt. mína við frv., svo að hún þurfi ekki að valda ruglingi við atkvgr. Jafnframt get jeg svo gefið þá yfirlýsingu fyrir hönd okkar minnihlutamanna, að ef samþykt verður aðaltillaga okkar við 2. gr. frv., þá tökum við aftur allar hinar brtt. okkar. Verði aftur á móti þessi aðaltillaga okkar ekki samþykt, þá koma náttúrlega allar brtt. til atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 487,1 tekin aftur.

1. gr., óbreytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 487,2 (ný 2. gr., aðaltill.) samþ. með 19:4 atkv.

— 487,2 (varatill.) sjálffallin.

— 487,3—25 teknar aftur.

3.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

17.—35. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

36.—48. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

49.—67. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

68.—74. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

75.—77. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

78.—82. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

83.—85. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

86.—98. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

99.—114. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

115.—120. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

121.—130. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

131.—138. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

139.—142. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

143.—150. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

151.—152. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

153.—154. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

155. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., laugardaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 541).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Af því að hjer er ráðgerð úrslitaumr. um vatnamálið í deildinni, verð jeg að gera

nokkrar athugasemdir við það. Jeg mun greiða atkvæði á móti því, að það verði afgreitt, og tel rjettara, að það bíði betri tíma. Þetta er afleiðing af skemd, sem varð á 2. gr. frv. við 2. umr. hjer. Greinin skilgreindi áður eignarrjett landeigandans að vatnsrjettindunum og endimarkaði hann, líkt og gert er í vatnalögum allra Norðurlandaþjóðanna, en breytingin tók þá skilgreiningu burtu. Afleiðingin er, að lögin eru orðin ósamræmileg við 2. gr. og svara ekki til fyrirsagnarinnar, jafnvel þótt þau með lögskýringum á ýmsum síðari greinum þeirra viðurkenni og lögfesti eignarumráð landeigandans, svo sem með því að ákveða honum fullar bætur fyrir öll vatnsrjettindi, sem tekin verða af honum nauðugt til annarlegrar notkunar. Eins og þetta frv. lítur nú út, þá ætti það að heita frv. til laga um takmörkun á umráðarjetti yfir vatnsrjettindum, líkt og lögin frá 1907, og þá ætti að fella niður úr síðustu grein tilvitnunina í Jónsbók.

Mál þetta er enn þá ekki orðið nægilega ljóst öllum. Að vísu viðurkenna allir rjett landeigandans, og það gerðu jafnvel mótstöðumenn mínir í þessu máli við síðustu umræðu, er þeir greiddu atkvæði með öllum ákvæðum frv. um skaðabætur til landeigandans fyrir hverskonar notkun vatnsins eftir lögnámi. En sú sjálfsagða afleiðing af því að samþykkja slíkt á að vera og hlýtur að vera sú, að lögin skilgreini þennan rjett, sem lögnuminn er, og greini frá takmörkum hans. Þetta hafa grannþjóðirnar fundið og tekið skilgreininguna upp í lög sín, ljósa og ákveðna, en þar á eftir sett takmarkanirnar, og þetta munu menn alment finna hjer líka, þegar málið er vel athugað. Um hitt er jeg ekki hræddur, að hugmyndin um eignarrjettinn máist eða dofni, þótt málið bíði.

Eitt það, sem heldur til þess að láta málið bíða, er það, að varla er hægt að taka á samningu sjerleyfislaga, nema ákveðinn sje ljóslega sá rjettur, sem sjerleyfislögin eiga að takmarka og ákveða nánar um, hvernig notaður verði.

Jeg þykist þess fullviss, að mikill meiri hl. þingsins vilji afgreiða málið eftir þeirri stefnu, sem frv. markar, og með fullri viðurkenningu þess rjettar landeiganda, sem deilt hefir verið um, en þá hlýtur það líka að vilja afgreiða það svo ljóslega orðað um þessa hluti, að ekki spinnist óþarfar deilur um óskýrt orðalag.

Jakob Möller: Jeg ætla aðeins að gera grein fyrir mínu atkvæði. Jeg greiddi ekki atkvæði um einstakar greinar frv. við 2. umr., nema 2. gr., og var þó óánægður með orðalag margra þeirra og taldi nauðsynlegt að breyta þeim meira í samræmi við 2. gr. En jeg lít svo á, að þar sem rjettargrundvöllurinn er ótvírætt ákveðinn í 2. gr. þannig, að landareign hverri fylgi aðeins takmarkaður umráða- og hagnýtingarrjettur á vatni, þá verði ákvæði annara greina frv. að skýrast samkvæmt því, og það ósamræmi, sem vera kann á milli 2. gr. og annara greina frv., má þá laga síðar. Þess vegna greiði jeg frv. nú atkvæði.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) er að því leyti enn sjálfum sjer samkvæmur, að hann hefir altaf verið ósveigjanlegur til samkomulags. Það hefi jeg hins vegar ekki verið. Og þó jeg sje ekki ánægður með frv. að ýmsu leyti, tel jeg, að það verði nothæf vatnalög, ef það verður samþykt. Ef um ósamræmi er að ræða milli 2. gr. og frv. á eftir, held jeg, að það gæti heldur ekki haft aðrar verkanir en þær, að framtíðin skoðaði sig sem óbundnasta um það, hvaða

fræðiskilningur yrði ofan á í þessu efni. Í sjálfu sjer væri jeg þó ekki mikið á móti því að láta málið bíða dálítið. En úr því sem komið er, mundi lítið vinnast við það, nema framhald á deilunum; að minsta kosti mundi jeg að sjálfsögðu halda áfram að halda fram fullum og öllum mínum skilningi á málinu. Og þó jeg hafi ekki í einstökum atriðum fengið þau vatnalög, sem jeg teldi æskilegust, mun jeg þó greiða málinu atkvæði mitt.

Atvinnumálaráðherra (KlJ): Jeg hjelt að vísu, að þetta mál væri útrætt við 2. umr. og yrði ekki brotið upp á því á nýjan leik nú. Jeg stend aðeins upp til þess að lýsa yfir því, að jeg tel rjett að afgreiða málið nú, þar sem sæmilegt samkomulag hefir nú loksins fengist. Jeg fyrir mitt leyti sje heldur ekki, að munurinn á 2. gr. nú og áður sje svo mikill. Það er hvorttveggja það sama sagt á mismunandi hátt. Eftir frv. stjórnarinnar, sem er bygt á áliti minni hl. fossanefndarinnar, og Ed. hefir samþykt, fylgir landareign rjettur til umráða o. s. frv. með þeim takmörkunum sem „lög, venjur eða aðrar heimildir" hafa í för með sjer. Í síðustu grein frv. eru talin upp öll eldri ákvæði um vatnsrjettindi, vafalaust alveg úttæmandi, og feld úr gildi. Verður þá ekkert eftir annað en „lög þessi", eða nákvæmlega eins og stendur í brtt. minni hl. Sá eini munur, sem er á þessum 2 greinum, er að orðin „venjur og aðrar heimildir" eru feld burtu, en venjur gilda aldrei á móti lögum, og verða ekkert kröftugri fyrir það, þó það sje tekið fram í lögum, að þær skuli gilda, og sama er að segja um heimildir; þær gilda auðvitað, hvort sem tekið er fram í sjerstökum lögum, að þær skuli gilda. Munurinn er því í raun og veru enginn, og á sömu skoðun er lögfræðingur sá, sem jeg hefi áður minst á. Tíminn verður að skera úr, hverju ábótavant er í lögunum að öðru leyti. Vænti jeg þess svo eindregið, að hv. deild samþykki frv.

Bjarni Jónsson: Mjer sýnist svo, sem hæstv. atvrh. (KlJ) hafi komið vel og viturlega fram í máli þessu.

Hefði jeg að vísu kosið, að betur hefði verið frá frv. þessu gengið, en úr því sem komið er, mun jeg geta sætt mig við það, og mun jeg standa við það sáttatilboð, er jeg hefi áður fram borið í máli þessu.

Veit jeg, að háttv. þm. munu ekki hafa snúist í máli þessu frá því, er þeir greiddu atkvæði um það fyrir nokkrum dögum, og voru þá 19:4 með því.

En dálítið er það skrítið, að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem situr þó með lárviðarkransinn í þessu máli, skuli nú snúast gegn því og vilja drepa sitt eigið fóstur. Var honum þó svo brátt að fá málið á dagskrá, að hann vildi fá það tvisvar áður en vjer minni hl. gátum komið því við að skrifa nál.

Mun jeg svo láta útrætt um mál þetta.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Háttv. þm. Dala. (BJ) þarf ekkert að furða á því, þótt jeg vildi gera grein atkvæðis míns. Jeg var á móti brtt. við 2. gr. frv., þegar það var hjer til 2. umr., og er það einnig nú, og stóð upp aðeins til að skýra frá því, hvers vegna jeg er það.

ATKVÆÐI.

Frv. samþ. með 21:2 atkv. og endursent Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 541).

Á 57. fundi í Ed., mánudaginn 7. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg tel óþarft að fjölyrða um þetta mál að svo komnu, en jeg lýsi yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir fallist á breytingar háttv. Nd., enda þótt hún sje eigi allskostar ánægð með þær. Hún álítur það mikilsvert, að frv. nái fram að ganga, og mælir því með því, að það verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

Jón Magnússon: Jeg er að efni til öldungis samdóma háttv. frsm. (GGuðf), en jeg geri ráð fyrir, að það hafi verið mismæli hans, er hann sagði, að nefndin hefði fallist á brtt. háttv. Nd. Það er eigi allskostar rjett. Nefndin vill fallast á, að frv. verði samþykt, þrátt fyrir brtt. Nd. Nefndin var alls eigi ánægð með breytinguna, að minsta kosti eigi meiri hluti nefndarinnar, er taldi breytinguna koma algerlega öfugt inn í frv. En einn nefndarmaður, háttv. 3. landsk. þm. (HSn), var vitanlega ánægður með hana, eins og kom fram við 2. umr. málsins í þessari háttv. deild. Jeg tel breytingu háttv. Nd. mjög óheppilega, en er hins vegar samdóma hv. nefndarmönnum um það, að ófært sje nú að eyðileggja alt það verk, sem lagt hefir verið í það að gera frv. að lögum. Því teldi jeg það ráð að samþykkja frv. nú eins og það liggur fyrir, og sjá svo, hvernig það reyndist í framkvæmdinni. Jeg fyrir mitt leyti hygg, að framkvæmd frv. verði svipuð og hún hefði verið, þó að það hefði verið samþykt óbreytt eins og þessi háttv. deild gekk frá því í fyrstu. Að öðru leyti get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði um málið við 3. umr. þess hjer í þessari hv. deild. Okkur hæstv. atvinnumálaráðherra greindi þá á um það, hvort skoðanamunur sá, er hjer hefir verið, væri svo mikill eða þannig vaxinn, að ekki gæti komið sama út í reynd, og hygg jeg hann nú kominn á mína skoðun í þessu atriði, eftir yfirlýsingu hans í háttv. Nd.

Jónas Jónsson: Jeg er samdóma háttv. 4. landsk. þm. (JM), en vildi þó leyfa mjer að bæta nokkrum orðum við. Það er enginn efi á því, að frv. er nú orðið nokkurskonar bastarður. Í heildinni er bygt á þeim skilningi, að vatn fylgi landi, en í háttv. Nd. er skotið inn í grein, sem er hugsuð á gagnstæðum grundvelli. Í stað þess að taka það fram, að um eignarrjettinn gildi gamlar venjur, þá er sagt, að það gildi um eignarrjettinn, sem þessi lög ákveða. Er með þessu reynt að brjóta þá „tradition", sem gilt hefir hingað til. En það, sem gerir ákvæði þetta tilgangslaust fyrir meirihlutaskilninginn gamla, er það, að alt frv. er bygt á einstaklingseignarrjettarhugtakinu. Jeg skal taka það fram, að jeg álít frumvarpið gallað vegna breytingarinnar, og tel jeg nauðsynlegt að endurskoða lögin í heild sem fyrst og samræma þau yfirleitt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 593).

Önnur mál.

I. Fjármálaráðherraembættið.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. apríl, mælti

forsætisráðherra (SE): Jeg vil leyfa mjer að skýra háttv. deild frá því, að hans hátign konungurinn hefir í dag veitt fjármálaráðherra Magnúsi Jónssyni lausn frá embætti og jafnframt falið atvinnumálaráðherra Klemens Jónssyni forstöðu fjármálaráðuneytisins fyrst um sinn.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 20. apríl, ljet forsætisráðherra hinu sama yfirlýst um breytinguna á forstöðu fjármálaráðuneytisins.

II. Afgreiðsla þingmála.

Á 50. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. apríl, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Það eru nokkuð mörg mál á dagskrá, og sum þeirra allstór. Mælist jeg því til, að háttv. þingmenn veiti mjer atbeina í því, að takast megi að lúka dagskrá í dag.

Jón Baldvinsson: Jeg vil bera fram þau tilmæli til hæstv. forseta, að hann skori á nefndir að skila af sjer málum, sem hjá þeim liggja. Og mæli jeg þetta sjerstaklega til háttv. allshn., sem hefir fengið til meðferðar mál frá mjer, sem enn er ókomið frá henni.

Jón Þorláksson: Jeg er samþykkur því, að þingnefndir skili af sjer málum sem fyrst; en þetta heyrir undir hæstv. forseta og vinnunefnd deildarinnar, en eigi undir deildarmenn. Viðvíkjandi allsherjarnefnd skal jeg geta þess, út af tilmælum háttv. 2. þm. Reykv. (JB), að nefndin hefir afgreitt í nefndaráliti mál það, er hann ber fyrir brjósti, og kemur fram með till. til þál. um það efni. Getur nefndin ekki afgreitt það mál á annan hátt.

Jón Baldvinsson: Jeg skal játa, að jeg hefi sjeð þetta nefndarálit. En vegna þess, hvernig það var orðað, gat jeg ekki skilið, að það ætti við það mál, er jeg spurði um.

Forseti (BSv): Jeg skal, að gefnu tilefni, skora á nefndir að hraða sem mest afgreiðslu mála. Sjerstaklega er nauðsynlegt, að þar sem meiri hl. nefndar hefir skilað áliti, þá komi fram álit frá minni hluta.

Magnús Guðmundsson: Mjer kemur það undarlega fyrir, að verið er að finna að seinni afgreiðslu hjá allshn. og nefndum yfirleitt, þegar svo mikið berst að af málum, að ómögulegt er að komast yfir þau vegna hinna löngu þingfunda. Síst er þetta viðeigandi um allshn., sem hefir til meðferðar hjer um bil helming allra mála, sem fyrir þingdeildina leggjast, og er ekki von, að hún taki því vel. Jeg veit ekki heldur betur en að fyrir deildinni liggi mikilvæg mál, sem langt er síðan nefndarálitum var skilað í, svo að það brestur vissulega ekki verkefni fyrir deildina, heldur tíma til að afgreiða málin í henni. Og á því eiga nefndir enga sök.

Forseti (BSv): Enginn má skilja orð mín þannig, að jeg hafi verið að átelja nefndir fyrir drátt á málum. En margir þingmenn óska eftir skjótri afgreiðslu áhugamála sinna. Helsta ráðið til þess að flýta málunum er, að háttv. þingmenn stytti ræður sínar á þingfundum.

Bjarni Jónsson: Það er eðlilegt, að háttv. allshn. kvarti yfir annríki; sje jeg það á því, hvernig hún hefir neyðst til að ganga frá máli, sem til hennar var vísað frá mjer, en það var hið mesta flaustursverk.

Mjer fanst meiri nauðsyn af háttv. 2. þm. Reykv. (JB) að ganga eftir öðru máli en því, er hann nefndi. En út af orðum hæstv. forseta, vil jeg víkja því til hans aftur, að þegar menn kljúfa nefndir á laun, gleypa frv. hrá og koma með nefndarálit aftan að þeim, þá verður hinn hluti nefndarinnar að fá einhvern tíma til að átta sig og koma viti í málið.

Forseti (BSv): Það mun þá mega ætla að þessum eldhúsverkum viðkomandi störfum þingnefnda hjer í deildinni sje nú lokið, og verður þá gengið til dagskrár.

III. Kosningar.

1. Þingfararkaupsnefnd.

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 8. maí, var tekin til meðferðar

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð.

Forseta barst einn listi með nöfnum 5 þingmanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Guðmundur Ólafsson,
Lárus Helgason,
Þórarinn Jónsson,
Jón Þorláksson,
Hjörtur Snorrason.

2. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 5. fundi í Sþ., föstudaginn 11. maí, var tekin til meðferðar

Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Kosningu hlutu:

Hannes Þorsteinsson skjalavörður, með 35 atkv.

Sigurður Nordal prófessor, með 35 atkv.

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður, með 33 atkv.

Jón Helgason biskup, Páll E. Ólason prófessor, Jakob Jóhannesson Smári kennari, Hallbjörn Halldórsson ritstjóri og

Þórbergur Þórðarson málfræðingur hlutu 1 atkv. hver, en 2 seðlar voru auðir.

3. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1922.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Forseta bárust tveir listar. Á A-lista voru: Magnús Guðmundsson, Hjörtur Snorrason og Jörundur Brynjólfsson, en á B-lista Ólafur Friðriksson.

Kosning fór svo, að

A-listinn hlaut 39 atkv., en
B-listinn — 1 —

Lýsti forseti því, að kjörnir væru yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1922

Magnús Guðmundsson alþm.,
Hjörtur Snorrason alþm. og
Jörundur Brynjólfsson bóndi.

4. Yfirskoðunarmaður Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans fyrir tímabilið frá 1. jan. 1924 til 31. des. 1925.

Kosningu hlaut

Guðjón Guðlaugsson fyrv. alþm., með 33 atkv.

Ólafur Briem fyrv. alþm. hlaut 4 atkv., Magnús Helgason skólastjóri og Hjeðinn Valdimarsson skrifstofustjóri 1 atkv. hvor, en 4 seðlar voru auðir.

5. Bankaráðsfulltrúi.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

Kosning eins manns í fulltrúaráð Íslandsbanka fyrir tímabilið 1923—1925.

Kosningu hlaut

Guðmundur Björnson landlæknir, með 19 atkv.

Magnús Kristjánsson alþm. hlaut 14 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

6. Gæslustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 61. fundi í Nd., föstudaginn 11. maí, var tekin til meðferðar

Kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. jan. 1924 til 31. des. 1927.

Kosinn var í e. hlj.

Ólafur Briem fyrv. alþm.

7. Milliþingaforseti Ed.

Á lokafundi Ed., laugardaginn 12. maí, var tekin til meðferðar

Kosning milliþingaforseta.

Kosningu hlaut

Björn Kristjánsson 2. þm. G.-K. með 7 atkv.

Jóhannes Jóhannesson þm. Seyðf. hlaut 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir. Þrír þm. fjarstaddir.

IV. Starfsmenn þingsins.

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 22. febr., og á 4. fundi í Nd., s. d., skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

Skrifstofan:

Jón Sigurðsson, Einar Sæmundsen, Helgi Hjörvar (til aðstoðar).

Skjalavarsla og afgreiðsla:

Kristján Kristjánsson.

Prófarkalestur:

Pjetur Lárusson, Theódóra Thoroddsen.

Lestrarsalsvarsla:
Ólafía Einarsdóttir, Petrína Jónsdóttir.

Símavarsla:
Kristín Sigurðardóttir, Þórunn Aðils.

Innanþingsskrifarar:
Í efri deild: Jón Thoroddsen*), Gústaf Jónasson, Jóhann Hjörleifsson, Andrjes Eyjólfsson, Sigurður Grímsson, Þórhallur Þorgilsson**).

Í neðri deild: Pjetur Sigurðsson, Vilhjálmur Þ. Gíslason, Magnús Magnússon, Pjetur Magnússon, Magnús Björnsson, Þórólfur Sigurðsson, Þórður Eyjólfsson, Tómas Guðmundsson.

Ræðuskriftir í sameinuðu þingi annist fyrst og fremst skrifararnir í efri deild, en jafnframt er það tekið fram, að allir skrifarar verða að hlíta ákvæðum forseta og skrifstofustjóra um skriftir annarsstaðar en í þeirri deild, sem þeir eru sjerstaklega ráðnir í. Verða t. d. Nd.-skrifarar að taka kafla í Sþ., ef svo ber undir, og jafnvel í Ed., og skrifarar í Ed. hins vegar að fara í Nd., ef á því verður talin þörf.

Verðir:
Árni Bjarnason, Þorlákur Davíðsson, Hermann Jónasson, Páll Ó. Lárusson.

Þingsveinar:
Einar Baldvin Pálsson, Karl Kristinsson, Stefán Pjetursson, Ágúst Nielsen***), Júlíus Bernburg, Pjetur Jónasson.

*) Hvarf frá starfinu 14. apríl, en í stað hans kom Tómas Jónsson.

**) Hvarf frá starfinu 5. maí, en í stað hans kom Stefán Þorvarðsson.

*** Hvarf frá starfinu 5. maí, og var þá tekinn í hans stað Bogi Magnússon.

V. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 12. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (HSt): Áður en jeg slít 60. og síðasta fundi þessarar deildar, vil jeg þakka formönnum fastanefnda og öllum háttv. þdm. fyrir ágæt störf á þessu þingi. Jeg hefi verið hjer í deildinni frá því 1916, og er mjer óhætt að fullyrða, að þótt afgreiðsla mála hafi máske áður gengið eins greitt og nú, þá hefir hún aldrei gengið greiðara. Þingtíminn er að vísu orðinn langur, og of langur, en þessi deild á sannarlega ekki sök á því, því að oft hefir orðið að bíða eftir málum frá hv. Nd., og hefir það lengt þingtímann. Hefir deildin yfir höfuð sýnt alvöru og festu, en jafnframt lipurð í meðferð málanna, og heldur með því óskertu því orði, sem hún þegar hefir fengið, að vera hinn gætnari og festumeiri hluti þingsins.

Þakka jeg svo öllum háttv. þdm. fyrir góða samvinnu og lipurð, sem hafa gert mjer forsetastörfin miklu ljettari en jeg gat gert mjer í hugarlund. Óska jeg svo öllum háttv. þdm., er nú hverfa heim til sín, góðrar heimkomu, og hæstv. stjórn og öllum háttv. þm. góðs farnaðar í bráð og lengd.

Karl Einarsson: Um leið og jeg þakka hæstv. forseta fyrir þessi orð hans til háttv. deildar, þá vil jeg jafnframt leyfa mjer að þakka honum fyrir hönd háttv.

meðdeildarmanna minna fyrir ágæta stjórn nú á þessu þingi. Við, sem höfum átt sæti hjer í háttv. deild nú um nokkur undanfarin ár, höfum haft ágæta forseta. Nú kom að þessu sinni nýr maður í það sæti, og hefir hann að minni hyggju reynst hinn ágætasti forseti, og ekki síður en fyrirrennarar hans, og jeg þykist vita, að öðrum háttv. deildarmönnum þyki sem mjer. Jeg vil svo endurtaka þökk mína til hæstv. forseta fyrir ágæta afgreiðslu og samvinnu, og óska honum góðrar heimkomu og góðs gengis. Jeg bið háttv. deildarmenn að standa upp.

(Allir deildarmenn stóðu upp).

Forseti (HSt): Jeg þakka háttv. þm. Vestm. (KE) fyrir þessi hlýlegu orð hans, og segi svo þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

B. Í neðri deild.

Á 62. fundi í Nd., laugardaginn 12. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Þá er nú lokið störfum deildarinnar að þessu sinni, en þar sem lokafundur verður síðar haldinn í þinginu, gef jeg enga skýrslu um störf deildarinnar, enda mun hæstvirtur forseti sameinaðs þings skýra frá störfum Alþingis við þinglausnir. En þar sem þessi fundur er bæði síðasti fundur þessarar deildar á þessu þingi og síðasti fundur þessa kjörtímabils og kosningar eru fyrir dyrum, nota jeg tækifærið til þess að þakka háttv. þm. ágæta samvinnu og árna þeim góðrar heimferðar og allra virkta í framtíðinni. Segi jeg svo fundi slitið.

VI. Þinglausnir.

Á 8. fundi í Sþ., mánudaginn 14. maí, las forseti upp svo felt

Yfirlit um störf Alþingis 1923.

Mál.

I. Lagafrumvörp:

A. Stjórnarfrumvörp		
a. lögð fyrir neðri deild	19	
b. lögð fyrir efri deild	10	
		29
B. Þingmannafrumvörp		
a. borin fram í neðri deild ..	59	
b. borin fram í efri deild ..	29	
		88
Frumvörp alls		117

Þar af:

a. Afgreidd sem lög		
stjórnarfrumvörp	17	
þingmannafrumvörp	28	
		45
b. Feld		
stjórnarfrumvörp	3	
þingmannafrumvörp	17	
		20
c. Vísað frá með rökstuddri dagskrá		
þingmannafrumvörp	7	
		7
d. Vísað til stjórnarinnar		
þingmannafrumvörp	5	
		5
e. Tekið aftur		
þingmannafrumvarp	1	
		1
f. Ekki útrædd		
stjórnarfrumvörp	9	
þingmannafrumvörp	30	
		39
Alls		117

II. Þingsályktunartillögur:

a.	bornar fram í neðri deild ..	15
b.	bornar fram í efri deild ..	8
c.	bornar fram í sameinuðu þingi	8
		31

Þar af:

a.	Þingsályktanir	16
b.	Ályktun um skipun nefndar	1
c.	Feldar	2
d.	Vísað frá með rökstuddri dagskrá	1
e.	Vísað til stjórnarinnar	3
f.	Teknar aftur	2
g.	Ekki útræddar	6
		31

III. Fyrirspurnir:

a.	Bornar fram í neðri deild ..	7
b.	Bornar fram í efri deild ..	6
		13

Þar af:

Svarað		10
Ósvarað		3
		13

Alls til meðferðar í þinginu 161 mál.

Fundir hafa verið haldnir:

í neðri deild	62
í efri deild	60
í sameinuðu þingi	8
Alls	130

Síðan mælti

forseti (MK): Jeg vona, að það þyki ekki tiltökumál, þótt mig langi til að segja nokkur orð að skilnaði við þetta tækifæri.

Við stöndum nú á nokkurskonar vegamótum, þar sem nýtt kjörtímabil fer í hönd og kosningar standa fyrir dyrum. Það getur líklega enginn með vissu sagt um, hve margir okkar muni eiga afturkvæmt hingað í þingmannasætin. Þess vegna væri ekki ólíklegt, að alvöru- og samúðartilfinningar gerðu venju fremur vart við sig hjá okkur, sem nú erum að skilja. Að minsta kosti er það svo um mig, að mjer eru miklu ríkari í huga hinar mörgu ánægjustundir, sem jeg hefi haft af samvinnunni við flesta hinna hv. þingmanna, heldur en ágreiningsefnin. Það er eins og þau hafi sjálfkrafa dregið sig í hlje og þykist engan tilverurjett hafa á þessari stundu.

Jeg geri ráð fyrir, að okkur geti öllum komið saman um það, að störfin, sem við höfum verið að vinna hjer á þingi, sjeu bæði vandasöm og vanþakklát, og að dómarnir, sem við fáum, sjeu æðioft örgustu sleggjudómar.

Það ber oft við, að ýmsir gasprarar, sem þykjast hafa vit á landsmálum, eru að reyna að telja mönnum trú um, að síðasta þingið í hvert skifti sje það versta, sem nokkurn tíma hafi verið háð; en raunar hefir þessu verið haldið fram mjög lengi, eða síðan þingið var endurreist. Af þessu má sjá, að ef slík afturför ætti sjer í raun og veru stað, þá sannaðist það hjer mjög átakanlega, að lengi getur vont versnað. En þessu er auðvitað einkum haldið fram bæði af föllnum og væntanlegum keppinautum þeirra manna, sem á þingi sitja í hvert skifti, til þess að rýra álit þeirra, og því ekkert mark takandi á því.

Kosningabaráttan, sem nú fer í hönd, verður eflaust nokkuð hörð og snýst líklega að nokkru leyti um það, hvort hollara muni þjóðinni til frambúðar, að hin takmarkalausa samkeppni á öllum

sviðum verði eindregið studd og vernduð af löggjafarvaldinu, eða hitt, að fremur verði hlynt að samvinnustefnunni, sem hefir það markmið að reyna að bæta kjör sem allra flestra, en þó einkum þeirra, sem minni háttar eru og erfiðast eiga uppdráttar.

En hvernig sem skipast um framtíðarstefnur og málefni, þá vænti jeg þess, að við allir sjeum einhuga um að reyna af fremsta megni að halda uppi heiðri þingsins, sem verður að skoðast sem fjöregg þjóðarinnar, sem allir ættu að láta sjer ant um að vernda. Hins vegar er ekki nema sjálfsagt, að einstakir þingmenn verði að sætta sig við gagnrýni og óhlutdræga dóma.

Það er álit mitt, að ef þingið verður ekki ver mönnum skipað framvegis en það er nú, þá sje þjóðin ekki öllum heillum horfin.

Að endingu óska jeg öllum þeim háttv. þingmönnum, sem hjeðan eru að hverfa, góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu.

Þá stóð upp forsætisráðherra, Sigurður Eggerz, og las upp konungsumboð sjer til handa til þess að segja Alþingi slitið.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að þessu þrítugasta og fimta löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Jóhannes Jóhannesson**, þm. Seyðf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

Tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.